# Fornleifaskráning í Flóahreppi

Áfangaskýrsla II



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Orri Vésteinsson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS519-07172

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík

2014

*Forsíðumyndin er af Virkisvörðu ÁR004:009 í landi Urriðafoss.*

© Fornleifastofnun Íslands 2014
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 5511047
Netfang: instarch@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur ... 5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf ... 7
3. Fornleifaskrá ... 9
ÁR-074 Brúnastaðir ... 11
ÁR-075 Hryggur ... 19
ÁR-076 Hjálmholt ... 25
ÁR-077 Vesturkot ... 45
ÁR-078 Bitra ... 49
ÁR-079 Ölvaðsholt ... 61
ÁR-080 Laugar ... 70
ÁR-081 Stóru Reykir ... 80
ÁR-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð; Hraungerðishreppur ... 91
ÁR-001 Skálmholt ... 93
ÁR-002 Skálmholtshraun ... 106
ÁR-004 Urriðafoss ... 126
ÁR-005 Egilstaðir ... 143
ÁR-006 Egilstaðakot ... 159
ÁR-007 Mjósund (Mjósendi) ... 163
ÁR-008 Forsæti ... 169
ÁR-009 Nes [Ferjunes] ... 174
ÁR-010 Efri Sýrlækur ... 183
ÁR-012 Mýrar ... 199
ÁR-013 Gafl ... 208
4. Fornleifar og byggð ... 216
Bæjarhólar, bæjarstæði og býli ... 219
Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir ... 223
Minjar í heimatúni ... 224
Mannvirki í úthögum tengd sauðfjárrækt ... 230
Landamerki ... 237
Mógrafir og torfrista ... 238
Samgönguminjar ... 240
Aðrar minjar ... 243
5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu ... 245
6. Heimildir ... 252
7. Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93 ... 257
8. Viðauki II: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906 ... 267
9. Viðauki III: Minjakort af einstaka jörðum á skráningasvæðinu ... 279

# 1. Inngangur

Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi hófst árið 2008. Samkvæmt samningi milli sveitarfélagsins og Fornleifastofnunar Íslands átti stofnunin að skrá um 300 fornleifar ár hvert og gefa út áfangaskýrslur fyrir hverja tvo áfanga annað hvert ár. [1] Vorið 2010 kom út fyrsta skýrslan um verkið, sem innihélt um 600 fornleifar sem skráðar höfðu verið sumurin 2008 og 2009. Haustið 2010 var lokið skráningu þriðja áfanga en á vetrarmánuðum sama ár fór sveitarfélagið fram á að hægt yrði á skráningu og næstu áfangar helmingaðir í sparnaðarskyni. Fjórði áfangi skráningar var því skráður í tveimur hlutum, vorin 2011-2012.[2] Af þeim sökum líða nú fleiri ár á milli útgáfu skýrslanna.

Skráningarsvæðið í þriðja og fjórða áfanga tilheyrði áður Hraungerðis- og Villingaholtshreppi. Svæðið náði yfir austurhluta gamla Hraungerðishrepps og með skráningu lauk aðalskráningu í hreppnum. Byrjað var að skrá nyrsta hluta Villingaholtshrepps og haldið áfram til suðurs, meðfram Þjórsá. Á næstu árum verður haldið áfram til vesturs og skráningu í hreppnum lokið áður en byrjað verður á Gaulverjabæjarhreppi. Í áfanga þrjú og fjögur voru skráðir minjastaðir á 22 lögbýlum auk fornleifa á fleiri en einni jörð í Hraungerðishreppi. Þetta eru samtals 615 minjastaðir og að meðaltali voru skráðir tæplega 27 minjastaðir á jörðu.




*Mynd 1. Skráningarsvæðið afmarkast af appelsínugulum línum. Svæðið er ekki samfellt heldur skiptist í tvo hluta sem báðir eru sýndir hér.*

---

[1] Áfangaskýrsla I kom út árið 2010, þar birtust niðurstöður áranna 2008-2009.
[2] Að ósk Flóahrepps var 3. áfanga skipt í tvennt; skráðar voru 150 fornleifar árið 2011 og sami fjöldi árið 2012. Af þeim sökum líða nú fleiri ár á milli áfangaskýrslanna í stað tveggja eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt eins og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið fylgir ítarleg skrá yfir fornleifar (3. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er annars vegar gert grein fyrir því hvenær jarðanna var getið fyrst í heimildum og í hvaða fornritum öðrum þeirra er getið, auk þess sem fjallað er um afbýli, hjáleigur, bænhús og kirkjur ef einhver eru, til að varpa ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hins vegar er fjallað um landslag á jörðunum, gróðurfar og túnasléttun og aðra þætti sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Í 4. kafla eru samantektir um helstu minjaflokka. Að lokum eru svo helstu niðurstöður skráningarinnar dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (5. kafli). Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaðanna.

Við skráningu var farið á allar jarðirnar, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var staðháttum lýst, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn var að finna og minjum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þær teiknaðar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Allir staðsettir minjastaðir voru hnitsettir og merktir inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem Flóahreppur lagði til.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir skráði fornleifar árin 2010-2012 en Orri Vésteinsson hafði áður skráð kirkjur og bænhús á svæðinu árið 2003, þ.e. í Skálmholti, Hjálmholti, Mjósundi og Egilsstöðum. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir góða aðstoð og hlýjar móttökur.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „ Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
>
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar

ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

## 3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur sjálf fornleifaskráin þar sem upplýsingar er að finna um allar þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar




Mynd 2. *Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað*

en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.  Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er jafnan innan við 10 metrar.  Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst.  Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í.  Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Skráð voru 22 lögbýli á skráningarsvæðinu auk fornleifa á fleiri en einni jörð í Hraungerðishreppi. Þetta voru samtals 615 minjastaðir á lögbýlum en 5 minjastaðir féllu undir skilgreininguna að tilheyra fleiri en einni jörð. Þetta eru 26,7 minjastaðir að meðaltali á jörð.

## Túnakort Brúnastaða ÁR-074




Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

## ÁR-074 Brúnastaðir

1708, 20 hdr., bændaeign. JÁM II, 144-145. 1847, 20 hdr., bændaeign. JJ, 56. Til er kvittunarbréf vegna kaupa á jörðinni frá 1469, DI V, 549.

1708:"Brunastader, hefur í eyði legið næstliðið ár og so er enn." JÁM II, 144.

1981:"Áður átti jörðin allmikið beitiland sunnan við aðaláveituskurð Flóaáveitunnar. Land þetta var selt og liggur nú undir jörðina Ölvisholt." SB II, 477.

1708: "Fóðrast kunnu á allri jörðunni vi kýr, iiii úngneyti, xxx ær, xv lömb, iiii hestar. Afrjett brúkaði þessi jörð sem aðrar ut supra. Torfirsta og stúnga lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera enn. Túnið liggur undir skaðavon af Hvítá og spillist oftlega af jaka- og grjótburði í vatnavöxtum og leysíngum. Enginu grandar og Hvítá með sands og grjóts áburði. Hætt er kvikfje fyrir þessum vatnsflóðum úr Hvítá." JÁM II, 144.

1918: "Brúnastaðir. Tún: 2.80 ha. girt með gaddavír. ca 85% sljett. Matjurtagarður 6.60 arar" Túnakort 1918. "Brúnastaðir (norðurbær). Tún 1.90 ha. girt með gaddavír. ca 70% sljett. Matjurtagarðar 3.22 arar." Túnakort 1918.

1981: "Land Brúnastaða liggur að Hvítá og flæðir áin alloft á vetrum yfir haga og tún og spillir girðingum. Voru slík flóð þó miklu tíðari áður en hlaðinn var varnargarður í Sandskörðum á Brúnastaðaflötum árið 1889." SB II, 477.

**ÁR-074:001** *Brúnastaðir* bæjarhóll bústaður 63°58.755N 20°45.691V



*Bæjarhóll 001, horft til NNA.*

Fimm hús eru merkt á bæjarhól Brúnastaða á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Tvíbýli var á bænum 1918 en bæjarhúsin voru sambyggð. Bæjarhóll Brúnastaða er nú alveg horfinn og var gamli bærinn líklega rifinn þegar nýtt hús var byggt 1955. Hann var tæpum 40 m sunnan við íbúðarhús sem byggt var 2003 en húsið frá 1955 skemmdist mikið í jarðskálftum árið 2000 og var rifið. Sléttað hefur verið yfir svæðið, gert malarplan og steinsteypt fjós byggt til vesturs. Þegar ekið er heim að fyrrnefndu íbúðarhúsið er komið beint upp á gamla bæjarholtið. Þriðja íbúðarhúsið á Brúnastöðum, byggt eftir 1980 er um 50 m norðan við bæjarhólinn. Bærinn var á náttúrulegu holti, um 2-3 m háu. Stafnar bæjarins hafa snúið til SSA.

Slétt malarplan í aflíðandi halla til suðurs er það sem bærinn var. Gróin túnblettur er til austurs og fjós til vesturs.
Engin ummerki uppsafnaðra mannvistarlaga sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:002** heimild kálgarð 63°58.756N 20°45.679V
Kálgarður er merktur fast austan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var sambyggður bænum og var 8x8 m að stærð.
Þar sem kálgarðurinn var, er nú grasivaxið svæði sunnan við íbúðarhús byggt 2003. Þar er aflíðandi halli til suðausturs, niður af bæjarholtinu.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:003** heimild kálgarð 63°58.754N 20°45.715V
Kálgarður er merktur skammt sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var 2-4 m sunnan við bæ 001 og heimreið 008 var á milli þeirra. Hann var um 45x20 m að stærð og snéri austur-vestur.
Þar sem kálgarðurinn var, er nú brekka til suðurs niður af bæjarholtinu. Núverandi vegur heim að íbúðarhúsi frá 2003 liggur þvert yfir áætlaða staðsetningu kálgarðsins og þar er einnig malarplan til vesturs að steinsteyptu fjósi.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:004** heimild kálgarð 63°58.754N 20°45.702V
Kálgarður er merktur fast vestan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var sambyggður bænum og var um 12x10 m að stærð.
Þar sem kálgarðurinn var, er nú malarplan austan við steinsteypt fjós og hestagerði úr járni er þar um 10 m norðurs.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirboði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:005** heimild útihús 63°58.771N 20°45.678V
Útihús var 30 m norðan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918.
Þar sem útihúsið var er nú malarborðið svæði vestan við steinsteypt útihús.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:006** heimild útihús 63°58.756N 20°45.778V

Útihús var 70 m vestan við bæ 001 og 10 m sunnan við útihús 007 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Það var á náttúrulegum hólrana en nú horfið vegna sléttunar.
Slétt grasivaxið tún er nú þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:007** heimild útihús 63°58.758N 20°45.767V

Útihús var 70 m vestan við bæ 001 og 140 m norðvestan við útihús 011samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Líklega var útihúsið á hólrima, þeim sama og útihús 006 var á.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:008** heimild traðir 63°58.745N 20°45.712V

Heimreið er merkt að bæ 001 úr vestri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1918. Heimreiðin lá þar sem malarvegur heim að núverandi íbúðarhúsum liggur, þvert yfir bæjarholtið og áfram til austurs. Þar er nú slétt, grasivaxið tún.
Malarvegur liggur á sama stað og vesturhluti heimreiðarinnar en slétt tún yfir þeim eystri.
Engin ummerki heimreiðar sést á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:009** heimild útihús 63°58.756N 20°45.789V

Útihús var 80 m vestan við bæ 001 og 20 m vestan við útihús 006 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og hefur líklega verið fallið úr notkun þá. Húsið var líklega á sama hólrima og útihús 006 og 007.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-074:010** heimild útihús 63°58.756N 20°45.508V

Útihús var um 150 m ANA við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og um 150 m austan við brunn 017. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og hefur líklega verið fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var, er nú slétt grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-074:011** heimild útihús 63°58.703N 20°45.645V

Útihús var um 100 m SSA við bæ 001 og um 150 m suðvestan við útihús við 010 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. um 5 m fyrir sunnan áætlaða staðsetningu útihússins liggur gaddavírsgirðing (austur-vestur). Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og hefur líklega verið fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var, er slétt grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-074:012** heimild traðir 63°58.752N 20°45.582V

Heimreið er merkt úr austri á túnakort "norðurbæjar" frá 1918. Hún er á öðru túnakorti en það sem sýnir bæ 001 en þau passa saman. Bæirnir voru sambyggðir en tún norðurbæjar var í norðausturhluta gamla heimatúnsins og er sýnt á bæjarteikningu dönsku landmælingamannanna frá 1906. Ketill Ágústson, heimildamaður, rakst á mögulegar traðir við túnasléttun og aðrar framkvæmdir á þessum slóðum. Þar kom upp grjótruðningur og mögulega mótaði fyrir smá lægð í túninu.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-074:013** *Ferjustaður* heimild ferju 63°59.475N 20°46.271V



*Ferjustaður 013, horft til NNA.*

"Ferjustaður. Beint á móti bænum í Kiðabergi [ÁR-443] í Grímsnesi, vestan við Langatanga," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ferjustaðurinn er 1,4 km norðan við bæ 001 og rúma 350 m vestan við stekk 014. Hvítá er um 1 km breið á þessum slóðum og rennur til vesturs. Hún er fremur lygn og var staðurinn ákjósanlegt ferjustæði. Ekki sést til gatna að ferjunni, gróin tún eru að árbakkanum.
Grasivaxin og slétt tún eru heim að Hvíta. Bakkar hennar eru grasivaxnir og nánast í vatnsyfirborði. Steinar liggja til norðurs út í ánna á þessum slóðum.
Engin ummerki ferjustaðarins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 5.

**ÁR-074:014** *Stekkatún* heimild stekk 63°59.408N 20°45.839V
"Stekkatún. Kringlótt flöt með gömlu stekkjarbroti, nyrzt á Stekkatúnsflötum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkurinn var 1,2 km norðan við bæ 001 og um 370 suðaustan við ferjustað 013. Þar mótaði lengi fyrir tóft norðarlega í grasivaxinni og mýrlendri dæld. Ketill Ágústsson man eftir tóftinni og taldi að hún væri ennþá geinileg. Skrásetjari fann ekki tóftina, mögulega vegna mikils gróðurs eða hún sé sokkin í mýri.
Grasivaxin og slétt tún eru allt umhverfis óræktarblettinn, sem er gróin dæl eða tjörn.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 6.

**ÁR-074:015** *Brúnastaðakot* heimild býli
Örnefnið Brúnastaðakot er á lista yfir örnefni í landi Brúnastaða. Ketill Ágústsson, heimildarmaður, hafði aldrei heyrt um örnefnið né að kot væri í landareigninni og engar umfangsmiklar býlisleifar sjást á yfirborði í landinu. Því reyndist ekki unnt að staðsetja minjastaðinn.
**Heimildir:** Ö-Brúnastaðir, 1.

**ÁR-074:016** tóft stekkur 63°58.747N 20°44.867V
Grjóthlaðin tóft er rúmum 500 m austan við útihús 010 og rúmum 650 m ASA við bæ 001. Ketill Ágústson, heimildamaður taldi að tóftin væri stekkur eða fjárrétt. Hún er í óræktarskika, milli ræktaðra túna til norðurs,



*Stekkur 016, horft til ANA.*




austurs og suðurs. Þessi skiki hlykkjast allt að Hvítá til norðurs.
Stekkurinn er í stórþýfðum, grónum móa með náttúrulegum dældum á stöku stað. Hraungrýti kemur víða upp úr sverði og enda er lítil jarðvegsuppsöfnun.
Stekkurinn er 10x10 m að stærð, grjóthlaðinn og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 5x4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er á suðurhlið hólfsins. Veggirnir eru um 0,4 m á hæð og sjást mest tvenn umför af grjóthleðslu í þeim. Náttúrulegir klettar standa á köflum upp úr sverði og voru nýttir í vegginn. Um 4 m löng hleðsla liggur til SSA frá hólfi 1. Tilgangur hennar er óljós en mögulega hefur hún átt að auðvelda rekstur inn í

stekkinn. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er um 3x3 m að innanmáli og op er á suðurhlið þess. Veggirnir eru um 0,2 m á hæð og sést aðeins eitt umfar af grjóthleðslu í þeim.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-074:017** heimild brunn 63°58.749N 20°45.692V
Hlaðinn brunnur var um 10 m sunnan við bæ 001 og um 40 m suðvestan við kálgarð 004 samkvæmt Katli Ágústssyni, heimildamanni. Hann er sýndur á túnakorti frá 1918. Þar sem brunnurinn var er nú (2010) grasivaxið svæði, fast fyrir norðan malaveg að íbúðarhúsi byggt um 1980 og póstkassi þar við. Vatnsleiðslur voru boraðar í brunninn og fyllt upp í hann.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði. Brunnurinn var hlaðinn en Ketill mundi ekki hversu djúpt var niður á vatn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-074:018** brunnur brunnur 63°58.775N 20°45.797V
Brunnur er um 100 m fyrir norðvestan bæ 001 og um 80 m fyrir norðvestan kálgarð 003. Stálplata er yfir brunninum og ekki hægt að sjá hversu djúpur hann er. Brunnurinn var í notkun fyrir eitthvað tíð Ketils Ágústssonar, heimildamanns en hann er fæddur árið 1945. Rúllustæða er geymd fast fyrir norðan og austan brunninn, á malarplani. Gaddavírsgirðing liggur norðurs-suður, um 2 m fyrir vestan brunninn og afmarkar gróin móa.
Brunnurinn er á grasivöxnu svæði fyrir vestan malarplan fyrir sunnan núverandi fjós. Til vesturs er þýfður mói.
Málmplatan er 3x1 m að stærð og grjót yfir henni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Brunnur 018.*

**ÁR-074:019** *Brúnastaðarétt* gerði rétt 63°58.686N 20°45.731V
Brúnastaðarétt er um 130 m SSV við bæ 001 og rúmum 60 m vestan við útihús 011. Ketill Ágústsson, heimildamaður, vissi ekki hvenær réttin var reist upphaflega en yngstu hlutar hennar voru byggðir árið 1970. Réttin var á þessum stað frá því að Ketill man eftir sér um miðbik 20. aldar. Þar var réttað eftir að kindur höfðu verið reknar eftir Hvítárgötum fremri 621:002 úr Skeiðaréttum, af bæjum í nágrenninu. Réttin skemmdist mikið í jarðskjálfta árið 2000, sérstaklega sá hluti hennar sem var byggður um 1970. Hús stendur í norðvesturhorni réttarinnar og malarvegur liggur um 20 m norðar.
Réttin er í stórþýfðum móa og grunnt er niður á hraun.
Réttin er grjóthlaðin, um 30x30 m að stærð og grjóthlaðin. Hún skiptist í 3 hólf. Hólf 1 er vestast í réttinni. Það er um 14x11 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tvö op eru á hólfinu, annað á norðurhlið en hitt á þeirri eystri yfir í hólf 2. Hús stendur í norðvesturhorni hólfsins og hefur raskað veggjunum að hluta. Veggirnir um 1 m á hæð, sjö umför af hraungrýtishleðslu sjást í þeim. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 14x8 m að innanmáli og veggirnir eru um 0,7 m á hæð. Það sjást um 5 umför af grjóthleðslu í þeim. Inngangur er á miðri vesturhlið sem áður var sagt frá og annar á norðurhlið yfir í hólf 3. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það var byggt í kringum 1970 en er einnig grjóthlaðið. Það er um 11x11 m að stærð og op inn í það eru á norður- og suðurhlið. Veggirnir eru um 0,7 m á hæð og sjást 5 umför af grjóthleðslu.
**Hættumat:** engin hætta



*Brúnastaðarétt 019, horft til SSV.*



**ÁR-074:020** *Ferðamannahóll* náttúrumin tjaldstæði 63°58.498N 20°45.852V



*Ferðamannahóll 020, horft til norðausturs.*

Ferðamannahóll var áningarstaður ferðamanna sem áttu leið meðfram Hvítá, m.a. á Hvítárgötum Fremri 621:002 og að ferju 013. Samkvæmt Katli Ágústsyni, heimildamanni, tjaldaði fólk þar við hólinn á leið sinni um svæðið. Ferðamannahóll er tæpa 500 m sunnan við bæ 001 og um 320 m sunnan við tóft 026. Um 20 m austan við hólinn er Aðalskurður Flóaáveitunnar.

Ferðamannahóll er í stórþýfðum og grónum móa. Þar er víða stutt niður á hraungrýti.

Ferðamannahóll sker sig vel úr nánasta umhverfi sínu. Hann er 2-3 m á hæð, 10 m í þvermál, grasivaxinn og stórþýfður. Hann líkist helst lítilli eyju í flatlendinu en ekki sjást neinar mannvistarleifar á eða við hólinn eða götur nálægt honum. Tvær hundaþúfur eru í vesturenda hólsins.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-074:021** garðlag landamerki 63°53.453N 20 46.215V



*Garðlag 021, horft til vesturs.*

Landamerkjagarður liggur til NNV frá Aðalskurði Flóaáveitunnar að malarvegi heim að Brúnastöðum. Garðlagið beygir þar til norðurs og hverfur þar í stórþýfi. Garðlagið liggur 2-5 m norðar en landamerkjagarður 080:025 sem skráður var í landi Lauga ÁR-080. Núverandi landamerkjagirðing er 20-30 m sunnar, á Snugghól, og eru það rétt merki að sögn Ketils Ágústssonar, heimildamanns.

Garðlagið er í grónum og stórþýfðum móa. Það er lítill jarðvegur hér og hraungrýti sést víða. Grasivaxnar dældir og lautir eru inn á milli hraungrýtisins.

Garðlagið er 0,6- 1 m á hæð og um 1 m á breidd. Það er gróið en víða glittir í hraungrýti og moldarflög. Garðlagið er þýft og er á köflum ógreinilegt í stórþýfðum móanum. Það sést á um 350 löngum kafla áður en það hverfur.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-074:022** náma mógrafir 63°58.960N 20°45.914V

JÁM II: "Torfrista og stunga lítt nýtandi. [...] Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera enn." Samkvæmt Katli Ágústsyni var mór og torf tekið 150-350 m vestan og norðvestan við bæ 001, meðfram malarvegi sem liggur til norðurs, að grasivöxnum túnum við Hvítá. Svæðið sem um ræðir er á milli Brúnastaðaholts til vesturs og bæjarholtsins til austurs. Ketill sagði að hér hefði m.a. verið tekin snydda til viðhalds á húsum. Ekki er vitað hvar mótekja fór fram á 17. og 18. öld.

Vestan við malarveginn er stórþýft, gróið svæði en til austurs grasivaxið tún.

Erfitt er að greina á milli mó- og torfgrafa á svæðinu sem er 520x130 m að stærð og snýr norður-suður. Mógrafir sjást nánast á öllu þessu svæði ásamt líklegum ristusvæðum. Mógrafirnar eru flestar stórar, um 10x5 m að stærð og 0,3 m djúpar og grasivaxnar. Moldarflög eru í sumum þeirra og enn aðrar eru rakar. Ekki er hægt að áætla nákvæman fjölda mógrafa eða ristu en þær hafa verið fjölmargar miðað við stærð svæðisins. Líklega hefur verið fyllt upp í mógrafirnar að einhverju leyti eða þær runnið saman. Víða má sjá grunna fláka, um 4x4 m og 0,3 m að dýpt inn á milli þýfis og blautra mýra. Hér er líklega um ristusvæði að ræða. Erfitt er að áætla nákvæman fjölda ristusvæða þar sem landsvæðið er stórt og uppgróið.





*Mó- og ristusvæði 022, horft til NNA og vesturs.*

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM II, 144

**ÁR-074:023** heimild túngarð 63°58.704N 20°45.558V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 sést túngarður afmarka austur-, suður- og hluta vesturhliða gamla heimatúsins. Túngarðurinn afmarkaði um 300x220 m stórt svæði sem snéri austur-vestur. Heimreið 008 lá þvert í gegnum túngarðinn. Ketill Ágústsson mundi ekki eftir þessum túngarði.

Slétt, grasivaxið tún er þar sem túngarðurinn var.

Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirbroði. Hann lá til suðurs, fast austan við útihús 010, sveigði til vesturs fyrir sunnan útihús 011 og endaði vestan við útihús 009.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-074:024** gata leið 63°58.703N 20°45.430V

Gata sést liggja frá mörkum túns austan við bæ 001, nánast frá Aðalskurði Flóaáveitunnar, og allt suður að malarvegi heim að bæ 001. Engar heimildir geta leiðarinnar en líklega er þetta gamall engjavegur.

Leiðin liggur í grónum móa. Víða koma grónir hraunhólar og steinar upp úr sverði. Dældir eru á milli steinanna og stórþýft.

Gatan er um 3 m breið og hlykkjast austur-vestur á um 500 m löngum kafla. Hún liggur meðfram malarslóða sem kann að hafa tekið við hlutverki hennar. Leiðin hverfur við Brúnastaðarétt 019 að vestan en grasivaxið tún til austurs. Mest sjást 5 rásir/paldrar í leiðinni sem eru um 0,15 m djúpar. Mold og gras er í botni þeirra.

**Hættumat:** engin hætta



*Leið 024, horft til norðurs.*

**ÁR-074:025** tóftir 63°58.719N 20 45.837V

Tvær tóftir eru 140 m vestan við bæ 001 og um 80 m suðvestan við útihús 009. Tóftirnar eru 20 m suðvestan við malarveg sem liggur að núverandi fjárhúsi og 50 m norðvestan við malarveg heim að Brúnastöðum.

Tóftirnar eru í stórþýfðum og grónum móa. Hraunhólar- og hryggir eru á svæðinu.Tóftirnar tvær eru á svæði sem





*Tóft 025 A horft til norðurs og tóft 025B horft til vesturs.*




er 20x10 m stórt og snýr austur-vestur. Í lýsingu þessari er hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er austar. Hún er 9x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er austar og er 3x2 m að innanmáli. Hólfið snýr norður-suður og er suðurhlið þess opin. Veggirnir eru 1 m á hæð, grónir og einungis hægt að greina eitt umfar af grjóthleðslu. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Suðurhlið hólfsins er opin. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð, grasivaxnir en eitt umfar af grjóthleðslu sést í þeim. Fyrir norðan hólf 1 er grasivaxin

upphækkun, mögulega annað hólf. Tóft B er um 10 m fyrir vestan tóft A. Hún er 4x3 m að stærð, er einföld og fremur ógreinileg. Tóftin snýr suðvestur-norðaustur, veggirnir eru um 0,2 m á hæð og grjóthlaðnir. Eitt umfar af grjóthleðslu sést í þeim. Fast fyrir vestan tóftina er dæld/hola og hraungrýti verið hrúgað í hana og það líklega úr tóftinni.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-074:026** tóft kvíar 63°58.672N 20°45.874V



*Kvíar 026, horft til norðvesturs.*




Tóft er rúmlega 200 m VSV við bæ 001 og um 100 m suðvestan við tóftir 025. Tóftin er um 20 m vestan við malarveg heim að bæ 001.
Tóftin er í stórþýfðum og grónum móa. Hraunhólar- og hryggir eru á svæðinu.
Tóftin er 10x4 m að stærð og snýr norður-suður. Tvær hleðslur, eða veggjarbrot eru sjáanleg og kindastígur liggur á milli þeirra. Eystri veggurinn er grjóthlaðinn og 0,3 m á hæð. Tvö umför af mosavaxinni grjóthleðslu sjást í honum. Vesturveggurinn er skýrari. Hann er 0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Ekki sjást greinileg umför en hleðslan er líklega ofan á náttúrulegum hraunhrygg. Tóftin er opin í báða enda og lag hennar svipar einna helst til kvía.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-074:027** *Áargarður* garðlag varnargarður 63°58.614N 20°43.759V



*Varnargarður 027, horft til vestus.*

"Áargarður. Hlaðinn garður úr jarðefnum í Sandskörðum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í Sunnlenskum byggðum II segir: "Land Brúnastaða liggur að Hvítá og flæðir áin alloft á vetrum yfir haga og tún og spillir girðingum. Voru slík flóð þó miklu tíðari áður en hlaðinn var varnargarður í Sandskörðum á Brúnastaðaflötum árið 1889." Varnargarðurinn er um 1,5 km austan við bæ 001 og var Aðalskurður Flóaáveitunnar grafinn þvert í gegnum hann skömmu eftir 1920. Áargarður var endurhlaðinn við gerð áveitunnar.
Varnargarðurinn er í grónu mólendi fyrir austan Aðalskurð Flóaáveitunnar en í grasivöxnum og sléttum túnum að vestan.
Varnargarðurinn er 1-2 m hár og grjóthlaðinn. Hann sést á um 700 m löngum kafla og liggur norður-suður. Það sjást um 6 lög af grjóthleðslu í honum og er það fremur stórt. Varnargarðurinn er um 10 m breiður og sterkbyggður.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 8; SB II, 477.

**ÁR-074:028** garðlag 63°59.067N 20°46.761V
Við yfirferð loftmynda sást garðlag norðvestarlega í landi Brúnastaða. Það liggur milli Hvítar og Brúnastaðaholts, nærri merkjum við Austurkot ÁR-073. Tilgangur þess er óljós en mögulega gæti verið um gamlan landamerkjagarð þessara jarða að ræða. Landamerki við Austurkot eru þó 100-200 m vestar.
Gróið mólendi með blautum mýrarflákum og tjörnum er umhverfis garðlagið.
Garðlagið liggur NNV-SSA og sést á um 300 m löngum kafla.
**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-075 Hryggur

1708, jarðardýrleiki óviss. Snjáfuglsstaðakirkjueign. JÁM II, 145. 1847, 10 hdr., Klausturshólakirkjueign. JJ, 56. Jarðarinnar er getið í máldaga Snjáfuglsstaðakirkju frá 1491-1518 " Halldor bryniolfsson hefer gefit gudi oc jvngfru marie a snæfoglsstodum jordina hrygg i floa I hraungerdis kirkiusokn." Máld DI VII, 47.
Tvíbýli frá 1974. SB II, 482.
1708: "Fóðrast kunna iii kýr, i úngneyti, ix ær, viii lömb, ii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar meinast vera, brúkast ei. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Landþröngt er. Hætt er kvikfje fyrir vatnsflóðum úr Hvítá í leysingum á vetur." JÁM II, 145.
1918: "Tún 1.62 ha. girt fyrir tún með engjum. ca 95% sljett. Matjurtagarðar 8.34 arar" Túnakort 1918.



**ÁR-075:001** *Hryggur* bæjarhóll bústaður 63°57.754N 20°45.524V
Þrjú hús eru merkt á bæjarhól Hryggs á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Bæjarhólnum var alveg raskað í byggingaframkvæmdum milli 1960-1970. Hann var á náttúrulegu holti og liggur núverandi malarvegur þar upp á móts við þar sem gamli bærinn stóð. Fjós var byggt milli 1960-1970, beint fyrir norðan bæjarhólinn og bílskúr fast til austurs. Bílskúrinn er líklega þar sem norðausturhluti bæjarins var að sögn Ólafar Kristjánsdóttur, heimildamanns. Að öðru leyti eru ekki byggingar á bæjarhólnum en svæðið hefur allt verið sléttað og margskonar rask átt sér stað allt í kringum hann. Stafnar bæjarins hafa snúið til suðurs. Ekki er hægt að áætla stærð hólsins, ekki sést til neinna uppsafnaðra mannvistarlaga.
Þar sem bæjarhóllinn var er nú slétt malarplan efst á 2-3 m háu náttúrulegu holti.
Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði en mögulegt er að einhverjar mannvistarleifar leynist enn undir sverði á þessum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-075:002** heimild kálgarð 63°57.751N 20°45.513V
Kálgarður er merktur fast suðaustan við bæ 001 á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Einungis eru 2-4 m á milli bæjarhúsanna og kálgarðsins á túnakortinu frá 1918. Þar stendur nú bílskúr sem var byggður milli 1960-1970. Heimreið 015 lá til austurs frá bæ 001 og í gegnum kálgarðinn. Kálgarðurinn var um 50x15 m að stærð og snéri norðaustur-suðvestur.
Steinsteypt útihús er nú þar sem kálgarðurinn var áður.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-075:003** heimild kálgarð 63°57.751N 20°45.541V
Kálgarður er merktur fast VSV við bæ 001 og um 2 m NNV við kálgarð 002, á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var sambyggður bæ 001 og líklega tekin í notkun eftir 1906, a.m.k. hann er ekki sýndur á bæjarteikningu dönsku landmælingamannanna frá 1906. Kálgarðurinn var um 14x10 m að stærð og snéri NNV-SSA.
Þar sem kálgarðurinn var er nú slétt malarplan og íbúðarhús, byggt 1972. Húsið var byggt í vesturhluta kálgarðsins.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-075:004** heimild lambhús 63°57.782N 20°45.563V
Útihús var um 60 m norðan við bæ 001 og 100 m VSV við útihús 005 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og því líklega fallið úr notkun þá. Ólöf Kristjánsdóttir, heimildamaður, man að íbúðarhús frá 1962 var byggt í svokallaðan Lambhúshól á svipuðum slóðum og útihúsið er sýnt á bæjarteikningunni. Hún mundi ekki eftir tóft í hólnum. Líklegast er því að húsið hafi verið lambhús,
Malarvegur að sumarhúsi byggt árið 2005 liggur til norðausturs á þessum slóðum og íbúðarhús byggt 1962 er um 10 m austan hans.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-075:005** heimild útihús 63°57.824N 20°45.484V
Útihús var 130 m norðaustan við bæ 001 og 100 m NNA við útihús/lambhús 004 samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 og var líklega fallið úr notkun þá.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var. Um 0,4 m hár hólrimi er á þessum slóðum og líklega var útihúsið í austurhluta hans.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-075:006** *Fjóshóll* heimild fjós 63°57.768N 20°45.532V
"Fjóshóll. Norðan við bæinn í túninu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. " Fyrstur er Fjóshóll, ávalur hóll norðaustan við bæinn, og nær fjósið nú að honum.," segir í örnefnaskrá Hryggs. Mikið jarðrask hefur átt sér stað á þeim slóðum sem Fjóshóll er. Steinsteypt fjós var byggt milli 1960-1970 og er það fast sunnan við hólinn en íbúðarhús byggt 1962 er 30 m til norðar. Malarplan er nú á milli þessara tveggja húsa og hestagerði er áfast fjósinu. Hóllinn er horfinn.
Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 14; Ö-Hryggur, 1

**ÁR-075:007** heimild mógrafir 63°57.574N 20°45.733V
Mógrafir voru rúma 350 m suðvestan við bæ 001 og um 400 m norðvestan við Torfmýri 013 samkvæmt Ólöfu Kristjánsdóttur, heimildamanni. Mógrafirnar eru nú á milli tveggja grasivaxinna túna til suðurs og norðurs. Þar er þríhyrndur mýrarfláki en ekki sjást skýr ummerki mótekju.
Mýrarflákinn er mjög gróinn og stórþýfður. Þar vex gras, sina, fífa og annar gróður.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-075:008** *Geiratóft* tóftir fjárhús 63°57.846N 20°45.335V
"Geiratóft. Var þar sem ærhúsið er nú," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Geiratóft var 230 m norðaustan við bæ 001 og um 130 m austan við útihús 005. Geiratóft er horfin en tóftir fyrrnefndra ærhúsa sem var byggt á 20. öld sjást enn. Ekki er vitað hvaða hlutverki Geiratóft þjónaði. Á þeim stað sem þær stóðu eru tvær tóftir, um 50 m austan við gamla heimatúnið.
Tóftirnar er í fremur sléttum, þýfðum og grónum móa.




*Tóft 008A horft til norðurs og tóft 008B horft til vesturs.*

Tóftirnar tvær eru á svæði sem er 50x30 m stórt og snýr norður-suður. Tóft A er sunnar. Hún er 18x15 m að stærð, einföld og líklega ekki mjög gömul. Tóftin var rifin og sjást nú einungis útveggir og garði eftir tóftinni endilangri. Veggirnir eru 1,1 m á hæð og sjást mest 6 umför af grjóthleðslu í þeim. Þeir hafa skemmst nokkuð og hrunið úr þeim víða. Moldarflög eru í þeim vegna ágangs sauðfjár. Fyrir austan austurvegg tóftarinnar eru uppsöfnuð mannvistarlög, líklega annað hólf eða brak síðan tóftin var rifin. Ekki sést hvar inngangur í tóftina var, hún er opin í norður- og suðurenda. Hleðsla (tóft) B er um 35 m vestan við tóft A. Hleðslan liggur norður-suður og vestan hennar er uppsafnaður jarðvegur. Hleðslan er 12 m löng, 1 m á breidd og 1 m á hæð. Það glittir í eitt umfar af steinum sem og bárujárn, líklega úr þaki, í gegnum



grassvörðinn. Til vesturs mótar óljóst fyrir annarri hleðslu (vegg) og í náttúrulega kletta sem líklega eru hluti af henni. Tóftin hefur líklega verið yfirbyggð en hún afar ógreinileg og ekki vitað hvar gengið var inn í hana. Hún var um 12x4 m að stærð og snéri norður-suður.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 14.

**ÁR-075:009** *Stekkur* tóft stekkur 63°57.996N 20°45.212V






*Stekkur 009, horft til norðausturs.*

"Í norðaustur frá bænum lengra en fjárhúsin [008], er hólrani, sem kallaður er Stekkur," segir í örnefnalýsingu Hryggs. Stekkurinn og svokölluð Sigurðartóft eru líklega sami staðurinn að sögn Ólafar Kristjánsdóttur, heimildamanns. Stekkurinn er um 510 m norðaustan við bæ 001 og um 300 m norðaustan við fjárhús 008.
Stekkurinn er í þýfðum, grónum móa með hraungrýtishólum og -hryggjum víða. Stutt er niður á hraun og því mikið um hraungrýti.
Stekkurinn er 9x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er byggður inn í hólrima til austurs og er hann 0,5 m á hæð. Stekkurinn er einfaldur og op er á miðjum vesturvegg. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást 4 umför af hraungrýtishleðslu, með streng á milli, í þeim. Veggirnir eru grasivaxnir og tóftin þýfð að innan. Hvorki sést annað hólf í tóftinni né önnur tóft nærri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hryggur, 1.

**ÁR-075:010** *Torfhóll* örnefni rista 63°57.884N 20°45.662V
"Torfhóll. Suður frá Valdasteini," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ekki er vitað hvar Valdasteinn er nákvæmlega, hann var á landamerkjum við Ölvisholt ÁR-079, í hánorður frá bæ 001. Þar er gróin hraunbrún og líklegt að Valdasteinn hafi verið í henni en örnefnið nú týnt. Fyrir sunnan landamerkin er slétt, grasivaxið tún sem hefur verið ræst fram með skurðum og afar líklegt að ristan verið þar. Svæðið er um 270 m norðan við bæ 001 og um 200 m sunnan við lambhús 004.
Framræst, slétt og grasivaxið tún er nú þar sem ristusvæðið var.
Engin ummerki ristu sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 15.

**ÁR-075:011** *Kvíar* heimild kvíar 63°57.710N 20°45.521V
"Kvíar voru áður kallaðir móarnir suðaustan og sunnan við bæinn, en nú er þar orðið tún. Þar var vestan við Kvíarhóll, sem nú er einnig kominn í tún og að mestu horfinn," segir í örnefnalýsingu Hryggs. " Kvíarhóll. Sunnan við bæinn" segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Kvíarhóll var í túninu fyrir sunnan bæ 001 og ekki er þar lengur neinn hól að sjá. Kvíarnar voru um 80 m fyrir sunnan bæ 001 og um 300 m NNA við mógrafir 007.
Smáþýfð og grasivaxin tún eru sunnan og suðaustan við holtið sem bær 001 er á.
Engin ummerki kvía eða Kvíarhóls sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 14; Ö-Hryggur, 1.

**ÁR-075:012** *Þórðartóft* tóft beitarhús 63°58.062N 20°44.952V

"Enn lengra í sömu átt, í beinu framhaldi af Stekknum [009], er Þórðartóft, uppundir Markasteini efri. Það er gömul fjárhústóft, sem bóndi í Hrygg, Þórður að nafni, byggði á sínum tíma," segir í örnefnalýsingu Hryggs.






Tóftin er 250 m austan við stekk 009 og um 750 m norðaustan við bæ 001. Tóftin er um 100 m sunnan við landamerkjagirðingu Hryggjar og Hjálmholts ÁR-076.
Tóftin er í þýfðum móa með hraungrýtishryggjum og -hólum inn á milli. Jarðvegur er grunnur á svæðinu.
Tóftin er 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er vestast í tóftinni. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru um 0,4 m á hæð og sjást 2 umför af grjóthleðslu í þeim. Inngangur er á miðri suðurhlið og hefur nokkuð af grjóti hrunið í hann. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Grunnflötur þess er um 0,3 m lægri en í hólfi 1 og var það líklega hlaða. Ekki er skýr inngangur inn í hólfið. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást 4 umför af grjóthleðslu í þeim. Inngangur er í norðvesturhorni yfir í hólf 2. Fyrir norðan tóftina er hóll, um 0,4 m á hæð og líklega leynast mannvistarlög þar undir sverði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hryggur, 1.

**ÁR-075:013** *Torfmýrin* örnefni rista 63°57.443N 20°45.395V

"Austan við hann [Gildruholt 079:013] er Runkamýrin eða Torfmýrin öðru nafni," segir í örnefnalýsingu Hryggjar. Torfmýri er um 600 m sunnan við bæ 001 og rúma 350 m suðaustan við mógrafir 007. Þar er mýrarræma milli Gilduholts til vesturs og grasivaxins túns til austurs.
Torfmýri er slétt og vot. Hvergi sjást ummerki ristu á svæðinu. Mýrin er grasivaxin og víðirunnar vaxa á stöku stað.
Engin ummerki ristu sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hryggur, 1-2.

**ÁR-075:014** tóft+garðlag 63°57.902N 20°45.341V

Í grónum móa NNA við bæ 001 er slitrótt garðlag og tóft. Hlutar þess hafa mögulega verið undir girðingu. Um 310 m norðaustan við bæ 001 er tóft sambyggð garðlaginu. Önnur og minni garðlög liggja á stöku stað þvert yfir garðlagið en þau eru líklega nýlegar undirstöður undir girðingar og ekki skráð sérstaklega í þessari fornleifaskrá.
Garðlagið er í þýfðum móa með hraungrýtishryggjum og -hólum inn á milli. Jarðvegsþekja er þunn á svæðinu.
Garðlagið er um 260 m langt og var suðurhluti þess líklega hlaðinn undir girðingu en sá nyrðri líklega varnar- eða túngarður. Garðlagið liggur til norðurs, beygir til vesturs og aftur snarlega til austurs þar sem það endar í stórþýfðu og grónu hrauni. Það er 0,3-0,5 m á hæð og svipað á breidd. Það er grjóthlaðið, ýmist sjást 1 eða 2 umför af hleðslu. Sá hluti garðlagsins sem hólfið er byggt við er um 0,6 m á hæð og hlaðin úr stórum hraungrýtissteinum. Þar er garðlagið um 1 m á breidd. Grjótið er vaxið mosa og skófum. Hólfið er 13x5 m að stærð og er einfalt. Það snýr austur-vestur og veggirnir eru 0,3- 0,4 m á hæð. 2 umför af grjóti sjást í hólfinu. Hólfið er opið til austurs. Um 0,1 m há hleðsla liggur norðausturs frá vesturvegg hólfsins, þvert yfir það og áfram til austurs. Hún er að öllum líkindum yngri en hólfið og hlaðin undir girðingu. Líklega er syðri hluti garðlagins yngri en sá nyrðri sem skýri muninn á gerð þeirra.
**Hættumat:** engin hætta






*Garðlag og tóft 014, horft til VNV.*

**ÁR-075:015** heimild traðir 63°57.754N 20°45.516V
Á túnakort frá 1918 er merkt heimreið til austurs frá bæ 001, þvert í gegnum kálgarð 002. Heimreiðin er um 20 m löng á kortinu. Bílskúr er nú þar sem heimreiðin var.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-075:016** heimild leið 63°57.748N 20°45.092V
Leið á milli Hryggjar og Vesturkots ÁR-077 er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1906-1907. Þar sem leiðin lá eru óræktuð, framræst tún að mestu í landi Hryggjar. Slétt, ræktuð tún eru allt umhverfis Vesturkot.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Herforingjaráðskort nr. 47

## ÁR-076 Hjálmholt

1708: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. JÁM, 145-146. 1847: 24 hdr. Bændaeign. JJ, 57. Jarðarinnar er getið í Árna sögu byskups: "Snorri hét maðr ok var Narfason ...Snorri hafði tekit með konu sinni land í Hjálmaholti ok annat land, er Mörk hét." Bysk. GJ, I, 375 og síðar: "....tók hann Ketil á Torfastöðum ok flutti með sér ofan í Hjálmaholt ok hét honum mörgum harðendum..." Bysk. GJ, I, 383.




Jarðarinnar er getið í dómi sex presta um vangoldna 'ískyldarsauði' af jörðinni til Skálholtsstaðar árið 1464, DI V, 425 og í vottun um ískyldarsauð úr Hjálmholti frá 1548, DI XI, 611.

Kirkjustaður:

HJÁLMHOLT Í FLÓA (Á) -Jóni - HÁLFKIRKJA

1397: "[á kvikfé] slyk portio sem fallid hafdi lagdist til kirkiu vppgiordar. Takast heima aller lysetollar;" Máld DI IV 51

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. Bl. 50} lögð niður um hríð

3.3.1752 og 13.4.1754: Kirkja í Oddgeirshólum flutt að Hjálmholti; (PP, 78) [konungsbréf]

1754: Sýslumaður Brynjólfur Sigurðsson lét gjöra kirkju í Hjálmholti í Flóa, en Oddgeirshólakirkja var lögð af, Hraungerði beneficium og prestssetur framvegis, en Laugardælir stólsjörð. – Ölfusvatnsannáll IA IV, 372.

29.3.1805: Hjálmholtskirkja lögð niður og sóknin lögð til Hraungerðis; (PP, 78) [konungsbréf]

1708: "Hiálmholltz Hiáleiga [011], bygð skamt frá heimatúninu fyrir manna minni. ... Stertur, hjáleiga [012], hefur í eyði legið 20 ár eður lengur; var þar fyrir bygð um nokkur ár; menn muna óglögt hvað lengi." JÁM II, 146.

1847 er sagt að Laugar, 9 hdr jörð, hafi áður verið Hjálmholtskirkjueign. JJ, 57.

1981: "... Til hennar voru lagðar þrjár hjáleigur ... Og Hjálmholtskot, öðru nafni Vesturkot [ÁR-077] ... Enn sér til tófta þar sem talinn er hafa verið bærinn Mörk." SB II, 483.

1708: "Fóðrast kunna viii kýr, iiii úngneyti, xxx ær, xx lömb, v hestar. Hvað sem fleira er af nautum og sauðfje kaupir ábúandi fóður fyrir. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga bjargleg. Skóg til kolgjörðar í almenníngi ut supra. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Hætt er kvikfje fyrir einum holgryfjulæk, sem kallast Merkurlækur, og verður oft mein að. Vatnsból bregst sumar og vetur, og er þá lángt og erfitt til að sækja í áðurnefndan Merkurlæk." JÁM II 145-6.

1918: "Tún: 7.93 ha. girt með engjum. ca 90% sljett. Matjurtagarðar 12.55 arar." Túnakort 1918.

**ÁR-076:001** *Hjálmholt* bæjarhóll bústaður 63°57.599N 20°43.708V

Sex hús eru merkt á bæjarhól Hjálmholts á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og tveir bæir eru merktir á hann á túnakorti frá 1918, og var yngri bænum, húsi byggt 1889, gefið sérstakt númer (sjá fornleif 042). Bæjarhóllinn er um 10 m austan við íbúðarhús byggt 1975 og nær austur að tröðum 008 sem enn sjást.

Malarhlað að ofanverðu en grasflöt framan í hólnum.

Smávægileg hólmyndun er greinileg á þessum stað, einkum austan til á bæjarstæðinu en eflaust hefur verið jafnað úr yngstu bæjarhúsunum a.m.k. og hóllinn lækkaður við það. Hóllinn er um 30x25 m á stærð og nýr norðaustur-suðvestur. Á túnakorti frá 1918 eru sýnd tvö hús, hús 042 í línu milli núverandi íbúðarhús og kirkjuhóls 002 og annað fast norðan við, sem er það hús sem hér er skráð, og er líklega hið upphaflega bæjarstæði. Á öllu þessu svæði er nú slétt, malarborið hlað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918: SB II, 483

**ÁR-076:002** *Kirkjuhóll* þúst kirkja 63°57.603N 20°43.670V



*Kirkjuhóll 002, horft til ASA.*

HJÁLMHOLT Í FLÓA (Á) -Jóni - HÁLFKIRKJA

1397: [á kvikfé] slyk portio sem fallid hafdi lagdist til kirkiu vppgiordar. takast heima aller lysetollar; Máld DI IV 51

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 50} lögð niður um hríð

3.3.1752 og 13.4.1754: Kirkja í Oddgeirshólum [ÁR-071:002) flutt að Hjálmholti; (PP, 78) [konungsbréf]

1754: Sýslumaður Brynjólfur Sigurðsson lét gjöra kirkju í Hjálmholti í Flóa, en Oddgeirshólakirkja var lögð af, Hraungerði beneficium [ÁR-039:002) og prestssetur framvegis, en Laugardælir [ÁR-059] stólsjörð. Ölfusvatnsannáll IA IV, 372.

29.3.1805: Hjálmholtskirkja lögð niður og sóknin lögð til Hraungerðis; (PP, 78) [konungsbréf]

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 er sagt að Laugar [ÁR-080], 9 hdr jörð, hafi áður verið Hjálmholtskirkjueign. "Kirkjuhóll eða Skemmuhóll er austan við bæinn norðan traða [008]. Þar stóð kirkjan, sem var um eitt skeið í Hjálmholti," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Kirkjuhóll er um 50 m beint austur af núverandi íbúðarhúsi, sunnan undir klettaholti, í horni þar sem grjóthlaðnar traðir 008, beygja til norðurs. Vírgirðing fylgir traðaveggnum. Kirkjan er rúma 30 m austan við bæ 001.

Grasvöllur, hestahagi, áður tún. Kirkjustæðið er sunnan undir klettaholti og hallar niður af því til suðurs og austurs.

Á þessum stað sést flöt þúst, 9x8 m stór, snýr austur-vestur með skýra brún að norðan- og austanverðu og dálitla hvompu ofan í vestast. Ekki er þó hægt að tala um að þústin hafi skýra tóftarlögun. Mannabein og fleiri ummerki hafa komið fram við rask á þessu svæði

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** DI IV, 51; AM 263 fol. bl. 50; PP, 78; IA IV, 372; JJ, 57; Ö-Hraungerðishreppur,10.

**ÁR-076:003** *Hjallhóll* heimild hjall 63°57.609N 20°43.696V

Útihús var 20 m norðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. "Hjallhóll sem hjallurinn stendur nú, var áður nefndur Hvassihóll," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Samkvæmt Þormóði Ólafssyni, heimildamanni, var umrætt útihús það sama og merkt er inn á bæjarteikninguna. Útihúsið var rétt vestan við kletta sem kirkja 002 stóð austan undir. Þar er nú gróið og stórþýft svæði.

Útihúsið var í halla niður til suðvesturs, niður af klettabelti.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; Ö-Hraungerðishreppur, 9.

**ÁR-076:004** heimild útihús 63°57.600N 20°43.732V

Útihús var 20 m vestan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var, þar sem nú (2010) er malarvegur norðan við íbúðarhús byggt 1975.

Malarplan í aflíðandi halla til suðvesturs er þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-076:005** heimild útihús 63°57.604N 20°43.717V
Útihús var 10 m vestan við bæ 001 og 5 m austan við útihús 004 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Húsið var efst á holtinu sem bær 001 var á.
Malarplan er nú þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-076:006** heimild kálgarð 63°57.592N 20°43.723V
Kálgarður er merktur rúmum 20 m suðvestan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Malarvegur heim að íbúðarhúsi (byggt 1975) er fast vestan við áætlaða staðsetningu útihússins.
Grasivaxið svæði er á holtinu sem bær 001 var á. Kálgarðurinn var í vesturenda þess, í aflíðandi halla til suðausturs.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-076:007** heimild kálgarð 63°57.593N 20°43.709V
Kálgarður er merktur 10 m sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var innan afgirts og gróins svæðis, sunnan við bæjarhólinn, efst á holtinu.
Slétt, grasivaxið svæði er þar sem kálgarðurinn var. Rabarbari er í suðausturhorni þessa svæðis, mögulega leifar gróðurs úr kálgarðinum.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-076:008** *Austurbrú* gata traðir 63°57.596N 20°43.677V



*Austurbrú 008 horft til ASA, vesturs og norðurs.*

Traðir eru merktar úr austri að bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. "Austurbrú og Austurtraðir. Gömul heimreið austan að bænum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps þar sem sömu tröðum er lýst. Austurtraðir lágu upp á bæjarholtið í beinu framhaldi af Austurbrú sem er upphlaðinn vegur yfir Austurmýri. Vírgirðing er á norðurvegg traðanna og hluti gamla heimatúnsins er þar fyrir norðan. Malarvegur, út á engjar, er fyrir sunnan traðirnar.
Í austurhlíð holtsins eru slétt, grasivaxin tún með malarslóða út á engjar. Austurmýri er stórþýfð, gróin og vot. Vegurinn yfir mýrina og sjálf heimreiðin eru á svæði sem er um 250x20 m stórt og snýr austur-vestur. Traðirnar liggja austur-vestur og koma upp bæjarholtið úr austri að bæ 001. Þær eru 2-3 m breiðar og sjást á um 70 m

löngum kafla. Norður- og suðurveggur traðanna eru upphlaðnir. Nyrðri veggurinn er 1-1,5 m á hæð og hlaðinn úr stóru hraungrýti. Mögulegt er að hann hafi að hluta verið byggður upp við náttúrulegan klettahrygg en erfitt að greina það vegna gróðurs. Það sjást mest 3 umför af grjóthleðslu í honum. Suðurveggurinn er mun lægri eða 0,7 m. Grjótið þar er mun smærra, veggirnir hrundir að hluta og brak sett þar upp við. Ekki sést til rása í tröðunum og þær nú grasivaxnar. Austurbrú er í Austurmýri eins og fyrr segir og er upphlaðinn vegur. Hann liggur frá skurði til vesturs og endar við gróið tún til austurs. Brúin, eða vegurinn, er tæplega 150 m að lengd, 0,5 m á hæð og 4 m breið. Vegurinn er grasivaxinn, stórþýfður og glittir víða í hraungrýti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; Ö-Hraungerðishreppur, 7.

**ÁR-076:009** heimild útihús 63°57.541N 20°43.682V
Útihús var 120 m sunnan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og var rúmum 5 m austan við íbúðarhús byggt 2000. Útihúsið var fast vestan við náttúrulega brún á holtinu. Svæðið var sléttað og þar eru nú grasivaxin tún. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Engin ummerki útihúss sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-076:010** *Suðurkotsbrú* heimild leið 63°57.556N 20°43.764V
Leið er merkt frá bæ 001, milli kálgarða 006 og 007 og áfram til suðurs út heimatúnið á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Um þessa leið er getið í örnefnaskrá en þar segir: "Suðurkotsbrú. Upphlaðin brú milli Suðurkots [048] og Bitruholts. Nú orðið aðal heimreið," Þormóður Ólafsson, heimildamaður, telur að leiðin liggi til SSV fyrir neðan bæjarholtið 001 og beygi svo til vesturs við Bitruholt. Þar sést til gatna á köflum.
Þýfð, gróin mýri er austan og vestan við malarveg að Hjálmholti en grasivaxin tún uppi á bæjarholtinu.
Leiðin er horfin að mestu, komin undir malarveg á þeim slóðum sem hún er sýnd á túnakortunum og er Suðurkotsbrú líklega einnig komin undir veg. Suðurkotsbrú var hlaðin yfir mýrardrag og var líklega um 50 m löng. Svæðið norðan við Birtuholt er nú grasivaxið og ekki tókst að greina leiðina þar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 13; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-076:011** *Hjálmholtshjáleiga* heimild býli
"Hiálmholltz Hiáleiga, bygð skamt frá heimatúninu fyrir manna minni," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708. Ekkert er nú vitað um hvar Hjálmholtshjáleiga var og kannast staðkunnugir hvorki við rústir né örnefni sem gætu gefið vísbendingar um staðsetningu hennar. Telja verður líklegt að hún hafi verið nærri bæ 001 en annað er ekki hægt að segja um staðsetningu hennar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM II, 146

**ÁR-076:012** *Stertur* heimild býli 63°57.547N 20°43.705V
"Stertur, hjáleiga, hefur í eyði legið 20 ár eður lengur; var þar fyrir bygð um nokkur ár; menn muna óglögt hvað lengi," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708. "Á túninu fremst er Stertur," segir í örnefnaskrá Hjálmholts. Þormóður Ólafsson, heimildamaður, kannaðist við sagnir um að Stertur hefði verið þar sem íbúðarhús var reist árið 2000. Þormóður man þó ekki eftir að mannvistarleifar hafi komið í ljós við þá framkvæmd. Stertur var 100 m sunnan við bæ 001 og 20 m vestan við útihús 009.
Slétt, grasivaxið tún er umhverfis íbúðarhúsið og malarplan til norðurs.
Engin ummerki býlis sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM II, 146; Ö-Hjálmholt, 1.

**ÁR-076:013** *Aftökustaður* örnefni aftökustaður 63°57.574N 20°43.443V
"Aftökustaður. Klettarimi í mýrinni fyrir austan túnið (sjá Austurmýri 008)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ekki er vitað með vissu hvar aftökustaðurinn var, klettariminn er horfinn og einungis um 0,3 m háir steinar sem sjást í miðri mýrinni, rétt við raflínu sem þar er. Annars er mýrin stórþýfð, grasivaxin og víða blautar dælar í henni. Aftökustaðurinn var rúmum 200 m ASA við bæ 001 og 130 m suðaustan við Austurkot 015.
Engin ummerki aftökustaðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 7.

**ÁR-076:014** *Aldingarðsþúfa* hleðsla varnargarður 63°58.087N 20°40.887V



*Hleðsla 014, horft til suðurs.*

"Aldingarðsþúfa. Há hundaþúfa skamt frá Hvítá, til móts við Borgir [019] í Merkurhrauni," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hleðslubrot er við Aldingarðsþúfu, rúmum 2,5 km vestan við bæ 001 og rúmum 200 m norðaustan við Borgir 019. 5 m fyrir norðaustan hleðsluna er hundaþúfa, sem er hin eiginlega Aldingarðsþúfa. Þormóður Ólafsson, heimildamaður, heyrði sagnir um að hleðslan væri varnargarður en líkt og nafnið ber með sér gæti það einnig verið af kálgarði, þó það sé afar ólíklegt miðað við fjarlægð frá bæ 001.
Gróið hraun með hólum, lægðum og gjótum er á þessum slóðum. Hraunklettar koma víða uppúr sverði.
Hleðslan er 3 m á lengd og 0,5 m á hæð. Hún er grjóthlaðin og sjást 3 umför í henni. Hleðslan afmarkar, eða lokar, um 12x5 m stórri laut sem er fyrir norðan garðlagið en ekki sést til annarra mannvirkja í henni. Mögulegt er að lautin hafi verið aðhald eða rétt þar sem hliðar hennar eru nokkuð brattar. Austurveggur lautarinnar er 2 m hár og brattur. Hinir eru lægri og sést glitta í grjót í gegnum grasið. Það er líklega náttúrulegt og ekki hlaðið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 7.

**ÁR-076:015** *Austurkot* tóftir býli 63°57.628N 20°43.334V
"Austurkot. Liggur á heiðarjaðri við Austurbrúarendann [008] og austan við Austurmýri," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Austurkot er 300 m austan við bæ 001 og tæpa 250 m suðaustan við Norðurkot 043. 10 m vestan við Austurkot er vegslóði og rusli safnað saman á bletti sem er um 20 m sunnar. Þetta eru gömul vélahræ,





*Tóft 015A horft til NNV, tóft 015B horft til norðurs og tóft 015C horft til norðurs.*

húsgögn og timbur að mestu. Ekki er útilokað fleiri tóftir séu á þessum slóðum en þær væru þá undir braki.
Gróin heiði, eða mólendi er umhverfis Austurkot.
Tvær tóftir og hleðsla eru á svæði sem er 50x20 m stórt. Í lýsingu þessari verður hverju þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er í miðju svæðisins og er líklega bæjartóftin. Tóftin er á hól, sem er 18x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Hóllinn er 1 m á hæð og líklega að mestu uppsöfnuð mannvistarlög. Tóftin er 14x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í þrjú hólf en líklega voru þau upprunalega fleiri, norðausturhorn hennar er raskað. Hólf 1 er austast í tóftinni, er 18x6 m að stærð og snýr norður-suður. Vesturveggur og hluti þess syðri eru einungis varðveittir, hinum var líklega rutt út. Þeir eru 0,7-1 m á hæð og grasivaxnir. Ekki sést glitta í grjót í þeim né dyr sjáanlegar. Gólf hólfsins er með dældum og hryggjum og má vera að



það hafi upphaflega skipst frekar niður. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 7x4 m að innanmáli, snýr austur-vestur og veggirnir 1 m á hæð. Op var líklega á vesturhlið en hún er stórþýfð og afar sigin. Norðurveggur hólfsins er raskaður, þar er nú op yfir í hólf 3 sem líklega var þar ekki áður. Veggirnir eru grasivaxnir og hvergi glittir í grjót. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það er nánast eins og hólf 2, veggjahæð, stærð, op og gróðurfar er hið sama. Tóft B er 25 m norðvestan við tóft A. Vegslóði liggur á milli þeirra. Tóftin er á hólrana, er 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar, er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,7 m á hæð og alveg grasivaxnir. Ekki mótar fyrir dyraopi sem var þó líklega á suðurhlið. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er óskýrt, austurveggurinn er hruninn. Það er 3x3 m að innanmáli og sjást 2 umför af grjóthleðslu í vesturvegg. Hann er 0,7 m á hæð og ekki sést hvar dyr voru. Hleðsla C er 15 m suðaustan við tóft A. Hún er grasivaxin, þýfð og svæðið umhverfis hana greinilega raskað. Hleðslan tilheyrði greinilega áður stærra mannvirki, hún liggur í vinkil og er um 5x3 m að stærð. Veggirnir eru grasivaxnir, 0,5 m á hæð og ekki sést grjót í þeim.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 7.

**ÁR-076:016** *Axarhóll* þjóðsaga legstaður 63°57.948N 20°38.763V



*Axarhóll 016, horft til norðurs.*

"Litlu fyrir neðan gatnamótin er stór hraunhóll, er heitir Axarhóll. I honum er sagt að Þorgrímur orrabein hafi verið heygður, hafi exi hans fundist þar síðar, og sé hóllinn kenndur við hana. Nú sjást engin merki þess, að þar hafi haugur verið eða dys. En sögnin um axarfundinn bendir á, að dysin hafi verið rofin og leitað í henni. Hafa þá þar, eins og víðar, öll verksummerki verið eyðilögð." segir í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1905. "Axarhóll. Hornmark milli Hjálmholts og Skálmholts [ÁR-001] liggur við Merkurlaut ofarlega sunnan í Merkurhraunsbrún," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Axarhóll er tæpum 4 km austan við bæ 001 og rúmum 650 m suðvestan við Skollaþúfu 047. Einnig er talið að lag hólsins tengist nafninu en efsti hluti hans minnir á axarblað. Axarhóll er nú innan sumarbústaðahverfis sem kallast Merkurlaut.
Axarhóll er náttúrulegur hraunhóll, um 10 m á hæð. Hann er grýttur og vex mosi á honum. Axarlagaður klettur er efst á hólnum en hvergi sjást mannaverk.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 8; ÁHF 1905, 28

**ÁR-076:017** tóftir beitarhús 63°57.007N 20°44.865V
Tóft er vestarlega Eystra Torfholti. Hún er rúmum 1,4 km suðvestan við bæ 001 og um 600 m norðaustan við beitarhús 031. Malarslóði liggur upp holtið úr vestri og fer fast norðan við tóftina. Lag og staðsetning tóftarinnar bendir til þess að þetta sé beitarhús.






*Beitarhús 017, horft til vesturs.*

Eystra Torfholt er um 10 m hátt og liggur suðvestur-norðaustur. Þar er stórþýfður mói með klettum og steinum sem víða kom a uppúr sverði.
Beitarhúsið er 18x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er norðvestar. Það er 10x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er opið til norðvesturs og ekki mótar fyrir görðum eða jötum. Veggirnir eru 0,4-0,5 m á hæð og grónir. Einungis sést glitta í grjót í norðvesturhorni. Þar eru 3 umför grjóthleðslu. Hólf 2 er suðaustar. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Ekki mótar fyrir opi inn í hólfið né er það niðurgrafið. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og grónir. Einungis sést glitta í grjót á einum stað.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-076:018** *Bjarnabrú* heimild brú 63°57.758N 20°42.122V

"Bjarnabrú. Hlaðin hellubrú í Bugalæk," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Samkvæmt Þormóði Ólafssyni, heimildamanni, sést Bjarnabrú enn sem grjótdreif í Bugalæk. Skrásetjara tókst þó ekki finna Bjarnabrú þrátt fyrir ítrekaða leit og líklegt er að gróið sé yfir grjótið. Bjarnabrú var 1,3 km austan við bæ 001 og 300 m sunnan við Jónstóft 033. Leið 056 lá líklega yfir brúnna en hún hverfur nokkuð norðan við áætlaða staðsetningu hennar.
Bugalækur rennur til vesturs á þessum slóðum, í bugum líkt og nafnið gefur til kynna. Umhverfis hann er þýft mólendi vaxið mosa og sinu. Gras vex á lækjarbökkunum.
Engin ummerki brúar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 8.

**ÁR-076:019** *Borgir* tóftir fjárskýli 63°57.937N 20°40.923V





*Tóft 019A horft til vesturs, tóft 019B horft til norðurs og tóft 019C horft til VNV.*




"Borgir. Gamlar fjárhústættur á Merkurhrauni móts við Aldingarðsþúfu [014]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Borgir eru tæpum 3 km austan við bæ 001 og rúmum 1 km austan við Jónstóft 033.
Borgir eru í grónu hrauni. Það er mosavaxið og með hraunhólum og -klettum sem víða stinga sér upp upp úr sverði.
Í Borgum eru þrjár tóftir á svæði sem er 80x50 m og snýr NNV-SSA. Var hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er syðst á svæðinu. Hún er 6 m í þvermál og veggirnir um 0,5 m á hæð. Þeir eru mosavaxnir og aðeins eitt umfar grjóthleðslu sést en ekkert op. Undirstöður tófarinnar sjást eingöngu og var hún að öllum líkindum topphlaðin fjárborg. Tóft B er 60 m norðan við tóft A. Hún er 11x10 m að stærð og snýr norður-suður. Umhverfis tóftina er grasivaxinn hraunhóll og líklega lítið um uppsöfnuð mannvistarlög. Tóftin skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er vestar, 10x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggjahæð er um 1,3 m og sjást fimm umför af grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru mosavaxnir og vaxnir skófum. Hólfið er opið til suðurs og garði eftir því endilöngu. Dyr eru beggja vegna við garðann og líklegt að timburþil hafi lokað hólfinu. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 3x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur og gólfið er niðurgrafið. Það var hlaða. Ekki sést skýr inngangur inn í hólfið sem var þó líklega á vesturhlið, úr hólfi 1. Veggirnir eru 2,5 m á hæð og sjást 9 umför af grjóthleðslu í þeim. Það mótar óljóst fyrir hleðslum sem liggja til suðurs frá sitthvorri hlið tóftarinnar en þær eru óljósar vegna gróðurs. Þetta var beitarhús. Tóft C er 10 m norðan við beitarhús B. Hún er 7x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og gólf hennar lítillega niðurgrafið. Veggirnir eru 1 m á hæð og 3 umför af grjóti sjást í þeim. Op er í norðvesturhorni tófarinnar en austurendi hennar virðist raskaður eða hún opin þar. Öll tóftin er sigin og einungis grunnur veggjanna sem eftir er. Á nokkrum stöðum umhverfis tóftirnar eru grjóthrúgur án sjáanlegt tilgangs. Það er mögulega komið úr tóftunum sjálfum eða hreinsun umhverfis þær.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 8.

**ÁR-076:020** *Neðribrunnur* heimild brunn 63°57.592N 20°43.806V
"Brunnhóll. Hólrani vestan á framtúni, milli Vesturtraða [041] og Orustudals [045] [...) Neðribrunnur. Vestan undir Brunnhól, syðst" segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Brunnurinn var tæpum 100 m vestan við bæ 001 og 60 norðvestan við Kóngsflöt 035. Þar er nú afgirt svæði, notað undir hrossabeit. Brunnurinn er sýndur á túnakorti frá 1918.
Brunnurinn var fast neðan við hólrana sem gengur úr holti sem bær 001 var á. Þar er nú grasivaxið og smáþýft tún í miklum halla til norðvesturs.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði. Líklega var fyllt uppí hann.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 8, 12; túnakort 1918

**ÁR-076:021** *Fjárbrú* heimild brú
"Fjárbrú. Timburbrú á Bugalæk, vestan við Bugana," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þormóður Ólafsson, kannaðist ekki við fjárbrú á þessum slóðum og ekki fannst hún við vettvangsrannsókn. Bugarnir eru austan við bæ 001, nokkuð austar en Austurkot 015. Ekki reyndist unnt að staðsetja Fjárbrú.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 8.

**ÁR-076:022** *Flóðgarður* garðlag varnargarður 63°57.251N 20°44.525V
"Flóðgarður. Liggur í vestur frá Bitruholti að Suðurkotsstekk [050] [...] Garðdælur. (Sjá Torfdælar 054) Fengu nafn af flóðgarði, sem hlaðinn var sunnan við þær (þar var áður skorið torf)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Samkvæmt Þormóði Ólafssyni, heimildamanni, er flóðgarðurinn sigin og illgreinanlegur en er varðveittur að hluta. Hann liggur til VNV frá grasivöxnu túni sunnan við Stekkholt (sjá 026) og hverfur í þýfða mýri. Skrásetjara tókst ekki að finna Flóðgarð þrátt fyrir ítarlega leit á umræddu svæði og var ástæðan sjálfsagt sú að það er á kafi í gróðri.
Flóðgarður er í stórþýfðu mólendi með blautum mýrartjörnum víða.
Yfir eystri hluta flóðgarðsins er nú grasivaxið tún og ekki er ummerkja hans að vænta þar. Flóðgarðurinn lá áfram til vesturs frá túninu, sunnan við Stekkjarholt og þar sést hann enn. Á loftmynd má greina garðlagið á um 75 m löngum kafla austur-vestur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 8-9.

**ÁR-076:023** *Mörk* heimild bústað 63°57.715N 20°39.866V
"Maurk. Forn eyðijörð, hefur í eyði legið framyfir allra þeirra minni, sem nú eru á lífi, eru menn ekki fullvissir um, hvert hún hafi þessari sveit [Villingaholtshrepppi] fylgt ellegar Skeiðum eður Hraungerðishrepp. Þykir þó líkast, ef hún skyldi þessum hrepp fylgja, að hér skyldi röð hennar falla milli Skálmholts [ÁR-001] og Skálmholtshrauns [ÁR-002]. Enginn veit hvörjir hér hafa kostir eður ókostir verið, en það ætla menn, að þrönglendi og ágángur nábúa hafi jörðina eyðilagt. Munnmæli almúgans segja því hafi valdið reimleiki," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708. „Sagt er, að Merkurhraun hafi nafn af bæ, er þar hafi verið og heitið Mörk. Gera munnmælin mikið úr landkostum þar. En sá er gallinn á, að enginn veit hvar þessi bær hefir verið. Líklega er það þó ekki tómur hugarburður, að bærinn hafi verið til. Að vísu má segja, að nafnið Merkurhraun komi af því, að hraunið hafi verið skógi vaxið. Og það hefir nú án efa verið. En orð Landn. »upp frá Mörk« sýna, að Mörk hefir heitið sérstakur staður á hrauninu. Og þau miða, meira að segja, við hann sem alkunnan. Liggur þar næst að ætla, að það hafi einmitt verið bær. Um það, hvar sá bær hafi verið, getur leikið á tvennu. Niður með Merkurlaut, góðum kipp fyrir neðan Axarhól [sjá 016], hafa lengi verið beitarhús [sjá 040] frá Hjálmholti og eru þar rústir miklar og sumar fornlegar. Þar halda margir að Mörk hafi verið, og þá hefði legið beint við að kenna Merkurlaut við þann bæ.“ segir í Árbók hins íslenska Fornleifafélags frá 1905. "Mörk. Gamlar tættur, er talið hafa verið bær til forna. Nú alltaf nefnt Seltættur [...] Seltættur [...] Þar hafði Guðm. Þormóðsson sauðahús og selför eftir miðja nítjándu öld, þegar síðast var tvíbýli í Hjálmholti frá 1852-70. Tætturnar liggja á hæðarrana við Merkurlaut, þar sem gamli vegurinn [621:007) liggur suður yfir lautina," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Lítið er vitað um hvaða hreppi hin forna jörð Mörk tilheyrði en hún er í fornleifaskrá þessari skráð með Hjálmholti, enda innan núverandi landamerkja þeirrar jarðar. Þormóður Ólafsson taldi að Mörk væri á hraunhól við veg að malarnámu og er bærinn einnig sýndur á þeim slóðum á herforingjaráðskorti. Hér er sú staðsetning skráð og fyrrnefnd fjárhús eru ekki á þessum slóðum, þau eru í fornleifaskrá þessari númer 040. Mörk er rúmum 3 km austan við bæ 001 og rúma 150 m norðaustan við tóftaþyrpingu 040.
Gróin hraunbrún og malarvellir eru þar sem Mörk var.
Engin ummerki bæjarhóls né seltófta sjást á yfirborði en býlið Mörk er staðsett þar sem nú er 5 m hár, uppblásinn hraunhóll, bæði af Þormóði Ólafssyni sem og á herforingjaráðskorti. Telja verður líklegt að tóftaþyrping 040 séu umræddar seltættur og verið sé að tala um gamla heimaland Markar fremur en bæjarstæðið

sjálft í lýsingunni hér að ofan.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** JÁM II, 180, Ö-Hraungerðishreppur, 11-12; ÁHÍF 1905, 29

**ÁR-076:024** *Gamla-Brú* hleðsla brú 63°57.612N 20°40.069V
"Gamla-Brú. Var brúin á áðurnefndum vegi [ÁR-621:007] nefnd, þar sem hú lá yfir lautina, skolaðist að nokkru burt í árflóði 1930," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Brúin er 100 m suðvestan við tóft 040a og tæpum 3 km austan við bæ 001. Hún er sunnan undir gróinni hraunbrún.
Brúnin liggur yfir Merkurlaut, mýrardrag sem nú er þurrt og grasivaxið.
Grasivaxin fyrirstaða yfir Merkurlaut, 4x3 m að stærð og 0,5 m á hæð er sjáanleg og eru leifar Gömlubrúar. Hraungrýti sést ofan á henni ekki skýrar hleðslur enda þess ekki að vænta þar sem brúin skolaðist í burtu.


*Gamla-Brú 024, séð úr SSA.*

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-076:025** *Gamli-Stekkur* heimild stekk 63°58.146N 20°43.933V
"Gamli-Stekkur. Stekkjartættur frá Hjálmholti suðaustur af Flötunum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkurinn var 1 km norðan við bæ 001 og rúma 250 m NNV við Þorsteinstóftir 077:010. Þar sem stekkurinn var er grasivaxinn hóll, um 1 m á hæð og stórþýfður. Ekki sást til mannvirkja í honum eða í grennd hans
Gróið hraun er þar sem stekkurinn var. Hraungrýti og -klettar koma víða uppúr sverði og dældir inn á milli. Engin ummerki stekks sjást á yfirborði og hann líklega horfin í þýfi.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 9.

**ÁR-076:026** *Stekkholt* tóft stekkur 63°57.357N 20°44.364V
Tóft er 700 m vestan við bæ 001 og rúma 500 m VSV við Þvottapytt 060. Tóftin er í suðvesturhlíð náttúrulegs holts, Stekkholts. Hún er 10 m fyrir sunnan náttúrulegt klettabelti sem er 2 m hátt og 20 m langt. Miðað við örnefni og lag tóftarinnar er hún stekkur.
Tóftin er í gróinni hlíð sem hallar til suðvesturs. Þar vex gras, mosi og náttúrulegir paldar sjást.
Stekkurinn er 9x6 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er sunnar, er 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðri suðurhlið og er steinn þar nú. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, grasivaxnir og rétt






*Stekkur 026, horft til suðausturs.*

glittir í eitt umfar af grjóthleðslu. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er sigið og um 4x4 m að stærð. Austurendinn er raskaður en líklega var op þar. Veggirnir eru grónir en steinar sjást þó í austurvegg.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 9.

**ÁR-076:027** *Grenjahraunsrétt* tóft rétt 63°58.052N 20°43.034V
"Grenjahraunsrétt. Fjárrétt í Grenjahrauni, notuð haust og vor," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Réttin er 1 km norðaustan við bæ 001 og rúma 100 m austan við Þorsteinstóftir 077:010.

Réttin er í mosa- og lyngivöxnu hrauni. Grónir hraunhólar og -grýti er víða og grasivaxnar lautir inn á milli þeirra.






*Rétt 027, horft til NNV.*

Réttin er 20x12 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar, er 12x8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggjahæð er 0,6-1 m og sjást mest 4 umför af grjóthleðslum í þeim. Suðurhluti hólfsins er hlaðinn úr stóru mosa- og skófum vöxnu hraungrýti en sá nyrðri úr minna grjóti. Það bendir hugsanlega til tveggja byggingarstiga. Op er í suðvesturhorni og annað í norðvesturhorni, yfir í hólf 2. Tvö garðlög tengjast hólfinu. Annað þeirra liggur til suðurs og er rúmir 10 m að lengd. Hitt liggur til austurs eftir hraunhól og sést á rúmlega 5 m lögnum kafla. Hlutverk þeirra var að líkindum að auðvelda innrekstur í hólfið. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 10x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggjahæð er 0,7-1 m og grjótið er vaxið skófum og mosa. Það er smærra en í hólfi 1. Fimm umför grjóthleðslu sjást í veggjum. Op er á norðurvegg, úr hólfi 1 eins og áður var lýst. Hleðslubrot sést við norðausturhorn hólfsins, uppi á náttúrulegum hraunhól. Það liggur til norðausturs og sést á rúmlega 5 m löngum kafla. Öll þessi þrjú garðlög sem tengjast tóftinni eru grjóthlaðin og um 0,4 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 9.

**ÁR-076:028** tóft rétt 63 57.589N 20°42.534V






Tóft er 950 m austan við bæ 001 og tæpa 650 m SSV við Jónstóft 033. 15 m til vesturs frá henni er grasivaxið tún og liggur gaddavírsgirðing á milli.
Tóftin er í grónu hrauni.
Tóftin er 4x3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðinn upp við náttúrulegan klett sem myndar austurhlið hennar. Kletturinn er 1,5 m á hæð og hluti af grónum hraunhól. Veggjahæð er 0,6-1 m og sjást 4 umför af grjóthleðslu í þeim. Op er í norðausturhorni. Lag tóftarinnar og staðsetning bendir til að líklega sé um aðhald eða litla heimarétt að ræða.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-076:029** *Hestatangi* heimild 63°57.861N 20°43.451V
"Hestatangi. Gengur vestan úr Vaðhólma (sjá 058), vestur í Fen, þar voru hestar traðaðir um nætur á sumrin, til forna," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Tanginn er tæplega 500 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 550 m suðvestan við Grenjarétt 027. Lækur, Bugalækur, rennur fyrir sunnan og norðan tangann og sameinast aftur fyrir vestan hann. Ekki sést til mannvirkja á Hestatanga en hestaréttir gengu sumstaðar undir nafninu tröð.
Hestatangi er smáþýfður og grasivaxinn. Lækur rennur allt umhverfis hann nema til austurs. Hann er tæplega 100 m að lengd og líklega var girðing, hlaðið garðlag eða rétt á honum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 9.

**ÁR-076:030** *Hesthúsbrekka* örnefni hesthús 63°57.660N 20°43.733V
"Hesthúsbrekka. Vesturbrekkan sunnan við Hellratún," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Hesthúsbrekka er rúmum 110 m norðan við bæ 001 og 100 m norðan við hjall 003. Norðvesturendi holtsins sem bærinn er á

kallast Hesthúsbrekka. Nýlegt fjós er uppi á brekkubrúninni.
Brekkan er um 8 m há og hallar til norðurs. Hún er grasivaxin, stórþýfð og njóli vex þar víða. Ekki er vitað hvar hesthúsið var nákvæmlega.
Engin ummerki hesthúss sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 9.

**ÁR-076:031** tóft beitarhús 63°56.801N 20°45.458V
Tóft er í vesturenda Torfholts ytra. Það er tæpum 2 km suðvestan við bæ 001 og 1,4 km suðvestan við stekk 026. Um 50 m sunnan við tóftina er Þjóðvegur 1 og sést hún vel frá honum. Samkvæmt Þormóði Ólafssyni var tóftin beitarhús.
Beitarhúsin eru í brekku sem hallar til vesturs niður af um 6 m háu holti. Grasivaxið og stórþýft mólendi er niður af holtinu.
Beitarhúsin eru 14x7 m að stærð og snúa austur-vestur. Tóftin er einföld og opin til vesturs. Veggirnir eru alveg grónir og hvergi sést glitta í grjót. Veggjahæð er 0,7-1 m og þeir eru um 1 m á breidd. Flatt, grasivaxið svæði er framan við op beitarhúsanna en ekki mótar fyrir hleðslum þar nærri né eru þar merki um hlöðu. Ekki sést til annarra tófta í nágrenninu.






**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-076:032** *Hlaðbrunnur* heimild brunn 63°57.600N 20°43.762V
"Hlaðbrunnur. Gamall brunnur á vesturhlaðinu, nú aflagður," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Brunnurinn er sýndur á túnakorti frá 1918 og var um 10-15 m vestan við bæ 001. Þar sem brunnurinn var eru mörk grasivaxins svæðis og malarplans. Líklega var fyllt upp í brunninn eftir að hann féll úr notkun.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 9; Túnakort 1918

**ÁR-076:033** *Jónstóft* tóftir beitarhús 63°57.902N 20°42.243V
"Jónstóft. Gömul beitarhús á hraunhryggum vestan við Jónstóftardal," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Jónstóft er 1,3 km VSV við bæ 001 og rúma 400 m sunnan við Seldal 046. Jónstóft er við krossgötur og sjást þar m.a. leið 056, Lækjargötur 059 og Lautargötur 039.





*Tóft 033A horft til suðurs, tóft 033B horft til norðurs og tóft 033C horft til norðurs.*

Tóftirnar eru á grónum hraunhrygg, milli tveggja lægða. Hraungrýti og -klettar koma víða uppúr sverði.
Jónstóft er í raun þrjár tóftir á svæði sem er 60x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftirnar eru á 3 m háum hraunhrygg. Í lýsingu þessari var hverri þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er í miðju svæðisins. Hún er 16x14 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er sunnar og er 5x5 m að innanmáli. Veggirnir eru 1,5-2,5 m á hæð og sjást mest 10 umför af grjóthleðslu í þeim. Tveir grjóthlaðnir, grasivaxnir




garðar eru í hólfinu og eru þeir um 0,5 m á hæð. Tvennar dyr eru á suðurvegg, nálægt austur- og vesturhorni. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Gólf þess er niðurgrafið, um 1 m dýpra, og var það líklega hlaða. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1,6-2 m á hæð og 8 umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Tóft B er rúmum 30 m ANA við tóft A, uppi á hæsta hól hraunhryggjarins. Tóftin er 6x6 m að stærð, einföld og sigin. Austur- og vesturveggir hennar eru einungs varðveittir. Þeir eru alveg grónir, um 0,4 m á hæð og hvergi mótar fyrir grjóti. Op er ekki sjáanlegt en var líklega á suðurhlið. Tóft C er 20 m ANA við tóft A. Tóftin er einföld, um 8x6 m að stærð, snýr norður-suður og bárujárn verið í þakinu. Veggjahæðin er 1,2 m og sjást mest 4 umför af grjóthleðslu í þeim. Op er á miðri suðurhlið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 10.

**ÁR-076:034** gata leið 63°57.895N 20°42.242V



*Leið 034, horft til vesturs.*

Leið lá til norðausturs frá bæ 001, framhjá Jónstóft 033 og alla leið að Borgum 019. Leiðin er sýnd á korti í Jarðabók Skeiðahrepps og samkvæmt því náði hún enn lengra til norðurs og sameinaðist Hvítárgötum fremri 621:002. Sá hluti er ekki sjáanlegur á yfirborði.
Leiðin liggur í grónu hrauni. Hraungrýti og -klettar standa víða uppúr sverði.
Leiðin sést frá Bugalæk að vestan og liggur að Borgum 019 til austurs. Leiðin sést á um 1,5 km löngum kafla og hlykkjast ANA-VSV. Frá Bugalæk og að Jónstóft 033 sjást 3-5 grasivaxnar rásir. Þær eru um 0,2 m á dýpt og hlykkjast yfir gróið hraunið. Frá Jónstóft og að Borgum 019 er leiðin mun greinilegri og líklega verið rudd. Þar er hún um 1 m á breidd og sjást 1-2 rásir með mold í botninum. Leiðin lá allt frá bæ 001 en sá hluti er nú horfinn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Jarðabók Skeiðahrepps, 542

**ÁR-076:035** *Kóngsflöt* sögustaður tjaldstæði 63°57.574N 20°43.734V
"Kóngsflöt. Á Langhól (sjá síðar), þar tjaldaði Kristján IX þegar hann kom hér 1874," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Kóngflöt er 50 m suðvestan við bæ 001 og 40 m sunnan við kálgarð 006.
Á Langhól er nú malarplan þar sem rúllum er staflað upp og bílar geymdir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 11.

**ÁR-076:036** *Kúavarða* varða
"Kúavarða. Grjótvarða suðaustan til á Brúnastaðaflötum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Lýsing örnefnaskrár er of ónákvæm til að hægt hafi verið að staðsetja vörðuna eftir henni. Þormóður Ólafsson, heimildamaður, kannaðist ekki við vörðu á þessum slóðum og því reyndist ekki unnt að staðsetja hana.
Brúnastaðaflatir eru gróin sandur þar sem hraunklettar og -hólar koma upp úr sverði í landi Hjálmholts.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 11.

**ÁR-076:037** *Launfit* heimild lögn 63°58.547N 20°39.426V

"Launfit. Vallendisfit í hraunkrikanum þar sem Hvítá beygir vestur með Hestfjalli (þar er laxalátur)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Laxalátrið var tæpa 4 km austan við bæ 001 og 1,2 km norðvestan við Skollaþúfu 047.



*Launfit 037, horft til norðurs.*

Á þessum slóðum rennur Hvítá til vesturs en við suðurbakkann er rás og áin lygn þar. Litlar eyrar ganga til vesturs og austurs frá rásinni og mynda litla "skál."

Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 11.

**ÁR-076:038** *Lambhúshóll* heimild lambhús 63°57.734N 20°43.530V

"Norðurkot [043]. Tveir hólar nyrzt á Norðurtúni, annar hóllinn er einnig nefndur Lambhúshóll," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þormóður Ólafsson, heimildamaður, taldi líklegt að Lambhúshóll hefði verið nyrst í gamla heimatúninu, uppi á sama holti og bær 001 er á. Lambhúsið var 300 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 50 m vestan við Norðurkot 043. Hvergi mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum eða tóftum á þessu svæði.

Grasivaxið tún með klettabeltum er fyrir norðan bæ 001. Náttúrulegir hólar eru þar.

Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði og því líklega rutt út.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 12.

**ÁR-076:039** *Lautargötur* gata leið 63°57.748N 20°41.671V

"Lautargötur. Liggja frá Austurkoti [015] austur að Merkurlaut," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Göturnar sjást fyrir austan Austurkot 015 og liggja að grasivöxnu túni. Þar hverfa þær en koma aftur í ljós við norðausturhorn þess. Þar sést gatan hlykkjast austur-vestur, milli Bugalækjar til norðurs og gróinnar hraunbrúnar til suðurs, allt að tóftum 040.

Leiðin liggur í grónu og stórþýfðu mólendi meðfram Bugalæk.

Leiðin lá frá Austurkoti 015 að fjárhúsum 040. Hún var tæplega 2,8 km að lengd en vesturhlutar hennar eru horfnir, m.a. vegna túnasléttunar. Gatan sést vel á loftmynd og hlykkjast fyrir norðan Merkurlaut að mestu.

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 11.

**ÁR-076:040** *Mörk* tóftaþyrping sel 63°57.653N 20°40.006V

"Maurk. Forn eyðijörð, hefur í eyði legið framyfir allra þeirra minni, sem nú eru á lífi, eru menn ekki fullvissir um, hvert hún hafi þessari sveit [Villingaholtshrepppi] fylgt ellegar Skeiðum eður Hraungerðishrepp. Þykir þó líkast, ef hún skyldi þessum hrepp fylgja, að hér skyldi röð hennar falla milli Skálmholts [ÁR-001] og Skálmholtshrauns [ÁR-002]. Enginn veit hvörjir hér hafa kostir eður ókostir verið, en það ætla menn, að þrönglendi og ágángur nábúa hafi jörðina eyðilagt. Munnmæli almúgans segja því hafi valdið reimleiki," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708. „Sagt er, að Merkurhraun hafi nafn af bæ, er þar hafi





*Tóft 040A horft til norðurs, tóft 040B horft til norðausturs og tóft 040C horft til suðvesturs.*

verið og heitið Mörk. Gera munnmælin mikið úr landkostum þar. En sá er gallinn á, að enginn veit hvar þessi bær hefir verið. Líklega er það þó ekki tómur hugarburður, að bærinn hafi verið til. Að vísu má segja, að nafnið Merkurhraun komi af því, að hraunið hafi verið skógi vaxið. Og það hefir nú án efa verið. En orð Landn. »upp frá Mörk« sýna, að Mörk hefir heitið sérstakur staður á hrauninu. Og þau miða, meira að segja, við hann sem alkunnan. Liggur þar næst að ætla, að það hafi einmitt verið bær. Um það, hvar sá bær hafi verið, getur leikið á tvennu. Niður með Merkurlaut, góðum kipp fyrir neðan Axarhól [sjá 016], hafa lengi verið beitarhús frá Hjálmholti og eru þar rústir miklar og sumar fornlegar. Þar halda margir að Mörk hafi verið, og þá hefði legið beint við að kenna Merkurlaut við þann bæ.“ segir í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska Fornleifafélags frá 1905. "Mörk. Gamlar tættur, er talið hafa verið bær til forna. Nú alltaf nefnt Seltættur [...] Seltættur [...] Þar hafði Guðm. Þormóðsson sauðahús og selför eftir miðja nítjándu öld, þegar síðast var tvíbýli í Hjálmholti frá 1852-70. Tætturnar liggja á hæðarrana við Merkurlaut, þar sem gamli vegurinn [621:007) liggur suður yfir lautina," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þormóður Ólafsson taldi að Mörk væri á hraunhól við veg að malarnámu og er bærinn einnig sýndur á þeim slóðum á herforingjaráðskorti. Það bæjarstæði er í skrá þessari númer 023. Selið/býlið er tæpa 3 km norðaustan við bæ 001 og um 950 m ASA við Borgir 019.
Tóftirnar eru í grónu hrauni með hólum og dældum. Tóftir A-C eru sunnan til í gróinni hraunbrún, á náttúrulegum hólum.



*Tóft 033D, horft til vesturs.*




Á þessum stað eru fjórar tóftir, á svæði sem er 65x35 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft A er austust. Hún er 15x7 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er tvískipt. Hólf 1 er sunnar. Það er 8x4 m að innanmáli og opið til suðurs. Veggirnir eru 0,6 m á hæð, grónir og eitt umfar grjóthleðslu greinilegt. Það rétt sést glitta í hraungrýti í gegnum grasið. Hólfið er í aflíðandi halla til suðurs, niður hraunbrúnina. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er hringlaga, 5 m í þvermál. Grunnflötur þess er 1 m dýpri en í hólfi 1 og það var líklega hlaða. Í henni sést glitta í 3 umför af hraungrýtishleðslu í veggjum og eru þeir 1,4 m á hæð. Tóftin er sunnarlega á gróinni hraunbrún. Líklega var hólf 2 upphaflega fjárborg og hólf 1 byggt seinna við hana. Tóft B er 40 m vestan við tóft A. Hún er 7x5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á suðurvegg en hrunið hefur í innganginn. Veggir eru grónir, 0,6 m á hæð og víða glittir í grjót. Tóftin er framarlega á stórþýfðri hraunbrún. Tóft C er 5 m vestan við tóft B. Hún er 16x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er um 9x4 m að innanmáli og op er á því í suðvesturhorni. Veggirnir eru 1 m á hæð og alveg grónir. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er líklega hlaða, gólfið er 0,4 m dýpra en á hólfi 1. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og víða glittir í hraungrýti án þess að skýrar hleðslur sjáist. Tóft D er 20 m norðan við tóft C. Hún er 16x12 m að stærð og snýr norður-suður. Hún var líklega rétt tilheyrnandi selinu/beitarhúsunum. Tóftin er stórþýfð, mosavaxin og ógreinileg. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð, þýfðir og mosavaxnir. Ekki sést glitta í grjót né inngang. Norður- og suðurhliðar eru verr varðveittar en hinar. Ekki er útilokað að fleiri tóftir séu leynist á þessum slóðum, víða mótar fyrir beinum línum í stórþýfðri hraunbrúninni og sléttum flötum. Allar þessar tóftir eru líklega samtíða og ekki af bænum Mörk heldur beitarhúsum/seli frá 19. öld.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 180, Ö-Hraungerðishreppur, 11-12; AHÍF 1905, 29

**ÁR-076:041** *Vesturtraðir* heimild traðir 63°57.591N 20°43.741V
Á túnakort frá 1918 eru sýnd heimreið til VSV frá kálgörðum 004 og 006. Hún var nefnd Vesturtraðir en í örnefnalýsingu Hraungerðishrepps segir: "Brunnhóll. Hólrani vestan á framtúni, milli Vesturtraða og Orustudals [045],". Heimreiðin er ekki í beinu framhaldi af Austurtröðum 008 og fær sérstakt númer í skrá þessari.
Heimreiðin lá þar sem bakgarður íbúðarhúss frá 1975 er nú en einnig þar sem eru afgirt tún, nýtt til hrossabeitar. Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Hraungerðishreppur, 8

**ÁR-076:042** heimild bústað 63°57.602N 20°43.713V

Hús, byggt árið 1889, var 5 m norðvestan við bæ 001. Húsið var rifið skömmu eftir árið 2000. Það skemmdist mikið á jarðskjálftanum það ár. Ekki var kjallari á húsinu né vitað hvort að mannvistarleifar komu í ljós við byggingu þess.
Malarplan þar sem búvélar eru m.a. geymdar eru nú þar sem húsið var.
Engin ummerki hússins sjást á yfirborði. Húsið sést á mynd í Sunnlenskum byggðum II og var tvílyft timburhús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 12; SB II, 483

**ÁR-076:043** *Norðurkot* heimild býli 63°57.738N 20°43.485V

"Norðurkot. Tveir hólar nyrzt á Norðurtúni, annar hóllinn er einnig nefndur Lambhúshóll [038]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Norðurkot var en líklega var það rúma 300 m norðaustan við bæ 001 og 120 m sunnan við Hestatanga 029. Ekki sjást lengur hólar nyrst á Norðurtúni og þeir líklega sléttaðir.
Grasivaxið tún með lágum klettahryggjum er þar sem Norðurkot var.
Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði og það líklega horfið vegna sléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 12.

**ÁR-076:044** *Nýhús* heimild

"Nýhús. Gamlar hústættur frá Bitru [ÁR-078], sem höfðu verið byggð í Hjálmholtslandi í Seljadalahrauni, móts við Bjarnabrú [018]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ekki er lengur vitað hvar Nýhús stóðu. Samkvæmt Þormóði Ólafssyni var húsið líklega sunnan við Bjarnabrú, nærri landamerkjum Bitru, á móts við Seljadali 078:023. Á þessum slóðum sást ekki til tófta og ekki reyndist unnt að staðsetja það nákvæmlega.
Gróið hraun er þar sem Nýhús voru.
Engin ummerki Nýhúss sjást á yfirborði.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 12.

**ÁR-076:045** *Orustudalur* sögustaður 63°57.599N 20°43.799V

"Orustudalur. Laut vestan við framtúnið upp með Brunnhól. [sjá 020] Þar var barist til landa í Hjálmholti eftir munnmælasögn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Orustudalur er tæpum 80 m vestan við bæ 001. Lautin er meðfram brattri brekku til vesturs niður af náttúrulegu holti.
Orusturdalur er á milli bæjarholtsins að austan og skurðar að vestan. Grasivaxið og slétt tún er vestan hans.
Í raun er ekki um eiginlegan dal að ræða, heldur grunna laut. Hún er illgreinanleg, grasivaxin og þýfð. Lautinni var raskað með skurði sem liggur þvert í gegnum hana. Skrásetjara tókst ekki að finna aðrar heimildir um þann bardaga sem átti hér stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 12.

**ÁR-076:046** *Seldalur* tóftir sel 63°58.108N 20°42.010V



*Tóft 046A horft til austurs, tóft 046B horft til norðvesturs og tóft 046C horft til norðurs.*




"Seldalur. (Djúpur dalur en lítill um sig.). Liggur milli Jónstóftardals [033] og Hvítár, þar eru gamlar húsatættur, þar hafði Ólafur Þormóðsson síðast í seli eftir miðja nítjándu öld," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Seldalur er nokkuð stór laut í annars grónu hrauni. Þar eru 3 tóftir á stórþýfðum hól nánast í miðri lautinni. Hóllinn er um 2,5 m á hæð. Selið er tæpa 450 m norðan við Jónstóft 033 og 1,7 km NNA við bæ 001. Rúmum 10 m vestan við selið er blaut mýrardæl.
Seldalur er í grónu hrauni. Þar standa hraungrýti og -hólar víða uppúr sverði enda lítill jarðvegur. Grasivaxnar og stórþýfðar lautir eru í hrauninu.
Þrjár tóftir eru í selinu, á svæði sem er um 20x15 m stórt og snýr austur-vestur. Var hverri tóft gefin bókstafur í lýsingunni hér á eftir til aðgreiningar. Tóftirnar eru á sama hólnum, á nokkurs konar stöllum. Tóft A er austust. Hún er 9x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og grasivaxnir. Það sést glitta í gjót á stöku stað án þess að um skýra hleðslu sé að ræða. Engin skýr inngangur sést á tóftinni. Tóftin skiptist líklega í tvö hólf, fyrir vestan hana er þýfður bakki og lögun hans bendir til mannvirkis. Tóft B er 10 m vestan við tóft A, á lægri "stalli" í suðvesturenda hólsins. Tóftin er 4x4 m að stærð, einföld og algróin. Op er á suðurhlið og veggirnir um 0,4 m á hæð. Tóft C er rúmum 10 m norðan við tóft A, efst á hólnum. Hún er ógreinileg, er einföld og einungis mótar fyrir langveggjum hennar. Tóftin er 10x5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, grasivaxnir og þýfðir. Ekki er skýrt hvar gengið var inn í tóftina.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 12.

**ÁR-076:047** *Skollaþúfa* varða landamerki 63°58.203N 20°38.191V



*Skollaþúfa 047, horft til norðurs.*

"Skollaþúfa. Liggur á Merkurhrauni suðaustanverðu og er hornmark milli: Árhrauns [ÁR-250] , Ólafsvalla [ÁR-251], Kílhrauns [ÁR-246], Skálmholts [ÁR-001] og Hjálmholts," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Skollaþúfa er 4,6 km austan við bæ 001 og 1,2 km ASA við Launfit 037. Sumarbústaðahverfið Merkurlaut er fyrir sunnan Skollaþúfu en á henni er vörðubrot.
Varðan er í grónu hrauni.
Skollaþúfa er á uppgrónum hraunhól eða -klett. Þar sést móta fyrir vörðubroti, algrónu. Varðan er um 0,5 m á hæð og svipuð á breidd.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 13.

**ÁR-076:048** *Suðurkot* þúst býli 63°57.479N 20°43.828V
"Suðurkot. Gamalt bæjarstæði, syðst í heimatúni," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Suðurkot var 250 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 50 m suðvestan við Kóngsflöt 035. Um 15 m til austurs er um 6 m há, brött brekka niður af bæjarholtinu.
Slétt, grasivaxið tún er nú syðst í gamla heimatúninu.
Sunnarlega á holtinu er grasivaxin þúst, 20x10 m að stærð og 0,4 m á hæð. Það eru líklega síðustu leifar býlisins sem er horfið vegna sléttunar að öðru leyti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 13.

**ÁR-076:049** tóft 63°57.842N 20°39.166V

Tóft er 3,7 km austan við bæ 001 og tæpa 400 m suðvestan við Axarhól 016. Tóftin er á grónum hól, norðan við Merkurlaut, nærri landamerkjum við Skálmholt ÁR-001. Tóftin er mitt á milli malarnámu til vesturs og sumarbústaðahverfis sem dregur nafni sitt af Merkurlaut, til austurs.



*Beitarhús 049, horft til ANA.*




Tóftin er á grónum hól í stórþýfðu mólendi.

Tóftin er 18x10 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Öll tóftin er mosavaxin, sigin og algróin. Hólf 1 er austast. Það er 8x1,5 m að innanmáli og opið til suðurs. Veggirnir eru útflattir og breiðir. Þeir eru 0,5 m á hæð og 2,5 m á breidd. Hvergi sést glitta í grjóthleðslu í þeim. Hólf 2 er verstan við hólf 1. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er líklega opið í suðausturshorni en það er óskýrt. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og stórþýfðir. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er 3x3 m að innanmáli og hvergi mótar fyrir opi. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og stórþýfðir. Miðað við staðsetningu og lag tóftarinnar er hér um beitarhús að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-076:050** *Suðurkotsstekkur* heimild stekk 63°57.250N 20°44.763V

"Suðurkotsstekkur. Liggur við vesturenda flóðgarðs [022] sunnan Framkeldu (þar er gamalt tóftarbrot)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Suðurkotsstekkur er horfinn. Hann var jafnaður við jörðu en þar sást að sögn Þormóðs Ólafssonar, lengi grænn hóll með tóftarbroti í. Sá hóll er nú einnig horfinn í órækt. Stekkurinn var rúman 1 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 900 suðvestan við Suðurkot 048.

Þar sem stekkurinn var er stórþýfður mói með blautum mýrardælum og kjarrgróðri.

Engin ummerki Suðurkotsstekks sjást á yfirborði.

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 13.

**ÁR-076:051** heimild útihús 63°57.654N 20°43.740V

Samkvæmt Þormóði Ólafssyni, heimildamanni var hellir, sem líklega var notaður sem útihús, norðan bæ 001, í brekkunni NNV við núverandi fjós. Ekki er lengur vitað hvar hellirinn var nákvæmlega og ekki sjást merki hans lengur. Örnefnið Hellratún á þessum slóðum gæti hins vegar gefið vísbendingu. Túnið er uppi á bæjarholtinu, til norðausturs frá fjósinu. Hellirinn var eflaust rétt norðan við svokallaða Hesthúsbrekku 030 eða rúmlega 100 m norðan við bæ 001.

Brekkan er 8 m há og brött til norðurs. Hún er grasivaxin, stórþýfð og njóli vex þar víða. Ekki sjást ummerki um samfallinn helli á þessum slóðum og gæti því mögulega verið fyllt upp í hann.

Engin ummerki hellis sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-076:052** *Torfdalur* örnefni rista 63°57.643N 20°43.020V

"Torfdalur. Liggur í heiðinni austan við Austur-Kot [015]. Einnig nefndur Stöðuldalur (053]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Torfdalur er um 550 m austan við bæ 001 og rúma 400 m vestan við tóft 028.

Torfdalur er í grónu hrauni.

Fyrir austan Austurkot 015 er gróið hraun með blautri mýrardæl þar sem torf hefur líklega verið rist. Engin ummerki sjást um ristuna lengur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 13.



*Torfdalur 052, horft til norðvesturs.*

**ÁR-076:053** *Stöðull* heimild kvíar 63°57.623N 20°43.048V

"Torfdalur [052]. Liggur í heiðinni austan við Austur-Kot [015]. Einnig nefndur Stöðuldalur," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í örnefnaskrá Hjálmholts segir: "...þá Heiðin, Kotavik, Stöðuldalur og Stöðull." Kvíarnar voru rúma 550 m austan við bæ 001 og rúma 450 m suðaustan við Hestatanga 029. Ekki er vitað hvar kvíarnar voru nákvæmlega og ekki sést til tófta á þessum slóðum. Af þeim sökum er líklegt að þetta hafi verið færikvíar.
Torfdalur/Stöðuldalur er í grónu hrauni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 13; Ö-Hjálmholt, 1.

**ÁR-076:054** *Torfdælar* heimild ristu 63°57.209N 20°44.657V



*Torfdælar 054, horft til vesturs.*

"Garðdælur. (Sjá Torfdælar) Fengu nafn af flóðgarði [022], sem hlaðinn var sunnan við þær (þar var áður skorið torf)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Torfdælar eru rúmum 1 km suðvestan við bæ 001 og 350 m suðvestan við stekk 026. Á þessu svæði eru talsverðar mýradælar og líklegt að torf hafi verið skorið víða. Svæðið er stórþýft en sléttir flákar eru inn á milli.
Stórþýfður mói með blautum mýrartjörnum og kjarrgróðri.
Engin skýr ummerki ristunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 9.

**ÁR-076:055** *Torfholt* náma rista 63°56.933N 20°44.951V

"Torfholt. Ytra og eystra. Liggja frá norðaustri til suðvesturs austan frá Rotaugadæl suður í Mótanga," segir í



*Mógrafir 055, horft til NNA.*

örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Torfholtin snúa suðvestur-norðaustur og ná yfir um 800x350 m stórt svæði. Þau eru um 10 m há og klettabelti ofarlega í þeim. Bæði holtin eru náttúruleg, einungis um 20 m langt skarð skilur þau að. Fyrir vestan holtin eru mógrafir 039:014, í landi Hraungerðis. Samkvæmt Þormóði Ólafssyni, heimildamanni, var torf líklega einnig tekið austan og vestan við holtin. Fyrir suðaustan holtin, á móts við skarðið sem skilur þau að eru greinilegar mógrafir.
Mógrafirnar eru milli gaddavírsgirðingar að vestan og lækjar sem kallast Mókelda að austan. Lækurinn er á merkjum Bitru. Þar er grasivaxið stórþýfi.
Fast suðaustan við Torfholtin (sjá einnig 039:014) eru mógrafir. Svæðið er 45x25 m að stærð og snýr norður-suður. Þar eru rúmlega 20 mógrafir sem sjást greinilega og renna ekkert saman. Þær eru misjafnar að stærð og lögun en ekki virðist hafa verið fyllt upp í þær. Minnstu mógrafirnar eru 2x5 m að stærð meðan þær stærri eru 5x10 m. Þær frá 0,4-1,5 m að dýpt, rakar og grasivaxnar
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 13.

**ÁR-076:056** gata leið 63°57.852N 20°42.191V



Frá krossgötum við Jónstóft 033 liggur gata til suðurs, í átt að Bjarnabrú 018. Gatan hverfur rétt norðan við Bugalæk í stórþýft mólendi.
Gata liggur í grónu hrauni. Hraungrýti og -klettar stinga sér víða uppúr sverði.
Gatan sést á rúmlega 400 m löngum kafla til suðurs frá Jónstóft 033 og hverfur svo í þýfðan móa, skammt norðan við Bjarnabrú 018. Gatan hlykkjast norður-suður, það sjást 1-2 umför sem eru grasivaxin. Ekki er vitað hvert leiðin lá.
**Hættumat:** engin hætta



*Leið 056, horft til NNV.*

**ÁR-076:057** *Lækjargötur* gata leið 63°57.868N 20°41.878V

Í Jarðabók Skeiðahrepps segir: " Hliðarvegur af hraunvegi (621:007) og að Hvítá. Götur liggja áfram ofan við Fyllarlækinn [Merkurlæk] frá vaðinu - síðar brúnni [076:024] á Merkurlautinni og að Hvítá. Þar er land gróið og grösugt meðfram læknum og göturnar djúpar og auðraktar. Göturnar liggja fyrst til suðvesturs og vesturs framh[j]á Ófæruflóði og síðan á Hvítárgötur fremri [621:002] við Hvítá. Sagt er, að bændur í Hraungerðishreppi vestanverðum hafi rekið fé sitt á fjall þessa leið á vorin og heim á haustin úr réttum, en þetta hefur verið góð rekstrarleið, slétt lengst af og góður hagi með læknum. Þar hefur líka verið besta reiðleiðin til bæja í Flóa og að Laugardælum [ÁR-059]." Leiðin liggur sem fyrr segir frá brú 024, sunnan við Merkurlaut og að Jónstóft 033. Á kossgötum þar greinist gatan í tvennt, en báðar þær götur sameinast aftur Hvítárgötum fremri 621:002. Um 300 m eru á milli gatnanna.



*Leið 057, horft til vesturs.*

Gatan liggur í grónu hrauni. Hraungrýti og -klettar stinga sér víða uppúr sverði.

Gatan er um 2,5 km löng og sést á köflum allt að Hvítá. Fyrir norðan Jónstóft 033 eru göturnar um 4 m breidd og sjást 5 rásir. Mold er í botni þeirra og þær um 0,2 m djúpar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Jarðabók Skeiðahrepps, 562-563

**ÁR-076:058** *Vöð* heimild vað 63°57.829N 20°43.139V

"Vöð. Liggja þar sem Bugalækur kemur í Fen, þar skiptist lækurinn í tvennt og myndar Vaðhólmann," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Á þessum slóðum er hólmi í læknum, malavegur er þar rétt austar. Hægt er að fara yfir lækinn á nokkrum stöðum þar sem hann er grynnstur en engar götur sjást lengur á þessum slóðum. Vöð eru rúma 600 m NNA við bæ 001 og rúma 350 m NNV við Torfdal 052.

Þýft mólendi með grunnum jarðvegi er á þessum slóðum. Lækurinn rennur í hlykkjum til vesturs og myndar hólma.

Engin ummerki vaðs né gatna sjást lengur á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 14.

**ÁR-076:059** *Vondur* heimild brunn 63°57.669N 20°43.714V

"Vondur. Gamall brunnur, liggur vestan undir Hellratúni," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Brunnurinn var líklega 130 m norðan við bæ 001 og 30 m austan við Hesthúsbrekku 030. Þormóður Ólafsson, heimildamaður, kannaðist ekki við brunninn og hafði ekki heyrt að vatn hefði verið tekið annars staðar en nærri Brunnhól (sjá 020 og 032). Vel má vera að brunnurinn hafi ekki verið í notkun lengi eða að hann hafi aldrei nýst sem skyldi, a.m.k. virðist nafnið gefa eitthvað slíkt til kynna.

Grasivaxið og stórþýft svæði er umhverfis vegslóða sem liggur til vesturs út á grasivaxið tún.

Engin ummerki brunns sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 14.

**ÁR-076:060** *Þvottapyttur* heimild þvottalaug 63°57.567N 20°43.919V

"Þvottapyttur. Liggur skammt fyrir vestan Neðribrunn [020], þar er þvegin ull o. fl.," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þormóður Ólafsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið en taldi þó líklegt hann hefði verið einhver þeirra blautu mýrardæla sem voru vestan við bæ 001. Svæðið hefur allt verið ræst fram og flestar dælarnar þurrkaðar upp. Þvottapyttur var líklegast um 200 m vestan við bæ 00 og 180 m VNV við Suðurkot 048.

Stórþýft mólendi er á þessum slóðum.

Engin ummerki Þvottapytts sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 14.

**ÁR-076:061** gata leið 63°57.785N 20°40.619V



*Leið 061, horft til austurs.*

Gata liggur frá krossgötum við Jónstóft 033, þvert í gegnum land Hjálmholts og að Árhrauni ÁR-250 í Skeiðahreppi.
Vesturhluti leiðarinnar er í grónu mólendi en austurhluti liggur um gróið hraun.
Gatan liggur til ANA frá Jónstóft 033, sveigir síðan til ASA, fer norðan við sel 040 og þvert gegnum Merkurhraun yfir í Skeiðahrepp. Hún er rúmlega 3,5 km löng, 1-2 m á breidd og hefur líklega verið rudd. Ekki er vitað hvenær það var gert. Að sögn Þormóðs Ólafssonar, heimildamanns, var vesturhluti leiðarinnar stikaður fyrir almenning fyrir einhverjum árum.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-076:062** náma mógrafir 63°57.469N 20°43.563V
Við yfirferð loftmynda sáust mógrafir rúmum 250 m SSA við bæ 001 og tæpum 220 m SSV við aftökustað 013. Mógrafirnar eru í mýri, Austurmýri, sem liggur sunnan við holtið sem bærinn er á og nær allt að landamerkjum Bitru ÁR-078.
Í landi Hjálmholts er stórþýfð mýri þar sem mógrafirnar eru. Inn á milli eru blautir flákar.
Mótekjusvæðið er 250x190 m að stærð og snýr NNA-SSV. Syðsti hluti þess fer yfir í land Bitru en vélgrafin skurður á landamerkjum liggur einn þar yfir. Mikill fjöldi mógrafa er á svæðinu, á loftmynd má að minnsta kosti greina 50-60 stakar grafir. Ekki er hægt að leggja mat á ástand mógrafanna þar sem þær voru ekki skoðaðar á vettvangi.
**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-077 Vesturkot

1847, hjáleiga frá Hjálmholti. JJ, 58.
1981:"Hjálmholtskot þar bjuggu 1891-1914 Guðmundur Jónsson og Guðlaug Jónsdóttir, en Jón Eiríksson og Kristín Jónsdóttir 1914-1916." SB II, 483. Bærinn fór í eyði 1918.
1918: "Tún: 3.932ha. girt í sambandi við engjar, ca 75% sljett. Matjurtagarðar 9,75 arar." Túnakort 1918.



**ÁR-077:001** *Vesturkot* bæjarhóll bústaður 63°57.736N 20°43.992V



*Bæjarhóll 001, horft til VSV.*

Bæjarstæði Vesturkots (Hjálmholtskots) er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 350 m norðvestur af bæ í Hjálmholti 076:001 Fimm hús eru merkt á bæjarstæðinu á kortinu. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Vesturkot fór í eyði 1918 en síðustu húsin á bæjarhólnum voru rifin árið 1990. Þá voru þar fjárhús. Bærinn var á náttúrulegu holti, um 2,5 m háu, sem er í miðju grasivöxnu og sléttu túni. Hvergi sér til upphækkaðra mannvistarlaga, enda sléttað yfir bæjarhólinn. Þó eru dældir á holtinu sem mannvist gæti leynst undir. Bæjarhóllinn er í túni sem nýtt er frá Hjálmholti til sláttar og kúabeitar.
Slétt, grasivaxið og náttúrulegt holt er þar sem bærinn var áður.
Engin ummerki bæjarhóls sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-077:002** heimild kálgarð 63°57.728N 20°43.984V
Kálgarður er merktur fast SSA við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var í halla til suðausturs, niður af holtinu sem bærinn var á. Þar er nú slétt, grasivaxin brekka vaxin fíflum.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-077:003** heimild kálgarð 63°57.733N 20°44.007V
Kálgarður er merktur fast vestan við bæ 001 á túnakort frá 1918. Hann er ekki sýndur á bæjarteikningum dönsku landmælingamannanna og hefur því líklega verið gerður á tímabilinu 1906-1918. Kálgarðurinn var í vesturenda slétts og grasivaxins holts.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-077:004** heimild útihús 63°57.728N 20°44.011V
Útihús var 20 m suðvestan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1918. Það er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og líklega ekki í notkun þá. Útihúsið var í halla til vesturs niður af holtinu.
Grasivaxið tún er þar sem útihúsið var áður.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-077:005** heimild útihús 63°57.768N 20°44.092V
Útihús var rúma 130 m VNV við bæ 001 og 50 m suðvestan við útihús 007 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Öll ummerki útihússins eru horfin, líklega vegna túnasléttunar.
Slétt grasivaxið tún er þar sem útihúsið var áður.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-077:006** heimild útihús 63°57.788N 20°44.059V
Útihús var 180 m norðvestan við bæ 001 og 10 m norðvestan við útihús 007 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Útihúsið var 5 m norðan við túngarð 011, utan heimatúnsins.
Slétt grasivaxið tún er þar sem útihúsið var áður.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-077:007** heimild útihús 63°57.786N 20°44.059V

Útihús var 150 m NNV við bæ 001 og 10 m austan við útihús 008 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er ekki á túnakorti frá 1918 og var líklega fallið úr notkun þá.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var áður.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-077:008** heimild útihús 63°57.785N 20°44.062V

Útihús var 140 m norðaustan við bæ 001 og um 10 m sunnan við útihús 007, samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var áður.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirboði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-077:009** *Kotsstekkur* tóftir stekkur 63°58.031N 20°43.749V




*Stekkur 009A horft til ANA og rétt 009B til vesturs.*

"Kotsstekkur. Réttarbrot og kofatóft norðan við Drag. Notað sem stekkur frá Vesturkoti," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Kotsstekkur er tæpa 600 m NNA við bæ 001 og rúmum 450 m vestan við Þorsteinstóftir 010.
Stekkurinn er í grónu hrauni þar sem klettar og hraungrýti stinga sér víða upp úr sverði. Dældir og sléttar, grasivaxnar flatir eru í hrauninu.




Tvær tóftir eru á þessum stað, á svæði sem er 50x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Var þeim báðum gefin bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar. Tóft A er austar og er líklega fyrrnefnd kofatóft. Hún er 10x6 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er á 1,5-2 m háum, grónum hól og líklegt að uppsöfnuð mannvistarlög séu þar undir sverði. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og grónir. Það glittir víða í grjót. Op er á suðausturvegg. Rétt B er 40 m fyrir vestan tóft A. Hún er grjóthlaðin, milli tveggja hraunhóla. Hún er 13x12 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er austar. Það er 9x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og sjást mest 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Op er í norðvesturhorni, yfir í hólf 2 sem er vestar. Það er 7x7 m að innanmáli og veggirnir 0,5 m á hæð. Mest sjást 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Op er á hólfið í norðvesturhorni og garðlag gengur þar til NNV, líklega til að auðvelda innrekstur fjár.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 10.

**ÁR-077:010** *Þorsteinstóft* tóftir beitarhús 63°58.045N 20°43.168V

"Þorsteinstóft. Gamlar sauðahúsatættur frá Vesturkoti liggja sunnan við Grenjahraun," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þorsteinstóft er 900 m norðvestan við bæ 001 og 100 m vestan við Grenjarétt 076:027. Þar



*Tóft 010 A horft til norðvesturs, tóft 010B til norðvesturs og tóft 010C til vesturs.*

eru þrjár tóftir í gróinni laut, í uppgrónu hrauni.

Tóftirnar eru í uppgrónu hrauni. Þar eru grónir hraunhólar, klettar og hraungrýti. Inn á milli eru grasivaxnar lautir.




Þrjár tóftir eru svæði sem er 40x30 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft A er syðst. Hún er á 0,5 m háum, grónum hól. Tóftin er 12x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er einföld. Veggjahæð er 1,3-1,6 m á hæð og sjást 5 umför af hraungrýtishleðslum í þeim. Hlaðnir garðar eru meðfram langveggjum tóftarinnar. Op eru á miðjum suðvesturvegg en grjóthrun er í þeim. Tóft B er 25 m fyrir norðvestan tóft A. Hún er 7x5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggjahæð er 1 m og 4 umför af hraungrýtishleðslum sjást í þeim. Hlaðnir garðar eru meðfram langveggjum tóftarinnar og op á miðri suðurhlið. Tóft C er 2 m norðvestan við tóft A, á sama hól. Tóftirnar eru ekki sambyggðar en líklega í notkun á sama tíma, varðveisla og ástand þeirra er áþekkt. Tóftin er 6x4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er einföld. Hún er niðurgrafin að suðaustan, inn í fyrrnefndan hól. Veggirnir eru 2 m á hæð og sjást 8 umför af grjóthleðslu í þeim. Op er á miðri norðvesturshlið og var tóftin líklega hlaða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 14.

**ÁR-077:011** garðlag túngarður 63°57.824N 20°43.732V



*Túngarður 011, horft til austurs.*

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merktur túngarður sem markað hefur af norðurhlið gamla heimatúnsins. Túngarðurinn sést enn að hluta norðan og norðaustan við bæ 001 en nær lengra til austurs en sýnt er á bæjarteikningunni. Fyrir norðvestan túngarðinn eru þýfðir bakkar, að öllum líkindum eftir jarðrask. Sambyggt hólf er í austurenda hans.

Túngarðurinn liggur í grónu, þýfðu svæði innan afmarkaðs túns.

Túngarðurinn er 130 m langur og snýr austur-vestur. Hann er 0,2-1 m á hæð, og 1,5-2 m á breidd. Túngarðurinn er grasivaxinn á köflum en víða glittir í hraungrýti. Einnig sjást grjóthleðslur á stöku stað og var túngarðurinn líklega upprunalega alveg grjóthlaðinn en nú gróið yfir veggina á köflum. Hólfið er byggt við túngarðinn rúmum 250 m norðaustan við bæ 001. Það snýr austur-vestur, er 26x6 m að stærð og opið til austurs. Hólfið var utan heimatúnsins og hlið á túngarðinum sjálfum þar rétt austar.

**Hættumat:** hætta vegna ræktunar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna, 1906

## ÁR-078 Bitra

1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. JÁM II,146-147 . 1847, 17 2/3 hdr., bændaeign. JJ, 58. Búskap var hætt á jörðinni milli 1980-1990 og er þar rekið fangelsi.

1708:"Fóðrast kann iiii kýr, ii úngneyti, xii ær, x lömb, iii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga lítt nýtandi og í sama máta Móskurður til eldiviðar. Skógur til kolgjörðar í almenníngi ut supra. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina til stórskaða og eyðileggíngar so þar fyrir er þess mikill hluti graslaus orðinn og kominn í flag. Hætt er kvikfje fyrir hraungjám, holgryfjulækjum og torfgröfum gömlum til stórmeina. Vatnsból erfitt á vetur fyrir fannlögum. Ekki er óhætt húsum og heyum fyrir óviðrum." JÁM II, 147.

1918: "Tún: 4.31 ha. ... I 0.26 + II 0.30 ha. 4.87 ha ógirt en 70% sljett. Matjurtagarðar 9.20 arar" Túnakort 1918.




Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

**ÁR-078:001** *Bitra* bæjarhóll bústaður 63°57.176N 20°43.726V



*Bæjarhóll 001, horft til norðausturs.*

Sex hús eru merkt á bæjarhól Bitru á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Miðað við bæjarteikninguna var bærinn sunnan við íbúðarhús sem byggt var 1942. Það hús var rifið og núverandi hús, sem er fangelsi, var byggt um 1980 nokkuð suðvestar. Í Sunnlenskum byggðum II er ljósmynd af húsinu sem byggt var 1942. Bæjarhóllinn var því sem næst á miðju, náttúrulegu holti sem er tæplega 10 m á hæð. Þar er nú stafli af trjágreinum. Ekki sér til uppsafnaðra mannvistarlaga, svæðið hefur verið sléttað og nánasta umhverfi mikið raskað. Ekki er útilokað að mannvistarlög leynist hér undir sverði.
Engin ummerki bæjarhóls sjást lengur.
**Hættumat:**hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-078:002** gerði kálgarður 63°57.168N 20°43.719V



*Kálgarður 002, horft til vesturs.*



Kálgarður er merktur fast sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Einungis traðir 004 voru á milli bæjarins 001 og kálgarðsins. Trjám hefur verið plantað fyrir austan og norðan kálgarðinn.
Kálgarðurinn er á sléttu, grasivöxnu svæði í aflíðandi halla til suðurs niður af náttúrulegu holti.
Kálgarðurinn er 16x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Vesturhluti hans er horfinn, líklega vegna sléttunar eða rasks tengdum framkvæmdum. Veggir kálgarðsins eru 0,4 m á hæð og grasivaxnir. Hvergi sést glitta í grjót í þeim.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-078:003** heimild kálgarð 63°57.160N 20°43.721V
Kálgarður er merktur fast við norðvesturhorn bæjar 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Jón Kjartansson, heimildamaður, man eftir kálgarðshleðslu sem fór undir fjós sem byggð voru í tengslum við íbúðarhús frá 1942. Fjósið sést á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum II. Gámur, nýttur sem geymsla, er nú þar sem kálgarðurinn var. Kálgarðurinn er ekki merktur á túnakort frá 1918 og líklega fallinn úr notkun þá.
Þar sem kálgarðurinn var er malarplan og grasivaxið svæði.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-078:004** vegur traðir 63°57.159N 20°43.652V



*Traðir 004, horft til norðurs og suðurs.*

Traðir eru merktar að bæ 001 úr norðaustri og áfram til suðvesturs á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Jón Kjartansson, heimildamaður, telur að austurhluti traðanna, sem lá frá bæ 001, hafi náð allt að Bitrutjörn til austurs. Sá hluti sést enn en sá vestari er horfinn. Núverandi malarvegur að Bitru liggur yfir suðvesturhluta traðanna.
Traðirnar liggja til austurs, niður gróið holt.
Traðirnar voru samtals um 330 m langar og lágu austur-vestur, þvert yfir holtið sem bær 001 er á. Austurhluti traðanna er enn varðveittur og sjást þær á 50 m löngum kafla. Til norðurs eru traðirnar hlaðnar inn í holtið og sést

hleðslan enn þó hún sé nokkuð sigin. Hún er 0,8 m á hæð og óljós vegna gróðurs. Mest sjást 3 umför af grjóthleðslu í tröðunum sem eru 3 m breiðar. Suðurhlið traðanna var einnig hlaðin en sú hlið er röskuð. Þar er nú gaddavírsgirðing.Traðirnar voru upphlaðnar en sú hleðsla nú horfinn og liggur bílslóði nú á þessum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-078:005** hleðsla útihús 63°57.161N 20°43.662V

Útihús var 40 m austan við bæ 001 og 50 m austan við kálgarð 003 samkvæmt túnakorti frá 1918. Stór helluhrúga er nú (september 2010) yfir tóftinni að mestu og línustaur 20 m til norðvesturs. Traðir 004 liggja fast fyrir sunnan útihúsið og norðurveggur þeirra líklega sameiginlegur með vegg útihússins. Útihúsið er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og líklega byggt eftir að það er gert.






*Útihús 005, horft til norðvesturs.*

Útihúsið er á grasivöxnu, sléttu svæði sem er rakað vegna framkvæmda.
Hleðslubrot er á þeim slóðum sem útihúsið var og er það líklega hluti af norðurhlið þess. Hleðslan er 3x1 m að lengd og 0,5 m á hæð. Hleðslan snýr norður-suður og sést eitt umfar af hraungrýti í henni. 5 m austan við hleðsluna mótar fyrir annarri grjóthleðslu og upphækkun til norðurs frá henni. Þar mynda nokkrir steinar horn austurveggjar og útihúsið því verið um 5x4 m að stærð hið minnsta.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-078:006** hleðsla vörslugarður 63°57.133N 20°43.607V

Tvö garðlög eru í mýri fyrir suðaustan bæ 001, fyrir neðan holtið sem bærinn er á. Annað þeirra liggur þvert yfir mýrina og upp gróna hraunbrún en hitt eftir mýrinni endilangri, til austurs frá hinu garðlaginu.
Garðlögin liggja í sléttri, votri mýri milli náttúrulegs holts og gróinnar hraunbrúnar. Mýrin er grasivaxin.
Garðlögin tvö eru á svæði sem er 80x45 m stórt og snýr suðaustur-norðvestur. Hvoru um sig var gefinn bókstafur til aðgreiningar. Garðlag A er 45 m að lengd og snýr suðaustur-norðvestur. Það er 0,6 m á hæð, 1 m á breidd og grasivaxið. Hvergi sjást skýrar grjóthleðslur í því en steinadreif sést á nokkrum stöðum umhverfis það. Á einhverjum tímapunkti var girt ofan á það, leifar timburstaura sjást víða. Í austurenda er op á garðlaginu. Garðlag B er tæplega 80 m langt og liggur til ANA frá hliðinu á garðlagi A. Það er afar sigið, þýft og horfið á köflum. Það er 0,3-0,4 m á hæð og hvergi sjást steinar í því né leifar um girðingu. Hlutverk garðlaganna er óþekkt en líklega eru þetta vörslugarðar. Jón Kjartansson, heimildamaður, taldi að alls kyns tilraunir með girðingar hefðu verið gerðar í landi Bitru og þetta mögulega leifar þess.



*Garðlög 006A og 006B.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-078:007** gata leið 63°57.049N 20°42.736V

Gata sést fyrir vestan Stekkjarholt (sjá 013). Hún liggur meðfram skógræktarsvæði til austurs og endar í stórþýfðum móa til vesturs. Gatan er líklega gamall stekkjarvegur frá bæ 001, að stekk 013 og fjárhústættum 011.
Aspir eru meðfram suðvesturhluta leiðarinnar og grenitré að austan. Leiðin er í stórþýfðu og grasivöxnu mólendi. Gatan hlykkjast VNV-ASA og sést á 60 m löngum kafla. Hún er 0,5 m á dýpt, 1 m á breidd og greinilegir bakkar eru beggja vegna við hana. Mold er í botni hennar en ekki mótar fyrir rásum. Gatan fjarar út til vesturs í stóðþýfðan móa en til austurs hverfur hún við vegslóða nærri sumarbústað í eigu fjölskyldu Jóns Kjartanssonar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-078:008** *Bitruborg* tóft fjárskýli 63°57.394N 20°42.455V

"Bitruborg. Austur frá Borgardal (sauðaborg frá Bitru)," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Bitruborg er 1,1 km austan við bæ 001 og 600 m austan við garðlag 029. Sprungubelti, líklega kallað Gjárnar í örnefnaskrá, er fyrir norðan og sunnan tóftina.






Bitruborg 008, horft til ASA.

Bitruborg er í grónu en jafnframt úfnu hrauni. Sprungubelti með djúpum gjám liggur rétt við fjárskýlið en annars eru hraunklettar og -hólar víða. Hraunið er vaxið mosa og grasi.

Tótin er efst á náttúrulegum hraunhól, 2 m háum, og mynda klettar norðurvegg hennar. Uppsöfnuð mannvistarlög, 0,4 m að þykk, eru efst á hólnum. Tóftin er 7x5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Op er á suðurvegg. Veggirnir eru 1 m á hæð og alveg grónir. Þeir eru vaxnir lyngi, mosa og grasi. Þeir steinar sem sjást eru mosavaxnir. Tóftin virðist ekki hafa verið topphlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 2.

**ÁR-078:009** *Brunnskák* örnefni brunnur 63°57.109N 20°43.887V

"Brunnskák. Norður frá Glerauga og nær að Kúalág," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Brunnskák er rúma 150 m vestan við bæ 001 og 400 m vestan við fjárhús 012. Brunnurinn var neðan við brekkurætur náttúrulegs holts. 5 m til vesturs frá áætlaðri staðsetningu brunnsins er vírgirðing. Jón Kjartansson, heimildamaður, man eftir brunninum og segir hann hafa verðið hlaðinn og um 2,5 m djúpan. Hann var gerður um náttúrulega uppsprettu en seinna var sett í hann rafmagnsdæla og hús byggt yfir. Öll þessi mannvirki eru nú horfin.

Slétt, grasivaxið tún í halla til vesturs er þar sem brunnurinn var. Skurður liggur þar fast til vesturs.

Engin ummerki brunns eða lindar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 2.

**ÁR-078:010** *Fjárhúshólmi* heimild fjárhús 63°57.280N 20°43.167V

"Fjárhúshólmi. Til suðvesturs frá Tanganum úti í Tjörninni," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Fjárhúshólmi var 500 m vestan við bæ 001 og rúmum 250 m austan við fjárhús 012. Bitrutjörn er með allmörgum hólmum en ekki sést til tóftar í neinum þeirra. Jón Kjartansson, heimildamaður, mundi ekki eftir tóft í hólmum né heyrt þess getið. Þessi hólmi gæti verið kenndur við fjárhús 012 en það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.

Bitrutjörn er þurr að mestu en jarðvegurinn rakur. Litlir hólmar eru hér og þar og allir eru þeir grasivaxnir.

Engin ummerki fjárhúss sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 2.

**ÁR-078:011** *Fjárhústættur* tóft+garðlag beitarhús 63°57.091N 20°42.402V

"Fjárhústættur. Austan við Fjárhúsdali," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í stakstæðum túnskika, merktum II var útihús, samkvæmt túnakorti frá 1918. Samkvæmt því girti túngarður svæðið af. Vel má enn merkja túnið og tóftirnar þó að bæði fjarlægð og áttahorf sé ekki merkt rétt á túnakortið. Fjárhústættur eru rúma 1 km ASA við bæ 001 og rúma 450 m norðvestan við tóft 033. Hjólhýsi er fast sunnan við tóftina, einungis 1-2 m eru á milli. Tóftirnar eru vestan í Kerholti og þær voru löngu fallnar úr notkun þegar Jón Kjartansson, heimildamaður, flutti á Bitru 1940. Tæpum 20 m VNV frá fjárhúsinu er mýrartjörn.

Vegur liggur eftir suðurhlið túngarðsins og lagning hans raskað honum nokkuð. Trjálundur er við suðausturenda túnsins. Tóftin er í vesturhlíð náttúrulegs holts, Kerholts. Smáþýft, gróið tún er til vesturs en hlíðar holtsins eru stórþýfðar og nokkuð grýttar til austurs. Öspum hefur verið plantað í og við norðurvegg fjárhússins.






*Tóft 011A horft til vesturs og garðlag 011B horft til SSV.*

Túngarðurinn markar af svæði sem er 140x60 m stórt og snýr norðausturs-suðvestur. Innan hans eru beitarhústóftirnar. Tóftin (A) er 18x18 m að stærð og skiptist í fimm hólf. Hólf 1 er norðvestast. Það er 8x5 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggjahæð er 1,8 m og sjást fimm umför af hraungrýti í þeim. Úr suðurvegg hefur grjót hrunið inn í hólfið. Op er á miðri vesturhlið og aðrar á miðri austurhlið, yfir í hólf 4. Grjóthlaðinn garði er meðfram norðurhlið. Hann er 0,5 m á hæð og tvö umför af grjóthleðslu sjást í honum. Hin hliðin er ógreinileg vegna hruns og ekki sést hvort að garði var þar. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er 8x5 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggirnir eru 2 m á hæð og grasivaxnir. Einungis sést glitta í grjót í austurvegg og eru 7 umfjör hleðslu sjáanleg. Op er á miðri vesturhlið og annað á þeirri eystri, yfir í hólf 4. Hólf 1 og 2 voru líklega notuð undir fé. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggirnir eru 1,8 m á hæð, grasivaxnir og sést glitta í grjót á stöku stað án þess að greina megi eiginlegar hleðslur. Op er á miðri vesturhlið. Timbri og rusli hefur verið hrúgað inn í þetta hólf. Hólf 4 er austan við hólf 1-3. Hólfið er 10x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggjahæð er 3,5 m og 12 umför af hraungrýti sjást í þeim. Gólfið er niðurgrafið, er 1,5 m lægra en í hinum hólfunum, og hefur það verið hlaða. Austurveggur hólfsins er grafinn inn í hlíð Kersholts. Opunum sem áður var lýst, úr hólfum 1 og 2, eru á vesturhlið. Hólf 5 er fyrir vestan hólf 1-3. Það hefur verið aðhald eða rétt án þaks. Hólfið er 14x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir og 0,4 m á hæð. Eitt umfar af grjóthleðslu sést í því. Túngarður B er umhverfis tóft A og afmarkar tún. Hann liggur í hlíðum Kerholts til austurs og í gróinni heiðarbrún til vesturs, á milli er blaut mýri. Að austan er túngarðurinn grjóthlaðinn, 0,8 m á hæð og 1-3 umför hleðslu greinanleg. Vesturhliðin er öllu ógreinilegri, þar sést einungis eitt umfar af grjóthleðslu og veggjahæð 0,4 m. Túngarðurinn er grasivaxinn þar að hluta og nánast horfinn á köflum. Norður- og suðurhliðar eru nánast horfnar, líklega sokknar í mýri.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 3.

**ÁR-078:012** *Fjárhústún* tóft fjárhús 63°57.220N 20°43.486V

"Fjárhústún. Austan í Höfðanum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Fjárhúsin er 200 m austan við bæ 001 og rúmum 300 m NNV við Þvottakrók 026. Tóftin er neðst í brekku sem hallar austurs, við mýrardrag. Fyrir austan hana liggur malarslóði.
Fjárhúsin eru í grónu mólendi, undir náttúrulegu klettabelti í brekku sem hallar til austurs.
Fjárhúsin eru 8x5 m að stærð, einfalt og snýr austur-vestur. Austurendi þeirra er byggður inn í brekku en veggjahæð er 1-2,2 m. Veggirnir eru grasivaxnir og mest sjást tvö umför af grjóti. Op er á miðri austurhlið. Þak fjárhúsanna og hluti veggjanna var líklega rifinn. Enginn garði né heystæði eru sjáanleg inni í tóftinni.



*Fjárhús 012, horft til suðurs.*



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 3.

**ÁR-078:013** *Gamlistekkur* tóftir stekkur 63°57.108N 20°42.861V
"Gamlistekkur. Vestan í Stekkjarheiði [...] Stekkjarkelda. Austan við Kelduklofa og rennur í Grafkeldu [027]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkurinn er nú innan skógræktarsvæðis við sumarbústaði í eigu Jóns Kjartanssonar og systkina hans, sunnan við þjóðveg 1. Stekkurinn er 700 m austan við bæ 001 og 300 m norðaustan við Einbúa 016. Trjám hefur ekki verið plantað í vikið sem stekkurinn er í.
Stekkurinn er í grónu, stórþýfðu hrauni þar sem hraunklettar koma upp úr sverði á stöku stað.




*Tóft 013A horft til norðurs og tóft 013B til suðausturs.*

Tvær tóftir eru á svæði sem er 20x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í lýsingu þessari er hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er norðvestar. Hún er 6x5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir og 0,6 m á hæð. Hvergi glittir í grjót í tóftinni og er hún opin til suðurs. Tóft B er 5 m fyrir suðaustan tóft A. Hún er grjóthlaðin, grasivaxin og einungis sést glitta í eitt umfar af grjóthleðslu. Tóftin er egglaga, einföld, um 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4 m á hæð en hvergi mótar fyrir opi.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 3.

**ÁR-078:014** *Gilvað* heimild vað 63°56.810N 20°44.587V



*Gilvað 014, horft til VNV.*

"Gilvað. Á læknum við Gilvaðsmýri," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Vaðið var 950 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 800 m suðvestan við Brunnskák 009. Vaðið var notað þegar farnar voru nokkrar leiðir, t.d. Ásavegur eystri 611:001. Tæpum 50 m til vestan við vaðið er malarvegur að Hnausi ÁR-037. Brattir bakkar, 1-2 m á hæð eru niður að læknum sem hefur grafið sig niður á þessum slóðum.
Hróarsholtslækur rennur í hlykkjum á þessum slóðum í gegnum stórþýfðan móa, í mjóum og djúpum farvegi. Rétt við veginn að Hnausi breiðir hann úr sér, verður 15 m breiður, hraunhella og hólmi í honum og vatnið einungis 0,2-0,3 m á dýpt.
Þar sem Hróarsholtslækur breiðir úr sér, var farið yfir hann. Jón Kjartansson, heimildamaður, segir lækinn grunnan og stígvélafæran á þessum slóðum . Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði. Engar leiðir sjást liggja að vaðinu enda mikill gróður hér í landi Bitru.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 3.

**ÁR-078:015** *Gerði* örnefni
"Gerði. Til norðvesturs af Króknum í túninu," segir í örnefnaskrá Hraungerðis. Jón Kjartansson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnin í lýsingunni né vissi hvar Gerði gæti verið að finna. Ekki er hægt að staðsetja gerðið án frekari heimilda né miklar rústir í námunda við gamla heimatúnið.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 3.

**ÁR-078:016** *Einbúi* heimild bústað 63°56.938N 20°42.901V

Á hólnum Einbúa var tóft sem kennd var við einbúa nokkurn samkvæmt Jóni Kjartanssyni, heimildamanni. Samkvæmt sögunni veiddi hann fisk í lækjunum í nágrenninu og safnaði reyfum af kindum sér til framfærslu. Einbúi er rúma 750 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 300 m sunnan við stekk 013. Tóftin var í suðurhluta náttúrulegs hóls en er nú sokkin í jörð. Jón man eftir veggjarbrotum og grænu svæði umhverfis þá. Veggirnir voru signir að sögn Jóns og ágangur hrossa líklega rutt þeim niður. Einbúi er sléttur í toppinn sem og í suðurhlíðum þar sem tóftin var líklega.

Einbúi er náttúrulegur hóll, 3 m hár og grasivaxinn. Hann er í stórþýfðu mólendi með kjarrgróðri og blautum mýrarflákum.

Engin ummerki mannvistarleifa sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta



*Einbúi 016, horft til norðvesturs.*

**ÁR-078:017** garðlag vörslugarður 63°57.112N 20°43.985V

Við yfirferð loftmynda fannst garðlag milli Lambhúsholts 019 til vesturs og bæjarholtsins til austurs. Garðlagið liggur þvert yfir mýri og er grafið í tvennt af skurði á svæðinu.

Garðlagið er í grasivaxinni mýri. Þar eru blautar dælar, kjarrgróður og smáþýft.

Garðlagið liggur ASA-VNV og sést á 120 m löngum kafla. Skurður liggur þvert á það, nánast fyrir miðju. Það er grasivaxið, 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Garðlagið liggur í mýri og gæti verið vörslugarður eða brú til að ganga yfir í Lambhúsholt 019.

**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag 017 horft til SSV.*

**ÁR-078:018** *Torfdalur* garðlag nátthagi 63°57.271N 20°42.933V

"Torfdalur. Vestur frá Grjótum, norðan vegar," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Á túnakort frá 1918 er sýnt stakstætt tún merkt I og er þetta líklega þar. Á túnakortinu er það á milli gamla heimatúnsins og stakstæðs túns umhverfis Fjárhústættur 011. Túnið var nátthagi og vel má enn merkja hann þó að bæði fjarlægð og áttahorf sé ekki merkt rétt á túnakortið. Torfdalur er innan nátthagans. Náttaginn er 650 m austan við bæ 001 og rúma 180 m norðvestan við Fjárhústættur 011. Þjóðvegur 1 liggur eftir syðsta hluta nátthagans og sjást hleðslurnar vel þaðan. Skammt vestan nátthagans er Bitrutjörn.

Gróið hraun vaxið mosa og lyngi er allt innan og umhverfis nátthagann. Torfdalur er vot mýri á milli tveggja gróinna hraunbakka. Mýrin er slétt, grasivaxin með kjarrgróðri.







*Torfdalur 018, horft til norðausturs, nátthagi 018 horft til norðvesturs og suðurs.*

Garðlag afmarkar nátthagann, sem er 240x220 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Gerð þjóðvegar 1 raskaði suðurhlið túngarðsins og hún nánast horfin. Nátthaginn er grjóthlaðinn og stór hluti garðlagsins er vaxið

mosa, lyngi og grasi. Garðurinn er 0,2-1,2 m á hæð og mest sjást 2 umför af grjóthleðslu í honum. Garðlagið er 0,4-1 m á breidd. Á síðari stigum hefur verið girt eftir hluta túngarðsins, leifar timburstaura sjást á stöku stað. Þegar Jón Kjartansson, heimildamaður, flytur að Bitru árið 1940 var hætt að nota nátthagann. Engin ummerki ristu sjást á yfirborði en torfdalur er því sem næst í miðju nátthagans.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 5; Túnakort 1918

**ÁR-078:019** *Lambhúsholt* tóftaþyrping fjárhús 63°57.169N 20°44.074V
"Lambhúsholt. Vestan við bæinn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Lambhúsholt er stórt holt, malarvegur að Hjálmholti ÁR-076 liggur eftir því endilöngu. Í austurhlíð þess er tóftaþyrping. Tóftirnar eru 300 m vestan við bæ 001 og 200 m vestan við Brunnskák 009. Mýri er á milli holtsins sem bær 001 er á og Lambhúsholts. Afar ólíklegt er að allar tóftirnar séu af lambhúsum en heimildir geta ekki um býli eða sel á þessum slóðum í landi Bitru.
Tóftirnar eru í halla til suðausturs, niður af 10 m háu holti. Þar er stórþýft, mosi, gras og annar gróður.
Sex tóftir eru á þessu svæði sem er 70x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er norðaustast. Hún er 11x6 m að stærð og snýr norður-suður. Að norðan er hún grafin inn í holtið en veggir og þak rifin niður. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og alveg grónir. Það glittir í hraungrýti á nokkrum stöðum. Garði liggur eftir tóftinni endilangri, líklega grjóthlaðinn. Hann er 0,3 m á hæð og gróinn. Inngangur er á miðri austurhlíð. Tóft B er 25 m vestan við tóft A. Hún er 7x5 m að stærð, niðurgrafin og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld og op til suðurs. Veggirnir eru grónir,





*Lambhús 019A horft til SSA, tóft 019B horft til SSA og tóft 0119F, horft til suðvesturs.*

1 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Þetta var líklega hlaða. Suður- og austurveggur eru raskaðir að hluta, þýfi hefur rofið skörð í veggina. Tóft C er 20 m suðvestan við tóft B. Hún er 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt. Hólf 1 er austar. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á miðri suðurhlið. Veggirnir eru alveg grónir, þýfðir og 0,6 m á hæð. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er óskýrt einungis mótar fyrir vesturhlið og inngangi á suðurhlið. Hólfið er að öðru leyti þýft. Ekki sést hvort að dyr voru á milli hólfa. Tóft D er 45 m suðvestan við tóft C. Hún er 5 m í þvermál, einföld og afar óskýr. Veggir hennar eru mjög þýfðir og útveggir sjást einungis. Þeir eru 0,4 m á hæð, alveg grónir, þýfðir og mosavaxnir. Inngangur virðist hafa verið á suðurhlið. Tóft E er 15 m norðaustan við tóft D. Hún er um 7x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld en 4x4 m langur þúfnabakki gengur úr henni til austurs sem gæti mögulega verið annað hólf leynst undir sverði. Inngangur er á miðri vesturhlið, veggirnir eru alveg grónir og 0,5 m á hæð. Tóftin er þýfð og ógreinileg. Tóft F er 35 m austan við tóft E. Hún er 6x6 m að stærð, einföld og inngangur er á miðri suðurhlið. Veggirnir eru grónir og mosavaxnir, hvergi glittir í grjót. Þeir eru 0,5 m á hæð. Ástan tóftanna er álíka, fyrir utan tóft D. Hún er fornlegri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 4.

**ÁR-078:020** *Mógrjót* örnefni mógrafir 63°56.963N 20°41.973V
"Mógrjót. Sunnan í Flatholtsheiði," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Jón Kjartansson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið eða mógrafir á þessum slóðum. Hann taldi þó líklegt að svo gæti verið, mýrlendi er

fyrir norðvestan og vestan Flatholtsheiði. Mógrafirnar voru 1,4 km austan við bæ 001 og rúmum 400 m austan við fjárhústættur 013.
Grasivaxið mýrlendi er fyrir vestan Flatholtsheiði en móbergshryggur er á því vestanverðu. Það gæti því mögulega verið skýring á þessu örnefni.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 4.

**ÁR-078:021** *Mórimi* örnefni mógrafir 63°57.102N 20°44.474V
"Mórimi. Norðast í Nesinu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mórimi er 650 m vestan við bæ 001 og tæpa 350 m vestan við lambhús 019. Mógrafirnar voru norðvestan við Lambhúsholt en eru nú horfnar, líklega vegna fyllingar.
Þar sem mógrafirnar voru er nú framræst, smáþýft tún.
Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 4.

**ÁR-078:022** heimild hrútakofa 63°57.065N 20°42.459V
Gamall hrútakofi var rétt vestan við Fjárhústættur 011 að sögn Jóns Kjartanssonar, heimildamanns. Kofinn var 1 km ASA við bæ 001 og 60 m suðvestan við Fjárhústættur 011. Hann er nú horfin vegna rasks. Rúmum 5 m vestan við áætlaða staðsetningu hrútakofans er vegur að hjólhýsi og að beitarhúsum 011.
Engin ummerki hrútakofans sjást á yfirborði. Tóftin var um 4x2 m að stærð samkvæmt Jóni Kjartanssyni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-078:023** *Seljadalir* tóftir beitarhús 63°57.483N 20°41.380V
"Seljadalir. Austur frá Borgardal," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ekki er lengur hægt að greina sel á þessum slóðum en það hefur áreiðanlega verið á sama stað og beitarhús voru byggð upp frá Bitru á 19. öld. Beitarhúsin eru 2 km austan við bæ 001 og tæpum 1 km norðan við tóft 033.



*Tóft 023A horft til norðurs og tóft 023B horft til norðurs.*

Tóftirnar eru í grónu hrauni. Hraunhólar og -klettar standa víða upp úr sverði og inn á milli þeirra eru stórþýfð grasivaxin svæði og blautar dælar.
Tvær tóftir (í lýsingunni nefndar A og B) eru á þessu svæði sem er 60x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóft A er vestar og er líklega fjárhús með hlöðu. Hún er 16x6 m að stærð, snýr norður-suður og tvískipt. Hólf 1 er sunnar. Það er 7x3 m að innanmáli og eru veggirnir 1-1,5 m á hæð. Það sjást 4 umför af grjóthleðslu í þeim og eru þeir mosavaxnir. Í þeim glittir víða í grjót. Grjóthlaðinn garði liggur meðfram austurvegg og er hann 0,3 m á hæð. 1 umfar af grjóthleðslu sést í honum. Inngangur er á miðri suðurhlið og annar á norðurhlið, yfir í hólf 2. Sá inngangur er nú hruninn en dyrasteinn sést þar. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er líklega hlaða, gólf þess er 0,8 m lægra. Veggirnir eru um 2,5 m á hæð og sjást 9 umför af grjóthleðslu í þeim. Inngangi var áður lýst. Tóft B er 40 m ASA við tóft A. Hún er 7x5 m að stærð og einföld. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru alveg mosavaxnir. Tóftin var mögulega aðhald eða rétt.




**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 4.

**ÁR-078:024** tóft beitarhús 63°57.000N 20°41.867V






*Tóft 024, horft til austurs.*

Rúmum 1,5 km ASA við bæ 001 og um 800 m suðvestan við garðlag 028 er tóft í suðurenda Flatholts. Tæpum 5 m sunnan við tóftina er gaddavírsgirðing og afmarkar hún sumarbústað í einkaeigu.
Tóftin er á grónum hraunhálsi eða heiði sem er fyrir suðvestan Flatholt, svokallaða Flatholtsheiði. Þar er stórþýft, mosi, lyng og kjarrgróður.
Tóftin er um 8x6 m og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og veggir hennar 0,4 m á hæð. Tóftin er stórþýfð, veggirnir eru alveg grónir og hvergi glittir í grjót. Ekki er ljóst hvar gengið var inn í tóftina né sést til uppsafnaðra mannvistarlaga. Miðað við lag, staðsetningu og gerð tóftarinnar er hér um beitarhús að ræða.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-078:025** *Torfflatir* örnefni rista 63°57.300N 20°43.620V
"Torfflatir. Vestan í Höfðanum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Hætt er kvikfje fyrir hraungjám, holgryfjulækjum og torfgröfum gömlum til stórmeina." Ristan var rúmum 250 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 200 m norðvestan við fjárhús 012.
Þýfð mýri er þar sem rist var. Mýrin hefur verið ræst fram með skurðum á merkjum Hjálmholts ÁR-076 og Bitru.
Engin ummerki ristu sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 5; JÁM II, 147.

**ÁR-078:026** *Þvottakrókur* örnefni þvottastaður 63°57.068N 20°43.319V
"Þvottakrókur. Í læknum móts við bæinn [001]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Þvottakrókur er 350 suðaustan við bæ 001 og 200 m sunnan við leið 032. Hróarsholtslækur er 2 m breiður og álíka djúpur á þessum slóðum. Lækjarbakkarnir eru 1 m háir á þessum slóðum og lækurinn grafið sig niður.
Hróarsholtslækur rennur til vesturs og tekur krók til norðurs.
Engin ummerki þvottastaðar sjást á yfirborði og náttúrufar á þessum slóðum nú virðist ekki hentugt fyrir slíkan stað.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 5.

**ÁR-078:027** *Grafkelda* örnefni mógrafir 63°57.107N 20°43.032V
"Grafkelda. Rennur úr Kelduklofum í Lækjarupptök," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Grafkelda er 550 m suðaustan við bæ 001 og tæpa 150 m vestan við stekk 013. Jón Kjartansson, heimildamaður, mundi ekki eftir mógröfum á þessum slóðum.
Grafkelda rennur í stórþýfðri mýri. Þar vex kjarr og gras.
Grafkelda rennur til austurs og sameinast Stekkjarkeldu. Saman mynda þær upptök Hróarsholtslækjar sem einnig kallast Bitrulækur hér. Engin ummerki mógrafa sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 3.

**ÁR-078:028** garðlag vörslugarður 63°57.391N 20°41.431V



*Garðlag 028, horft til norðurs.*

Í deiliskráningu sem gerð var árið 2006 kom í ljós garðlag í landi Bitru, skammt sunnan við Seljadali 023. Garðlagið liggur meðfram gaddavírsgirðingu sem afmarkar tún nýtt til hrossabeitar og þvert yfir vegslóða.
Garðlagið liggur í grónu hrauni.
Í deiliskráningarskýrslunni segir: "Garðurinn er frekar óljós í umhverfinu, enda mikið sokkinn, og lítur út fyrir að vera nokkuð gamall. Garðurinn er hlaðinn úr torfi sem er mjög athyglisvert þar sem mikið er af hrauni í nágrenni hans. [...] hann (garðlagið) liggur í vestur [...] og er í heild um 200 m langur. Garðurinn er breiðastur 3 m og 1/2 m á hæð þar sem hann er hæstur. Garðurinn er mjög gróinn og er sami gróður á honum og umhverfinu í kring."

Garðlagið hlykkjast norðvestur-suðaustur og allt um 360 m langt. Það hverfur í grónu hrauni til beggja átta og tilgangur þess er óljós, líklegast hefur það þó verið vörslugarður.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** MH: Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Bitru í Flóahreppi, 12

**ÁR-078:029** garðlag áveita 63°57.370N 20°43.17V
Garðlag liggur 50 m austan við garðlag ÁR-621:015 í landi Bitru. Að norðan liggur garðlagið í grónu hrauni þar sem hraungrýti sést víða. Það liggur til suðurs yfir blauta mýri, þvert yfir Bitrutjörn og endar þar við suðurbakka hennar.
Garðlagið er í uppgrónu hrauni að norðan en grasivaxinni mýri að sunnan.
Garðlagið er 1,5-2,5 m á breidd, grasivaxið og snýr norður-suður. Það er 0,6 m á hæð og hvergi sér glitta í grjót. Það er líklega torfhlaðið. Garðlagið sést á 150 m löngum kafla en það gæti hafa náð lengra til norðurs. Í suðurenda garðlagsins, því sem næst í miðri Bitrutjörn, er op á garðlaginu. Önnur op eru ekki sjáanleg en taka verður fram að garðlagið er mjög sigið á köflum. Garðlagið er óskýrara uppi í hrauninu vegna þýfis en svipað á hæð þar og í mýrlendinu til suðurs. Staðsetning,l lega og útlit garðlagsins bendir helst til að um áveitugarð sé að ræða eða vörslugarð.
**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag 029, horft til austurs.*

**ÁR-078:030** tóft heystæði 63°57.183N 20°43.240V
Tóft er tæpum 400 m austan við bæ 001 og rúmum 200 m suðaustan við fjárhús 012. Tóftin er uppi á gróinni hraunbrún til suðurs frá Bitrutjörn.
Tóftin er í grónu hrauni, vaxið berjalyngi, mosa og grasi.
Tóftin er 4x4 m að stærð og afar sigin. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og stórþýfðir. Hvergi sést glitta í grjót eða hleðslur í þeim en op er á miðri suðurhlið. Lag, gerð og útlit hennar bendir til þess að tóftin sé heystæði.
**Hættumat:** engin hætta



*Tóft 030, horft til norðausturs.*



**ÁR-078:031** garðlag vörslugarður 63°57.194N 20°43.233V
Garðlag liggur í norðurhlið gróins hrauns, til norðurs að Bitrutjörn. Garðlagið er 30 m norðan við tóft 030 en ekki er skýrt samhengi á milli þeirra. Garðlag 029 er í beinni stefnu við þetta garðlag, norðan við Bitrutjörn.
Tóftin er í grónu hrauni, vaxið berjalyngi, mosa og grasi.
Garðlagið er í halla til norðurs. Það var grjóthlaðið en nú mosa- og lyngivaxið að mestu. Það er 1 m á hæð og 1,5 m á breidd. Það sést á 25 m löngum kafla og hverfur við Bitrutjörn til norðurs og fjara út í þýfðum móa til suðurs, uppi á gróinni hraunbrún. Lag og staðsetning garðlagsins bendir til þess að um vörslugarð sé að ræða.
**Hættumat:** engin hætta



*Garðlag 031, horft til norðurs.*

**ÁR-078:032** gata leið 63°57.176N 20°43.301V



*Leið 032, horft til norðvesturs.*

Gata sést hlykkjast í grónu hrauni suðvestan við Bitrutjörn í átt að tröðum 004. Gatan er líklega rudd lestargata, mögulega í framhaldi af gömlu heimreiðinni að Bitru.
Gatan er í uppgrónu hrauni.
Gatan sést á 100 m löngum kafla og snýr norðvestur-suðaustur. Hún liggur frá grónum malarslóða til suðausturs og endar við grasivaxið tún til norðvesturs. Líklega náði hún allt að tröðum 004 en sá kafli horfin vegna túnasléttunar. Gatan er 2-3 m á breidd og mold er í botni hennar. Það sjást tvær rásir, um 0,2 m djúpar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-078:033** þúst fjárskýli 63°57.018N 20°44.199V



*Þúst 033, horft til suðurs.*

Áberandi þúst er rúmum 470 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 250 m SSV við Lambhúsbrekku 019. Þústin er í óræktuðu túni norðan við Þjóðveg 1 og er greinileg frá honum.Þústin er á vesturbrún náttúrulegs rima í mýrlendi.
Þústin er í framræstu, óræktuðu túni. Það er stórþýft til austurs en mýrlent til vesturs. Blautar mýrardælar eru hér og þar í túninu.
Þústin er 18x18 m að stærð, 0,4-0,6 m á hæð og hringlaga. Hún er stórþýfð og algróin mosa. Hliðar hennar eru aflíðandi en greinilegt er að hún er manngerð að mestu. Ofan á þústinni mótar fyrir veggjarbrotum, miðað við lag og gerð þeirra er hér um fjárborg að ræða. Austur,- suður og hluti af vesturvegg fjárborgarinnar eru varðveittir. Veggirnir eru óskýrir sökum stórþýfis og mosa, en eru 0,5 m á hæð og 1,5 m á breidd. Þeir afmarka svæði sem er 9x9 m að stærð en ekki er hægt að greina frekari hólfaskiptingu eða nánara lag tóftarinnar sökum stórþýfis.
**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-079 Ölvaðsholt

1708: 20 hdr. Bændaeign. JÁM, 139-40. 1847: 20 hdr. Bændaeign. JJ,58. Bréf fyrir hálfu Ölvatnsholti frá 1546 er varðveitt í bréfabók Gizurar biskups Einarssonar, DI XI, 455.

1708: "Þessari jörðu er sundurskift í tvo bæi, standa báðir í sama túninu, og var litli bærinn, sem kallaður er Aulvatzholltshöfde, bygður fyrir manna minni og um nokkra tíma haldinn hjáleiga. En síðan hjer um fyrir 40 árum hefur þetta býli með vissum dýrleika verið partur úr allri jörðunni. [...] Heimabærinn og það sem honum fylgir xvii hdr., og 40 álnir ... Aulvatnsholltzhöfde ... Ii hdr., 80 álnir [...] Fóðrast kann vii kýr, iii úngneyti, xxx ær, x lömb, v hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast eyddur." JÁM II, 139-40.

1981: "Lengi var hér tvíbýli (austurbær og vesturbær) en frá 1916-1960 var hér einbýli. [...] Árið 1968 byggði Kjartan Runólfsson nýtt íbúðarhús í Ölvisholti og var jörðinni þá skipt í tvo jafna hluta." SB II, 479-80.

1708: "Fóðrast kann vii kýr, iii úngneyti, xxx ær, x lömb, v hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast eyddur. Beit hefur jörðin brúkað í Brúnastaðalandi ... Skóg til kolgjörðar brúkar þessi jörð sem aðrar í sveitinni í almenníng ... Enginu grandar bæjarlækurinn, sem ber á það leir og mor, og so jetur vatn úr rótina til skaða. Landþröng er, og nýtur ábúandi þolinmæði nábúa sinna, en geldur ei vissan toll. Hætt er kvikfje fyirr fornum torfgröfum, holgryfjulækjum og afætudýjum. Vatnsból erfitt á vetur fyrir fannlögum ... Aulvatnshollzhöfde ... Fóoðrast kann ii kýr, vi ær, iiii lömb, i hestur. Kostir og ókostir sem á heimajörðinni segir." JÁM II, 140-41.

1918: "Tún 5.50 ha. Grit fyrir tún með engjum. Ca 75% sljett. Matjurtagarðar 15.5 arar" Túnakort 1918.



**ÁR-079:001** *Ölvaðsholt* bæjarhóll bústaður63°57.736N 20°46.370V

Átta hús eru merkt á bæjarhól Ölvaðsholts (nú ritað Ölvisholt) á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Gamli bærinn var rúmum 5 m sunnan við íbúðarhús sem byggt er 1924. Þar er nú þéttur trjálundur, engin ummerki bæjarhólsins eru sjáanleg né eru þar aðrar byggingar. Mannvist gæti því mögulega verið enn undir sverði. Fyrir vestan trjálundinn er malarplan og fleiri tré til austurs. Í Sunnlenskum byggðum II stendur að tvíbýli hafi verið á bænum fram til 1916 og talað um austur- og vesturbæ, sem voru líklega sambyggðir.



*Bæjarhóll 001, horft til norðurs.*

Trjálundurinn er þéttur og mörg tré þar að finna. Þar eru 7-8 m háar aspir og grenitré ásamt lægri runnum. Trén eru þétt, gróin og á köflum erfitt að ganga á milli þeirra.

Engin ummerki bæjarhóls sjást lengur. Trjálundurinn er 20x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Á þessu svæði sést víða hleðslugrjót en engin merki eru um uppsöfnuð mannvistarlög né annað sem gæti gefið **Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-079:002** *Ölversholtshöfði* tóft útihús 63°57.865N 20°46.396V

"Aulvatnshólltzhöfde. Það er sá bærinn, sem áður um getur að standi í heimatúninu," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708. "Höfði. Há bunga nyrzt í túninu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í Sunnlenskum byggðum II segir að Ölvisholtshöfði sé löngu sameinuð jörðinni en ekki er getið hvenær það átti sér stað. Þrjú hús eru merkt í þyrpingu nyrst í túni á bæjarteikningu danskra





*Tóft 002, horft til NNA.*

landmælingamanna frá 1906, á bæjarstæðinu. Höfði er tæpum 250 m norðan við bæ 001 og tæpum 200 m norðan við útihús 006. Ekki er vitað hvenær bærinn fór í eyði en húsin eru merkt sem útihús á bæjarteikningunni.

Bæjarstæðið er nyrst á bæjarholtinu, þar á litlum höfða. Þar er stórþýft og mikil sina.

Tóftin er á kafi í gróðri og mjög sigin. Hún er um 16x16 m að stærð og burstir útihúsanna/býlisins snéru til suðvesturs. Erfitt er að greina uppsöfnuð mannvistarlög vegna sinu og þýfis. Tóftin skiptist í 5 hólf en þau hafa vafalaust verið fleiri. Hólf 1 er vestast í tóftinni. Það er 4x4 m að innanmáli og virðist opið til suðurs eða inngangur mögulega í suðausturhorni. Veggirnir eru grasivaxnir og 0,4 m á hæð. Hólf 2 er austan við hólf 1. Hólfið er 8x3 að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er opið til suðurs. Veggirnir eru alveg grónir og 0,3 m á hæð. Hvergi glittir í grjót. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það er 3x3 m að innanmáli og opið til suðurs. Veggirnir eru grónir og 0,4 m á hæð. Hólf 4 er 2 m fyrir norðaustan hólf 3. Það er óskýrt, það er einungis austurveggur sem sést greinilega. Hann er 0,4 m á hæð, grasvaxinn og þýfður. Hólfið er 5x3 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Fyrir norðan hólfin er sinan svo mikil að ekki tókst að greina veggi í þýfinu né sjá beinar línur. Tengslin við hólf 5 eru því fremur óljós en telja verður afar líklegt að það sé hluti af útihúsunum/býlinu. Hólfið er 6 m fyrir norðan hólf 1 og er 5x3 m að stærð. Það snýr suðvestur-norðaustur og ekki mótar fyrir inngangi.

Veggirnir eru 0,4 m á hæð og alveg grónir.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 140; Ö-Hraungerðishreppur, 39; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; SB II 479.

**ÁR-079:003** heimild kálgarð 63°57.724N 20°46.369V
Þrír, sambyggðir kálgarðar eru merktir fast sunnan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðarnir eru nú horfnir. Á túnakorti frá 1918 liggur heimreið 004 líklega á milli kálgarðanna og bæjarhúsanna 001.
Þar sem kálgarðarnir voru er nú (2010) slétt grasivaxið svæði og malarplan. Tveir trjákofar, sandkassi og rólur er þar að finna. Malarplönin eru nýtt sem bílastæði.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-079:004** heimild traðir 63°57.731N 20°46.383V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr vestri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Heimreiðin lá áfram til austurs, á svipuðum stað og núverandi vegur að bæ 001.
Þar sem heimreiðin lá til vesturs er hefur trjám verið plantað. Malarvegur er það sem hún lá til austurs.
Engin ummerki heimreiðar sjást nú á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-079:005** heimild útihús 63°57.830N 20°46.423V
Útihús var 180 m NNV við bæ 001 og um 80 m suðvestan við Ölvisholtshöfða 002 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Það er horfið af yfirborði.
Slétt og grasivaxið svæði er þar sem útihúsið var. Það er smáþýft og vaxið sinu.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-079:006** heimild útihús 63°57.763N 20°46.352V
Útihús var 50 m norðaustan við bæ 001 og 70 m norðaustan við kálgarð 003 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þar er nú (2010) norðvesturhorn steinsteyptra útihúsa. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Til norðurs frá áætlaðri staðsetningu útihússins er grasivaxin órækt og hestagerði um 20 m til vesturs sem og malarslóði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-079:007** heimild útihús 63°57.697N 20°46.364V
Útihús var tæplega 100 m sunnan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er við suðvesturhorn bakgarðs íbúðarhúss sem byggt er 1968 og kallast Ölvisholt II. Þar er nú slétt grasflöt með runnum og öðrum gróðri. Líklega hvarf útihúsið við túnasléttun.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-079:008** *Lambhúsklettur* heimild lambhús 63°57.690N 20°46.323V
"Lambhúsklettur. Í túninu fyrir sunnan kálgarðinn [003]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Lambhúsin sem kletturinn hefur dregið nafn af var merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, 100 m SSA við bæ 001 og 300 m sunnan við Ölvisholtshjáleigu 002. Stakur klettur, líklega Lambhúsklettur, er í túninu á þessum slóðum. Lambhúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Útihúsið var í gróinni og smáþýfðri brekku til suðausturs, niður af bæjarholtinu. Þar er nú afgirt, gróið tún nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906: Ö-Hraungerðishreppur, 39.

**ÁR-079:009** *Fjárhúsflatir* tóft beitarhús 63°57.350N 20°46.188V






Tóft 009, horft til ASA.

"Fjárhúsflatir. Norðan í Miklaholti, austan við veginn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Beitarhúsin eru tæpum 180 m suðvestan við beitarhús 026 og tæpum 750 m sunnan við bæ 001. Tæpum 30 m fyrir vestan tóftina liggur malarvegur. Trjárækt er fast fyrir norðaustan og austan tóftina.

Beitarhúsin eru innan afgirts túns, austan við fyrrnefndan malarveg. Þau eru neðst í aflíðandi brekku til norðvesturs niður Miklaholt. Fyrir norðvestan tóftina er grasivaxið og smáþýft tún, náttúrulegt holt fyrir sunnan og austan.

Tóftin er 17x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í 4 hólf. Hólf 1 er nyrst í tóftinni. Það er 3x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur og op er á miðri vesturhlið. Veggirnir eru mosavaxnir en það glittir víða í grjót. Þeir eru 1 m á hæð og sjást mest 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Nokkuð hrun er inni í hólfinu. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er 5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri vesturhlið og annar á þeirri eystri, yfir í hólf 3. Veggir hólfsins eru 1,2 m á hæð, grasivaxnir og þýfðir. Það sést glitta í einstaka grjót í veggjum en ekki sjást eiginlegar hleðslur. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það var hlaða, grunnflöturinn er lægri en í hinum hólfunum. Hólfið er 6x4 m að innanmáli og veggirnir 2 m á hæð. Inngangur er á vesturhlið inn í hólfið en hann er óljós vegna hruns og þýfis. Veggirnir eru mosavaxnir, grónir og aðeins sést glitta í einstaka grjót. Hólf 4 er sunnan við hólf 2. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri vesturhlið. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og grónir. Grjót sést hér og þar en ekki eiginlegar hleðslur. Fyrir austan hólfið er mikil jarðvegsbunki, mögulega verið hluti að þakinu eða hrun úr því.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 39.

**ÁR-079:010** *Gunnutóft* tóftir býli 63°57.615N 20°46.451V

"Gunnutún. Í Bæjarholti," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í Sunnlenskum byggðum II segir ennfremur: "Sunnan í Bæjarhnúknum í Ölvisholti er örnefni sem heitir Gunnutóft og Gunnutún. Þar sáust bæjartóftir ásamt túnbletti fram yfir 1930." Gunnutóft er 230 m suðvestan við bæ 001 og 150 m norðvestan við mógrafir 025.



Tóft 010A, horft til NNV og tóft 010B, horft til norðvesturs.

Gunnutún er efst, sunnarlega á bæjarholtinu. Það er enn nýtt til sláttar og um 100 m í þvermál. Tóftirnar eru norðan og sunnan við túnið. Skógrækt er allt umhverfis túnið og mosavaxnar klappir þar á milli.




Tvær tóftir sjást nú á þessu svæði sem er 100x20 m, sitthvoru megin við ræktað tún, og snýr það norður-suður. Í lýsingunni hér á eftir var hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er líklega bæjartóftin. Stór grenitré vaxa á henni og er aðeins hægt að greina suðurhlið hennar. Mjög þéttur trjágróður er í tóftinni. Tóftin er 16x8 m og snýr austur-vestur. Hún er grafinn inn í hlíðina til norðurs, upp að klettum. Tóftin er stórskemmd vegna grenitrjáa og birkis en hægt var þó að greina 2 hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4 m á hæð en hólfið er óskýrt til norðurs vegna trjágróðurs. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 8x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru skýrir til suðurs, 0,5 m á hæð og alveg grónir. Ekki var hægt að greina inngang. Tóft B er að öllum líkindum útihús frá Gunnutóft A. Hún er 100 m suðvestan við tóft A, SSV við túnið. Tóftin er í mosavöxnu viki milli steinklappa. Grenitré eru fast fyrir vestan tóftina. Hún er 4x4 m að stærð, einföld og nánast



egglaga. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru grónir og hvergi sést glitta í stein. Veggirnir eru 0, 4 m á hæð og mosa- og sinuvaxnir. Ekkert op er greinanlegt.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 39; SB II, 479.

**ÁR-079:011** *Grafir* náma mógrafir 63°57.732N 20°46.761V
"Grafir. Milli Bæjarholts og áveituútrásarinnar," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar eru 350 m vestan við bæ 001 og 250 m vestan við útihús 005.
Mógrafirnar eru í stórþýfðu, grónu mólendi með blautum dælum á stöku stað.
Svæðið er grasivaxið og erfiðlega gekk að afmarka mógrafirnar af jörðu niðri. Einungis sáust grasivaxnar lautir inn á milli mikils gróðurs. Á loftmynd má hins vegar sjá að svæðið er um 110x100 m að stærð og snýr NNA-SSV. Vélgrafinn skurður liggur þvert í gegnum mógrafasvæðið og vafalaust átt sinn þátt í að þurrka það upp ásamt uppfyllingu. Mógrafirnar eru grasivaxnar, þurrar og 0,2-0,5 m djúpar. Á svæðinu eru á milli 50-100 mógrafir en erfitt er að áætla nákvæman fjölda þeirra. Á loftmyndinni sjást stakar mógrafir, um 15x2 m að stærð, einnig minni og stærri grafir.


*Grafir 011, horft til vesturs.*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 39.

**ÁR-079:012** *Grafarhólar* náma mógrafir 63°57.674N 20°46.931V
"Grafarhólar. Smáhólar suður frá Ölver [022]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Grafarhólar eru líklega 2 hólar, suðvestan við Ölver 022. Þar sjást tveir hólrimar umhverfis blautar mýrardælur og mógrafasvæði til norðvesturs frá þeim. Grafarhólar eru rúma 450 m VSV við bæ 001 og 150 m suðvestan við Ölver.
Mógrafirnar eru í stórþýfðu, grónu mólendi með blautum dælum á stöku stað.
Mógrafirnar eru 90x80 m að stærð og snúa norðvestur-suðausturs. Þær eru nánast L-laga, við tvo hóla. Á svæðinu eru 50-80 mógrafir en erfitt er að áætla nákvæman fjölda þeirra. Mógrafirnar eru flestar um 5x2 m að stærð en einnig eru þar minni og stærri grafir. Þær eru grasivaxnar, þurrar og um 0,2 m á dýpt.


*Mógrafirnar, horft til vesturs.*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 39.

**ÁR-079:013** *Gildruás* örnefni refagildra 63°57.423N 20°45.853V
"Gildruás. Norðaustan í Miklaholti í mörkum milli Hryggjar [ÁR-075] og Ölversholts," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Engin gildra fannst við Gildruás og könnuðust heimildamenn ekki við slíkt mannvirki, hvorki í landi Ölvisholts eða Hryggjar ÁR-075 en ásinn nær einnig inn í land Hryggjar. Gildran var að öllum líkindum í norðausturhorni Miklaholts, þar sem eru klettar og urð, um 700 m sunnan við bæ 001 og 170 m austan við beitarhús 026. Ekki er útilokað að gildran leynist inn á milli kletta.
Gildruholt gengur til norðausturs út úr norðurenda Miklaholts. Brattir klettar eru efst og mikið hrun af stórgrýti þar fyrir neðan. Gildruásinn sjálfur er með moldarflögum og grónu mólendi.
Engin ummerki refagildru sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 14, 39.

**ÁR-079:014** *Kvíaklettar* heimild kvíar 63°57.681N 20°46.402V
"Kvíaklettar. Vestan við túnið," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Líklega er klettabelti í vestanverðu bæjarholtinu, rétt vestan gamla heimatúnsins umræddir klettar. Þeir eru 100 m suðvestan við bæ 001 og um 60 m suðvestan við útihús 007. Klettarnir liggja til vesturs og suðurs frá gamla heimatúninu og eru vestarlega, efst á bæjarholtinu.

Efst á bæjarholtinu er skógrækt og grasivaxið tún. Undir svokölluðum kvíaklettum er grasivaxið og þýft svæði. Engin ummerki kvíanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 39.

**ÁR-079:015** *Kvíhóll* örnefni kvíar
"Kvíhóll. Sunnan við Guludæl í Flóðaskák," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Líklega var Kvíhóll vestan við bæ 001, í mýri nærri landamerkjum við Miklaholtshelli ÁR-048, en nánari staðsetning hans nú týnd og misræmi er í lýsingum í örnefnaskrá. Jón Elías Gunnlaugsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 39.

**ÁR-079:016** tóft kvíar 63°57.647N 20°46.263V
Tæpum 200 m sunnan við bæ 001 og 130 m norðaustan við mógrafir 025 er tóft. Hún er undir klettum í norðausturhorni bæjarholtsins, um 20 m vestan við malarveg. Jón Elías Gunnlaugsson, heimildamaður, minnist þess að klettarnir hafi kallast Kvíaklettar. Það er þó líklega yfirfærsla á örnefninu enda virðist það samkvæmt örnefnalýsingu hafa verið vestan við heimatúnið (sjá 014) og lag tóftarinnar sem er skráð hér líkara heimarétt.



Kvíar 016, horft til austurs.





Tóftin er í grasivöxnu og smáþýfðu túni.
Tóftin er 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og op er á suðurvegg. Hún er alveg gróin og hvergi glittir í hleðslur í henni. Suðausturhorn tóftarinnar er myndað af stórum, náttúrulegum kletti sem er tæpir 2 m á hæð. Veggirnir eru annars 0,5 m á hæð. Rúmlega 5 m löng hleðsla liggur til vesturs frá suðurhlið tóftarinnar og lægð er fyrir norðan það, mögulega annað hólf.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-079:017** *Lambabyrgishólar* heimild fjárskýli
"Lambabyrgishólar. Smáhólar í vestur frá bæjarheiði," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Nákvæm staðsetning hólanna og mögulegs byrgis er nú týnd en þeir hafa þó líklega sunnan við mógrafir 012. Jón Elías Gunnlaugsson, heimildamaður, vissi ekki hvar Lambabyrgishóla væri að finna né kannaðist við örnefnið.
Svæðið sunnan við mógrafir 012 er gróið og stórþýft. Grónir hraunhólar eru nokkrir, allt að vesturmörkum jarðarinnar og kjarrgróður vex á stöku stað.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 39

**ÁR-079:018** *Stekkatún* tóft stekkur 63°58.111N 20°46.305V
"Stekkatún. Fjárhústóft norðaustur frá Höfðanum [002]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkurinn er 400 m norðan við kvíar 019 og 700 m norðan við bæ 001. Stekkurinn er 20 m austan við malarveg og sést vel frá honum.
Stekkurinn er í stórþýfðu og grónu mólendi. Hraungrýti og klettar standa víða upp úr sverði inn á milli mýrarfláka.







Stekkur 018, horft til austurs.

Stekkurinn er í suðvesturhluta náttúrulegs hóls, í aflíðandi halla til suðurs. Hóllinn er 1,5 m á hæð, 15 m í þvermál og gróinn. Tóftin er 10x6 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 5x2 m að innanmáli og op er á suðurvegg. Veggjahæð er 0,8 m á og veggir eru grónir mosa en

víða sést glitta í grjót. Hólf 2 er norðan við hólf 1 og er óljós dæld. Þetta var líklega króin. Hólfið er 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og algrónir. Ekki sést op á hólfinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 40.

**ÁR-079:019** *Stöðulhóll* örnefni kvíar 63°57.890N 20°46.191V

"Stöðulhóll. Í mýrinni austan við Höfða [002]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Kvíarnar eru 300 m norðaustan við bæ 001 og 170 m austan við Ölvisholtshjáleigu 002. Girðing liggur eftir suðurhlið Stöðulhóls.
Stöðulhóll er í stórþýfðu og grónu mólendi. Náttúrulegir hraunhólar eru víða.
Stöðulhóll er 15 m í þvermál og 1,5 m á hæð. Hann er grasivaxinn, hlíðar hans stórþýfðar og toppurinn flatur. Þar er moldarflag, eflaust tengt ágangi hrossa. Ekki sér til mannvirkja á hólnum en ekki er ólíklegt að mannvist leynist undir sverði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 40.


*Stöðulhóll 019, horft til suðurs.*

**ÁR-079:020** *Torfhóll* örnefni rista

"Torfhóll. Sunnan við Lambabyrgishóla [017]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 segir: "Hætt er kvikfje fyrir fornum torfgröfum, holgryfjulækjum og afætudýjum." Miðað við örnefnalýsingu var Torfhóll við vesturmörk jarðarinnar en þar eru nokkrir grónir hraunhólar og engin ummerki ristu. Ekki reyndist unnt að staðsetja hólinn eða ristuna án frekari heimilda.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 40; JÁM II, 140.

**ÁR-079:021** heimild leið 63°57.429N 20°46.352V

Upphlaðinn vegur eða brú var fyrir sunnan bæjarholtið og lá að Miklaholti. Vegurinn sést einungis þegar hrossum er beitt á þessum slóðum að sögn Jóns Elíasar Gunnlaugssonar. Vegurinn er sýndur á Atlaskorti frá 1906. Þar sést hann liggja vestan við Miklaholt, til norðurs frá Gamla þjóðvegi 621:005. Við norðurenda Miklaholts klofnaði leiðin, annar hlutinn lá áfram til norðurs að bæ 001 en hinn hlutinn fór til norðausturs að Hrygg ÁR-075.
Leiðin liggur í stórþýfðum móa með grónum hraunhólum og blautum mýrardælum.
Að sögn Jóns er vegurinn afar siginn, liggur norður-suður og er tæplega 350 m að lengd. Hann sást ekki þegar svæðið var skráð 2010 vegna mikils gróðurs og hrossum ekki beitt þar. Leiðin er jafnfram horfin í landi Hryggjar
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort nr. 47.

**ÁR-079:022** *Ölver* örnefni 63°57.722N 20°46.771V

"Ölver. Hóll austan við Grafir [011]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Ölver er 320 m vestan við bæ 001 og 250 m vestan við útihús 005.
Hóllinn eru í smáþýfðum og sinuvöxnum móa.
Ölver er hóll sem er rís eins og eyja í flatlendinu. Hann er 2 m á hæð og 20 m í þvermál. Ekki mótar fyrir mannvist á honum en hóllinn er mun grænni en nánasta umhverfi sem og flatur í toppinn. Það bendir eindregið að tóftir séu þar undir sverði. Efst á honum er 5 m langur þúfnabakki en ekki eru þekktar sagnir um legstað í hólnum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 40.


*Ölver 022, horft til VSV.*

**ÁR-079:023** tóft 63°57.442N 20°45.905V



*Tóft 023, horft til austurs.*



Afar sigin og ógreinileg tóft er tæpum 300 m austan við fjárhús 009 og rúmum 650 m SSA við bæ 001. Tóftin er í norðurenda Miklaholts, skammt vestan við Gildruás 013.
Tóftin er í stórþýfðri brekku til norðurs. Hún er á grasivaxinni tungu inn á milli klappa og kletta.
Tóftin er ofarlega í brekkunni, í grónu viki inn á milli kletta. Það er einna helst munur á gróðurfari og þýfðir bakkar sem skera hana frá nánasta umhverfi. Tóftin er um 8x5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hvergi sést glitta í grjót en mosavaxnir og þýfðir bakkar marka útlínur hennar. Bakkarnir eru 0,5 m á hæð. Að innan er tóftin flöt og ekkert þýfi. Op var líklega á vestur- eða til norðurhlið. Tóftin er mosa- og lyngivaxin. Hlutverk hennar er óþekkt.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-079:024** álagablettur þvottastaður 63°57.707N 20°46.426V



*Þvottaklettar 024, horft til suðurs.*

"Þvottaklettar. Fyrir norðan Kvíakletta [014]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Jón Elías Gunnlaugsson, heimildamaður, man eftir frásögn fyrri ábúenda að álfar byggju í kletti á bakvið yngra íbúðarhúsið, (Ölvisholt II) og þar mætti ekki leika sér. Er það líklega sá klettur er nefndur var Þvottaklettar. Kletturinn er rúma 70 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 50 m norðan við kvíar 014.
Þvottaklettar eru í grasivaxinni og smáþýfðri brekku sem hallar til norðvesturs niður af bæjarholtinu.
Á þessum slóðum er einn áberandi klettur og er hann grasivaxinn að ofan. Kletturinn er 1,5 m á hæð og 6 m á lengd. Ekki er ljóst hvort að ullin var þvegin í nágrenninu eða einungis þurrkuð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 40.

**ÁR-079:025** náma mógrafir 63°57.577N 20°46.294V



*Mógrafirnar 025, horft til vesturs.*

Mógrafir eru suðaustan við Bæjarholtið, 300 m sunnan við bæ 001 og rúma 130 m SSV við tóft 016. Mógrafirnar eru sunnan við malarveg og rafmagnsgirðing liggur fast til austurs og suður frá þeim.
Mógrafirnar eru í stórþýfðum og sinuvöxnum móa.
Mógrafirnar eru 50x20 m að stærð snúa austur-vestur. Grafirnar renna mikið saman enn inn á milli mótar fyrir stöku gröf. Þær eru um 2x2 m að stærð, 1 m á dýpt og blautar. Þær sem renna saman eru mun grynnri, eða 0,4 m og grasivaxnar.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-079:026** tóft+garðlag fjárhús 63°57.430N 20°46.066V
Fjárhús og túngarður eru rúma 50 m vestan við sumarbústað í einkaeigu, í norðvesturenda Miklaholts. Beitarhúsin eru rúma 600 m sunnan við bæ 001 og um 850 m sunnan við Höfða 002. Fyrir sunnan þau er afgirtur kartöflugarður, grasivaxið tún til vesturs og nýlegur kofi með torfþaki er um 15 m til ANA.
Beitarhúsin eru í aflíðandi brekku til vesturs. Brekkan er grasivaxin og slétt. Túngarðurinn liggur í smáþýfðu og grasivöxnu túni. Hraungrýti kemur víða upp úr sverði og greinilega lítill jarðvegur hér. Brattir klettar eru um 20

m upp af henni.
Tóftin og garðlagið eru á svæði sem er 70x40 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Beitarhúsin eru 13x8 m að




*Tóft 026A horft til austurs og garðlag 026B horft til norðausturs.*

stærð og snúa austur-vestur. Þau eru í aflíðandi brekku niður norðvesturenda Miklaholts. Tóftinni var gefin bókstafurinn A. Hún snýr austur-vestur, er grasivaxin og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 6x3 m að innanmáli og er inngangur á miðri vesturhlið. Annar inngangur er mögulega á austurhlið en það er óskýrt vegna hruns úr veggjum. Veggirnir eru 0,4-0,8 m á hæð og mest sést glitta í tvenn umför af grjóthleðslu. Veggirnir eru mjög grónir og aðeins sést glitta í grjót. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það var líklega hlaða. Hólfið er 5x2 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Veggir hólfsins eru óskýrir og sjást aðeins hlutar þeirra. Að öðru leyti mótar fyrir útlínum þess sem dældar. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð og sjást mest 3 umför af grjóthleðslu. Annars eru útlínur dældarinnar um 0,5 m áhæð. Túngarður B liggur í vinkil fyrir vestan og sunnan tóftina. Það afmarkaði tún, um 70x45 m að stærð. Túngarðurinn liggur til suðvesturs fyrir norðvestan tóft A og er sú hlið 70 m löng. Malarvegur að sumarbústað liggur fyrir norðan túngarðinn og raskaði líklega þeim enda. Túngarðurinn er 0,4 m á hæð, grasivaxinn og torfhlaðinn. Moldarflög eru komin í hann, mögulega vegna ágangs hrossa. Túngarðurinn beygir til suðausturs og er sú hlið um 40 m löng. Þar er hann signari, eða m 0,3 m á hæð og sést víða glitta í grjót. Trjám hefur verið plantað við austurenda túngarðsins og líklega eftir norðausturhliðinni sem nú er nánast horfin. Þetta er þó óljóst vegna grenitrjánna.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-079:027** heimild brunn 63°57.776N 20°46.275V
Brunnur er merktur á túnakort frá 1918 um 110 m norðaustan við bæ 001, við austurenda traða 004. Brunnurinn er horfinn af yfirborði.
Þar sem brunnurinn var eru slétt tún. Hann var á mörkum óræktaðst og ræktaðst túns, um 15 m vestan við malarveg sem liggur ða bæjum norðar í hreppnum.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-079:028** heimild brunn 63°57.727N 20°46.489V
Á túnakorti frá 1918 er merktur brunnur um 90 m VSV við bæ 001, við vesturenda traða 004. Brunnurinn er horfin af yfirborði.
Brunnurinn var neðan og vestan við holtið sem bær 001 er á. Þar er nú (2010) vélgrafinn skurður til vesturs og tún nýtt til hrossabeitar til annarra átta.
*Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

## ÁR-080 Laugar

1708, 7 hdr., Oddgeirshólakirkjueign. JÁM, 139. 1847, 9 hdr., bændaeign. JJ, 57.

Jarðarinnar er getið í máldaga Oddgeirshólakirkju frá 1397, DI IV, 51-52 og í máldaga sömu kirkju frá 1570, DI XV, 654. Jörðin er í eyði síðan 1980 en í eigu ábúenda á Stóru Reykjum.

1708: "Fóðrast kann iiii kýr, xv ær og x lömb, ii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista lök, stúnga næg. Móskurður hefur verið til eldiviðar, meinast þrotinn. Skógur í almenníngi ut supra. Enginu spillir vatn, sem jetur úr rótina. Vatnsból bregst sumar og vetur." JÁM II, 139.

1918: "Tún: 2.23 ha. Grit fyrir norðausturtúnið ásamt engjum. Ca 65% sljett. Matjurtagarðar 12,26 arar" Túnakort 1918.



**ÁR-080:001** *Laugar* bæjarhóll bústaður 63°57.678N 20°47.836V

Fjögur hús eru merkt á bæjarhól Lauga á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Gamli bærinn var rifinn og sömuleiðis hús sem byggt var árið 1936. Ekki er vitað hvort að það hús var byggt ofan í gamla bæinn eða hvenær hann var rifinn niður. Bæjarhóllinn er austarlega á náttúrulegu holti, 2 m háu og njólabreiða vex austan við hann. Hvergi mótar fyrir mannvirkjum á þessum slóðum. Ekki er búið á jörðinni og hún í eigu ábúenda á Stóru-Reykjum ÁR-081 að mestu. Jörðin fór í eyði árið 1980.



*Bæjarhóll 001, horft til suðvesturs.*

Bæjarhóllinn er nú grasivaxinn og sléttur.

Á austurhluta holtsins sést móta fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum, líklega grunni hússins sem var byggt 1936. Uppsöfnunin sést á um 20x8 m stóru svæði, er 0,2 m á hæð og snýr norður-suður. Uppsöfnunin er einna skýrust til austurs, þar mótar fyrir bakka í grasinu og glittir í einn hleðslustein. Samkvæmt bæjateikningu dönsku landmælingamannanna snéru burstir bæjarins til suðausturs, líkt og á Stóru Reykjum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918; SB II, 485

**ÁR-080:002** heimild kálgarð 63°57.669N 20°47.829V

Kálgarður er merktur fast sunnan og vestan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn var sambyggður bæ 001.

Njóli vex í stórri breiðu þar sem kálgarðurinn var. Þar er nú grasivaxið tún í aflíðandi slakka til austurs niður af náttúrulegu holti, því sama og bær 001 stóð á.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-080:003** þúst útihús 63°57.752N 20°47.687V

Útihús var 180-190 m norðaustan við bæ 001, innan stakstæðs túns, samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Túnið hefur verið sléttað og er grasivaxið. Þúst er þar sem útihúsið var.

Slétt grasivaxið tún er þar sem útihúsið var áður.

Þústin er 13x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er á hrygg, er 0,5 m há og slétt að ofan. Líklegt er að uppsöfnuð mannvistarlög leynist undir sverði á þessum slóðum og mótar fyrir dæld í miðju þústarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.



*Þúst 003, horft til NNV.*

**ÁR-080:004** þúst útihús 63°57.767N 20°47.686V

Útihús var rúma 200 m norðaustan við bæ 001 og 30 m norðan við útihús 003 samkvæmt túnakorti frá 1918, innan stakstæðs túns. Útihúsið var á hólrima og sést þar móta fyrir þúst. Það er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og var líklega byggt eftir það.

Grasivaxið og slétt tún með náttúrulegum hólrima er á þessum slóðum.

Þústin er 15x10 m, 0,4 m á hæð og snýr NNV-SSA. Hún er grasivaxin og slétt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918.



*Þúst 004, horft til SSA.*

**ÁR-080:005** þúst útihús 63°57.778N 20°47.763V






*Þúst 005 og túngarður 028, horft til norðvesturs.*

Útihús er 200 m NNA við bæ 001 og rúma 60 m norðvestan við þúst 004, innan stakstæðs túns, samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Túngarður 028 er um 5 m vestan við útihúsið.
Þústin er í sléttu, grasivöxnu túni, á hólrima.
Grasivaxið þýfi, eða þúst, gefur stærð og staðsetningu útihússins til kynna. Auk þess sjást stöku steinar í austurvegg. Þústin er 20x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,4 m á hæð, grasivaxin og liggur upp að túngarði 028 að vestan.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-080:006** heimild kálgarð 63°57.643N 20°47.934V
Kálgarður eða gerði er merkt utan gamla heimatúnsins, 100 m VSV við bæ 001 og 300 m suðvestan við útihús 004 á túnakort frá 1918. Kálgarðurinn er ekki merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og hefur hann líklega verið gerður síðar.
Slétt og grasivaxið tún er þar sem kálgarðurinn var.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-080:007** tóft útihús 63°57.734N 20°47.750V
Útihús er 120 m norðaustan við bæ 001 og 60 m vestan við útihús 003 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, rétt sunnan við stakstætt tún. Útihúsið var á milli gamla heimatúnsins og stakstæða túnsins. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Tóftin er í grasivöxnu túni. Fyrir austan hana er þýfð órækt í náttúrulegri lægð en annars slétt tún.








*Útihús 007, horft til norðurs og vesturs.*

Tóftin er 10x6 m að stærð, snýr norður-suður og er einföld. Inngangur er á miðri austurhlið og mesta veggjahæð er 2 m. Þakið hefur hrunið yfir vesturhlið tóftarinnar og hún er full af drasli. Mest sjást 4 umför af hraungrýtishleðslu í veggjum en erfitt er að greina innviði tóftarinnar vegna þaksins. Bárujárn og timbur voru í þakinu og líklegt að nýrra útihús hafi verið byggt á grunni þess eldra eftir 1918. Tóftin er gróin að utan. Útihúsið verður fyrir ágangi sauðfjár og rof komið í veggina.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-080:008** *Birgishóll* heimild fjárskýli
"Bingishóll. [Birgishóll] Í suðvestur frá Siggurima [015]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Gísli Hauksson, heimildamaður, kannaðist ekki við þetta örnefni en taldi að umræddur hóll væri nærri Smalaskálaskurði, fyrir sunnan bæ 001. Mjög stórþýft er á þessum slóðum og að Smalaskálaskurði. Gróður á svæðinu er mikill, m.a. Mannhæðarháir víðirunnar og mittishátt gras. Ekki sást til tófar á þessum slóðum en þetta var líklega fjárskýli.
Engin ummerki fjárskýlisins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 20.

**ÁR-080:009** *Grafir* náma mógrafir 63°57.761N 20°47.465V
JÁM II: "Torfrista lök, stúnga næg. Móskurður hefur verið til eldiviðar, meinast þrotinn." " Grafir. Fyrir austan túnið," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar eru 350 m norðaustan við bæ 001 og 180 m austan við útihús 004.
Grasivaxinn og þýfður mói er þar sem mógrafirnar voru.
Í mógröfunum er mikill gróður og ekki reyndist auðvelt að greina þær. Í þýfðum, grónum móanum sáust hins vegar langar lautir sem mögulega gætu markað útlínur mógrafanna. Svæðið er 80x20 m að stærð og snýr norður-suður. Lautirnar eru 0,3 m dýpri og grænni en nánasta umhverfi og liggja í fjórum nokkurs konar rákum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 139; Ö-Hraungerðishreppur, 21.


*Mógrafir 009, horft til vesturs.*

**ÁR-080:010** *Grafhólar* örnefni mógrafir
"Grafhólar. Í norður frá Stekkjarheiði [016]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Gísli Hauksson, heimildamaður, er fæddur á uppalinn á Stóru-Reykjum ÁR-081 og er núverandi eigandi Lauga. Hann kannaðist ekki við örnefnið og ekki var hægt að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 10.

**ÁR-080:011** gata leið 63°58.395N 20°46.929V
Við deiliskráningu sem gerð var í norðurhluta Lauga árið 2007 kom í ljós gata. Malarplan, austan við íbúðarhús sem er nú í byggingu, fer yfir hluta götunnar og mikið jarðrask átt sér stað á þessum slóðum.
Gata liggur yfir stórþýfðan og sinuvaxinn móa.
Í skýrslu sem gerð var við deiliskráningu 2007 segir: "Leiðin er mjög greinileg og eru sum staðar 2-4 troðningar sem markast greinilega í jarðveginn. Leiðin liggur í átt að veginum að Brúnastöðum [ÁR-074]. Hefur líklega verið notuð lengi." Greinilegt er að gatan hefur verið notuð undir vélknúin farartæki, hjólför eru greinileg í henni. Gatan er 2,5 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Leiðin liggur austur-vestur, á milli fyrrnefnds malarvegar og að merkjum Stóru-Reykja til vesturs. Þetta er líklega engjavegur.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** MH: Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Stóru-Reykja/Lauga í Flóahreppi, 13

**ÁR-080:012** *Kirkjurimi* örnefni leið
"Kirkjurimar. Í austur frá Oddnýjarhól við Brúnastaðamörk [ÁR-074]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Kirkjurimar vísa líklega á leið sem hefur legið til kirkju í Oddgeirshólum ÁR-071:002. Samkvæmt örnefnaskrá eru Kirkjurimar nyrst í landi Lauga, ekki er vitað hvar nákvæmlega. Ekki reyndist hægt að staðsetja leiðina án frekari upplýsinga.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 21.

**ÁR-080:013** *Laugin* laug brunnur 63°57.617N 20°47.989V
"Laugin. Volgur brunnur í suður frá túninu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Laugin, eða brunnurinn, er 170 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 60 m suðvestan við kálgarð 006. Að sögn Gísla Haukssonar, heimildamanns, er brunnurinn 1,5 m í þvermál og hlaðin



*Brunnur 013, horft til austus og séð ofan í hann.*

stétt umhverfis hann.  Rúma 25 m til austurs frá brunninum er skurður með heitu vatni og er borhola við norðurenda hans.  Brunnurinn sker sig vel úr umhverfi sínu sökum mikils gróðurs umhverfis hann.
Brunnurinn er í sléttu og grasivöxnu túni.
Mikið gras er umhverfis brunninn, sem 5 m í þvermál. Grjóthleðsla er umhverfis brunninn og glittir í hana í grasinu án þess að greina megi skýr umför.  Brunnurinn sjálfur er 1 m í þvermál og hlaðinn. Hann er um 2 m djúpur (að vatnsyfirborði) og sjást 5 umför af grjóthleðslu í honum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 21.

**ÁR-080:014** *Vaðhóll* örnefni vað 63°57.392N 20°48.253V
"Vaðhóll. Suður frá Steinbogaholti við Smalaskálaskurð," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Vaðið var líklega á götu ÁR-621:003, sem lá á milli Lauga og Hraungerðis ÁR-039. Vaðhóll er 650 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 400 m austan við tóft 022. Á þessum slóðum eru nokkrir, lágir hólar en ekki er vitað hver þeirra er Vaðhóll.  Vaðið sjálft hvarf við gerð Smalaskálaskurðar.
Smalaskálaskurður er 2,5 m á breidd, djúpur og rennur til norðvesturs á þessum slóðum. Svæðið stórþýft og erfitt yfirferðar vegna kjarrgróðurs, stórþýfis og grass.
Engin ummerki vaðs eða -hóls sjást lengur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 21.

**ÁR-080:015** *Siggurimi* gerði kálgarður 63°57.616N 20°48.060V





*Tóft 015, horft til norðvesturs.*

"Siggurimi.  Fyrir vestan laugina [013], þar er kálgarður en þar á að hafa verið bær til forna, riminn er kenndur við konu er þar bjó," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Siggurimi er 220 m vestan við bæ 001 og rúma 60 m vestan við brunn 013. Fyrir austan, norðan og vestan kálgarðinn eru kartöflugarðar og fóðurkál ræktað.
Slétt, grasivaxið tún er fyrir sunnan kálgarðinn en nýrri kál- og kartöflugarðar fyrir norðan, austan og vestan.
Kálgarðurinn er 25x25 m að stærð. Hann er opin til suðurs og hraungrýti er í veggjum hans. Ekki er um eiginlegar hleðslur að ræða, grjótinu var hrúgað saman við jarðvegshreinsun. Veggjahæð er mest 1 m en erfitt að skoða þá vegna gróðurs. Veggir kálgarðsins eru grónir sem og allt nánasta umhverfi þeirra. Ekki sést til annarra tófta á svæðinu.
**Hættumat:** hætta ræktunar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 21.

**ÁR-080:016** *Stekkjarheiði* tóftir stekkur 63°58.108N 20°47.528V








*Tóft 016A horft til norðvesturs og tóft 016B horft til suðausturs.*

"Stekkjarheiði. Í norður frá Valhöll (017], nú næstum komin í tún," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkurinn er tæpa 850 m NNA við bæ 001 og 500 m suðvestan við heystæði 027, á svokölluðum Langarima.
Tóftirnar eru í þýfðu mólendi.
Stekkjartóftirnar eru tvær og á milli þeirra er garðlag. Minjasvæðið er 30x12 m stórt og snýr austur-vestur. Var mannvirkjunum þremur gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er vestar. Hún er 11x7 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og er op á suðurhlið hennar. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og mest sjást 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Tóft B er austar. Hún er 16x8 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er austar og er 8x4 m að innanmáli. Veggirnir eru 2 m á hæð og er strengjahleðsla úr torfi merkjanleg á milli grjóthleðslu (sem eru 6 umför). Op er á austurhlið og garði meðfram norðurhlið. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 6x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggjahæð er 1,5 m og sjást 3 umför af hleðslu í þeim. Op er á suðurhlið og þýfður bakki liggur eftir hólfinu endilöngu, mögulega garði. Gólfið er dýpra í norðurhlutanum og sem bendir til hlöðu. Á milli tóftanna er um 6 m langt garðlag. Það er grjóthlaðið, 0,4 m á hæð og sjást mest tvö umför af grjóti í því. Tóft A voru líklega fjárhús, lögun hennar og gerð bendir til þess.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 21.

**ÁR-080:017** *Valhöll* heimild bústað 63°57.761N 20°47.773V
"Valhöll. Lítill grjóthóll í suður frá Stekkjarheiði [016] við ærhústún, þar var bær til forna. Til skamms tíma hefur sést fyrir brunni og tóftum en er nú komið í tún," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Gísli Hauksson, heimildamaður, taldi líklegt að Valhöll væri við kartöflukofa frá 20. öld, innan skakstæðs túns. Þar eru grjótleifar, bæði til austurs og norðurs. Valhöll var rúma 150 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 30 m suðvestan við útihús 005.
Slétt og grasivaxið tún er þar sem Valhöll var.
Engin ummerki Valhallar sjást á yfirborði en líklegt að stakstæða túnið sem sést á túnakortunum sé fyrrnefnt Ærhústún og það dragi nafn sitt af einhverju útihúsanna sem voru skráð innan þess.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 21.

**ÁR-080:018** *Kerlingavarða* heimild
Örnefnið Kerlingavarða er á lista yfir örnefni í landi Lauga. Gísli Hauksson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið né um vörðu í landi Lauga. Við skráninguna sást hvergi til vörðu og er staðsetning hennar týnd.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Laugar, 1.

**ÁR-080:019** garðlag 63°57.785N 20°47.668V
Garðlag liggur fyrir norðan og austan gamla heimatúnið. Tilgangur þess er óljós, e.t.v. vörslugarður eða túngarður.
Garðlagið liggur í sléttu og grasivöxnu túni til vesturs og fer til austurs yfir í stórþýfðan, grasivaxinn móa.
Garðlagið sést á rúmlega 450 m löngum kafla. Það liggur til suðausturs fyrir norðan útihús 004 og 005, þ.e. fyrir norðan "stakstæða túnið". Sunnan við mógrafir 009 beygir garðlagið til austurs og liggur að Aðalskurði Flóaáveitunnar. Vélgrafinn skurður liggur samsíða áveituskurðinum og sker það í tvennt. Garðlagið er grjóthlaðið, úr hraungrýti og sjást mest 2 umför af hleðslum sjást því. Það er hæst 0,3 m í lægð sem garðlagið liggur þvert á. Það er 1 m á breidd. Garðlagið er grasivaxið og ógreinilegt á köflum í stórþýfinu. Svo virðist sem girðing hafi verið á garðlaginu, einn og einn staur sést ennþá skjóta kolli upp úr sverði.



*Garðlag 019, horft til vesturs.*

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-080:020** þúst útihús 63°57.786N 20°47.737V
Þúst er rúma 210 m norðaustan við bæ 001 og 30 m vestan við útihús 005. Telja verður mjög líklegt að þar leynist mannvist undir sverði. Hvorki er sýnt mannvirki á þessum stað á túnakorti frá 1918 né bæjarteikningum dönsku landmælingamannanna. Þústin er innan stakstæða túnsins, sem áður var minnst á.
Þústin er í grasivöxnu og sléttu túni.





*Þúst 020, horft til NNV.*

Þústin er 8x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Suðurhlið hennar er brött og 0,4 m há, líkust vegg. Hvergi sést þó glitta í grjót. Þústin er grasivaxin og brött. Þetta er líklega veggjarbrot. Hún er slétt að ofan og fjarar síðan út til hinna áttana. Allar minjar innan heimatúna fá hlutverkið útihús vegna nálægðar við bæ 001.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-080:021** heimild öskuhaug 63.57.699N 20°47.869V
Þegar núverandi eigendur Lauga keyptu jörðina um 1990 var ráðist í tiltekt á bæjarholtinu. Hús byggt 1936 var rifið og sléttað úr öðrum ójöfnum með jarðýtu. Í vesturhluta bæjarholtsins var líklega komið niður á öskuhaug. Þetta vekur upp spurningar um hvort að bærinn hafi verið þar á einhverjum tímapunkti. Gísli Hauksson, heimildamaður, mundi ekki nákvæmlega hvar þetta var, í norðvesturhorni holtsins um það bil. Öskuhaugurinn er 50 m norðan við bæ 001 og rúmum 160 m suðvestan við útihús 005.
Slétt, grasivaxið tún er uppi á holtinu.
Engin ummerki öskuhaugsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-080:022** tóft+garðlag fjárhús 63°57.588N 20°47.951V






*Tóft 022A horft vesturs og garðlag 022B, horft til norðvesturs.*

Tóft og garðlag eru 200 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 60 m sunnan við brunn 013. Lag tóftarinnar bendir til þess að hún sé fjárhús.
Tóftin og garðlagið eru í vesturhluta gróins túns og liggur skurður frá borholu um 20 m til vesturs frá henni. Órækt er umhverfis tóftina en annars slétt, grasivaxin tún.
Tóftin og garðlagið eru á svæði sem er 16x11 m og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftinni var gefinn bókstafurinn A til aðgreiningar. Hún er 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld og þakið hrunið ofan í hana. Það var gert úr timbri og bárujárni. Veggirnir eru 2 m á hæð og rétt glittir í steina að utan. Að innan sést mest í 5 umför af grjóthleðslu. Tóftin er opin til austurs og annar inngangur er á vesturhlið. Líklega var timburþil til austurs. Garðlag B liggur 4 m fyrir norðan tóftina og sveigir í átt að henni í báðum endum. Það er grjóthlaðið, 0,4 m á hæð og mest sjást 3 umför grjóthleðslu í því. Mögulegt er að tóftin hafi verið fjárhús með sambyggðu aðhaldi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-080:023** tóft rétt 63°58.297N 20°46.202V



*Rétt 023, horft til austurs.*



Við deiliskráningu sem gerð var árið 2007, norðaustarlega innan gamla heimalands Lauga, fannst grjóthlaðin rétt við aðalskurð Flóaáveitunnar. Réttin er tæpa 1,8 km austan við bæ 001 og tæpa 1,2 km suðaustan við stekk 016. Tóftin er gerð á 20. öld, austurhlið hennar er hlaðin upp á ruðning skurðarins. Hún er þó skráð með fornleifum vegna forns byggingarlags.
Tóftin er í stórþýfðu og

grasivöxnu mólendi. Hraunvellir koma upp úr sverði og jarðvegur mjög þunnur.
Í skýrslu um deiliskráninguna segir: "Um 20 m suður af Snuggshól sem er nokkuð háir klettar og eru landamerki og fast við uppmokstur við stóra vélgrafna skurðinn frá gömlu Flóaáveitunni er hlaðin tóft [...] Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og er 4 x 7 m að innanmáli og mjög heilleg. Op er í suður. Hleðsluhæð er um 40 cm og breidd hleðs[n]a um 1 m. Líklegt er að þetta sé fjárrétt." Ekki er útilokað að réttin sé gerð í tengslum við Flóaáveituna.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** MH: Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Stóru-Reykja/Lauga í Flóahreppi, 12

**ÁR-080:024** náma mógrafir 63°58.488N 20°46.493V
Við deiliskráningu sem gerð var árið 2007, í nyrsta hluta Lauga, fundust mógrafir. Þær eru tæpum 1,9 km norðaustan við bæ 001 og 400 m norðan við rétt 023. Mógrafirnar eru rúmum 50 m norðaustan við malarveg sem var lagður eftir 2007, að húsi sem er í byggingu.
Mógrafirnar eru í stórþýfðum, grasivöxnum móa. Grónir hraunvellir og -hólar eru á stöku stað.
Í deiliskráningarskýrslunni segir: "Um 50m suð-austur af stórum skurði sem liggur yfir mitt deiliskráningarsvæðið er djúp laut [...] Svæðið er um 1-1/2 meter á dýpt og um 8 metrar á breidd og 20 metrar á lengd og mjög reglulegt. Bendir allt til að þarna sé um að ræða mógröf og eru fleiri minni á svæðinu." Ekki sást til minni grafanna vegna gróðurs þegar svæðið var skráð 2010.


*Mógrafir 024, horft til SSV.*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** MH: Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Stóru-Reykja/Lauga í Flóahreppi, 14

**ÁR-080:025** garðlag landamerki 63°58.315N 20°46.145V
Við deiliskráningu sem gerð var 2007 var skráður landamerkjagarður á merkjum Lauga og Brúnastaða ÁR-074. Landamerkjagarðurinn sést á 200 m kafla og liggur til vesturs frá skurðruðningi aðalskurðar Flóaáveitunnar. Um 10 m austan við ristarhlið á malarvegi að Brúnastöðum er gaddavírsgirðing ofan á garðinum. Um 3 m austan við garðinn er annar eldri garður (sjá 074:021) en núverandi merkjagirðing er um 20 m sunnar.
Garðurinn hlykkjast austur-vestur yfir þýft og gróið mólendi.
Í deiliskráningarskýrslunni segir: " Garðurinn liggur N-S og markar landamerki Brúnastaða og Stóru-Reykja. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er um 80 cm hár og um 1/5-1m að breidd. Garðurinn heldur áfram í norður lengra en deiliskipulagsreiturinn nær og í suður rétt þar sem deiliskipulagslínan fer yfir heimreiðina að Brúnastöðum beygir garðurinn í SV og endar við Flóaáveituskurð." Þrenn umför af grjóthleðslu sjást í garðinum og sést hann á um 450 m löngum kafla. Landamerkjagarðurinn liggur yfir skurðruðning aðalskurðar Flóaáveitunnar og því hlaðinn eftir 1920. Hann er skráður með vegna forns byggingarlags.


*Landamerkjagarður 025, horft til vesturs.*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** MH: Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Stóru-Reykja/Lauga í Flóahreppi, 14-15

**ÁR-080:026** garðlag 63°58.337N 20°47.145V
Árið 2007 var skráð garðlag innan deiliskipulagsreits nyrst í landi Lauga. Nú [ágúst 2010] er svæðið mjög gróið og ekki sást til garðlagsins. Verður því lýsing úr deiliskráningarskýrslunni frá 2007 látin duga: " Um 26 m SA af tóftunum tveimur[3] [sjá 027] er hugsanlega garðlag [...] Ekki er fullvíst að um garðlag sé að ræða þar sem þetta stórþýfða umhverfi virðist mynda ótrúlega beinar línur en þetta vekur athygli líka vegna þess að gróður er aðeins frábrugðin þeim sem eru á þúfunum í kring en mun meiri mosi er á hinum meinta garði. Garðlagið virðist byggt í sveig við grjóthæðina sem fjárhús [sjá heystæði 027] eru á. Garðurinn er um 1 m á hæð og 50 cm á breidd."
Garðlagið er í stórþýfðum, grasivöxnum móa með grónum hraunhólum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** MH: Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Stóru-Reykja/Lauga í Flóahreppi, 13

**ÁR-080:027** tóftir heystæði 63°58.331N 20°47.185V
Í deiliskráningu sem gerð var árið 2007 í landi Lauga fundust tvær tóftir, líklega mó- eða heystæði. Tóftirnar eru 1,3 km norðaustan við bæ 001 og 500 m norðaustan við stekk 016.

Tóftirnar eru í stórþýfðum, grasivöxnum móa með grónum hraunhólum.
Tóftirnar eru á svæði sem er 10x7 m og snýr norður-suður. Í deiliskráningarskýrslunni segir: "Tóftirnar standa á svæði sem stendur nokkuð hærra en landið í kring og myndar einskonar eyju frá hinu þýfða umhverfi [...] Tóftirnar tvær eru samsíða og eru um 3 m á milli þeirra. Þær snúa austur-vestur með op í vestur. Nokkuð hrun úr veggjum er inní tóftunum og er innanmál þeirra um 1 m." Tóftirnar eru eins að gerð og lögun. Þær eru um 6x1 m að stærð, grjóthlaðnar og veggirnir eru 0,5 m á hæð. Tóft A er austar. Hún er 6x1 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar og er 3x1 m að innanmáli. Hólf 2 er norðar og er 2x1 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru 0,4 m að hæð og vaxnir mosa og hvítum skófum. Hvergi sést móta fyrir opi í tóftinni. Tóft B er vestar. Hún er 6x1 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er norðar og er 3x1 m að stærð. Hólfið er opið til norðurs. Hólf 2 er um 2x1 m að stærð. Veggirnir eru 0,3 m að hæð og grjótið vaxið skófum og mosa.



*Heystæði 027A og B, horft til norðurs.*




**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** MH: Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Stóru-Reykja/Lauga í Flóahreppi, 12-13

**ÁR-080:028** garðlag túngarður 63°57.783N 20°47.768V



*Túngarður 028, horft til norðvesturs.*

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýndur túngarður umhverfis stakstætt tún, NNA við heimatúnið. Grunn laut er á milli þessara túna sem saman mynduðu heimatún Lauga. Túngarðurinn sést enn 5 m vestan við útihús 005.
Túngarðurinn er í sléttu, grasivöxnu túni, á hólrima.
Túngarðurinn er horfinn nema á stuttum kafla vestan við túnið. Þar er hann 20 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Túngarðurinn er 0,4 m á hæð, 2 m á breidd og sjást mest tvenn umför af grjóthleðslu í honum. Til norðurs er 1 m hár bakki niður á grasivaxið tún og moldarflag ofan á túngarðinum. Hann afmarkaði um 150x100 m stórt svæði sem sneri norður-suður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-080:029** heimild brunn 63°57.669N 20°47.843V
Brunnur er sýndur á túnakorti frá 1918 við suðvesturhorn bæjar 001. Brunnurinn er ekki sjáanlegur á yfirborði og líklega verið fyllt upp í hann.
Slétt grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Engin ummerki brunns sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-080:030** heimild leið 63°57.710N 20°47.798V
Leið frá bæ 001 og til norðausturs að útihúsum 003-005 er sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Leiðin lá til norðausturs, niður bæjarholtið, yfir mýri og upp á lægra "holt" eða rima þar sem útihúsin eru innan stakstæðs túns.
Slétt, framræst og ræktuð tún eru á þessum slóðum.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918

**ÁR-080:031** heimild traðir 63°57.675N 20°47.832V

Traðir eru sýndar liggja til suðausturs frá bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Traðirnar lágu frá bæ 001 og þvert í gegnum kálgarð 002 og niður af holtinu sem bærinn var á.

Slétt grasivaxið tún er þar sem traðirnar lágu áður.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918

## ÁR-081 Stóru Reykir

1708, 40 hdr., Oddgeirhólakirkjueign. JÁM, 138. 1847, 15 hdr., bændaeign. JJ,57.
Jarðarinnar er getið í máldaga Oddgeirshólakirkju frá 1397, DI IV, 51-52 og í máldaga sömu kirkju frá 1570, DI XV, 654.
1708: "Fóðrast kann vi kýr, xx ær, xx lömb, iiii hestar. Öðrum hestum burt komið til hagagöngu og so nautum stundum komið í fóður. Afrjett ut supra. Torfrista mjög lök, stúnga næg. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast eyddur. Skógur til kolgjörðar í almenníngi ut supra. Túninu grandar grjótsuppgángur, en engjunum vatn, sem jetur úr rótina, eru þær og mjög svipular til heyskapar í votviðrum. Hætt er kvikfje fyrir árflóðum. Vatnsból bregst sumar og vetur til stórmeina." JÁM II, 138.
1918: "Tún: 3.00 ha. Girt með gaddavír. Ca 90% sljett. Nátthagi: 0.3 ha. Matjurtagarðar: 11.24 arar" Túnakort 1918.



Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918.

**ÁR-081:001** *Stóru Reykir* bæjarhóll bústaður 63°57.912N 20°48.334V
Fjögur hús eru merkt á bæjarhól Stóru-Reykja á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Eldra íbúðarhúsið, byggt 1936, stendur sunnan til á holti sem er eina mishæðin á stóru mýrarsvæði. Steinsteypt útihús eru norðan við íbúðarhúsið en yngra íbúðarhús er á sléttlendi um 100 m NNV við. Burstir gamla bæjarins snéru til austurs, í átt til Lauga ÁR-080. Slétt malarplan er fyrir vestan og norðan eldra íbúðarhúsið en annars gróin, sléttur bakgarður með trjágróðri.
2-3 m hár hóll, bratt upp á hann að norðan og vestan en aflíðandi að sunnan og einkum austan.
Íbúðarhúsið frá 1936 er byggt á grunni hlöðu sem brann. Áfast við hana (að austan) var gamli bærinn. Þar er nú malarplan.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-081:002** heimild kálgarð 63°57.907N 20°48.320V
Kálgarður er merktur fast ASA við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1918. Kálgarðurinn var tæpa 2 m ASA við bæ 001 og var í austurhlíð holtsins sem bærinn stóð á. Traðir 005 lágu á milli bæjarins og kálgarðsins.
Kálgarðurinn var í austurhlíð náttúrulegs holts. Þar er nú grasivaxið tún í halla til austurs.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-081:003** heimild útihús 63°57.948N 20°48.418V
Útihús var 90 m norðvestan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið var á miðjum hólrima, norðvestan við blauta mýrardæl sem sést á bæjarteikningunni. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Hólriminn er grasivaxinn og nýttur til sláttar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði en með góðum vilja er hægt að greina litla dæld, um 5x3 m að stærð í norðausturhlið hans.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-081:004** heimild útihús 63°57.922N 20°48.428V
Útihús var rúmum 70 m vestan við bæ 001 og 50 m suðvestan við útihús 003 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Íbúðarhús, byggt eftir 1980, er 20 m til NNV og blaut mýrardæla fast austan við. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og líklega fallið úr notkun þá.
Þar sem útihúsið var er nú slétt og grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-081:005** heimild traðir 63°57.904N 20°48.325V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr vestri og áfram til austurs á túnakort frá 1918. Hún lá milli bæjarhúsanna og kálgarðs 002, þvert yfir bæjarhólinn.
Þar sem heimreiðin lá er nú grasivaxið tún.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-081:006** heimild útihús 63°57.929N 20°48.243V
Útihús er sýnt innan stakstæðs túns, 80 m austan við bæ 001 og 150 m suðaustan við útihús 003 á túnakorti frá 1918. Hvorki útihúsið né túnið eru sýnd á bæjarteikningu dönsku landmælingamannanna frá 1906 og líklega gerð eftir þann tíma. Á túnakorti segir að 0,3 ha séu nátthagi og hugsanlegt að það sé hann á kortinu.
Mörk slétts, grasivaxins túns til norðurs og malarvegar til suðurs.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-081:007** heimild kálgarð 63°57.917N 20°48.318V

Kálgarður er sýndur fast norðaustan við bæ 001 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Hann var sambyggður bæjarhúsunum og líklega fallinn úr notkun þegar túnakortið er gert 1918.

Þar sem kálgarðurinn var er nú grasivaxið tún.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-081:008** *Efri-Smalaskáli* þúst smalakofi 63°58.194N 20°50.519V



Smalaskáli 008. horft til suðvesturs.




"Efri-Smalaskáli. Hóll í Sorta í suður frá Geldingaborg [071:014]" segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Efri-Smalaskáli er tæpa 1,9 km VNV við bæ 001 og 1,4 m ANA við Miðvörðu 014.

Stórþýft en jafnframt slétt mólendi er umhverfis Efri-Smalaskála. Blautar dælar eru víða.

Efri-Smalaskáli er hóll á nokkurs konar "eyju" í mýri sem kallast Sorti. Eyjan eða riminn er 1 m á hæð og stórþýfður. Hóllinn er 20 m í þvermál, 1,5 m á hæð, grasivaxin og stórþýfður. Hann er líklega náttúrulegur en afar líklegt er að uppsöfnuð mannvistarlög séu efst á honum. Þar mótar fyrir þúst sem snýr norður-suður. Hún er 4x3 m að stærð og opin til norðurs. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og grasivaxnir. Hvergi sést glitta í grjót.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 31.

**ÁR-081:009** *Grafir* náma mógrafir 63°57.851N 20°48.557V



Mógrafir 009, horft til NNV.

JÁM II: "Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast eyddur." "Grafir. Í suðvestur frá bænum," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar eru 200 m vestur frá bæ 001 og rúmum 150 m suðvestan við útihús 004.

Mógrafirnar eru í sléttu og grasivöxnu túni.

Mógrafirnar eru 20x15 m að stærð, snúa austur-vestur og eru egglaga. Ekki sést móta fyrir einstökum gröfum enda svæðið grasivaxið. Greinilegt er að jarðvegur er samt rakari í mógröfunum en svæðinu í kring. Bakkar mógrafanna eru 0,4 m þar sem þeir eru hæstir. Líklega var fyllt upp í mógrafirnar og hluti þeirra mögulega komin undir ræktað tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM II, 138; Ö-Hraungerðishreppur, 31.

**ÁR-081:010** *Grænatóft* tóft beitarhús 63°58.059N 20°48.687V



Grænatóft 010, horft til norðurs.




"Grænatóft. Norðvestur frá bænum, þar er nú sauðahús," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Grænatóft er 400 m NNV við bæ 001 og 220 m norðvestan við rétt 018. Tóftin er í norðvesturhorni grasivaxins túns, gaddavírsgirðing er fast vestan og norðan við hana.

Tóftin er í grasivöxnu og sléttu túni. Gróið mólendi er norðan og vestan við hana.

Tóftin snýr norður-suður og er grasivaxin. Jarðvegurinn hækkar upp að veggjum tóftarinnar og uppsöfnun mannvistar þar greinileg. Tóftin er 10x5 m að stærð og skiptist í tvö

hólf. Hólf 1 er sunnar. Veggjahæðin er 1,1 m á hæð og sjást mest 7 umför af hraungrýtishleðslu. Líklegt er að strengur sé á milli þeirra. Inngangur er á suðurhlið og annar á þeirri nyrðri, inn í hólf 2. Hann er nú hruninn. Ekki sést til garða í hólfinu, sem er stórþýft að innan. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Þar er einn inngangur, úr hólfi 1 sem áður var lýst. Hólfið er stórþýft að innan og talsvert hefur einnig hrunið af grjóti úr veggjum. Einungis sjást tvenn umför af grjóthleðslu þar en grunnflötur hólfanna virðist samt vera í svipaður. Veggirnir eru 1 m á hæð. Glittir aðeins í hraungrýti í veggjum gegnum gras og þúfur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 31.

**ÁR-081:011** heimild brunn 63°57.923N 20°48.364V
Brunnur var 30 m norðvestan við bæ 001 og 50 m austan við útihús 004 samkvæmt Gísla Haukssyni, heimildamanni. Brunnurinn var á austurbakka tjarnar sem nú er grasivaxinn.
Grasivaxið og slétt svæði er þar sem brunnurinn var.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði og líklega var fyllt upp í hann.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-081:012** *Litla-Þorbjarnartóft* heimild
"Litla-Þorbjarnartóft. Í norðvestur frá Tvíþúfuhól," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Miðað við lýsingar í örnefnaskrá var Litla-Þorbjarnartóft fyrir norðan Grænutóft 010 og sunnan Stóru-Þorbjarnartóft 015. Skrásetjari gekk yfir svæðið án þess að sjá tóft og ekki tókst því að staðsetja minjastaðinn. Gísli Hauksson, heimildamaður, kannaðist ekki við tóft á þessum slóðum.
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 32.

**ÁR-081:013** *Kirkjudælar* örnefni leið 63°58.744N 20°48.905V
"Kirkjudælar. Í norður frá Sveinbjarnardæl," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Kirkjudælar eru 1,6 km NNV við bæ 001 og tæpa 350 m NNA við Miðvörðu 014. Kirkjudælar eru 4 dælar, nyrst í landi Stóru-Reykja. Gísli Hauksson, heimildamaður, vissi ekki til tófta né annarra mannvirkja á þessum slóðum eða af hverju örnefnið er dregið. Líklegt er að dælarnar dragi nafn sitt að leið til kirkju 071:002 í Oddgeirshólum. Skrásetjari skoðaði Kirkjudælar án þess að sjá ummerki leiðar eða mannvirki þar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 32.

**ÁR-081:014** *Miðvarða* heimild samgöngubót 63°58.580N 20°49.081V
"Miðvarða. Í norður frá Stóru-Þorbjarnartóft [015], sunnan við Oddgeirshólaveg [malarvegur]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Varðan er 1,4 km norðan við bæ 001 og rúma 950 m norðvestan við Grænutóft 010. Varðan var á suðausturbakka blautrar dælar en er nú horfin.
Varðan var í grónu mólendi og stutt er niður á hraungrýti.
Varðan er horfin, þar sem hún stóð er uppgróinn hraunhóll og þar er nú einungis lág og grasivaxin hundaþúfa. Varðan var mögulega vegvísir á leið 017.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 32.

**ÁR-081:015** *Stóra-Þorbjarnartóft* tóft beitarhús 63°58.397N 20°48.993V
"Stóra-Þorbjarnartóft. Norðvestur frá Litlu-Þorbjarnartóft [012]," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Tóftin er 1 km norðan við bæ 001 og 350 m sunnan við Miðvörðu 014. Tóftin er 10 m norðaustan við náttúrulega dæl.
Tóftin er í smáþýfðu og grónu mólendi. Þar er mikið um mosa.
Tóftin er sigin og er efst á grónu hólbarði. Hún er 8x3 m að stærð, snýr norður-suður og er einföld. Veggirnir eru signir, einungis 0,3 m á hæð. Þeir eru alveg grónir og hvergi glittir í grjót. Tóftin er opin til suðurs og ekki mótar fyrir öðrum tóftum í nágrenninu. Stærð og byggingarlag tóftarinnar bendir einna helst til að hún sé beitarhús.
**Hættumat:** engin hætta





*Tóft 015, horft til norðurs.*

**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 32.

**ÁR-081:016** tóftaþyrping beitarhús 63°58.447N 20°47.702V



*Tóft 016A horft til norðurs, tóft 016B horft til norðurs og garðlag 016C horft til norðausturs.*

"Torfhóll [020]. Norður frá Grænhól, þar eru sauðahús," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Sauðahúsin eru 1,1 km NNA við bæ 001 og tæpa 900 m norðaustan við rétt 018. Sauðahúsin eru byggð í suðurenda Torfhóls sem er 50 m í þvermál og er stórþýfður og grasivaxin hólrimi.
Gróið mólendi með hraunhólum og dælum er umhverfis tóftirnar.




Tvær tóftir og tvö garðlög eru á svæðinu sem er 50x40 m að stærð og snýr NNV-SSA. Var hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er norðvestast. Hún er 13x11 m að stærð, snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er norðvestar. Það er 7x4 m að innanmáli og er op á norðurhlið. Veggir hólfsins eru 0,,5 m á hæð og mest sjást 4 umför af grjóthleðslu í þeim. Hólfið er grasivaxið að innan og var líklega rétt eða aðhald. Hólf 2 er norðaustan við hólf 1. Það er 8x4 m að innanmáli og er op á miðri suðurhlið. Norðurhluti hólfsins var hlaða, gólfið þar er 0,3 m lægra en til suðurs. Veggir hólfsins eru 0,8 m á hæð og sjást mest 5 umför af grjóthleðslu í þeim. Ekki er innangengt á milli hólfanna. Tóft B er 30 m fyrir suðaustan tóft A. Hún er 6x1 m á hæð, snýr norður-suður og er einföld. Veggjahæð hennar er 0,3 m og eitt umfar af hraungrýtishleðslu sést í þeim. Tóftin var líklega mó- eða heystæði. Garðlag C liggur til ASA frá suðausturhorni tóftar A. Það er rúmlega 15 m langt, 0,6 m á hæð og 0,5 m á breidd. Það er grjóthlaðið og sést glitta í hleðslu í grassverðinum. Hleðsla D er rúmum 5 m fyrir suðaustan tóft A. Hún liggur norðaustur-suðvestur og var eflaust lengri í báðar áttir, þýfður bakki er hér nú og brekka niður til suðausturs. Hleðslan er 5 m að lengd og 0,5 m á hæð. Hún er gróin en það glittir í grjót á stöku stað. Mögulega var hún hluti af rétt eða aðhaldi fyrir sunnan tóft A.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 32.

**ÁR-081:017** gata leið 63°58.612N 20°49.090V



*Leið 017, horft til austurs.*

Gamlar götur sjást hlykkjast austur-vestur í þýðu, grónu mólendi austan við malarveg sem liggur að Oddgeirshólum ÁR-071 og Austurkoti ÁR-073. Gatan sést allt frá núverandi malarveg frá Stóru-Reykjum og til norðurs að Kirkjudælum 013. Líklega lá hún að Oddgeirshólum frá bæjum sunnar í flóanum.
Gatan liggur í grónu stórþýfðu mólendi.
Gatan hlykkjast norður-suður milli Kirkjudæla 013 til norðurs og grasivaxins túns að sunnan. Hún sést á 1,3 km löngum kafla, er 2-3 m á breidd og dýpst um 0,3 m. Þetta var líklega rudd lestargata en mest sjást tvær grónar rásir í henni. Gatan er þýfð og mosavaxin en greinileg í mólendinu.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-081:018** hleðsla rétt 63°58.033N 20°48.402V

Fjárrétt er 230 m norðan við bæ 001 og rúmum 150 m norðan við útihús 003. Bárujárnsklætt fjárhús afmarkar austurhlið réttarinnar en það var að öllum líkindum byggt seinna.

Réttin er á mörkum grasivaxinna túna til suðurs og vesturs og gróins móa til norðurs.

Réttin er 14x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestur- og norðurveggurinn grjóthlaðnir. Fjárhús markar austurhlið réttarinnar og timbur þá syðri. Í grjóthlöðnu veggjunum sjást mest 6 umför af hraungrýtishleðslu og eru þeir 1,1 m á hæð. Í miðri réttinni er timbur sem skiptir henni í tvö hólf, líklega nýlegt.



*Rétt 018, horft til suðurs.*




**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-081:019** heimild kartöflukofi 63°57.912N 20°48.364V

Tæpum 30 m vestan við bæ 001 og 25 m sunnan við brunn 011 stóð kofi, við blauta tjörn/dæl. Kofinn var upphaflega notaður sem ískofi en á síðari árum nýttur sem kartöflugeymsla. Ís var tekin á vetrum í tjörninni og settur í kofann. Þar var mjólkin síðan kæld yfir sumartímann. Gísli Hauksson, heimildamaður, vissi ekki hvenær tóftin var byggð en hún var gömul að hans sögn. Kofinn var 20 m suðvestan við bílaplan sem gert var á bæjarhólnum, fyrir neðan brekku niður af bæjarholtinu.

Það sem kofinn var er nú slétt grasivaxið tún.

Kofinn var 6x4 m að stærð og snéri norðvestur-suðaustur. Hann var niðurgrafinn, einungis 0,5 m frá yfirborði að dyrum. Ein trappa var niður í tóftina. Hún hrundi í jarðskjálftanum sumarið 2000.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-081:020** *Torfhóll* heimild ristu 63°58.463N 20°47.734V

JÁM II: "Torfrista mjög lök, stúnga næg." Örnefnið Torfhóll ber með sér að torf hafi verið rist í nágrenni hans. Ummerki torfristunnar eru nú horfin og umhverfis Torfhól er stórþýfður og gróinn mói. Ristan var 1,2 km NNA við bæ 001.

Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM II, 138

**ÁR-081:021** þjóðsaga huldufólksbústaður

Í bókinni Landið, fólkið og þjóðtrúin segir: "Við Stóru - Reyki í Hraungerðishreppi eru svonefndir Smáhólar. Þar er huldufólksbyggð. Á millistríðsárunum gerðist sá atburður að rímnabækur heimilismanns þar hurfu á dularfullan hátt og komu ekki fram fyrr en áratugum síðar. Var talið að huldufólk hafi tekið þær traustataki." Í örnefnaskrá Hraungerðishrepps segir: " Smáhólar. Þrír hólar norðaustur frá Grásteini sunnan við Efstaskurð,". Smáhólar eru í þýfðu mólendi norðan við bæ 001 og sunnan við Efstaskurð. Á þessum slóðum er nokkuð um hraunhóla og rakar dælur.

Skrásetjara var ekki kunnugt um þessa huldufólksbyggð fyrr en eftir að vettvangsskráningu lauk og því er hún ekki staðsett.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landið, fólkið og Þjótrúin, 133, Ö-Hraungerðishreppur, 32

**ÁR-081:022** heimild túngarð 63°57.978N 20°48.445V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er gamla heimatúnið afmarkað með grjótgarði að norðan. Túngarðurinn var 180 m langur og lá austur-vestur.

Þar sem túngarðurinn var er nú grasivaxið tún.

Engin ummerki túngarðs sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna, 1906

**ÁR-081:023** heimild brunn 63°57.915N 20°48.319V

Brunnur er sýndur norðaustan við kálgarð 002 á túnakorti frá 1918, um 10-15 m norðaustan við bæ 001. Brunnurinn er horfin, líklega vegna uppfyllingar.

Þar sem brunnurinn var er slétt, ræktað tún í halla til austurs niður af holtinu sem bær 001 er á.

Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## ÁR-082 Litlu Reykir

1708, hjáleiga frá Oddgeirshólum. JÁM II, 143. 1847, 5 hdr., bændaeign. JJ,57.
Jarðarinnar er getið í máldaga Oddgeirshólakirkju frá um 1220, DI, 410 og 1397 DI IV 51-52.
1708: "Litlu Reiker, þriðja hjáleiga, bygð í úthögum fyrir manna minni. Hún tíundast ogso fyrir part úr jörðunni ... Dýrleikinn áður talinn í heimajörðunni, en vi álnir gjaldast hjer í allar fjórar tíundir ut supra." JÁM II, 143.
1708: "Fóðrast kann iii kýr, i úngneyti, xv ær, x lömb, ii hestar. Kostir og ókostir ut supra á Austurkoti [ÁR-073]" JÁM II, 143.
1918: "Tún: 2.92 ha. girt fyrir norðan túnið í samb. við engjar. ca 15% sljett. Matjurtagarðar 9.74 arar" Túnakort 1918.




Byggt á túnakortum frá 1906 og 1918

**ÁR-082:001** *Litlu Reykir* bæjarhóll bústaður 63°57.822N 20°49.281V

Fimm hús eru merkt á bæjarhól Litlu Reykja á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn er einnig merktur á túnakort frá 1918. Þar sem bærinn var, er nú grasivaxið og slétt tún vestan við trjálund, sem er innan kálgarðs 002, og sunnan við íbúðarhús sem byggt var árið 1961. Bærinn var á afar lágu, náttúrulegu holti en ekki sér til uppsafnaðra mannvistarlaga vegna sléttunar. Íbúðarhús var byggt norðan við gamla bæinn árið 1942 en það hefur nú verið rifið. Gamli bærinn var að öllum líkindum rifin skömmu eftir að það hús var byggt. Húsið sem var byggt 1942 var ekki með kjallara og ekki er vitað til þess að mannvistarlög komið í ljós við byggingu þess. Rúmum 30 m norðan við áætlað bæjarstæði liggur malarvegur og trjám var plantað fyrir austan við það á árunum 1920-25, beint í kálgarð 002.

Slétt, grasvaxið tún er þar sem bæjarhóllinn var.

Engin ummerki bæjarhóls né tófta sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918

**ÁR-082:002** hleðsla kálgarður 63°57.824N 20°49.258V



*Kálgarður 002, horft til norðurs.*




Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918, austan og sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn var sambyggður bæ 001. Tæpum 20 m norðan við kálgarðinn er malarvegur en til suðurs er slétt grasivaxið tún. Trjám hefur verið plantað í allan austurhluta kálgarðsins.

Grenitrjám var plantað í kálgarðinn á árunum 1920-1925 og standa mörg þeirra enn. Síðan hefur fleiri trjám verið plantað, t.d. öspum.

Suðurhluti kálgarðsins er ekki varðveittur, líklega horfinn vegna túnasléttunar. Austurveggur kálgarðsins er varðveittur að hluta. Hann liggur norðaustur-suðvestur, er 1 m á breidd og 0,6 m á hæð. Veggurinn er grasivaxinn og hvergi sést glitta í grjót. Jarðvegurinn fyrir vestan hleðsluna er hærri en til austurs, líklega vegna holtsins.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-082:003** heimild traðir 63°57.827N 20°49.244V

Heimreið er merkt að bæ 001 úr norðri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakort frá 1918. Breyting varð á legu hennar á árunum á milli kortanna, hún heldur áfram til austurs á túnakortinu. Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirboði. Austurhluti heimreiðarinnar lá fast sunnan við núverandi malarveg sem liggur á þessum slóðum til vesturs. Þar sem norðurhluti heimreiðarinnar lá er nú slétt, grasivaxið tún.

Slétt, grasivaxið tún er þar sem norðurhluti heimreiðarinnar lá en grasivaxið svæði fast við malarveg þar sem austurhlutinn var. Heimreiðin hvarf líklegast við ýmis konar rask á bæjarhólnum.

Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-082:004** heimild útihús 63°57.829N 20°49.497V

Útihús er merkt innan stakstæðs túns á túnakorti frá 1918. Útihúsið var 180 m VNV við bæ 001 og 10 m austan við útihús 005. Útihúsið var að öllum líkindum byggt eftir 1906 og ekki sýnt á bæjarteikningum dönsku landmælingamanna.

Þar sem útihúsið var er nú slétt og grasivaxið tún austan við núverandi fjós.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirboði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-082:005** heimild útihús 63°57.830N 20°49.528V

Útihús 005 er merkt innan stakstæðs túns á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918. Útihúsið var 190 m VNV við bæ 001 og 30 m austan við útihús 006. Þorvaldur Þórarinsson, heimildarmaður, telur að hleðslur hafi fundist á þessum slóðum þegar núverandi fjós var byggt og afar líklegt að þær hafi tilheyrt þessu húsi.

Malarplan fyrir sunnan núverandi fjós er þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; Túnakort 1918.

**ÁR-082:006** heimild útihús 63°57.834N 20°49.560V
Útihús 006 er merkt innan stakstæðs túns á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918. Útihúsið var 230 m vestan við bæ 001 og tæpa 90 m austan við útihús 004.
Þar sem útihúsið var er nú slétt malarplan milli fjóss til norðurs og grasivaxins túns til suðurs.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-082:007** heimild útihús 63°57.847N 20°49.598V
Útihús 007 er merkt innan stakstæðs túns á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1918. Útihúsið var 260 m norðvestan við bæ 001 og 110 m norðvestan við útihús 004.
Þar sem útihúsið var er nú grasivaxið svæði milli blautrar dælar og grasivaxins túns.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918.

**ÁR-082:008** *Grafir* náma mógrafir 63°57.783N 20°49.497V
"Grafir. Í vestur frá bænum, skammt frá túninu," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Mógrafirnar eru tæpum 200 m vestan við bæ 001 og tæpum 100 m suðvestan við útihús 004. Mógrafirnar eru í grónum skika milli tveggja grasivaxinna túna til austurs og vesturs.
Mógrafirnar eru á grónu, sléttu svæði.
Mógrafirnar eru 70x40 m að stærð og snúa norður-suður. Fyllt hefur verið upp í mógrafirnar en jarðvegurinn er byrjaður að síga og farið er að móta fyrir þeim á ný. Ekki er hægt að geta sér til um nákvæman fjölda grafanna né dýpt. Dældirnar sem komnar eru stórar og 0,3 m á dýpt. Grafirnar eru þurrar og grasivaxnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 24.


*Mógrafir 008, horft til suðvesturs.*

**ÁR-082:009** brunnur brunnur 63°57.820N 20°49.270V
Brunnur var skammt austan bæjar 001 samkvæmt Þorvaldi Þórarinssyni, heimildamanni. Hætt var að nota brunninn skömmu eftir 1940 og síðar fyllt upp í hann. Brunnurinn var að öllum líkindum hlaðinn. Líklega er brunnurinn merktur inn á túnakort frá 1918 með svörtum hring innan kálgarðs 002. Trjám hefur verið plantað til austurs frá brunninum.
Brunnurinn er innan slétts og grasivaxins túns.
Fyllt hefur verið upp í brunninn en jarðvegurinn sigið aftur. Þar sem hann var er dæld, 1 m í þvermál og 0,2 m á dýpt. Ekki er vitað hversu djúpur brunnurinn var, hann var þó grynnri en nýr brunnur sem tók við af þessum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-082:010** *Stekkur* tóft stekkur 63°58.129N 20°49.656V
"Stekkur. Í suður frá Hólaheiði, þar var fjárrétt til skamms tíma," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Stekkur er 650 m norðan við bæ 001 og rúmum 500 m norðan við útihús 005.
Stekkurinn er í grónu mólendi þar sem hraungrýti kemur víða uppúr sverði.
Stekkurinn er 10x6 m að stærð, grjóthlaðinn og snýr austur-vestur. Tvö hólf eru í stekknum. Hólf 1 er austar og er 10x4 m að innanmáli. Hóflið snýr austur-vestur og veggirnir eru 0,3 m á hæð. Það


*Stekkur 010, horft til norðvesturs*



sjást mest 2 umför af grjóthleðslum í veggjunum og op er á vesturhlið. Hólf 2 er vestar. Það er 6x2 m að innanmáli og hvergi sést móta fyrir opi. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og 2 umför af grjóthleðslum sjást í þeim.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hraungerðishreppur, 24.

**ÁR-082:011** tóft beitarhús 63°57.589N 20°49.692V





*Tóft 011, horft til austurs.*

Beitarhús eru rúmum 550 m suðvestan við bæ 001 og um 400 m suðvestan við útihús 004. Tóftin er 30 m norðan við Smalaskálaskurð sem liggur á merkjum við Hraungerði ÁR-039.
Tóftin er í grónu mólendi. Þar stingur hraungrýti sér víða uppúr sverði og víðikjarr vex víða.
Tóftin er 15x13 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og veggir hennar grasivaxnir. Þeir eru 0,8 m á hæð og hvergi sést op þó það hafi líklega verið á norðurhlið. Líklega var meiri hólfaskipting innan beitarhússins en sú skipting nú horfin því grjót var að öllum líkindum borið úr því.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-082:012** *Neðri Smalaskáli* þúst smalakofi 63°57.903N 20°50.951V
Örnefnið Neðri Smalaskála er að finna í landi Litlu Reykja. Skrásetjari fékk ekki upplýsingar um hann meðan á dvöl á vettvangi stóð og því var hann ekki skoðaður. Samkvæmt samtali við Þorvald Þórarinsson er Neðri Smalaskáli grasivaxinn og þýfður hóll, öllu stærri en Efri Smalaskáli 081:008. Þorvaldur sagði að ekki sæist til mannvirkja á hólnum en hann væri áberandi í flatlendinu. Neðri Smalaskáli er 1,4 km vestan við bæ 001 og rúmlega 1,1 km VSV við stekk 010.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-082:013** heimild túngarð 63°57.830N 20°49.264V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýndur hlaðinn túngarður fyrir norðan bæ 001 og annar utan um stakstætt tún þar vestar. Þeir eru nú báðir horfnir. Rúmir 50 m voru á milli túngarðanna. Túngarðurinn utan um stakstæða túnið er einungis sýndur á túnakorti frá 1918.
Engin ummerki túngarðanna sjást á yfirborði. Túngörðunum er gefin bókstafur hér til aðgreiningar. Túngarður A var fyrir norðan bæ 001 og var 250 m að lengd. Sambyggt hólf/aðhald var nærri austurenda hans og traðir 003 skáru hann nánast fyrir miðju. Túngarður B var utan um stakstætt tún vestan við bæ 001. Hann afmarkaði svæði sem var 80x60 m að stærð og snéri norðvestur-suðaustur. Á bæjarteikninguna stendur "Faarehuser" og líklega voru útihús 005-007 því fjárhús. Tvö hlið voru á honum, á suður- og norðurhlið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1918

ÁR-621:007 *Gamli-Vegur* gata leið 63°58.142N 20°38.274V



*Gamli-Vegur 007, horft til suðvesturs í landi Hjálmholts.*

"Gamli-Vegur. Gömul þjóðleið úr uppsveitum Árnessýslu, til Eyrarbakka og Stokkseyrar og lá meðfram hraunbrúninni norðan við Axarhól [076:016] og suður yfir Merkurlaut," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Í Jarðabók Skeiðahrepps segir: "Þjóðleiðin af Merkurhraunsvegi á Skeiðum og að Gilsvaði [078:014] á Hróarsholtslæk. (...) Vegurinn upp frá Gilvaði lá um Bitruland [ÁR-078], í fyrstu yfir stórþýfðan móa, þar sem blasir við rudd gata. Síðan má rekja veginn niður að Hróarsholtslæknum og tekur þar við mýrarsund. Þar hafa verið hlaðnar "brýr" [...] Vegurinn hefur svo komið upp hraunið skammt austan við afleggjarann að Hjálmholti [ÁR-076]. Vegurinn hefur svo komið upp á hraunið skammt austan við Bitrubæinn og mun hafa legið á svipuðum stað og Flóa- og Skeiðavegirnir liggja nú, upp að Merkurlaut. [...] Grjót er víða í veginum yfir hraunið og hefur verið illafær vagnbraut. Leiðin hefur að líkindum aðeins verið farin í 3-4 ár, eftir að vagnaöld hófst,". Leiðin sést m.a. afar vel í landi Hjálmholts, í svokölluðu Merkurhrauni.

Leiðin er í uppgrónu hrauni og grasivöxnum lækjarfarveg.

Göturnar sjást vel frá Skollaþúfu 076:047 og til suðvesturs yfir Merkurlaut. Þar var gatan rudd og vagnfær en ekki er vitað hvenær það var gert. Hún er 2-3 m að breidd og hlykkjast í gegnum uppgróið hraun. Nú er gatan þýfð og mosavaxin að mestu. Hún sést frá Skollaþúfu og að brú 076:024, á tæplega 2 km löngum kafla. Til austurs heldur gatan áfram yfir í Skeiðahrepp en að vestan hverfur hún í mólendi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 8.; Jarðabók Skeiðahrepps, 561

ÁR-621:008 *Kirkjubrú* gata leið 63°57.109N 20°44.349V



*Leið 008, horft til norðausturs í landi Hjálmholts.*

"Kirkjubrú. Vestan við Lambhúsholt [078:019) [...] Kirkjubrú. Gamall kirkjuvegur, liggur í vestur úr Bitruholti framarlega," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Gatan var líklega framhald Suðurkotsbrúar 076:010 í landi Hjálmholts. Sú leið lá fyrir norðan Bitruholt/Lambhúsholt en ekki vitað hvert hún lá í framhaldinu. Kirkjubrú lá að Torfholti ytra og eystra í landi Hjálmholts og sameinaðist líklega þjóðvegi 621:005. Ekki er útilokað að leiðin hafi legið norðan við Torfholtin en þar sjást ekki götur. Ekki er vitað að hvaða kirkju leiðin lá, líklega í Hjálmholti ÁR-076:002 eða í Hraungerði ÁR-039:001. Leiðin sést vel norðan við Þjóðveg 1, sunnan undir Torfholti ytra, einungis eru 10 m þar á milli.

Gatan liggur undir brekku sem hallar til suðausturs af náttúrulegu holti. Framræst mýri er austar.

Kirkjubrú var líklega á milli Bitruholts og Torfholts eystra og hefur legið þar yfir mýrarfláka. Svæðið hefur verið ræst fram og engin ummerki götunnar sjást þar nú. Sunnan við Torfholt ytra sést gata, 1 m breið, 350 m að lengd og smáþýfð. Gatan hverfur á milli Torfholtanna en lá líklega áfram til norðausturs að Bitruholti.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 4, 10

ÁR-621:014 garðlag áveita 63°57.818N 20°51.541V

Flóðgarðar sem voru hluti af Flóaáveitu eru í landi Ölversholts, Lauga, Litlu og Stóru Reykja, á svæði sem gengur undir nafninu Sorti að stórum hluta. Leifar Flóaáveitu 621:014 fundust víða á skráningarsvæðinu, þó ekki eins víða og í fyrstu tveimur áföngunum og ber það breyttu landslagi merki. Minjarnar samanstanda af áveitugörðum, skurðum og fjórum tóftum í landi Brúnastaða og Ölversholts. Við skráningu áveitunnar var notast við loftmyndir auk þess sem minjarnar voru skrásettar af jörðu niðri þar sem gengið var fram á þær. Á




*Tóftir 621:014A, 014B og 014C, allar í landi Ölversholts, horft til norðvesturs.*

minjakortum í viðauka III eru flóðgarðarnir merktir inn með bláum línum. Ljóst er að ef vel ætti að vera þyrfti að framkvæma sérstaka skráningu á áveitunni og þeirri gríðarmiklu sögu sem henni fylgir og væri það verðugt rannsóknarefni.
Áveitugarðarnir eru í þýfðum, grónum móa. Þar eru grónir hraunhólar og rakar mýrardælur.
Til þess að hægt sé að gera Flóaáveitunni góð skil þarf að fara fam ítarleg heimildakönnun, mannvirkin eru mög horfin.
Hættumat: hætta

ÁR-621:015 *Varnargarður* garðlag varnargarður 63°57.369N 20°43.227V


*Garðlag 015, horft til ANA.*

"Varnargarður. Liggur frá Hjálmholtsframtúni yfir Austurmýri suðaustur að Bitrutjörn," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Garðlagið liggur í sléttri mýri í landi Bitru ÁR-078 en þýfðri mýri í landi Hjálmholts ÁR-076.
Garðlagið er í sléttri og rakri mýri í landi Bitru. Jarðvegurinn er rakur og gras og fífa vex þar. Í landi Hjálmholts er stórþýfð mýri þar sem garðlagið er.
Garðlagið liggur NNV-SSA í landi Bitru og Hjálmholts og rúmlega 500 m langt. Það er 1-2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Það er torfhlaðið og vaxið lyngi, mosa og kjarrgróðri. Garðlagið sker sig vel úr umhverfi sínu og er þráðbeint.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hraungerðishreppur, 13-14.

ÁR-621:016 gata leið 63°57.560N 20°42.520V


*Leið 016, hoft til norðvesturs í landi Bitru.*

Götur liggja til norðvesturs frá núverandi Skeiðavegi í landi Bitru ÁR-078, fara sunnan við Seljadali 078:023 og yfir í land Hjálmholts ÁR-076. Göturnar lágu líklega frá Skeiðavegi ÁR-611:007 en hann er að stórum hluta undir núverandi þjóðvegi 1. Göturnar hverfa í gróið tún í landi Hjálmholts en lágu líklega þar heim að bæ 001.
Göturnar liggja í stórþýfðu mólendi.
Leiðin liggur sem fyrr segir norðvestur-suðaustur í landi Bitru og sést afar vel á loftmynd. Rétt við landamerki Hjálmholts klofnar hún í tvennt og fékk hvor hluti bókstaf til aðgreiningar. Það eru tæplega 150 m á milli leiðanna. Leið A liggur áfram til norðvesturs og hverfur í tún tæpum 1 km austan við Hjálmholt 076:001. Þar er hún 0,6 m á beidd, 0,5 m á dýpt og mold í botni hennar. Beggja vegna eru þýfði bakkar. Leið B liggur til vesturs en sveigir til norðvesturs við garðlag sem liggur í landi beggja jarðanna, þ.e. Bitru og Hjálmholts. Garðlagið er 1,5-2 m á beidd og 0,4-0,5 m á hæð. Það er mosavaxið og stórþýft. Hvergi sést glitta í grjót en það sker sig greinilega frá nánasta umhverfi. Leiðin liggur sunnan við garðlagið, er 0,2 m djúp og grasivaxin. Í heild er hægt að greina göturnar á 1,5 km löngum kafla.
Hættumat: engin hætta

## ÁR-001 Skálmholt

1708: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. JÁM II, 178-9. 1847: 19 2/3 hdr. Bændaeign. JJ, 53. Jarðarinnar er getið í Jóns sögu helga, Bysk. GJ, II, 146. Jarðarinnar er getið í máldaga Maríukirkju á Breiðabólsstað í Fljótshlíð frá um 1480, DI VI, 332.
SKÁLMHOLT Í FLÓA (Á) -Maríu - (ÓLAFSVALLAÞING) HÁLFKIRKJA
c. 1200: Þar er kirkja, kirkjugarður og kirkjulykill týndur fyrir 6 árum, Jóns saga eldri, Bsk I, 195.
1397: [á kvikfé] fellur nidur oll portio firir vppgiaurd aa kirkiunne; Máld DI IV 52
[1592]:jtem j samri [Ólafsvalla] sokn sogd og halldin ij bænhus. Sem er ä nedri reykium og j skalmhollti. Enn um þeirra kuijllde veit ec eckj. AM 2624to bl. 9b.
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. Bl. 50}
1708:"Bænhús [001:002] hefur hjer að fornu verið, en affallið fyrir manna minni, og stendur þar nú smiðjuhús, sem bænhúsið skuli staðið hafa áður, og sjást hér enn merki til kirkjugarðsleifa." JÁM II, 178-9. 1708: "Dælakot [001:009]. Eyðihjáleiga, bygð í úthögum hjer um fyrir 60 árum, þar sem ekki hafði áður bygð verið, og var ýmist bygt eður óbygt, inn til næstu 15 ára. Síðan í auðn." JÁM II, 179-80
1981: "Heiðarbær er nýbýli, byggt árið 1936 af Halldóri Guðbrandssyni og Heiðrúnu Björnsdóttur. Land býlisins er 1/4 af landi Skálmholts og 1/4 af landi Skálmholtshrauns. Síðar fékk Heiðarbærinn einnig spildu frá Skálmholti sunnan Flóavegar, svokallaða Kima. Þar er forn skilarétt Flóamanna Dælarétt [009]." SB II, 35.




1708: "Fóðrast kann vi kýr, ii úngneyti, xx ær, x lömb, i hestur; hinum vogað á útigáng, so og sauðfje, sem meira er en hjer er talið. Afrjett ut supra. Haga selur jörðin Skálmholtshrauns mönnum fyrir kýr á sumardag um lítinn tíma, og tekur þar fyrir slægjur lítilfjörlegar eftir samkomulagi. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið, brúkast ei. meinast eyddur. Skóg brúkar jörðin í almenníngi ut supra. Túninu grandar sandfok, sem mjög fer í vöxt, sjerdeilis í landnyrðíngi. Engjar öngvar nema í úthögum, sem mjög eru á dreif og það undir penínga ágángi. Kirkjuvegur langur og torsóktur, ut supra á Þjótanda" JÁM II, 179.

**ÁR-001:001** *Skálmholt* bæjarhóll bústaður 63°56.795N 20°39.133V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, eru merkt fimm hús á bæjarhól Skálmholts. Orri Vésteinsson heimsótti bæinn fyrst árið 2003 vegna kirkju- og bænhúsaskráningar á vegum Fornleifastofnunar, á svæðinu. Þá var núverandi íbúðarhús framan, eða sunnan, við kjallara af eldra steinhúsi sem brann (1953?). Sá kjallari er nú horfinn, þar er nú (2010) slétt, grasivaxið tún. Kjallarinn var vestast á bæjarstæðinu og austan hans voru grunnar af fjósi og fleiri útihúsum en aðeins einn skúr stóð uppi. Þessir grunnar og skúr eru nú horfin og þar er einungis sléttað tún (september 2010).

Malarborið hlað er framan við bæjarhólinn en annars slétt grasivaxið tún. Hvergi sést til uppsafnaðra mannvistarleifa.

Fornleifafræðingar á vegum Fornleifaverndar ríkisins könnuðu minjar sem komu í ljós á bæjarhól Skálmholts 2002 og kom út skýrsla um rannsóknina tveimur árum síðar. Í henni segir: "Á árinu 2002 voru farnar tvær vettvangsferðir að bænum Skálmholti í Villingaholtshreppi. Í fyrri ferðinni, 2. júlí, var athugað snið í skurði sem grafinn hafði verið meðfram vesturhlið húsgrunns skammt frá bæjarhúsunum [um 50 m norðaustan við núverandi íbúðarhús] í Skálmholti. Sniðið samanstóð að mestu af móöskublandinni mold en þar fundust einnig leifar byggingar og skýrt afmarkað mannvistarlag. U.þ.b. 10 cm frá sniðinu í skurðbotninum fundust holur sem grafnar höfðu verið niður í óhreyfðan jarðveg. Holurnar höfðu fyllst upp af sama mannvistarlagi og fannst í sniðinu. Mannvistarlagið hefur ekki verið aldursgreint. Talið er að þetta sé sama mannvistarlag og fannst í seinni vettvangsferðinni, sem farin var til að skoða aðra holu sem komið hafði í ljós um 5 metrum sunnar en hinar. Lagið fannst í sniði og fyllti efri hluta þeirrar holu. Þessi hola var mun stærri en þær sem fundist höfðu áður og af allt öðrum toga. Hún var fóðruð að innan með mjúkum leir. Ekki er hægt að fullyrða hvort tengsl séu milli holanna sem fundust í fyrri ferðinni og holunnar sem rannsökuð var í seinni ferðinni en þær virðast þó vera frá sama tíma. Leirholan sem fannst í Skálmholti er mjög merkileg, eins og fram kemur hér að framan. Aðeins er vitað um örfáar sambærilegar holur á Íslandi. Þótt holurnar sem fundist hafa fram að þessu séu allar mjög svipaðar að gerð hefur holan í Skálmholti þó þá sérstöðu að botn hennar og neðri hluti hliðanna var klæddur með flötu grjóti áður en leirinn var lagður innan í holuna." Við kirkju- og bænhúsarannsókn á vegum Fornleifastofnunar árið 2003 var bæjarhólnum líst svo: "Hóllinn er hæstur vestast, þar sem eldra steinhúsið stóð, og lækkar til austurs þar sem grunnarnir eru. Fast norðan við fjósgrunninn komu í ljós árið 2002 hleðslur og steinkassi með ljósu efni sendnu innan í. Agnes Stefánsdóttir hjá Fornleifaverndinni kom á staðinn. Norðan við bæjarstæðið eru hólar í túninu (ekki plægt eða raskað í tíð Kolbeins Þórs Sigurðssonar, heimildamanns) og þar í illa hringlaga gerði [017] sem minnst er á í örnefnalýsingu . Vestan við það, vestan í vestasta hólnum er stór tóft, tví- eða þrískipt, snýr norður-suður, sem heimamenn benda helst á sem kirkjuna [002]". Töluvert rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum síðan 2003. Fyrrnefndum húsgrunnum var rutt út árið 2005 og svæðið allt jafnað. Árið 2010 er þar slétt grasivaxið tún og öll ummerki bæjarhólsins horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Tvær vettvangsferðir að Skálmholti í Villingaholtshreppi, 9

**ÁR-001:002** tóft bænhús 63°56.815N 20°39.258V

SKÁLMHOLT Í FLÓA (Á) -Maríu - (ÓLAFSVALLAÞING) HÁLFKIRKJA

c. 1200: Þar er kirkja, kirkjugarður og kirkjulykill týndur fyrir 6 árum, Jóns saga eldri, Bsk I, 195.

1397: [á kvikfé] fellur nidur oll portio firir vppgiaurd aa kirkiunne; Máld DI IV 52

[1592]:jtem j samri [Ólafsvalla] sokn sogd og halldin ij bænhus. sem er ä nedri reykium og j skalmhollti. enn um þeirra kuijllde veit ec eckj. AM 2624to bl. 9b.

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 50} Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Bænhús hefur hjer að fornu verið, en affallið fyrir manna minni, og stendur þar nú smiðjuhús, sem bænhúsið skuli staðið hafa áður, og sjást hjer enn merki kirkjugarðsleifa." Samkvæmt Kolbeini Þóri Sigurðssyni, sem bjó í Skálmholti 2003, var bænhúsið í vestasta hól gamla heimatúnsins sem kallaður er Lindarhóll. Þar er stór tóft og lag hennar minnir einna helst á samfallinn helli þó að það sé ekki tilfellið. Tóftin er 100 m fyrir norðvestan bæ 001 og tæpa 180 m fyrir suðvestan fjárhús 027. Útihúsið er ekki sýnt á bæjarteikningu






Kirkja 002, horft til SSV.

dönsku landmælingamannanna frá 1906 og er líklega rétt utan marka túns eins og þau eru sýnd þar.
Tóftin er í smáþýfðu og mishæðóttu grasivöxnu túni.
Tóftin, eða bænhúsið, er efst á náttúrulegum hól, um 2,5 m háum og grasivöxnum.Tóftin er 14x6 m að stærð, grasivaxin og snýr NNA-SSV. Tvö hólf, eða dældir, eru í tóftinni og eru þau niðurgrafin. Hólf 1 er sunnar í tóftinni, er 6x2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Veggirnir eru 1 m á hæð og fjara út fyrir utan hólfið. Ekki sjást skýrar hleðslur eða grjót í hólfinu. Dyr eru á miðri suðurhlið og líklega þeirri nyrðri, yfir í hólf 2. Hólf 2 er 3x3 m að innanmáli. Veggirnir eru 1 m að hæð og líkt og í hólfi 1 fjara veggirnir út fyrir utan hólfið. Dyr eru sem fyrr segir yfir í hólf 1 en aðrar dyr eru einnig á miðri norðurhlið. Þessi tóft er afar áhugaverð og vel mögulegt að kirkjuleifar reyndust undir sverði þó sú rúst sem sést á yfirborði snúi ekki rétt að áttahorfi. Hér gæti verið sú smiðja sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar eða annað útihús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bsk I, 195; DI IV, 52; AM 262 4to bl. 9b; AM 263 fol. bl. 50; JÁM II, 178-9.

**ÁR-001:003** heimild kálgarð 63°56.784N 20°39.130V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, um 20 m SSV við bæ 001 og rúma 15 m sunnan við kálgarð 004.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem kálgarðurinn var áður.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-001:004** heimild kálgarð 63°56.794N 20°39.147V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, vestan við bæ 001. Kálgarðurinn og bæjarhúsin voru sambyggð.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem kálgarðurinn var áður.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-001:005** heimild kálgarð 63°56.792N 20°39.120V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 10 m sunnan við bæ 001 og 15 m suðaustan við kálgarð 003.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem kálgarðurinn var áður.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-001:006** heimild traðir 63°56.785N 20°39.165V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr vestri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á teikningunni virðist framhald heimreiðar liggja áfram til austurs frá bæjarhólnum, þó hún sé merkt með öðrum hætti en vesturheimreiðin. Þar sem þessar leiðir eru í beinu framhaldi hvor af annarri eru þær skráðar saman undir þessu númeri. Heimreiðin lá vestur gamla heimatúnið, allt heim að túngarði 020 og var um 100 m að lengd. Trjám hefur verið plantað á 40x20 m stóru svæði fyrir vestan bæjarhól 001, heimreiðin lá þvert yfir það. Engin ummerki hennar sjást nú.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem heimreiðin lá.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirboði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-001:007** heimild landamerki 63°57.116N 20°38.457V
"Landamerki milli Skálmholts og Skálmholtshrauns [ÁR-002] hraunklettur nefndur Gráhella er á mörkum Kílhrauns [ÁR-246] og Kálfhóls [ÁR-245] annarsvegar og Skálmholts og Skálmholtshrauns hinsvegar sem er talið hornmark milli téðra jarða. Frá honum liggja svo mörkin eftir foknu garðlagi niður á móts við tún í Skálmholtshrauni í lækjaseytlur, sem renna af mýrinni í flóð sem liggur meðfram túninu í Skálmholtshrauni, og nefnist það flóð Gjáin," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Frá Gráhellu til vesturs er nú skurður og síðan gróið hraun. Garðlagið er nú horfið, líklega hrunið, fokið burt eða horfið við skurðgröft.
Garðlagið lá í grónu hrauni með hraunhólum og -klettum. Grasivaxið tún er nú umhverfis gjánna í landi Skálmholts.
Engin ummerki garðlagsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 1.

**ÁR-001:008** heimild landamerki 63°56.566N 20°38.392V
"Frá enda hennar [Gjárinnar] liggja svo mörkin í beinni línu í allháan hól, sem er í hrauninu þar suður af, og nefnist hann Strokkhóll. Frá honum er svo bein lína í hól eða vörðu, sem er austan við Langaflóð, og er varða þessi hornmark Skálmholts, Skálmholtshrauns [ÁR-002] og Þjótanda [ÁR-003]," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Varðan er tæpa 750 m suðaustan við bæ 001 og rúma 650 m SSA við Þvottadæl 011. Skurður á merkjum Þjótanda og Skálmholtshrauns er til suðurs og engin ummerki vörðu að sjá. Líklegt er að varðan hafi horfið við þá framkvæmd.
Ný girðing á merkjum Þjótanda og Skálmholts liggur á þessum slóðum. Þýft, gróið hraun og slétt tún eru þar sem varðan var áður.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 1

**ÁR-001:009** *Dælnakot* tóft+garðlag býli 63°56.211N 20°41.037V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 segir: "Dælakot. eyðihjáeiga, bygð í úthögum hjer um fyrir 60 árum, þar sem ekki hafði áður bygð verið, og var ýmist bygt eður óbygt, inn til næstu 15 ára. Síðan í auðn. Landsskuld vita menn ógjörla hvað mikil verið hafi, ætla þó ekki mikið yfir xxx álnir, sem betalast hafi í landaurum til heimabóndans. Kúgildi i. Leigur í smjöri til heimabóndans. Kvaðir öngvar. Fóðrast kunni ii kýr og ekki meira. Þessa grasnautn brúkar nú heimajörðin, og er henni áður talin. Ekki má hjer aftur byggj nema jörðunni til meins og skaða, og so stólsins jörðum, sem næst liggja Fossi [ÁR-004], Kampholti [ÁR-038] og Þjótanda [ÁR-003], sem beita ogso að nokkru leyti hjáleigunnar land, og njóta þar í þolinmæði Skálmholts ábúanda." "Hóll þessi heitir Steinker og er hornmark milli Þjótanda, Urriðafoss og Skálmholts. Þaðan liggja mörkin í sveig um Dælnakot, sem eru gamlar húsrústir af eyðibýli sem þar var, og niður í Rauðavað [022], það er á mótum Kampholtskeldu og Urriðafosslækjar," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Í örnefnalýsingu Urriðafoss segir: "Hóll sá, sem er í mörkum milli Urriðafoss og Skálmholts austan við Dalakotsmýri nyrzt, heitir Dalakot. Á hól þessum sést fyrir húsarústum, enda segja munnmælasagnir, að þar hafi verið bær fyrr á árum." Dælakot er rúma 1,9 km VSV við bæ 001 og tæpa 300 m vestan við Dælarétt 013. Landamerkjagirðing



*Tóft 009A horft til norðausturs, tóft 009B horft til norðausturs og garðlag 009C, horft til suðausturs.*




Urriðakots og Skálmholts liggur þvert yfir tóftirnar.
Dælakot eru á stórþýfðu og lágu holti, eða gróinni hrauntungu. Blautar dælar og mýrardrög eru norðan við tunguna og hraunsprunga til suðurs.
Tvær tóftir og garðlag eru greinilegar, á svæði sem er 50x35 m að stærð og snýr norður-suður. Var mannvirkjunum gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er nyrst. Hún er 12x9 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru mosavaxnir og þýfðir og einungis sést glitta í grjót á einum stað. Veggjahæðin er 0,3-0,5 m og hvergi sést móta fyrir opi. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru mosavaxnir, þýfðir og hvergi sést skýr hleðsla. Veggjahæðin er um 1 m og ekki sést móta fyrir opi. Tóft B er um 15 m sunnan við tóft A. Hún er afar ógreinileg og henni hefur verið talsvert raskað þegar landamerkjagirðing var lögð þvert yfir hana. Ekki er hægt að áætla hversu stór tóftin var upprunalega en nú sést um 14x10 m stór þúst á þessum stað. Þústin er 0,5 m á hæð. Suðvesturhorn þústarinnar er greinilegt. Veggirnir eru um 0,7 m á hæð, og

eitt umfar af grjóti sést í þeim. Hólfið hverfur í stórþýfi til norðurs. Mögulega hafa tvo hólf til viðbótar verið nyrst og austast í þústinni. Garðlag C liggur til vesturs frá suðausturhorni tóftar A. Það sést á um 25 m löngum kafla og endar í halla til vesturs niður af fyrrnefndi hrauntungu. Garðlagið er um 0,6 m á hæð, grasivaxið og hvergi glittir í stein. Garðurinn gæti verið leifar af túngarði. Hann hverfur í stórþýfi til vesturs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 179-180; Ö-Skálmholt, 1; Ö-Urriðafoss, 3;

**ÁR-001:010** áletrun landamerki 63°56.940N 20°41.750V
"Eftir þetta förum við með Kampholtslandi [ÁR-038] og liggja mörkin með heiðarbrúninni í Langhamraflóð og í stóran hraunklett við enda þess sem er hornmark milli Skálmholts, Kampholts og Bitru [ÁR-078]. Höggnir hafa verið í steininn stafirnir H.M. sem þýðir hornmark," segir í örnefnalýsingu. Skálmholts. Steinninn er um 2,1 km vestan við bæ 001 og rúma 350 m vestan við Gíslaborg 015. Á landamerkjum fyrrnefndra jarða er nú skurður og mýrartjörn við austurenda hans, fyrrnefnt Langhamraflóð. Þar fyrir austan er um 10 m hraunhryggur með nokkrum klettum í röð og á áletrunin að sjást ennþá á einum þeirra.
Mosavaxið hraun þar sem klettar koma víða upp úr sverði er á þessum slóðum.
Gengið var um svæðið án þess að áletrunin hafi fundist. Samkvæmt Hákoni Halldórssyni, heimildamanni, á hún þó enn að leynast hér.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 1.

**ÁR-001:011** *Þvottadæl* heimild þvottalaug 63°56.901N 20°38.668V
Rúma 400 m austan við bæ 001 og um 450 m sunnan við Stekkjarlaut 011 var Þvottadæl að sögn Hákons Halldórssonar heimildamanns. Þetta var blaut, náttúruleg dæla með hlöðnum hlóðum til vesturs. Þar var ull þvegin líkt og nafnið gefur til kynna.
Þar sem dælan var er slétt grasivaxið tún. Náttúruleg lág liggur norðaustur-suðvestur á þessum slóðum.
Engin ummerki dælarinnar né hlóðanna sjást á yfirborði enda svæðið allt verið sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-001:012** heimild kolagröf 63°56.870N 20°39.080V
Þegar bæjarhóll 001 og kirkja 002 voru skráð árið 2003 greindi Kolbeinn Þór Sigurðsson, þáverandi ábúandi, frá kolagröf sem fannst við jarðrask árið 1992. Kolagröfin var um 150 m NNA við bæ 001 og tæpum 200 m norðaustan við bænhús 002.
Gróið og smáþýft mólendi er á þessum slóðum.
Guðmundur Ólafsson rannsakaði kolagröfina í september 1992. Í skýrslu hans segir að kolagröfin hafi fundist þegar vatnsveituskurður var grafinn sunnan undir holti fyrir norðan bæ 001, 150-170 m fyrir norðan núverandi bæjarstæði. Kolagröfin fór í tvennt við gerð vatnslagnarinnar. Í sniði skurðarins sást að kolagröfin var um 1,1 m á breidd og um 0,4-0,5 m á dýpt. Í botni hennar var allt að 0,15 m þykkt viðarkolalag en annars fokmold að mestu. Ekki fundust mannvistarlög nærri holunni né hún aldursgreind nánar. Hér er nú gróið mólendi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 1; Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1992, 3-5

**ÁR-001:013** *Dælarétt* hleðsla rétt 63°56.205N 20°40.645V
"Rétt norðan við Steinker, sem áður er nefnt sem hornmark, eru Dælnaréttir sem verður varanlegt örnefni í þessu landi," segir í örnefnalýsingu Skálmhols. Í Sunnlenskum byggðum II segir: "Síðar fékk Heiðarbærinn einnig spildu frá Skálmholti sunnan Flóavegar, svokallaða Kima. Þar er forn skilarétt Flóamanna Dælarétt." Dælarétt er friðuð. Í friðlýsingaskrá segir: "Skálmholt. Dælaréttir hinar fornu. Skjal undirritað af ÞM 25.02.1975. Þinglýst 16.06.1977." Dælarétt samanstendur af tveimur réttum, náttahaga og hinni eiginlegu rétt. Dælarétt er 1,6 km VSV við bæ 001 og 1,6 km sunnan við Gíslaborg 015. Sumarbústaður í eigu Hákons Halldórssonar er 100 m fyrir norðan réttina. Síðast var réttað í Dælarétt árið 1970.




Dælarétt er í mosavöxnu og grónu hrauni. Náttúrulegir hraunhólar og -klettar koma víða upp úr sverði.
Á svæði sem er 110x70 m að stærð og snýr NNA-SSV eru tvær réttir sem fengu bókstaf til aðgreiningar. Rétt A er norðar og er hin eiginlega skilarétt. Hún er egglaga, 70x50 m að stærð og snýr NNA-SSV. Réttin er hlaðin úr mosavöxnu hraungrýti og ber



Veggur í suðurhluta Dælaréttar 009.

nokkuð á hvítum skófum. Veggjahæð í réttinni er 0,7-1,2 m og sjást 4-6 umför af grjóti í þeim. Nokkuð hefur hrunið úr veggjunum, sem eru 0,7-1,5 m á breidd. Réttin skiptist í 21 dilk og almenning, samtals 22 hólf. Hólf 22, almenningurinn er í miðju réttarinnar og raðast hin hólfin þar umhverfis líkt og kragi. Hólf 1 - 9 eru vestan til í réttinni, hólf 10 - 13 til norðurs og hólf 14 - 21 til austurs. Um helmingur hólfanna er áþekkur að stærð, hin eru breytileg. Inngangur inn í réttina er á suðurhlið og dyr inn í alla dilkana úr almenningnum. Jafnframt eru aðrar dyr á flestum dilkunum þar sem féð var rekið út. Réttin er grasivaxin og slétt að innan. Rétt B var notuð sem nátthagi og er 10 m SSV við rétt A. Nátthaginn er 45x35 m að stærð, snýr NNA-SSV og er egglaga. Hann er einfaldur og hlaðinn úr hraungrýti. Veggjahæð er 1-1,3 m og sjást 5-6 umför af grjóti í hleðslum. Op eru á norðvesturhluta nátthagans, andspænis opi á rétt A. Að innan er nátthaginn grasivaxinn og sléttur. Aðgengi að Dælarétt er gott og skilti á þjóðvegi 1 sem vísar á hana.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 1; SB II, 35; ÁG, 63.

**ÁR-001:014** heimild náma 63°57.656N 20°39.456V
Grjótnáma var í landi Skálmholts 1,6 km norðan við bæ 001 og rúma 650 m norðan við Aðalsteinstóftir 023. Í henni var tekið grjót við gerð Skeiðavegar 611:007 á árunum 1906-1907.
Gróið mosavaxið hraun er þar sem náman var.
Engin ummerki námunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-001:015** *Gíslaborg* tóftaþyrping fjárskýli 63°57.012N 20°41.225V





Tóft 015B horft til NNV, tóft 015A horft til suðurs og tóft 015C, horft til suðurs.

"Fyrir innan Stakhól tekur við Gíslaborgarhraun. Þar er allhár hóll sem heitir Gíslaborg og hraunið dregur nafn af hólnum," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Gíslaborg er rúmum 1,7 km VNV við bæ 001 og um 1,6 km norðan við Dælarétt 013. Rúmum 30 m til vesturs frá Gíslaborg er þjóðvegur 1.
Tóftirnar eru í grónu, mosavöxnu hrauni. Hraundrangar og malarvellir koma uppúr sverði á stöku stað.
Á þessu svæði eru fjórar tóftir. Svæðið er 30x30 m að stærð. Var hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóftir B, C og D eru á grónum hraunhrygg og eru áberandi í landslaginu en tóft A er fyrir sunnan hann. Tóft A er syðst og er hún niðurgrafin. Hún er 6x4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er grjóthlaðin, veggjahæð um 1 m og fjögur umför af hraungrýti sjáanleg.



Tóft 015D, horft til vesturs.



Tóftin er ferhyrnd. Gólf tóftarinnar er að stórum hluta gert úr náttúrulegri hraunhellu og hún greinilega ráðið við staðsetningu tóftarinnar. Hellan er nú vaxin berjalyngi og mosa. Tóft B er tæpum 20 m norðan við tóft A og líklega um fjárborg að ræða. Hún er 8x5 m að stærð og egglaga. Hún snýr norðaustur-suðvestur og dyr á miðri suðurhlið. Tóftin er mosa- og grasivaxinn svo rétt glittir í hraungrýti hér og þar. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð og signir. Tóft C er 1 m norðan við tóft B, þó ekki sambyggð henni. Tóftin er austarlega á hraunhryggnum. Hún er 7x4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er ferhyrnd. Inngangur er á miðri norðurhlið. Að austan er náttúrulegur hraunklettur notaður við hleðsluna. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og sex umför af hraungrýti sjást. Tóftin er grasivaxinn og ekki var hægt að greina hvort að garði var í henni. Tóft D er 15 m norðvestan við tóft B. Hún er 10x6 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er ferhyrnd. Veggirnir eru 0,6-1 m á hæð og það sjást 4 umför í þeim. Hvergi mótar fyrir dyrum sem að öllum líkindum voru á norðurhlið né garða inni í henni. Tóftin er grasivaxin og sigin. Tóft B er fornlegri en hinar og þær líklega yngri. Gerð og lag tóftanna benda einnig til þess.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 2.

**ÁR-001:016** heimild leið 63°57.655N 20°39.374V
"Fyrir ofan umferðarbraut af Skeiðavegi [611:007] heim í Skálmholt er hrauntunga sem kölluð er Litla-hraunshólar," segir í örnefnalýsingu. Hákon Halldórsson, heimildamaður, taldi líklegast að lýsing örnefnaskrár ætti við veg sem lá frá Skeiðavegi að námu 014. Þar er nú vegur heim að sumarbústaðahverfi og leiðin líklega horfið við þá framkvæmd.
Gróið stórþýft hraun er þar sem vegurinn var.
Engin ummerki vegarins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 2.

**ÁR-001:017** *Hjálp* garðlag 63°56.828N 20°39.183V



*Hjálp 017, horft til VSV.*




"Á túninu er hóll eða hæð sem nefnist Lindarhóll [024], annar sem heitir Hvassihóll. Milli þessara hóla eru lægðir og hæðir líkt og þær væru gjörðar af manna völdum, eins og þar hafi verið dómhringur hlaðinn í hálfmána og tilheyrandi áhorfendasvæði, og nefnist svæði þetta Hjálp," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Hjálp er rúma 70 m norðvestan við bæ 001 og 60 m austan við bænhús 002. Jón Árni Vignisson, núverandi ábúandi, taldi að hann hefði mögulega ýtt jarðvegi yfir svæðið þegar grunnum gamalla útihúsa var rutt út árið 2005 en svo er ekki. Það sést vel þegar ljósmyndir í skýrslu Guðmundar Ólafssonar, um kolagröf 012, frá árinu 1992 er skoðaðar. Þá er eins umhorfs á svæðinu.
Grasivaxið tún með náttúrulegum hólum og lægðum er á þessum stað.
Hjálp sést enn. Um er að ræða hleðslu sem afmarkar 16x10 m svæði og líkist hálfhring. Að sunnan ræður jarðvegsbálkur, annað hvort náttúrulegur eða tengdur túnasléttun á 20. öld en annars fyrrnefnd hleðsla. Hún er 0,8 m á hæð, alveg gróin og 1-1,5 m á breidd. Hleðslan er sigin en afar greinileg í grasivöxnu túni. Hlutverk hleðslunnar er óþekkt en áhugavert væri að rannaskaka hana nánar með könnunarskurðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 2.

**ÁR-001:018** *Stekkjarlaut* heimild stekk 63°57.136N 20°38.546V
"Norður með holtinu eru hólaraðir nefndir Sandhólar, ekki háir og austan við þá er löng dæla eða flöt sem nefnist Stekkjarlaut," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Stekkjarlaut er 800 m norðaustan við bæ 001 og rúma 420 m austan við Stóruvörðu 019. Lautin liggur norður-suður við landamerki Skálmholtshrauns ÁR-002. Hún er um

100 m löng og 20 m breið. Hvergi sést móta fyrir tóft á þessum slóðum. Hákon Halldórsson, heimildamaður, mundi ekki eftir tóft á þessum slóðum.
Stekkjarlaut er slétt, grasivaxin en til austurs og vesturs eru stórþýfðir hólrimar.
Engin ummerki stekkjar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 2.

**ÁR-001:019** *Stóravarða* varða 63°57.028N 20°39.005V


*Stóravarða 019, horft til austurs.*

"Þá eru á holtinu vörður, önnur þar sem holtið er hæst beint fyrir ofan fjárhúsið [nýlegt], og heitir hún Stóravarða," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Stóravarða er 450 m NNA við bæ 001 og rúmum 550 m sunnan við Aðalsteinstóftir 023.
Austurhluti holtsins norðan við bæ 001 er mosavaxinn, smáþýfður og grjót stingur sér víða uppúr sverði. Holtið er 10 m hátt og 700 m langt.
Stóravarða er á austurhluta náttúrulegs holts. Varðan er hrunin en grjótdreif hennar, sem er 1 m í þvermál, sést þar enn. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 2.

**ÁR-001:020** garðlag túngarður 63°56.900N 20°39.069V


*Túngarður 020, horft til NNV.*

Samkvæmt bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906 markaði túngarður þá af norður-, suður- og vesturhlið gamla heimatúnsins. Aðeins norðurhliðin sést nú, í suðurhlíð náttúrulegs holts fyrir norðan bæ 001.Túngarðurinn sést í miðri hlíðinni, um 200 m NNA við bæ 001 og liggur niður á jafnsléttu.
Túngarðurinn er í smáþýfður og nokkuð brattri brekku til suðurs. Þar vex gras.
Túngarðurinn er aðeins varðveittur á 25 m löngum kafla í norðausturhorni gamla heimatúnsins. Garðlagið liggur NNV-SSA, er 2 m breitt, 1 m á hæð og grasivaxið. Garðlagið virðist torfhlaðið en ein umferð af hraungrýti sést neðst í því. Ætla má að suður- og vesturhluti túngarðsins hafi horfið við túnasléttun eða vegna uppblásturs. Túngarðurinn afmarkaði gamla heimatúnið sem var um 350x300 m að stærð og snéri norður-suður. Ekki var garðlag við vesturhlið gamla heimatúnsins samkvæmt teikningunni en ekki sést móta þar fyrir náttúrulegri afmörkun.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-001:021** *Náttmálavarða* heimild eyktamark 63°56.847N 20°39.377V
"Stærsta klettabeltið í holtinu er norðvestur af miðju holti og nefnast þeir Stóruklettar. Þá eru nokkuð vestar klettar sem nefnast Seiruklettar [...] Þá er það varða á klettabrúninni, bæjarmegin, sem nefnist Náttmálavarða," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Náttmálavarða var 220 m norðvestan við bæ 001 og tæpa 150 m austan við mógrafir 030. Hákon Halldórsson, heimildamaður, man ekki eftir vörðu nærri Seiruklettum eða á þessum slóðum. Klettarnir eru um 2 m háir og 30 m langir. Hvergi er steinadreif á þessum slóðum og því ljóst að langt er síðan varðan féll eða að grjót var borið úr henni.
Engin ummerki Náttmálavörðu sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 2.

**ÁR-001:022** *Rauðavað* heimild vað 63°56.055N 20°41.741V
"Þaðan liggja mörkin í sveig um Dælnakot [009], sem eru gamlar húsrústir af eyðibýli sem þar var, og niður í Rauðavað, það er á mótum Kampholtskeldu og Urriðafosslækjar," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Í svörum við spurningum örnefnastofnunar segir ennfremur : "Rauðavað - lækur sem rennur úr Kampholtsvatni niður í Urriðafosslæk - vað er á læknum mitt á milli K og U, var þar mikill mýrarrauði og dregur vaðið að öllum

líkindum nafn sitt af því." Rauðavað er 2,5 km VSV við bæ 001 og 950 m vestan við Dælarétt 013. Urriðafosslækur rennur til norðurs og beygir síðan til vesturs á þessum slóðum. Hann er um 3 m breiður og 0,5 m á dýpt. Ekki sést til gatna í framhaldi af vaðinu í landi Skálmholts né vitað á hvaða leið það var notað.
Blautar dælar, mýrardrög og mólendir hraunhryggir eru á þessum slóðum.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 1; Ö-Skálmholt og Skálmholtshraun, sp. og svör, 2.

**ÁR-001:023** *Aðalsteinstóftir* tóft beitarhús 63°57.337N 20°39.113V
"Svo höldum við áfram út að Bitrumörkum [ÁR-078]. Þar eru á leið okkar sléttar dælur sem heita Krókadælur. Þá tekur heiðin og hraunið við og þá fyrst Grenjaðarhraun og nær það alla leið upp fyrir þjóðveg," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Grenjahraun, þar voru sauðahús og voru tófugreni í hrauninu. Tóftir sauðahússins voru einnig nefndar Aðalsteinstóftir og bera nafn af Aðalsteini nokkrum sem hugðist byggja þar. Grenjahraun ekki Grenjaðarhraun." Aðalsteinstóftir eru 1 km norðan við bæ 001 og tæpa 600 m norðvestan við Stekkjarlaut 018. Beitarhúsin eru sunnan við um 3 m háan, grasivaxinn hraunhól.
Aðalsteinstóftir eru í suðvesturenda úfinnar og mosavaxinnar hraunbreiðu. Til vesturs er gróið, slétt tún en hraunhólar og -hryggir í aðrar áttir.
Beitarhúsin eru 16x11 m að stærð og snúa austur-vestur. Þau skiptast í þrjú hólf. Hólf 1 er austast. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hvergi mótar fyrir inngangi. Gólf hólfsins er niðurgrafið og það líklega hlaða. Veggjahæð er 1,3 m og sjást 7 umför af grjóti í þeim. Vesturveggurinn er gerður úr náttúrulegum hraunkletti og ekki er innangengt á milli hólfa. Líklega var þak á hólfinu. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 6x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur og op er á miðri vesturhlið. Sami klettur og í hólfi 1 er myndar vesturvegg, er hann um 2 m hár. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Veggjahæð er 1,5 m og sjást 6 umför af hraungrýti í þeim. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á vesturhlið og garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Veggirnir eru um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför í þeim. Hólfið er grasivaxið og signara en hin tvö.


*Aðalsteinstóftir 023, horft til austurs.*




**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 2; Ö-Skálmholt og Skálmholtshraun, sp. og svör, 2.

**ÁR-001:024** *Lindarhóll* lind vatnsból 63°56.858N 20°39.315V
"Á túninu er hóll eða hæð sem nefnist Lindarhóll, annar sem heitir Hvassihóll," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Lindarhóll er norður af Skálmholtsbænum [001] og dregur nafn af uppsprettulind sem er norðan við hólinn og var allt neysluvatn í Skálmholti nýtt úr lindinni allt til ársins ?". Lindin sjálf er fast norðan við Lindarhól og er 150 m VNV við bæ 001 og rúmum 50 m norðvestan við bænhús 002.
Lindin er rétt utan gamla heimatúnsins, í lægð milli Lindarhóls og náttúrulegs holts til norðurs. Gamla heimatúnið er slétt og grasivaxið en í holtinu þýft mólendi.
Lindin sjálf er nú að mestu horfin af yfirborði. Borað var eftir neysluvatni í hana og stendur járnrör þar upp úr sverði. Þar er nú (október 2010) mýrlend lægð, innan afgirts svæðis.


*Lindarhóll 024, horft til austurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 2; Ö-Skálmholt og Skálmholtshraun, sp. og svör, 2.

**ÁR-001:025** *Kvíaból* heimild kvíar 63°57.006N 20°38.810V

Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Kvíaból var við Sandhól að vestan og voru til skamms tíma rústir af rétt. Síðast notað 1920-1922." Kvíaból er 450 m norðaustan við bæ 001 og rúma 150 m austan við Stóruvörðu 019. Hólar við austurenda Skálmholtsins voru kallaðir Sandhólar að sögn Hákons Halldórssonar en ekki mundi hann eftir tóft á þessum slóðum. Hólarnir eru enn greinilegir en ekki sést til tófta í þeim. Malarvegur liggur vestan við hólana.

Sandhólar eru um 3-4 m á hæð, grasivaxnir og liggja eftir rimabarði. Rof er komið í þá víða.

Engin ummerki kvía sjást á yfirborði en svæðið hefur ekki verið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Skálmholtshraun, sp. og svör, 3;

**ÁR-001:026** tóft útihús 63°56.850N 20°39.074V

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 100 m norðaustan við bæ 001 og 100 m norðaustan við kálgarð 004. Þar eru sýnd tvö hús en líkelga er hér um eitt, tvískipt útihús að ræða. Leifar hússins sjást enn.



Útihús 026, horft til NNV.




Tóftin er í sléttu, grasivöxnu túni.

Útihúsið er 10x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er grasivaxin, sigin og hvergi glittir í grjót. Veggir tóftarinnar eru ógreinilegir og veggjahæð hennar allrar er 0,3-0,5 m. Tóftin skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 6x3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og op er á miðjum austurvegg. Veggirnir eru alveg grónir og hvergi glittir í grjót. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 5x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og op er á miðjum austurvegg.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-001:027** *Fjárhúsbrekka* tóft fjárhús 63°56.926N 20°39.213V






Fjárhús 027, horft til suðurs.

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 tæpa 220 m NNV við bæ 001 og 50 m vestan við fjárhús 028 í suðurhlíð náttúrulegs holts. Brekkan fyrir norðan bæ 001 kallast Fjárhúsbrekka að sögn Hákons Halldórssonar og eru útihús 028 og 033 í sömu brekku. Líklegt er að það hús sem skráð er hér séu fjárhús, lag tóftarinnar og örnefnið benda til þess.

Holtið er með klettabeltum efst og litlum pöldrum. Hlíðin, eða brekkan, er stórþýfð, grasivaxin og fremur brött.

Fjárhúsin eru í suðurhlíð náttúrulegs holts. Tóftin er ofarlega í brekkunni sem er rúmlega 10 m há. Tóftin er 15x5 m að stærð, snýr norður-suður og er grasivaxin. Hún skiptist í 3 hólf. Hólf 1 er syðst í tóftinni og er 2x2 m að innanmáli. Ekki eru greinileg op á hólfinu en veggjahæðin er 0,5 m. Hvergi sést glitta í grjót. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 7x3 m að innanmáli, snýr norður-suður og er grasivaxið. Ekki sést skýr inngangur í hólfið en veggjahæð er 1 m. Hólf 3 er norðan við hólf 2, og er 3x3 m að innanmáli. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og hólfið virðist niðurgrafið, gæti verið hlaða. Hvergi sést skýr inngangur inn í hólfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-001:028** *Fjárhúsbrekka* tóft fjárhús 63°56.931N 20°39.151V

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 220 m NNA við bæ 001 og 15 m vestan við útihús 033. Útihúsið er ofarlega á náttúrulegu holti, í brekku sem kallast Fjárhúsbrekka að sögn Hákons Halldórssonar, heimildamanns. Líklegt er að tóftin sé af fjárhúsum, til þess bendir lag tóftarinnar og örnefnið.



*Fjárhús 029, horft til suðurs.*

Holtið er með klettabeltum efst og litlum pöldrum. Hlíðin, eða brekkan, er stórþýfð, grasivaxin og fremur brött.

Fjárhúsin eru 22x14 m að stærð, snúa norður-suður og eru algróin. Þau skiptast í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst og snýr austur-vestur. Það er 8x4 m að innanmáli og norðurveggur hólfsins er sigin í miðju, líklega verið dyr þar. Einnig er líklegt að dyr hafi verið á suðurhlið. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 10x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og alveg grónir. Dyr voru líklega á suðurhlið, yfir í hólf 1, og aðrar á norðurhlið yfir í hólf 3. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það er 6x6 m að innanmáli, veggirnir 1 m á hæð og alveg grónir. Gólfið er niðurgrafið og því líklega um hlöðu að ræða. Dyr voru líklega á miðri suðurhlið. Öll tóftin virðist vera niðurgrafin og líklegt að þakið og veggir hafi verið rifið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-001:029** garðlag vörslugarður 63°56.921N 20°39.040V

Að sögn Jóns Árna Vignissonar, heimildamanns, eru tvö garðlög í suðurhlíðum Skálmholtsins og eru þau hér skráð saman. Annað garðlagið liggur norðaustur-suðvestur og sést frá túngarði 020 og allt heim að kvíum 025. Hitt garðlagið liggur til suðausturs frá klettabelti ofarlega í holtinu og endar við slétt grasivaxið tún til SSA.


*Garðlag 029, horft til norðausturs og NNV.*

Stórþýfð, gróin brekka með klattabeltum er til norðurs en grasivaxið tún til suðurs.

Garðlögin tvö eru á svæði sem er um 220x250 m að stærð og snýr NNV-SSA. Var hvoru gefinn bókstafur til aðgreiningar. Garðlag A liggur til norðausturs frá túngarði 020 að malarslóða nærri kvíum 025. Garðlagið er horfið á köflum en það er hægt að rekja með góðu móti. Jón Árni segir að garðlagið hafi legið yfir í land Skálmholtshrauns ÁR-002, við Stóruvörðu 019 uppi á holtinu sjáist það vel. Skrásetjara tókst ekki að finna garðlagið í landi Skálmholtshrauns. Þó voru litbrigði í gróðurfari sjáanleg sem mögulega gefa legu þess til kynna. Garðlagið er um 0,3 m á hæð, gróið en þó glittir í grjót hér og þar. Garðlag B liggur til suðausturs frá klettabelti ofarlega í hlíð holtsins og liggur þvert yfir garðlag A. Það endar við slétt, grasivaxið tún. Jón Árni segir að við réttar aðstæður megi sjá móta fyrir garðlaginu í sléttu túninu, allt heim að svokölluðum Gjám á mörkum Skálmholts og Skálmholtshrauns. Garðlagið er 0,5 m á hæð, grasivaxið og það sést glitta í tvö umför af grjóti. Vel má greina garðlagið undir sverði í sléttu túninu, grasið er grænna í beinu framhaldi af hleðslunni og sést hvar lega þess var. Hlutverk garðlaganna er óþekkt, en líklega hafa þeir verið vörslugarðar og líklega hluti af sama manvirki frá sama tíma.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-001:030** náma mógrafir 63°56.852N 20°39.564V

Mór var tekin við vesturenda Skálmholts, þ.e. holtsins norðan við bæ 001 að sögn Hákons Halldórssonar, heimildamanns. Mógrafirnar sjást enn rúmum 300 m norðvestan við bæ 001 og rúma 100 m vestan við

Náttmálavörðu 021.



Mógrafir 030, horft til norðausturs.

Mógrafirnar eru í stórþýfðu, mýrlendu og grasivöxnu svæði við suðvesturenda Skálmholts.
Svæðið er 40x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki sjást merki um einstakar, minni grafir heldur er svæðið samfellt og um 0,6 m djúpt. Grafirnar eru enn rakar. Mögulega hafa verið fleiri mógrafir verið á svæðinu en þær eru nú orðnar ógreinilegar.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-001:031** náma mógrafir 63°56.233N 20°41.506V



Mógrafir 031, horft til norðurs.

Greinilegar mógrafir eru 2,2 km vestan við bæ 001 og 400 m vestan við Dælakot 009 og liggja að merkjum við Urriðafoss ÁR-004 og Kampholt ÁR-038.
Mógrafirnar er í grónu hrauni með klettum og hólum. Inn á milli hrauntoppanna eru grasivaxnar og blautar dælar.
Mógrafirnar eru í mýrlendisfláka inná milli gróinna hraunhryggja. Mýrarflákinn er um 350x150 m og snýr NNA-SSV. Innan hans má greina 3 mógrafasvæði en líklegt er að mór hafi verið tekið víðar. Erfitt er að áætla nákvæman fjölda mógrafanna en þær eru vel yfir 100 talsins. Sumar mógrafirnar eru afar greinilegar, flestar þeirra um 10x2 m að stærð meðan aðrar eru vart sjáanlegar. Bæði eru hér þurrar mógrafir og votar, djúpar og grunnar og stórar og litlar.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-001:032** náma mógrafir 63°56.210N 20°41.295V
Mógrafir eru 2 km VSV við bæ 001 og rúma 450 m NNA við Rauðavað 022. Þær eru í mýrardæl en gróið hraun er allt umhverfis.
Mógrafirnar eru í grónu hrauni með klettum og hólum. Inn á milli hrauntoppanna eru grasivaxnar og blautar dælar.
Mógrafirnar eru 50x40 m að stærð og snúa NNV-SSA. Þær eru um 20 talsins, 0,2 m djúpar og renna saman. Þær eru rakar og mold í botni þeirra.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-001:033** *Fjárhúsbrekka* tóft fjárhús 63°56.931N 20°39.151V



Fjárhús 033, horft til norðurs.




Útihús er 250 m norðaustan við bæ 001 og 15 m austan við fjárhús 028. Útihúsið er ofarlega á náttúrulegu holti, í brekku sem kallast Fjárhúsbrekka að sögn Hákons Halldórssonar, heimildamanns. Líklegt er að tóftin sé af fjárhúsum, til þess bendir lag tóftarinnar og örnefnið. Fjárhúsin eru ekki sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 en ástand þeirra er álíka og fjárhúsa 027 og 028.
Holtið er með klettabeltum efst og litlum pöldrum. Hlíðin, eða brekkan, er stórþýfð, grasivaxin og fremur brött.
Fjárhúsin eru 15x5 m að stærð og snúa norður-suður. Þau skiptast í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst, snýr norður-suður og er 5x3 m að innanmáli. Ekki er ljóst hvar dyr voru á hólfinu, líklega þó bæði á miðri suður- og norðurhlið þar sem veggirnir eru signari en annars staðar (en hæð þeirra er 0,6-1 m). Þeir eru alveg grónir og hvergi glittir í grjót. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð og grasivaxnir. dyr voru líklega á suður- og norðurvegg. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það er 3x3 m að innanmálin veggir um 1 m á hæð og algrónir. Ekki sést móta fyrir dyrum

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-001:034** heimild útihús 63°56.873N 20°39.181V
Skömmu eftir að kolagröf 012 fannst við gerð skurðar fyrir vatnslögn árið 1992 komu í ljós mannvistarlög vestar og ofar í sama skurði. Mannvirkið var 150 m norðan við bæ 001 og rúmum 120 m NNA við bænhús 002.
Gróið og smáþýft mólendi er á þessum slóðum.
Guðmundur Ólafsson rannsakaði mannvistarlögin í október 1992. Á um 0,6 m dýpi í skurðinum komu í ljós mannvistarlög, óbrennd dýrabein og að því virðist hellulagt gólf. Guðmundur taldi líklegast að ummerkin væru af útihúsi en taldi að frekari rannsókna væri þörf og ekki hægt að útiloka að um mannabústað væri að ræða. Mannvirkið sást ekki á yfirborði og því að öllum líkindum fornt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Kolagröf og fleiri minjar að Skálmholti, 6-8

**ÁR-001:035** gata leið 63°57.101N 20°40.778V
Leið liggur til suðausturs frá Launstíg/Ferðamannalautum 611:006 og heim að bæ 001. Gatan er áberandi, vel varðveitt og verið mikið notuð. Ólíklegt er að gatan hafi verið þjóðleið en mögulega hefur hluti af Þjórsárgötum efri 611:005 legið þarna. Líklega lá hún áfram til suðausturs frá bæ 001 í átt að Skiphól (002:003).
Gatan er í grónu, mosavöxnu hrauni. Hraundrangar og malarvellir koma uppúr sverði á stöku stað.
Gatan sést á 1,1 km löngum kafla og er nánast öll vel varðveitt. Næst bæ 001 er hún horfin í tún en gera má ráð fyrir að hún hafi legið meðfram vesturenda Sálmholtsins og heim að bæ. Samtals eru göturnar 20-30 m á breiðar og liggja norðvestur-suðaustur. Í þeim sjást á milli 10-20 paldrar sem allir eru grasivaxnir og um 0,2 m á dýpt.


*Leið 035, horft til NNV.*

## ÁR-002 Skálmholtshraun

1708,10 hdr., bændaeign. JÁM II, 180-181. 1847, 10 hdr., bændaeign. JJ, 53 .
1981: "Jörðin Skálmholtshraun hefur verið í eyði frá 1918 og landið nýtt að hluta frá Skálmholti en að hluta frá nýbýlinu Heiðarbæ." SB II, 34.
1708: "Fóðrast kann v kýr, xx ær, x lömb, ii hestar. Afrjett ut supra. Slægjur selur jörðin fyrir hagbeit á sumur Skálmholti, vide sup. Skálmholt. Torfrista og stúnga lök. Mótak til eldiviðar hefur að fornu verið, meinast eytt og brúkast ei. Skógur til kolagjörðar í allmenníngi ut supra. Túninu grandar grjóts uppgángur, sem eykst árlega. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina, og so er heyskapur mjög svipull á þessu engi, þegar vætur vilja til. Hætt er kvikfje fyrir hrakníngi í Þjórsá og verður oft að meini. Kirkjuvegur ut supra að Skálmholti." JÁM II, 180-181.



**ÁR-002:001** *Skálmholtshraun* bæjarhóll bústaður 63°56.928N 20°38.243V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 eru merkt fimm hús á bæjarhól Skálmholtshrauns. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Þorsteinn Björnsson [...] mun hafa verið síðasti ábúandi á jörðinni. Hann er með heimili sitt á Þjótanda [ÁR-003] 1917-1918 en yrkir Skálmholtshraun, rífur bæinn og hefur þar fjárhús." Ekki er föst ábúð á jörðinni en hún hefur verið notuð undir hrossabeit a.m.k. síðustu tvo áratugi og nokkuð um eigendaskipti. Tún hafa ekki verið sléttuð nema að litlu leyti á jörðinni. Bæjarhóllinn er á grónum hraunhrygg eða -hól, en 10-15 m fyrir austan hann er heilsárhús og malarvegur að því um 15 m til suðurs. Bæjarhóllinn/fjárhúsin er óröskuð fyrir utan að heitur pottur hefur verið settur á pall í miðja tóftina.




Gamla heimatúnið er eini hluti jarðarinnar sem hefur verið sléttaður að einhverju leyti. Það er smáþýft og grasivaxið. Inn á milli eru grónir hraunhólar og -klettar sem rísa víða upp úr sverði.

Bæjarhóllinn er sunnarlega í gamla heimatúninu. Hann er 40x32 m að stærð, 1 m á hæð og snýr austur-vestur. Stafnar bæjarhúsanna snéru til suðurs. Tóft er á bæjarhólnum, um 30x32 m að stærð, og er hún sigin og stórþýfð. Tóftin snýr austur-vestur og 12 hólf eru í henni, ekki er vitað hvort að þau tilheyra öll fjárhúsum sem voru reist voru í tóftum bæjarhúsanna. Einnig gæti verið um tvær tóftir að ræða, heiti potturinn slítur tengslin á milli hólfanna og hefur raskað leifum talsvert. Hólf 1 er suðaustast í tóftinni. Það er 4x4 m að stærð, er opið til suðurs og veggirnir eru 1 m á hæð. Ekki sjást skýr umför af grjóthleðslu, heldur glittir í steina hér og þar. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 4x3 m að innanmáli, snýr norður-suður og er opið til suðurs. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og grasivaxnir. Tvö umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Hólf 3 er norðan við hólf 1 og 2. Ekki er skýr inngangur inn í hólfið og það líklega verið niðurgrafið. Grunnflötur þess er um 0,5 m lægri en í hólfum 1 og 2, gæti það hafa verið hlaða. Veggirnir eru grasivaxnir, um 1,5 m á hæð og sjást tvenn umför af grjóti í hleðslum. Hólf 4 er austan við hólf 3. Það er óskýrt, veggirnir eru 0,4 m á hæð og grasivaxnir. Hvergi glittir í grjót í þeim. Ekki er skýrt op á hólfinu en líklega hefur það þó verið á miðjum austurvegg. Hólf 5 er vestan við hólf 2 og 3. Það er líklega bæjargöng. Hólfið er 10x2 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru um 1,5 m á hæð, grónir og sjást þrenn umför af grjóthleðslu í þeim. Norðurendi hólfsins er raskaður og er heitur pottur þar fast vestan við. Hólf 6 er vestan við hólf 5. Hólfið er óskýrt, heitur pottur er í norðurenda þess á um 2 m háum trépalli. Hólfið er um 8x3 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir í suðurenda eru um 1,5 m á hæð og þýfðir, það glittir víða í grjót. Hólf 7 er vestan við hólf 6. Það er 11x6 m að stærð og snýr norður-suður. Tveir garðar liggja eftir hólfinu endilöngu og steypt fjárbað er í suðurenda vestari garða. Í miðju hólfinu sést móta fyrir um 4 m langri hleðslu sem liggur norður-suður og gæti hafa skipt hólfinu upp. Veggirnir eru um 1,7 m á hæð og sjást 4 umför af grjóthleðslu í þeim. Hólf 8 er fyrir norðan hólf 7. Veggirnir eru 2,5 m á hæð og 9 umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Hóflið er 10x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er niðurgrafið, grunnflötur þess er um 1,2 m lægri en í hólfi 7 og bratt þar niður. Tvö op eru á norðurhlið, annað í vesturhorni yfir í hólf 8 og hitt í austurhorni í hólf 10 og er hæð gólfs þeirra sá sami. Hólf 9 er í norðvesturhorni tóftarinnar. Það er 6x2 m að stærð og snýr norður-suður. Op voru í norðvesturhorni og á suðurhlið yfir í hólf 8. Veggirnir eru 2 m á hæð og sjást 6 umför af grjóthleðslu í þeim, að öðru leyti eru þeir grónir. Grjóthlaðinn garði liggur eftir austurvegg hólfsins. Hólf 10 er austan við hólf 9. Það er 8x4 m að stærð og snýr norður-suður. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Inngangur er á miðri norðurhlið og annar á þeirri syðri. Veggirnir eru 1 m á hæð, þýfðir og grónir. Ekki sjást skýr umför en víða glittir í steina. Hólf 11 er fyrir austan hólf 10. Suðurhluti hólfsins er óskýr. Hólfið er 7x6 m að innanmáli, snýr austur-vestur og inngangur í norðvesturhorni. Veggirnir eru 0,4-1 m á hæð og sjást einungis sem grasivaxnir bakkar, hvergi sér í grjót. Mögulega hefur verið fyllt upp í suðurenda, allt að hólfum 3-5. Hólf 12 er austan við hólf 11. Það er 12x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru 1-1,3 m á hæð og sjást mest 4 umför af grjóthleðslu. Hæð gólfs í hólfinu er um 0,4 m lægri en í hólfi 11. Um 6 m langur garði eða veggur, liggur norður-



*Bæjarhóll 001, horft til NNV.*

suður eftir hólfinu miðju og annar garði/veggur sést í austurhorni og er 3 m langur. Suðurveggur hólfsins sést aðeins sem bakki, og jarðvegsbunki þar fyrir sunnan sem áður var lýst. Fyrir vestan tóftina er þýfður bakki, um 12 x 8 m að stærð og 1 m á hæð. Þetta er eini hluti uppsafnaðra mannvistarlaga sem sést utan tóftarinnar. Líklegt er að hólf 1-6 tilheyrði bæjarhúsunum, hólf 7-10 fjárhúsum en tengsl við hólf 11-12 eru ógreinileg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; SB II, 34.

**ÁR-002:002** *Kotatún* örnefni býli 63°56.872N 20°38.496V
"Í túninu eru fá örnefni. Kotatún er vestasti hluti þess sem gengur næst Skálmholti [ÁR-001]," segir í örnefnalýsingu Skálmholts. Kotatún var 230 m vestan við bæ 001 og 150 m suðvestan við útihús 010. Þar er grasivaxinn hluti gamla heimatúnsins en ekki sér til tófta. Hákon Halldórsson, heimildamaður, taldi mögulegt að útihús á þessum slóðum kynni að hafa borið þetta nafn en ekki merkt tóft á þessum slóðum inn á bæjarteikningu dönsku landmælingamannanna frá 1906.
Kotatún er á smáþýfðum hólrana í grasivöxnu túni.
Engin ummerki útihúsa sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 3.

**ÁR-002:003** *Skiphóll* renna ferja 63°56.611N 20°36.735V


*Skiphóll 003, horft til austurs.*

"Örnefni upp með Þjórsá er Skiphóll, sem eitt sinn var gamall ferjustaður, en nokkru utar er hóll sem heitir Möðruhóll," segir í örnefnalýsingu. Í örnefnaskránni Umferðarleiðum í Villingaholtshreppi segir ennfremur: "Áður en brýr komu á Ölfusá og Þjórsá, voru víða ferjur yfir þessar ár. Í Villingaholtshreppi voru þessar ferjur mest notaðar yfir Þjórsá [...] við Skiphól fyrir suðaustan Skálmholt [ÁR-001] (Króksferja í Holtum, róið að Skiphól)." Skiphóll er tæpum 1 km suðaustan við fjárhústóft 017 og 1,4 km ASA við bæ 001. Þjórsá rennur til vesturs fyrir sunnan hólinn.
Skiphóll er í þýfðu og grónu móendi á bakka Þjórsár.
Götur 611:004 sjást liggja að Skiphól að vestan og austan. Að sögn Hákons Halldórssonar, heimildamanns, lágu flestar þjóðleiðir svæðisins að Skiphóli enda einn fárra ferjustaða yfir Þjórsá hér. Ummerki ferjunnar eru horfin en Skiphóll er enn greinilegur. Hann er 3 m hár, 20 m í þvermál og náttúrulegur að stórum hluta. Lítið vörðubrot má sjá efst austarlega á hólnum. Ekki er vitað hvar lendingin var en það gæti hafa verið beggja vegna hólsins. Samkvæmt Hákoni var lendingin þó líklega austan við hann. Þar má með góðum vilja greina skarð sem mögulega bendir til lendingar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 3; Ö-Umferðaleiðir, 1.

**ÁR-002:004** *Vörðusker* heimild 63°56.403N 20°37.345V
Í spurningum Örnefnastofnunar segir: "Á korti er sýnt Vörðusker í Þjórsá tilheyrir það Skálmholti eða Skálmholtshrauni?" og í svari við spurningunni segir: "Vörðusker tilheyrir Skálmholtshrauni". Vörðusker er 1,2 km SSA við bæ 001 og rúma 600 m suðvestan við Skiphól 003, í miðri ánni.
Vörðusker er eyja í Þjórsá, sú eina meðfram landi Skálmholtshrauns.
Vörðusker er 200x30 m að stærð og nánast í miðri Þjórsá. Hér er um frekar gróna eyju að ræða en sker og liggur hún norðaustur-suðvestur. Ekki tókst að fara út í eyjuna og leita að vörðunni. Ekki er víst að örnefnið dragi nafn af vörðu á skerinu sjálfu, hún gæti allt eins hafa verið á landi en ekki sást til neinnar vörðu í landi Skálmholtshrauns.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Skálmholtshraun, sp. og svör, 1,3.

**ÁR-002:005** heimild kálgarð 63°56.926N 20°38.262V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, fast austan við bæ 001. Kálgarðurinn var sambyggður bænum og traðir 006 lágu þvert í gegnum hann. Kálgarðurinn var fyrir sunnan og vestan bæjarhúsin, í svolitlum halla niður af bæjarhólnum.
Þar sem kálgarðurinn var er grasivaxið og slétt svæði.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-002:006** gata traðir 63°56.910N 20°38.245V

Traðir eru merktar að bæ 001 úr suðri á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Traðirnar lágu til suðurs frá bæ 001, í gegnum kálgarð 005 og náðu allt að túngarði 020. Malarvegur liggur nú yfir syðsta hluta traðanna og þær illgreinanlegar þar.



*Traðir 006, horft til NNV.*

Slétt, grasivaxið tún er nú þar sem norðurhluti traðanna var en malarslóði yfir suðurhlutanum.

Frá bæ 001 og að malarvegi um 20 m sunnar er grasivaxið og slétt svæði. Þar mótar fyrir 2-3 m breiðri og 0,3 m hárri upphækkun og hafa traðirnar líklega verið upphlaðnar. Þetta er eini hluti traðanna sem enn er varðveittur. Þessi upphækkun er ógreinileg og í raun aðeins munur á gróðri sem sýnir hana. Traðirnar sjást á 15 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-002:007** tóft útihús 63°56.997N 20°38.142V

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, fast við austurmörk túns, 150 m norðaustan við bæ 001 og 30 m sunnan við útihús 008. Tóftin er 50 m vestan við vírgirðingu og skurð.



*Útihús 007, horft til austurs.*




Útihúsið er í grónu hrauni þar sem klettar standa víða upp úr sverði. Grasivaxnar dældir eru inn á milli gróinna hraunhóla.

Útihúsið er 7x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Náttúrulegt klettabelti markar af austurhlið þess. Útihúsið er einfalt, veggirnir 1 m á hæð og grónir. Það sjást þrenn umför af grjóthleðslu í þeim og grjóthlaðinn garði liggur eftir norðurhlið þess. Klettabeltið er stærra en útihúsið. Lögun tóftarinnar bendir einna helst til þess að um fjárhús séu að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-002:008** þúst útihús 63°57.012N 20°38.158V

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 í norðausturhorni gamla heimatúnsins, 30 m norðan við útihús 007 og 170 m NNA við bæ 001.



*Útihús 008, horft til norðvesturs.*



Útihúsið er í grónu hrauni þar sem klettar standa víða upp úr sverði. Grasivaxnar dældir eru inn á milli gróinna hraunhóla.

Útihúsið er nánast horfið, einungis sést nú þúst þar sem það var. Hún er 7x5 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er á 1 m háum og grónum hraunhól og sjást 0,3 m háir bakkar efst á henni, líklega veggjabrot. Þústin er slétt og grasivaxin og hvergi sést glitta í grjót. Ekki sést greinilega hvar dyr voru á tóftinni, líklega þó á suðurhlið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-002:009** tóft útihús 63°56.939N 20°38.409V






*Útihús 009 séð úr suðri.*

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 130 m VNV við bæ 001 og 10 m sunnan við útihús 010. Húsið var 10 m austan við gaddvírsgirðingu sem nú er á merkjum Skálmholtshrauns og Skálmholts ÁR-001.
Útihúsið er í grónu hrauni. Hraunhólar, -hryggir og -klettar standa víða upp úr sverði inná milli grasivaxinna og smáþýfðra lauta. Grjótið er mosavaxið.
Útihústóftin er á grónum hraunhól, 0,5-1 m á hæð. Hún er 10x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Húsið er einfalt. Veggir þess eru einungis 0,4 m á hæð og útihúsið er allt sigið. Náttúrulegur steinn myndar hluta af vesturveggnum. Hann er mun hærri en veggirnir sem eru lítið annað en þýfðir bakkar. Ekki er ljóst hvar dyr voru, þó líklega á suðurhlið. Norðurveggurinn er óskýr og nánast horfinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-002:010** tóft útihús 63°56.949N 20°38.417V






*Útihús 010, horft til vesturs.*

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, 140 m VNV við bæ 001 og 10 m norðan við útihús 009. Húsið er 2 m austan við gaddvírsgirðingu sem nú er á merkjum Skálmholtshrauns og Skálmholts ÁR-001.
Tóftin er í grónu hrauni. Hraunhólar, -hryggir og -klettar standa víða upp úr sverði inn á milli grasivaxinna og smáþýfðra lauta. Grjótið er mosavaxið.
Tóftin er 10x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í 3 hólf. Hólf 1 er syðst. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru á miðri austurhlið og veggir um 1 m á hæð. Þrjú umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Veggirnir eru smáþýfðir og mosavaxnir. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 2x2 m að innanmáli og op er á austurvegg þess. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og sjást þrenn umför af grjóthleðslum í þeim. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er 3x2 m að innanmáli og op er á norðurhlið. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást þrenn umför af grjóthleðslum í þeim.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-002:011** heimild útihús 63°56.899N 20°38.416V
Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 100 m VSV við bæ 001 og 70 m sunnan við útihús 009. Útihúsið er nú horfið en var líklega á grasivöxnu svæði sunnan við 2 m háan, gróin hraunhrygg sem snýr austur-vestur á þessum slóðum.
Þar sem útihúsið var er nú þýfður mói með grónum hraunhólum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-002:012** garðlag áveita 63°56.968N 20°37.651V
Áveitukerfi er 550 m fyrir austan bæ 001, í grónu mólendi. Þar eru 4 flóðgarðar og tvær náttúrulegar tjarnir vestan þeirra. Áveitunni var raskað með gerð tveggja vélgrafinna skurða og henni skipt í tvennt. Skurðirnir eru 3 m djúpir og 2-3 m á breidd.

Áveitukerfið er í stórþýfðu mólendi með rökum tjörnum og mýrlendum flákum.
Áveitan er á svæði sem er 650x200 m stórt og snýr norður-suður. Þar sjást 4 flóðgarðar sem tengjast saman og mynda áveitu. Við skráningu var görðunum gefin bókstafur til aðgreiningar. Flóðgarður A afmarkar suðurhlið áveitusvæðisins og snýr ANA-VSV, á milli tveggja tjarna. Hann er 0,5 m á hæð, 170 m að lengd og renna er meðfram suðurhlið hans. Garðurinn er stórþýfður og grasivaxinn. Hann er líklega torfhlaðinn, a.m.k. Sér hvergi glitta í grjót í moldarflögum sem víða eru á garðinum. Flóðgarður B afmarkar austurhlið áveitunnar. Garðurinn er rúmlega 550 m að lengd og hlykkjast norður-suður. Hann er 0,7 m á hæð, grasivaxinn og renna er meðfram vesturhlið hans. Flóðgarðurinn hefur verið rofin í tvennt, skurður er grafinn í gegnum norðurhluta hans. Flóðgarður C liggur til vesturs frá flóðgarði B en sveigir svo til SSV og endar við norðurenda gróins rima. Garðurinn er 220 m að lengd, 0,5 m á hæð, grasivaxinn og renna er vestan við hann. Tveir vélgrafnir skurðir raska flóðgarðinum að nokkru. Flóðgarður D liggur til norðurs frá norðurenda flóðgarðs C. Garðurinn er 250 m langur, 0,7 m á hæð og grasivaxinn. Renna er meðfram vesturhlið hans og tjörn þar fast vestan við. Norðurendi garðsins er raskaður vegna vélgrafins skurðar.



*Áveitugarður 012A, horft til vesturs og garður 012C, horft til suðurs.*

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-002:013** tóft fjárskýli 63°57.200N 20°37.082V

Tóft er 1,1 km ANA við bæ 001 og tæpum 600 m NNA við tóft 016. 20 m vestan við tóftina er skurður (liggur austur-vestur) og vírgirðing er á brún hans.
Stórþýfður mói með hraunhólum og -klettum er umhverfis tóftina. Blautar mýrardælar/tjarnir eru inn á milli.
Tóftin er á 2,5 m háum hól og er hluti hans eflaust uppsöfnuð mannvistarlög. Hóllinn er grasivaxinn, brattur og smáþýfður. Tóftin er 7x6 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðri austurhlið. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og grasivaxnir þó víða sjáist í grjóthleðslur. Tóftin er sigin og liggur undir ágangi hrossa sem greinilega hafa raskað henni töluvert. Miðað við lögun tófarinnar og staðsetningu er líklegast að hún sé fjárborg eða -skýli.





*Tóft 013, horft til vesturs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-002:014** tóftir beitarhús 63°56.762N 20°36.759V

Um 1,2 km VNV við bæ 001 og tæpum 300 m norðan við Skiphól 003 er tóft og þúst.
Tóftin og þústin eru í stórþýfðu mólendi með votum dælum víða.







*Tóft 014A horft til vesturs og þúst 014B horft til norðurs.*

Stök tóft og þúst eru svæði sem er 60x50 m og snýr austur-vestur. Við skráningu var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er sunnar. Hún er 18x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er nyrst og hefur verið fjárhús, er 12x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru algrónir, frá 0,3-1,2 m á hæð. Dyr eru á miðri austurhlið og tveir grjóthlaðnir garðar liggja eftir hólfinu endilöngu. Þeir eru 0,3-1 m á hæð. Hólf 2 er vestan við hólf 1, er 6x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gólfið er niðurgrafið og var hólfið líklega hlaða. Ekki sést skýrt op inn í hólfið. Veggirnir eru algrónir og 1 m á hæð. Hólf 3 er sunnan við hólf 1. Það er afar illa varðveitt, er einungis 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Rof er víða komið í veggi sem eru frá 0,5-1 m á hæð og grasivaxnir. Hólfið er opið til austurs. Þúst B er 35 m norðan við tóft A. Hún er 15 m í þvermál, 1,5 m á hæð og sker sig úr nánasta umhverfi vegna gróðurfars. Þústin er grasivaxin, slétt og flöt að ofan. Afar líklegt er að mannvistarlög leynist undir sverði en ekki er hægt að segja mikið meira um bygginguna.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-002:015** tóft beitarhús 63°56.756N 20°37.956V


Tóft 015, horft til suðurs.




Tóft er tæpa 400 m SSA við bæ 001 og tæpa 130 m norðan við fjárhústóft 017. Tóftin er 3 m vestan við malarslóða sem liggur til suðurs, inn í land Skálmholtshrauns. 20 m sunnan við tóftina er skurður og 10 m suðvestar er blaut mýrardæl.
Tóftin er í stórþýfðum, grasivöxnum móa.
Tóftin er 13x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er stórþýfð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar, er 8x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggjahæð er 1 m og sést glitta í tvö umför af grjóthleðslu inn á milli gróðursins. Grjóthlaðinn garði er meðfram austurhlið, 0,4 m á hæð. Op er á miðri suðurhlið hólfsins. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Hólfið er 3x3 m að innanmáli og veggirnir 0,5 m á hæð og mun signari en í hólfi 1. Þeir eru grasivaxnir og hvergi glittir í grjóthleðslur. Op er á miðri norðurhlið og ekki er innangengt á milli hólfanna. Húsið hefur verið beitarhús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-002:016** tóft stekkur 63°56.891N 20°37.242V





Tóft 016, horft til norðurs.

Tóft er rúma 800 m austan við bæ 001 og tæpa 600 m SSV við tóft 013.
Tóftin er í stórþýfðum, grasivöxnum móa með mýrarflákum inn á milli.
Tóftin er á 1 m háum hól sem vafalaust er að hluta til uppsöfnuð mannvistarlög. Tóftin er sigin, stórþýfð og undir ágangi hrossa. Tóftin er 14x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar, er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggjahæð er frá 0,3-0,7 m og hvergi glittir í grjóthleðslur. Op er í suðvesturhorni og annað á miðri norðurhlið, inn í hólf 2. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru stórþýfðir og grónir. Hæð þeirra er frá 0,3-0,7 m. Op er á miðri norðurhlið og annar á suðurhlið, yfir í hólf 1. Lag og staðsetning tóftarinnar bendir eindregið til þess að hér sé um stekk að ræða.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-002:017** tóft beitarhús 63°56.687N 20°37.952V
Tóft er 500 m suðaustan við bæ 001 og rúma 350 m vestan við tóft 018. Tóftin er á 0,5 m háum hól sem er líklega að hluta uppsöfnuð mannvistarlög. Lag tóftarinnar sem og staðsetning benda til þess að þetta séu beitarhús.
Tóftin er í grónu mólendi með mýrarflákum inn á milli.
Tóftin er 14x11 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er öll sigin, gróin og liggur undir ágangi hrossa. Tóftin

skiptist í 3 hólf en mögulegt er að þau hafi upprunalega verið fleiri. Hólf 1 er suðvestast í tóftinni. Það er 4x4 m að innanmáli en enginn suðurveggur sést og er hann annað hvort horfinn eða timburþil var þar fyrir. Veggjahæð er 0,4 m og engar grjóthleðslur sjást. Bárujárn sést í gegnum grassvörðinn í hólfinu, líklega úr þaki. Hólf 2 er norðaustan við hólf 1. Það er 8x6 m að innanmáli og líkt og hólf 1 er það opið til suðurs. Það snýr norðvestur-suðaustur, veggirnir eru 1 m á hæð og sést glitta í eitt umfar af grjóthleðslu í gegnum grasið. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu og er hann 0,2 m á hæð. Hólf 3 er fyrir norðvestan hólf 1 og 2. Gólfið er niðurgrafið um 1 m og var líklega hlaða. Veggirnir eru 1 m á hæð og alveg grónir. Hóflið er 8x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekkert op sést inn í hólfið.





*Beitarhús 017, horft til norðvesturs.*

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-002:018** tóft rétt 63°56.651N 20°37.508V

Rétt er norðan við náttúrulegan hól, líklega svokallaðan Möðruhóll sem getið er í örnefnalýsingu Skálmholts. Réttin er tæpa 800 m suðaustan við bæ 001 og 450 m suðaustan við tóft 015.

Réttin er í grónu mólendi með blautum mýrarflákum.

Möðruhóll er 10 m í þvermál og 3 m á hæð. Hann er stórþýfður og grasivaxinn. Réttin er fast norðan hólsins. Hún er 6x3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir en að sunnan afmarkar Mörðuhóll réttina. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sjást tvö umför af grjóthleðslu í þeim. Þeir eru vaxnir mosa og skófum. Dyr eru á miðri norðurhlið. Kindastígur liggur þvert í gegnum réttina, meðfram hlíð Möðruhóls. Þetta var líklega heimarétt eða aðhald.






*Tóft 018, horft til vesturs.*

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Skálmholt, 3.

**ÁR-002:019** hleðsla brú 63°57.053N 20°38.304V

Tæpum 250 m norðan við bæ 001 og 150 m norðvestan við útihús 008 er grjóthlaðin brú yfir þurran lækjarfarveg. Farvegurinn er 0,6 m á breidd og svipaður að dýpt. Hann snýr austur-vestur.

Lækjarbakkarnir eru í grónu hrauni með hraunhólum og -klettum. Milli hólanna eru rakar dælar og lækjarsprænur.

Um 14 m löng, grjóthlaðin brú snýr norður-suður og liggur yfir grænna kvos, eða lækjarfarveg, á milli gróinna hraunhóla. Lækur rann í kvosinni og gerð var brú yfir lækinn. Brúin er 1-1,5 m á breidd og er hleðslan tvöföld. Þrenn umför sjást á lengdina og er brúin 0,5-1 m á hæð. Brúin lækkar til austurs og vesturs og má segja að hún fjari út. Grjótið er mosavaxið og með skófum. Grjótið í brúnna er líklega tilhöggvið, það er með fremur sléttum hliðum og fellur þétt hvert að öðru. Engin leið sést á þessum slóðum né geta heimildir hennar.



*Brú 019, horft til VNV.*

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-002:020** garðlag túngarður 63°57.001N 20°38.313V

Grjóthlaðinn túngarður er umhverfis gamla heimatún Skálmholtshrauns og er hann sýndur á bæjarteikningu dönsku landmælingamanna frá 1906. Túngarðurinn sést vel á köflum en grjóti var þó rænt úr honum og notað við grunn heilsárshúss á jörðinni sem og hleðslu undir sólpall. Raskið var mest sunnan og austan við bæ 001 en

túngarðurinn er betur varðveittur til norðurs.
Túngarðurinn liggur yfir gróna hraunhóla og grasivaxnar lautir þar á milli. Hraunhólar og -klettar eru víða nýttir í gerð túngarðsins.



*Túngarður 020, horft til VNV og ASA.*

Túngarðurinn sést ennþá umhverfis gamla heimatúnið að mestu og afmarkar um 300x200 m stórt svæði sem snýr norðaustur-suðvestur. Fyrir vestan gamla heimatúnið var ekki túngarður heldur var mýrardrag, kallað Gjáin, látið marka af túnin þar. Túngarðurinn er horfinn á köflum en hægt en vel er hægt að rekja hann. Garðurinn er grjóthlaðinn, milli 0,3-0,6 m á hæð og sjást 1-2 umför af grjóthleðslu í honum fyrir austan og sunnan bæ 001. Að norðan er túngarðurinn milli 0,5-1 m á hæð og á milli 1-3 umför af hraungrýti eru þar merkjanleg í hleðslu. Lega túngarðsins er frábrugðin því sem sýnt er á bæjateikningunni frá 1906. Túngarðurinn nær skammt fyrir norðan útihús 010 og sveigir síðan þar til norðurs en á bæjarteikningunni er hann lengra til norðurs og virðist túnið því hafa verið minnkað. Ekki er að sjá að hólf séu sambyggð túngarðinum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-002:021** þúst kvíar 63°56.855N 20°38.426V



*Þúst 021, horft til ANA.*



Þúst, að öllum líkindum heystæði, er tæpa 250 m VSV við bæ 001 og rúma 220 m vestan við tóft 023. Þústin er rúmum 50 sunnan við gamla heimatúnið og staðsetning og lag hennar bendir til þess að um kvíar sé að ræða.
Heystæðið er í grónu hrauni með hraunhólum og -klettum. Milli hólanna eru rakar dælar.
Þústin er 8x4 m að stærð, einföld og snýr ANA-VSV. Hún er 0,4 m á hæð og er á stórþýfðum, algrónum hól sem er 0,4 m á hæð. Veggirnir eru óskýrir sökum stórþýfis en það glittir í einn og einn stein inni í þústinni. Op er á miðjum norðurvegg.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-002:022** tóft fjárhús 63°56.725N 20°38.226V



*Tóft 022, horft til suðvesturs.*



Að sögn Hákons Halldórssonar, heimildamanns, er tóft rúma 370 m sunnan við bæ 001 og tæpa 300 m suðaustan við kvíar 021. Hákon taldi að um fjárhús væri að ræða.
Tóftin er í grónu hrauni. Þar er mosa- og grasivaxið stórþýfi. Milli hólanna eru rakar dælar.
Tóftin er 8x5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er efst á grónum hraunhól, um 1 m á hæð. Hóllinn er mun grænni en nánasta umhverfi og sker sig úr sökum hæðar sinnar. Tóftin liggur þvert á hólinn, hún er breiðust til norðausturs og mjókkar lítillga til suðvesturs. Hún er opin til beggja enda en líklega voru dyrnar til suðausturs. Ekki sér til garða, jötu né hlöðu nærri tóftinni. Miðað við lag,

staðsetningu og gerð tóftarinnar er líklega um fjárhús að ræða.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-002:023** tóft+garðlag fjárhús 63°56.882N 20°38.196V
Tóft og garðlag eru tæpa 100 m sunnan við bæ 001 og um 300 m NNV við tóft meinta beitarhúsatóft 015. Tóftin er 30 m sunnan við túngarð 020, rétt utan gamla heimatúnsins. Um 20 m vestan við tóftina er vegarslóði og þar rétt vestar er tjörn. Náttúrulegir hraunhólar eru norðar og sunnar.
Tóftin og garðlagið eru í stórþýfðu og grónu hrauni.






*Útihús 023A horft til austurs og garðlag 023B, horft til ASA.*

Tóftin og garðlagið eru á svæði sem er 22x16 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Verður hvoru gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er norðaustast á svæðinu. Hún er 6x4 m að stærð, einföld og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru grónir en þó má sjá glitta í grjóthleðslur. Op er á miðri vesturhlið og þar fyrir framan eru tvær grjóthrúgur. Þær eru um 0,7 m á hæð og líklega gerðar eftir að tóftin féll úr notkun, mögulega við sléttun heimatúnsins. Garðlag B er fyrir vestan og sunnan tóft A. Það er e.k. gerði eða rétt og er 20x10m að stærð. Gerðið snýr norðvestur-suðaustur. Það er grjóthlaðið og sést glitta í eitt umfar af hraungrýti. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og gerðið er opið í norðastur horni að tóft A. Gerðið gæti verið rétt eða aðhald.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-002:024** þúst útihús 63°56.898N 20°38.222V
Útihús er rúma 50 m sunnan við bæ 001 og 30 m NNV við tóft 023. Útihúsið er innan túngarðs 020 en ekki sýnt á bæjarteikningu frá 1906. Líklega var það þá þegar fallið úr notkun. Um 5 m sunnan við tóftina liggur túngarður 020.
Slétt, grasivaxið tún með náttúrulegum dældum og grónum hraunhólum er umhverfis.
Leifarnar eru í raun fremur þúst en eiginleg tóft en afar líklegt verður að teljast að mannvistarlög leynist undir sverði. Þústin er 6x5 m að stærð, snýr norður-suður og er 0,5 m á hæð. Tveir klettar, um 1,3 m á hæð, afmarka austurhluta þústarinnar og inngangur hefur líklega verið á milli þeirra. Þar liggur nú kindagata á milli, yfir þústina. Þústin er grasivaxin og slétt og hvergi sést móta fyrir skýrum hleðslum eða hólfi. Miðað við lag tóftarinnar og staðsetningu gæti hún verið af kvíum.





*Þúst 024, horft til VSV.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-002:025** tóft nátthagi 63°56.708N 20°38.175V
Tóft er rúma 400 m sunnan við bæ 001 og 200 m VSV við beitarhús 015.
Tóftin er í grónu hrauni. Þar er mosa- og grasivaxið stórþýfi. Milli hólanna eru rakar dælar.
Tóftin er 10x10 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Lýsing þessi hefst til suðvesturs, í hólfi 1. Það er 7x7 m að innanmáli og nánast ferkantað. Veggirnir eru signir, 0,3 -0,4 m á hæð og algrónir að mestu. Það glittir í einn og einn stein að utan. Veggirnir eru mosavaxnir og þýfðir. Op er líklega í norðausturhorni, fast austan við hólf 2. Þar er rof í veggnum. Hólf 2 er norðaustar. Það er 2x2 m að innan og ekki mótar fyrir opi. Líklega var það í austurhorni, á móts við op inn í hólf 1. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, signir en greina má eitt umfar grjóthleðslu í þeim. Líklega voru veggirnir grjóthlaðnir en vaxið hefur yfir þá að mestu. Miðað við gerð og staðsetningu tóftarinnar er hér um nátthaga með áföstum kvíum að ræða.
**Hættumat:** engin hætta






*Tóft 025, horft til suðvesturs.*

## ÁR-003 Þjótandi

1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. JÁM II, 178. 1847, 12 1/3 hdr., bændaeign. JJ, 54. Jarðarinnar er getið í Árna sögu byskups: "Snorra þótti betra ávistar í Hlíð en Hjálmaholti, tók hann af byskupi Hlíðarland, en fekk honum at móti Hjálmaholt, Mörk og Þjótanda." Bysk. GJ, I, 375 og í Jóns sögu helga, Bysk. GJ, II, 146. Fyrirhugðuð Urriðafossvirkjun, þ.e. miðlunarlón þess, verður í landi Þjótanda. Það fer yfir suðaustasta hluta jarðarinnar þar sem bakkar Þjórsár eru nú. Jörðin hefur verið í eyði frá því um 1980.

1708: Fóðrast kann iii kýr. Xii ær. i hestur. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga engin að telja og er heytorf tilfengið af Skálmholtshrauni, en hefur þó ei viss tollur fyrir goldist til þessa. Móskurður hefur verið til eldiviðar, meinast nú enginn. Engjar öngvar, nema hvað hent er úr valllendis dældum í úthögum. Landþröng er mikil, og nýtur ábúandi þolinmæði nábúa sinna, en ekki geldst hjer beitartollur nje hefur goldist so menn viti. Hætt er kvikfje á vetur í stórviðrum fyrir hrakningi í Þjórsá. Vatnsból bregst á vetur og er þá í Þjórsá vatns að afla, sem so er erfitt, að menn verða að ausa upp vatnið, og bera það í ílátum yfir gljúfur, sem liggur með ánni, þángað sem peningi verður að komið. Kirkjuvegur á vetur torsóktur að Ólafsvöllum yfir hraun og Merkurlæk" JÁM II, 178.



**ÁR-003:001** *Þjótandi* bæjarhóll bústaður 63°56.126N 20°38.314V

Fjögur hús eru merkt á eldri bæjarhól Þjótanda á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Bærinn var fluttur af eldra bæjarstæðinu um aldamótin 1900 til vesturs að þjóðvegi 1 [sjá 002] en bæjarteikningin er af þessum bæ. Ekki er til bæjarteikning af því bæjarstæði. Gamla heimatúnið sést ennþá vel og tóftir bæjarins 001 voru endurnýttar undir fjárhús. Þjótandi er í eyði, þar hefur ekki verið föst ábúð síðustu 30 ár eða svo.





*Bæjarhóll 001, horft til ANA.*

Bæjarhóllinn er í sléttu túni á, á hólrima. Blautar dælur, eða lækir, eru fyrir sunnan og norðan rimann. Þær sameinast síðan fyrir austan gamla heimatúnið. Túnið umhverfis bæjarhólinn hefur verið sléttað en er mishæðótt. Stórþýfður og gróinn sandur er umhverfis túnið. Bæjarhóllinn er um 40x25 m og snýr austur-vestur. Hann er um 3 m hár og bratt er niður af honum. Tóftir fjárhúsanna eru í vesturenda hans (hólf 1-5) og gerði/kálgarður 010 er í norðausturendanum. Ekki eru skýr tengsl á milli þessara mannvirkja. Tóftin er 24x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf 1 er austast í tóftinni. Það er 3x2 m að stærð og snýr norður-suður. Líklega var ekki þak á hólfinu og er það opið til suðurs. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru á suðurhlið. Veggirnir eru um 1,3 m á hæð og alveg grónir. Hólf 3 er fyrir vestan hólf 2. Það er 5x5 m að innanmáli og veggirnir eru um 2,5 m á hæð. Hólfið er niðurgrafið og hefur líklega verið hlaða. Í veggjum sjást 7 umför af grjóthleðslu. Hólf 4 er fyrir vestan hólf 3. Það er 6x4 m að innmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðjum vesturvegg. Garði, grjóthlaðinn, liggur eftir hólfinu endilöngu. Veggirnir eru um 1,4 m á hæð og það sjást 6 umför af grjóthleðslu í þeim. Bárujárn liggur ofan á veggjum og er líklega úr þaki. Hólf 5 er norðan við hólf 4. Það er 6x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Inngangur er á vesturhlið og um 0,3 m hár grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Veggjahæð hólfsins er um 1,2 m og sjást 5 umför af grjóti í þeim. Fyrir norðan hólf 5 er um 3 m hár jarðvegsbálkur og allt að 8 m breiður. Aðeins sjást óljósir bakkar, líklega eftir **Hættumat:** hætta

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; SB II, 36.

**ÁR-003:002** garðlag býli 63°55.983N 20°38.944V



*Hleðsla 002, horft til norðvesturs.*

Í Sunnlenskum byggðum II kemur fram að Þjótandi var fluttur um aldamótin 1900, nær Þjórsárbrúnni gömlu. Nýrra bæjarstæðið er rúma 550 m vestan við gamla bæinn 001 og rúma 350 m VSV við tóft 022. Elsta íbúðarhúsið á þessum stað, var rifið um miðja 20. öld og annað byggt árið 1953. Það hefur einnig verið rifið ásamt öllum útihúsum sem skemmdust mikið í jarðskjálftum árið 2000.

Grasivaxið tún er þar sem bærinn var, nema til suðurs, þar er 10x10 m stór og afmörkuð njólabreiða.

Ekki er hægt að sjá bæjarhól né upphækkun á yngra bæjarstæðinu. Einu ummerki bæjarins er um 7 m langt garðlag sem afmarkar njólabreiðu til suðurs. Garðlagið er um 1,2 m á hæð, 0,7 m á breidd og sjást 4 umför af grjóthleðslu í því. Garðlagið snýr austur-vestur og liggur eftir náttúrulegum hólrima. Það hefur án efa upprunalega verið lengra. Ekki er hægt að geta sért til um tilgang garðlagsins, en líklegast að það hafi markað af kálgarð eða tún.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:** SB II, 36

**ÁR-003:003** *Skjólgarður* örnefni vörslugarður
Örnefnið Skjólgarður er á lista yfir örnefni í landi Skálmholts [ÁR-001] og Þjótanda. Örnefnið er ekki þekkt í landi Skálmholts og því líklegra að það hafi verið í landi Þjótanda. Ekki tókst að hafa uppi á staðkunnugum á Þjótanda og án frekari heimilda er ekki hægt að staðsetja örnefnið. Einn möguleiki er að hér sé um að ræða garðlag 029.
**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Þjótandi, 1.

**ÁR-003:004** *Stekkhóll* örnefni stekkur
Örnefnið Stekkhóll er á lista yfir örnefni í landi Skálmholts [ÁR-001] og Þjótanda í Flóa. Örnefnið er ekki í landi Skálmholts að sögn Hákons Halldórssonar heimildamanns og er e.t.v. líklegra að það hafi verið í landi Þjótanda en hvorki er vitað hvar stekkurinn var né heldur hvort tóftir hans kunni enn að sjást. Af staðsetningu annarra stekkja á þessum slóðum verður að teljast líklegast að stekkurinn hafi verið um 500-1000 m frá bæ, líklega til A eða V en ekki fundust ummerki stekkja á þeim slóðum.
**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Þjótandi, 1.

**ÁR-003:005** *Þjótandakot* heimild býli
Þjótandakot (eyðibýli) er á lista yfir örnefni í landi Skálmholts og Þjótanda í Flóa. Ekki er vitað hvar býlið var staðsett en líklega var það heima við bæ 001 á Þjótanda enda jörðin plásslítil. Býlisins er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1709. Hákon Halldórsson, sem er fæddur og uppalinn í Heiðarbæ, kannaðist ekki við að hjáleiga hefði verið í Þjótanda, og líklega væri átt við eitthvert útihúsanna.
**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Þjótandi, 1.

**ÁR-003:006** *Innrivörðudæl* heimild
Örnefnið Innrivörðudæl er á lista yfir örnefni í landi Skálmholts ÁR-001 og Þjótanda í Flóa. Örnefnið er líklega í landi Þjótanda en engin varða, utan Merkjavörðu 027, sést lengur þar í landi. Landið er flatt, að mestu gróið mólendi. Ekki er lengur hægt að staðsetja vörðu eða örnefnið Innrivörðudæl.
**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Þjótandi, 1.

**ÁR-003:007** garðlag túngarður 63°56.031N 20°38.350V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er túngarður sýndur við vesturhlið heimatúnsins. Þjórsá markaði suðurhlið túnsins en ekki er ljóst hvernig aðrar hliðar voru markaðar af. Leifar túngarðsins sjást enn um 90 m vestan við bæ 001.
Gróið mólendi er fyrir vestan túngarðinn en grasivaxið tún til austurs.
Túngarðsspottinn er 120 m langur og snýr norður-suður. Hann er 1-1,5 m á hæð og 1,5 m á breidd. Hann er torfhlaðinn að mestu og nánast horfinn á köflum vegna rasks. Túngarðurinn er grasivaxinn og náttúrulegur klettur er nýttur í hann á einum stað. Bjarni F. Einarsson gerði deiliskráningu í landi Þjótanda árið 2001vegna Urriðafossvirkjunar. Hann taldi að garðlag 021 sem er rúmum 400 m austan við bæ 001 væri einnig túngarður en að þeir hefðu líklega ekki verðið hlaðnir á sama tíma og engin bein tengsl séu á milli þeirra.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna, 1906: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum, 7


*Túngarður 007, horft til norðurs.*

**ÁR-003:008** *Fjárhúshóll* örnefni fjárhús
Örnefnið Fjárhúshóll er á lista yfir örnefni í landi Skálmholts ÁR-001 og Þjótanda. Örnefnið þekkist ekki í landi Skálmholts og var líklega á Þjótanda. Líklegt er að hóllinn hafi verið í gamla heimatúninu en það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda og ekki tókst að hafa upp á heimildamanni um jörðina.
**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Þjótandi, 1.

**ÁR-003:009** *Gjábakki* heimild býli
Gjábakki (eyðibýli) er á lista yfir örnefni í landi Skálmholts ÁR-001 og Þjótanda í Flóa. Hákon Halldórsson, heimildamaður, taldi líklegt að eyðibýlið hefði staðið nærri Þjórsá fyrir sunnan bæ 001, þar sem gjá hefst í ánni. Það er þó ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda og engar tóftir fundust á þessum slóðum. Einnig er mögulegt að býlið hafi verið nærri mýrardælu en þær kallast einnig gjá í Flóanum.
**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Þjótandi, 1.

**ÁR-003:010** gerði kálgarður 63°56.130N 20°38.305V



*Kálgarður 010, horft til austurs.*

Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, nær fast við norðausturhorn bæjar 001. Kálgarðurinn er í norðausturhluta bæjarhólsins en tóftir bæjarhúsanna sjálfra voru síðar endurnýttar sem fjárhús. Nú sjást ummerki eftir hvort tveggja en tengslin milli þessara tveggja tófta eru óljós, grasivaxinn bakki er á milli þeirra.
Bæjarhóllinn er í sléttu túni á, á hólrima. Blautar dælur, eða lækir, eru fyrir sunnan og norðan rimann. Þær sameinast síðan fyrir austan gamla heimatúnið. Túnið umhverfis bæjarhólinn hefur verið sléttað en er mishæðótt. Stórþýfður og gróinn sandur er umhverfis túnið.
Kálgarðurinn er 15x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Austur- og norðurveggur kálgarðsins eru grasivaxnir og eru þeir um 1 m og um 1,5 m á breidd. Vesturveggur kálgarðsins er verr varðveittur og eða einungis 0,3 m á hæð og breidd. Innan kálgarðsins má greina fjögur beð sem eru grasivaxin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-003:011** þúst útihús 63°56.086N 20°38.310V
Tóft er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, um 70 m sunnan við bæ 001 og 10 m sunnan við útihús 012. Af teikningunni að dæma var útihúsið U-laga og líklega verið aðhald eða heimarétt.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var.
Grasivaxin þúst, eða hólrimi er á þessum stað og líklegast hefur útihúsið horfið vegna sléttunar. Þústin snýr norður-suður, er um 0,6 m á hæð og 20 m í þvermál. Útihúsið var í norðurenda þústarinnar og annað útihús, 012 í suðurenda hennar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-003:012** þúst útihús 63°56.082N 20°38.304V
Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna um 80 m sunnan við bæ 001 og um 10 m sunnan við tóft 011.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var.
Grasivaxin þúst, eða hólrimi, er á þessum stað og líklegast hefur útihúsið horfið vegna sléttunar. Þústin snýr norður-suður, er um 0,6 m á hæð og 20 m í þvermál. Útihúsið var á suðurenda þústarinnar og útihús 011 í þeim nyrðri.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-003:013** heimild útihús 63°56.070N 20°38.349V
Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, 100 m SSV við bæ 001 og rúmum 40 m vestan við útihús 012. Útihúsið er líklega horfið vegna sléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var.
Hóll, um 15 m í þvermál og 0,5 m á hæð, er á svipuðum slóðum og útihúsið var. Hvergi sjást dældir eða annað sem gefur nánari staðsetningu á hólnum til kynna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-003:014** heimild kálgarð 63°56.112N 20°38.311V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 fast sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn er horfinn, líklega vegna sléttunar.
Slétt, grasivaxið svæði er til suðurs frá bæjarhóll 001. Kálgarðurinn var á milli bæjarhólsins til norðurs og tjarnar til suðurs.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-003:015** heimild útihús 63°56.122N 20°38.213V

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 við austurmörk túns, 80 m suðaustan við bæ 001 og 40 m austan við útihús 011. Útihúsið er líklega horfið vegna sléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem útihúsið var.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-003:016** heimild 63°56.139N 20°38.003V


*Uppgraftarsvæði 016, horft til norðvesturs.*

Bjarni F. Einarsson hefur unnið talsverðar fornleifarannsóknir á völdum stöðum í landi Þjótanda allt frá árinu 2001 vegna framkvæmda við Urriðafossvirkjun sem ráðgerðar eru. Í fornleifaskráningu sem hann gerði árið 2001 skráði hann minjar (undir númerinu 4:5) en þær voru síðan grafnar upp árið 2007 og ekkert sést til þeirra nú. Minjarnar voru 250 m austan við bæ 001 og rúmum 50 m norðvestan við gerði 023.
Gróið mólendi er umhverfis uppgröftinn.
Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar frá árinu 2002 segir að þrjár tóftir, hver ofan á annarri, hafi verið á þessum slóðum áður fornleifarannsóknir hófust. Er hverri tóft hér gefinn bókstafur til aðgreiningar og byggir lýsingin á teikningu Bjarna. Tóft A er yngst og var ofan á hinum tóftunum. Hún var 10x8 m að stærð og snéri NNA-SSV. Veggir hennar voru 0,4-0,9 m á hæð og dyr til SSV. Lítið hólf var líklega í NNA-enda tóftarinnar. Tóft B er fast vestan við tóft A. Hún var um 7x5 m að stærð og snéri norðaustur-suðvestur. Veggirnir voru 0,2-0,3 m á hæð en hvergi sást móta fyrir dyrum. Norðausturhorn tófarinnar gekk tóft A og um annað byggingarstig að ræða. Tóft C gekk til SSV frá tóft A. Hún var um 5x4,5 m að stærð og veggirnir 0,2-0,3 m að hæð. Dyr voru til SSV en norðurhlið tóftarinnar var undir tóft A og því um annað byggingarstig að ræða. Skrásetjari komst ekki yfir skýrslu Bjarna um uppgröftinn í Þjótanda frá 2007 og nánari upplýsingar um rannsóknina vantar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum, 20

**ÁR-003:017** heimild beitarhús 63°56.151N 20°37.775V


*Uppgraftarsvæði 017A, horft til norðurs.*

Bjarni F. Einarsson hefur unnið talsverðar fornleifarannsóknir á völdum stöðum í landi Þjótanda vegna framkvæmda sem eru ráðgerðar við Urriðafossvirkjun. Í fornleifaskráningu sem hann gerði árið 2001 skráði hann tvær tóftir undir númerunum 4:2 og 4:3. Hér eru þessar tóftir skráðar saman þar sem aðeins voru 10-15 m á milli þeirra. Við fornleifarannsóknir sínar fann Bjarni þriðju tóftina sem einnig er skráð hér með. Tóftirnar voru 450 m austan við bæ 001 og tæpum 200 m austan við tóftir (uppgröft) 016.
Gróið mólendi er umhverfis uppgröftinn.
Fornleifarannsóknir standa yfir á þessum stað. Þær tóftir sem sáust á yfirborði eru horfar en undir þeim kom í ljós skáli frá víkingaöld sem verið er að rannsaka. Lýsingin hér byggir á skýrslu og teikningu Bjarna. Tóft 4:2 fær í fornleifaskrá þessari bókstafinn A. Hún var beitarhús frá 20. öld og voru þau rifin með vélgröfu. Undir því kom í ljós mannvirki sem var í notkun í um 300 ár. Það skiptist í fimm hólf sem ekki voru í notkun samtímis, hólfin voru byggð ofan á og utan í eldri hús. Þessi tóft var líklega notuð undir skepnur. Undir þeim mannvirkjum kom í ljós skáli og standa rannsóknir á honum ennþá yfir. Tóft B var númer 4:3 í skýrslu Bjarna og var 15 m til NNV frá tóft A.. Uppgröftur leiddi í ljós að hún var að öllum líkindum skepnuhús, Tóftin var áður en uppgröftur hófst 4x4 m að stærð, algróin og veggir 0,1-0,4 m á hæð. Tóft C var 10 m vestan við tóft A og var ekki sjáanleg á yfirborði og fékk ekki númer í skýrslu Bjarna. Þar var ílöng þúst eða hóll en engin mannvirki sjáanleg á yfirborði. Í prufuskurði kom í ljós tóft undir sverði sem reyndist íveruhús með landnámsgjósku í torfi í veggjum. Öskulag úr Heklu frá 1104 lá yfir henni allri og er mannvirkið því eldra en það.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhvelisáhrifum, 18-20

**ÁR-003:018** tóft fjárhús 63°56.347N 20°38.260V



Tóft 018, horft til NNA.




Rúmum 400 m NNA við bæ 001 og tæpum 350 m sunnan við 008 er tóft.

Tóftin er í stórþýfðu og mosavöxnu mólendi. Blautar dælar eru inn á milli þýfisins.

Tóftin er á náttúrulegum hól, 1 m háum. Hún er 10x7 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er mosa- og grasivaxin og hvergi sjást skýrar hleðslur. Veggjahæð er frá 0,3-1 m en austurveggurinn er sokkinn horfinn í þýfi. Tóftin er opin til suðurs en sá veggur er raskaður. Lögun og staðsetning tóftarinnar bendir helst til að hún sé fjárhús.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-003:019** tóft beitarhús 63°56.434N 20°38.580V

Tóft er rúma 600 m NNV við bæ 001 og tæpa 200 m austan við Merkjavörðu 027. Tóftin er 65 m sunnan við landamerki við Skálmholt 001.






Tóft 019, horft til NNA.

Umhverfis tóftina er stórþýft og mosavaxið mólendi. Klettar standa á stöku stað uppúr sverði.

Tóftin er áberandi í flatlendi og sést víða að þrátt fyrir að veggjahæð sé ekki mikil. Tóftin er 14x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst í tóftinni og er 3x3 m að innanmáli. Op er í suðvesturhorni. Veggirnir eru grasivaxnir, 0,5 m á hæð og hvergi glittir í grjót í þeim. Annað op er á miðjum norðurvegg, yfir í hólf 2. Sá veggur er sigin, einungis 0,2 m á hæð og stórþýfður. Hólf 2 er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggjahæð er 0,2-0,5 m og hvergi sést glitta í grjót í gegnum mosa. Annað op er á norðurvegg hólfsins, yfir í hólf 3. Hólf 3 er nyrst í tóftinni og innanmál þess er 4x3 m. Það snýr norður-suður og einungis er op úr hólfi 2 sem áður var lýst. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og alveg grónir. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en stærð og lega tóftar bendir helst til að hún hafi verið beitarhús.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-003:020** tóft fjárhús 63°56.145N 20°38.579V



Tóft 020, horft til NNV.




Tóft er 220 m norðvestan við bæ 001 og 450 m suðaustan við tóft 018.

Umhverfis tóftina er stórþýft og mosavaxið mólendi. Klettar standa á stöku stað uppúr sverði.

Tóftin er 20x7 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Hún er sigin og óskýr sökum stórþýfis. Veggirnir eru mosavaxnir, 0,4 m á hæð og hvergi glittir í hleðslu í þeim. Grjóthlaðinn garði liggur eftir tóftinni endilangri og er hann hærri en veggirnir, eða 0,5 m á hæð. Op er í suðausturhorni. Tóftin er af fjárhúsum.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-003:021** garðlag túngarður 63°56.188N 20°37.836V

Garðlag liggur fyrir austan bæ 001, um 150 m austan við gamla heimatúnið. Garðlagið liggur frá Þjórsá til austurs og endar við norðurenda heimatúnsins.

Garðlagið liggur í stórþýfðu og mosavöxnu mólendi. Klettar standa á stöku stað uppúr sverði og blautar mýrartjarnir eru víða.

Garðlagið er 0,2 m á hæð, 0,3 m á breidd, grjóthlaðið og sést á 450 m löngum kafla. Það snýr austur-vestur og eitt umfar af grjóti er greinilegt. Girðingarstaurar eru ennþá uppistandandi á garðlaginu og gaddavír liggur nærri því. Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar um fornleifaúttekt vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda við Urriðafoss, er garðlagið skráð. Þar er það talið túngarður sem afmarki austurhlið heimatúnsins en líklega ekki samtíða túngarði 007. Garðlagið er ekki sýnt á bæjateikningu dönsku landmælingamannanna og því líklega yngra. Garðlagið hverfur í stórþýfðu mólendi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna, 1906: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhvelisáhrifum, 17

**ÁR-003:022** tóft útihús 63°56.037N 20°38.514V

Tóft er 230 m suðvestan við bæ 001 og 200 m sunnan við tóft 020. Líklega er um útihús að ræða, það er 100 m vestan við gamla heimatúnið. 50 m sunnan við útihúsið er malarvegur sem liggur meðfram Þjórsá. Útihúsið er áberandi í flatlendi og sést víða að.

Tóftin er í stórþýfðu, mosavöxnu mólendi með dældum víða. Um 5 m brött brekka er til suðurs frá tóftinni, niður í grasivaxna laut.

Tóftin er 13 x5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er gróin og hvergi sést glitta í grjót í veggjum. Veggjahæð er 0,6-1,3 m og ekki sést skýrt op inn í tóftina en líklega var það á austurhlið, bratt er til annarra átta frá tóftinni.

**Hættumat:** hætta






*Tóft 022. Horft til vesturs.*

**ÁR-003:023** gerði rétt 63°56.123N 20°37.924V

Gerði er 350 m austan við bæ 001 og rúmum 50 m austan við tóft (uppgröft) 016. Þjórsá er 50 m sunnan við gerðið og vegarslóði liggur þvert í gegnum það.

Gerðið er á grasi- og mosavöxnum sendnum árframburði úr Þjórsá. Grónir sandhólar eru innan gerðisins og lautir inn á milli.

Gerðið er 80x60 m stórt, snýr norðaustur-suðvestur og má segja að um tvö sambyggð hólf sé að ræða. Hólf 1, er norðar. Það er 80x45 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir þess eru torfhlaðnir en grjót sést neðst í þeim, í suðvesturhluta hólfsins. Veggirnir eru 1-1,5 m á hæð og svipaðir á breidd. Þeir mjókka upp og víða eru komin skörð í þá, líklega vegna uppblásturs en leið 611:004 og malarslóði liggja þar einnig í gegn. Innan hólfsins eru sandhólar, -öldur og lægðir. Í suðurenda hólfsins mótar fyrir öðru garðlagi sem liggur þvert, suðaustur-norðvestur, í gegnum hólfið. Það er líklega eldra en hólfið. Hólf 2, er sunnar og líklega byggt seinna við hólf 1. Það er 20x16 m að stærð og snýr VSV-ANA. Veggirnir eru grjóthlaðnir og 0,2-0,5 m á hæð. Suðurveggurinn er vel varðveittur, þar sjást tvö umför af grjóthleðslu. Hólfið er opið í norðausturhorni, yfir í hólf 1. Líklegast er gerðið heimarétt eða nátthagi.






*Gerði 023, horft til norðurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum, 19

**ÁR-003:024** garðlag vörslugarður 63°56.173N 20°37.967V

Garðlag liggur til norðurs frá vegarslóða skammt norðan við tóft (uppgröft) 016 og sveigir til norðausturs í þýfðum móa og stefnir í átt að Þjórsá. Garðlagið fjarar út í móanum um 100 m vestan við ánna.



Garðlag 024, horft til austurs.

Garðlagið er í stórþýfðu, mosavöxnu mólendi með dældum víða.
Garðlagið liggur til norðurs, sveigir til norðausturs yfir grasivaxna laut og heldur áfram yfir í þýft mólendi. Garðlagið er gróið, sigið, stórþýft og ógreinilegt á köflum. Það sést á 160 m löngum kafla og er mun greinilegra til suðvesturs en til norðausturs. Að suðvestan er það 2-3 m á breidd, 0,6 m á hæð og grasivaxið. Að norðaustan er það einungis 0,4 m á hæð og stórþýft. Hvergi sést glitta í grjót né skýrar hleðslur. Mögulegt er að garðlagið tengist fornlegra garðlagi sem liggur þvert í gegnum gerði 023, mögulegt er að garðlögin hafi saman myndað túnagarð utan um minjar 017 en þó ekki samtíma. Líklega er hér um vörslugarð að ræða.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-003:025** heimild 63°55.935N 20°38.965V
Í landi Þjótanda var starfrækt póstafgreiðsla og símstöð frá því í kringum 1906 og fram undir 1950 líkt og kemur fram í Sunnlenskum byggðum II. Hákon Halldórsson, heimildamaður, sagði að húsið hefði verið byggt um 1906 nærri við bæ 002. Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort. Það var rifið og engin ummerki þess sjáanleg.
Þar sem afgreiðsluhúsið var er nú slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki hússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB II, 36

**ÁR-003:026** brunnur brunnur 63°56.105N 20°38.301V



Brunnur 026, horft til suðurs.

Brunnur er 30 m sunnan við bæ 001 og rúmum 70 m norðaustan við útihús 013. Brunnurinn er við norðurbakka mýrartjarnar, fyrir neðan hólrimann sem bæjarhóllinn er á.
Brunnurinn er í mishæðóttu, sléttu og grasivöxnu túni, í lægð við mýrartjörn.
Brunnurinn er 2x2 m að stærð og sést vel á yfirborði. Hleðsla er meðfram brunninum, 0,3-0,5 m á hæð og er hún grasivaxin. Brunnurinn sjálfur er grjóthlaðinn og sjást hleðslusteinar meðfram brunnopinu sjálfu. Þrjú umför af grjóthleðslu eru greinileg en brunnurinn er samfallinn að hluta og ekki sést hversu djúpur hann var.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-003:027** *Merkjavarða* varða landamerki 63°56.435N 20°38.811V



Merkjavarða, horft til vesturs.

Örnefnið Merkjavarða er á lista yfir örnefni í landi Skálmholts ÁR-001 og Þjótanda. Varðan var í landi Þjótanda 700 m NNV við bæ 001 og tæpum 200 m vestan við tóft 018. 2 m fyrir norðan vörðuna liggur ný gaddavírsgirðing á landamerkjum þessarra jarða.
Varðan er í mosavöxnu og stórþýfðu mólendi.
Merkjavarða er á náttúrulegum hól, eða hólrima, og er nú hrunin. Hólbarðið er mosavaxið sem og það hraungrýti sem var í vörðunni. Það sjást tvö umför af hraungrýti í vörðunni en annars er hún óregluleg vegna hruns. Hleðslan er 0,5 m á hæð og 1,5 m í þvermál. Grjótdreif er allt umhverfis vörðubrotið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Skálmholt og Þjótandi, 1.

**ÁR-003:028** þúst útihús 63°56.179N 20°38.268V
Rúmum 80 m norðaustan við bæ 001 og 80 m norðan við útihús 015 er þúst. Þústin er á suðurenda gróins hólrima. Hér er líklega um útihús að ræða enda þústin innan gamla heimatúnsins.
Grasivaxið og slétt tún er til suðurs en þýft og gróið mólendi til norðurs.
Þústin er 1 m á hæð og 10x7 m að stærð. Hún er grasivaxin, slétt og lækkar til suðurs. Dæld er í miðju þústarinnar, mögulegt hólf. Bjarni F. Einarsson skráði þústina vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðar Urriðafossvirkjunar árið 2001. Hann taldi þústina 30x12 m að stærð og sá móta fyrir tveimur hólfum eða tóftum. Svæðið var grasivaxið þegar skrásetjari var á vettvangi og gæti það hafa haft áhrif á sýnileika útihússins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhvelisáhrifum, 22

**ÁR-003:029** garðlag 63°56.263N 20°37.851V

Garðlag liggur frá bökkum Þjórsár að mýrartjörn til norðvesturs. Þar sveigir það til suðvesturs og endar við austurbakka mýrartjarnar. Garðlagið er í austurhluta Þjótanda, 400 m vestan við landamerki Skálmholtshrauns ÁR-002.
Garðlagið er í mosavöxnu og stórþýfðu mólendi með blautum mýrardælum.
Garðlagið er L-laga. Það liggur norðvestur-suðaustur, er grasivaxið og stórþýft. Það er 250 m langt, 4 m breitt og um 0,9 m á hæð. Leið 611:004 sker það á tveimur stöðum, nánast í miðju og í suðausturenda. Þessar götur kvíslast víða og liggja víða á fleiri en einum stað meðfram Þjórsá. Það bendir til þess að leiðin hafi enn verið mikið notuð eftir að garðlagið gert. Til norðvesturs sveigir garðlagið til suðvesturs og endar við austurbakka mýrartjarnar. Mögulegt er að garðlagið hafi tengst garðlagi 024 og kunna bæði garðlögin að vera í tengslum við tóftir 017. Einnig gæti verið um Skjólgarð 003 að ræða en þetta er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.



*Garðlag 029, horft til vestus.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**ÁR-003:030** tóft mógrafir 63°56.330N 20°38.159V

Tóft og mógrafir eru rúma 420 m norðaustan við bæ 001 og 90 m ASA við tóft 018. Rúma 40 m til norðausturs er blaut mýrartjörn. Víðirunni vex við norðvesturhorn tóftarinnar.
Gróið, stórþýft mólendi með blautum mýrartjörnum er á þessu svæði.
Á svæði sem er 50x50 m að stærð er tóft og mógrafir. Var þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er 8x3




*Tóft 030A horft til austurs og mógrafir 030B horft til austurs.*

m að stærð, snýr austur-vestur og er einföld. Veggirnir eru 0,4-0,5 m á hæð og mosavaxnir. Hvergi sést glitta í grjóthleðslu né er skýrt op inn í tóftina. Tóftin líkist helst mó- eða heystæði. Mógrafirnar fengu bókstafinn B. Þær eru austan og norðaustan við tóftina, á milli hennar og tjarnarbakkans. Þar eru nokkrar sléttar og reglulegar holur sem líkjast mógröfum. Flestar renna þær saman en inn á milli má sjá stakar mógrafir. Þær eru 2x2 m að stærð, blautar, sú dýpsta 0,7 m og vatn í henni.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-003:031** gata leið 63°56.415N 20°38.687V

Götur liggja á milli Skálmholts ÁR-001 og Þjótanda. Þær liggja frá gamla heimatúni Þjótanda og hverfa í slétt, grasivaxið tún sunnan við Skálmholt. Á loftmynd sést móta fyrir leiðinni í túninu þrátt fyrir túnasléttun.
Göturnar liggja í stórþýfðu og mosavöxnu mólendi til suðurs en til norðurs eru slétt, grasivaxin tún.
Göturnar sjást hlykkjast norðvestur-suðaustur á milli bæjanna á tæplega 1,1 km löngum kafla. Í landi Þjótanda er leiðin öll varðveitt. Hún er 5 m á breidd, 0,4 m á dýpt og sjást 1-4 rásir í mólendinu. Þær eru mosavaxnar og stórþýfðar. Leiðin er ógreinileg á köflum en auðrakin. Í landi Skálmholts eru götunar óskýrari sökum túnasléttunar. Þó sést móta fyrir grunnri lág, 0,2 m djúpri þar sem götunar lágu. Lágin fjarar út en á loftmynd sést hún betur og nær nánast að bæ 001.
**Hættumat**: engin hætta



*Leið 031, horft til suðvesturs.*

## ÁR-004 Urriðafoss

1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. JÁM II, 177. 1847, 12 1/3 hdr., bændaeign. Ekkert túnakort virðist hafa verið gert fyrir Urriðafoss fremur en aðra bæi í Villingaholtshrepp.

1708: "Fóðrast kann iiii kýr, xl ær, xx lömb, iii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga næg, og so Reiðíngsrista fyrir heimilið. Móskurður til eldiviðar hefur verið, brúkast ei. Silúngsveiðivon í Þjórsá, hefur áður gagnvæn verið, en nú í nokkur ár lítil eður engin; eru og veiðifljótin fordjörfuð af stórgrýti og festum" JÁM II, 177.



Byggt á túnakorti frá 1906

**ÁR-004:001** *Urriðafoss* bæjarhóll búståður 63°55.541N 20°40.692V

Sex hús eru merkt á bæjarhól Urriðafoss á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og þau eru öll skráð undir hér saman. Stafnar húsanna snéru til SSA. Nýtt íbúðarhús var byggt ofan í gömlu bæjarhúsin austanverð árið 1929 og var þar með kjallara. Það hús var rifið og annað íbúðarhús reist á sama grunni árið 1959. Það stendur ennþá en er ekki í notkun. Núverandi íbúðarhús á Urriðafossi var byggt 1998, tæpum 100 m norðan við bæjarhóllinn. Vegur að því liggur fast austan við íbúðarhúsið frá 1959. Töluvert rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum sjálfum og nánasta umhverfi hans.





*Bæjarhóll 001, horft til norðvesturs og VNV.*

Svæðið er grasivaxið og trjám plantað til suðurs. Til norðurs er malarborðið svæði við núverandi húsakost.
Bæjarhóllinn er 50x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er 1 m á hæð og virðist að mestu vera uppsöfnuð mannvistarlög. Íbúðarhúsið frá 1959 er 12x10 m að stærð, snýr VNV-ASA og er austarlega á bæjarhólnum. Fyrir austan það er upphækkun á sléttu, grasivöxnu svæði. Hún er 10x6 m að stærð, 0,6-1 m á hæð og snýr austur-vestur. Þar eru þvottasnúrur fyrir miðju en greinilegt að þetta eru leifar uppsöfnunar bæjarhólsins. Einnig er greinilegt er að útihús hafa á einhverjum tímapunkti verið vestan við bæ 001 en þau hafa verið byggð eftir 1906, þau eru ekki sýnd á bæjarteikningunni frá sama ári. Þar mótar fyrir upphækkun á grasivöxnu svæði. Hún er 23x7 m að stærð, snýr VNV-SSA og er 0,4-1 m á hæð. Sunnan í upphækkuninni sjást tvö umför grjóthleðslu en þetta voru líklega undirstöður húsa. Fyrir sunnan íbúðarhúsið er önnur upphækkun og nær hún 3 m til suðurs. Hún er 0,5 m á hæð og grasivaxin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-004:002** heimild landamerki 63°55.288N 20 42.133V

"Urriðafoss takmarkast að austan af Þjórsá, að sunnan af markalínu milli Urriðafoss og Egilsstaðahverfis [ÁR-005, ÁR-006], úr Þjórsá sunnan við Leyniskjaft norðvestur yfir Harðavöll og Tröllaskörð í vörðu sunnan við Ruddakrók," segir í örnefnalýsingu Urriðafoss. Í landamerkjalýsingu Egilsstaðatorfunnar frá 1885 segir: "Milli Egilsstaða og Urriðafoss ræður sjónhending frá hornmarksvörðunni þúfu af þúfu austur eftir Markalautinni, sem er fyrir framan Fossvirkistögl," Varðan var tæpa 1,3 km VSV við bæ 001 og tæpa 950 m SSV við Virkisvörðu 009.
Varðan er horfin. Á landamerkjum fyrrnefndra jarða er skurður á þessu svæði og varðan líklega horfið við gerð hans.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 1; Landamerki Egilsstaðatorfunnar, 1885, no 83.

**ÁR-004:003** varða landamerki 63°55.577N 20°43.104V

Um landamerki jarðarinnar segir í örnefnalýsingu: "...sveigir þá meira til vesturs yfir Ruddakrókinn í vörðu milli Ruddakróks og Hólamýrar, beina línu í Kampholtskeldu, og er hún í mörkum að norðvestan, milli Urriðafoss og Kampholts [ÁR-038] allt til Rauðavaðs [001:022]," Varðan er horfin og man Einar Helgi Haraldsson, heimildamaður, ekki eftir henni. Nú (2011) eru vélgrafnir skurðir á landamerkjum þessara tveggja jarða. Varðan var 2 km vestan við bæ 001 og rúma 670 m vestan við fjárhús 010.
Stórþýft mólendi og skurðir eru á þessum slóðum.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 1.

**ÁR-004:004** hleðsla vörslugarður 63 55.521N 20°40.573V



*Hleðsla 004, horft til vesturs.*

Hleðsla er norðvestan við Ártúnagrjót 020, tæpum 80 m SSA við bæ 001 og rúmum 30 m sunnan við Lækningalind 021. Hleðslan liggur til norðausturs frá svokallaðri Bæjarlind (sjá 021) og hverfur við brekkurætur niður af Ártúnagrjótum.
Hleðslan er í þýfðu og grónu mólendi.
Hleðslan er 10 m löng og snýr VNV-ASA. Hún liggur sem fyrr segir frá Ártúnaklettum og að Bæjarlind. Hún er 0,4 m á hæð, 1 m á breidd og hlaðin úr stóru grjóti. Eitt umfar grjóthleðslu sést. Líklega var hún vörslugarður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-004:005** *Fjárhústún* heimild fjárhús 63 55.493N 20°40.683V
"Fjárhústún heitir aflangur túnhóll, sem er meðfram Urriðafosslæk að sunnan, beint niður undan bænum. Er það elzta túnið sunnan lækjarins og dregur nafn af fjárhúsum, sem þar stóðu, þó nú séu aflögð," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Fjárhústún. Þetta tún er nú nefnt Framtún, fjárhúsin sem þar voru eru aflögð." Útihús er merkt sunnan við bæ 001 á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og er það í fyrrnefndu Fjárhústúni og því að öllum líkindum um sömu hús að ræða. Fjárhúsin voru tæpa 100 m sunnan við bæ 001 og tæpa 60 m suðvestan við vað 023. Milli þeirra og bæjar 001 er malarvegur og Urriðafosslækur. Fjárhúsin voru nyrst á hólrima sem lá eftir túninu endilöngu.
Slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar er þar sem fjárhúsin voru áður.
Engin ummerki fjárhúsa sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 1; Ö- Urriðafoss, sp. Og svör, 3, Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-004:006** *Stekkatún* heimild stekk 63 55.120N 20 41.097V
"Stekkatún er syðst í Fossholti, og eru þar tóttarbrot frá þeim tíma, er stekkur hefir verið þar," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn var tæpa 850 m SSV við bæ 001 og tæpum 800 m suðvestan við Vað 033. Hann var sléttaður í tún fyrir allmörgum árum af núverandi ábúenda. Hann var milli 30-40 m2 að stærð og gerður úr torfi og grjóti að sögn Einars Helga Haraldssonar, heimildamanns.
Þar sem stekkurinn var er slétt, grasivaxið tún í vesturhlíðum Fossholts.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 1.

**ÁR-004:007** garðlag túngarður 63°55.556N 20°40.548V




*Túngarður 007, horft til ASA og austurs.*

"Fyrir vestan Fossholt er mýrardalur, sem nær heiman frá túngarði og suðvestur að Þjórsá, heitir mýri þessi Leynir," segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Samkvæmt því hefur túngarðurinn aðeins afmarkað norðurhlið túna þar sem Þjórsá afmarkar austurhlið þeirra og Urriðafosslækur suður- og vesturhliðina. Hluti af norðurhliðinni er ennþá varðveittur. Túngarður afmarkaði einnig túnið sunnan Urriðafosslækjar en hann er horfinn af yfirborði.
Túngarðurinn er í grónu mólendi þar sem stutt er niður á hraun.
Gamla heimatúnið var 340x200 m að stærð og snéri ANA-VSV. Austurhluti túngarðsins, frá Þjórsá og til vesturs að tröðum 050, er horfinn í tún. Fyrir norðvestan bæ 001 sést hann liggja upp brekku frá Urriðafosslæk og áfram til austurs að gróinni hraunbrún. Túngarðurinn er grjóthlaðinn, 0,7 m á breidd, 0,5 m á hæð og tvö umför grjóthleðslu sjást. Í mólendinu er hann mosavaxinn og lítið sést glitta í grjótið. Hluti af norðausturhlið túngarðsins sést á 10 m löngum kafla fyrir norðan sumarbústað í einkaeigu. Þar er hleðslan stórgerð og einungis eitt umfar grjóthleðslu sjáanlegt. Hann er 0,4 m á hæð og 0,8 m á

breidd. Frá fyrrnefndri hraunbrún er yngri útfærsla túngarðsins greinileg, hann liggur áfram til norðausturs, að gaddavírsgirðingu og sveigir þar til suðurs og endar við Grjótrétt 029. Nærri réttinni er túngarðurinn ógreinilegur og eflaust hlaðinn undir girðingu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 1, bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-004:008** *Virki* garðlag varnargarður 63°55.347N 20 41.494V


Garðlag 008, horft til austurs.

Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1900 segir: " Fyrir utan Leyni er holt við ána; á því er forn jarðvegur. Þar liggur garðlag mikið og fornlegt upp frá ánni og skáhalt upp holtið í stefnu á Virkisbrúnina [...] Stefnir það sem næst á Virkisvörðuna [009]. Er skammt að vörðunni frá torfunni og alt gróinn uppblástur. Fyrir miðju torfunnar er að litlu austar er upphækkun á garðlaginu, nær 16 faðma löng og nál. 2 fet á hæð yfir garðlagið, en ekki nema svo sem helmingi breiðara en það. Sín þúfa er á hverjum enda hennar, og að ofan er hún kjalmynduð [...] Hvað þessi upphækkun hefir verið er ekki hægt að segja. Það er naumast vafamál, að garðlagið stendur í sambandi við fornt býli, og eftir afstöðu gæti upphækkunin þá vel verið leifar af bæjarrústinni." "Vestan við Kringlumýrina, Leyninn og Dýjakrókana er stórt og nokkuð hátt holt; nær það ofan frá Urriðafosslæk og suður að Egilsstaðamörkum [ÁR-005]. Holt þetta heitir Virki (oft kallað Fossvirki). Sagnir eru til um að Össur landnámsmaður í Kampholti [ÁR-038] eða Hrafn móðurbróðir hans hafi gefið leysingja sínum allt það land með Þjórsá, sem hann sá ekki yfir frá Kampholti, og hafi leysinginn reist bæ að Urriðafossi og búið þar. Leysinginn hafi svo byggt varnargarð í kringum jörð sína, og hafi garður hans legið eftir Virkisholtinu endilöngu, og heitir holt þetta síðan Virki. Fyrir varnargarði þessum sést enn á nokkrum stöðum, en landareign Urriðafoss hefir síðar stækkað mikið út fyrir varnargarð þennan," segir í örnefnaskrá. Garðlagið á Virkisbrúninni er friðað. Í friðlýsingaskrá segir: "Garðlag fornt, er liggur suður eftir allri brún Fossvirkis, frá Virkisvörðu [009], hverfur fyrir sunnan Virkisendann, en kemur aftur í ljós á móaholti fyrir sunnan lægð þá, er Leynir heitir og heldur þaðan sömu stefnu til Þjórsár." Fossvirki er nú horfið að mestu og Einar Helgi Haraldsson, heimildamaður, kannaðist ekki við garðlagið né að hafa séð það.
Fossvirki er 15-20 m hátt, náttúrulegt holt. Mólendi og grasivaxin tún eru í suðurhlíðum holtsins. Efst á holtinu eru slétt og grasivaxin tún.
Garðlagið sést á rúmlega 40 m löngum kafla norðaustan frá nátthaga 043, í suðurhlíðum Fossvirkis. Það sést liggja til ANA og endar við aurskriðu sem fallið hefur þar niður. Garðlagið er ofarlega í hlíð Fossvirkis og er 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Það er stórþýft, sigið og afar óljóst á milli náttúrulegra paldra. Það er vaxið mosa og sinu. Skrásetjara tókst ekki að finna það annars staðar þrátt fyrir ítarlega leit.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Árbók 1900, 31; Ö-Urriðafoss, 2; ÁG, 63

**ÁR-004:009** *Virkisvarða* þúst virki 63 55.644N 20 41.317V


Virkisvarða 009, horft til norðvesturs.



"Varða ein mikil er norðarlega á Virkinu eða þar sem fer að halla norðaustur að Urriðafosslæk, er það Virkjavarðan," segir í örnefnalýsingu. Virkisvarða er friðlýst. Í friðlýsingarskrá segir: "Fornt mannvirki úr grjóti og varða á, nefnd Virkisvarða, á norðausturhorni hæðar, sem kallast Fossvirki, fyrir vestan Fosslæk, gegnt bænum." Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1900 segir: "[...] Virkisvarða, hún virðist hlaðin ofan á fornt, hálfbrunnið mannvirki; það er af grjóti, en þó grasgróið neðantil. Ummál þess er hér um bil 12 faðmar. Má geta til, að það sé leifar af virki (eða vígi), sem 1 eða 2 menn hafa ætlað að verjast í, ef á lægi. Geti þá hæðin verið nefnd eftir því virki - því varla mun hún kölluð virki fyrir það, að hún felur útsýni. - Það er nú kunnugt að Böðvar gat átt ófriðar von, og því eigi ólíklegt, að hann hafi ætlað sér vígi til varnar. Sé nú Virkisvarðan leifar af virki hans, þá hlýtur bær hans að hafa verið þar nærri."

Virkisvarða er tæpum 550 m vestan við bæ 001 og rúmum 250 m suðvestan við rafstöð 027. Rúmum 20 m til norðvesturs frá vörðunni liggur malarslóði inn á grasivaxin tún.
Virkisvarða er efst á náttúrulegu holti. Umhverfis hana er smáþýft mólendi en sléttar hraunklappir koma víða uppúr sverði.
Virkisvarða er 1 m á hæð, 2,5 m í þvermál og vaxin grasi og mosa. Ekki sést glitta í hleðslur né grjót í vörðunni sjálfri. Líkt og fyrri lýsingar greina frá þá er varðan ofan á mannvirki sem er 6x4 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Mannvirkið er grasivaxið en víða glittir í grjóthleðslu á þess að skýr umför sjáist. Mannvirkið er greinilegra til norðvesturs og fjarar síðan út. Það er 0,4-1 m á hæð og op líklega til austurs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 2; ÁG, 35; Árbók 1900, 30.

**ÁR-004:010** tóft fjárhús 63°55.611N 20°42.280V
"Fjárhús frá Urriðafossi standa utarlega á Virkjataglinu," segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin eru 1,3 km VNV við bæ 001 og tæpa 700 m austan við vörðu 003. Fjárhúsin eru í norðruhluta Virkjataglsins sem er náttúrulegt holt. Þar eru þau fremst á holtsbrúninni, til norðurs er löng, há og aflíðandi brekka niður í mýrlendi. Gamlir túnslóðar liggja að fjárhúsunum en þeir eru ófærir enda nokkuð um liðið síðan fjárhúsin féllu úr notkun. Víðsýnt er frá fjárhúsunum yfir norður- og vesturhluta Flóahrepps.
Fossvirki er 15-20 m hátt, náttúrulegt holt. Mólendi er í norðurhlíðum holtsins og allt að Kampholtsmörkum til norðvesturs.
Fjárhúsin eru 20x9 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Þau skiptast í þrjú hólf og hefst lýsingin í hólfi 1, norðvestast í tóftinni. Það er 11x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,5-0,8 m á hæð og sést glitta í nokkur umför grjóthleðslu í þeim. Hólfið er opið til norðvesturs. Hólf 2 er suðaustan við hólf 1. Það var hlaða, grunnflötur þess er dýpri en í hófli 1. Veggrinir eru 1,5-2 m á hæð og sjást fjölmörg umför grjóthleðslu í þeim. Hvergi mótar fyrir opi. Hólf 3 er norðvestan við hólf 1. Það er 9x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og grónir. Op er til norðvesturs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 2.

**ÁR-004:011** heimild útihús 63°55.596N 20°40.875V
Útihús er merkt rúmum 130 m norðvestan við bæ 001 og 200 m NNV við útihús 052 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Það var uppi á náttúrulegri brún, austan við Urriðafosslækinn. Vorið 2011 voru miklar framkvæmdir á þessum slóðum, þegar núverandi fjós var stækkað til suðvesturs. Útihúsið var horfið af yfirborði áður en þessar framkvæmdir hófust.
Þar sem útihúsið var er nú verið að byggja viðbyggingu við fjós og fylla upp í svæðið með mold.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-004:012** heimild stekk
Rústir austan í Virkinu 008 eru friðlýstar. Í friðlýsingaskrá segir: "Rústabunga austan í Virkis-brekkunni". Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1900 segir: "...hefir blásturinn sumstaðar gengið langt ofan eftir Virkisbrekkunni, einkum austast, næst Virkisvörðunni [009]. Nú eru þó blástrarnir grónir upp aftur, en eru samt auðséðir. Þar geta Böðvarstóftir [047] verið blásnar af. Niður í brekkunni er raunar tóftabunga, nokkuð gömul, en það virðast vera stekkjartóftir." Einar Helgi Haraldsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þessa lýsingu. Austan í Virkisbrekkunni er malarnáma og svæðið allt raskað. Bæði var þar uppblástur og síðar farið yfir brekkunna með vinnuvélum í tengslum við námuna. Ekki var unnt að hnitsetja stekkinn án frekari heimilda. Skrásetjari gekk skipulega yfir austurbrekkur Virkisins án þess að verða tóftanna var.
Engin ummerki tófta sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna efnistöku
**Heimildir:** ÁG, 63; Árbók 1900, 31.

**ÁR-004:013** *Virkjavað* gata vað 63 55.762N 20°41.174V


*Virkjavað 013, horft til austurs.*

"Vað það, sem er á Urriðafosslæk norðan við Virkið [008] og farið er, þegar farnar eru Tröllaskarðsgötur [611:011], heitir Virkjavað," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er rúma 550 m norðvestan við bæ 001 og rúma 250 m norðaustan við Virkisvörðu 009.
Þar sem vaðið er rennur Urriðafosslækur í grónu hrauni og klettar og hraungrýti koma víða uppúr sverði.
Urriðafosslækur rennur til austurs og breiðir úr sér þar sem vaðið

er. Lækurinn er rúmir 5 m á breidd, 0,2 m á dýpt og nokkuð grýttur þar. Leið 046 sést liggja að vaðinu fyrir norðan lækinn á stuttum kafla. Til suðurs er mýrlent forarsvað og Tröllaskarðsgötur horfnar þar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3.

**ÁR-004:014** gata leið 63°55.894N 20°40.348V

"...og nokkru vestar [en Virkjavað 013], þar sem lækurinn er mjóstur, er hann kallaður Mjóilækur. Liggur dráttarbrautin þar yfir Urriðafosslæk [vað 057]. Það er braut sú, er farin var með efnið í núverandi Þjórsárbrúna," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Dráttarbrautin yfir Urriðafosslæk sést enn frá Þjótanda [ÁR-003] og um Urriðafossheiði og niður að Urriðafosslæk." Gatan snýr austur-vestur í svokallaðri Fossheiði. Hún sést vel við brú 053 og allt að Urriðafosslæk til vesturs. Þessi leið var notuð á síðasta áratug 19. aldar. Efnið kom að öllum líkindum frá Eyrarbakka en nánari lega hennar er ekki þekkt.
Gatan liggur í grónu, stórþýfðu mólendi. Hraunklettar sjást víða uppúr sverði.
Gatan sést á 850 m löngum kafla í landi Urriðafoss. Til austurs hverfur hún við grasivaxið tún en vegslóði liggur yfir hluta hennar til vesturs. Hún hlykkjast til austurs frá vaði 057 á Urriðafosslæk og sveigir til suðausturs við brú 053. Gatan er 2 m breið, 0,5-1 m á dýpt og mold er í botni hennar. Ekki mótar fyrir pöldrum í móanum umhverfis götuna. Gatan sést ekki vestan lækjarins.


*Leið 014, horft til norðvesturs.*

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 2.

**ÁR-004:015** *Móvað* heimild vað 63°56.016N 20°41.449V

"Móvað er á Urriðafosslæk dálítinn spöl fyrir vestan Mjóalækinn [sjá 014], á móts við gamlar mógrafir [016], sem eru sunnan við lækinn," segir í örnefnalýsingu. Móvað er 1,1 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 100 m NNA við mógrafir 016. Ekki e vitað á hvaða leið vaðið var notað né sést til gatna á þessum slóðum.
Urriðafosslækur liggur í bugum á þessum slóðum og rennur til suðurs. Þýfður mói er beggja vegna við lækinn og hraunklettar sjást víða uppúr sverði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3.

**ÁR-004:016** náma mógrafir 63°55.965N 20°41.528V

"Móvað [015] er á Urriðafosslæk dálítinn spöl fyrir vestan Mjóalækinn, á móts við gamlar mógrafir, sem eru sunnan við lækinn," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Ekki vitum við hve margar stungur voru af mó við Móvað. En það var ekki góður mór því það var svo mikill leir í honum." Mógrafirnar eru 1,1 km norðvestan við bæ 001 og rúma 250 m suðaustan við mógrafir 056.
Urriðafosslækur rennur til suðurs á þessum slóðum, er 4 m breiður og 0,3-0,6 m að dýpt. Fyrir austan lækinn er stórþýft, gróið mólendi en til vesturs er mýrlendi.
Mógrafirnar eru á svæði sem er 90x40 m og snýr NNA-SSV. Að austan afmarkast það af Urriðafosslæk (Mjóilækur). Mógrafirnar renna mikið saman en víða má sjá stakar grafir. Þær stærstu eru 8x3 m að stærð en flestar eru þær minni. Mógrafirnar eru flestar blautar eða rakar enda stutt í lækinn og mýrlent í nánasta umhverfi. Þær eru 0,4-0,5 m á dýpt.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 3.

**ÁR-004:017** *Leyniskjaftur* frásögn lögn 63°54.915N 20°41.171V

Samkvæmt Einari Helga Haraldssyni, heimildamanni, er Leyniskjaftur ennþá notaður til að veiða lax og Urriða í Þjórsá. Lögnin er rúma 1,2 km SSV við bæ 001 og rúmum 350 m sunnan við stekk 006.
Þjórsá rennur til suðvesturs í landi Urriðafoss, í gljúfri. Látrið er í sendinni vík og áin er fremur lygn upp við bakkann.
Engin mannvirki sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3.


*Leyniskjaftur 017, horft til suðurs.*

**ÁR-004:018** frásögn fjárhús 63°55.612N 20°41.099V

Að sögn Einars Helga Haraldssonar, heimildamanns, voru fjárhús rúmum 350 m fyrir norðvestan bæ 001 og tæpum 220 m fyrir sunnan rafstöð 027. Fjárhúsin voru reist árið 1951, á grunni eldri hlaðinna veggja en ekki er vitað hvaða mannvirki var á staðnum áður. Mögulegt er að hinir eldri veggir hafi verið af því mannvirki sem skráð var undir númerið 012 og átti að vera á þessum slóðum. Það er þó ekki hægt að staðfesta. Fjárhúsin sem byggð voru 1951 voru rifin fyrir nokkrum árum. Þau voru við suðvesturhorn malarnámu og fer efnistaka þar fram.

Þar sem fjárhúsin voru er slétt, grasivaxið svæði í austurhlíðum Virkisholts. Þar hefur uppblástur átt sér stað og annað rask, m.a. Malarnám. Ekki mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum á þessum slóðum.

Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna efnistöku

**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3.

**ÁR-004:019** heimild landamerki 63°55.983N 20°39.860V

"Næsta markavarða fyrir austan Steinker [náttúrulegur hraunklettur] er á hól einum lágum austur undir Þjórsá, og eru lægðir beggja megin við hann að austan og vestan. Hóll þessi heitir Grænhóll," segir í örnefnalýsingu. Varðan var 1,1 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 450 m austan við brú 053. Varðan er horfin en gaddavírsgirðing er þvert yfir Grænhól, á merkjum Urriðafoss og Þjótanda ÁR-003. Hvergi sést grjót eða annað sem gefur staðsetningu vörðunnar til kynna.

Grænhóll er í grónu, mosavöxnu hrauni með hólum og lægðum.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3.

**ÁR-004:020** *Ártúnsgrjót* álagablettur huldufólksbústaður 63°55.517N 20°40.536V



*Ártúnagrjót 020, séð úr SSA.*

"Ártún heitir tún það, er liggur að Þjórsá fyrir norðan Urriðafosslæk, en klettar þeir og brekkan með læknum sunnan við Ártúnið, austan frá Þjórsá og að Lækningalind [021], heita Ártúnsgrjót. Gamlar sagnir segja, að ekkert megi hreyfa í Ártúnsgrjótum, og ekki má þar heldur slá, en gras er þar oft mikið á smábletti við lækinn. Sagt er, að huldufólk búi í Ártúnsgrjótum og vilji það ekki láta raska neitt við bústað sínum," segir í örnefnalýsingu. Ártúnsgrjót eru rúmum 130 m austan við bæ 001 og rúma 70 m austan við Urriðafossvað 023.

Klettarnir eru í 10 m hárri brekku sem hallar til suðvesturs að læknum. Þeir eru mosavaxnir. Brekkan er grasivaxin og stórþýfð. Fyrir austan brekkuna, ofan við klettana er slétt, grasivaxið tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3-4.

**ÁR-004:021** *Lækningalind* lind 63°55.543N 20°40.572V



*Lækningalind 021, horft til norðurs.*

"Bæjarlindin er mjög lítil fyrst, en vex, er neðar dregur, vegna smálinda, er í hana renna. Er ein þeirra langlengst og stærst; rennur hún vestan við Ártúnsgrjótin [020] í Bæjarlindina og sprettur upp í hvammi, er gengur inn í Ártúnið að sunnan. Lind þessi heitir Lækningalind. Munnmælasögur segja, að Guðmundur biskup hinn góði hafi vígt Lækningalindina og sé nafnið af því til orðið," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Vatnið í Lækningalindinni var mjög tært og gott og margir töldu það hafa lækningamátt. Til dæmis minnumst við þess er amma okkar Guðbjörg Árnadóttir frá Hurðarbaki [ÁR-034] dvaldi hjá okkur í nokkra daga á sumrum, að hún sendi okkur oft til að ná í vatn fyrir sig í Lækningalindina. Hún drakk það og taldi sér verða gott af." Lækningalind er tæpa 100 m austan við bæ 001 og 100 m sunnan við Grjótrétt 029.

Lækningalind er í hvammi sem liggur til NNA inn í Ártúnið. Hvammurinn er grasivaxinn, brattur og 30 m langur.

Lækningalind kemur sunnan undan um 8 m hárri brekku í grónum hvammi. Hún rennur undan brekkunni á tveimur stöðum og rennur til suðvesturs. Um 10 m eru á milli uppsprettnanna. Hún er 0,3-0,5 m á breidd og 0,5

m á dýpt.  Sjálf Lækningalindin er rúmlega 20 m löng áður en hún sameinast Bæjarlindinni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 2.

**ÁR-004:022** *Fagrabrekka* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°55.558N 20°40.813V
"... en brekkan með læknum vestan við bæinn [001], frá kartöflugarðinum [051] og vestur að túngarði [007], heitir Fagrabrekka. Sagt er, að í Fögrubrekku búi huldufólk, og má þar ekkert hreyfa, en þó má slá hana. Er það og oftast gert, þó að víða sé þar grjót, og sums staðar er grjótið alveg bert," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar, segir: "Fagrabrekka er grösug, brött brekka. Þar er klettadrangur sem talinn er vera álfakirkja," Fagrabrekka er 100 m VNV við bæ 001 og tæpum 220 m vestan við Grjótrétt 029. Sumarið 2011 var fjós stækkað á bænum og þá varð talsvert rask 10-15 til austurs frá klettinum en þá var jarðvegi ýtt niður brekkuna.


*Fagrabrekka 022, séð til ANA.*

Fagrabrekka er gróin og stórþýfð.
Fagrabrekka er brött til vesturs niður að Urriðafosslæk. Hún er 10 m há og er klettur efst í henni, fyrrnefnd álfakirkja. Kletturinn er þríhyrningaaga og brattur.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 2.

**ÁR-004:023** *Urriðafossvað* gata vað 63°55.512N 20°40.623V
"Vað það, sem er á Urriðafosslæk fyrir neðan bæinn [001], heitir Urriðafossvað; brautin [024] frá bænum og að því liggur um miðjan Ranann," segir í örnefnalýsingu. Gata 024 lá til suðausturs frá bæ 001 og yfir lækinn á vaðinu. Vaðið er rúma 70 m suðaustan við bæ 001 og 60 m suðvestan við fjárhús 005.
Urriðafosslækur er í grasivöxnu túni fyrir sunnan bæ 001. Að sunnan er 3 m há brekka en til norðurs er mýrarfláki að læknum.
Urriðafosslækur rennur til austurs þar sem vaðið er. Hann er 3 m breiður, 0,4 m á dýpt og breiðir úr sér. Grjót er í læknum, í beinni röð þvert yfir hann. Mögulega var það sett þar til að auðvelda yfirferð yfir hann. Þetta er þó óljóst og vatn rennur nú yfir steinana.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4.


*Vað 023, horft til suðurs.*

**ÁR-004:024** gata leið 63°55.519N 20°40.644V
"Vað það, sem er á Urriðafosslæk fyrir neðan bæinn [001], heitir Urriðafossvað [023]; brautin frá bænum og að því liggur um miðjan Ranann," segir í örnefnalýsingu. Gatan er sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Hún lá til SSA frá bæ 001 og að vaði 023. Syðri hluti götunnar sést ennþá í grasivöxnu túni en malarvegur að bæ 001 er yfir norðurhlutanum. Þjóðvegur að bæjum vestan við Urriðafoss liggur þvert yfir götuna.
Gatan er í sléttu, grasivöxnu túni til suðurs.
Gatan er um 70 m löng á bæjarteikningunni. Af henni má nú (2011) greina 25 m fyrir sunnan fyrrnefndan þjóðveg og að vaði 023. Á þessu svæði er lág í graisvöxnu túninu þar sem gatan lá. Lágin er 3 m breið, 0,3 m djúp og grasivaxin. Ekki mótar fyrir pöldrum né er vitað hvort að gatan var upphlaðin (vegur).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906.

**ÁR-004:025** *Skógarvað* heimild vað 63°55.621N 20°40.928V
"Skógarvað heitir vað á Urriðafosslæk, og er það rétt fyrir vestan túngarðinn [007]. Er það ógreiðfært vegna stórgrýtis, sem er við syðri bakkann, en var oft farið fyrr á árum, þegar Flóamenn sóttu skóg upp til hreppa [sjá 611:011], (oftast í Skriðufells- eða Ásólfsstaðaskóg), og var þá oft farið yfir Urriðafosslæk á Skógarvaðinu, og dregur það nafn sitt af því," segir í örnefnalýsingu. Skógarvað er tæpa 250 m norðvestan við bæ 001 og tæpa 150 m norðvestan við Fögrubrekku 022. Urriðafosslækur rennur til suðausturs á þessum slóðum,  er rúmlega 2 m breiður og 0,7 m á dýpt. Hann breiðir úr sér á litlum kafla og var farið þar yfir hann. Þar er


*Vað 025. horft til norðvesturs.*

lækurinn  5 m breiður, 0,2 m á dýpt og grýttur. Vegur að malarnámu er fyrir ofan lækjargilið þar sem vaðið er. Bakkar lækjarins eru 0,3 m á hæð og vergi sér til gatna.
Lækurinn rennur í 5 m djúpu og grónu gili. Það er grasivaxið og þýft.
Engin ummerki vaðsins sjást nú lengur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4.

**ÁR-004:026** *Myllan* tóft mylla 63°55.651N 20°40.979V


*Mylla 026, horft til norðvesturs.*



"Rétt fyrir vestan Skógarvaðið [025] er tóttarbrot úti í miðjum læknum. Var þar áður kornmölunarmylla, er var knúin áfram með vatnsafli úr læknum, og eru tættur þessar því enn kallaðar Myllan," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum örnefnastofnunar segir: "Myllan var á eyju úti í læknum og má greina hana enn." Myllan er rúma 300 m norðvestan við bæ 001 og tæpa 70 m norðvestan við Skógarvað 025 á grónum hólma. Kvarnasteinninn sem var í myllunni er á Byggðasafni Árnesinga.
Myllan er á grónum, stórþýfðum hólma í Urriðafosslæk sem rennur í um 10 m djúpu og grónu lækjargili.
Á svæði sem er 12x 7 m stórt og snýr NNV-SSA er tóft og renna. Verður hvoru mannvirki gefinn bókstafur í lýsingunni sem fylgir til aðgreiningar. Tóft A er myllan. Hún er 5x4 m að stærð, snýr austur-vestur og er einföld. Veggirnir eru 0,4-0,7 m á hæð og algrónir. Op er á miðjum suðurvegg. Að innan er myllan stórþýfð líkt og allur hólminn. Rúmlega 1 m norðan við mylluna er renna B. Hún er L-laga, 5x5 m löng. Þar var vatn tekið til knýja myllna. Rennan er 0,5 m á breidd og 0,7 m á dýpt. Hún liggur til suðurs, yfir hólmann, og sveigir til vesturs fast norðan myllunnar. Rennan er grasivaxin og þurr. Hún sést ekki liggja inn í mylluna né er framhald hennar fyrir sunnan hana.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 2.

**ÁR-004:027** mannvirki 63°55.717N 20°41.028V
"... litlu vestar með læknum [en Myllan 026] er nú rafstöðin, er reist var vorið 1927 og mun vera fyrsta vatnsaflsrafstöðin í Árnessýslu, sem notuð er bæði til ljósa og suðu," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Rafstöðin við lækinn sést vel enn, en er ekki við haldið,". Rafstöðin telst ekki til fornleifa í lagalegum skilningi en höfð hér í skráningunni vegna sögulegs gildis. Rafstöðin er tæpum 450 m norðvestan við bæ 001 og 150 m norðan við myllu 026. Gaddavírsgirðing liggur eftir stíflu tengdri rafstöðinni og 40 fyrir sunnan hana er malarvegur að malarnámu. Lækurinn rennur til suðurs á þessum slóðum og er




*Rafstöð 027, húsbygging og stífla, horft til norðurs á báðum myndum.*

rúmlega 5 m breiður.
Rafstöðin er í lækjargili Urriðafosslæks. Gróið, stórþýft mólendi er við lækinn að vestan en klettar að austan. Gilið er 2 m djúpt og aflíðandi til vesturs. Járnarusl er víða í næsta nágrenni rafstöðvarinnar.
Á svæði sem er 25x12 m stórt eru leifar af rafstöð og stífla á læknum. Í lýsingunni hér á eftir er báðum mannvirkjum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Bæði mannvirkin eru steinsteypt. Leifar rafstöðvarinnar,  A,  eru

suðaustar. Húsið hefur verið 7x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 3x2 m að innanmáli og suðurveggurinn er hruninn inn í hólfið. Leifar hans sjást þar enn sem og vélabrak. Veggirnir eru 2-2,5 m á hæð og steinsteyptir. Dyr inn í hólfið voru á suðurvegg og annað op sést til austurs, inn í hólf 2. Þar er í gólfhæð og líklega fyrir lagnir eða vatn. Bárujárnsþak var á hólfinu. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það e 1x1 m á stærð og ekki eru dyr þar inn. Eina opið er til vesturs, yfir í hólf 1. Það er 0,5x0,3 m að stærð. Veggirnir eru 3,5 m á hæð og vel sést hvernig bárujárn var notað til uppsláttar að utan. Gluggi er ofarlega á norðurhlið. Stífla B er 22 m fyrir NNV tóft A. Hún er 12 m löng og liggur ANA-VSV. Vesturhluti hennar er hruninn en steypuklumpar úr henni liggja á víð og dreif þar nærri. Til austurs er stíflan 2 m há og 1,5 m á breidd. Hún mjókkar eftir því sem ofar dregur.  Á milli tóftarinnar og stíflunnar eru 5 steinsteyptir kubbar með reglulegu millibili. Þeir eru 1x1 m að stærð og 0,5 m að hæð.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 2.

**ÁR-004:028** *Stöðulbali* örnefni kvíar 63°55.593N 20°40.744V
"Hæsti hóllinn á túni því, sem er fyrir vestan og norðan bæinn [001], heitir Stöðulbali," segir í örnefnalýsingu. Stöðulbali er líklega á svipuðum stað og örnefnið Stöðulbakki sem er á lista yfir örnefni á Urriðafossi í örnefnaskrá. Stöðulbali var rúmum 100 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 90 m norðvestan við Fögrubrekku 022 en engin ummerki sjást um kvíar á þessum slóðum. Rúmum 20 m frá áætlaðri staðsetningu kvíanna er gaddavírsgirðing sem snýr ANA-VSV.
Túnið vestan og norðan við bæinn er slétt og gróið. Nokkrar hólmyndanir eru þar.
Engin ummerki kvía sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4; Ö-Urriðafoss, Þ.B, 1.

**ÁR-004:029** *Klettarétt* tóft rétt 63°55.596N 20°40.563V
"Fjárrétt sú, sem er fyrir norðan túngarðinn [007], heitir Klettarétt; er hún að nokkru leyti bergskúti," segir í örnefnalýsingu. Klettarétt er tæpum 150 m norðaustan við bæ 001 og 100 m norðan við Lækningalind 021. Hún er innan afgirts svæðis umhverfis sumarbústaðarlóð í einkaeign.


Rétt 029, horft til vesturs.




Réttin er í grónu mólendi, vestan við 2 m háa hraunbrún. Hraunklettar stingast víða uppúr sverði umhverfis réttina.
Réttin er 12x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og grjóthlaðin. Veggirnir eru 0,4-1 m á hæð og sjást mest 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Náttúrulegur hraunklettur er í suðausturhorni og annar í vesturvegg, við bergskútann. Op er á réttinni við klettinn í suðausturhorni. Annað op er reyndará norðurvegg en það hefur líklega komið til vegna ágangs búpenings eftir að réttin féll úr notkun. Í suðvesturhorni afmarkast réttin af 2,5-3 m háum kletti og er lítill skúti undir honum. Hann er um 0,5 m á hæð og dýpt. Að innan er réttin gróin en ekki er hægt að greina hólfaskiptingu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4.

**ÁR-004:030** tóft heystæði 63°55.760N 20°41.278V
Heystæði er rúma 640 m norðvestan við bæ 001 og tæpa 220 m norðan við Virkisvörðu 009. Það er ofarlega í aflíðandi brekku til norðurs, að mýri sunnan við Urriðafosslæk. Rúmum 20 austan við heystæðið er hestagerði og gaddavírsgirðing sem liggur austur-vestur við það. Heystæðið er á svæði sem er nýtt til hrossabeitar og verður fyrir ágangi þeirra.
Heystæðið er í grónu, stórþýfðu mólendi. Víða eru mýrarflákar og hólrimar.
Heystæðið er 5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Það er einfalt og hvergi mótar





Heystæði 030, horft til norðurs.

fyrir opi. Veggirnir eru torfhlaðnir og 0,5 m á hæð. Heystæðið er algróið og þýft. Það sker sig ekki úr nánasta umhverfi. Þó líklegast virðist að þetta sé heystæði er ekki hægt að útiloka að tóftin gæti verið í tengslum við mógrafir 042 og mór verið þurrkaður í henni.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-004:031** *Lækjarlátur* heimild lögn 63°55.454N 20°40.452V


*Lækjarlátur, horft til ANA.*

"Þá eru næst nöfn á laxa- og silungalátrum í Þjórsá, og eru þau öll fyrir neðan Urriðafosslæk. Efsta látrið heitir Lækjarlátur, er það svolítinn spöl neðan við lækinn, í litilli lygnu, er gengur inn í klöppina alveg á móts við mestu hávaðana [...] Lækjarlátrið og Hulda eru eingöngu silungalátur en önnur hvort tveggja," segir í örnefnalýsingu. Lækjarlátur er rúma 250 m suðaustan við bæ 001 og 50 m norðvestan við Huldu 032. Látrið er á móts við Urriðafossinn sjálfan.
Þjórsá rennur til suðurs á þessum slóðum. Þar er lítið klettanef til austurs í átt að fossinum. Látrið var þar að sögn Einars Helga Haraldssonar, heimildamanns.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss,4.

**ÁR-004:032** *Hulda* heimild lögn 63°55.448N 20°40.430V


*Hulda 032, horft til suðausturs.*

"Látrið Hulda er lítinn spöl neðar [en Lækjarlátur 031], eða þar sem mestu hávaðarnir enda. Er það smáhringiðulygna ofan við grjóturð þá, er gengur upp eftir ánni og að vesturbakkanum, frá skeri því hinu háa, sem er í niðri ánni litlu neðar. Lækjarlátrið og Hulda eru eingöngu silungalátur en önnur hvort tveggja," segir í örnefnalýsingu. Hulda er rúma 270 m suðaustan við bæ 001 og 100 m norðvestan við Vað 033.
Þjórsá rennur til suðurs á þessum slóðum og eru sléttir klettar við vesturbakkann. Áin er straumhörð en lygna er við klettana.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4.

**ÁR-004:033** *Vaður* heimild lögn 63


*Vaður 033 og Framan í 038, horft til suðausturs.*

"Næsta látur fyrir neðan Huldu [032] heitir Vaður og er við klapparnefið á móts við neðra horn skersins," segir í örnefnalýsingu. Vaður er tæpa 300 m suðaustan við Urriðafossvað 023 og rúma 350 m suðaustan við bæ 001. Lögnin er ennþá notuð að sögn Einars Helga Haraldssonar, heimildamanns
Lögnin er fyrir neðan Urriðafoss, þar fram af klettum á vesturbakkanum.
Engin ummerki lagnarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 5.

**ÁR-004:034** *Drangur* heimild lögn
"Drangur heitir næsta látur [við Vaðinn 033], töluverðan spöl neðar með ánni. Eru þar drangalagaðar klappir við ána, sem ekki er annars staðar," segir í örnefnalýsingu. Einar Helgi Haraldsson, heimildamaður, vissi ekki hvar látrið var að finna né hvar fyrrnefndar klappir eru. Látrið var á milli Vaðs 033 og Klettsins 035. Ekki er hægt að staðsetja látrið án frekari upplýsinga.
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 5.

**ÁR-004:035** *Kletturinn* heimild lögn 63°55.062N 20°40.869V

"Látrið Kletturinn er við klapparhól beint niður undan og austur af Skyggnishólnum, og rennur áin milli Kletts og lands, þegar hún er mikil, en ekki þegar lítið er í henni," segir í örnefnalýsingu. Látrið er rúma 200 m ASA við stekk 006 og rúma 80 m sunnan við bæ 001. Þjórsá rennur til suðurs á þessum slóðum og er kletturinn 4 m frá bakkanum. Að sögn Einars Helga Haraldssonar, heimildamanns, var látrið við norðurenda klettsins.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 5.

**ÁR-004:036** *Skyggnir* heimild lögn 63 55.055N 20°40.867V

"Alveg neðan við Klettinn [035], við klapparnefið, er látrið Skyggnir," segir í örnefnalýsingu. Skyggnir er tæpa 15 m sunnan við Skyggni 035 og tæpa 900 m sunnan við bæ 001. Þjórsá rennur til suðurs á þessum slóðum og var látrið á klettatanga til austurs út í ánna, sunnan við Klettinn 035.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 5.



*Kletturinn 035 og Skyggnir 036, horft til suðurs.*

**ÁR-004:037** *Skerið* heimild lögn 63°55.025N 20°40.880V

"Næsta látur heitir Skerið, og er það við sker það neðan við Skyggnislátrið, sem oftast er umflotið," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Látrið Skerið er nú aflagt." Skerið er 50 m sunnan við Skyggni 036 og rúma 960 m SSV við bæ 001. Þjórsá rennur til suðurs á þessum slóðum og var látrið á skeri 4 m til austurs frá bakkanum.
Látrið var austan við sker, í Þjórsá.
Engin ummerki látursins sjást á yfirboði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 5; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 3.

**ÁR-004:038** *Framan í* heimild lögn 63°55.400N 20°40.336V

"Látrið Hulda [032] er lítinn spöl neðar, eða þar sem mestu hávaðarnir enda. Er það smáhringiðulygna ofan við grjóturð þá, er gengur upp eftir ánni og að vesturbakkanum, frá skeri því hinu háa, sem er í niðri ánni litlu neðar," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunnar segir: "Í skeri því sem sagt er frá [...] eru tvo látur, þ.e. Framan í og Norðan í [039]. Framan í Skerinu er beint á móts við Vaðinn [033]; lagt út frá syðsta odda Skersins og niður ána," Látrið er ennþá notað af Einari Helga Haraldssyni. Þangað hægt að komast þurrum fótum í flestum tilvikum. Rennsli Þjórsár var í meira lagi þegar skrásetjari var á ferð og ófært í Skerið. Látrið Framan í er tæpa 400 m ASA við bæ 001 og tæpa 30 m austan við Vað 033.
Þjórsá rennur í sveig til suðvesturs neðan við Urriðafoss. Látrið er þar á skeri.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 4; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 3.

**ÁR-004:039** *Norðan í* heimild um lögn 63 55.431N 20°40.322V

Í svörum við spurningum Örnefnastofnunnar segir: "Í skeri því sem sagt er frá [...] eru tvö látur, þ.e. Framan í [038] og Norðan í. [...] Norðan í er látur á norðurhlið Skersins og er netið lagt út meðfram aðalstraum árinnar." Látrið er ennþá notað af Einari Helga Haraldssyni, ábúenda á Urriðafossi. Rennsli Þjórsár var í meira lagi þegar skrásetjari var á ferð og ófært í Skerið. Látrið norðan í er tæpum 60 m norðan við Framan í 038 og rúmum 360 m ASA við bæ 001.
Þjórsá rennur í sveig til suðvesturs neðan við Urriðafoss. Látrið er þar á skeri.



*Norðan í 039, horft til SSA.*

Engin ummerki látursins sjást á yfirboði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, sp. Og svör, 3.

**ÁR-004:040** *Stóralátur* heimild lögn 63°54.988N 20°40.930V
"Stóralátur heitir syðsta látrið, og er það við syðra klapparhornið fyrir neðan Skerið. Eru þá upp talin öll þau látur, er nokkurt nafn hafa," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Langanet er það sem nefnt var Stóralátur. Þetta nafn, þ.e. Langanet er nú notað, en orðið Stóralátur er aflagt." Látrið er 80 m SSV við Skerið 037 og 1 km sunnan við bæ 001.
Farvegur Þjórsár þrengist á þessum slóðum og rennur áin til SSV.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 5; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 3.

**ÁR-004:041** *Sandholtslátur* heimild lögn 63°55.761N 20°40.162V


*Sandholtslátur 041, horft til SSA.*

"Sandholtsklauf [...] heitir nokkuð djúp klettasprunga, sem gengur upp frá Þjórsá fyrir sunnan Sandholtið," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Sandholtslátur er látur í Þjórsá beint út frá Sandholtsklauf og lagt út í lygnu í ána þar." Látrið er 600 m ANA við bæ 001 og tæpum 700 m sunnan við Vað 033. Skurður er nú að Þjórsá þar sem látrið var.
Þjórsá rennur til vesturs og sveigir til suðurs á þessum slóðum. Hún er í Klettagljúfri en lág er þar niður og látrið við enda hennar. Áin er straumþung en lygn við bakkann.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, 3; Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 3.

**ÁR-004:042** heimild mógrafir 63°55.767N 20°41.306V


*Mógrafir 042, horft til norðurs.*

Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Einnig voru mógrafir vestur af Virkjavaðinu [013]." Mógrafirnar voru rúma 660 m norðvestan við bæ 001 og 60 m sunnan við Helluvað 045. Mógrafirnar eru horfnar en voru líklega í mýrlendi vestan við Urriðafosslæk. Líklega var fyllt uppí þær eða þær fallið saman.
Mógrafirnar voru í grónu, stórþýfðu mólendi með blautum mýrarflákum nærri Urriðafosslæk. Þar eru þýfðir bakkar og slétt grasivaxin svæði. Svæðið er í aflíðandi halla til norðurs að Urriðafosslæk.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 3.

**ÁR-004:043** *Gamli nátthagi* tóftaþyrping nátthagi 63°55.343N 20°41.448V




*Tóft 043 A og B, horft til norðurs og garðlag 043C, horft til vesturs.*

Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Nátthagar. Þeir eru 2 [sjá 044]. Suðaustan í Virkisholtinu er gamalt tún sem nú er aflagt, var það nefnt Gamli nátthagi." Einar Helgi Haraldsson, heimildamaður, gróðursetti nokkra tugi aspa innan nátthagans fyrir nokkrum árum. Þær hafa raskað tóft B sem og vallargarði C til suðurs og vesturs frá henni. Gamli nátthagi er rúma 700 m VSV við bæ 001 og tæpa 800 m SSV við heystæði 030.




Náttahaginn er ofarlega í suðurhlíðum svokallaðs Fossvirkis. En það er 15-20 m hátt og náttúrulegt holt. Til austurs er þýft mólendi en grasivaxin tún til annarra átta.

Nátthaginn afmarkar svæði sem er 100x60 m stórt og snýr SSV-NNA. Innan hans eru tvær tóftir og túngarður. Í lýsingunni hér á eftir er öllum mannvirkjum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er nyrst og var að öllum líkindum innan vallargarðsins. Hún er 14x12 m að stærð, snýr NNV-SSA og er stórþýfð. Tóftin skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er suðaustar. Það er 5x3 m að innanmáli og er op á suðurhlið. Veggirnir eru 1 m á hæð og algrónir. Hvergi glittir í grjót né sjást skýrar hleðslur. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 10x4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru algrónir, 0,4-1,1, m á hæð og hvergi sést glitta í grjóthleðslu. Op er á suðurhlið. Nyrst mótar mögulega fyrir þriðja hólfinu, þar er óljós þýfður bakki.Tóft B er tæpum 40 m vestan við tóft A og er byggð inn í suðurhlíð Fossvirkis. Tóftin er af beitarhúsum með hlöðu. Tóftin er 18x10 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er suðaustar. Það er 11x4 m að innanmáli og er opið til suðurs Grasivaxinn garði liggur eftir því endilöngu og er hann, 0,2 m á hæð. Veggirnir eru 0,5-1,5 m á hæð og stórþýfðir. Tvö umför af grjóthleðslu sjást víða á milli gróðursins. Norðurveggur er sigin fyrir miðju og var þar líklega op yfir í hólf 2. Hólfið, sem og tóftin öll, liggur undir skemmdum vegna aspa sem gróðursettar voru þvert eftir suðurveggnum. Hólf B er norðvestan við hólf 1 og byggt til norðurs inn í holtið. Það er 11x8 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Op er sem fyrr segir á suðurvegg. Veggirnir eru 0,3-2 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Veggir eru hæstir til norðurs, meðfram hlíðinni. Tré vex upp úr miðju hólfinu sem var líklega hlaða. Garðlag C liggur til vesturs frá tóft A, sveigir til NNA og aftur til austurs að tóft B. Það afmarkar svæðið sem er 100x60 m að stærð. Garðlagið er grasivaxið og líklega torfhlaðið. Það er 0,4 m á hæð og 0,6 m á breidd. Suðurhliðin er röskuð að hluta vegna aurskriðu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 3.

**ÁR-004:044** heimild nátthaga 63°55.540N 20°41.104V

Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Nátthagar. Þeir eru 2. Suðaustan í Virkisholtinu er gamalt tún sem nú er aflagt, var það nefnt Gamli nátthagi [043]. Annar nátthagi er undir Virkisholtinu, skammt sunnan við fjárhúsin [018] sem nú eru nýtt, en þau eru skammt undan Virkinu. Þessi nátthagi sem svo er nefndur er mikið og gott tún og vel nýtt." Nátthaginn er 350 m vestan við bæ 001 og rúmum 200 m suðvestan við Skógarvað 025. Einar Helgi Haraldsson, heimildamaður, vissi ekki hvort nátthaginn var afmarkaður með garði eða hvort tóftir hefðu verið innan hans. Við skráningu var ákveðið að láta nátthagann njóta vafans og því var hann skráður þó ekki sé víst að eiginleg mannvirki hafi verið á svæðinu.

Slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar er þar sem nátthaginn var. Túnið er 190x160 m að stærð og snýr norður-suður. Að vestan afmarkast það af skurði en annars af girðingu. Allt túnið er sléttað.

Engin ummerki hleðslna sjást á svæðinu nú (2011).

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, sp. og svör, 3.

**ÁR-004:045** *Helluvað* heimild vað 63°55.799N 20°41.333V

"Helluvað: Vað á Urriðafosslæk (Fosslæk), u. þ. b. 300 m norðan við Virkjavað [013], um það bil þar sem lækurinn tekur á sig sveigju til austurs. Þar eru klapparhöft í botni lækjarins," segir í viðbót við örnefnalýsingu. Helluvað er rúma 700 m norðvestan við bæ 001 og 150 m norðvestan við Virkisvað 013 að sögn Einars Helga Haraldssonar, heimildamanns. Ekki sést til gatna að eða frá vaði og ekki er þekkt á hvaða leið það var.

Urriðafosslækur rennur til suðausturs á þessum slóðum, í hlykkjum. Hann er 4 m breiður og klappir í botni hans. Gróið, stórþýft mólendi er vestan lækjarins en til austurs gróið hraun. Mýrlent er meðfram læknum.



*Helluvað 045, horft til norðurs.*

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

**Heimildir:** Ö-Urriðafoss, viðb., 1.

**ÁR-004:046** gata leið 63°56.115N 20°40.805V


*Leið 046, hoft til vesturs.*

Leið er sýnd á Atlaskorti nr. 47 sem gert var á árunum 1906-1907. Hún til suðvesturs frá Skálmholti ÁR-001 að Dælarétt 001:013. Þaðan lá hún til SSV, áfram yfir svokallaða Fossheiði, yfir Urriðafosslæk á Virkjavaði 013 og sameinaðist Tröllaskörðum 611:008 þar.
Gatan liggur í grónu, stórþýfðu og mosavöxnu hrauni, eða heiði. Svæðið kallast Fossheiði. Grasivaxnar lautir eru inná milli mosavaxins hrauns.
Gatan sést allt frá Dælarétt og að Virkjavaði og er alls rúmlega 750 m löng. Hún liggur NNA-SSV og er afar greinileg. 1-2 paldrar sjást og er mold í botni þeirra. Þær eru 0,4-0,7 m á dýpt og alls er leiðin 1-1,5 m á breidd.
**Heimildir:** Herforingjaráðskort nr. 47
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-004:047** *Böðvarstóftir* heimild býli
Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1900 segir: "Þar eð víg tveggja af þeim, sem hér voru heygðir [Haugar við Haugavað ÁR-189:005], Atla og Hrafns, hlutust af Böðvari, leysingja Össurar i Kampabolti, þá nota eg tækifærið til að athuga spursmálið um bústað Böðvars. "Hann bjó á Bödvarstójtum við Viðiskóg", segir i Lndn. Örnefnið "Böðvarstóftir"er týnt [...] Landeign Böðvars hefir þá verið meira eða minna af því landi sem nú tilheyrir jörðinni Urriðafossi. Eigi hygg eg samt, að Böðvarstóftir hafi verið þar, sem nú er bærinn Urriðafoss, því af Landn. má ráða, að þá er hún var rituð hafi Böðvarstóftir verið til sem örnefni. [...] Sé nú Virkisvarðan [009] leifar af virki hans, þá hlýtur bær hans að hafa verið þar nærri. En þess sjást eigi þekkjanleg merki," Böðvarstóftir (eyðibýli) er á lista yfir örnefni á Urriðafossi. Einar Helgi Haraldsson kannaðist ekki við örnefni Böðvarstóftir né vissi hvar þær gæti verið að finna. Ekki er hægt að staðsetja býlið án frekari heimilda.
**Heimildir:** Árbók 1900, 30-31; Ö-Urriðafoss, Þ.B, 1.

**ÁR-004:048** *Fosslækjarvað* heimild vað
Örnefnið Fosslækjarvað er á lista yfir örnefni á Urriðafossi. Einar Helgi Haraldsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið Fosslækjarvað. Hann hélt helst að þetta væri annað heiti á Urriðafossvaði 023. Vaðið er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.
**Heimildir:** Ö-Urriðafoss,Þ.B., 1.

**ÁR-004:049** heimild útihús 63°55.566N 20°40.629V
Útihús er merkt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, 70 m ANA við bæ 001 og tæpa 10 m norðvestan við útihús 054. Rúmum 5 m norðan við áætlaða staðsetningu útihússins er malarvegur að íbúðarhúsi Einars Helga Haraldssonar, ábúenda.
Þar sem útihúsið var er gróin aflíðandi brekka til suðvesturs, niður að Bæjarlind 021.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-004:050** heimild traðir 63°55.359N 20°40.660V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr norðaustri á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Hún er horfin, malarvegur að íbúðarhúsi Einars Helga Haraldssonar liggur á sama stað og heimreiðin gerði. Ekki er vitað hvort að heimreiðin var upphlaðin eða veggir meðfram henni.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-004:051** hleðsla kálgarður 63°55.532N 20°40.688V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, fast sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn er í náttúrulegum halla til suðurs, niður af bænum og var sambyggður honum að hluta. Eftir að kálgarðurinn féll úr notkun var bakgarður eldra íbúðarhússins á sama stað.
Aflíðandi, grasivaxin brekka í halla til suðurs er á þessum slóðum.
Ummerki kálgarðsins sjást enn í bakgarði eldra íbúðarhússins. Þúst sem er 10x8 m að stærð og 0,6 m á hæð er

fyrir sunnan bæ 001. Hún grasivaxin og hvergi glittir í grjót. Tré, m.a. aspir og birki voru gróðursett á þessum stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.



*Kálgarður 002, horft til vesturs.*

**ÁR-004:052** heimild útihús 63°55.482N 20°40.699V
Útihús og sambyggt gerði/kálgarður er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, rúma 100 m sunnan við bæ 001 og tæpa 25 m suðvestan við fjárhús 005. Útihúsið er horfið vegna túnasléttunar.
Slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar er það sem útihúsið var áður.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-004:053** brú samgöngubót 63°55.892N 20°40.387V
Á leið 014 voru hlaðnar brýr yfir verstu ófærurnar að sögn Einars Helga Haraldssonar, heimildamanns. Ein þeirra var í landi Urriðafoss, um 700 m NNA við bæ 001 og 300 m vestan við Sandholtslátur 041.
Brúin er í grónu hrauni. Grunnt er niður á hraunið og víða sést glitta í kletta.
Brúin snýr ANA-VSV og liggur yfir lægð. Lægðin er hlykkjótt og snýr norðaustur-suðvestur í svokallaðri Fossheiði. Lægðin er 2-2,5 m að dýpt og 5 m breið. Sjálf brúin er líklega torfhlaðin og hvergi sést glitta í grjót. Hún er 6 m löng, 5 m á breidd og 1 m á hæð. Leið 014 sést beggja vegna við hana.
**Hættumat:** engin hætta



*Brú 053, horft til norðurs.*

**ÁR-004:054** heimild útihús 63°55.502N 20°40.625V
Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, tæpum 70 m ANA við bæ og 10 m sunnan við útihús 049. Það er nú horfið vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var er nú gróin, aflíðandi brekka til suðvesturs að Bæjarlind 021.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-004:055** hleðsla 63°54.917N 20°41.298V
Hleðsla er á brekkubrún syðst í landi Urriðafoss nærri merkjum við Egilsstaði ÁR-005. Hleðslan er vestarlega á brúninni og er bratt niður að Þjórsá til suðurs og að lækjarsprænu til vesturs. Hleðslan er tæpum 1,3 km SSV við bæ 001 og rúmum 400 m suðvestan við stekk 006. Vatnamælingatæki er norðan við austurenda hleðslunnar.
Hleðslan er í stórþýfðu mólendi, á brekkubrún.
Hleðslan liggur ASA-VNV og er 8 m löng. Að sögn Guðsteins Hermundarsonar, ábúanda á Egilsstöðum II ÁR-005 er sífellt að brotna af henni í brekkurnar til suðurs og vesturs. Hleðslan er algróin, vaxin mosa og stórþýfð. Hún er 0,6 m að hæð.



*Hleðsla 055, horft til SSV.*



**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**ÁR-004:056** náma mógrafir 63°56.029N 20°41.807V
Við yfirferð loftmynda fundust mógrafir sunnarlega í landi Urriðafoss, við landamerki Kampholts [ÁR-038]. Mógrafirnar eru 1,3 km norðvestan við bæ 001 og 1,4 km norðaustan við vörðu 003.
Mógrafirnar eru líklega í mýrlendu viki til suðvesturs frá Kampholtskeldu.
Mógrafirnar eru á svæði sem er 135x50 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Til norðurs afmarkast svæðið af Kampholtskeldu.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-004:057** heimild vað 63°55.838N 20°41.336V
"...og nokkru vestar [en Virkjavað 013], þar sem lækurinn er mjóstur, er hann kallaður Mjóilækur. Liggur dráttarbrautin [014] þar yfir Urriðafosslæk. Það er braut sú, er farin var með efnið í núverandi Þjórsárbrúna," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er rúma 770 m norðaustan við bæ 001 og 70 m norðan við Helluvað 045. Leið 014 sést ekki vestan lækjarins en afar greinileg til austurs.
Urriðafosslækur rennur til suðausturs og er 3 m breiður og 0,3-0,6 m að dýpt. Fyrir austan lækinn er stórþýft, gróið mólendi en fyrir vestan er mýrlendi.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-005 Egilstaðir

1708: 18 hdr. Þykkvabæjarklaustureign (konungseign)/ 30 hdr, bændaeign. 1847: 32 hdr. Bændaeign. Jarðarinnar er getið í Sturlungu, Sturl. GJ, II, 228.

Árið 1487 selur Hálfdan Nikulásarson Guðmundi Einarssyni jörðina Alviðru í Ölfusi fyrir jörðina Egilisstaði í Flóa, DI VI, 589. Jarðarinnar er getið í máldaga Skálholtskirkju frá 1491-1518, DI VII, 46. Árið 1519 selur Ögmundur ábóti í Viðey Snorra djákna Hjálmssyni tuttugu hundruð í jörðunni Ey í Mýrdal fyrir tuttugu hundruði í jörðunni Egilsstöðum í Flóa, DI VIII, 701.

EGILSSTAÐIR Í FLÓA (Á) -Nikulási (VILLINGAHOLTSÞING) - HÁLFKIRKJA

[haustið 1269]: [úr Villingaholtti] er songur a eigil stadi oc jcols hollt oc ij merckur caûps j hûorûm stad Þeira; Máld DI II 62-63

1397: a .xc. j heimalndi Skal gefa tvo daga j hverri viku miolk undann einni kv. portio Ecclesiæ vmm eitt ar half mork. enn oll onnur fiell nidur firir kirkiu vppgiord Hun a vmm Þat framm sem adur er skrifad kugilldi er Halldor gaf; Máld DI IV 59

[um 1480]: Eigilstader forn maldage. Nichulas kirkia a egilsstodu a x hvndrvd j heimalande. iij. kyr. ij. asavdar kvgillde. skal gefa fatækvm .ij. daga j hverri vikv vndan einni kv. hv a. ij kertistikur med kopar. þriar kluckur og brestur j eina klofin. Alltarissklæde. glodar ker. Alltariss brvn. kross. Mariv skript. Nichvlas likneske og dukvr



yfer katerjnar skript. Máld DI VI 320 [AM 263 fol. bl. 54; Þjsks Bps A II, 1, bl. 127a]
1570: máld DI XV, 657.
[1592]: jtem sio morg bænhus j samri [Villingaholts] sokn. jn primis ä Eigilstodum sog(d) þridiunga kyrka. AM 2624to bl. 11
1708:"Munnmæli eru, að hjer hafi að fornu bænhús verið. En engin sjást þess nú merki ... Þessum xxx hdr. [bændaeigninni] er sundur skift í tvo bæi [Egilsstaði og Egilsstaðakot sjá ÁR-006], og stendur annar áfastur að kalla, við klausturpartinn ... Hinn stendur og innan garða og kallast almennilega Egilsstaðakot, vide infra ... Paals Tópt heitir rúst í túninu, sem fylgir bóndaeigninni. Þar hefur ekki bygt verið í 60 ár eður lengur" JÁM II, 173 - 175. Ekkert túnakort virðist hafa verið gert fyrir Egilsstaði fremur en aðra bæi í Villingaholtshrepp.
1708:"Fóðrast kann v kýr, ii úngneyti, xxx ær, xv lömb, i hestur, hinum vogað á útigang. Þessum parti er skipt af húsum, túnum og engjum frá bóndaeigninni, en öðru landi er óskift ... Fóðrast kann á þessum parti [bóndaeigninni] v kýr, xxx ær, xv lömb, i hestur til fóðurs, hinir til bjargar eður vogað einúngis á útigáng ... Torfrista og stúnga bjarleg, en á klausturpartinum lök, því hvör ristir í sínu engjatakmarki. Móskurður hefur að fornu verið, meinast eyddur. Engjaítak á jörðin í Sýrlækjarlandi, sem brúkast átölulaust í takmörkuðu plátsi, þar sem kallast Egilsstaðaengi. Það spillist af átroðningi annara mann penings og er þar með erfitt að sækja. ... Vatnsból bregst um vetur og er þá erfitt vatns að afla sitt sinn í hverjum stað, og verður oft skaði af þessu vatnsleysi. Hreppamannaflutningur erfiður á vetur og stundum ófær fyrir ágangi úr Þjórsá ... Ferja er hjer á Þjóssá og hefur verið lángvarandi og eiga allir bændurnir sitt skipið hver og flytur hver, so sem hann er viðlátinn á sínu skipi og skifta síðan í þrjá parta sín á milli hvör sem flytur, og geldst hjer venjulegur ferjutollur, alin undir hest með böggum, stundum minna eftir samkomulagi."

**ÁR-005:001** *Egilsstaðir* bæjarhóll bústaður 63°53.904N 20°42.728V





*Bæjarhóll 001, horft til suðurs.*

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 eru merkt tvö hús á bæjarhól Egilsstaða en bæirnir voru tveir Egilstaðir I og II. Húsin voru ekki sambyggð. Íbúðarhúsið á Egilsstöðum I (b. 1936) stendur suðaustan til á bæjarhólnum en þjóðvegurinn liggur yfir suðvesturhlutann þar sem Egilsstaðir II stóðu áður. Sá bær var fluttur árið 1947, 60 m til VSV. Það hús eyðilagðist í jarðskjálfta árið 2000 og núverandi íbúðarhús er 160 m norðvestan við bæ 001. SSV við íbúðarhúsið á Egilsstöðum I er grænn hóll í húsagarðinum með flaggstöng á og er það öskuhóll 005. Stutt var á milli bæjanna, einungis göngustígur.
Á bæjarhólnum standa íbúðarhús á steyptum grunni, hlaða (b. 1959) á 2 m djúpum grunni og fjós áfast henni til norðausturs (b. 1944) á steyptum niðurgröfnum veggjum. Trjágarður syðst en norðaustan til er malarborið hlað sem þó er ekki aðal aðkoma að bænum lengur heldur liggur nú heimreið upp á hólinn að norðan. Þjóðvegur liggur yfir hólinn suðvestast.
Bæjarhóllinn er 60x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hæstur er bæjarhóllinn 1,5 m en mikið rask hefur átt sér stað á honum. Þegar kjallarinn undir íbúðarhúsinu var dýpkaður fyrir nokkrum árum var komið niður á gólfskán, settur sandur yfir og steypt þar ofan á. Í norðurhluta bæjarhólsins má sjá hleðslu sem liggur til norðurs. Hún er L-laga og afmarkar svæði sem er 30x7 m að stærð. Hleðslan er 1,2-1,5 m á hæð og sjást 5 umför grjóthleðslu í henni. Til norðurs fjarar hleðslan út og hverfur í gróið tún. Girðing er eftir hleðslunni endilangri á báða kanta.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-005:002** mannabein bænhús 63°53.898N 20°42.707V
EGILSSTAÐIR Í FLÓA (Á) -Nikulási (VILLINGAHOLTSÞING) - HÁLFKIRKJA
[haustið 1269]: [úr Villingaholti] er songur a eigilstadi oc jcols hollt oc ij merckur caûps j hûorûm stad Þeira; Máld DI II 62-63
1397: a .xc. j heimalndi Skal gefa tvo daga j hverri viku miolk undann einni kv. portio Ecclesiæ vmm eitt ar half mork. enn oll onnur fiell nidur firir kirkiu vppgiord Hun a vmm Þat framm sem adur er skrifad kugilldi er Halldor gaf; Máld DI IV 59
[um 1480]: Eigilstader forn maldage. Nichulas kirkia a egilsstodu a x hvndrvd j heimalande. iij. kyr. ij. asavdar kvgillde. skal gefa fatækvm .ij. daga j hverri vikv vndan einni kv. hv a. ij kertistikur med kopar. þriar kluckur og brestur j eina klofin. Alltarissklæde. glodar ker. Alltariss brvn. kross. Mariv skript. Nichvlas likneske og dukvr

yfer katerjnar skript. Máld DI VI 320 [AM 263 fol. bl. 54; Þjsks Bps A II, 1, bl. 127a]
[1592]: jtem sio morg bænhus j samri [Villingaholts] sokn. jn primis ä Eigilstodum sog(d) þridiunga kyrka. AM 2624to bl. 11
"Munnmæli eru, að hjer hafi að fornu bænhús verið. En engin sjást þess nú merki," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Um 1970 fannst mannsbeinagrind um 2 m suðaustan við fjósið á bæjarhólnum 001 á Egilsstöðum. Beinin fundust fast við þar sem var mjólkurhús - áfastur skúr við fjósið, nú horfinn þó ummerki sjáist enn. Hún fannst við skurðgröft. Um 1990 kom önnur beinagrind í ljós við vatnleiðslugröft heldur norðar og var við fjósvegginn.



*Fjósið sem er á svipuðum slóðum og kirkja 002 var.*

Raskað svæði undir húsvegg - í jaðri hlaðs.
Í fyrra skiptið kom Þór Magnússon og skoðaði fundinn. Beinin voru jarðsett í Villingaholtskirkjugarði. Í seinna skiptið voru beinin látin liggja. Um 70 cm voru niður á beinin sem voru í mjög góðu ástandi. Jónas Sigþórsson telur að grindurnar hafi ekki snúið eins - a.m.k. önnur hafi snúið út og suður en útilokar ekki að þær hafi verið raskaðar. Stutt var á milli beinagrindanna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** DI II, 62-63; DI IV, 59; DI VI, 320 [AM 263 fol. bl.54; Þjsks Bps A 11, 1, bl. 127 a]; AM 262 4to bl. 11; JÁM II, 173

**ÁR-005:003** gerði bænhús 63°53.940N 20°42.636V
Um 100 m NNA af norðausturenda bæjarhólsins 001 er hringlaga gerði, sunnan í lágum hólrana í túninu. Bent er á þennan stað sem kirkjustæðið og er Sigurþór Einarsson, heimildamaður Jónasar, sonar hans, fyrir því. Gerðið er tæpum 90 m SSV við lambhús 010.
Í túni. Handsléttað en að öðru leyti ekki raskað. Túnið er nýtt til hrossabeitar.
Gerðið er 20x20 m stórt, með mjög breiðum veggjum og er innanmál þess 9x8 m. Menn hafa talið sig sjá op á vesturhlið en ekki er það skýrt nú. Gerðinu hallar eilítið mót suðri. Barð er syðst á hólbungu sem gæti verið tóftarleifar - e.t.v. eldra bæjarstæði. Óljóst að hversu miklu leyti þessi kenning er ágiskun Sigurþórs og Þórs Magnússonar eða hvort gömul hefð liggur að baki henni. Gerðið er nánast útflatt og óljóst í sléttu, grasivöxnu túninu.



*Gerði 003, horft til vesturs.*



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-005:004** *Borgarhús* tóftir fjárskýli 63°54.843N 20°42.316V
"Borgarholt er áframhald af Sandskörðum, kargaþýfður mói, er skagar nokkuð langt í suðvestur. Syðst í holtinu voru beitarhús, kölluð Borgarhús," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir enn



*Tóft 004A horft til norðurs, tóft 004B horft til suðurs og garðlag 004C horft til vesturs.*




fremur: "Borgarholt: Þar var áður fjárborg, þar sem Borgarhús stóðu síðar." Borgarhús eru 1,8 km norðan við bæ 001 og rúmum 320 m norðaustan við Sigurðartóft 007. Borgarhús eru uppi á holtinu.
Borgarhús eru í sléttu, grasivöxnu túni. Umhverfis það er gróinn, stórþýfður mói.
Á svæði sem er 90x90 m og snýr norður-suður eru tvær tóftir og vallargarður. Var hverju mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar. Tóft A eru beitarhús með niðurgrafinni hlöðu. Hún er 20x10 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 10x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 1 m á hæð og grasivaxnir. Fjögur umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Hólfið er opið til suðausturs en grjót hefur hrunið þar niður og lokað því að hluta. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Hann er um 9 m langur og 0,3 m að hæð. Þrenn umför af grjóthleðslu sjást í honum. Hólf 2 er norðaustan við hólf 1. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 2 m að hæð og gólfflötur þess 1 m lægri en í hólfi 1. Ekki sjást skýr umför af grjóthleðslu sökum gróðurs en víða glittir í grjót. Ekki er skýrt op inn í hólfið. Það var hlaða. Tóft B er 7 m VSV við tóft A. Hún er 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er einföld, grasivaxin og þýfð. Veggirnir eru 0,5-1 m að hæð og hvergi sjást skýrar grjóthleðslur þó víða megi sjá glitta í grjót. Op er á miðjum suðurvegg. Á milli tóftanna er grasivaxið svæði og líklega eru uppsöfnuð mannvistarlög þar undir sverði. Svæðið er 0,5-1 m á hæð, grasivaxið og slétt en fer lækkandi við tóft B. Umhverfis tóftirnar er vallargarður sem afmarkar svæðið. Hann er ferhyrndur, 90x90 m að stærð og innan hans er slétt, grasivaxið tún sem var líklega handsléttað. Vallargarðurinn er 0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Hann er torfhlaðinn og grasivaxinn. Norðurhluti vallargarðsins er horfinn í stórþýfi að hluta. Hlið er syðst, inn á túnið. Girðing var á garðinum, og timburleifar sjást víða ofan á honum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 1; Ö-Egilsstaðahverfistorfa, aths. 2.

**ÁR-005:005** óskuhaugur 63°53.886N 20°42.736V



*Öskuhaugur 005 og útihús 034, séð til ASA.*

Öskuhaugur er rúma 30 m SSV við bæ 001 og útihús 034 er byggt sunnan í öskuhauginn. Flaggstöng er í miðjum öskuhauginum og þjóðvegurinn liggur rúmum 5 m vestar. Að sögn Ólafs Lárussonar, heimildamanns, eru til sögur um að ekki hafi mátt hrófla við öskuhaugnum. Ástæðan var sögð sú að eftir að drepsótt gekk um sveitina hafi allir innanstokksmunir verið brenndir og askan urðuð á þessum stað.
Öskuhaugurinn er í grónum bakgarði íbúðarhússins á Egilsstöðum I.
Öskuhóllinn er hringlaga, flatur að ofan og með brattar hliðar. Hann er 7 m í þvermál, 1,5 m á hæð og grasivaxinn. Greinilegt er að hóllinn er manngerður, hliðar hans eru snarbrattar og hann flatur að ofan.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-005:006** *Garðamýri* örnefni 63 54.703N 20°42.342V
"Garðamýri er norðan og vestan við Hemingsmýri. Örmjótt móadrag er milli þessara tveggja mýra. Lá þar brautin [611:008] úr Tíðaskarði. Mýrin er grasgefin og laus við leirkeldur," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Ekki eru sjáanleg nein mannvirki í Garðamýri." Garðamýri var plægð fyrir allmörgum árum án þess að mannvistarleifar kæmu í ljós að sögn Einars Hermundssonar, heimildamanns. Ekki er vitað af hvaða görðum örnefnið er dregið.
Garðamýri er á milli Borgarholts til norðurs og þjóðvegar til suðurs. Hún er stórþýfð og grasivaxin en molaflög eru víða í henni.
Engin ummerki garða sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 1;Ö-Egilsstaðatorfa, aths. 1.

**ÁR-005:007** *Sigurðartóft* tóft fjárhús 63°54.692N 20°42.571V
"Garðamýrarbrún norðvestur af Garðamýri [006] er áframhald af Borgarholti. Er hér með mýrargróðri. Syðst á brúninni eru móadrög. Sigurðartóft er þar, gamalt tóftarbrot," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Sigurðartóft: Þetta er ævagamalt fjárhússtæði eða fjárborg; er á brúninni milli Borgarhúss [004] og Helluvaðs [008]." Sigurðartóft er tæpa 1,5 km norðan við bæ 001 og tæpum 350 m suðvestan við Borgarhús 004.
Sigurðartóft er í stórþýfðu mólendi.
Á svæði, sem er 20x10 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur, er tóft og hleðslubrot. Var hvoru tveggja gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er sunnar. Hún er 6x5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hvergi mótar fyrir opi inn í tóftina. Veggir eru 0,6-1 m á hæð, grónir og stórþýfðir. Hvergi sést glitta í grjót eða skýrar








hleðslur. Rof er víða komið í veggina. Mögulega mótar fyrir öðru hólfi eða jafnvel eldri tóft til suðurs. Þar er þýfður bakki sem er 0,4 m á hæð og algróinn. Bakkinn afmarkar svæði sem er 8x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Óljóst mótar fyrir opi á miðri suðurhlið. Milli tóftarinnar og bakkans er slétt svæði sem sker sig úr nánasta umhverfi. Hleðsla B er 18 m norðaustan við tóft A og er óskýr sökum stórþýfis. Hún er 12x4 m, L-laga og snýr NNV-SSA. Hleðslan er 0,4-0,8 m á hæð, stórþýfð og algróin. Til suðurs er hleðslan röskuð og þá hlið vantar. Tilgangur hennar er óljós. Rúmum 2 m fyrir austan hleðsluna er reglulegur þúfnabakki. Hann er hálfhringlaga, 11 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Ekki er skýrt hver tengslin eru á milli þeirra.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 1; Ö-Egilsstaðahverfistorfa, aths. 1.

**ÁR-005:008** *Helluvað* gata vað 63°54.520N 20°42.747V
"F[y]indislækur á upptök sín úr Reiðingsflóði og nágrenni, vestan Garðamýrarbrúnar [...] Helluvað heitir vað á læknum, þar sem hann rennur í gegnum Garðamýrarbrúnina. Var þar farið, er annað var ófært," segir í örnefnalýsingu,". Helluvað er tæpum 1,2 km norðan við bæ 001 og rúmum 450 m norðvestan við tóft 030d. Vaðið dregur nafn sitt af steinum í botni Fyndislækjar. Vaðið var m.a. notað á leið 611:008.
Fyndislækur er litaður af mýrarrauðar og rennur til suðausturs í grónu mólendi.
Lækurinn er 1,5 m breiður og grunnur þar sem farið var yfir hann. Lækjarbotninn er grýttur. Leið 611:008 sést beggja vegna við vaðið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 2.



*Helluvað 008, horft til austurs.*

**ÁR-005:009** *Ferjulág* heimild ferju 63°54.032N 20°42.249V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín FRÁ 1708 segir: "Ferja er hjer á Þjórsá og hefur verið lángvarandi og eiga allir bændurnir sitt skipið hver og flytur hver, so sem hann er viðlátinn á sínu skipi og skifta síðan í þrjá parta sín á milli hvör sem flytur, og geldst hjer venjulegur ferjutollur, alin undir hest með böggum, stundum minna eftir samkomulagi." Í örnefnaskrá segir: "Ferjulág eða Ferjulaut er hallandi móaslakki að Þjórsá með mýrarpolli



*Ferjulág 005, horft til austurs.*

neðst, í suður frá Skyggni. Lautin er nú fyrir miðju Egilsstaðatúni. Þar var lengi lögferja. Ferjuholt er móinn umhverfis lautina,".Ferjan var rúma 470 m ANA við bæ 001 og tæpa 620 m sunnan við beitarhús 030. Leið 611:018 að ferjunni er nú horfin í slétt tún og þar mótar fyrir lág. Niður að bökkum Þjórsár er 10 m brött brekka til austurs. Bakkarnir eru stórgrýttir og ekki ljóst hvar lendingin var.
Stórgrýtt brekka er niður að bökkunum. Þjórsá er 300 m breið og rennur til suðurs á þessum slóðum.
Engin ummerki ferjunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 2; JÁM II,. 175.

**ÁR-005:010** *Lambhúsholt* heimild lambhús 63°53.984N 20°42.607V
"Lambhúsholt er holtsrani milli Skyggnis og Ferjulautar [009]. Fjárhús frá Egilsstöðum I standa þar nú með túni í kring," segir í örnefnalýsingu. Lambhúsholt er tæpum 180 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 90 m norðaustan við meint bænhúsgerði 003. Þar eru nýleg fjárhús og hesthús. Töluvert rask hefur átt sér stað á Lambhúsholti, hestagerði er fyrir vestan fjárhúsin og malarvegur frá því að bæ 001. Líklega er lítið sem ekkert eftir af uppsöfnuðum mannvistarleifum undir sverði.
Lambhúsholt er grasivaxið og slétt tún er allt umhverfis fjárhúsin. Hesthúsið er nýrra er fjárhúsin.
Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 2.

**ÁR-005:011** heimild leið 63°53.846N 20°42.834V
Leið er sýnd fyrir suðvestan og sunnan gamla heimatún Egilsstaða á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Samkvæmt teikningunni klofnaði leiðin við heimreiðina. Annar hluti hennar lá til VNV og hinn til suðurs. Leiðin lá fast við túngarð 026. Þar eru nú grasivaxin tún og gerð þeirra hefur raskað leiðinni. Túnslóði er á sömu slóðum og vestari hluti leiðarinnar. Ekki er vitað hvort leiðin var alfaraleið eða engjavegur.
Slétt, grasivaxin tún eru þar sem leiðin lá.
Engin ummerki leiðarinnar sást lengur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-005:012** *Kóngsstekkir* tóftaþyrping stekkur 63°54.025N 20°43.736V
"Kóngsstekkir eru lengra inn með Brúnum í norðaustur af Einbúa. Hringlaga mýri með flóðkíl í kverkinni og fergingróðri. Stekkjarholt myndar þennan hálfhring, liggur í suðaustur frá Brúnum. Greiðfær língresisflöt í norðvesturenda með tveim vörðubrotum og einhverjum mannaverkum," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Kóngsstekkir: Mér er ekki kunnugt, hvernig það nafn varð til, en þar eru sjáanleg mannvirki og grænn bali með ræktarlegri gróðri en umhverfið." Kóngstekkir eru rúma 850 m vestan við bæ 001 og tæpa 350 m SSV við fjárhús 017.
Kóngsstekkir eru á suður- og vesturhluta Stekkjarholts. Þar er stórþýft mólendi en mýrlent er til vesturs og suðurs. Náttúrulegir hólar eru á holtinu en svæðið hjá tóftaþyrpingunni er mun grænna og sléttara en nánasta





*Tóft 012A horft til norðvesturs, tóft 012B horft til suðurs og tóft 012C horft til austurs.*

umhverfi. Líklega var það handsléttað.
Á svæði sem er 100x60 m stórt og snýr austur-vestur eru fjórar tóftir og ein þúst. Var hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Þúst A er syðst. Hún er á náttúrulegum hól, 3-3,5 m á hæð. Þústin snýr norður-suður, einföld og er 5x4 m að stærð. Hún er 0,3-0,5 á hæð, grasivaxin og þýfð. Inn á milli þúfnanna á hólnum eru sléttir, grænir flákar og beinir bakkar. Þetta gætu verið leifar af veggjum og fleiri hólfum. Hundaþúfa er á miðri þústinni. Um 3 m fyrir sunnan þústina er 7x2 m stór fláki. Hann er með beinar hliðar og sléttur að innan. Afar líklegt er að hann sé manngerður. Tóft B er 60 m NNV við þúst A. Hún er í norðurhlið náttúrulegs hólbarðs og er í halla. Hún er nánast útflött og veggirnir óskýrir. Tóftin er 14x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og grasivaxnir. Þeir eru hærri að innan en utan sem og til norðurs sem bendir til





*Hleðsla 012D horft til norðurs og tóft E horft til NNA.*

þess að tóftin sé niðurgrafin. Hvergi sést glitta í grjót. Tóftin er opin til norðurs og er í töluverður halla. Tóft C er 20 m austan við tóft B. Hún er 6x6 m að stærð, einföld og hálfhringlaga. Hún er opin til suðurs og engu líkara en helming hennar vanti. Ekkert rask sjáanlegt á yfirborði hefur þó átt sér stað þar. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og hvergi sést glitta í grjóthleðslu. Innan í tóftinni er jarðvegsbunki, líklega þakhrun. Lag tóftarinnar líkist einna helst fjárborg. Hleðsla D er 40 m vestan við tóft B. Hún er L-laga, afmarkar svæði sem er 8x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er þýfð og grasivaxin. Líklega var einnig hlið að sunnan, þar eru þúfur í reglulegri röð. Tóft E er 30 m suðvestan við hleðslu D. Hún er 7x5 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Tóftin er á vesturhluta Stekkjarholts og norðurveggurinn er byggður inn í brekku að hluta. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og það sést eitt umfar af grjóthleðslu utan á austurvegg. Veggirnir eru stórþýfðir og ekki mótar fyrir hólfaskiptingu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 3; Ö- Egilsstaðahverfistorfa, aths. 2.

**ÁR-005:013** garðlag áveita 63°54.437N 20°44.372V
Áveitumannvirki eru suðvestan við Þingdalsvatn, í svokölluðum Sorta 016. Þar er mýri sem var framræst með fjölmörgum vélgröfnum skurðum, m.a. í kringum allt vatnið. Áveitan er nálægt landamerkjum við Þingdal og á loftmynd má greina fleiri áveitugarða Þingdalsmegin ÁR-036 við merki.
Stórþýft og gróið mólendi er á þessum slóðum.
Áveitukerfið innan Egilsstaða náði samtals yfir svæði sem er 650x550 m stórt og snýr norður-suður. Innan þess voru fimm áveitugarðar og var hverjum og einum gefin bókstafur til aðgreiningar. Allir áveitugarðarnir eru milli 0,3-0,6 m á hæð, algrónir og á köflum sést hvar efni var tekið við gerð þeirra. Þá myndast renna meðfram garðinum og var vatni líklega veitt þar. Áveitugarður A afmarkar norðausturhlið áveitunnar. Hann er tæplega 450 m að lengd og snýr norður-suður. Hann er algróinn en rofinn á köflum, m.a. liggur vélgrafinn skurður í gegnum hann miðjan. Áveitugarður B liggur til vesturs frá garði A og afmakar norðurhlið áveitunnar. Hann er rúmlega 150 m langur og beinn. Áveitugarður C er sunnan við áveitugarð B. Hann liggur til suðvesturs frá garði A og endar við garð D. Hann er tæplega 250 m að lengd og rofinn á nokkrum stöðum. Áveitugarður D snýr NNV-SSA og sveigir síðan til suðvesturs. Hann er 780 m að lengd og áveitugarðar A, C og E liggja að honum. Einnig er hann rofinn af tveimur yngri skurðum. Áveitugarður E er sunnan við garð D. Hann er 270 m að lengd og snýr austur-vestur. Í eystri enda sveigir hann til norðurs að garði D.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 3.

**ÁR-005:014** garðlag landamerki 63°53.967N 20°43.094V
Garðlag er suðaustan við fjárhús Egilsstaða II. Það er nærri landamerkjum milli Egilsstaða og Egilsstaðakots ÁR-006, mögulega á eldri landamerkjum. Garðlagið hverfur til austurs við slétt, grasivaxið tún en að vestan hefst það við náttúrulegt hólbarð.
Garðlagið er í óræktuðu túni. Til austurs og suðurs eru slétt, grasivaxin tún.
Garðlagið er tæplega 50 m að lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Það er 0,5 m á hæð, 1 m á breidd og er líklega torfhlaðið. Mögulegt er að garðurinn hafi verið hlaðinn á merkjum Egilsstaða og Egilsstaðakots en en hann gæti allt eins hafa verið hluti af nátthaga 006:006 nema hvort tveggja sé.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Garðlag 014, horft til norðausturs.*

**ÁR-005:015** náma mógrafir 63°54.099N 20°44.535V

"Stóragil rennur í norðurjaðri Vallarins. Upptök úr Þingdalsvatni (áður Vælugerðisvatni). Við gilið var mótekjan fyrir alla Egilsstaðabæi," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Mótaka við Stóragil: Um 8 skóflustungur (eða um 2 m), svo kom mór, 4-5 stungur, talinn heldur góður, oft með miklum skógarleifum. Hætt mótöku 1931-32." Mógrafirnar eru 1,5 km vestan við bæ 001 og tæpum 100 m NNA við mógrafir 041. Mórinn var tekin norðan við gilið, í mýrardragi sem hlykkjast þar til suðurs að sögn Guðsteins Hermundssonar, heimildamanns. Líklega var fyllt upp í mógrafirnar en þær eru ekki sjáanlegar á yfirborði.



*Mógrafir 015, horft til norðvesturs.*

Gróið, stórþýft mór er umhverfis Stóragil. Mýrarlág liggur að gilinu til norðurs. Það er grasivaxið og stórþýft.

Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði. Mýrardragið er um 2 m djúpt, stórþýft og gróið. Það er 60x15 m að stærð og líklegt að mór hafi verið tekið á öllu því svæði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 3; Ö-Egilsstaðatorfa, aths. 1.

**ÁR-005:016** *Sortinn* heimild draug 63°54.501N 20°44.131V

"Sortinn í norðaustur af Smárimum og Velli. Nokkuð stór mýri, svaka blaut, liggur að Þingdalsmörkum. Töldu sumir reimt á Sortanum," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni Landið, fólkið og þjóðtrúin eftir Bjarna Harðarson er frásögn af þessum draug. Þar segir: "Í Sortanum milli Egilsstaðahverfis og Þingdals var talið reimt og draugur sá sem þar hélt sig var kallaður Sortadraugurinn. Hann átti það til að villa um fyrir ferðafólki. [...] Nokkru austan við Sortann er Findingslækur og bendir þessi vísa til þess að þar hafi einnig þótt óhreint þó sagnir um það séu týndar: Ég hef þennan kjánalæk, kunna leið að rata, en fyrir sunnan Findingslæk, finnst mér erfið gata."

**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 3; Landið, fólkið og þjóðtrúin, 122

**ÁR-005:017** *Ærhústún* tóft beitarhús 63°54.223N 20°43.637V



*Ærhús 017, horft til norðurs.*




"Ærhústún, lágt móatún vestan við Vakholtið," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru rúma 950 m norðvestan við bæ 001 og rúma 900 m austan við heystæði 021. Þau eru ofarlega í brekku sem hallar til suðausturs niður holt. Rúmum 50 m fyrir austan beitarhúsin er sumarbústaður í einkaeign, innan afgirts svæðis. Hann er neðan brekkunnar. Gaddavírsgirðing er 5 m austan við tóftina.

Umhverfis tóftina er grasivaxið svæði í annars þýfðum og grónum móa.

Beitarhúsarústirnar eru 14x12 m og snúa norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í 3 hólf. Hólf 1 er vestast í tóftinni. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er opið til suðausturs og ekki er innangengt í önnur hólf. Veggirnir eru grasivaxnir og 0,6-1 m á hæð. Tvenn umför af grjóthleðslu sjást í þeim inn á milli gróðurs. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 7x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er opið til suðurs en þýfður bakki er þar, mögulega leifar af þili. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og grónir. Tvö umför af grjóthleðslu sjást í þeim. Gróinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Hann er 0,2 m á hæð og grasivaxinn. Hólf 3 er norðvestan við hólf 2 er 5x3 m að stærð og snýr VSV-ANA. Ekki er skýrt op inn í hólfið. Gólfflötur þess er 0,8 m dýpri en í hinum hólfunum og hefur hólfið verið hlaða. Veggirnir eru 1-2 m að hæð og víða glittir í grjót án þess að um skýr umför sé að ræða. Hólfið er fullt af rusli.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 4.

**ÁR-005:018** *Reiðingsflóð* náma rista 63°54.889N 20°43.155V

"Reiðingsflóð er austarlega á Flóðamosamýri. Þar þótti góð torfrista, 4-6 torfuþykktir niður. Var notað frá öllum bæjum í hverfinu," segir í örnefnalýsingu. Reiðingsflóð er 2,5 km norðan við bæ 001 og rúma 600 m SA við Sigurðartóft 007. Flóðmosamýri er framræst og mun þurrari en áður var. Hið sama má segja um flóðið. Skurðir liggja eftir austurhlið Reiðingsflóðs.

Reiðingsflóð er smáþýfð mýri, nú að hluta til orðin að ræktuðu túni. Svæðið er framræst og vélgrafnir skurðir víða.
Reiðingsflóð var mýrarpollur. Það er 150x60 m að stærð og snýr norður-suður. Í þeim hluta flóðsins sem er óraskaður mótar fyrir sléttum flákum inn á milli smáþýfðra svæða. Flákarnir eru grasivaxnir og bakkar þeirra um 0,3 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 4.


*Reiðingsflóð 018, horft til suðausturs.*

**ÁR-005:019** *Hofmannaflöt* örnefni óþekkt
"Hofmannaflöt veit enginn um, sennilega orðin gróið tún," segir í örnefnalýsingu. Hvorugur bræðranna, Einar eða Guðsteinn Hermundarsynir, vissu hver örnefnið er að finna. Þeir könnuðust við það en mundi ekki í hvaða samhengi. Staðsetning örnefnis er því týnd en gæti mögulega verið í tengslum við ferju 009 að sögn bræðranna.
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 4.

**ÁR-005:020** náma mógrafir 63°54.000N 20°44.712V
Mógrafir eru rúmum 1,6 km vestan við bæ 001 og rúmum 100 m norðvestan við heystæði 021. Þær eru innan Ósavatns, nýbýlis sem byggt var árið 1996, við suðurbakka Stóragils. Mógrafirnar sjást vel á loftmynd í eigu Atla Geirs Jónssonar, heimildamanns. Gaddavírsgirðing liggur eftir vesturhlið Stóragils og skilur á milli nýbýlisins og Egilsstaða.
Mógrafirnar eru í grónu og stórþýfðu mólendi.
Mógrafirnar eru á svæði sem er 70x 20 m að stærð og snýr SSV-NNA. Mógrafirnar eru grónar, þurrar og renna saman. Það mótar þó fyrir einstaka mógröf inn á milli sléttra fláka, sú stærsta þeirra er 15x7 m. Annars sjást víða grónir bakkar og slétt grasivaxin svæði. Erfitt er að áætla nákvæman fjölda grafanna.
**Hættumat:** engin hætta


*Mógrafir 020, horft til suðurs.*

**ÁR-005:021** tóft heystæði 63°53.962N 20°44.571V
Heystæði er um 1,5 km vestan við bæ 001 og tæpum 140 m suðaustan við mógrafir 020. Til norðurs frá tóftinni er hringlaga moldarflag, rúmir 5 m í þvermál.
Heystæðið er í stórþýfðum og grónum móa. Markviss skógrækt er þar í tengslum við verkefnið Suðurlandsskóga. Þar eru m.a. lerki og grenitré.
Heystæðið er 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er einfalt og hvergi mótar fyrir opi þar inn eins og gefur að skilja. Veggirnir eru 0,6-0,9 m á hæð, signir og mosavaxnir. Hvergi glittir í grjót í þeim. Heystæðið er þýft og sker sig lítið frá móanum umhverfis. Það er óskýrt sökum stórþýfis. Lerkitré hefur verið plantað í miðja tóftina.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar


*Heystæði 021, horft til norðurs.*




**ÁR-005:022** heimild beitarhús 63°54.204N 20°43.297V
"Flatholt er austan við Sortann (nær Egilsstöðum), flatlendur lyngmói, töluvert stórt, frá landnorðri til útsuðurs. Þar í suðaustur jaðri stóðu fjárhúsin frá Egilsstöðum II og Egilsstaðakoti. Er nú að mestu leyti ræktað tún," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin voru rúma 250 m austan við fjárhús 017 og tæpa 750 m norðvestan við bæ 001. Þau voru neðan (sunnan) Flatholts, þar sem er slétt, grasivaxið tún. Tæpum 30 m norðvestan frá áætlaðri staðsetningu beitarhúsanna eru nýrri, bárujárnsklædd fjárhús sem ennþá eru notuð. Þau eru uppi á holtinu.
Beitarhúsin voru neðst í brekku sem hallar til suðausturs niður af Flatholti. Þar er slétt, grasivaxið tún. Brekkan er smáþýfð og grasivaxin.

Engin ummerki beitarhúsanna sjást á yfirborði. Ekki er vitað hvenær þau voru rifin eða neitt um nánari gerð þeirra.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 3-4.

**ÁR-005:023** *Markalátur* heimild lögn 63°54.880N 20°41.373V


*Markalátur 023, horft til SSA.*

"Markalátur, fyrir lax og silung, efsta látrið við Urriðafossmörkin [...] Að öllum þessum látrum er mjög erfitt að komast með allt efni. Brattar skriður og laust grjót," segir í örnefnalýsingu. Látrið er enn notað. Það er rúma 2,1 km norðaustan við bæ 001 og rúma 180 m norðaustan við klöppina 024. Hér eru náttúrulegir klettar og er látrið út frá þeim.
Þjórsá rennur til SSA á þessum slóðum og er fremur lygn. Lágir klettar, eða tangi, liggja til austurs út í ánna við látrið.
Járnlykkja er í kletti á árbakkanum, á móts við látrið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 5.

**ÁR-005:024** *Klöppin* heimild lögn 63°54.832N 20°41.568V


*Klöppin 024, horft til suðurs.*

"Klöppin næst, neðar með ánni [en Markalátur 023]. Þar er aðdjúpt [...] Að öllum þessum látrum er mjög erfitt að komast með allt efni. Brattar skriður og laust grjót," segir í örnefnalýsingu. Klöppin er tæpa 200 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 180 m suðvestan við Markalátur 023. Látrið er ennþá notað.
Þjórsá rennur til SSV á þessum slóðum og er fremur lygn. Þar er klöpp og dregur látrið nafn sitt af henni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 5.

**ÁR-005:025** *Miðlátur* heimild lögn 63°54.606N 20°41.862V


*Miðlátur 025, horft til suðurs.*

"Miðlátur enn neðar [en Klöppin 024] [...] Að öllum þessum látrum er mjög erfitt að komast með allt efni. Brattar skriður og laust grjót," segir í örnefnalýsingu. Miðlátur er 1,5 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 480 m suðvestan við Klöppina 024.
Þjórsá rennur til SSV á þessum slóðum og er fremur lyng. Eyri er í ánni, svokölluð Stekkatúnseyri. Útilokað er að stekkur hafi verið þar. Árbakkarnir eru stórgrýttir.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 5.

**ÁR-005:026** garðlag túngarður 63°54.001N 20°42.674V


*Túngarður 026, horft til norðvesturs.*

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir:" Þessum xxx hdr. [bændaeigninni] er sundur skift í tvo bæi [Egilsstaði og Egilsstaðakot sjá ÁR-006], og stendur annar áfastur að kalla, við klausturpartinn [...] Hinn stendur og innan garða og kallast almennilega Egilsstaðakot." Túngarður er sýndur umhverfis heimatún Egilsstaða og Egilsstaðkots ÁR-006 bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þá eru bæirnir innan sama heimatúns líkt og í Jarðabókinni. Túngarðurinn hefur látið mikið á sjá á undanförnum 100 árum og er að mestu horfinn. Hann nær þó lengra til norðurs. Einungis hluti af austurveggnum ber eldri útfærslunni vitni. Aðrar hliðar eru komnar í slétt tún. Túngarðurinn liggur til vesturs frá þjóðvegi og fjarar út við norðurenda grasivaxins túns sem nýtt er frá Egilsstaðakoti.
Gróin tún eru þar sem túngarðurinn var. Það mótar fyrir honum í náttúrulegri holtsbrún sem er stórþýfð og mólend.
Samkvæmt bæjarteikningunni markar túngarðurinn af svæði sem var 500x450 m að

stærð og sneri austur-vestur. Svæðinu hefur mikið verið umturnað, þar eru að hluta rennislétt tún og talsvert af byggingum. Ein hlið túngarðsins sést þó enn að hluta. Garðurinn liggur til vesturs, upp náttúrulega brekku, frá þjóðvegi og að vegslóða frá Egilsstaðakoti. Sú hlið er 6 m löng og líklega það eina sem eftir er af elsta hluta túngarðs.Túngarðurinn beygir til norðurs og er sú hlið rúmlega 360 m að lengd. Þar afmarkar túngarðurinn slétt, grasivaxið tún til austurs. Fyrrnefndur vegslóði liggur meðfram vesturhlið túngarðsins. Túngarðurinn er milli 0,5-1 m á hæð, 1,5 m á breidd og grasivaxinn. Hann er torfhlaðinn og vírgirðing liggur eftir allri norðurhliðinni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM II, 173 -175; Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906

**ÁR-005:027** *Ferjulautarlátur* heimild lögn 63°54.028N 20°42.209V

"Ferjulautarlátur í Ferjulautinni [...] Að öllum þessum látrum er mjög erfitt að komast með allt efni. Brattar skriður og laust grjót," segir í örnefnalýsingu. Ferjulautarlátur er 470 m ANA við bæ 001 og rúmum 110 m norðan við Flúðalátur 028. Niður að bökkum Þjórsár er 10 m brött brekka til austurs. Bakkarnir eru stórgrýttir.
Stórgrýtt brekka er niður að bökkum árinnar. Þjórsá er 300 m breið og rennur til suðurs á þessum slóðum.
Engin ummerki látursins sjást á yfirboði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 5.



*Ferjulautarlátur 027, horft til austurs.*

**ÁR-005:028** *Flúðalátur* heimild lögn 63°53.969N 20°42.175V

"Flúðalátur neðar [en Ferjulautarlátur 027], austur af Egilsstaðatúni. Þar er klettur úti í ánni og straumþungt [ ...] Að öllum þessum látrum er mjög erfitt að komast með allt efni. Brattar skriður og laust grjót," segir í örnefnalýsingu. Flúðalátur er rúma 470 m austan við bæ 001 og tæpum 740 m sunnan við tóftaþyrpingu 030.
Þjórsá rennur til suðurs á þessum slóðum. Látrið var út af kletti sem liggur til austurs frá bakkanum.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 5.



*Flúðalátur 028, horft til suðvesturs.*

**ÁR-005:029** *Fremstalátur* heimild lögn 63°53.776N 20°42.321V

"Fremstalátur sunnar [en Flúðalátur 028]. Þar voru vatnsmælingar með merki, er lesa átti af og skrá. Að öllum þessum látrum er mjög erfitt að komast með allt efni. Brattar skriður og laust grjót," segir í örnefnalýsingu. Fremstalátur er rúmum 400 m suðaustan við bæ 001 og tæpa 380 m sunnan við Flúðalátur 028.
Þjórsá rennur til SSV á þessum slóðum og er fremur lygn.
Engin ummerki látursins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 5.

**ÁR-005:030** tóftaþyrping beitarhús 63°54.358N 20°42.193V

Fjórar tóftir eru við norðurbakka Fyndislæks, sunnan þjóðvegar. Tóft A og B eru í grasivöxnum hvammi, sunnan undir stórþýfðri brekku en tóftir C og D eru ofan hennar. Tóftaþyrpingin er tæplega 950 m frá bæ 001 og rúmlega 470 m ASA við Sigurðartóft 007. Tóftir C og D eru 20-35 m suðaustan þjóðvegar og sjást þaðan.
Tóft A og B eru við lækjarfarveg Fyndislæks, í skjólgóðum, grasivöxnum hvammi mót suðri. Lítill foss er í læknum skammt vestan við tóft B. Tóft C og D eru uppi á brekkubrún, fyrir norðan og ofan hvamminn. Þar er stórþýft, mosavaxið mói.
Fjórar tóftir eru á þessu svæði sem er 115x80 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Hér verður hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er austust. Hún er 5x3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru grasi- og mosavaxnir og skera sig lítið frá nánasta umhverfi. Þeir eru signir og 0,5 m á hæð. Op er á suðurvegg og liggur rafmagnsgirðing þar þvert þar yfir. Tóft B er tæpum 40 m VNV við tóft A. Hún er á sama grasivaxna





*Tóft 030A, horft til suðurs, tóft 030B séð til vesturs og tóft 030C, horft til suðurs.*



*Tóft 030D, horft til norðvesturs.*



svæði við lækjarbakkann en norðurhlið hennar er byggð inn í brekkuna. Tóftin er 7x3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir grónir en það sést glitta í eitt umfar grjóthleðslu í suðurvegg. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og vestan við tóftina mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum, 0,3 m á hæð. Þau renna saman við brekkuræturnar 2 m frá tóftinni. Til austurs frá tóftinni var líklega annað hólf, grafið inn í brekkuna. Þar sést hálfhringlaga bakki sem snýr norður-suður. Hann er 6x3 m að stærð og 0,4 m að hæð. Hleðslugrjót sést norðan í bakkanum en annars er hann algróin. Tóft C er 45 m norðan við tóft B. Hún er uppi á stórþýfðri brekkubrún við lækjarfarveg Fyndislækjar. Tóftin er 16x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í 3 hólf. Hólf 1 er nyrst. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á austurvegg en ekki er innangengt til hinna hólfanna. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, smáþýfðir og mosavaxnir. Hvergi glittir í grjóthleðslu. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er 3x3 m að innanmáli og hvergi mótar fyrir opi. Veggirnir eru 0,5-0,8 m að hæð, mosavaxnir og þýfðir. Hólf 3 er norðan við hólf 2. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hvergi mótar fyrir opi en miðja suðurhliðar er sigin sem bendir til að þar gæti hafa verið op. Veggirnir eru 0,8-1,2 m á hæð og sést glitta í grjót víða án þess að um skýra grjóthleðslu sé að ræða. Norðvesturhorn tóftarinnar er einna greinilegast og bratt niður frá henni þar. Tóftin er öll sigin, mosavaxin og þýfð og af þeim sökum óljós á köflum. Tóft D er 30 m norðan tóft C. Hún er 8x5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er mosavaxin, sigin og stórþýfð. Veggir hennar eru óskýrir vegna þýfis, sérstaklega í suðausturhorni. Þeir eru 0,5-0,8 m á hæð og mosavaxnir. Op er á suðurvegg en sá veggur er ógreinilegur. Hlutverk tóftanna er óþekkt en Einar Hermundsson, heimildamaður, rámaði í að þær væru fjárhús (eða lambhús).
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-005:031** heimild landamerki 63°53.400N 20°43.886V
Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Markavarða er ekki örnefni. Hún stóð við upptök Miðóss". Markavarða var 1,3 km ASA við bæ 001 og 1,2 km suðaustan við heystæði 021 á landamerkjum við Villingaholt ÁR-018. Miðós er horfinn í framtæst, slétt tún til suðvesturs frá Egilsstaðavatni. Varðan hefur að öllum líkindum horfið við þá framkvæmd.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, aths. 1.

**ÁR-005:032** *Paals Tópt* heimild býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Paals Tópt heitir rúst í túninu, sem fylgir bóndaeigninni. Þar hefur ekki bygt verið í 60 ár eður lengur og ekki vita menn, að þessari Pálstópt hafi nokkurntíma gras fylgt, heldur hafi þetta hús verið ljeð einum manni, sem það hefur tekið til nafn af um fáein ár til aðseturs, en vita þó ekki hvert hússleigan var nokkur eða engin. Ekki má þetta hús aftur byggja með grasnyt nema jörðinni til meins og skaða." Hvorki Guðsteinn né Einar Hermundarsynir, heimildamenn, vissu hvar

Pálstóft var og er staðsetning býlisins týnd.
**Heimildir:** JÁM II, 175.

**ÁR-005:033** heimild kálgarð 63°53.890N 20°42.727V
Kálgarður með sambyggðu útihúsi til suðurs er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, fast sunnan við bæ 001. Öll ummerki kálgarðsins eru nú horfin og gróin bakgarður íbúðarhússins á Egilsstöðum I er þar nú. Þar eru m.a. berjarunnar, tré og lítið garðhýsi.
Gróin bakgarður er þar sem kálgarðurinn var.
Ekki sést til kálgarðsins á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-005:034** tóft útihús 63°53.883N 20°42.732V
Útihús er rúmum 40 m VSV við bæ 001 og 3 m NNV við kálgarð 035. Traðir 036 lágu til suðvesturs, á milli þeirra. Rúmum 3 m vestan við útihúsið er þjóðvegur og 3 m til suðurs er skjólbelti.
Útihúsið er í grónum bakgarði íbúðarhússins á Egilsstöðum I. Til suðurs er skjólbelti og slétt, grasivaxin tún.
Tóft útihússins er 4x1,5 m að stærð. Hún er einföld og snýr norður-suður. Tóftin er byggð inn í öskuhaug 005 til norðurs og er opin til suðurs. Veggirnir eru 1,5-1,8 m á hæð og sjást 6 umför grjóthleðslu í þeim. Norðurveggur er hruninn inn í tóftina. Veggirnir eru grasivaxnir að ofan en grjóthleðslan að innan. Ekki mótar fyrir hólfaskiptingu eða öðru sem gefur nánara hlutverk þess til kynna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**ÁR-005:035** heimild kálgarð 63°53.879N 20°42.726V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merktur kálgarður 30 m SSA við útihús 034 og lágu traðir 036 til norðausturs á milli þeirra. Kálgarðurinn er horfinn. Þjóðvegur liggur þvert yfir bæjarhól 001 og er brekka til austurs og vesturs, niður af honum.
Þar sem kálgarðurinn var er slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar og hrossabeitar. Túnið er fast austan við þjóðveg og skjólbelti er þar sem norðurhlið kálgarðsins var.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-005:036** heimild traðir 63 53.873N 20°52.737V
Heimreið er merkt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 að bæ 001 úr austri og lá hún áfram til suðvesturs. Hún lá yfir bæjarhlaðið, á milli bæjar 001 til norðurs og kálgarðs 033 til suðurs. Að suðvestan lá heimreiðin á milli útihúss 034 og kálgarðs 035. Heimreiðin er horfin og ekki er vitað hvort að hún var upphlaðinn eða tröðuð.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem austurhluti heimreiðarinnar lá en til suðvesturs er gróinn bakgarður íbúðarhússins á Egilsstöðum I og malarborinn þjóðvegur.
Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-005:037** garðlag landamerki 63°54.100N 20°43.545V
Gamall landamerkjagarður á milli Egilsstaða og Egilsstaðakots ÁR-006 sést fyrir norðvestan bæ 001 að sögn Guðsteins Hermannssonar, heimildamanns. Hann var líklega gerður undir lok 19. aldar eða byrjun þeirrar 20. Gerð landamerkjagarðsins olli miklum deilum. Landamerki milli jarðanna eru önnur í dag. Garðlagið sést suðaustan við vélgrafin skurð, liggur yfir stórþýft mólendi og upp svokallaðan Bjalla. Þar sveigir það til VNV og endar við áveitu 013. Landamerkjagarður 014 er 320 m SSA við þennan landamerkjagarð.
Landamerkjagarðurinn er í grónu, stórþýfðu mólendi.
Landamerkjagarðurinn er 1-1,5 m á breidd og 0,5 m á hæð. Hann er rúmlega 700 m að lengd og er rof í hann á nokkrum stöðum. Landamerkjagarðurinn liggur til ASA frá áveitu 013, sveigir til suðausturs og liggur niður Bjallann. Þar neðan við er


*Garðlag 037, horft til vesturs.*

stórþýfður mói allt að vélgröfnum skurði. Garðurinn sést þar og einnig á stuttum kafla suðaustan við skurðinn. Hann er torfhlaðinn og rof komin í hann, bæði vegna vírgirðinga, vegslóða sem og ágangs búfjár. Garðurinn er grasivaxinn og stórþýfður. Hann er ógreinilegur og nánast horfin í stórþýfðri mýri en aftur greinilegur í brekku til ANA, niður svokallaðan Bjalla. Þar uppi er garðlagið ógreinilegt og svæðið blásið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-005:038** tóft beitarhús 63°54.448N 20°42.287V
Tóft er 1,1 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 90 m NNV við tóftir 030c-d. Hún er tæpum 30 m vestan við þjóðveg og sést vel þaðan. Tóftin er sunnan við Garðamýri 006, neðan við brekkubrún á litlu hólbarði. Svæðið umhverfis hólinn er mýrlent, allt að Fyndislæk.
Tóftin er á hól en umhverfis er deiglend mýri. Hóllinn er neðan við brekkubrún Garðamýrar.



*Tóft 038, horft til austurs.*




Tóftin er sigin, þýfð og illa varðveitt m.a. vegna ágangs hrossa. Hún er sem fyrr segir á náttúrulegum hól, 1-1,5 m háum og er brekka til suðurs og austurs niður af honum. Austan við hólinn liggur hleðslugrjót, líklega úr tóftinni eða úr uppsöfnuðum mannvistarlögum. Tóftin er 20x12 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst. Það er 13x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og grasivaxnir. Moldarflög eru víða í þeim og sést glitta í grjót án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Op er í norðausturhorni og annað á miðjum vesturvegg, yfir í hólf 2. Líklega var hólfið áður tvískipt en sú skipting horfin. Tveir stórir steinar eru fyrir miðju hólfsins og var þar líklega veggur. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sést glitta í eitt umfar af grjóthleðslu þar. Rof eru víða í veggjum, þúfur og moldarflög. Hólfið er opið til austurs, yfir í hólf 1. Hólf 3 er norðan við hólf 1. Það er 3x3 m að innanmáli og ekki mótar fyrir opi. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og sést glitta í grjót í austurvegg. Líklega var op á suður- eða austurhlið. Staðsetning tóftar, fjarlægð frá bæ og lag hennar bendir helst til þess að hún sé beitarhús.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ÁR-005:039** *Þrísteinar* huldufólksbústaður 63°54.072N 20°42.560V



*Þrísteinar 039, horft til ASA.*

"Þrísteinar eru í móaslakka ofan til við Lambhúsholtið [sjá 010] og neðan við Skyggninn, þrír drangar stakir," segir í örnefnalýsingu. Ólafur Lárusson, heimildamaður, greindi frá því að huldufólkstrú væri á Þrísteinum. Það hafði hann eftir fyrri ábúendum. Þrísteinar eru 340 m NNA við bæ 001 og rúma 650 m SSV við tóftir 030. Þeir eru innan afgirts svæðis sem nýtt er til hrossabeitar, rúmum 20 m austan við þjóðveg.
Þrísteinar eru klettar sem standa uppúr stórþýfðu mólendi. Öspum og grenitrjám hefur verið platað þar.
Þrísteinar eru þrír líkt og nafnið ber með sér. Þetta eru klettar í stórþýfðu og grónu mólendi. Sá stærsti þeirra er 1,6 m á hæð og þríhyrningslaga. Hinir eru lægri og lögun þeirra óreglulegri. Ekki eru þekkar ritaðar heimildir um huldufólksbyggð á þessum stað.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Egilsstaðahverfistorfa, 2

**ÁR-005:040** garðlag túngarður 63°53.768N 20°42.697V
Garður er meðfram austurhlið grasivaxins túns fyrir SSV bæ 001. Til norðurs liggur garðurinn frá beygju til suðurs á þjóðveginum sem liggur að bæjum sunnar í Flóahrepp. Garðurinn endar við vélgrafinn skurð til suðvesturs. Garðurinn er líklega ekki mjög forn en var skráður með enda er hann byggður að gamalli byggingarhefð.
Fyrir vestan, sunna og norðan garðinn eru slétt tún en malarvegur til austurs.

Garðurinn afmarkar svæði sem er 175x80 m og snýr norður-suður. Hann liggur til SSV frá þjóðvegi og sveigir til vesturs. Þar endar hann við skurð. Garðurinn er rúmlega 170 m langur, 1,5 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð. Hann er torfhlaðinn og grasivaxinn. Gaddavírsgirðing er ofan á garðinum. Hann afmarkaði án efa stærra svæði en horfinn vegna rasks. Garðurinn hefur markað af tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*Garðlag 040, horft til VSV.*

**ÁR-005:041** náma mógrafir 63°54.059N 20°44.590V
Mógrafir eru rúmum 120 m norðaustan við mógrafir 020 og rúmum 1,5 km vestan við bæ 001. Þær eru innan Ósavatns, nýbýlis sem byggt var árið 1996. Mógrafirnar sáust vel á loftmynd í eigu Atla Geirs Jónssonar, heimildamanns. Þær eru á suðurbakka Stóragils, andspænis mógröfum 015. Gaddavírsgirðing liggur eftir vesturhlið Stóragils og skilur á milli nýbýlisins og Egilsstaða.
Mógrafirnar eru í grónu og stórþýfðu mólendi.
Mógrafirnar eru á svæði sem er 65x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Svæðið er stórþýft með grasvöxnum, þurrum dældum inn á milli. Ekki mótar skýrt fyrir mógröfunum en reglulegir bakkar eru víða. Hæstu bakkarnir eru 1,5 m á hæð.
**Hættumat:** engin hætta


*Mógrafir 041, horft til suðvesturs.*

**ÁR-005:042** garðlag landamerki 63°53.866N 20°44.666V
Landamerkjagarður milli Egilsstaða og Villingaholts ÁR-018 er norðvestarlega í landi nýbýlisins Ósavatns. Það er tæpum 200 m vestan við heystæði 021 og 1,6 km vestan við bæ 001. Garðlagið er líklega ekki mjög gamalt en tekið með á fornleifaskrá enda er það byggt að fornri byggingarhefð.
Landamerkjagarðurinn er í stórþýfðu mólendi.
Landamerkjagarðurinn sést á rúmlega 100 m löngum kafla og snýr NNA-SSV. Að norðan hverfur hann við Stóragil og er ekki greinilegur handan þess. Þar er nú skurður. Að sunnan hverfur hann við skógræktarsvæði Atla Geirs Jónssonar í Ósavatni, vegna uppblásturs að öllum líkindum. Hann er 0,4-1 m á hæð, 1-1,5 m á breidd og torfhlaðinn. Girt er ofan á garðinum með vírgirðingu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*Garðlag 042, horft til norðvesturs.*

**ÁR-005:043** garðlag vörslugarður 63°53.926N 20°44.635V
Garðlag er norðvestarlega innan nýbýlisins Ósavatns. Það liggur til vesturs frá afgirtu skógræktarsvæði og sveigir síðan til NNV að Stóragili. Það er hálfhringlaga og líklega um vörslugarð að ræða. Garðlagið er á milli landamerkjagarðs 042 til vesturs og heystæðis 021 til norðausturs.Garðlagið er rúma 1,5 km VNV við bæ 001.
Smáþýft og gróið tún er á þessum slóðum. Það er líklega sléttað en þó ekki með stórvirkum vinnuvélum.
Garðlagið er tæplega 120 m að lengd. Það liggur VNV frá þýfðum móa innan afgirts skógræktarsvæðis, yfir gróið tún og sveigir svo til norðurs að Stóragili. Þar fjarar garðlagið út í túninu. Það náði líklega lengra til beggja átta en horfið þar í þýfi og gróður. Garðlagið er sigið, óskýrt og nánast útflatt. Það er 0,3 m á hæð, 1 m á breidd og mosavaxið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*Garðlag 043, horft til VNV.*

**ÁR-005:044** heimild leið 63°54.513N 20°43.679V
Á herforingjaráðskorti nr. 48 frá 1906-1907 sjást þrjár leiðir liggja til norðvesturs frá bæ 001. Þetta eru leið 611:014 sem lá að Þingdal og leið 611:015 að Villingaholti ÁR-018. Gatnamót þeirra eru við fjárhús 022 ásamt þriðjuleiðinni sem hér er skráð.
Ræktuð og óræktuð tún eru á Flatholti og nærri bæ 001.
Leiðin lá til VNV frá gamla heimatúninu, að fjárhúsum 022. Þaðan lá leiðin til norðurs, meðfram suðvesturenda Flatholts og sveigði síðan til norðvesturs að fjárhúsum 006:004. Öll ummerki hennar eru horfin af yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Herforingjaráðskort nr. 48

**ÁR-005:045** *Stekkatúnseyri* frásögn stekkur 63°54.604N 20°41.590V
Að sögn Guðsteins Hermundarsonar, ábúanda á Egilsstöðum II, er svokölluð Stekkatúnseyri í miðri Þjórsá, skammt sunnan við landamerki Urriðafoss ÁR-004. Útilokað er að stekkur hafi verið á eyrinni, hún fer í kaf þegar mikið er í ánni og straumþungt er að komast þangað. Guðsteini fannst líklegt að eyrin dragi nafn sitt af stekk 004:006 í landi Urriðafoss. Ekki er þekktur neinn stekkur vestan Þjórsár á þessum slóðum. Einnig gæti nafnið verðið dregið af stekk í Ásahrepp. Stekkatúnseyri er 1,5 km norðaustan við bæ 001.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-005:046** heimild útihús 63°53.860N 20°42.564V
Útihús er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, rúma 150 m suðaustan við bæ 001. Útihúsið var rétt við túngarð 026 en er horfið.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar og hrossabeitar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-005:047** heimild útihús 63°53.903N 20°42.702V
Útihús er merkt 20-30 m austan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Fjós sem byggt var á 20. öld er nú yfir áætlaðri staðsetningu þess og ekki mikilla ummerkja að vænta undir sverði.
Stórt steinsteypt fjós á þessum stað.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-005:048** heimild útihús 63°53.854N 20°42.714V
Útihús er merkt 90-100 m suðvestan við bæ 001 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er horfið af yfirborði.
Gaulverjabæjarvegur liggur fast vestan við áætlaða staðsetningu útihússins og slétt, grasivaxið tún er til austurs.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

## ÁR-006 Egilstaðakot

1708, 12 hdr., bændaeign. 1847, 12 hdr, bændaeign.
1708:"Þessum xxx hdr. [Bændaeigninni í Egilsstöðum] er sundur skift í tvo bæi [Egilsstaði ÁR-005 og Egilsstaðakot], og stendur annar áfastur að kalla, við klausturpartinn ...Hinn stendur og innan garða og kallast almennilega Egilsstaðakot, vide infra." JÁM, 178. Ekkert túnakort virðist hafa verið gert fyrir Urriðafoss fremur en aðra bæi í Villingaholtshrepp.
1708: "Fóðrast ekann iiii kýr, i úngneyti, xii ær, viii lömb, i hestur til fóðurs, hinum vogað á útigang. Afrjett ut supra.Torfrista og stúnga bjarleg, en á klausturpartinum lök, því hvör ristir í sínu engjatakmarki. Móskurður hefur að fornu verið, meinast eyddur. Engjaítak á jörðin í Sýrlækjarlandi, sem brúkast átölulaust í takmörkuðu plátsi, þar sem kallast Egilsstaðaengi. Það spillist af átroðningi annara mann penings og er þar með erfitt að sækja. Engið, sem Egilsstaðakoti fylgir, spillist af sandfoki. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjulækjum og leirtjörnum í leysíngum á vor til meina. Vatnsból bregst um vetur og er þá erfitt vatns að afla sitt sinn í hverjum stað, og verður oft skaði af þessu vatnsleysi. Hreppamannaflutningur erfiður á vetur og stundum ófær fyrir ágangi úr Þjóssá. Ekki er í Egilsstaðakoti óhætt fyrir stórviðrum. Ferja er hjer á Þjóssá og hefur verið lángvarandi og eiga allir bændurnir sitt skipið hver og flytur hver, so sem hann er viðlátinn á sínu skipi og skifta síðan í þrjá parta sín á milli hvör sem flytur, og geldst hjer venjulegur ferjutollur, alin undir hest með böggum, stundum minna eftir samkomulagi."

**ÁR-006:001** *Egilsstaðakot* bæjarhóll bústaður 63°53.960N 20°42.785V
Eitt hús er merkt í Egilsstaðakoti á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Stafnar bæjarins sneru til suðurs. Bærinn var uppi á náttúrulegu holti, tæpum 120 m norðan við Egilsstaði 005:001. Engin ummerki uppsöfnunar sjást á yfirborði en mikið rask hefur átt sér stað á holtinu. Í vesturhluta þess er íbúðarhús byggt 1955-1957 og annað íbúðarhús 25 m NNA þess, byggt í kringum 1990. Fast sunnan þess (hússins frá 1990) var íbúðarhús byggt 1933 en það hefur nú verið rifið. Bær 001 var sunnan þess og austan við húsið frá 1955. Þar er nú slétt malarplan og hvergi sér til uppsafnaðra mannvistarlaga. Ekki er vitað til þess að mannvistarlög hafi komið í ljós við byggingu þessa húsa.
Bærinn var uppi á holti eða ás. Brött brekka er suður af bænum en gróin tún til annarra átta.
Erfitt er að greina hvort einhver uppsöfnun mannvistarlaga hefur átt sér stað á holtinu. Mikið rask hefur átt sér stað á svæðinu. Malarvegur að íbúðarhúsi byggt 1955 liggur upp á holtið til suðausturs og malarplan er yfir sjálfu bæjarstæðinu
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-006:002** *Harðhaus* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°54.006N 20°42.717V
"Harðhaus gengur fram af Skyggnisholti í suðvestur, heim að bæ í Egilsstaðakoti. Hár hóll, um 1 hektari, nú gróið tún. Klettabelti er í austurkantinum; talin var þar huldufólksbyggð. Víðsýni er mikið af Harðhaus og talið, að sæist til fimm kirkna. Austan undir honum standa útihúsin og íbúðarhús ögn fjær," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Álagabletti veit ég enga hér á torfunni, utan tvo hér í Egilsstaðakoti. Klettabelti er hér fast upp við hlaðið að austan 10-12 m langt, 3-4 m hátt, með grænum túnhól á kollinum. Fyrir neðan gróið þrep 1-2 m breitt sem mátti hvorki slá né raska." Harðhaus er rúma 100 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 80 m norðan við álagablett 012. Hann er rúma 10 m norðan við núverandi fjós/hesthús og liggur malarslóði 12 m austan hans.


*Harðhaus 002, horft til vesturs.*

Harðhaus er náttúrulegur. Þar eru klettar, rúmlega 2 m háir og gras neðan við þá.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 2.

**ÁR-006:003** *Prettur* heimild brunn 63°53.973N 20°42.772V
"Prettur [...] hét brunnur á hlaðinu, þraut í þurrkatíð, þaðan fékk hann nafnið," segir í örnefnalýsingu. Prettur var 20 m norðan við bæ 001 en er nú horfinn undir hús sem byggt var um 1990. Ekki er líklegt að ummerki brunnsins finnist undir húsinu.
Engin ummerki brunns sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 2.

**ÁR-006:004** *Gíslatóft* heimild beitarhús 63°54.648N 20°43.444V

"Fersarimi austur á mýrinni skammt frá vatninu. Dregur nafn af ferhyrndum sauð. Gíslatóft er þar lengra austur á mýrinni í norðurenda Flatholts. Voru áður beitarhús," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Gíslatóft: Hún ber nafn af Gísla einhverjum, sem átti þar beitarhús. Ekki fjárborg, það sýna tóftarbrotin, sem sjást enn. Þarna lá Flóðamosamýrin beint fyrir, sem talin var bezta beitin á Egilsstaðatorfunni. Mikið af kvisti og lyngi, sem nú er allt horfið, og allt fuglalíf með. Ég hefi gluggað í Ábúendatal Villingaholtshrepps 1801-1981 eftir Brynjólf Ámundason frá Kambi og finn þar ekki Gísla, sem búið hefur hér, en þessi tóft er í miðju mínu landi (Egilsstaðakoti),". Gíslatóft er horfin í slétt tún. Beitarhúsin voru 1,4 km NNV við bæ 001 og 1,5 km suðvestan við beitarhús 010. Þau voru sunnan við þýfðan hól sem ennþá ósléttaður. Að sögn Einars Hermundssonar, heimildamanns var Gíslatóft mjög áþekk beitarhúsum 010 að stærð og lögun.

Tóftin var þar sem nú eru mörk grasivaxins túns og þýfðs móa. Rúma 30 m til norðar er skurður.

Engin ummerki beitarhúsanna sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, 4; Ö-Egilsstaðahverfistorfa, aths. 2.

**ÁR-006:005** *Búrhóll* heimild huldufólksbústað 63°53.973N 20°42.790V

Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Álagabletti veit ég enga hér á torfunni, utan tvo hér í Egilsstaðakoti [sjá 002 og 012] [...] Annar klettur minni var hér líka fast við bæjarhúsin að norðan, sem Búrhóll hét. Sagði mér móðir Matthíasar Sigfússonar málara, sem bjó hér 1903-1919, að oft hafi heyrzt ýmis hljóð frá klettinum. Nú er hann löngu kominn í jörð og horfinn við rask af öðrum byggingum, og hefur sem betur fer ekki komið að sök." Búrhóll var rúmum 20 m norðan við bæ 001 og 15 m vestan við Prett 003. Þar er nú heitur pottur norðan við íbúðarhús byggt 1990, innan gróins bakgarðs með runnum, grasflötum og trjám.

Engin ummerki Búrhóls sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Egilsstaðahverfistorfa, aths. 2.

**ÁR-006:006** heimild kálgarð 63°53.956N 20°42.770V

Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, 2-3 m sunnan við bæ 001 og var einungis bæjarhlaðið á milli. Kálgarðurinn var í halla til suðurs. Þar er nú gróin bakgarður íbúðarhúss byggt 1955. Veggir kálgarðsins voru hlaðnir en ekki mótar fyrir þeim.

Gróinn bakgarður í halla til suðurs. Tré, runnar og rabarbari á svæðinu.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-006:007** heimild traðir 63°53.998N 20°42.767V

Heimreið er merkt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, að bæ 001 úr norðri. Frá bænum lágu þær áfram til suðurs að Egilsstöðum 005:001. Engin ummerki heimreiðarinnar eru sjáanleg. Malarslóði er nú yfir norðurhluta heimreiðarinnar og grasivaxið tún yfir þeim syðri.

Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-006:008** tóft rétt 63°54.021N 20°42.671V


*Rétt 008, horft til norðvesturs.*

Hestarétt, byggð snemma á 20. öld, er rúma 140 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 4 m suðaustan við túngarð 005:026. Réttin er 5 m norðvestan við þjóðveg og er rafmagnsgirðing á milli. Réttin er á grasivöxnu svæði neðan við túngarðinn í halla til suðausturs niður aflíðandi brekku. Hún er rétt utan gamla heimatúnsins. Ekki er víst að réttin teljist til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en hún var tekin með á fornleifaskrá vegna þess að hún var byggð að fornri hefð.

Réttin er í grasivöxnu og sléttum túnskika meðfram þjóðvegi til austurs. Réttin er nærri veginum og áberandi í umhverfi sínu.

Hestaréttin er 12x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og opin til suðausturs. Norðvesturhorn réttarinnar er byggt inn í náttúrulegan hól. Veggirnir eru grasivaxnir en það sést glitta 2-3 umför af grjóthleðslu. Að utan eru veggirnir algrónir. Veggirnir eru 0,6-1 m að hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ÁR-006:009** brunnur brunnur 63°53.950N 20°42.761V

Hlaðinn brunnur er 30 m suðvestan við bæ 001 og 150 m suðvestan við rétt 008. Járnplata, gömul timburhurð og grjót eru yfir brunninum og varna því að hann sé opnaður. Vatn er ennþá í brunninum og hann er heill.
Brunnurinn er í sléttu, grasivöxnu túni í aflíðandi halla til suðurs.
Brunnurinn er hlaðinn og er heillegur. Brunnopið er 1 m í þvermál en ekki sést hleðsla umhverfis það. Rúmlega 4,5 m eru niður á vatn og rör liggur meðfram einum veggnum. Það eru rúmlega 20 umför af blágrýti í brunninum og ekkert er tekið að hrynja úr veggjum. Dæluhús var norðan við brunninn en það er horfið. Brunnurinn var gerður af föður Einars Hermundssonar heimildamanns fljótlega eftir 1930 (Hermundur Þorsteinsson). Hann telst ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er hér hafður með þar sem hann var byggður í gamalli byggingarhefð.



*Horft niður í brunn 009.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-006:010** tóft beitarhús 63°55.359N 20°42.638V

Beitarhús eru 2,6 km norðan við bæ 001 og 1,5 km norðaustan við Gíslatóft 004. Tóftin er tæplega 100 m sunnan við landamerki Urriðafoss ÁR-004. Tæpum 5 m norðan við beitarhúsin liggja götur 611:010 austur-vestur.
Stórþýfður en gróinn mói er umhverfis og er nýttur til hrossabeitar. Svæðið umhverfis beitarhúsin er grænna og sléttara en nánasta umhverfi og mögulega gamalt tún. Leið 611:010 liggur þvert yfir túnið og var ennþá í notkun eftir að beitarhúsin eru byggð.



*Tóft 010, horft til norðurs.*





Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í 2 hólf og ekki sér til annarra tófta í nágrenninu. Hólf 1 er norðaustar. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er til suðurs en ekki er innangengt á milli hólfa. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og grasivaxnir. Rof í suðurenda veggjanna sýna að þeir eru torfhlaðnir. Hólf 2 er suðvestar. Það er er 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er opið til suðurs,veggirnir eru 0,5 m á hæð og grasivaxnir.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Egilsstaðahverfistorfa, 4

**ÁR-006:011** frásögn útihús 63°53.969N 20°43.043V

Nátthagi var um 250 m vestan bæ 001 en er nú komin undir slétt tún. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna e sýnt útihús á þessum slóðum en öll ummerki þess eru horfin af yfirborði. Samkvæmt Einari Hermundssyni voru veggir nátthagans hlaðnir en engin tóft innan þeirra. Nátthaginn var ein dagslátta að stærð. Einar mundi ekki hversu stór nátthaginn var nákvæmlega en hann afmarkaði svæði sem var gróflega áætlað 200x70 m stórt og snéri austur-vestur. Mögulegt er að garður 005:014 sem líklega var hlaðinn á gömlum merkjum Egilsstaða og Egilsstaðakots hafi verið hluti af nátthaga 006:006.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem nátthaginn var.
Eingin ummerki nátthagans sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-006:012** álagablettur 63°53.966N 20°42.744V

Samkvæmt bræðrunum Einari og Guðsteini Hermundssonum, er álagablettur 35 m austan við bæ 001 og tæpum 80 m SSV við Harðhaus 002. Þar er klettabelti á túnbletti, milli tveggja malarslóða. Í bókinni Landið, fólkið og Þjóðtrúin segir um þennan stað: "Fast við bæjarhús í Egilsstaðakoti er klettabelti og neðan við það var gróið þrep, 1-2 metra breitt "sem hvorki mátti slá né raka.""
Grasivaxið svæði í aflíðandi halla til austurs, niður frá bæjarhól 001.

Stuðlaberg er á grasivöxnu svæði sem er 40x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Malarvegir eru umhverfis svæðið. Klettarnir eru 10 m að lengd og 1-2 m á hæð. Stuðlabergið snýr norður-suður. Að sögn bræðranna mátti ekki leika sér hér né hafa hátt við klettana.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Landið, fólkið og þjóðtrúin, 119



*Álagablettur 012, horft til vesturs.*

**ÁR-006:013** heimild útihús 63°53.995N 20°43.017V
Útihús er sýnt um 200 m vestan við bæ 001 og 70 m norðaustan við útihús 011 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þar eru nú slétt, grasivaxin tún nýtt til sláttar og beitar.
Engin ummkeki útihússins sjást á yfirborði.
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

## ÁR-007 Mjósund (Mjósendi)

1708, 15 hdr., bændaeign. JÁM II, 168-168. 1847, 12 hdr., bændaeign.
Mjósunds er getið í Landnámu: "Hrólfr rauðskeggr hét maðr; hann nam Hólmslönd öll milli Fiskár ok Rangár ok bjó at Forsi (RA-Rauðnefsstaðir]. Hans börn váru ... ok Helga, móðir Odds í Mjósyndi." ÍF I, 358. 1708: "Þessari jörðu er stundur skift í tvo bæi fyrir manna minni, og stendur annar skamt frá túni þessa bæjarins, sem heitir Forsæti [sjá ÁR-008]. Túni og engjum er skift á milli bæjanna, öðru landi óskift. Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús [002] verið. Ekki vita menn rök til þess. Sömu munnmæli segja, að þá hafi bærinn staðið þar sem nú rennur áin og hafi verið færður þángað sem nú er hann" JÁM II, 167. 1981: "Mjósund eða Mjósyndi stóð áður nær Þjórsá en bærinn hefur verið fluttur nokkrum sinnum, síðast eftir jarðskjálftana miklu 1896." SB II, 41. Ekkert túnakort virðist hafa verið gert fyrir Mjósund fremur en aðra bæi í Villingaholtshrepp.
1708: "Fóðrast kann á allri jörðunni vi kýr, xvi ær, x lömb, ii hestar; öðrum vogað á útigáng." JÁM II, 168.




Byggt á bæjarteikningu frá 1906

**ÁR-007:001** *Mjósund (Mjósendi)* bæjarhóll bústaður 63°51.600N 20°43.051V



Bæjarhóll 001, horft til norðvesturs.



Örnefnið Gamlibær er á lista yfir örnefni í Mjósundi. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708, segir: "Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús [002] verið. Ekki vita menn rök til þess. Sömu munnmæli segja, að þá hafi bærinn staðið þar sem nú rennur áin [001] og hafi verið færður þangað sem nú er hann [003]." Í Sunnlenskum byggðum II segir ennfremur: "Mjósund eða Mjósyndi stóð áður nær Þjórsá en bærinn hefur verið fluttur nokkrum sinnum, síðast eftir jarðskjálftana miklu 1896 [004]." Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1905 segir ennfremur: "Það er sögn, og hún líkleg, að bærinn hafi oft verið færður undan ánni, og var það síðast gert seint á 19. öld. Í bæinn, sem þá var aflagður, hafði verið dregið mikið af grjóti, svo að úr þeim hluta hans, sem í ána er fallinn, hefir myndast urð undir bakkanum; brýtur hún strauminn og bægir honum frá, hvort sem það getur nú haldist lengi." Þrjú hús eru sýnd í Gamlabæ á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Kálgarður 014 er fyrir sunnan hann á teikningunni. Þetta voru að öllum líkindum útihús enda var löngu flutt af þessu bæjarstæði þegar teikningin er gerð. Bæjarhóll Gamlabæjar er á bökkum Þjórsár, í sléttu grasivöxnu túni. Tvær vírgirðingar liggja þvert yfir hólinn og vegslóði yfir austurenda hans. Engin mannvirki eru sjáanleg á yfirborði. Varnargarður var byggður við bakka Þjórsár árið 1977 og landbrot nærri hólnum minnkað mikið við það.

Bæjarhóllinn er í sléttu, grasivöxnu túni á vesturbakka Þjórsár.

Bæjarhóll Gamlabæjar sést ennþá. Líklega er það sá hinn sami og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er sagður við Þjórsá. Bæjarhóllinn er 22x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann náði lengra til austurs, þar er nú vegslóði og Þjórsá austan hans. Í suðausturenda sá skrásetjari nokkur brennd dýrabein. Að sögn Bjarka Reynissonar, heimildamanns, hrynja reglulega steinar úr bæjarhólnum niður í Þjórsá. Bratt er frá vegslóðanum og niður að ánni, þar er 2-3 m há brekka. Bæjarhóllinn er grasivaxinn og engin mannvirki sjást á yfirborði. Hann er 1-1,5 m á hæð og er á grónu sandbarði. Afar líklegt er að hóllinn hafi verið sléttaður sem og þeim húsum sem þar voru rutt út og grjót borið úr þeim. Ein dæld er efst á hólnum, líklega hólf. Þessar minjar eru í stórhættu vegna landbrots.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1; JÁM II, 167; SB II, 41; Árbók 1905, 25; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna

**ÁR-007:002** *Kirkjuhóll* þúst bænhús 63°51.566N 20°43.000V



Kirkjuhóll 002, horft til norðurs.



Örnefnið Kirkjuhóll er á lista yfir örnefni í Mjósundi. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708, segir: "Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið. Ekki vita menn rök til þess. Sömu munnmæli segja, að þá hafi bærinn [001] staðið þar sem nú rennur áin og hafi veri færður þangað sem nú er hann [003]." Kirkjuhóll er rúmum 80 m SSA við bæ 001 og 160 m ANA við bæ 003. Malarslóði liggur yfir norðurhluta sandbarðs sem hóllinn er á. Stutt er í Þjórsárbakka, þeir eru einungis 10 m til austurs frá Kirkjuhól. Kirkjuhóll er ekki nálægt bæ 001 líkt og er það sérstakt. Ekki er annar staður nær Kirkjuhól sem gæti verið bæjarhóll.

Kirkjuhóll er í sléttu, grasivöxnu túni.

Kirkjuhóll er á grasivöxnum sandhrygg, í sléttu túni við Þjórsárbakka. Hann er 10x6 m að stærð, 0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Veggjarbrot sést austur-vestur, yfir þveran hóllinn og er 10 m langt. Það er grasivaxið, 0,8 m á hæð og óljóst vegna mikils gróðurs. Fyrir sunnan vegginn mótar fyrir dæld sem fjarar út, líklega hólf. Ekki er ljóst hvar op var. Fyrir norðan vegginn mótar einnig óljóst fyrir dæld. Þær leifar sem sjást á yfirborði eru líklega af útihúsi. Til þess bendir m.a. áttahorf. Hafi bænhús eða kirkja verið á þessum stað eru leifar þess að finna undir

þeim rústum sem sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1; JÁM II, 167.

**ÁR-007:003** *Mjósund* bæjarhóll bústaður 63°51.522N 20°43.174V

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708, segir: "[...] munnmæli segja, að þá [þegar bænhúsið stóð, sjá 002] hafi bærinn [001] staðið þar sem nú rennur áin og hafi veri færður þangað sem nú er hann." Í Sunnlenskum byggðum segir ennfremur: "Mjósund eða Mjósyndi stóð áður nær Þjórsá en bærinn hefur verið fluttur nokkrum sinnum, síðast eftir jarðskjálftana miklu 1896 [004]." Bæjarhóllinn var tæpum 180 m suðvestan við Gamlabæ 001 og tæpa 50 m vestan við bæ 004. Ekki er vitað hvenær bærinn var fluttur á þennan stað en það var fyrir 1708 samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hann var fluttur aftur 1896 eftir Suðurlandsskjálftann. Gróið tún er þar sem bæjarhóllinn var og 10-15 m til austurs frá honum er steinsteypt skemma.


*Bæjarstæði 003, horft til vesturs.*

Nýr kálgarður er þar sem bærinn var. Þar er ræktað fóðurkál fyrir kýr og kartöflur. Svæðið hefur verið sléttað og plægt. Öll ummerki bæjarhólsins eru horfin og ekki sést til uppsafnaðra mannvistarlaga.
Engin ummerki bæjarhóls sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM II, 167; SB II,41

**ÁR-007:004** bæjarstæði bústaður 63°51.520N 20°43.118V

Í Sunnlenskum byggðum segir: "Mjósund eða Mjósyndi stóð áður nær Þjórsá [001] en bærinn hefur verið fluttur nokkrum sinnum, síðast eftir jarðskjálftana miklu 1896." Á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 eru merkt tvö hús og kálgarður á milli þeirra á bæjarhólnum. Bjarki Reynisson, heimildamaður, er fæddur og uppalinn þessum bæ. Hann vissi ekki hvenær það var byggt en það var rifið eftir að nýtt íbúðarhús var byggt (árið 1968), tæpum 40 m sunnar. Bærinn var tæplega 160 m SSV við Gamlabæ 001 og rúmum 40 m austan við bæ 003.
Gróið svæði á milli malarborinna svæða er til norður og suðurs frá bæjarstæðinu. Malarslóði er til vesturs. Bærinn var mitt á milli núverandi íbúðarhúss og útihúsa.


*Bæjarstæði 004, horft til norðurs.*

Bæjarstæðið var á svæði sem er 30x30 m að stærð. Engin uppsöfnun er greinileg þarna enda ábúðin stutt á þessum stað. Steinsteyptir húsgrunnar sjást á grasivöxnu svæði milli núverandi útihúsa til norðurs og íbúðarhússins til suðurs. Þetta eru grunnar útihúsa frá 20. öld og tilheyrðu þessu bæjarstæði. Greinilegt er að mikið rask hefur átt sér stað á þessum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SB II, Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-007:005** frásögn beitarhús 63°51.348N 20°43.785V

Fjárhús voru tæpa 650 m suðvestan við bæ 004 og tæpa 500 m suðvestan við tóft 017. Mýrardæla er austan við fjárhúsin og mögulegt er að fjárhúsin séu þau sem Fjárhúsdæl 008 dregur nafn af. Það er hins vegar ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem fjárhúsin voru. Dælan er þurr og óræktað mólendi þar.
Fjárhúsin voru rifin og sléttuð tún eru nú á þessum slóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-007:006** heimild útihús 63°51.567N 20°43.174V

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, 120 m suðvestan við elsta bæjarstæðið 001 og 100 m norðan við bæ 004. Útihúsið er horfið vegna túnasléttunar og hvergi sést til uppsafnaðra mannvistarlaga.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-007:007** tóftir fjárhús 63°51.509N 20°43.383V
Tvær tóftir eru rúma 200 m vestan við bæ 004 og rúma 300 m suðvestan við bæ 001. Rúmum 50 m austan við tóftirnar er þjóðvegur að bæjum sunnar í Flóahrepp.
Tóft A er efst á grónum, stórþýfðum hólhrygg sem snýr norðaustur-suðvestur í stórþýfðum móa. Tóft B er fast austan við hrygginn.
Tvær tóftir eru á þessum stað, á svæði sem er 18x12 m og snýr austur-vestur. Er hvorri þeirra gefinn bókstafur í








*Tóft 007A horft til suðausturs og tóft 007B, horft til suðurs.*

lýsingu þessari til aðgreiningar. Tóft A er vestar og er uppi á stórþýfðum hólhrygg. Hóllinn er 1 m á hæð, grasivaxinn og stórþýfður. Tóftin er 7x5 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru stórþýfðir og grasivaxnir. Þeir eru 0,4-0,6 m á hæð og op er til vesturs. Ekki mótar fyrir hólfaskiptingu. Tóft B er 4 m austan við tóft A og er ekki á hólhryggnum. Hún er óskýr og mótar fyrir henni sem reglulegum, þýfðum bökkum. Hún er hringlaga, 8 m í þvermál og veggirnir eru 0,4 m á hæð. Þeir eru stórþýfðir, grasi- og mosavaxnir. Hvergi mótar fyrir opi eða hólfaskiptingu. Hlutverk tóftanna er óþekkt en staðsetning þeirra, lag og fjarlægð frá bæ bendir helst til að þær séu af fjárhúsum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** .

**ÁR-007:008** *Fjárhúsdæl* heimild fjárhús
Örnefnið Fjárhúsdæl er á lista yfir örnefni í Mjósundi. Bjarki Reynisson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið né hvar það gæti verið að finna. Hann taldi þó mögulegt að þetta væri þurr, mýrardæla þar sem fjárhús 005 voru en var ekki viss. Ekki er hægt að staðsetja minjastaðinn án frekari heimilda.
**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1.

**ÁR-007:009** *Pálshlöð* örnefni brú
Örnefnið Pálshlöð er á lista yfir örnefni í Mjósundi. Bjarki Reynisson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið. Samkvæmt Eiríki Ásmundssyni, ábúanda í Ferjunesi ÁR-009, var orðið "hlöð" notað yfir fyrirhleðslur eða brýr yfir votlendi. Eiríkur hafði heyrt talað um Pálshlöð og minnti að þau væru nærri Þjórsá. Ekki er hægt að staðsetja örnefnið án frekari upplýsinga.
**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1.

**ÁR-007:010** *Oddstóft* heimild
Örnefnið Oddstóft er á lista yfir örnefni í Mjósundi. Bjarki Reynisson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið Oddstóft. Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi skráði örnefni í landi Mjósunds og Forsætis ÁR-008. Hann gerði sameiginlega örnefnaskrá fyrir jarðirnar en í yngri útgáfum hefur henni verið skipt upp. Því er allt eins líklegt að örnefnið sé að finna í Forsæti. Ólafur Sigurjónsson, ábúandi í Forsæti, kannaðist ekki við örnefnið. Ekki er hægt að staðsetja örnefnið án frekari upplýsinga.
**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1.

**ÁR-007:011** *Austurtóft* heimild
Örnefnið Austurtóft er á lista yfir örnefni í Mjósundi. Bjarki Reynisson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið Austurtóft. Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi skráði örnefni í landi Mjósyndis og Forsætis ÁR-008. Hann gerði sameiginlega örnefnaskrá fyrir jarðirnar en í yngri útgáfum hefur henni verið skipt upp. Því er allt

eins líklegt að örnefnið sé að finna í Forsæti. Ólafur Sigurjónsson, ábúandi í Forsæti, kannaðist ekki við örnefnið. Ekki er hægt að staðsetja Austurtóft án frekari upplýsinga. Þó er mögulegt að Austurtóft og Vesturtóft 012 séu í raun þær tóftir sem skráðar voru undir númerunum 007 og 008:012. Þetta er ekki hægt að staðfesta og því er Austurtóft sérstaklega skráð hér.
**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1.

**ÁR-007:012** *Vesturtóft* heimild
Örnefnið Vesturrtóft er á lista yfir örnefni í Mjósundi. Bjarki Reynisson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið Vesturrtóft. Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi skráði örnefni í landi Mjósyndis og Forsætis ÁR-008. Hann gerði sameiginlega örnefnaskrá fyrir jarðirnar en í yngri útgáfum hefur henni verið skipt upp. Því er allt eins líklegt að örnefnið sé að finna í Forsæti. Ólafur Sigurjónsson, ábúandi í Forsæti, kannaðist ekki við örnefnið. Ekki er hægt að staðsetja Vesturtóft án frekari upplýsinga. Þó er mögulegt að Austurtóft og Vesturtóft 012 séu í raun þær tóftir sem skráðar voru undir númerunum 007 og 008:012. Þetta er ekki hægt að staðfesta og því er Vesturtóft sérstaklega skráð hér.
**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1.

**ÁR-007:013** *Smalaskáli* hleðsla smalakofi 63°50.316N 20°43.538V
Örnefnið Smalaskáli er á lista yfir örnefni í Mjósundi. Smalaskáli er á landamerkjum milli Sýrlækjar ÁR-010 og Mjósunds. Hluti hans var eyðilagður þegar skurður var gerður á merkjunum á 20. öld að sögn bræðranna Eiríks og Kristjáns Ásmundssona, ábúenda í Ferjunesi ÁR-009. Smalaskáli er 2,4 km suðvestan við bæ 001 og 1,9 km sunnan við fjárhús 005. Hestagötur liggja þvert yfir tóftina sem þar er, meðfram gaddavírsgirðingu.
Smalaskáli er í stórþýfðu, mólendi með sléttum, grænum fákum.
Í Smalaskála er L-laga hleðsla en fleiri mannvirki voru þar. Bræðurnir mundu ekki nánari gerð þeirra en langt er síðan þau voru grafin í burtu við skurðgröft. Hleðslan sem enn sést er 6x4 m og 0,3 m á hæð. Hún snýr austur-vestur og sveigir til norðurs að vírgirðingu. Hleðslan er grasivaxin og smáþýfð. Umhverfis hleðsluna er slétt, grasivaxið svæði sem sker sig frá stórþýfðu og grónu mólendi. Hleðslan tilheyrði líklega stærra mannvirki sem er horfið.


*Hleðsla 13, horft til vesturs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1.

**ÁR-007:014** heimild kálgarð 63°51.598N 20°43.057V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, fast sunnan við Gamlabæ 001. Hann var að hluta til sambyggður þeim útihúsum sem voru á bæjarhól Gamlabæjar 001. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin í tún.
Slétt, grasivaxið tún er sunnan við Gamlabæ 001.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-007:015** heimild túngarð 63°51.531N 20°43.010V
Túngarður eru merktur umhverfis gamla heimatún Mjósunds á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Túngarðurinn er horfinn í slétt tún og vegslóða sem liggur við Þjórsárbakka. Hann afmarkaði svæði sem var 280x250 m að stærð og snéri suðaustur-norðvestur meðfram Þjórsá. Í norðvesturhorni var ekki hlaðinn garður samkvæmt bæjarteikningunni og ekki ljóst hvað olli því.
Slétt og grasivaxið tún er umhverfis öll þrjú bæjarstæði Mjósunds.
Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-007:016** *Húsadalur* frásögn 63°51.663N 20°43.182V
Húsadalur er tæpa 160 m NNV við bæ 001 og 260 m norðan við bæ 001. Ekki var um dal að ræða heldur náttúrulega lág. Í Húsadal voru tóftir sem fyllt var yfir við túnasléttun á 20. öld að sögn Bjarka Reynissonar, heimildamanns. Örnefnið Húsadalur gæti bent til þess að þetta hafi verið fjár- eða beitarhús. Einnig er líklegt að þetta hafi verið einhver þeirra fornleifa sem ekki tókst að staðsetja.

Húsadalur er nánast horfinn. Þar er laut í sléttu, grasivöxnu túni. Lautin er aflíðandi og mesta dýpt hennar er 1 m. Engin ummerki tófta sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-007:017** tóft 63°51.593N 20°43.558V



*Hleðsla 017, horft til norðvesturs.*




Tóft er 340 m VNV við bæ 003 og rúma 110 m suðaustan við tóft 018. Tæpum 10 m austan við tóftina er þjóðvegur og vírgirðing á milli.
Smáþýft og grasivaxið mólendi er á þessum slóðum.
Tóftin er 12x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Austurhluti tóftarinnar er horfinn vegna rasks, bæði vegna vegagerðar og gaddavírsgirðingar þar á milli. Veggirnir eru 0,4-0,6 m að hæð, grasivaxnir og torfhlaðnir. Rof er komið í þá en hvergi glittir í grjót. Tóftin er opin til suðausturs og ekki mótar fyrir hólfaskiptingu. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ÁR-007:018** tóft



*Tóft 018, horft til suðurs.*




Tóft er rúma 450 m vestan við bæ 001 og tæpa 450 m norðvestan við bæ 003. Rúmum 20 m vestan tóftarinnar er þjóðvegur og tæpum 15 m norðan við hana er heimreið að nýlegu íbúðarhúsi.
Smáþýft og grasivaxið mólendi er á þessum slóðum.
Tóftin er 20x10 m að stærð og snýr norður-suður. Austurveggurinn sést í suðurhorni, að öðru leyti er hann horfinn í þýfi. Veggirnir eru 0,6-1,2 m á hæð, grasivaxnir og torfhlaðnir. Rof er í vesturvegg en hvergi sést grjóthleðsla. Tóftin er opin í norðvesturhorni en ekki er ljóst hvort að þau voru fleiri. Óljóst mótar fyrir hólfi syðst í tóftinni. Þar eru þýfðir bakkar og laut innan þeirra. Bakkarnir eru 0,4 m á hæð og grasivaxnir. Hlutverk tófarinnar er óþekkt en staðsetning, lögun og fjarlægð frá bæ bendir helst til að hún hafi verið heimarétt eða stekkur.
**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ÁR-007:019** heimild leið 63°51.622N 20°43.264V
Gata er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Gatan lá þvert í gegnum gamla heimatún Mjóasunds, austan við útihús 006, að bæ 004 og áfram að Forsæti ÁR-008.
Slétt, grasivaxin tún eru þar sem leiðin lá. Þjóðvegur liggur þvert yfir suðurhluta leiðarinnar.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirboði. Hún lá til suðausturs að bæ 004, sveigði þar til suðurs og endaði við Forsæti 008:001.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

## ÁR-008 Forsæti

1708, 5 hdr., bændaeign. 1847, 5 hdr., bændaeign.
1708: "Þetta er sá bærinn, sem áður segir að standi skamt frá hinum bænum [Mjósundi ÁR-007], talinn fjórðúngur allrar jarðarinnar." JÁM II,168. 1981: "Forsæti II. Þetta nýbýli er stofnsett árið 1953 ... Býlið er helmingur Forsætis. Ábúendur hófu búskap á hálfri jörðinni óskiptri árið 1946 og bjuggu þannig til ársins 1953 er býlið var stofnað ... Forsæti III. Garðyrkju og iðnaðar býli úr landi Forsætis I. ... Forsæti IV. Garðyrku og iðnaðarbýli ... Úrskipt .. Úr jörðinni Forsæti II." SB II, 43-45. Ekkert túnakort virðist hafa verið gert fyrir Forsæti fremur en aðra bæi í Villingaholtshrepp.
1708: "Fóðrast kann iii kýr, xii ær, x lömb, i hestur. Kvikfje sem meira er hefur fóðrast á tilfengnum heyjum næstliðið ár. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga mjög lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar hefur verið, brúkast ei, og hefur hann verið í engjum þeim, sem nú brúkar Forsæti. Skóg í almenningi ut supra. Túninu grandar til stórskaða sandfok. Enginu grandar sandfjúk í sama máta til stórskaða og so landinu allvíða. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjupyttum í landiinu. Ekki er bæjunum óhætt fyrir Þjóssá sem segir um Nes supra." JÁM 168-9.



**ÁR-008:001** *Forsæti* bæjarhóll bústaður 63°51.365N 20°43.151V



*Bæjarhóll 001, horft til suðurs.*

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýnt eitt hús á bæjarhólnum. Stafnar bæjarins sneru þá til suðurs. Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum og nokkur hús byggð síðan bæjarteikningin var gerð. Þar er íbúðarhús byggt 1927 og hefur það tvívegis verið stækkað, árin 1950 og 1970. Kjallari er á húsinu en Ólafur Sigurjónsson, heimildamaður, kannaðist ekki við að mannvist hefði komið í ljós við framkvæmdir. Steinsteypt útihús eru sambyggð húsinu til vesturs og önnur voru til norðurs en þau voru rifin fyrir allnokkru. Þar er nú malarborið hlað. Þetta er Forsæti I en fjórbýlt er á jörðinni nú. Á málverki eftir Eyjólf Eyfells sést bærinn eins og hann var á fyrri hluta 20. aldar að sögn Ólafs. Málverkið er í Gaulverjabæjarskóla.
Slétt, grasivaxið tún eru vestan bæjarhólsins, gróinn bakgarður til suðurs og útihús frá 20. öld til norðurs og austurs.
Lítið sést til uppsafnaðra mannvistarlaga á svæðinu vegna bygginga og annars rasks. Vesturhluti bæjarhólsins er einna best greinilegur. Þar sést grasivaxinn bakki. Hann er 20x8 m að stærð, snýr norður-suðurs og er 0,5 m á hæð. Hann liggur frá íbúðarhúsinu til austurs og beygir til suðurs. Bakkinn afmarkar einnig vesturhlið kálgarðs 003. Byggingar eru í norður- og vesturhluta bæjarhóls og gróin bakgarður (sjá 003) íbúðarhússins til suðurs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:002** garðlag landamerki 63°51.400N 20°43.036V



*Túngarður 002, horft til suðurs.*

Túngarður afmarkaði gamla heimatún Forsætis samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Norðurhlið túngarðsins er enn varðveitt en hún var einnig á merkjum milli Forsætis og Mjósunds ÁR-007. Girt er ofan á túngarðinn að hluta.
Túngarðurinn er í sléttu grasivöxnu túni, milli tveggja malarvega að Forsætisbæjunum.
Túngarðurinn afmarkaði svæði sem er 450x380 m og sneri norðaustur-suðvestur. Kálgarður er sambyggður norðurhliðinni og fær hann bókstafinn B í lýsingunni hér á eftir. Annað hólf, C, var á austurhlið, utan túns, en það er nú horfið. Norðurhlið túngarðs A snýr norðvestur-suðaustur og er rúmlega 250 m löng. Hún er grasivaxin, 0,7-1,5 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Norðan við túngarðinn sést hvar efni var tekið við gerð hans. Þar er 0,3-0,6 m djúp renna. Kálgarður B er við norðaustast innan gamla heimatúnsins. Hann er 60x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann var notaður fram yfir 1980 og greinilega tekið miklum breytingum frá árinu 1906. Kartöflugeymsla var byggð yfir austurhluta kálgarðsins fljótlega eftir að hann féll úr notkun og hann verið stækkaður til vesturs á einhverjum tímapunkti. Garðlag afmarkar suðurhlið gerðisins og túngarðurinn þá nyrðri. Syðri veggurinn er 1-1,2 m á hæð og torfhlaðin. Op er í austurenda. Innan kálgarðsins hefur nokkrum tugum trjáa verið plantað. Inná milli þeirra er rabarbari.
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:003** hleðsla kálgarður 63°51.357N 20°43.160V



*Kálgarður 003, horft til SSA.*

Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 10 m sunnan við bæ 001, fast við traðir 005 að bænum 001. Gróin bakgarður íbúðarhússins á Forsæti I er nú þar sem kálgarðurinn var. Gaddavírsgirðing liggur eftir vesturhlið kálgarðsins.
Gróin bakgarður íbúðarhússins á Forsæti I er innan kálgarðsins. Þar er slétt grasflöt, tré, runnar og blóm.
Sama bakki og sést vestast í bæjarhól 001 afmarkar vesturhlið kálgarðsins og hluta af suðurhliðinni. Sá hluti kálgarðsins sem enn er greinlegur er L-laga og 13x12 m að stærð. Bakkinn er 0,3 m á hæð og grasivaxinn. Í aðrar hliðar kálgarðsins hefur birki, öspum og rifsberjarunnum verið plantað. Innst er gróin grasflöt og blómabeð. Kálgarðurinn náði lengra til austurs og er sá hluti

horfinn vegna rasks og byggingaframkvæmda.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:004** heimild kálgarð 63°51.365N 20°43.135V
Útihús er merkt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, fast austan við bæ 001. Traðir 005 lágu á milli þess og kálgarðs 003 til suðurs. Kálgarður var sambyggður norðvesturhorni kálgarðsins. Öll ummerki útihússins eru horfin. Steinsteypt útihús eru yfir norðurhluta þess og gróin bakgarður Forsætis I yfir þeim syðri. Ekkert sést lengur til útihússins og kálgarðsins á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:005** heimild traðir 63°51.351N 20°43.094V
Heimreið er merkt að bæ 001 úr suðaustri á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Heimreiðin lá á milli kálgarðs 003 og útihúss 004, yfir bæjarhlaðið og áfram til norðvesturs í gegnum gamla heimatúnið. Líklega var austurhlutinn upphlaðinn, í það minnsta er sá hluti merktur á annan hátt á túnakortið.
Vegslóði frá núverandi hesthúsi liggur á svipuðum slóðum og suðausturhluti heimreiðarinnar gerði. Slétt, grasivaxið tún er yfir norðvestur hlutanum.
Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:006** heimild útihús 63°51.336N 20°43.067V
Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 tæpa 80 m suðaustan við bæ 001 og rúma 110 m NNV við útihús 015. Útihúsið var tæpa 20 m sunnan við traðir 005 og er horfið.
Þar sem útihúsið var er grasivaxið svæði norðvestan við slétt tún. Tæpum 10 m vestan við áætlaða staðsetningu útihússins hefur tugum greinitrjáa plantað.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:007** heimild útihús 63°51.312N 20°43.178V
Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 100 m suðvestan við bæ 001 og 60 m NNV við útihús 015.
Þar er nú norðvesturhorn grasivaxins túns. Gaddavírsgirðing er rúma 20 m vestan við áætlaða staðsetningu útihússins.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:008** *Mógrafadæl* náma mógrafir 63°51.156N 20°43.356V
Mógrafadæl er rúma 420 m SSV við bæ 001 og 140 m norðvestan við tóftir 012. Skurður sem er hluti af Flóaáveitu 611:015 er fast vestan við.
Slétt, grasivaxið tún er þar sem mógrafirnar voru.
Mógrafadæl er innan þríhyrnds túnskika. Lægð er í túninu þar sem mógrafirnar voru. Lægðin er 40 m í þvermál, 0,3 m á dýpt og hliðar hennar aflíðandi. Öll önnur ummerki mótekju horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar


*Mógrafadæl, horft til VNV.*

**ÁR-008:009** frásögn útihús 63°51.334N 20°43.222V
Að sögn Kristjáns Gestssonar, heimildamanns komu í ljós mannvistarleifar í hól við byggingaframkvæmdir snemma á 9. áratug 20. aldar, um 80 m suðvestan við bæ 001 og rúma 50 m suðaustan við útihús 007. Þá var gerður grunnur að íbúðarhúsi en það var aldrei reist.
Grunnurinn er í sléttu, grasivöxnu túni.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Grunnurinn var gerður á árunum 1982-1983 og átti að verða íbúðarhús. Ekkert varð af frekari framkvæmdum en við þær var m.a. komið niður á grjót og hleðslur. Ekkert náttúrulegt grjót er á þessum slóðum og það greinilega aðflutt. Afar líklegt er að þetta sé útihús enda hóllinn innan gamla heimatúnsins.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-008:010** heimild útihús 63°51.248N 20°43.238V
Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 230 m sunnan við bæ 001 og tæpum 100 m suðvestan við útihús 015 . Að sögn Kristjáns Gestssonar, heimildamanns, kom hellugrjót í ljós á þessum slóðum við plægingu kartöflugarðs. Grjót er ekki hér í jarðvegi og það því allt aðborið. Hvergi mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum á þessum slóðum.
Þar sem útihúsið var er kartöflurækt og allt nánasta umhverfi sléttað og plægt margsinnis.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:011** heimild útihús 63°51.305N 20°42.202V
Útihús er merkt 120 m SSV við bæ 001 og 20 suðvestan við útihús 007 á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906.
Þar sem útihúsið var eru vesturmörk, grasivaxins og sléttaðs túns. Tæpum 5 m frá áætlaðri staðsetningu útihússins er gaddavírsgirðing. Útihúsið er horfið vegna túnasléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-008:012** tóftir 63°51.123N 20°43.185V
Tóftir eru rúma 450 m sunnan við bæ 001 og 140 m VNV við mógrafir 008.
Slétt, grasivaxin tún og kartöflugarðar eru umhverfis tóftirnar.Tóftirnar eru á sitthvorum hólnum og eru áberandi





*Tóft 008A horft til norðausturs og 008B, horft til norðurs.*

í flötu landslaginu.
Tóftirnar eru á svæði sem er 45x20 m og snýr austur-vestur. Tóft A er austar og er óskýr vegna stórþýfis. Tóftin er á hól sem er áberandi í flatlendinu. Hóllinn er 15x10 m að stærð, 1,5 m á hæð, snýr NNA-SSV. Hann er grasivaxinn. Tóftin er 4x3 m að stæð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, grónir og stórþýfðir. Hvorki mótar fyrir hólfaskiptingu né fyrir skýrum grjóthleðslum. Tóftin er opin til suðurs. Þýfðir, reglulegir bakkar eru sunnan við tóftina. Tóft B er 18 m vestan við tóft A. Hún er á hól sem er 1,2 m á hæð, grasivaxinn, stórþýfður og snýr NNA-SSV. Tóftin er 9x8 m að stærð, einföld, snýr NNA-SSV og opin til suðurs. Suðurveggurinn er greinilegastur, 0,3 m á hæð og grasivaxinn. Hvergi sést glitta í grjóthleðslur. Vestur- og norðurveggirnir er óskýrir og sjást sem þýfðir reglulegir bakkar. Afar líklegt er að uppsöfnuð mannvistarlög séu undir sverði á báðum hólunum. Ekkert er vitað um hvaða hlutverki tóftirnar gegndu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-008:013** þúst fjárhús 63°51.087N 20°43.028V

Tæpum 550 m sunnan við bæ 001 og rúmum 150 m suðaustan við tóftir 012 er þúst. Ólafur Sigurjónsson, heimildamaður, taldi að þarna hefðu verið fjárhús [beitarhús?].

Þústin er í sléttu, grasivöxnu túni.

Þústin er 30x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er stórþýfð, grasivaxin og austurhlið hennar er hærri en aðrar hliðar eða 0,5 m á hæð. Ekki sést móta fyrir skýrum hleðslum eða tóft í þústinni en afar líklegt er að mannvistarlög leynist undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Þúst 013, horft til norðurs.*

**ÁR-008:014** *Torfdæl* náma rista 63°50.644N 20°43.571V

Örnefnið Torfadæl er að finna í örnefnaskrá Mjósunds en að sögn Ólafs Sigurjónssonar, heimildamanns, er örnefnið í landi Forsætis. Í frumriti örnefnaskrár eftir Brynjúlf Jónsson frá Minna Núpi kemur fram að lýsingin nái yfir Forsæti líka en henni var skipt upp síðar. Torfdæl er 1,4 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 950 m sunnan við mógrafir 008.

Þar sem ristan var er nú gróið, framræst mýrlendi. Það er smáþýft og sléttir flákar eru hér og þar. Flákarnir eru þurrar mýrardælar.

Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mjósund, 1.

**ÁR-008:015** heimild útihús 63°51.282N 20°43.136V

Útihús er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 um 150 m sunnan við bæ 001 og 60 m suðaustan við útihús 007. Á þessum slóðum kom upp grjót og hellur við túnsléttun að sögn Ólafs Sigurjónssonar, heimildamanns.

Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún með lautum og hólrimum.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði. Grjót er ekki á þessu svæði og það allt aðborið. Á þessum slóðum er 0,5 m hár hóll og líklegt að útihúsið hafi verið þar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

## ÁR-009 Nes [Ferjunes]

1708: 10 hdr. Bændaeign. 1847: 7 hdr., Bændaeign. Jarðarinnar er getið í í vitnisburðarbréfi um rekann á Skeiði fyrir Hraunslandi frá 1545-1569, DI XII, 98-99. kkert túnakort virðist hafa verið gert fyrir Ferjunes fremur en aðra bæi í Villingaholtshrepp.

1708: "Fóðrast kann iii kýr. Öllu öðru kvikfje kemur ábúandi í burtu á vetur, nautum til fóðurs, hestum til hagagöngu. Afrjett ut supra. Torfrista bjargleg, stúnga lökog sendin og valla nýtandi. Móskurður til eldiviðar má vera, brúkast ei. Skógur til kolagjörðar í almenníngi ut supra. Landþröng er hin mesta, og gengur peníngur mjög á aðrar jarðir, geldur þó ei till fyrir nema óákveðna greiðasemi. Túninu grandar Þjóssá með stórkostlegu landbroti, sem árlega fer í vöxt meir og meir, so og sandfok og stórviðri til stórskaða. Engjarnar hafa spillst í þrjú ár ... Hætt er kvikfje um vetur fyrir hrakningi í Þjóssá og hefur stundum að því mein orðið. Vatnsból erfitt á vetur í Þjóssá fyrir fannlögum. Ekki er bænum óhætt fyrir Þjóssá um vetur í leysingum, og hefur við borið, að hún hefur gengið í kríngum allan bæinn, en ekki hefur þó skaði orðið að því til þessa á mönnum nje fjenaði, en mjög hætt er við því, að hús skekkist og gángi úr lagi af skjálfta, sem verður á bænum, þegar áin ryður sig og hleypur fram með jakaburði." JÁM 167.




Byggt á bæjarteiknignu frá 1906

**ÁR-009:001** *Nes* bæjarstæði bústaður 63°50.707N 20°41.662V

"Á 19. öld var bærinn [í Nesi] færður undan ágangi árinnar," segir í Sunnlenskum byggðum II. Elsta bæjarstæðið í Nesi (það sem hér er skráð) var rúma 180 m austan við bæ 002, 10-15 m frá núverandi árbakka Þjórsá, þar sem áin rennur nú. Bræðurnir Kristján og Eiríkur Ásmundssynir, heimildamenn, eru fæddir í Ferjunesi. Afi þeirra, Eiríkur Guðmundsson, tók við búskap þar árið 1914 og mundi hann eftir tóftarbroti sem tilheyrði þessu elsta bæjarstæði. Tóftin og landsvæði vestan hennar eru horfin í Þjórsá. Bærinn var austan við nýlegan varnargarð sem skagar til norðausturs út í Þjórsá.

Þjórsá rennur til norðurs á þessum slóðum. Hún er tæplega 800 m breið og mikið af sandeyrum eru í henni.

Engin ummerki bæjarhólsins eru eftir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** SB II, 47

**ÁR-009:002** *Nes* bæjarhóll bústaður 63°50.711N 20°41.880V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 voru sjö hús á bæjarhólnum í Ferjunesi og snéru stafnar þeirra til suðurs. Bærinn var fluttur rúma 150 m til VNV árið 1946 vegna rottugangs sem fylgdi hernáminu í síðari heimsstyrjöldinni. Fjósið og hlaðan hjá gamla bænum voru notuð fram til 1948. Bæjarhúsin voru rifin en undirstöður þeirra sjást ennþá sem og bæjarhóllinn sjálfur. Ekki hefur verið byggt á bæjarhólnum né aðrar framkvæmdir átt sér stað síðan flutt var af honum - fyrir utan túnasléttun í næsta nágrenni.





*Bæjarhóll 002, horft til NNA.*

Bæjarhóllinn er í grasivöxnu, sléttu túni sem nýtt er undir kúabeit fyrir ASA núverandi húsakost í Ferjunesi.

Bæjarhóllinn er 32x24 m og snýr austur-vestur. Hann er 0,5 m á hæð og er grasivaxinn og sléttur. Tóftir síðasta bæjarins eru enn varðveittar þrátt fyrir efnistök. Tóftin skiptist í sjö hólf. Hólf 1 er vestast. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á suðurhlið og ekki er innangengt í önnur hólf. Það sést glitta í þrjú umför grjóthleðslu á utanverðum suðurvegg en að öðru leyti eru þeir grasivaxnir. Veggirnir eru 0,5-1,3 m á hæð. Hólf 2 er austan við hólf 1. Þar var timburhús á hlöðnum grunni og vissi Kristján ekki hvenær það var byggt. Hólfið er 9x8 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grasivaxnir og hvergi sést glitta í grjóthleðslu. Suðurhlið hússins er alveg horfin vegna niðurrifs en þar var timburhlið. Veggirnir eru 0,6-1 m á hæð og grasivaxnir. Hluti úr steinsteyptum skorstein liggur í miðju hólfinu. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það er óljóst og mótar fyrir því sem þýfðum bökkum að hluta. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og hólfið er opið til suðurs. Hólf 4 er austan við hólf 3. Það er L-laga og snýr norður-suður. Veggirnir eru grasivaxnir og 0,4-1,2 m á hæð. Vesturveggurinn er hæstur, grasivaxinn og brattur. Hólf 5 er norðan við hólf 4. Það er niðurgrafið og gólfið er 2 m dýpra en á hinum bæjarhúsunum. Það var líklega hlaða. Hólfið er 8x6 m að innanmáli og veggirnir grasivaxnir. Hvergi sést glitta í grjót. Moldarflag er ofan á veggnum og þeir sigið inn í hólfið. Hvergi sést op. Dæld, hólf 6, er fyrir vestan hólf 5. Hún er 2 m í þvermál og þýfður bakki, 0,5 m hár er þar umhverfis. Hólf 7 er norðan við hólf 2. Það er 2x2 m að innanmáli, veggirnir 0,7 m á hæð og grasivaxnir. Op er á norðurvegg. Þetta er óljóst. Inn á milli hólfanna eru grasivaxnir jarðvegsbálkar og leynast örugglega mannvistarlög þar undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-009:003** *Nesútgarður* tóft+garðlag landamerki 63°50.259N 20°42.885V


*Nesútgarður 003, horft til suðurs.*




"Nesútgarður eða Byrgi er hornmark á milli Sýrlækjar [ÁR-010] og Mjósunds [ÁR-007] og Ferjuness. Þetta gengur undir tveimur nöfnum, vegna þess að þetta var eins og pínulítil smalatótt," segir í örnefnalýsingu og síðar segir: "Í landamerkjabréfi þingl. 17. 6. 1886 segir: "Nesútgarður er hornmark milli Mjósunds og Ness, þaðan ræður "Rifið" beint í "Ísólfstótt [004]"[...]" Rifið, innan gæsalappa þarna og með stórum staf, er þarna auðsjáanlegt og fornt örnefni. Annaðhvort er þetta bein flóðbrún eða mjög fornt garðlag, og er það líklegra, sbr. Nesútgarðar." Nesútgarður er rúmum 1,3 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 1,4 km sunnan við Ísólfsskála 004. Hvorki Kristján né Eiríkur Ásmundssynir, heimildamenn, könnuðust við "Rifið" en þetta örnefni hefur valdið þeim heilabrotum í gegnum tíðina. Þeir töldu að hér væri um forna flóðbrún eða náttúrulega brún að ræða.

Nesútgarður/Byrgi er í stórþýfðu, sléttu og grasivöxnu túni. Girðing á merkjum Ferjuness og Efri Sýrlækjar liggur eftir hlöðnum landamerkjagarði en fyrir austan hann er skurður á merkjum við Mjósyndi ÁR-007.

Á svæði sem 300x15 m og snýr ANA-VSV er þúst og garðlag. Var hvoru tveggja gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Þúst A er í norðvesturhorni svæðisins, 2 m norðan Nesútgarðs B. Þar mótar fyrir stórþýfðum, hringlaga bakka sem fellur vel að nánasta umhverfi. Svæðið innan hans er grænna og sléttara en bakkarnir. Þústin er 11 m í þvermál og 1 m á hæð. Útjaðar hennar, þ.e. bakkinn er mosavaxinn og stórþýfður. Augljóslega er ekki um smalakofa, að minnsta kosti ekki í hefðbundnum skilningi, að ræða, líklegra að mannvirkið hafi verið fjárborg eða jafnvel gjafahringur. Mannvirkið er sigið og fornlegt. Nesútgarður B liggur til ANA frá vélgröfnum skurði á merkjum Ferjuness og Efri Sýrlækjar og endar við bárujárnsklædd fjárhús. Hann er tæplega 300 m langur, 0,6 m á hæð, 0,8 m á breidd og grasivaxin. Hann er torfhlaðinn. Gaddavírsgirðing er ofan á honum allt frá tóft A og að fjárhúsunum. Garðlagið er líklega yngra en þústin og líklega verið endurhlaðið í gegnum tíðina.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ferjunes, 1-2.

**ÁR-009:004** *Ísólfsskáli* heimild landamerki 63°50.999N 20°42.476V

"Landamerki Ferjuness eru þannig samkvæmt landamerkjabréfi frá 1886 í landamerkjabók Árnessýslu: Milli Sýrlækjar [ÁR-010] og Ferjuness eru þessi mörk: Úr Nesútgarði [003] sjónhending í Þjórsá, sem miðast í miðjan Ferjuhamar [011]. Nesútgarður er hornmark milli Mjósunds [ÁR-007] og Ness. Þaðan ræður Rifið beint í Ísólfstótt [004] eður vörðu á henni, [...] Ísólfsskáli eða Ísólfstótt var í mörkum við Mjósyndi [ÁR-007], en hvarf undir Villingaholtshreppsveginn, er hann var lagður [um 1950] " segir í örnefnalýsingu. Hvorki Eiríkur né Kristján Ásmundssynir, mundu eftir vörðu á Ísólfstótt 004 en hún var sléttuð um 1950 við vegagerð. Ísólfsskáli var tæpa 750 m norðvestan við bæ 002 og rúma 650 m norðvestan við útihús 017. Kristján Ásmundsson, heimildamaður, man eftir að kona, fædd um 1870, talaði um þetta sem tóft og mundi hún ekki eftir henni í notkun. Tóftin var líklega byggð upp við Nesháagarð eða samtíma honum að sögn Kristjáns. Sá garður er einnig horfinn en hann lá til norðurs frá bæ 002, þar sem þjóðvegurinn er nú. Garðurinn beygði til vesturs við Ísólfsskála og hvarf þar í landi Mjósunds ÁR-007. Kristján taldi að einnig sæist til þessa garðs í landi Mýra ÁR-012. Þar sem Ísólfsskáli var er nú girðing á merkjum Mjósunds og Ferjuness, 15 m vestan við þjóðveginn. Ekki er vitað hvert hlutverk Ísólfsskála sem og Nesháagarðs var en staðsetning hans á merkjum gæti bent til að um smalaskála eða beitarhús sé að ræða.

Þar sem Ísólfsskáli og Nesháigarður voru er slétt, grasivaxið svæði vestan við þjóðveginn.

Öll ummerki Ísólfsskála sem og Nesháagarðs eru horfin af yfirborði. Síðasti hluti garðsins hvarf fyrir örfáum árum vegna sléttunar í landi Mjósunds. Þá var lítill hluti þess lands selt undir hrossabú og garðlagið sléttað í kjölfarið ásamt gömlu markahólum. En núverandi merki eru austar en þau gömlu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Ferjunes, 1.

**ÁR-009:005** *Gamlistekkur* heimild stekk 63°51.231N 20°42.462V

"Gamlistekkur var á mörkum við Mjósyndi [ÁR-007] og Ferjunes. Hann er nú kominn í ána ásamt miklu landi,

er Þjórsá hefur brotið þarna," segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur var 1 km norðvestan við bæ 002 og 430 m norðan við Ísólfsskála 004. Hvorugur bræðranna, Eiríkur og Kristján Ásmundssynir, höfðu heyrt nánari lýsingu á stekknum en stekkurinn var horfin fyrir þeirra tíð. Ekki er vitað hvor bæjanna notaði hann. Við Þjórsárbakka er grjóthlaðinn varnargarður á þessum slóðum, byggður milli 1970-80.
Engin ummerki stekkjarins sjást lengur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Ferjunes, 1.

**ÁR-009:006** *Hlaðkvíar* tóft kvíar 63°50.757N 20°41.774V

"Ósinn er gamall vatnsfarvegur eða flóð, nú uppgróinn. Bót kallaðist landið milli Þjórsár og Óssins. Hlaðkvíar er tóttarbrot í Bótinni, austur við ána," segir í örnefnalýsingu. Hlaðkvíar eru rúmum 110 m norðaustan við bæ 002 og rúmum 70 m norðaustan við öskuhaug 018. Tóftin er rúmum 5 m vestan við Þjórsárbakka. Kvíarnar voru við það að hverfa vegna landbrots en varnargarður sem byggður var um 1980 hefur dregið mikið úr landbroti.




Hlaðkvíar 006, horft til austurs.

Kvíarnar eru á smáþýfðu og grasivöxnu svæði, austan við slétt tún. Þar er m.a. ræktað fóðurkál. Kvíarnar eru 9x7 m að stærð og snúa norður-suður. Þær skiptast í 2 hólf. Hólf 1 er sunnar og líklega yngra miðað við gerð og lögun. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m að hæð og grasivaxnir, hvergi glittir í grjót. Veggirnir eru lægri að innan, eða 0,4 m háir sem bendir líklega til uppsafnaðra gólflaga. Hólfið er opið til vesturs. Fyrir vestan hólfið er grasivaxinn garðstubbur sem er 2 m að lengd og 1 m á breidd. Tilgangur hans er að auðvelda innrekstur fjár. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 4x4 m að innanmáli og op er á vesturvegg þess. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og grasivaxnir. Svo virðist sem framhald hólfsins gangi undir hólf 1 og er hólf 2 líklega eldra byggingarstig sömu tóftar.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Ö-Ferjunes, 1.

**ÁR-009:007** *Lambhúshóll* tóft lambhús 63°50.696N 20°41.784V

"Í kringum gamla bæinn [001] í Ferjunesi eru þrjú örnefni, Taðbali, Lambhúshóll og Smiðjuhóll [008], og er Smiðjuhóllinn þeirra stærstur," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús 100 m austan við bæ 002, við austurjaðar túns og mun það vera umræddur Lambhúshóll. Þar sést enn tóft. Lambhúsið var ennþá í notkun árið 1915, og var eina uppistandandi útihúsið þegar afi Kristjáns og Eiríks Ásmundssona, flyst á jörðina. Það var notað eitthvað áfram en eftir að það féll úr notkun var grjót og annað nýtilegt efni borið úr lambhúsinu.




Lambhúshóll 007, horft til ASA.

Lambhúshóll er í sléttu, grasivöxnu túni nýtt til kúabeitar. Til austurs frá hólnum er stórþýft mólendi allt að Þjórsá.
Tóftin er á 0,5 m háum hól og er líklegt að talsvert af mannvistarlögum leynist undir sverði. Tóftin er 20x14 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur og skiptist í 4 hólf. Hólf 1 er norðvestast. Þar er 4x2 m að innanmáli og opið til suðausturs. Veggirnir eru 0,3 m að hæð og algrónir. Hólf 2 er suðaustan við hólf 1. Það er 6x2 m að innanmál, snýr suðaustur-norðvestur og opið til suðausturs. Veggirnir eru 0,2-0,3 m að hæð og algrónir mosa og grasi. Hólf 3 er suðaustan við hólf 2. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er opið til norðvesturs. Hólfið er óljóst, veggirnir eru 0,2 m að hæð, grasivaxnir og þýfðir. Hólf 4 er norðan og vestan við hin hólfin.

Þetta var aðhald eða heygarður við lambhúsið og ekki undir þaki. Hólfið er 13x8 m að stærð en suðurhluti þess er óljós. Veggirnir eru 0,4 m að hæð og grasivaxnir. Að innan er hólfið grasivaxið og þýft.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Ferjunes, 2; bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906

**ÁR-009:008** *Smiðjuhóll* þúst smiðja 63°50.727N 20°41.909V


Smiðjuhóll 008, horft til norðvesturs.

"Í kringum gamla bæinn [001] í Ferjunesi eru þrjú örnefni, Taðbali, Lambhúshóll [007] og Smiðjuhóll, og er Smiðjuhóllinn þeirra stærstur," segir í örnefnalýsingu. Smiðjuhóll er tæpum 40 m norðvestan við bæ 002 og rúma 120 m VSV við Hlaðkvíar 006. Dyr smiðjunnar snéru til norðvesturs, í átt að ferjustað og var venjan að hafa eld í smiðjunni þegar mikið var að gera á ferjustaðnum 011. Hlutverk eldsins var auðvelda ferðamönnum að rata í myrkri en hann var einnig notaður til að hita kaffi. Deigla fannst þar fyrir einhverjum árum og er hún í eigu Kristjáns Ásmundssonar, heimildamanns.
Slétt, grasivaxið tún er umhverfis Smiðjuhól. Á milli hans og bæjar 002 er lág í túninu og túnslóði þar.
Smiðjuhól er grasivaxinn, sléttur og brattur til suðurs. Hann er 15x8 m að stærð, 1,5-1,8 m á hæð og snýr austur-vestur. Hóllinn er flatur í toppinn en hvergi sér til veggja eða mannvirkja. Greinilegt er að mannvistarleifar leynast undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Ferjunes, 2.

**ÁR-009:009** *Nóntótt* tóft 63°50.571N 20°42.268V
"Nóntótt er skammt fyrir vestan túnið, og sést hún vel enn," segir í örnefnalýsingu. Tvær tóftir eru á þessum






Nóntótt 009A og 009B, horft til norðurs.

slóðum. Þær eru tæpa 430 m suðvestan við bæ 002 og rúmlega 350 m suðvestan við útihús 017. Rúmlega 10 m sunnan við tóftirnar er vírgirðing sem afmarkar sléttað tún.
Grasivaxið, stórþýft tún er umhverfis tóftirnar. Inn á milli þýfisins eru sléttir, grasivaxnir mýrarflákar.
Tóftirnar tvær eru á svæði sem er 25x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Var þeim báðum gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Tóft A er austar. Hún er 7x4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, grasivaxnir og torfhlaðnir. Op er á miðri suðurhlið. Tóftin er ekki gömul, í sverðinum sést glitta í bárujárn og baggabönd. Tilgangur hennar er óljós. Tóft B er 14 m vestan við tóft A. Þetta er Nóntótt. Hún er á stórþýfðum hólrima, rúmlega 0,5 m háum. Hún er 4x3 m að stærð, einföld og snýr NVN-ASA. Hún er opin til suðurs. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, grasivaxnir og stórþýfðir. Hlutverk tóftarinnar, annað en eyktarmark, er óljóst.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Ferjunes, 2.

**ÁR-009:010** *Ferjuhamar* heimild ferju 63 50.251N 20°42.018V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Ferjustaður hefur hjer verið í 60 ár eður lengur og almmeníngsfar og tekur ábúandi venjulegan ferjutoll af ferðafólki og heldur við skipi og hefur menn til að flytja so sem löglegum ferjumanni byrjar." "Landamerki Ferjuness eru þannig samkvæmt landamerkjabréfi frá 1886 í landamerkjabók Árnessýslu: Milli Sýrlækjar og Ferjuness eru þessi mörk: Úr Nesútgarði [003] sjónhending í Þjórsá, sem miðast í miðjan Ferjuhamar," segir í örnefnalýsingu. Þetta er eldri ferjan í Ferjunesi (sú yngri er 011). Hún var rúma 800 m sunnan við bæ 002 og rúma 750 m suðvestan við ferju 011. Ferjuhamar er austan Þjórsár, í Ásahrepp en er áberandi klettaholt. Ferjan spilltist þegar áin breiddi úr sér og sandeyrar mynduðust í

ánni. Ekki er vitað hvenær það gerðist. Frá Úrgarði 003 og allt að ánni er sandur og árin rennur í fjölmörgum kvíslum.
Engin ummerki um ferjustaðinn sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 167; Ö-Ferjunes, 1

**ÁR-009:011** heimild ferju 63°50.607N 20°41.565V
Í Sunnlenskum byggðum II segir: "Lögferja var hér uns Þjórsárbrú var byggð en einnig oft flutt eftir það." Yngri ferja í landi Ness var rúmum 300 m suðaustan við bæ 002 og rúma 250 m suðaustan við traðir 013. Ferjan var færð á þennan stað eftir að ferja 010 spilltist. Hið sama gerðist hér og á eldri ferjustaðnum, áin breiddi úr sér, braut land og sandeyrar eru í ánni. Mikið landbrot hefur átt sér stað á þessum slóðum og árbakkarnir 2,5 m á hæð.
Engin ummerki ferjunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 167; Ö-Ferjunes, 1; SB II, 47

**ÁR-009:012** gerði kálgarður 63°50.712N 20°41.856V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu Dana frá 1906, fast sunnan og austan við bæ 002. Austurhlutinn er ennþá varðveittur. Hann er 3 m frá bæjarhúsunum, einungis steinsteypt stétt er á milli.
Kálgarðurinn er í sléttu, grasivöxnu túni.
Kálgarðurinn er 34x24 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann skiptist í tvö hólf og var annað þeirra blómagarður sem móðir Kristjáns og Eiríks Ásmundssona gerði. Veggirnir eru á milli 1-1,5 m á breidd, grasivaxnir og 0,8 m á hæð í kálgarðinum öllum. Hólf 1 er 10x7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er opið til suðurs og ekki er innangengt á milli hólfa. Þetta er blómagarðurinn. Hóf 2 er austan við hólf 1. Það er 22x20 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á suðurhlið og ekki sést móta fyrir beðum innan í hólfinu. Fyrir utan norðvesturhorn kálgarðsins er steinsteypt stétt frá kálgarðinum og meðfram austurhlið bæjarhúsanna.


*Kálgarður 012, horft til suðurs.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-009:013** heimild traðir 63°50.678N 20°41.872V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 lá heimreið að bæ 002 úr suðri og áfram til norðausturs. Á bæjarteikningunni er suðurhlutinn 120 m að lengd en norðausturhlutinn 40 m langur. Heimreiðin er horfin vegna sléttunnar. Yfir norðausturhlutanum er grasivaxið tún en fóðurkál er yfir suðurhlutanum.
Slétt, grasivaxið tún nýtt til kúabeitar og matjurtagarður eru þar sem heimreiðin lá.
Engin ummerki heimreiðar sjést á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-009:014** *Koppahóll* þúst útihús 63°50.688N 20°41.897V
Þúst er rúmum 40 m SSV við bæ 002 og 70 m norðaustan við útihús 016. Að sögn Kristjáns Ásmundssonar, heimildamanns, gengur þústin undir nafninu Koppahóll. Á hólnum var líklega útihús. Útihúsið er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og var líklega fallið úr notkun þegar það var gert.
Koppahóll er í sléttu, grasivöxnu túni.
Koppahóll er 10x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er 0,6 m á hæð, smáþýfður og grasivaxinn. Hvergi mótar fyrir skýrum hleðslum en greinilegt er að mannvistarlög leynast undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*Koppahóll 014, horft til suðurs.*

**ÁR-009:015** *Pálsgarður* garðlag vörslugarður 63°50.498N 20°41.895V

Vörslugarður var hlaðinn á árunum 1862-79 af Páli Jónssyni, þáverandi bónda í Ferjunesi. Vörslugarðurinn lá til norðvesturs frá Þjórsá, sveigði til suðvesturs, síðan til norðurs og náði heim undir bæ 002. Að sögn bræðranna Kristjáns og Eiríks Ásmundssona, hvarf vesturhliðin þegar Villingaholtsvegur var lagður um 1950. Sambyggð








*Pálsgarður 015, horft til suðvesturs og vesturs.*

rétt er nærri ánni og 3 hólf á vörslugarðinum vestar að þeirra sögn. Tilgangurinn var líklega að girða af heimahaga.

Fyrir sunnan Pálsgarð er gróinn sandur. Þar eru lægðir inn á milli hólrima. Sandurinn er vaxinn mosa. Norðvestan við Pálsgarð er slétt, grasivaxið tún. Hann skilur á milli sléttaðs og óræktað lands.

Pálsgarður liggur til norðausturs frá Villingaholtsvegi, sveigir til suðausturs nærri Þjórsá og hverfur tæpum 10 m frá bökkum hennar. Garðurinn er torfhlaðinn. Hann er 350 langur en ekki er vitað hversu löng vesturhliðin var. Frá Villingaholtsvegi og allt þar til garðurinn sveigir að ánni er hann 1 m á hæð og girt eftir honum endilöngum. Hann er 1,5-2 m á breidd. Meðfram þessari hlið eru 4 hólf, kálgarðar og rétt. Hólf 1 er vestast. Það er 18x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á suðurhlið. Veggirnir eru 1 m á hæð og grasivaxnir. Tré eru í vestur- og austurenda hólfsins. Hólf 2 er fast norðaustan við hólf 1. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 1-1,2 m að hæð og hvergi sést op. Suðurveggurinn er hruninn að hluta. Hólf 3 er fast norðaustan við hólf 2. Það er 60x7 m að lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 1-1,5 m að hæð og grasivaxnir. Ekkert op sést inn í hólfið. Þessi þrjú hólf voru kálgarðar. Hólf 4 er fyrir austan hólf 3. Það var rétt. Hólfið er illa varðveitt og ekki er vitað hversu stór réttin var. Vesturveggurinn er varðveittur en hinir horfnir. Frá hólfi 3 sveigir Pálsgarður til suðausturs að Þjórsá. Sá hluti er 1-1,3 m á hæð og grasivaxinn. Rof er á nokkrum stöðum og sést mold þar. Við árbakkann sveigir garðlagið aftur til norðausturs en sá hluti er 5 m að lengd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-009:016** þúst útihús 63°50.657N 20°41.943V



*Þúst 016, horft til suðurs.*

Hellusteinar fundust í hól við sléttun í grasivöxnu túni, rúma 110 m suðvestan við bæ 002 og 100 m sunnan við útihús 017. Svæðið var sléttað fyrir einhverjum árum en hólarnir ekki jafnaðir alveg út.

Slétt, grasivaxið tún er þar sem þústin er. Rúma 20 m til austurs frá þústinni er ræktað fóðurkál. Að sögn bræðranna Eiríks og Kristjáns, eru ekki náttúrulegir hólar í landi Ferjuness og hellusteinar hafa fundist í þeim hólum sem hafa verið sléttaðir. Hóllinn, eða þústin, er 13 m í þvermál og 1 m á hæð. Hún er grasivaxin og slétt. Hér er greinilegt er að mannvistarleifar leynast undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-009:017** frásögn útihús 63°50.710N 20°41.966V

Hellubrot fannst þegar grafið var fyrir kartöflugeymslu í hól innan gamla heimatúnsins fyrir allmörgum árum. Ekkert grjót er í landi Ferjuness og þetta greinilega aðborið úr Villingaholtinu sjálfu (ekki bænum) að sögn Eiríks og Kristjáns Ásmundarsona. Miðað við staðsetningu og fjarlægð frá bæ 002 er líklegast að útihús hafi verið á þessum stað. Útihúsið var um 70 m vestan við bæ 002 og rúma 50 m vestan við Smiðjuhól 008. Kartöflugeymslan er steinsteypt með torfþaki og er rúma 10 m austan við núverandi fjós.

Slétt, grasivaxið tún er til allra átta nema vesturs, þar er núverandi bæjarstæði Ferjuness.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**ÁR-009:018** öskuhaugur 63 50.738N 20°41.856V

Öskuhaugur er rúma 50 m norðan við bæ 002 og tæpa 80 m vestan við Hlaðkvíar 006 að sögn Eiríks Ásmundssonar, heimildamanns. Hvítur girðingarstaur er í hólnum miðjum, til þess að merkja hann í stórþýfi. Rúma 8 m norðan við öskuhauginn er skurður.

Á þessum slóðum er stórþýft, grasivaxið svæði á milli grasivaxinna túna.

Öskuhaugurinn er 6x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er 0,3 m á hæð, grasivaxinn og sléttari en nánasta umhverfi. Að sögn Eiríks er eingöngu aska í hólnum, ekkert annað rusl.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Öskuhaugur 018, horft til norðausturs.*

**ÁR-009:019** *Fæla* frásögn útihús 63°50.726N 20°42.084V

Að sögn Eiríks Ásmundssonar, heimildamanns, var komið niður á húsarústir við byggingu skemmu um miðja 20. öld. Á þessum stað var hús sem kallað var Fæla, þar sem nú er austurveggur skemmunnar. Búið var að slétta hana út alllöngu áður en skemman var byggð. Eiríki fannst líklegt að hún sé ennþá undir sverði, veggur skemmunnar liggur meðfram vegg Fælu. Nafnið fékk tóftin vegna reimleika og hestar fældust þar gjarnan. Fæla er 170 m VNV við bæ 002 og var líklega útihús. Útihúsið er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906.

Fæla var austan skemmunnar, þar er gróið svæði nýtt sem vélageymsla.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna byggingar

**ÁR-009:020** náma mógrafir 63°50.527N 20°42.010V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Móskurður til eldiviðar má vera, brúkast ei." Mógrafir eru rúmum 350 m sunnan við bæ 001 og rúmum 230 m austan við Nóntótt 009.

Slétt, grasivaxið tún er á þessu svæði. Mógrafirnar eru í náttúrulegu, viki sem er ósléttað.

Mógrafirnar eru í náttúrulegu viki fyrir norðvestan Villingaholtsveg. Þær ná yfir svæði sem er 60x60 m að stærð. Ekki mótar fyrir einstaka mógröf enda var fyllt upp í þær að mestu. Vesturbakki mógrafanna er 0,5 m á hæð og hálfhringlaga. Svæðið er mólent, smáþýft og grasivaxið.

**Hættumat:** engin hætta



*Mógrafir 020, horft til suðurs.*

**ÁR-009:021** gata leið 63 50.248N 20°42.687V

Götur sjást liggja að ferju 011, fyrir norðaustan bæ 001 að sögn bræðranna Kristjáns og Eiríks Ásmundarsona. Nánari lega leiðarinnar er ekki þekkt og eru þær löngu horfnar í slétt, grasivaxin tún norðan við Villingaholtsveg, bæði vegna sléttunar sem og sandfoks frá árbökkum Þjórsár.

Slétt, fremur þýft óræktað tún er á þessum slóðum.

Fyrir sunnan Pálsgarð 015 sjást víða móta fyrir götupöldrum og beinum rásum. Þetta eru ummerki gatna sem greinilega hafa verið fjölfarnar. Rásirnar eru grasivaxnar, 0,3 m á dýpt og dreifast yfir breitt svæði. Ekki er auðvelt að rekja leiðina og líklegt að fyllst hafi reglulega í paldranna vegna sandfoks frá árbökkunum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Leið 021, horft til austurs.*

**ÁR-009:022** frásögn lögn 63°50.776N 20°41.801V

Að sögn Kristjáns Ásmundssonar, heimildamanns, er látur rúmum 40 m norðvestan við Hlaðkvíar 006 og rúmum 130 m norðaustan við bæ 002. Það kemur fyrir að það sé ennþá notað.

Bakkar Þjórsár eru 2,5 m á hæð og bratt niður að ánni. Áin er djúp og rennur í þungum straum á þessum slóðum.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-009:023** frásögn lögn 63°50.635N 20°41.601V

Að sögn Kristján Ásmundssonar, heimildamanns, er látur rúma 50 m norðvestan við ferju 011 og rúma 250 m suðaustan við bæ 002. Ekki er hægt að nota það lengur vegna landbrots.

Bakkar Þjórsár eru brattir og 2,5-3 m háir á þessum slóðum.

Engin ummerki látursins sjást.

**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-010 Efri Sýrlækur

1708, 10 hdr., bændaeign. JÁM II, 165. 1847, 5 hdr., bændaeign. JJ, 54.
1708:"Þessi bærinn er tveir hlutar jarðarinnar [Sýrlækjar], en eitt fyrirsvar á báðum bæjunum. Landinu er þó öllu skift og brúkar hver sitt [...] NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót, og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra, sem nú eru milli lands og eyjar og þá skyldi hafa verið svarðfast land, og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjórsá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann, en Syðri Sýrlækur skamt uppá landið frá ánni, og síðan fluttur tvisvar og síðast þangað, sem nú er hann, altjafnt undan sandi, og síðan 15 ár að hann var fluttur seinast. Ekki sýnist þessum bæjum óhætt fyrir þessu voveiflega sandfoki, sem áeykst árlega meir og meir, og þykir líklegast, að jörðin eyðileggist af þessum sandi áður lángir tímar líða, því ekkert er bæjarstæði í landinu , ef oftar þarf að flytja bæina." JÁM II, 165. Jörðin fór í eyði árið 1966. Jörðinni er skipt í nokkra hluta. Hún er að mestu nýtt til beitar og tún slegin.
1708: "Fóðrast kann iiii kýr, viii ær, viii lömb, i hestur. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður hefur verið til eldiviðar, nú ekki brúkaður meinast og eyddur. Skóg til almenníngi ut supra. Tún er ekkert, og hefur það fordjarfað sandur, eins á báðum bæjunum. Engissins þriðji hluti er eyðilagður af sandi, og fer það árlega í vöxt að sandinn ber að bæjunum. Engjapartur liggur og útí Þjóssá, sem er ein ey og almennilega kallast Sýrlækjarbót ... Hjer hafa að fornu bæirnir staðið, vide innfra. Hætt er kvikfje stórlega fyrir holgryfjupyttum, og er það einkanlega í Efra Sýrlækjar landi." JÁM II, 165-6.



Byggt á bæjarteikningu frá 1906

**ÁR-010:001** *Efri Sýrlækur* tóftaþyrping býli 63°49.460N 20°42.892V

"NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir [sjá ÁR-011:001] hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót, og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra, sem nú eru milli lands og eyjar [sjá 002 og 011:002] [...] og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjórsá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað,



Tóft 001A, horft til norðvesturs.






Tóft 001B, horft til suðurs.




sem nú stendur hann [sjá 003]," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Í örnefnalýsingu Syðri-Sýrlækjar segir: "Bót er hólmi í Þjórsá, sameign Efri- og Syðri-Sýrlækjar. Bótarhóll, hóll í árbrúninni upp undir



Tóft 001C horft til austurs.






Tóft 001D, horf til austurs.




mörkum,". Á síðustu árum hefur farvegur Þjórsár færst til og því hægt að komast í Sýrlækjarbót þurrum fótum að mestu að vori til. Áður var það erfitt á bát sökum árinnar og hversu brattir bakkar hólmans eru. Engin beit hefur verið í Sýrlækjarbót í nokkra áratugi en þar var hrútabeit fram á 20. öld að sögn Kristjáns Ásmundssonar, heimildamanns. Þessi bær er líklega færður á 16.-17. öld ef marka má texta í Jarðabók Árna Magnússonar og



Tóft 001E, horft til norðausturs.






Tóft 001F, horft til suðvesturs.



Páls Vídalín frá 1708.

Norðausturhluti Sýrlækjarbótar er stórþýfður, mosavaxinn og mikið um kjarrgróður. Þar er lækjarfarvegur Sandlækjar en hann er uppþornaður fyrir alllöngu. Þar eru einnig hólrimar og lautir inn á milli. Suðvestur hluti hólmans er smáþýfðari og meira graslendi þar. Mikill gróður er í hólmanum og sandfok á árum áður líklega

sléttað svæðið mikið.

Á svæði sem er 225x120 m að stærð og snýr NNA-SSV eru samtals 10 tóftir sem tilheyra elsta bæjarstæði Efri



Tóft 001G, horft til norðurs.




Tóft 001H, horft til norðurs.

Sýrlækjar, í svokallaðri Sýrlækjarbót. Tóftirnar virðast í svipuðu ástandi og eins að gerð og lögun. Ekki mótar fyrir túngarði en líklega afmörkuðu lækir sem þarna runnu áður heimatúnið að hluta. Svæðið hefur tekið miklum breytingum frá því að búið var á bænum. Lækirnir eru horfnir, mikið áfok breytti landlaginu og Þjórsá braut mikið landsvæði. Tóft A er bærinn sjálfur að sögn Gísla Halldórssonar, heimildamanns. Bæjartóftin er 17x11 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er suðaustar og er 6x6 m að innanmáli. Veggirnir eru signir, 2-2,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Þeir eru stórþýðir og mosavaxnir. Op er á miðjum vesturvegg. Óljóst mótar fyrir öðru opi á norðurvegg, yfir í hólf 2. Það hólf er norðvestar í tóftinni. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Veggirnir eru eins að gerð og lögun og í hófi 1. Ekkert greinilegt op er inn í hólfið. Umhverfis tóftina mótar ekki fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum nema suðausturs, þar er 0,3 m hár bakki. Tóft B er 110 m suðvestan við bæ 001 og er útihús. Það er 4x4 m að stærð, einfalt og opið til norðurs. Veggirnir eru nánast útflattir, 0,3 m á hæð, mosavaxnir og þýfðir. Austurhluti útihússins er mun þýfðari en sá vestari og stórþýft allt þar umhverfis. Útihúsið sker sig ekki úr nánasta umhverfi sínu. Útihús C er 70 m




Tóft 001I, horft til austurs.




Tóft 001J, horft til vesturs.

suðvestan við bæ 001 og tæpum 40 m norðaustan við útihús B. Það er 4x3 m að stærð, snýr norður-suður og er einfalt. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og stórþýfðir. Op er í norðausturhorni. Útihús D er rúmum 20 m suðvestan við bæ 001 og 50 m norðaustan við útihús C. Það er 6x4 m að stærð, snýr austur-vestur og einfalt. Veggirnir eru 0,2-0-3 m á hæð og afar óskýrir sökum stórþýfis og mosa. Útihúsið er opið til vesturs og er á lágum hólrima. Útihús E er tæpum 25 m ASA við bæ 001. Það er 9x5 m að stærð, einfalt og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og 3 m breiðir. Óljóst mótar fyrir opi til suðvesturs. Útihúsið fellur vel inn í nánasta umhverfi. Útihús F er 30 m norðvestan við bæ 001. Hér er fremur um þúst en tóft að ræða. Þústin er 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Það mótar fyrir hólfi í miðri þústinni og norðurhlið þústarinnar er beinni en hinar hliðarnar. Mögulega var annað hólf til suðurs. Þústin er 0,4 m á hæð, stórþýfð og algróin. Hún er á lágum hól, 0,3-0,5 m á hæð og líklega eru uppsöfnuð mannvistarlög þar undir sverði. Útihús G er tæpum 70 m norðan við bæ 001. Það er 7x7 m að stærð og einfalt. Einungis austurveggur og hluti þess vestari eru varðveittir. Þeir eru 0,3-0,4 m á hæð, þýfðir og algrónir. Ekki er ljóst hvar op var inn í útihúsið. Uppsöfnuð mannvistarlög eru umhverfis útihúsið og fjara þau út til allra átta. Hæst eru þau 0,3 m á hæð. Útihús H er 100 m norðaustan við bæ 001. Það er 7x7 m að stærð og er nánast eins og útihús G að gerð og lögun. Einungis austurveggur og hluti þess vestari eru varðveittir. Þeir eru 0,3 m á hæð og líklega var það opið til norðurs. Útihús I er rúmum 110 m norðan við bæ 001. Það er 9x4 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er í suðvesturhorni. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, algrónir og þýfðir. Hólf 2 er norðar. Það er 3x3 m að innanmáli og ekkert skýrt op sést þar inn. Veggirnir eru eins og í hólfi 1. Allt umhverfis útihúsið eru lágir hólrimar og dældir. Útihús J er 10 m norðvestan við útihús I og 120 m norðan við bæ 001. Það er 6x4 m að stærð, einfalt og snýr austur-vestur. Það var líklega opið til vesturs. Veggirnir eru greinilegastir að utan og eru

0,3 m að hæð þar. Veggirnir eru nánast útflattir, þýfðir og algrónir.
**Hættumat:**engin hætta
**Heimildir:** JÁM II, 166, Ö-Syðri-Sýrlækur, 1.

**ÁR-010:002** *Efri Sýrlækur* bæjarhóll bústaður 63°49.489N 20°43.443V


*Bæjarhóll 002, horft til suðurs.*

"NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót (sjá 001og 011:001], og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra, sem nú eru milli lands og eyjar [sjá einnig 011:002] [...] og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjórsá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann [sjá 003]," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Að sögn Kristjáns Ásmundssonar, ábúanda í Ferjunesi, kallast þessir hólmar, sem nú eru hólar, Hnubbar. Þessi bær var í byggð á 17. öld ef marka má Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Bæjarhóllinn er rúmum 350 m suðaustan við bæ 003 og tæpum 450 m vestan við bæ 001. Ekki er vitað með fullri vissu hvort að bæirnir voru sambyggðir en sögusagnir segja að þeir hafi verið á sitthvorum hólnum en þeir eru tveir. Bær 011:002 er 210 m suðvestan við bæ 002. Farvegur Þjórsár hefur breyst á síðustu áratugum og allt umhverfis Hnubbana er þurr en jafnframt sendinn farvegur árinnar og lækjaruppsprettur.
Umhverfis bæjarhólinn er sendinn farvegur Þjórsár sem byrjaður er að gróa upp. Víðitegundir og mosi eru áberandi. Í hluta af farveginum rennur uppsprettuvatn. Það rennur um 50 m til austurs frá bæjarhólnum.
Bærinn var á náttúrulegum hól eða hólrima. Þjórsá hefur skafið af öllum hliðum hans og eru þær snarbrattar til allra átta nema suðvesturs. Einnig hefur sandur safnast þar saman. Hóllinn er 75x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hæstur til norðurs, þar eru hliðar hans 4-5 m háar og brattar. Ekki mótar skýrt fyrir mannvist en hóllinn er flatur í toppinn. Fast sunnan við hólinn er greinileg þúst. Hún er 10x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,5-1 m á hæð og algróin. Afar líklegt er að mannvist leynist þar undir sverði. Allur hóllinn sem og þústin er grasivaxinn og hvergi sést glitta í grjót eða annað sem gefur til kynna stærð bæjarhólsins eða umfang bæjahúsanna.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** JÁM II, 166;

**ÁR-010:003** *Efri Sýrlækur* bæjarhóll bústaður 63°49.638N 20°43.714V


*Bæjarhóll 003, horft til norðurs.*



"NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir [sjá ÁR-011:001] hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót, og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra, sem nú eru milli lands og eyjar [sjá 002 og 011:002] [...] og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjórsá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann [sjá 003]," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. "Efri-Sýrlækur hefur verið í eyði frá 1966 og byggingar þar eru að falla," segir í Sunnlenskum byggðum II. Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna stóðu þrjú hús á bæjarhólnum árið 1906 en ekki er til túnakort af jörðinni frekar en öðrum jörðum í hreppnum. Undir þessu númeri er skráð þriðja og síðasta bæjarhól Efri Sýrlækjar og ef marka má JÁM var það nokkuð fyrir 1709 sem hann var fluttur hingað. Bæjarhóllinn er stór og áberandi í flatlendinu. Á hólnum eru leifar húsa sem voru byggð um 1920 að sögn Kristjáns Ásmundssonar, en þá var bærinn endurbyggður á sama stað og eldri hús. Á meðan bjó heimilisfólkið í fjárhúsum 010 og er öskuhaugur 009 einu ummerki þess. Eftir að bærinn féll úr ábúð 1966 voru öll hús rifin niður. Mynd er af bæjarhúsunum í Sunnlenskum byggðum II.
Allt umhverfis bæjarhólinn er ræktað land í eigu Kristjáns og Eiríks Ásmundssona, bænda í Ferjunesi. Ræktað,

slétt tún er til austurs en byggakrar til annarra átta.
Bæjarhóllinn er 50x50 m að stærð og 2-2,5 m á hæð. Bæjarhúsin eru á sunnanverðum hólnum en greinileg uppsöfnun mannvistarlaga er einnig norðarlega í honum. Vestur- og norðurhlið bæjarhólsins eru brattar. Það má greina 5 hólf á yfirborði og hefst lýsing þessi í miðju svæðisins. Hólf 1 er bærinn sjálfur. Stafnar hans snéru til suðurs og sést grunnur timburhússins sem var reist um 1920 ennþá. Hann er 10x9 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og algrónir. Op er á miðri suðurhlið. Fast norðaustan við hólfið er op, líklega inn í annað hólf norðan við hólf 1. Það hólf er horfið en það mótar fyrir smá veggjarbroti beggja vegna við opið og líklega stétt sunnan við það. Hólf 2 og 3 tilheyra sömu tóft og eru 5 m vestan við hólf 1. Ekki er ljóst hver tengslin voru við hólf 1. Mögulega var þetta stakstætt hús sem sýnt er á bæjarteikningu danskra landmælingamanna. Tóftin er 10x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf 2 er austar. Það er 7x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir, 0,5 m á hæð. Hvergi sést glitta í grjót í þeim. Hólfið er opið til suðurs. Hólf 3 er vestar. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og algrónir. Hólfið er opið til suðurs. Til vesturs frá tóftinni er bratt niður bæjarhólinn. Hólf 4 er norðan við hólf 1 en sléttur, 7-9 m breiður jarðvegsbálkur er þar á milli. Hólfið er 10x6 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Austurhlið hólfsins er horfin og ekki skýrt hvar inngangurinn var. Veggirnir eru 2,1 m á hæð og mest má greina 9 umför grjóthleðslu í þeim. Bárujárn var greinilega í þaki, leifar þess eru jafnt inni í hólfinu sem og ofan á veggjunum. Hólf 5 er 10 m NNA við hólf 4, í enda bæjarhólsins. Þetta er líklega stakstætt hús sem sýnt er á bæjarteikningunni. Það er 10x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,5-2 m á hæð og algrónir. Víða sést glitta í grjót án þess að um skýra hleðslu sé að ræða. Op er í VNV horni. Hóflið er byggt inn í norðausturhorn bæjarhólsins og var líklega rétt eða aðhald. Garðlag 6 sést norðvestan við bæjarhólinn og líklega var það húsa- eða heygarður. Það er 42 m langt og snýr norðvestur-suðaustur. Það er 0,5 m á hæð, 1,5 m á breidd og algrónið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM II, 166; SB II, 48; Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-010:004** heimild útihús 63°49.660N 20°43.675V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 50 m norðaustan við bæ 003. Þar er hólrimi sem hefur stefnuna austur-vestur. Afar líklegt er að útihúsið hafi staðið á vesturhluta rimans. Það er horfið sökum túnasléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-010:005** tóft+garðlag kálgarður 63°49.624N 20°43.708V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var stakstæður kálgarður fast sunnan við bæ 003, einungis bæjarhlaðið var á milli. Vesturhluti kálgarðsins er enn varðveittur, hluti af suðurhlið og sambyggt útihús sem ekki er sýnt á bæjarteikningunni. Það er lílega yngra.
Bæjarhóll 003 er norðan við kálgarðinn en sléttir byggakrar og tún til annarra átta.
Á bæjarteikningunni er kálgarðurinn L-laga og afmarkaði svæði sem er 50x40 m að stærð og snýr ANA-VSV. Nú er einungis vesturhlið kálgarðsins varðveitt og hluti af suðurhlið. Að öðru leiti er kálgarðurinn horfinn í slétt tún. Sá hluti kálgarðsins sem er varðveittur er 17x15 m og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,6 m á hæð, 1 m á breidd og algrónir. Hvergi sést glitta í grjót í þeim. Veggirnir eru lægri innan kálgarðsins og meiri jarðvegur þar. Ekki sér þó til beða. Sambyggt útihús er í austurenda suðurhliðar kálgarðsins. Það er 5x5 m að stærð, einfalt og opið til suðurs, út úr kálgarðinum og um leið heimatúninu eins og það er afmarkað á bæjarteikningunni. Veggirnir eru 0,6 m að hæð að utan og algrónir. Að innan er tóftin full af jarðvegi og óskýr.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-010:006** hús útihús 63°49.596N 20°43.722V
Útihús er 80 m sunnan við bæ 003 og 40 m norðan við malarveg að bæjum í Gaulverjabæjarhreppi. Það er ekki sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og er líklega yngra. Það er byggt með fornu verklagi og því skráð með fornleifum þó að það kunni að vera á mörkum þess að teljast til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna. Útihúsið hefur verið uppistandandi frá því að Kristján Ásmundsson, bóndi í Ferjunesi, man eftir sér en hann er fæddur 1937. Tóftin er rétt utan



*Útihús 006, horft til SSA.*



gamla heimatúnsins líkt og það er afmarkað á bæjarteikningunni.
Allt umhverfis útihúsið er sléttur byggakur.
Útihúsið er 6x6 m að stærð og mænirinn ennþá uppistandandi. Timburstoðir eru í þakinu, bárujárn þar yfir og loks torf. Hluti af þaki er niðurfallinn. Dyr eru á norðurhlið og eru þær 1,3 m á hæð. Lofthæðin inni í útihúsinu er 1,5 m. Að utan eru veggirnir algrónir og 1 m á hæð. Að innan má greina 5-6 umför grjóthleðslu í þeim.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-010:007** garðlag túngarður 63°49.717N 20°43.857V


*Túngarður 007, horft til vesturs.*

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýndur túngarður umhverfis gamla heimatúnið. Á yfirborði má ennþá greina hluta af vestur- og norðurhlið hans, þó líklega aðra útfærslu en sýnd er á bæjarteikningunni. Vesturhliðin er jafnframt á landamerkjum við Syðri Sýrlæk ÁR-011.
Slétt tún og byggakrar eru allt umhverfis túngarðinn.
Túngarðurinn er varðveittur á svæði sem er 345x320 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hliðarnar eru varðveittar í bútum og víða eru skörð í þeim sökum túnasléttunar, girðinga og túnslóða. Túngarðurinn er 0,4-0,7 m á hæð og breiðastur um 2 m. Hann er algróinn og líklega torfhlaðinn. Hvergi sést glitta í grjót þar sem rof er í túngarðinum. Girt er ofan á hluta túngarðsins með gaddavír.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-010:008** tóft+garðlag kvíar 63°49831N 20°43621V
Að sögn Kristjáns Ásmundssonar, heimildamanns, var nátthagi og líklega kvíar tæpa 350 m norðan við bæ 003 og 60 m norðaustan við öskuhaug 009. Áveituskurður liggur þvert í gegnum nátthagann og hefur hann raskað honum töluvert. Minjar eru beggja vegna við skurðinn.


*Tóft 008A, horft til suðurs.*




Óræktað tún er allt umhverfis nátthagann. Það er gróið og flatt. Áveituskurðurinn er 7 m breiður og mikið vatn í honum. Austan við skurðinn er sumarbústaður og afgirt svæði umhverfis hann.
Nátthaginn og sambyggðar kvíar nær yfir svæði sem er 73x46 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Var hvoru mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Nátthagi A er 56x46 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Áveituskurður Flóaáveitunnar liggur þvert í gegnum hann. Veggir eru algrónir og 0,5 m á hæð. Það glittir víða í grjót án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Op inn í nátthagann er í suðausturhorni og annað til norðurs, fast vestan við kvíar B. Aðrekstrargarður liggur til norðvesturs frá því opi. Hann er 15 m langur og eins og gerð að lögun og hliðar nátthagans. Á loftmynd má greina hólf innan nátthagans sem ekki var greinilegt á yfirborði. Það er í austurhluta nátthagans, austan áveituskurðarins. Ekki er beit á því svæði og það innan sumarbústaðargirðingar. Hólfið liggur meðfram austurhliðinni endilangri og virðist vera 30x4 m að stærð. Kvíar B eru í norðvesturhluta nátthaga A. Þær eru 8x8 m að stærð, einfaldar og eru við norðurhlið nátthagans sem fyrr segir. Kvíarnar eru greinilegastar til norðurs en til suðurs afmarkast þær af þýfðum bakka. Op er í austurhorni kvíanna og aðrekstrargarður þar. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og algrónir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-010:009** öskuhaugur bústaður 63°49.804N 20°43.672V
Að sögn Kristjáns Ásmundssonar, ábúanda í Ferjunesi og eiganda að hluta lands Efri Sýrlækjar, kom öskuhaugur í ljós þegar hann var að slétta tún fyrir allmörgum árum. Hann var 4-5 fermetrar að stærð og þunnur. Þarna var ösku, járn, gler og leirker að finna. Kristján týndi þetta allt upp og á ennþá. Kristján taldi öskuhauginn vera úr fjárhúsum 010 þar sem heimilisfólkið bjó í veturinn 1920-1921 meðan verið var að endurbyggja bæjarhúsin. Skrásetjari sá þessa muni og tímasetningu þeirra passa vel við tímabilið, þ.e. að þeir séu frá upphafi 20. aldar. Öskuhaugurinn var 320 m norðan við bæ 003.
Sléttur byggakur er á þessum slóðum.
Engin ummerki öskuhaugsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-010:010** frásögn fjárhús 63°49.788N 20°43.630V

Að sögn Kristjáns Ásmundssonar, ábúanda í Ferjunesi og eiganda að hluta Efri Sýrlækjar, voru fjárhús 300 m norðan við bæ 003 og 50 m austan við öskuhaug 009. Fjárhúsin féllu úr notkun um 1950 og rifin niður fljótlega eftir það. Öll ummerki þeirra eru horfin. Búið var í fjárhúsum veturinn 1920-21 meðan verið var að endurbyggja bæinn.

Sléttir byggakrar og vélgrafnir skurðir eru nú á þessum slóðum.

Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirboði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-010:011** brunnur brunnur 63°49.650N 20°43.703V

Brunnur er rúmum 20 m norðaustan við bæ 003, rétt austan við bæjarhólinn. Að sögn Kristjáns Ásmundssonar, heimildamanns, var hann hlaðinn en hann mundi ekki hversu djúpur hann er. Búið er að fylla upp í brunninn en hann er ennþá varðveittur undir sverði. Búið er að loka opi hans með bárujárni og stórgrýti.

Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis brunninn.

Umhverfis brunnopið er upphækkun, líklega undirstöður brunnhúss. Upphækkunin er 5x3 m að stór, 0,6 m á hæð og snýr norður-suður. Upphækkunin er hæst til norðvesturs en fjarar út til annarra átta. Brunnopið er syðst en sem fyrr sagði hulið bárujárni og hraungrýti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Brunnur 018, hroft til ASA.*

**ÁR-010:012** tóft fjárhús 63°49.673N 20°43.817V

Fjárhús eru 100 m norðvestan við bæ 003 og 120 m vestan við útihús 004. Þau eru ekki sýnd á Bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 en eru rétt utan gamla heimatúnsins eins og það er afmarkað þar. Fjárhúsin eru byggð inn í hólrima til norðausturs.

Sléttir byggakrar eru allt umhverfis fjárhúsin.

Fjárhúsin eru 34x16 m að stærð, snúa norðvestur-suðaustur og skiptast í 5 hólf. Lýsing þessi hefst í hólfi 1 í miðju fjárhúsanna. Hólfið er 20x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 1,5-2 m á hæð og mest má greina 7 umför grjóthleðslu í þeim. Suðurhluti veggjanna er steinsteyptur. Bárujárnsþak er yfir öllu hólfinu og er lofthæð um 2,5 m. Steinsteyptur garði liggur eftir hóflinu endilöngu. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 10x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og algrónir að utan. Erfitt er að sjá gerð þeirra inni í hólfinu, þakhrun fyllir það að mestu. Op er á miðjum suðurvegg. Hólf 3 er norðvestan við hólf 2. Það var hlaða. Innanmál hólfsins er 12x8 m og snýr það ANA-VSV. Veggirnir eru 2 m á hæð og má greina 7 umför grjóthleðslu í þeim. Grunnflötur hlöðunnar er 1 m lægri en í hinum hólfunum. Ekki er skýrt op inn í hlöðuna, þakið er fallið niður og hún full af timburbraki og bárujárni. Hólf 4 er norðvestan við hólf 3. Það er 6x6 m að innanmáli. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og má greina 5 umför grjóthleðslu í þeim. Ofan á þeim eru þaksteinar, undir stoðir. Að innan er hólfið fullt af þakhruni. Tvenn op eru á hólfinu, eitt í norðausturhorni og annað á vesturvegg. Hólf 5 er ANA við hólf 1. Það er afar óskýrt en líklega 5x5 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og algrónir. Op er í suðausturhorni. Bárujárn og þakhrun fyllir hólfið að innan.



*Fjárhús 012, horft til vesturs.*



**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-010:013** garðlag vörslugarður 63°49.967N 20°47.187V



*Garðlag 013, horft til norðausturs.*

Hlaðið garðlag er rúma 720 m norðaustan við bæ 003 og rúma 220 m vestan við vað 015. Það liggur eftir hólrima í óræktuðu túni en ekkert er vitað um í hvaða tilgangi það var hlaðið en líklegast verður að telja að það hafi verið vörslugarður, vegur eða jafnvel hlaðið undir girðingu. Garðlagið er sigið en jafnframt þráðbeint sem bendir til þess að það sé ekki mjög fornt.

Slétt, óræktað tún. Túnið hækkar til vesturs með lágum hólrimum.

Garðlagið sést á 230 m löngum kafla og snýr norðaustur-suðvestur. Það er 4-5 m á breidd, 0,4 m á hæð algróið og smáþýft. Ekki sér móta fyrir efnistöku meðfram garðlaginu.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-010:014** tóft fjárskýli 63°49.498N 20°43.086V

Í Sýrlækjarbót er fjárborg rúmlega 170 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 300 m austan við bæ 002. Að sögn Gísla Halldórssonar, heimildamanns, var bótin nýtt fyrir lausagöngu hrúta fram á miðja 20. öld. Hún var slegin eitthvað lengur að hans sögn. Kristján Ásmundarson, ábúandi í Ferjunesi, telur fjárborgina vera frá því um 1900 og notuð fyrir hrútana. Rúmum 30 m vestan við fjárborgina er trjálundur. Grenitrjám var plantað þar á brún bótarinnar og sjást þau víða að.



*Fjárborg 014, horft til ASA.*




Stórþýfður og gróinn mói er allt umhverfis fjárborgina.

Fjárborgin er 5x5 m að stærð og hringlaga. Hún er vel varðveitt og stendur enn óröskuð. Fjárborgin er torfhlaðin og veggirnir eru 1,2-1,4 m á hæð. Ekki er þak á fjárborginni og hefur líklega aldrei verið. Hún er opin til VSV og þar er einnig hleðsla til að auðvelda innrekstur sauðfjár. Hleðslan er eins að gerð og fjárborgin og er 3 m löng. Þýft er inni í fjárborginni og algróið. Meðfram útveggjum er 0,2-0,3 m hár torfhlaðinn bakki. Tilgangur hans er óljós en mögulega er þetta eldra byggingarstig fjárborgarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-010:015** frásögn vað 63°.50008N 20°42.836V



*Sandlækjarvað 015, horft til norðausturs.*

Að sögn Gísla Halldórssonar, heimildamanns, var Sandlækjarvað notað á þjóðleið 611:008. Vaðið er 1 km norðaustan við bæ 003 og tæpum 30 m austan við þjóðveg að bæjum suðaustar í hreppnum. Sandlækur er uppþornaður en rekja má farveg hans allt í Sýrlækjarbót. Þar rann hann norðan við bæ 001. Farvegurinn kemur aftur í ljós þegar árbökkum og gömlum farvegi Þjórsár sleppir. Gísli man eftir læknum sem og vaðinu. Leiðin var rudd á þessum slóðum og var bílfær áður en núverandi vegur var lagður um 1950. Þjóðleiðin sést beggja vegna að vaðinu og áberandi. Lækjarfarvegurinn er breiður þar sem vaðið liggur yfir hann og grynningar voru í læknum á þessum slóðum. Núverandi vegur er rúmum 20 m sunnan við vaðið.

Allt umhverfis vaðið er gróinn mói með hólum og lægðum. Greinilegt er að sandfok er og var á þessum slóðum.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ÁR-010:016** tóft beitarhús 63°50.140N 20°44.049V

Beitarhús er rúmum 950 m NNV við bæ 003 og rúmum 750 m norðvestan við garð 013. Tæpum 100 m austan við beitarhúsin er áveituskurður og flóðgarðar Flóaáveitunnar víða. Að sögn Kristjáns Ásmundssonar, heimildamanns, var brunnur við beitarhúsin en skrásetjari varð hans ekki var á vettvangi.



Beitarhús 016, horft til norðurs.




Stórþýður mói með mýrardælum hér og þar umlykur beitarhúsin. Þau eru á rimabarði en skera sig lítt úr nánasta umhverfi og eru fremur lágreist.

Tóftin er 20x7 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Lýsingin hefst í syðra hólfinu, hólfi 1. Það er 9x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru grasivaxnir og stórþýfðir. Þeir eru 0,4-0,7 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Ekki er greinilegt op inn í hólfið en mögulega voru þau á miðjum suður- og austurvegg. Þýfður bakki liggur eftir norðurhluta hólfsins en tilgangur hans er óljós. Hólf 2 er norðar. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Líklega er op í suðausturhorni. Veggirnir eru stórþýfðir og algrónir. Þeir eru 0,5 m á hæð. Fast umhverfis tóftina er grasivaxið og fremur slétt svæði, mögulega sökum efnistöku við gerð hennar.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-010:017** heimild landamerki 63°49.736N 20°44.581V

Landamerki 1887: "Landamerki jarðarinnar Efri-Sýrlækjar byrja á vörðunum tveimur á milli Sýrlækjanna, sem miðast í Skálafell beina stefnu í vörðu þá [sjá 018], sem er við gamla Skúfslækjarfarveg, [...]". Ekki er vitað hvar vörurnar voru nákvæmlega eða hversu langt var á milli þeirra. Miðað við lýsinguna þá voru þær á merkjum vestan við bæ 003. Þar eru nú vélgrafnir skurðir og slétt, grasivaxin tún. Líklega eru öll ummerki þeirra horfin.

Engin ummerki um vörðurnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerki Efri-Sýrlækjar 1887 no. 180.

**ÁR-010:018** heimild landamerki 63°49.867N 20°45.028V

Landamerki 1887: "Landamerki jarðarinnar Efri-Sýrlækjar byrja á vörðunum tveimur [sjá 017] á milli Sýrlækjanna, sem miðast í Skálafell beina stefnu í vörðu þá, sem er við gamla Skúfslækjarfarveg, og er það hornmarksvarða milli syðri og Efri-Sýrlækjarlanda, en hliðarmark fyrir Mírarlandi." Varðan er horfin af yfirborði sökum skurðgerðar. Þar sem varðan var koma saman áveituskurður Flóaáveitunnar sem grafinn var í farveg Sýrlækjar og vélgrafinn skurður á merkjum Efri- og Syðri-Sýrlækjar. Varðan var 1,2 km VNV við bæ 003.

Stórþýfður mói með mýrardælum er á þessum slóðum.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirboði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerki Efri- Sýrlækjar 1887 no. 180.

**ÁR-010:019** garðlag landamerki 63°50.121N 20°44.402V

Landamerki 1887: " frá þeirri vörðu [sjá 018] ræður á milli Mírarlands og Efri-Sýrlækjar lækjarfarvegurinn upp í Stóraflóð, sem er framan undir Egilsstaðaítaki (Egilsstaðaítak er tekið úr Efri-Sýrlækjar landaeign fyrir hrossabeit á Egilsstöðum). Við Stóraflóð stendur varða á Garðleggsbroti, frá þeirri vörðu ræður Garðleggurinn beina stefnu á Ferju-nes [sjá ÁR-009), [...]". Miðað við þessa lýsingu áttu Egilsstaðir (sjá ÁR-005] nyrsta hluta Efri-Sýrlækjarlands og það afmarkað með fyrrnefndum Garðlegg að sunnan. En lækjarfarvegur Skúfslækjar sem talað er um hér ofar er horfinn í áveituskurð. Norðarlega í engjum Efri-Sýrlækjar er garðlag sem tilheyrir ekki Flóaáveitunni, gerð þess er allt önnur og líklega um fyrrnefndan Garðlegg að ræða. Hann er rúmum 1 km norðan við bæ 003.

Garðlagið er í stórþýfðum móa með mýrardælum víða. Án frekari



Garðlag 019, horft til ANA.

upplýsinga er ekki hægt að vita hver þeirra er fyrrnefnt Stóraflóð og svæðið hefur tekið miklum breytingum eftir að Flóaáveitan var gerð.
Garðlagið er 410 m langt og snýr ANA-VSV. Það er 0,3-0,5 m á hæð, 1 m á breidd og algróið. Hvergi glittir í grjót eða greinilegar hleðslur. Ekki sér heldur fyrir rennu meðfram garðlaginu. Garðlagið er stórþýft og horfið á köflum. Það er 1-1,5 m á breidd og á einum stað fer vélgrafinn skurður þvert í gengum það. Ekki sér til vörðu á garðlaginu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Landamerki Efri- Sýrlækjar 1887 no. 180.

**ÁR-010:020** heimild landamerki
Landamerki 1887: "Við Stóraflóð stendur varða [sjá 019] á Garðleggsbroti, frá þeirri vörðu ræður Garðleggurinn beina stefnu á Ferju-nes, þar til kemur að vörðu, sem stendur á Flóðbakka. Sú varða er hliðarmark á milli Egilsstaða ítaks og Efri-Sýrlækjar,". Ekki er vitað hvar varðan var né fyrrnefndur Flóðbakki. Hér er þó líklega verið að tala um mýrardæl eða mýrlendi. Ekki er hægt að staðsetja vörðuna án frekari heimilda.
**Heimildir:** Landamerki Efri-Sýrlækjar 1887 no. 180.

**ÁR-010:021** heimild landamerki
Landamerki 1887: "Við Stóraflóð stendur varða [sjá 019] á Garðleggsbroti, frá þeirri vörðu ræður Garðleggurinn beina stefnu á Ferju-nes, þar til kemur að vörðu, sem stendur á Flóðbakka [sjá 020]. Sú varða er hliðarmark á milli Egilsstaða ítaks og Efri-Sýrlækjar; frá þeirri vörðu ræður bein stefna í Forsæti þar til Syðri-Grófarland tekur við. Þar er hornmarksvarða (á milli Efri-Sýrlækjarlands og Egilsstaða ítaks og hliðarmark fyrir Syðri-Grófarlandi) sem stendur á Skúfslækjarbakka." Ekki er vitað hvar varðan var nákvæmlega. Skúfslækur er komin í áveituskurð en gamli farvegurinn hlykkjast beggja vegna hans. Ekki er hægt að staðsetja vörðuna án frekari heimilda.
**Heimildir:** Landamerki Efri- Sýrlækjar 1887 no. 180.

**ÁR-010:022** heimild landamerki
Landamerki 1887: "Hjer að auki er eyja úti í Þjórsá [...] Í henni eru mörk sem hjer segir: Það eru þrjár vörður sem miðast í beinni stefnu á milli Skálafells og fremst í tánna á Eyjafjallajökli." Samkvæmt Gísla Halldórssyni, heimildamanns átti Efri-Sýrlækur 2/3 hluta bótarinnar og Syrði-Syðrisýrlækur 1/3. Hvar vörðurnar voru er ekki vitað en þær voru líklega í suðausturhlutanum.
**Heimildir:** Landamerki Efri- Sýrlækjar 1887 no. 180.

**ÁR-010:023** heimild mógrafir
"Torfrista og stunga bjargleg. Móskurður hefur verið til eldiviðar, nú ekki brúkaður, meinast og eyddur." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ekki eru þekkt nein mótekjusvæði í landi Efri Sýrlækjar en landslag hefur þar tekið miklum breytingum. Bæði hefur landslagið breyst sökum uppblásturs og mýrlendi þornað. Fyrir norðan og norðvestan bæ 003 eru framræstar mýrar og ekki ólíklegt að þar hafi verið tekinn mór. Þetta er ekki hægt að staðfesta án frekari upplýsinga.
**Heimildir:** JÁM II, 165

## ÁR-011 Syðri Sýrlækur

1708, 5 hdr., bændaeign. JÁM II, 165, 1847, 5 hdr., bændaeign. JJ, 54

1708: "Þriðjungur af Efri Sýrlæk, vide infra ... NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót, og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra, sem nú eru milli lands og eyjar og þá skyldi hafa verið svarðfast land, og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjóssá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann, en Syðri Sýrlækur skamt uppá landið frá ánni, og síðan fluttur tvisvar og síðast þangað, sem nú er hann, altjafnt undan sandi, og síðan 15 ár að hann var fluttur seinast. Ekki sýnist þessum bæjum óhætt fyrir þessu voveiflega sandfoki, sem áeykst árlega meir og meir, og þykir líklegast, að jörðin eyðileggist af þessum sandi áður lángir tímar líða, því ekkert er bæjarstæði ílandinu , ef oftar þarf að flytja bæina." JÁM II, 165. Ekki er lengur föst ábúð á jörðinni, hún er nýtt til þökugerðar og hrossabeitar.

1708: "Fóðrast kann iii kýr, x ær, vi lömb, i hestur... Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður hefur verið til eldiviðar, nú ekki brúkaður meinast og eyddur. Skóg til almenníngi ut supra. Tún er ekkert, og hefur það fordjarfað sandur, eins á báðum bæjunum. Engissins þriðji hluti er eyðilagður af sandi, og fer það árlega í vöxt að sandinn ber að bæjunum. Engjapartur liggur og útí Þjóssá, sem er ein ey og almennilega kallast Sýrlækjarbót ... Hjer hafa að fornu bæirnir staðið, vide innfra. Hætt er kvikfje stórlega fyrir holgryfjupyttum, og er það einkanlega í Efra Sýrlækjar landi." JÁM II, 165-6.

Bæjarteikning Syðri-Sýrlækjar ÁR-011




Byggt á bæjarteikningu frá 1906

**ÁR-011:001** *Syðri Sýrlækur* bæjarhóll bústaður 63°49.323N 20°43.248V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót [sjá 010:001], og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra [sjá 010:002 og 002], sem nú eru milli lands og eyjar og þá skyldi hafa verið svarðfast land, og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjóssá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann [sjá 010:003], en Syðri Sýrlækur skamt uppá landið frá ánni [sjá 003], og síðan fluttur tvisvar [sjá 004 og 005] og síðast þangað, sem nú er hann, altjafnt undan sandi, og síðan 15 ár að hann var fluttur seinast," Í örnefnalýsingu Syðri-Sýrlækjar segir: "Bót er hólmi í Þjórsá, sameign Efri- og Syðri-Sýrlækjar." Bæjarhóll Syðri-Sýrlækjar er ennþá varðveittur í Sýrlækjarbót. Bærinn var sunnarlega í bótinni en 1/3 hluti hennar var í eigu Syðri Sýrlækjar. Fast sunnan við bæjarhólinn eru nokkur birkitré. Þetta bæjarstæði var í notkun fram á 16.-17. öld ef marka má Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708.





*Bæjarhóll 001, horft til ANA.*

Í Sýrlækjarbót er stórþýfður mói. Þar vex kjarr og mikið um lautir, rima og þurra lækjarfarvegi.

Tvær tóftir og bæjarhóll eru á þessum stað og ná yfir svæði sem er 110x25 m og snýr norður-suður. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Bæjarhóll A er 20x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er greinilegur til austurs en fjarar út til vesturs og norðurs. Hóllinn er 0,5 m á hæð og sléttur að ofan. Bæjarhóllinn er á náttúrulegum hólrima og gamall farvegur Sýrlækjar rennur fyrir sunnan og austan rimann. Suðurhluti Sýrlækjarbótar er sléttari, minna gróinn og áhrif sandfoks meiri en í norðurhlutanum að sögn Gísla Halldórssonar, heimildamanns. Ein áhrif þess eru hversu illa bæjarhóllinn er varðveittur og lítið af mannvist sést á yfirborði. Heystæði er í suðurhluta hólsins og tengist það líklega hrútabeit sem var í bótinni allt fram á miðja síðustu öld [sjá 010:001]. Heystæðið er líklega mun yngra en bærinn. Það er 10x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og ekkert op sjáanlegt. Veggirnir eru 0,6-1,1 m á hæð að utan og algrónir. Að innan eru veggirnir 0,3 m á hæð og mikil jarðvegsþykknun þar. Til norðvesturs og SSA frá heystæðinu eru hleðslur en tilgangur þeirra er óljós. Mögulega eru þær til að skýla sauðfé eða að fleiri hólf hafi verið hér en þau horfin af yfirborði. Að sögn Kristján Ásmundssonar, heimildamanns, var brunnur hér en skrásetjari varð hans ekki var á vettvangi. Tóft B er rúmum 100 m norðan við tóft A. Þetta var útihús. Tóftin er 9x5 m að stærð, snýr NNV-SSA og greina má tvö hólf. Austast í tóftinni er hólf 1. Það er 4x4 m að innanmáli og opið til vesturs. Veggirnir eru algrónir og þýfðir. Norðurhluti hólfsins er greinilegastur, þar eru veggirnir 0,7 m á hæð en annars eru þeir lægstir 0,3 m. Hólf 2






*Útihús 001B, horft til ANA.*

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM II, 166

**ÁR-011:002** *Syðri-Sýrlækur* bæjarstæði bústaður 63°49.397N 20°43.590V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót [sjá 001 og 010:001], og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra [sjá 010:002], sem nú eru milli lands og eyjar og þá skyldi hafa verið svarðfast land, og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjóssá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann [sjá 010:003], en Syðri



*Bæjarhóll 002, horft til SSV.*

Sýrlækur skamt uppá landið frá ánni [sjá 003, og síðan fluttur tvisvar [sjá 004 og 005] og síðast þangað, sem nú er hann, altjafnt undan sandi, og síðan 15 ár að hann var fluttur seinast. Bæjarhóllinn er í svokölluðum Hnubbum, einnig kallaður Bótarhóll. Hann er rúmum 300 m norðvestan við bæ 001 og 750 m austan við bæ 004. Umhverfis bæjarhólinn er sendinn farvegur Þjórsár sem byrjaður er að gróa upp. Víðitegundir og mosi eru áberandi. Í hluta af farveginum rennur uppsprettuvatn um 50 m til austurs frá bæjarhólnum.
Hóllinn er 40x10 m að stærð og snýr SSV-NNA. Austurhlið hans er snarbrött og 4-5 m á hæð. Þjórsá hefur greinilega tekið þar mikið af honum. Hóllinn fer lækkandi til SSV og vesturs. Hvergi mótar fyrir greinilegum uppsöfnuðum mannvistarlögum.
**Hættumat:** hætta, vegna landbrots
**Heimildir:** JÁM II, 166

**ÁR-011:003** *Syðri-Sýrlækur* heimild bústað
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót [sjá 001 og 010:001], og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra [sjá 010:002 og 002], sem nú eru milli lands og eyjar og þá skyldi hafa verið svarðfast land, og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjóssá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann [sjá 010:003], en Syðri Sýrlækur skamt uppá landið frá ánni, og síðan fluttur tvisvar [sjá 004 og 005] og síðast þangað, sem nú er hann, altjafnt undan sandi, og síðan 15 ár að hann var fluttur seinast." Ekki er vitað nákvæmlega hvar skammt frá ánni bærinn stóð og er bæjarstæðið týnt. Engin ummerki hans sjást á yfirborði né hefur fundist neitt sem gefur staðsetningu hans til kynna. Líklega var búsetan hér stutt. Milli bæjarstæðis 002 og 005 eru slétt, grasivaxin tún.
**Heimildir:** JÁM II, 166

**ÁR-011:004** *Syðri-Sýrlækur* heimild bústað
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót [sjá 001 og 010:001], og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra [sjá 010:002 og 002], sem nú eru milli lands og eyjar og þá skyldi hafa verið svarðfast land, og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna. Síðan braust Þjóssá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann [sjá 010:003], en Syðri Sýrlækur skamt uppá landið frá ánni [sjá 003], og síðan fluttur tvisvar [sjá einnig 005] og síðast þangað, sem nú er hann, altjafnt undan sandi, og síðan 15 ár að hann var fluttur seinast." Ekki er vitað nákvæmlega hvar bærinn stóð en engin ummerki hans sjást á yfirborði. Milli bæjarstæðis 002 og 005 eru slétt, grasivaxin tún.
**Heimildir:** JÁM II, 166

**ÁR-011:005** *Syðri-Sýrlækur* bæjarhóll bústaður 63°49.370N 20°44.484V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "NB. Þessi jörð Sýrlækur eður Sýrlækir hafa fyrst staðið í Sýrlækjarbót [sjá 001], og þaðan verið færðir í manna minni upp í hólma nokkra, sem nú eru milli lands og eyjar og þá skyldi hafa verið svarðfast land, og sjást enn byggíngarmerki til hvoru tveggja bæjanna [sjá 002 og 010:002]. Síðan braust Þjóssá í gegnum landið, og rennur þar nú sá partur árinnar, sem yfir er að sækja til eyjarinnar. Þaðan voru bæirnir aftur færðir undan ánni, Efri Sýrlækur þángað, sem nú stendur hann [sjá 010:003] en Syðri Sýrlækur skamt uppá landið frá ánni [sjá 003], og síðan fluttur tvisvar [sjá 004] og síðast þangað, sem nú er hann, altjafnt undan sandi, og síðan 15 ár að hann var fluttur seinast." Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 eru sýnd tvö hús á bæjarhólnum. Bær 005 er tæpum 750 m vestan við bæ 002 og rúmum 1 km vestan við bæ 001. Yngsta íbúðarhúsið á jörðinni er byggt í miðjan bæjarhólinn. Ekki er föst ábúð á jörðinni heldur er hún nýtt til hrossabeitar og túnþökuframleiðslu.



*Bæjarhóll 005, horft til VNV.*

Malarplan er fyrir norðan og norðvestan bæjarhólinn en gróin bakgarður til suðurs.
Bæjarhóllinn er 42x18 m og snýr austur-vestur. Norðausturhluti hans er undir íbúðarhúsi sem var byggt 1944 og stækkað 1964. Húsið er með kjallara en Ásgeir Gunnlaugsson, heimildamaður, kannaðist ekki við að mannvistarleifar hafi komið upp við byggingu þess. Viðbyggingin er ekki með kjallara. Austan við húsið eru uppsöfnuð mannvistarlög. Þar er bæjarhóllinn 1-1,5 m á hæð og sléttur. Austur- og suðurhliðar hólsins eru brattar. Miltisbrandur er í norðvesturhorni upphækkunarinnar og staðurinn merktur með hvítum staur. Sunnan við íbúðarhúsið er bæjarhóllinn 0,5 m á hæð. Mikið rask er á norðurhluta hans. Þar er malarplan, steinsteypt

útihús og mikið jarðrask.
**Heimildir:** JÁM II, 166; Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-011:006** *Grænhóll* bæjarstæði bústaður 63°49.110N 20°44.309V
"Grænhóll, gömul bæjarrúst ofan við Selpartsmörk [sjá ÁR-085], norðan við veginn," segir í örnefnalýsingu.


*Bæjarstæði 006, horft til norðurs.*

Grænhóll er 500 m sunnan við bæ 005 og 470 m suðaustan við Bala 011. Gaulverjabæjarvegur liggur yfir suðausturhluta bæjarhólsins. Grænatóft er ekki talin upp í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 og líklega yngri. Vel mætti hugsa sér að bær 004 hafi staðið hér áður en Grænhóll byggðist upp. Það þarf þó ítarlegri rannsóknir til að staðfesta það.
Gaddavírsgirðing liggur yfir norðurhluta bæjarhólsins og reiðgötur yfir þann syðri. Hlið á girðingunni er við norðvesturhorn hólsins.
Bæjarhóllinn er 18x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er 0,5 m á hæð, grasivaxinn og sléttur. Greinilegt er að tóftir hafa verið jafnaðar út á bæjarhólnum og efsti hluti hans niðurskafinn. Einnig er líklegt að lagning Gaulverjabæjarvegar um 1950 hafi raskað hólnum. Ekki mótar fyrir neinni hólfaskiptingu né hleðslugrjóti.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ö-Syðri-Sýrlækur, 1.

**ÁR-011:007** *Stekkurinn* tóft+garðlag stekkur 63°49.604N 20°44.436V


*Stekkur 007, horft til norðausturs.*



"Stekkurinn [er] uppi í mýri, norðaustur af bænum, nærri Efri-Sýrlækjarmörkum," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er tæpa 450 m norðan við bæ 005 og 350 m norðan við útihús 009. Fast sunnan við stekkinn er vélgrafinn skurður.
Stekkurinn er í óræktuðu túni, milli tveggja vélgrafinna skurða. Áveitugarðar Flóaáveitunnar eru víða umhverfis og greinilegt að svæðið var mýrlent áður en það var framræst.
Stekkurinn er 8x5 m að stærð, einfaldur og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3-0,7 m á hæð og líklega torfhlaðnir. Hvergi sést glitta í hleðslugrjót. Op er í suðvesturhorni. Til austurs og norðurs frá stekknum sjást uppsöfnuð mannvistarlög, 0,4 m á hæð. Áveitugarður liggur fast við norðurenda stekksins, upp að mannvistarlögunum en fer ekki yfir þau. Renna er meðfram norðurhlið áveitugarðsins.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Syðri-Sýrlækur, 1.

**ÁR-011:008** heimild kálgarð 63°49.365N 20°44.497V
Kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, fast sunnan og vestan við bæ 005. Á bæjarteikningunni sést sambyggt útihús í norðvesturhorni kálgarðsins. Kálgarðurinn skiptist í þrjú hólf.
Þar sem kálgarðurinn var er gróinn bakgarður íbúðarhússins á Syðri-Sýrlæk til suðurs og vesturs. Til norðvesturs eru útihús frá 20. öld og afar ólíklegt að ummerki um eldra útihúsið séu varðveitt undir sverði þar.
Engin ummerki útihúss eða kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-011:009** heimild túngarð 63°49.417N 20°44.440V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 afmarkaði túngarður allar hliðar gamla heimatúnsins. Einungis norðurhliðin var hlaðin að hluta og líklega var mýrardæla notuð þar til afmörkunar túnsins. Að sögn Ásgeirs Gunnlaugssonar, heimildamanns, var túngarðurinn torfhlaðinn en hann var sléttaður út á síðustu öld. Sambyggt túngarði var útihús 100 m norðan við bæ 001. Ásgeir mundi ekki eftir útihúsinu.
Óræktað tún er norðan og suðvestan við áætlaða legu túngarðsins. Ræktuð tún eru allt til suðurs.
Útihúsið er horfið af yfirborði sem og túngarðurinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-011:010** frásögn mógrafir 63°49.433N 20°44.485V
Mógrafir voru í mýrinni norðan við bæ 005 að sögn Ásgeirs Gunnlaugssonar, heimildamanns. Mógrafirnar voru 130 m norðan við bæ 001, rétt utan túngirðingar. Nú (2012) er búið að fylla upp í þær og ummerki þeirra horfin. Þar sem mótekjan fór fram er óræktað tún sem nýtt er til hrossabeitar. Í miðju túninu er blautur mýrarpollur sem hugsanlega gætu verið ummerki mótekjunnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-011:011** *Bali* heimild býli 63°49.275N 20°44.745V
"Bali, býli, er stóð vestan við bæinn [005], en er nú út jafnað," segir í örnefnalýsingu. Bali er tæpum 300 m vestan við bæ 005 og rúmum 450 m norðvestan við Grænhól 006. Bæjarhóll Bala er horfinn og búið að slétta tóftir býlisins fyrir löngu að sögn Ásgeirs Gunnlaugssonar, heimildamanns. Brunnur var við býlið og lengi sást hola í túninu þar sem hann var en nú er hún horfin í rask vegna túnþökuvinnslu.
Slétt, grasivaxið tún nýtt til þökuvinnslu er á þessum slóðum. Hólrimar og lágar lautir eru hér og þar.
Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Syðri-Sýrlækur, 1.

**ÁR-011:012** frásögn mógrafir 63°49.632N 20°45.009V
Að sögn Ásgeirs Gunnlaugssonar, heimildamanns, voru mógrafir í mýrinni norðan við bæ 005 sem nú hafa verið fylltar. Ásgeir gat ekki vísað á nákvæma staðsetningu þeirra enda voru þær nokkuð dreifðar á svæðinu. Þær voru þó, gróflega áætlað, um 650 m norðvestan við bæ 005, í blautu mýrardragi.
Suðurhluti fyrrnefndrar mýrar er komin í slétt tún og búið að ræsa hana fram með skurðum. Norðurhlutinn er gróinn mói með mýrardælum víða.
Engin ummerki mógrafanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-011:013** heimild útihús 63°49.348N 20°44.663V
Útihús er merkt tæpum 150 m vestan við bæ 005 á bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906. Útihúsið er horfið af yfirborði, líklega vegna sléttunar. Útihúsið er í stórhættu sökum þökuvinnslu.
Tún nýtt til þökuvinnslu er á þessum slóðum.
Engin ummerki útihúss sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna efnistöku
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-011:014** frásögn brunnur 63°49.375N 20°44.503V
Samkvæmt Ásgeiri Gunnlaugssyni, heimildamanni, var brunnur 20 m norðvestan við bæ 005. Hann var nokkuð djúpur og grjóthlaðinn en aldrei fékkst gott vatnið úr honum. Búið er að fylla upp í hann.
Brunnurinn er undir malarplani milli íbúðarhússins til suðausturs og yngri útihúsa til norðausturs. Hleðslurnar voru ekki skemmdar, einungis fyllt upp í brunninn.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-011:015** garðlag vörslugarður 63°49.401N 20°44.367V
Garðlag liggur þvert gegnum land Syðri-Sýrlækjar. Þetta er vörslugarður sem líklega var hlaðinn á fyrri hluta 20. aldar og telst því líklega ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en er skráður með fornleifum sökum þess að hann var byggður í gamalli byggingarhefð. Vörslugarðurinn liggur frá túngarði 010:007 til norðausturs í Efri-Sýrlækjarlandi og endar við hreppamörk Villingaholtshrepps og Gaulverjabæjarhrepps til suðvesturs.
Slétt, grasivaxin tún eru allt umhverfis vörslugarðinn.
Vörslugarðurinn er tæplega 900 m langur og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 1,5 m á breidd, 0,5 m á hæð og algróinn. Hann er líklega torfhlaðinn, hvergi sést glitta í stein. Vírgirðing var ofan á garðinum, girðingarstaurar sjást víða í honum. Renna er beggja vegna við vörslugarðinn og var efni við gerð hans tekið þar. Honum hefur verið raskað á nokkrum stöðum með vegslóðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


*Garðlag 015, horft til norðausturs.*

**ÁR-011:016** *Gautateigsvarða* heimild landamerki 63°49.562N 20°45.818V
"Gautateigsvarða er hornmark milli Sýrlækjar, Mýra [sjá ÁR-012], Selparts [sjá ÁR-085] og Skógsness [sjá ÁR-126]," segir í örnefnalýsingu. Gautateigsvarða er 1,1 km vestan við bæ 005. Hún er horfin, þar er nú krossmark tveggja stórra áveituskurða sem tilheyra Flóaáveitunni. Líklega var vörðunni rutt út þegar skurðirnir voru grafnir. Gróinn, stórþýfður mói er á þessum slóðum.
Engin ummerki Gautateigsvörðu sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Syðri-Sýrlækur, 1.

**ÁR-011:017** heimild leið 63°49.562N 20°45.818V
Leið er sýnd á milli bæjar 001 og Efri-Sýrlækjar ÁR-010 á herforingjaráðskorti nr. 48. Leiðin lá til ANA frá bæ 001, yfir í land Efri-Sýrlækjar og að bænum þar. Leiðin er horfin í ræktuð tún.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Heimildir:** Herforingjaráðskort nr. 48

## ÁR-012 Mýrar

1708, jarðardýrleiki óviss,Skálholtsstólsjörð, JÁM II, 162. 1847, 22 hdr., bændaeign samkvæmt JJ, 54.
1708: "Fóðrast kann vi kýr, iii úngneyti, xl ær, xx lömb, v hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga mjög lök. Móskurður hefur verið, brúkast ei. Beit fyrir sauðfé á jörðin í Gaflslandi um vetur mót beit fyrir búfje á sumur, og brúkast átölulaust hverttveggja. Skóg í almenníngi ut supra. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Hætt er kvikfje fyrir djúpum leirpyttum og einum vondum holgryfjulæk. Vatnsból er fúlt og þrýtur þar með á vetur." JÁM II, 162.



**ÁR-012:001** *Mýrar* bæjarhóll bústaður 63°50.438N 20°45.815V

Á bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt eitt hús á bæjarhólnum á Mýrum. Ekki er vitað nákvæmlega hvar á bæjarhólnum það var en annað íbúðarhús var byggt á Mýrum á fyrstu áratugum 20. aldar að sögn Jóhönnu Guðrúnar Sigurðardóttur, heimildamanns. Hún taldi að ekki væri um sömu byggingu að ræða en þær væru á svipuðum stað. Hún vissi ekki hvenær íbúðarhúsið var byggt en búið er að rífa það. Mynd er af því í Sunnlenskum byggðum II. Húsið var vestan við "eldra fjósið" að sögn Jóhönnu og sést grunnurinn ennþá og 2 hólf eru varðveitt. Núverandi íbúðarhús er skammt VSV við eldra bæjastæðið og er byggt 1974-1977. Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarhólnum vegna 20. aldar bygginga. Bæjarhóllinn er á náttúrulegu holti, því hæsta á jörðinni og þaðan er víðsýnt. Stafnar bæjarins snéru til suðurs.



*Bæjarhóll 001, horft til austurs og norðurs.*

Malarvegur að bænum liggur upp á fyrrnefnt holt. Allt umhverfis það eru slétt, grasivaxin tún og byggingar á því.

Bæjarhóllinn er 40x25 m að stærð og snýr austur-vestur. Erfitt er að áætla hæð hans sökum framkvæmda og erfitt að greina upphækkun frá náttúrulegu holti. Austast í bæjarhólnum er steinsteypt fjós og hlaða sem var byggt fyrir 1954. Í norðurhluta bæjarhólsins er yngra fjós sem var byggt eftir 1954. Í suðvesturhorni bæjarhólsins er yngra íbúðarhús og til suðurs er malarplan. Helst má sjá uppsöfnuð mannvistarlög í suðausturhorni bæjarhólsins, þar er 0,5 m há aflíðandi brekka. Á hólnum miðjum má greina tvískipta, hlaðna tóft, 6x4 m að stærð, úr einhverjum eldri bæjarhúsanna, líklega húsinu sem var byggt á fyrstu áratugum síðustu aldar. Hólfin eru bæði 3x2 m að stærð, snúa austur-vestur og veggirnir eru 0,5 m á hæð. Þau eru opin til vesturs. Í því syðra liggur steinsteyptur skorsteinn sem bendir til þess að þar hafi íbúðarhúsið verið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906; SB II, 50.

**ÁR-012:002** *Miðmundavarða* varða eyktamark 63°50.301N 20°45.172V

"Miðmundavarða; það er flagrimi að sjá í Ragnheiðarstaði [sjá ÁR-090]. Á að vera varða í því miðju," segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við lýsinguna segir ennfremur: "Miðmundavarða er til suðvesturs [séð frá bænum]. Hún hefur líklega verið eyktamark frá Mýrum." Ekki er vitað með vissu hvar varðan var nákvæmlega og enga vörðu að sjá á þessum slóðum. Hún var um 600 m suðvestan við bæ 001 ef miðað er við örnefnauppdrátt sem fylgir með örnefnalýsingu.

Á þessum slóðum er stórþýfður mói með mýrardælum og hraunvöllum.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1; Ö-Mýrar, viðb., 1.

**ÁR-012:003** *Stekkjarbrot* þúst stekkur 63°50.337N 20°46.252V

"Stekkjarbrot að sjá fyrir framan Hamarshjáleigu [sjá ÁR-125]," segir í örnefnalýsingu og síðar: "Í stefnu á Hamarshjáleigu er Stekkjarbrot, nálægt mörkum Gaflslandareignar." Í viðbótum við lýsinguna segir ennfremur: "Stekkjarbrot er út undir Gaflskurði. Þar eru grænar þúfur, stórar, og hefur verið stekkur fyrir löngu." Stekkurinn er 400 m suðvestan við bæ 001 og áveituskurður, svokallaður Gaflskurður, er 70 m vestan stekkjarins.



*Stekkur 003, horft til austurs.*



Stórþýfður mói með sléttum mýrardælum er á þessu svæði. Svæðið er framræst.

Stekkurinn er þúst, 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er 0,5 m á hæð og má sjá móta fyrir hleðslubrotum til austurs og vesturs. Hleðslurnar eru 0,3 m á hæð, algrónar og stórþýfðar. Þústin sjálf er algróin og hvergi mótar fyrir dældum eða öðru sem gefur lag og gerð stekkjarins til

kynna. Hvergi glittir í grjót en greinilegt er að mannvist er undir sverði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1,2; Ö-Mýrar, viðb., 1.

**ÁR-012:004** *Fjárhlöð* heimild brú 63°50.553N 20°45.624V
"Strýtuhóll er rétt fyrir norðan bæinn, næstum að sjá í Efri gróf (sjá ÁR-017]. Djúpudælarnar þar upp og austur af, að sjá í Efri gróf. Fjárhlöð og Fjárhlaðadæla þar fram af," segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við lýsinguna segir ennfremur: "Fjárhlöð voru yfir keldu eða dæld með vatni. Þar höfðu verið settir stórir steinar til að stikla yfir. E.t.v. var þetta í sambandi við fjárréttina, sem var við Stekkatúnshól [007] austur af bæ í gamla daga." Ekki er vitað með vissu hvaða dæl eða kelda er fyrrnefnd Fjárhlaðadæla. Milli Strýtuhóls og Stekkatúnshóls 007 eru slétt, ræktuð tún til vesturs og stórþýfður mói til austurs. Þar eru víða dælar og líklega er ein þeirra sú sem hér um ræðir.
Í þeim dælum sem ennþá eru á þessum slóðum var ekki að sjá neina steina. Flestar þeirra eru þurrar, grasivaxnar og og hafa grynnst mikið eftir að svæðið var ræst fram.
Engin ummerki brúarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1; Ö-Mýrar, viðb. 2.

**ÁR-012:005** *Engjavarða* varða 63°50.668N 20°45.229V
"Engjavarða að sjá í Forsæti (sjá ÁR-008]," segir í örnefnalýsingu og síðar: "Í norður af Stekkjartúnshól [sjá 007] er Engjavarðan,". Í viðbótum við örnefnalýsinguna segir ennfremur: "Engjavarða var hlaðin grjótvarða, u.þ.b. hálfur annar metri á hæð. Hún var uppistandandi 1954. Helgi [Þorgeirsson, f. 1912] veit ekki, til hvers hún var hlaðin; hún var ekki merkjavarða eða vegvísir, en gæti hafa verið til að afmarka eitthvað." Engjavarða er 640 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 300 m norðan við stekk 007.


*Engjavarða 005, horft til austurs.*

Stórþýður mói með mýrardælum og grónum hraunvöllum er hér. Víða kemur grjót uppúr sverði.
Varðan er hrunin eða grjót borið úr henni. Hún er einungis regluleg grjótdreif á grónum rima án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Varðan var 2 m í þvermál og grjótið er 0,3 m á hæð. Ekki er vitað hversu há varðan var áður en í örnefnalýsingu er sagt að hún hafi verið um 1,5 m. Þýfður, gróinn bakki er umhverfis vörðuna og líklegt að mannvist sé hér undir sverði. Varðan er á 0,5 háum og algrónum hólrima.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1,2; Ö-Mýrar, viðb., 2.

**ÁR-012:006** *Byrgisrimar* tóft fjárskýli 63°50.729N 20°44.807V
"Engjavarða [sjá 005] að sjá í Forsæti [sjá 008]. Kjóadæla þar norður af. Byrgisrimar vestur af," segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við lýsinguna segir ennfremur: "Byrgisrimar voru stórþýfðir. Helgi [Þorgeirsson, f. 1912] man ekki eftir neinu byrgi þar og veit ekki, af hverju nafnið er dregið." Í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónsonar frá Minna Núpi kemur örnefnið Byrgisrimar fyrir, en það merkt sem landamerki. Það er líklega ekki rétt eða á við um aðra Byrgisrima, mögulega Byrgisrima í landi Gafls (sjá 013:025] Byrgisrimar eru tæpum 1 km norðaustan við bæ 001 og 180 m sunnan við tóft 015. Rúmum 30 m sunnar er slétt, ræktað tún. Tóft er á rimunum, við suðvesturhorn mýrardælu, líklega svokallaðar Kjóadælu.


*Byrgisrimar 006, horft til norðausturs.*




Gróinn, stórþýfður mói með stórum, rökum mýrardælum er á þessum slóðum.
Tóftin er stórþýfð og sigin. Hún er 10x8 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Líklega var op í suðausturhorni. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð, mosavaxnir og algrónir. Þeir eru greinilegri að utan en innan. Hvergi sést glitta í grjót eða skýrar hleðslur. Ekki eru ummerki um frekari hólfaskiptingu, jötu né garða inni í tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1; Ö-Mýrar, viðb., 2; Ö-Mýrar ath, 1, 1

**ÁR-012:007** *Stekkjartúnshóll* tóft stekkur 63°50.501N 20°45.246V
"Langirimi þar fyrir framan, ofan frá læk og heim undir Stekkjartún. Stekkjartún, þar var fjárrétt," segir í örnefnalýsingu og síðar: "Austur af túninu, stefna Mýrar-Ferjunes[sjá ÁR-009], er hóll; hann heitir Stekkjartúnshóll. Þar var fjárrétt." Í viðbótum við örnefnalýsinguna segir ennfremur: "Fjárrétt var í Stekkatúni. Helgi heldur, að hún hafi verið tvískipt. Fráfærum var hætt um 1920, og hafði Helgi [Þorgeirsson, f. 1912] þá smalað kvíaám í þrjú sumur,". Stekkurinn er tæpum 560 m austan við bæ 001 og 550 m suðvestan við Byrgisrima 006. Kristinn Sigurðsson, síðasti ábúandi á Mýrum, byggði hlöðu úr timbri og bárujárni fast austan við hólinn en hún er nánast horfin og allt járn fokið.
Stekkatúnshóll er grasivaxinn og stórþýfður. Hliðar hans eru brattar og fremur sléttar. Líklega var stekkurinn








*Tóftir 007A og 007B, horft til norðurs.*

fyrst byggður á náttúrulegum lágum hól en töluverð uppsöfnun mannvistarlaga virðist hafa bæst við hólinn.
Á svæði sem er 36x20 m að stærð og snýr austur-vestur eru tvær tóftir og hóll. Stekkatúnshóll er að mestu uppsöfnuð mannvistarlög, grasivaxinn og stórþýfður. Hann er 2,5 m á hæð, 25x20 m í þvermál og snýr austur-vestur. Hóllinn er nánast tvískiptur og er tóft á hvorum hluta fyrir sig, tóft A vestar og tóft B til austar. Lítið, lágt haft er á hólnum á milli tóftanna. Tóft A er vestar og er fyrrnefndur stekkur að öllum líkindum. Hún er 10x9 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 9x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er í norðausthorni, yfir í hólf 2. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, stórþýfðir og grasivaxnir. Það sést víða glitta í grjót án þess að um skýr umför sé að ræða. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og eins að gerð og lögun og í hólfi 1. Op er í suðausturhorni, yfir í hólf 1. Tóft B er uppi á hólnum og er líklega fjárréttin. Tóftin er illa varðveitt, einungis sjást tvö veggjarbrot af langhliðunum. Réttin var 8x6 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, algrónir og stórþýfðir. Ekki er vitað hvar op var á réttinni né hvernig hólfaskiptingin var.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1,2; Ö-Mýrar, viðb., 2.

**ÁR-012:008** þúst fjárhús 63°50.550N 20°45.754V



*Þúst 008, horft til austurs.*

Veggjabrot eru rúma 210 m norðan við bæ 001 og tæpa 100 m norðan við útihús 024. Tóftin er norðarlega á fyrrnefndum Strýtuhól sem dregur nafn sitt af fuglaþúfu sem á honum er. Yfir suðurhorn tóftarinnar gengur gaddavírsgirðing. Tóftin er rétt utan gamla heimatúnsins eins og það er afmarkað á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906.
Slétt, grasivaxið tún er til allra átta.
Strýtuhóll er 18x6 m að stærð og snýr norður-suður. Norðarlega á honum mótar fyrir veggjarbrotum. Veggirnir afmarka svæði sem er 6x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Þeir eru 0,4 m á hæð, algrónir og stórþýfðir. Tóftin, eða aðhaldið var opið til vesturs og er einfalt. Inni í miðju aðhaldinu er fyrrefnd fuglaþúfa sem hóllinn dregur nafn sitt af.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-012:009** *Byrgi* heimild fjárskýli
"Hólmsteinsdæl að sjá í Syðri-Sýrlæk [sjá ÁR-011] og þar fram af; það er stór, slétt dæla. Flóðabakkar þar fyrir framan og vestan. Það eru stór, djúp flóð, tengd saman með rásum á milli. Byrgi, tóttarbrot þar fyrir norðan og

vestan," segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við lýsinguna segir ennfremur: "Byrgi var gamalt tóttarbrot. Það gat hafa verið byrgi fyrir sauði." Þrátt fyrir mikla leit fyrir suðvestan bæ 001 tókst skrásetjara ekki að finna fyrrnefnt Byrgi. Jóhanna Guðrún Sigurðardóttir, heimildamaður, kannaðist heldur ekki við tóft á þessum slóðum. Byrgi er merkt inn á ónákvæman örnefnauppdrátt sem fylgir með örnefnalýsingu. Frekari heimildir þarf til að staðsetja Byrgið.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1,2; Ö-Mýrar, viðb., 3.

**ÁR-012:010** *Grjóthlöð* heimild brú
"Kelda þar fyrir norðan; það eru flóð tengd saman með rásum frá því að sjá í Efri-Sýrlæk [sjá ÁR-010] og til að sjá í Krók [sjá ÁR-088]. Grjóthlöð yfir Kelduna," segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við lýsinguna segir ennfremur: "Grjóthlöð. Stórir, flatir steinar voru settir í Kelduna til að stikla á. Nú er löngu hætt að nota þetta." Þrátt fyrir mikla leit ASA bæ 001 tókst skrásetjara ekki að finna fyrrnefnd Grjóthlöð en brúin er merkt þar inn á ónákvæman örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnalýsingu jarðarinnar. Fyrir ASA og suðaustan bæ 001 er gróinn, stórþýfður mói og mikið af mýrardælum. Ekki er vitað hvar Keldan var enda hefur svæðið tekið miklum breytingum eftir að það var framræst og allar mýrarkeldur orðan mun grynnri og grónari. Frekari heimildir þarf til að staðsetja brúnna.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1; Ö-Mýrar, viðb., 3.

**ÁR-012:011** *Fjósaskák* heimild fjós 63°50.441N 20°45.825V
Í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi sem líklega er frá því um 1900 er orðið Fjósaskák sagt vera í landi Mýra. Þetta örnefni er týnt en líklega var skákin nærri bæ líkt og flest önnur fjós. Líklega var fjósið á bæjarhólnum, jafnvel sambyggt bæjarhúsunum.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, athugasemdir 1, 1

**ÁR-012:012** *Stöðulhóll* heimild kvíar 63°50.453N 20°45.704V
"Austur í túninu er grasdæla, sem heitir Skemmudæla [sjá 013]. Aðeins austar er hóll, hann heitir Stöðulhóll," segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við lýsinguna segir ennfremur: "Stöðulhóll er í túni. Stöðull hefur ekki verið þar, eftir að Helgi [Þorgeirsson, f. 1912] man. Kýr voru mjólkaðar í tröðunum." Stöðulhóll er tæpa 100 m austan við bæ 001 og 80 m suðaustan við útihús 025. Ekki er vitað hvort að um kvíatóft var að ræða eða hvort færikvíar voru á þessum stað.
Slétt, grasivaxið tún er á þessu svæði. Hólrimi er í túninu og hefur stöðullinn líklega verið á honum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2.

**ÁR-012:013** *Skemmudæla* örnefni skemma 63°50.436N 20°45.736V
"Austur í túninu er grasdæla, sem heitir Skemmudæla," segir í örnefnalýsingu. Skemmudæla er ennþá þekkt. Hún er rúma 60 m austan við bæ 001 og 40 m suðvestan við stöðul 012. Engin ummerki um skemmu/tóft er á þessu svæði enda slétt, grasivaxið tún allt um kring.
Skemman var líklega rifin eða sléttuð út þegar túnið var ræktað um miðja síðustu öld. Skemmudæla er í grasivöxnu túni og er þurr yfir sumartímann.
Engin ummerki skemmunnar sjást á yfirboði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 2.

**ÁR-012:014** *Útgarður* heimild stekk 63°50.784N 20°45.271V
"Útgarður er flagrimi að sjá í Mjósund [sjá ÁR-007]," segir í örnefnalýsingu og síðar: " Þar er flóð, sem heitir Sigla. Norðar, stefna Mýrar-Syðrigróf [sjá ÁR-017], er stórþýft stekkjarbrot, sem heitir Útgarður," Staðsetning stekkjarins er sýnd á ónákvæmum örnefnauppdrætti sem fylgir örnefnalýsingu jarðarinnar. Skrásetjari gekk um allt það svæði án þess að verða stekkjarins var. Jóhann Guðrún Sigurðardóttir, heimildamaður, mundi ekki eftir tóft á þessum slóðum. Útgarður var líklega um 800 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 200 m norðan við Engjavörðu 005.
Þar sem stekkurinn var er stórþýft mólendi. Þar eru dælar, hraunvellir og rimar.
**Heimildir:** Ö-Mýrar, 1,2.

**ÁR-012:015** tóft fjárskýli 63°50.820N 20°44.879V



*Tóft 015, horft til austurs.*



Tóft er 180 m norðan við Byrgisrima 006 og 1,1 km norðaustan við bæ 001. Tóftin er norðan við svokallaða Kjóadælu norðarlega í landi Mýra. Vélgrafinn skurður, eða renna, liggur 30 m til suðausturs. Þetta er rás á milli nokkurra dæla, líklega til að leiða vatn úr þeim.

Gróinn, stórþýfður mói með stórum, rökum mýrardælum og hólrimum.

Tóftin er 12x8 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er opin til vesturs. Veggirnir eru stórþýfðir, mosavaxnir og hvergi glittir í grjóthleðslu. Tóftin sker sig lítt úr nánasta umhverfi og er ekki áberandi. Veggirnir eru 0,4 m á hæð. Tóftin er á lágum hól og er hann náttúrulegur. Lag, gerð og staðsetning tóftarinnar bendir til þess að hún hafi verið fjárskýli.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-012:016** tóft fjárskýli 63°50.693N 20°45.310V

Sigin tóft er 80 m norðvestan við Engjavörðu 005 og 630 m norðaustan við bæ 001. Tóftin er á grónum rima.





*Tóft 016, horft til norðurs.*

Stórþýður mói með mýrardælum og grónum hraunvöllum er hér. Víða kemur grjót uppúr sverði.

Tóftin er sem fyrr segir lágreist og ógreinileg. Hún sker sig ekki frá nánasta umhverfi og fellur inn í umhverfið. Hún er 9x5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru algrónir og stórþýfðir. Þeir eru 0,4 m á hæð og hvergi glittir í grjót. Lögun tóftar og stærð bendir til þess að hún hafi verið fjárskýli. Veggirnir eru greinilegri og hærri að utan en innan. Þar er einungis þýfður bakki.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mýrar, viðb., 1,3.

**ÁR-012:017** brunnur brunnur 63°50.412N 20°45.871V



*Brunnur 017, horft til vesturs.*

"Stóragjá er djúp og vatnsmikil, á að gizka 8 [fer]m. Helga [Þorgeirssyni f. 1912] var sagt, að tekið hefði verið vatn úr henni, þegar hann var skírður, því að brunnurinn í túninu hafi verið þurr," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Brunnurinn er 60 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 110 m norðvestan við útihús 029. Á seinni hluta 20. aldar var gerð vatnslögn að bæjarhúsunum úr brunninum.

Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis brunninn.

Brunnurinn er hlaðinn og eru 2 m niður að vatnsyfirborði. Opið er 1 m í þvermál og sjást 4-7 umför af grjóthleðslu niður í brunninn. Vatnsrör sjást ofan í brunninum og er þar fyrrnefnd vatnslögn frá 20. öld. Umhverfis brunnopið er hleðsla. Hún er 2 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er algróin og hvergi glittir í grjót. Ofan á hleðslunni og umhverfis brunnopið er spýtnabrak og bárujárn, líklega úr brunnhúsi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mýrar, viðb., 1.

**ÁR-012:018** *Nátthagi* heimild nátthaga 63°50.414N 20°45.656V
"Nátthagi fyrir kvíaær var gerður aðeins fyrir austan tún; hann er nú fallinn inn í túnið. Færikvíar voru aðeins austan við túnið, rétt við Nátthagann," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar nátthaginn var, hversu stór hann var eða hvort að veggirnir voru hlaðnir. Líklega var hann um 140 m austan við bæ 001 og 120 m sunnan við Ullargjá 019, rétt utan gamla heimatúnsins. Ekki er mikilla ummerkja að vænta eftir færikvíar og eru þær skráðar með nátthaganum undir þessu númeri.
Þar sem nátthaginn og kvíarnar voru eru slétt, grasivaxin tún og vélgrafnir skurðir.
Hvorki sjást ummerki nátthagans né kvíanna á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Mýrar, viðb., 2.

**ÁR-012:019** *Ullargjá* lind þvottastaður 63°50.449N 20°45.532V
"Ullargjá er djúp gjá fyrir austan tún, rétt við fjárhúsin. Þar var ullin þvegin," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Ullargjá er 230 m austan við bæ 001 og rúma 250 m vestan við stekk 007. Þetta er náttúruleg mýrardæla en þær gengu einnig undir nafninu gjá í Flóanum.
Ullargjá er þurr, grasivaxin og í ræktuðu sléttu túni. Hún er 50x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Túnið er framræst og vatn farið úr þvottastaðnum við það. Ullargjá er 0,3-0,4 m þar sem hún er dýpst. Ekki er vitað nákvæmlega hvar ullin var þvegin eða hvort að einhver mannvirki hafi verið reist til þess.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Mýrar, viðb., 2.

**ÁR-012:020** heimild vörslugarð 63°50.487N 20°45.759V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýnt garðlag sem liggur til norðausturs frá bæ 001 og endar skammt suðvestan við útihús 024. Þetta var annað hvort upphlaðin brú eða vörslugarður en frekari heimildir þarf til að skera úr um nákvæmara hlutverk. Öll ummerki þessa mannvirkis eru horfin, að öllum líkindum sökum túnasléttunar.
Þar sem garðlagið lá er aflíðandi brekka niður holtið sem bærinn er á. Síðan taka við slétt, grasivaxin tún.
Engin ummerki garðlagsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-012:021** varða landamerki 63°50.950N 20°45.127V
Í landamerkjabréfi Mýra frá 1885 segir: "Milli Mýra og Gafls [sjá ÁR-013] er fyrst tekin stefna frá Skúfslæk, á þeim stað móts við Markaflagið, [ ..] grjótvarða austast í flaginu." Varðan var rúmum 1,1 km NNA við bæ 001, nærri merkjum Gafls og Syðri-Grófar ÁR-016 til norðausturs. Þar er nú krossmark tveggja vélgrafinna skurða og varðan horfið við þær framkvæmdir að öllum líkindum.
Gróinn, stórþýfður rimi er á þessum stað og blautar mýrardælar inn á milli.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Landamerki Mýra, 1885, no. 121.

**ÁR-012:022** *Skjólgarðsrimi* heimild vörslugarð
Í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi kemur örnefnið Skjólgarðsrimi fyrir yfir örnefni í landi Mýra. Skjólgarðsrimi kemur ekki fyrir í yngri örnefnalýsingum og ekki kannaðist Jóhanna Guðrún Sigurðardóttir við það. Ekki er hægt að staðsetja örnefnið né geta sér til um tilgang þess að svo stöddu.
**Heimildir:** Ö-Mýrar ath, 1

**ÁR-012:023** heimild kálgarð 63°50.427N 20°45.840V
Stakstæður kálgarður er merktur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906, sunnan við bæ 001 og austan við traðir 028. Tvö hús eru merkt innan hans, við norðurhliðina. Kálgarðurinn var 10 m sunnan við bæ 001. Jóhanna Guðrún Sigurðardóttir, heimildamaður, mundi eftir kálgarðinum en ekki útihúsunum. Núverandi íbúðarhús á Mýrum, byggt 1974, er innan kálgarðsins.
Kálgarðurinn var í aflíðandi halla til suðurs, niður af holtinu sem bærinn er á. Þar eru slétt, grasivaxin tún og 20. aldar byggingar.
Engin ummerki kálgarðsins né útihúsanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-012:024** tóft+garðlag útihús 63°50.498N 20°45.739V

"Gjárás er rétt utan við túngarð, sem var. Hún er grunn með flóðum á milli, og rennur oft vatn í flóðin," segir í viðbótum við örnefnalýsingu og síðar: "Túngarðurinn var allur hlaðinn úr kökkum og sumt af honum mjög gamalt." Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var túngarður með sambyggðu útihúsi/kálgarði umhverfis allt gamla heimatún Mýra. Hann er allur horfin en tóftir útihússins eru 130 m NNA við bæ 001. Systkinin Jóhanna Guðrún og Kristinn Sigurðarbörn byggðu reykkofa 30 m sunnan við útihúsið eftir að þau tóku við búi 1954 en hann er einnig horfinn.



*Útihús 024, horft til norðvesturs.*




Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis útihúsið sem og meinta legu túngarðsins. Svæðið er framræst með vélgröfnum skurðum.
Túngarðurinn afmarkaði svæði sem 270x270 m að stærð. Í suðvesturhluta var þvergarður sem afmarkaði svæðið vestan traða 028. Útihús með sambyggðum kálgarði var norðan við bæ 001 og lá garðlag 020 að því frá bæ 001. Túngarðurinn er horfinn sem fyrr segir. Útihúsið er 11x7 m að stærð og snýr ANA-VSV. Það er á 0,4 m háum hól, líklega uppsöfnuð mannvistarlög að mestu. Það skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er VSV. Það er 3x3 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,5-0,7 m á hæð og sjást 1-2 umför af grjóthleðslu í þeim. Op er í suðausturhorni. Hólf 2 er ANA. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er líklega í suðausturhorni en það er full af veggjahruni. Einungis sjást 2 umför af grjóthleðslu á utanverðum norðurvegg, annars eru veggir algrónir. Veggirnir eru 0,4-0,5 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-012:025** heimild útihús 63°50.475N 20°45.784V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 70 m norðaustan við bæ 001 og 60 m suðvestan við útihús 024. Þar sem úthúsið stóð er náttúrulegur rimi og afar líklegt að það hafi verið á honum. Þar er nú slétt, grasivaxið tún. Rúmum 20 m til SSA frá áætlaðri staðsetningu útihússins er óræktarblettur í túninu. Þar er vélabrak og skán úr núverandi fjárhúsum.
Slétt, grasivaxið tún er til allra átta.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-012:026** heimild ukálgarð 63°50.445N 20°45.864V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var stakstæður kálgarður fast við vesturmörk túns, um 30 m vestan við bæ 001 og 80 m suðvestan við útihús 025. Kálgarðurinn er horfinn sökum jarðrasks.
Braggi með steinsteyptum grunni og sambyggðu timburgerði er þar sem kálgarðurinn var. Fast sunnan braggans er malarvegur að bænum.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-012:027** heimild útihús 63°50.472N 20°45.905V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, var útihús um 100 m norðvestan við bæ 001 og 50 m norðvestan við kálgarð 026, utan marka túns. Útihúsið er horfið vegna sléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum. Það afmarkast af vélgröfnum skurði til norðvesturs og vegi heim að bænum til vesturs. Útihúsið var í horni túnsins, nærri þessum mannvirkjum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-012:028** heimild traðir 63°50.435N 20°45.845V

Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 lágu traðir að bæ 001 úr suðvestri, fóru meðfram kálgarði 023 að bænum. Traðirnar héldu síðan áfram til NNV, frá bæ 001. "Kýr voru mjólkaðar í tröðunum,"

segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar nákvæmlega kýrnar voru mjólkaðar né hvort að traðirnar voru upphlaðnar. Það er líklegt að hlaðnir veggir hafi verið meðfram tröðunum fyrst að þar var kúastöðull.
Þar sem traðirnar koma að bæjarhúsunum úr norðvestri er íbúðarhúsið frá 1974. Uppi á bæjarholtinu er malarplan norðan þess. Núverandi malarvegur liggur eftir NNV hluta traðanna. Öll ummerki traðanna eru horfin af yfirborði.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Mýrar, viðb., 3.; Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-012:029** heimild útihús 63°50.397N 20°45.743V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna var útihús um 100 m suðaustan við bæ 001 og 170 m sunnan við útihús 024. Útihúsið er horfið vegna sléttunar. Hólrimi er í túninu á þessum slóðum og líklegt að útihúsið hafi verið á honum
Slétt, grasivaxið tún með vélgröfnum skurðum er á þessum slóðum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-012:030** þúst 63°50.465N 20°45.300V
Þúst er rúma 420 m austan við bæ 001 og 80 m suðvestan við stekk 007.
Stórþýfður mói nýttur undir hrossabeit er á þessum slóðum. Fyrir norðan þústina, allt að stekk 007 er vot mýrardæla. Víða eru aðrar dælur í móanum, hraunvellir og rimar.
Þústin er 8x6 m að stærð, 0,4 m á hæð og snýr austur-vestur. Hún er sigin en afmarkast af stórþýfðum veggjarbrotum að utan. Þústin er einnig þýfð að ofan en það er ekki eins mikið. Líklega hefur verið einföld tóft á þessum stað. Ekki mótar fyrir opi, hólfaskiptingu eða skýrum hleðslum. Þústin sker sig afar vel úr nánasta umhverfi enda flatlendi þar. Mögulega hefur verið heystæði, fjárskýli eða aðhald á þessum stað.
**Hættumat:** engin hætta





*Þúst 030, horft til suðurs.*

## ÁR-013 Gafl

1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólsjörð JÁM II, 162-163. 1847, 22 hdr., bændaeign. JJ, 54.
1708: "Fóðrast kann viii kýr, iii úngneyti, xii ær, xii lömb, i hestur. Öðrum hestum og sauðfje vogað á útigáng. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga mjög lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið, brúkast ei. Silúngsveiðivon hefur verið lítil í Skúfslæk, nú ekki um nokkur ár. Skóg brúkar jörðin í almenningi ut supra. Túninu spillir grjót í jörðunni undir grasrótinni, so að þess vegna visnar graið í þerrum. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Landþröng er, og kveðst ábúandi njóta þolinmæði nábúa sinna til beitingar, en ekki gjalda vissan toll. Hætt er kvikfje fyrir pyttum og holgryfjulækjum, sem oft verður mein að. Vatnsból bregst vetur og sumur og er þá lángt og erfitt á vetur fyrir fannlögum vatns að afla." JÁM, 162-3.



**ÁR-013:001** *Gafl* bæjarhóll bústaður 63°50.687N 20°46.719V

Bærinn á Gafli var nyrst í heimatúninu, nánast fyrir því miðju. Þar var náttúrulegu hólrimi. Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 voru þá tvö hús á bæjarhóli Gafls. Stafnar bæjarins snéru til suðurs. Bæjarhólnum hefur verið raskað. Íbúðarhús var byggt 1953 fyrir vestan eldri bæjarhús og nokkru síðar skemma til austurs að sögn Jóhönnu Guðrúnar Sigurðardóttur, heimildamanns. Ekki er föst ábúð á Gafli heldur er jörðin nýtt til hrossabeitar og ræktunar.

Gamli bærinn var á miðju bæjarhlaðinu sem nú er. Malarvegurinn að bænum liggur beint upp á norðausturhluta bæjarhólsins. Búið er að slétta hólinn út og yngri byggingar reistar.






*Bæjarhóll 001, horft til norðurs.*

Bæjarhóllinn er 30x10 m að stærð og 0,5 m á hæð. Hvergi mótar fyrir öðrum mannvirkjum en frá 20. öld. Erfitt er að áætla nákvæma stærð hans sökum rasks á svæðinu. Íbúðarhúsið er sem fyrr segir í vesturhluta hólsins og grunnur útihúss í þeim eystri. Það var byggt eftir miðja 20. öld og búið að rífa það. Malarplan er á milli þessara mannvirkja en þar sést glitta í hleðslusteina án þess að um skýra hleðslu eða veggi sé að ræða. Fyrir sunnan bæjarhólinn er búið að raða steinum meðfram útlínum hans á 9 m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:002** *Fjósadæla* örnefni fjós 63°50.693N 20°46.796V

Örnefnið Fjósadæla er á lista yfir örnefni á Gafli. Fjósadæla var rétt utan gamla heimatúnsins eins og það er sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Þar er dælan ekki sýnd. Fjósadæla er hins vegar merkt inn á ónákvæmt örnefnakort sem fylgir örnefnalýsingunni. Hún er rúmum 60 m vestan við bæ 001 og 100 m norðan við útihús 014. Ennþá er vatn í Fjósadælu en hún er grunn og þornar eflaust upp yfir hásumarið. Hvergi sést móta fyrir tóft, þúst eða öðru sem gæti gefið nákvæmari staðsetningu fjóssins til kynna.

Bárujárnsskúr er á suðausturbakka Fjósadælu en hann er líklega byggður á 20. öld, mögulega á grunni fjóssins. Slétt, grasivaxin tún eru til allra átta frá dælunni.

Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gafl, 1.

**ÁR-013:003** *Hamarsvarða* varða landamerki 63°51.100N 20°47.317V

Örnefnið Hamarsvarða er á lista yfir örnefni á Gafli. Þar komu saman landamerki Gafls, Saurbæjar [ÁR-014], Skúfslækjar [ÁR-015] og Hamars [ÁR-124]. Að sögn Guðbjargar Guðmundsdóttur, ábúanda á Vorsabæjarhjáleigu ÁR-119, lenti varðan í landi Gafls með tilkomu Flóaáveitunnar. Þá hættu náttúrulegir lækir að vera landamerki og vélgrafnir skurðir komu í staðinn. Hamarsvarða er rúma 900 m norðvestan við bæ 001 og 570 VNV við tóft 018. Hamarsvarða er nyrst í landi Gafls og eru miklir áveituskurðir til austurs og vesturs. Hamarsvarða er einnig á hreppamörkum milli Villingaholts- og Gaulverjabæjarhrepps.

Gróinn, stórþýfður mói með blautum mýrardælum er á þessu svæði. Það er framræst og þurrkast upp yfir sumartímann.



*Hamarsvarða, horft til VNV.*

Varðan er hrunin, þar sést einungis óregluleg grjótdreif á grónum hraunhól. Grjótið er 2,5 m í þvermál en ekki má greina skýr umför. Það er 0,3 m á hæð. Hraunhóllinn er 5-7 m í þvermál og er grjótdreif eftir honum endilöngum, líklega úr vörðunni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gafl, 1.

**ÁR-013:004** *Stekkur* heimild stekk 63°50.823N 20°46.629V

Örnefnið Stekkur er á lista yfir örnefni á Gafli. Stekkur er 260 m norðan við bæ 001, rétt sunnan við áveituskurð á örnefnauppdrætti sem fylgir örnefnalýsingu. Hvergi sér til tófta á þessum slóðum né annarra mannvistarleifa á yfirborði.

Þar sem stekkurinn var er slétt, grasivaxið tún.

Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Gafl, 1.

**ÁR-013:005** *Borgarhólar* tóftir fjárskýli 63°51.035N 20°45.460V

Örnefnið Borgarhólar er á lista yfir örnefni á Gafli. Borgarhólar eru 1,2 km norðaustan við bæ 001 og rúma 650 m austan við þúst 016. Hólarnir eru í norðausturhluta Gaflsjarðar, nærri landamerkjum við Skúfslæk ÁR-015 og Syðri-Gróf ÁR-016. Í Borgarhólum eru þrjár fornlegar tóftir sem falla vel inn í nánasta umhverfi. Borgarhóla er einnig getið í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar frá um 1900 í Skúfslæk ÁR-015. Hér er um sama stað að ræða.

Stórþýfður mói. Mýrardælur og hraunvellir eru víða.



*Tóftir 005A og 005B, horft til norðurs og tóft 005C, horft til VNV.*




Á þessu svæði sem er 70x60 m stórt og snýr austur-vestur eru þrjár tóftir. Var hverri þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Lýsingin hefst í tóft A sem er nyrst. Hún er 11x4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, stórþýfðir og mosavaxnir. Hvergi glittir í grjót í þeim. Tóftin fellur vel inn í nánasta umhverfi og er sigin. Op er á miðjum vesturvegg og ekki sér móta fyrir jötu né garða. Þetta er líklega beitarhús. Tóft B er 30 m SSA við tóft A. Hún er 8x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er egglaga og er á 1,3 m háum hól. Hluti hans eru greinilega mannvistarlög. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og nánast útflattir. Þeir eru hæstir til austurs. Á einum stað glittir í hleðslustein í austurvegg annars eru þeir algrónir. Ekki er hægt að greina op á yfirborði. Þetta er fjárborg. Tóft C er 50 m suðvestan við tóft B. Þetta er L-laga veggjarbrot sem afmarkar 3x3 m stórt svæði. Líklega eru þetta hlutar af norður- og vesturvegg tóftar sem er horfin að öðru leyti. Upphækkun er til suðurs og austurs frá veggjunum sem bendir til stærðar tóftarinnar. Hún var líklega 5x3 m og snéri norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og er hundaþúfa á norðurvegg. Upphækkunin er 0,3 m á hæð og grasivaxin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gafl, 1.

**ÁR-013:006** *Litlihóll* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 63°50.768N 20°46.620V

"Þegar ég [Eiríkur K Eiríksson, f. 1926] var barn að leika mér á ýmsum stöðum kringum bæinn, þá var ég áminntur um að vera ekki með læti eða hávaða og allra sízt að grafa í hól, sem nefndur er Litlihóll. Þarna átti að vera bústaður huldufólks. Árið 1940 var Gaflsvegur lagður, og hann lenti fast utan í þessum hól. Ekki get ég staðfest, að það hafi orðið til baga. En ég ætla að setja smásögu hér í sambandi við þennan hól. Árið 1960, í ágústbyrjun, var flutt hús frá Hurðarbaki í Villingaholtshreppi að Hamarshjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi. Fenginn var bíl og vagn frá G.G.-flutningaþjónustunni. Hann fór skemmstu leið niður Villingaholtsveg, síðan Gaflsveg og Hamarsveg að Hamarshjáleigu. Þetta hús stóð um 21/2 m út af vagni hvorum megin. Þegar komið

var að Litlahól, þá þurfti að taka smáögn ofan af hæstu strýtunni á hólnum, svo húsið rækist ekki í. Það var skorin smásneið og hún látin aftur á sinn stað eins vel og hægt var. Eftir nokkra daga þá deyr grasið, sem var á strýtunni, og hvítnar, sem eðlilegt er, og þetta jafnaði sig ekki til fulls fyrr en um haustið árið 1961. Nokkru eftir þetta fer bóndinn í Hamarshjáleigu, Baldvin Júlíusson, sem fékk þetta hús, að finna til í hægra fæti, ekki kvalinn, en talsverð óþægindi, og þessi veikindi lýstu sér þannig, að hann hafði seyðingsverk í litlu tánni. Hún hvítnaði alveg; var eins og rynni ekkert blóð í hana. Hann fór til margra lækna. Það stoðaði ekkert; þeir gátu ekki fundið út, hvaða sjúkdómur þetta væri. Svo smábatnaði honum. Eftir rúmt ár var hann albata, en það tók nákvæmlega jafnlangan tíma, strýtan að gróa og táin á Baldvin að jafna sig aftur," segir í örnefnalýsingu. Litlihóll er 170 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 220 m norðan við útihús 010.


*Litlihóll 006, horft til norðurs.*

Grasivaxin og þýfð vegöxl er fast vestan við hólinn og tók líklega hluta hans í burt.
Litlihóll er 10x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er líklega náttúrulegur að öllu leiti. Hann er 0,5-1 m á hæð og hraunhella kemur upp úr sverði í toppi hólsins. Þar er einnig fuglaþúfa.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Ö-Gafl, 2-3.

**ÁR-013:007** *Lambhúsflóð* örnefni lambhús 63°50.610N 20°46.656V
Örnefnið Lambhúsflóð er á lista yfir örnefni á Gafli. Lambhúsflóð er 150 m sunnan við bæ 001 og 80 m sunnan við útihús 010. Það afmarkaði austurhlið heimatúnsins að stórum hluta eins og það er sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Flóðið er stór mýrardæla og hvergi sér til tófta þar nærri. Mögulegt er að útihús 010 og 011 séu lambhúsið sem dælan var kennd við, þau voru bæði skammt frá vesturbakka dælunnar. Það er ekki hægt að staðfesta án frekari rannsókna.
Gróið, smáþýft tún er til allra átta á þessum slóðum. Dældin þornar upp yfir sumartímann.
Engin ummerki lambhússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Gafl, 1.

**ÁR-013:008** *Nátthagi* örnefni nátthagi
Örnefnið Nátthagi er á lista yfir örnefni á Gafli. Hann er ekki merktur inn á örnefnauppdrátt sem fylgir örnefnalýsingunni og nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt. Án frekar upplýsinga er ekki hægt að staðsetja nátthagann og engin staður líklegri en annar.
**Heimildir:** Ö-Gafl, 1.

**ÁR-013:009** heimild kálgarð 63°50.681N 20°46.743V
Kálgarður er merktur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906, fast sunnan og vestan við bæ 001. Þar sem kálgarðurinn var er gróinn bakgarður íbúðarhússins á Gafli og útihús byggt á 20. öld er í vesturhlutanum.
Þar sem kálgarðurinn var eru slétt, grasivaxin tún til suðurs og 20. aldar bygging.
Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:010** heimild útihús 63°50.654N 20°46.671V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús 70 m suðaustan við bæ 001. Það var fast austan við Gaflsveg (malarborinn þjóðvegur) sem lagður var um miðja síðustu öld. Mögulega hvarf útihúsið við þær framkvæmdir. Útihúsið var skammt frá vesturbakka Lambhúsdælu og ekki er útilokað að þetta sé lambhús 007.
Slétt, smáþýft tún er austan við þjóðveginn.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:011** heimild útihús 63°50.643N 20°46.680V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús 20 m suðvestan við útihús 010 og 90 m suðaustan við bæ 001. Það var fast austan við Gaflsveg (malarborinn þjóðvegur) sem lagður var um miðja

síðustu öld. Mögulega hvarf útihúsið við þær framkvæmdir. Útihúsið var skammt frá vesturbakka Lambhúsdælu og ekki er útilokað að það sé lambhúsið sem Lambhúsdæl 007 var kennd við, en hið sama má einnig segja um útihús 010.
Slétt, smáþýft tún er austan við þjóðveginn.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:012** heimild útihús 63°50.624N 20°46.759V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús 120 m sunnan við bæ 001 og 90 m suðvestan við útihús 010. Það er horfið, líklega vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún sem enn er slegið.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:013** heimild útihús 63°50.625N 20°46.808V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna var útihús um 130 m SSV við bæ 001 og 20 m sunnan við útihús 014. Það er horfið, líklega vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:014** heimild útihús 63 50.636N 20°46.789V
Samkvæmt bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 20 m norðan við útihús 013 og um 100 m SSV við bæ 001. Það er horfið, líklega vegna sléttunar.
Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún nýtt til sláttar.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:015** heimild útihús 63°50.639N 20°46.825V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús 30 m vestan við útihús 014 og 120 m SSV við bæ 001. Útihúsið er horfið. Rúmlega 20 m vestan frá áætlaðri staðsetningu útihússins eru fjárhús og hlaða byggð á 20. öld. Veggir og þak eru úr bárujárni. Undirstöður veggjanna eru hlaðnar og er hér mögulega um sama stað að ræða. Það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.
Slétt, grasivaxið tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:016** *Grænaskjól* þúst fjárskýli 63°51.001N 20°46.271V


*Grænaskjól, horft til norðurs.*

Rústahóll er rúmum 650 m vestan við Borgarhóla 005 og tæpum 700 m norðaustan við bæ 001. Hóllinn er afar áberandi og sker sig vel frá nánasta umhverfi. Á örnefnauppdrætti sem fylgir örnefnalýsingu Gafls er merktur staður á þessum slóðum sem kallast Grænaskjól og er að öllum líkindum um sama stað að ræða. Grænaborg er á lista yfir örnefni í landi Skúfslækjar ÁR-015 sem gerður var af Brynjúlfi Jónssyni frá Minna-Núpi um 1900. Hér er líklega um sama stað að ræða.
Stórþýfður mói. Mýrardælur og hraunvellir eru víða.
Hóllinn er 18x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 1,5-2 m á hæð og algróinn. Stórþýfðir bakkar eru umhverfis hólinn sem og á honum. Hvergi mótar fyrir skýrum hleðslum, né glittir í grjót og dældir. Hóllinn virðist klárlega að stórum hluta uppsöfnun mannvistarlaga enda svona hólar ekki af náttúrunnar hendi á þessum slóðum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Gafl, 1, 4

**ÁR-013:017** heimild útihús 63°50.609N 20°46.882V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 markaði grjóthlaðinn túngarður heimatúnið til allra átta nema austurs. Þar markaði Lambhúsdæla 007. Útihús var sambyggt túngarðinum í suðvesturhorni en öll ummerki þess sem og túngarðsins eru horfin af yfirboði. Túngarðurinn afmarkaði 210x170 m stórt svæði og snéri norðaustur-suðvestur.

Þar sem túngarðurinn var eru slétt, grasivaxin tún. Malarvegur liggur yfir austurhluta heimatúnsins.

Engin ummerki túngarðsins né útihússins sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906.

**ÁR-013:018** tóft+garðlag beitarhús 63°51.035N 20°46.633V

Beitarhús, með vallargarði umhverfis, eru tæplega 650 m norðan við bæ 001 og 300 m vestan við Grænaskjól 016. Rúmum 20 m austan við tóftina er mýrardæla. Beitarhúsin eru 80 m sunnan við landamerki Skúfslækjar.








*Tóft 018A horft til ASA og garðlag 018B, horft til suðurs.*

Beitarhúsin eru á grónum hraunrima og hraungrýti nær víða upp úr sverði.

Á þessum stað eru beitarhús og vallargarður umhverfis. Svæðið er 60x40 m að stærð og snýr norður-suður. Beitarhús A er 17x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,6-1,1 m á hæð, 2-2,5 m á breidd og sjást 1-2 umför grjóthleðslu í þeim. Víða er einnig hraungrýti ofan á veggjum og þeir hærri að utan en innan. Op er á miðri suðvesturhlið. Hólf 2 er norðaustar. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er skýrt op inn í hólfið. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og má greina 2 umför grjóthleðslu. Veggirnir eru 1-1,2 m á breidd og ekki eins að gerð og lögun og veggirnir í hólfi 1. Hólfið er einnig mjórra en hólf 1 og gæti það verið byggt seinna. Vallargarður B afmarkar svæðið sem fyrr segir. Hann er 60x40 m að lengd og liggur til vesturs frá norðvesturenda hólfs 2. Hann afmarkar svæðið en að austan endar hann nokkuð frá tóftinni. Líklega var op í norðausturhorni eða vallargarðurinn horfin af öðrum sökum. Vallargarðurinn er úr torfi og grjóti. Hann er 0,5 m á hæð, 0,7 m á breidd, mosavaxinn og þýfður. Rof er víða komið í hann og hann fellur vel að nánasta umhverfi.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-013:019** *Garðatún* örnefni 63°50.469N 20°46.456V

Garðatúns er getið í örnefnalýsingu og örnefnauppdrætti sem henni fylgir. Garðatún er rúma 420 m suðaustan við bæ 001, skammt vestan við læk á merkjum við Mýrar ÁR-012. Ekki er vitað af hverju nafnið er dregið eða hvort að garðlög hafi verið þar áður.

Slétt, grasivaxið og framræst tún eru á þessum slóðum. Nokkrir vélgrafnir skurðir eru í túninu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gafl,1, 4.

**ÁR-013:020** náma mógrafir 63°50.241N 20°46.679V

Mógrafir eru tæpum 850 m norðan við bæ 001 og rúmum 160 m suðaustan við tóft 023, við skurðbakka syðst í landi Gafls. Svæðið umhverfis mógrafirnar er framræst.

Mótekjan er í mýrardæl og afmarkar vélgrafin skurður suðurhlið hennar. Allt umhverfis mógrafirnar eru slétt, grasivaxin tún.

Mógrafirnar eru 80x25 m að stærð og snýr svæðið austur-vestur. Þar sjást á milli 20-35 stakar mógrafir og renna þær sjaldan saman. Stærð og lega mógrafanna er misjöfn. Þær



*Mógrafir 020, horft til austurs.*

stærstu eru 15x4 m að stærð en þær minnstu 3x3. Allar eru þær þó um 0,5 m á dýpt, þurrar og grasivaxnar.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-013:021** náma mógrafir 63°50.378N 20°46.430V
Mógrafir eru rúmlega 320 m norðaustan við mógrafir 020 og 620 m sunnan við bæ 001.


*Mógrafir 021A, horft til vesturs.*

Slétt, tún eru allt umhverfis mógrafirnar.
Á svæði sem er 270 x120 m að stærð og snýr austur-vestur má sjá ummerki mótekju á þremur stöðum. Er þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Svæði A er austast. Það er 50x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar eru 20-40 mógrafir sem renna saman og er lega og stærð þeirra misjöfn. Þær stærstu sem má greina eru 9x3 m en þær minnstu 3x3 m að stærð. Þær eru allar grasivaxnar og um 0,3 m á dýpt. Svæði B er 160 m vestan við svæði A. Það er 80x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar eru margar mógrafir sem renna nánast allan saman og erfitt að áætla fjölda þeirra. Einungis mótar fyrir einni og einni stakri gröf. Þær eru eins og mógrafirnar á svæði A að gerð og lögun. Svæði C er 80 m norðan við svæði B. Það afmarkast af mýrardæl sem þar er. Ummerki mótekjunnar sjást í austurhluta dælarinnar sem er vot og mold er í botni hennar. Þar mótar fyrir beinum bökkum og líklega eru þar á milli 15-20 mógrafir. Allar eru þær um 0,5 m á dýpt, rakar og grónar.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-013:022** tóft+garðlag 63°50.479N 20°46.895V
Tóft, þúst og garðlag eru rúma 400 m sunnan við bæ 001 og 500 m norðvestan við mógrafir 020. Garðlagið er suðaustast en tóftin og þústin eru utan þess. Malarvegur er fast vestan við svæðið og steinsteypt fjárskýli þar við. Stórþýfður og mosavaxinn mói er á þessum slóðum. Grunnt er niður á hraun og kemur það víða upp úr sverði. Hraunklettar setja mark sitt á umhverfið.




*Tóft 022A horft til norðurs, þúst 002B og garðlag 022C, horft til NNA.*

Á svæði sem er 100x70 m að stærð og snýr NNV-SSA eru tóft, þúst og gerði. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er 15 m vestan við garðlag C . Hún er röskuð og óskýr til vesturs. Hún er 6x4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru að hluta til út náttúrulegum hraunkletti en einnig mótar fyrir einu umfari af grjóthleðslu. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og mosavaxnir. Hvítar skófir vaxa á steinum sem þar eru. Op var líklega á miðri suðurhliðinni. Þúst B er 40 m norðan við tóft B. Hún er 6x6 m á stærð og 0,6 m á hæð. Víða glittir í hraungrýti án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Hvergi sér móta fyrir dæld, veggjum eða öðru sem gefur tegund þústarinnar til kynna. Afar líklegt er að mannvist sé undir sverði, lag og gróðurfar bendir eindregið til þess. Gerði C er syðst á svæðinu. Það er 80x30 m að stærð en austurhliðin er horfin, mögulega vegna veglagningar. Malarvegur er 10 m til austurs frá garðlaginu. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð og líklega grjóthlaðnir. Þeir eru mosavaxnir, þýfðir og einungis má greina 1 umfar af grjóthleðslu. Gerðið er líklega ótengt tóft A og þúst B, ástand þeirra er frábrugðið þeim og gerðin öðruvísi. Líklega var girt ofan á veggina á einhverjum tímapunkti.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-013:023** þúst heystæði 63°50.279N 20°46.855V
Þúst er rúmlega 750 m sunnan við bæ 001 og 160 m VNV við mógrafir 020. Líklega var þústin hey- eða móstæði en til þess bendir m.a. nálægðin við mótekjusvæði og engjar.

Stórþýfður og mosavaxinn mói er á þessum slóðum. Grunnt er niður á hraun og kemur það víða upp úr sverði. Grasivaxin og slétt tún eru nokkuð austar.
Þústin er 8x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,5-0,8 m á hæð, algróin og þýfð. Þústin er með stórþýfðum bökkum og mótar óljóst fyrir veggjarbroti til vesturs og norðurs. Víða glittir í grjót í þústinni án þess að um skýr umför sé að ræða.
**Hættumat:** engin hætta





*Þúst 023, horft til norðurs.*

**ÁR-013:024** heimild leið 63°50.401N 20°46.758V
Á Herforingjaráðskorti nr. 48 er sýnd leið á milli Gafls og Skógsness ÁR-124 í gamla Gaulverjabæjarhrepp. Leiðin liggur til suðurs, frá heimatúni Gafls, austan við núverandi malarveg og endaði við Skógsnes. Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði í landi Gafls. Á þessum slóðum er túnslóði en svæðið hefur verið ræst fram og sléttað. Við þar hvarf leiðin líklega.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort nr. 48

**ÁR-013:025** *Byrgisrimar* heimild
Í örnefnaupptalningu Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi, yfir örnefni í landi Gafls eru Byrgisrimar taldir upp. Örnefnið er merkt sem landamerki en í yngri örnefnaskrá kemur það ekki fyrir. Staðsetning Byrgisrima er týnd en líklega er um sama stað örnefni að ræða og einnig er getið í landi Mýra, Byrgisrimi 012:006. Sá staður er ekki á merkjum en mögulegt er að það hafi náð yfir stærra svæði. Það er ekki hægt að staðsetja örnefnið án frekri heimilda og ekkert er vitað um meint byrgi í landi Gafls.

**ÁR-013:026** heimild leið 63°50.641N 20°46.467V
Á Herforingjaráðskorti nr. 48 er sýnd leið á milli Gafls og Skógsness ÁR-124 í gamla Gaulverjabæjarhrepp. Leiðin liggur til suðurs, frá heimatúni Gafls, austan við núverandi malarveg og endaði við Skógsnes. Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði í landi Gafls. Á þessum slóðum er túnslóði en svæðið hefur verið ræst fram og sléttað. Við þar hvarf leiðin líklega.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Herforingjaráðskort nr. 48

## 4. Fornleifar og byggð

Hraungerðis- og Villingaholtshreppur eru á meðal þeirra sjö hreppa sem saman mynda *Flóann*. Víðast hvar er Þjórsárhraun undir sverði og ekki mikil jarðvegsuppsöfnun yfir því. Þó að svæðið sé vel gróið glittir víða í steina í moldarflögun og efst í grashólum. Land gamla Hraungerðishrepps er flatt og deiglent. Holt og rimar á svæðinu mynda eins konar eyjar og mýrlent á milli þeirra. Flestir bæirnir á svæðinu standa á slíkum holtum. Villingaholtshreppur er norðaustastur í Flóanum. Landslagið er svipað og í Hraungerðishreppi, nema við Þjórsá þar sem eru lágir ásar eru. Á milli þeirra eru blaut mýrarsund en jafnframt gott beitiland. Hér verður reynt að skoða upphaf byggðar og byggðaþróun á því svæði sem var aðalskráð árin 2010-2012 og setja í samhengi við sambærilegan kafla í áfangaskýslu I. Áhersla verður lögð á Hraungerðishrepp enda skráningu á minjastöðum þar lokið en lítill hluti Villingaholtshrepps er búinn. Frekari ályktanir um byggðaþróun í Villingaholtshreppi verða dregnar í áfangaskýrslu III.

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar í fræðilegt samhengi er nauðsynlegt að hafa hugmynd um sögu byggðar á því svæði sem er til rannsóknar. Byggðasaga er einn sá grunnur sem áætlanir um frekari rannsóknir, t.d. uppgrefti, ættu að byggja á. Vitneskja um sögu byggðar eykur líkur á að rannsóknarefni fornleifafræðinga séu mótuð og þar af leiðandi fáist markvissari niðurstöður. Þær aðferðir sem hér er beitt er til þess að skoða þróun byggðar á svæðinu eru þær að fyrst er litið á landnám í Hraungerðishreppi eins og sagt er frá því í Landnámabók og á grunni þess og staðsetningum kumla og kirkna er reynt að geta sér til um hvaða jarðir hafi fyrst byggst á svæðinu. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu forna byggð þar sem hvort tveggja er yfirleitt talið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á fyrri öldum er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við flesta bæi eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús kunni að vera seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Landamerki og landamerkjagarðar sem skilja á milli jarða geta einnig verið fornir og gefið til kynna aldur býlanna og með hvaða hætti yngri jarðir byggðust frá

eldri. Einnig koma bæjarnöfn að góðu gagni þegar á að reyna að ákvarða í hvaða röð jarðir hafa byggst.

Í stuttu máli má segja að byggðin í Hraungerðishreppi hafi lengst af einkennst af nokkrum höfuðbýlum sem umkringd voru fjölmörgum minni hjáleigum. Þetta hverfa- eða torfuskipulag er ráðandi á svæðinu og t.d. eru þekktar 11 hjáleigur umhverfis Hraungerði, sex umhverfis Laugardæli og fimm hjá Hjálmholti.[3] Samkvæmt tiltækum vísbendingum mætti ætla að elstu bæirnir í hreppnum séu Hraungerði og Oddgeirshólar og er þeirra beggja getið í Landnámu:

> "Bræðr tveir bjöggu í landnámi þeira Finns ok Orms, Hróðgeirr enn spaki í Saurbæ, en Oddgeirr at Leirá ... Þeir Hróðgeirr bræðr námu sían lönd í Flóa, Hraungerðingahrepp: bjó Hróðgeirr í Hraungerði, en Oddgeirr í Oddgeirshólum"[4]

Sú staðreynd að talað er um Hraungerðishrepp í Landnámu bendir til að hreppurinn sé meðal hinna elstu á Íslandi og þegar orðinn til þegar bókin var rituð á fyrri hluta 12. aldar.[5]

Tvenn kuml hafa fundist í Hraungerðishreppi, í landi jarðanna Lækjar og Miklaholtshellis, fyrrum hjáleigu Hraungerðis. Talið hefur verið að hvorugt kumlanna hafi þó upphaflega verið frá þessum bæjum.[6] Kumlið á Læk hefur verið sett í samhengi við meintan skála sem fannst þar við túnasléttun um miðja síðustu öld en ekki bæinn sjálfan, Læk. Í frásögn af kumlinu í landi Miklaholtshellis er talað um að það sé við læk. Enginn lækur rennur nú í landareigninni og er líklega verið að tala um Hróarsholtslæk. Miklaholtshellir var hjáleiga frá Hraungerði sem fyrr segir og líklegt að kumlið hafi tilheyrt þeim bæ. Sagnir um forna legstaði eru fjórar, tvær í landi Sölvholts, ein í Oddgeirshólum og ein í Hjálmholti. Þessir staðir hafa þó yfir sér þjóðsagnakenndan blæ svo óvíst er að um raunverulega legstaði að ræða.

Sóknarkirkjur í Hraungerðishreppi voru í Hraungerði, Oddgeirshólum, Hjálmholti og Laugardælum. Heimildir eru um að bænhús eða hálfkirkja, hafi verið í Langholti. Nú eru kirkjur í Laugardælum og Hraungerði.

Gera má ráð fyrir að bæirnir Hraungerði, Oddgeirshólar, Laugardælir, Langholt, Hjálmholt, Mörk og ónefndur bær skammt frá Læk[7] hafi verið komnir í byggð snemma á 11. öld eða fyrr jafnvel þótt þeirra sé ekki getið í heimildum fyrr en seinna. Staðsetning Merkur er

---

[3] SB II, 1981, 421
[4] ÍF I, 68
[5] SB II: 1981,11, 416
[6] KEKH 2000, 79
[7] Byggð var komin snemma á jörðinni Læk, þar fannst skáli og kuml við jarðrask um miðja síðustu öld en elstu ritheimildir sem geta búsetu þar eru frá fyrri hluta 16. aldar.

týnd og ekki vitað hvar bærinn var nákvæmlega. Bæjarnafnið kemur fyrir í Landnámu og örnefnið Merkurhraun er líklega dregið af bænum. Helst er talið að bærinn sé innan þess lands sem nú tilheyrir Hjálmholti.[8] Í töflu 1 hér neðar sést í hvaða heimildum bæjanna á skráningarsvæðinu 2010-2012 var getið fyrst og hvenær:

| **Heiti jarðar** | **Fyrst getið** |
|---|---|
| Skálmholt 001:001 | Getið í Jóns sögu helga (11.-12.öld) |
| Skálmholtshraun 002:001 | JÁM 1708 |
| Þjótandi 003:001 | Getið í Árna sögu biskups (13.öld) |
| Urriðafoss 004:001 | JÁM 1708 |
| Egilsstaðir 005:001 | Sturlunga |
| Egilsstaðakot 006:001 | JÁM 1708 |
| Mjósund (Mjósendi) 007:001 | Landnáma |
| Forsæti 008:001 | JÁM 1708 |
| Nes (Ferjunes) 009:001 | Vitnisburðarbréf um reka fyrir Hraunslandi (Í Ölfusi) frá 1545-1569 |
| Efri Sýrlækur 010:001 | JÁM 1708 |
| Syðri Sýrlækur 011:001 | JÁM 1708 |
| Mýrar 012:001 | JÁM 1708 |
| Gafl 013:001 | JÁM 1708 |
| Brúnastaðir 074:001 | Kvittunarbréf vegna jarðakaupa frá 1469 |
| Hryggur 075:001 | Getið í máldaga Snjáfuglsstaðakirkju frá 1491-1518 |
| Hjálmholt 076:001 | Getið í Árna sögur biskups (13. öld) |
| Mörk 076:040 | Landnáma |
| Vesturkot 077:001 | Jarðatal Johnsen 1847 |
| Bitra 078:001 | JÁM 1708 |
| Ölvaðsholt 079:001 | Bréf fyrir hálfu Ölvatnsholti frá 1546 |
| Laugar 080:001 | Máldagi Oddgeirshólakirkju frá 1397 |
| Stóru Reykir 081:001 | Máldagi Oddgeirshólakirkju frá 1397 |
| Litlu Reykir 082:001 | Máldagi Oddgeirshólakirkju frá 1220 |

*Tafla 1. Elstu heimildir um skráð lögbýli*

[8] JÁM II, Ö-Hraungerðishreppur, ÁHÍF 1905

Í rituðum heimildum er að finna fróðleik sem varpar ljósi á þróun byggðar á svæðinu. Í kirknaskrá Páls biskups frá árinu 1200[9] er fyrst minnst á Laugardæli. Í Sturlungu, sem talin er rituð á 13. öld, er Langholts fyrst getið.[10] Litlu-Reykja er fyrst getið í máldaga Oddgeirshólakirkju frá 1220[11] sem bendir til þess að þá hafi Stóru-Reykir einnig verið í byggð. Í máldaga Laugardælakirkju frá 1397[12] er talað um Sölvholt, Uppsali og Svarfhól. Í máldaga Oddgeirshólakirkju[13] frá sama ári er Lauga og Stóru-Reykja fyrst getið. Brúnastaða er getið í kaupbréfi frá árinu 1469[14] og Hryggjar í máldaga Snæfoksstaðakirkju frá 1491-1518.[15] Lækjar er fyrst getið í handriti sem greinir frá dómsmálum árið 1528.[16] Ölversholts er fyst getið í kaupbréfi frá 1546.[17] Jarðarinnar Bárs er fyrst getið í máldaga Öndverðarneskirkju frá 1570.[18] Aðrar jarðir sem skráðar voru virðast hafa byggst síðar og er flestra þeirra hvergi getið í rituðum heimildum fyrr en í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem rituð var 1708. Alls eru það 23 jarðir. Fjögur af lögbýlunum virðast byggjast upp á 18.-19. öld og er fyrst getið í Jarðatali Johnsen sem ritað var árið 1847 en það eru Halakot, Hallandi, Imbutópt og Vesturkot. Þessu þarf þó að taka með fyrirvara og ekki er um ítarlega úttekt á aldri jarðanna að ræða. Aðrar vísbendingar um aldur jarða eru t.d. jarðadýrleiki, bæjarnöfn, stærð og landamerki svo dæmi séu tekin en ekki var farið út í samantekt á slíku í þessari skráningu.

## Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa

[9] DI XII, 8
[10] Sturl. GJ, II, 465
[11] DI, 410
[12] DI IV, 53
[13] DI IV, 51-52
[14] DI V, 549
[15] DI VII, 47
[16] DI IX, 474
[17] DI XI, 455
[18] DI XV, 645

steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Á skráningarsvæðinu voru samtals skráðir 32 bæjarhólar í mjög misjöfnu ástandi. Algengt var að þeir hefðu eitthvað verið skemmdir á síðustu áratugum þótt hluti hólanna væri gjarnan eftir óskaddaður. Ný íbúðarhús standa á mörgum þeirra, sumum hefur verið raskað við túnasléttun og útihús hafa verið byggð á enn öðrum. Nokkrir bæjarhólanna hafa varðveists vegna tilfærslu á bæjahúsum sökum landbrots og uppblásturs við Þjórsárbakka.

Öll ummerki 12 bæjarhóla eru horfin innan skráningarsvæðisins. Framkvæmdir eru þar ein helsta orsökin auk landbrots. Þetta eru elsti bæjarhóllinn í Ferjunesi 009:001, Skálmholt 001:001, Egilsstaðakot 005:001, Mjósund 007:003, Syðri-Sýrlækur 011:003 og 004, Brúnastaðir 074:001, Hryggur 075:001, Vesturkot 077:001, Bitra 078:001, Ölvaðsholt 079:001, Stóru-Reykir 081:001 og Litlu-Reykir 082:001. Á öðrum jörðum á skráningarsvæðinu var ástand bæjarhólanna betra, þó að víðast hafi einhverjar framkvæmdir átt sér stað á þeim. Hluti bæjarhóls er enn greinilegur á níu stöðum á skráningarsvæðinu, þ.e. í Hjálmholti 076:001, Urriðafossi 001:001, Egilsstöðum 005:001, Mjósundi 007:004, Forsæti 008:001, Efri-Sýrlæk 010:003, Syðri-Sýrlæk 011:005, Mýrum 012:001 og Gafli 013:001. Á öllum þessum stöðum hefur bæjarhólum verið raskað með byggingu yngri húsa eða þeir sléttaðir út að hluta þó enn megi greina veggjarbrot og húsgrunna. Flest af yngri íbúðarhúsum á þessum jörðum eru byggð á gömlu bæjarhólunum. Mörg þeirra eru með kjallara sem grafinn er djúpt í hólinn og gjarnan talsvert raskað mannvistarlögum. Í flestum tilvikum sést þó móta fyrir hólnum og víða eru án efa talsverðar mannvistarleifar undir sverði enda sjaldnast nokkrar vísbendingar um að bæirnir hafi staðið annars staðar.

Sjö bæjarhólar hafa varðveist að mestu eða öllu leyti. Bæjarhóll Lauga 080:001 er ennþá greinilegur á náttúrulegu holti. Hann er 20x8 m að stærð en einungis 0,2 m á hæð. Lítið jarðrask hefur verið þar síðan íbúðarhús var byggt þar 1936. Sléttað var yfir svæðið eftir að jörðin fór í eyði en búast má við að töluvert af mannvistarleifum gætu enn verið undir sverði. Elsti bæjarhóll Þjótanda 003:001 er ennþá varðveittur og afar áberandi í flatlendi. Hann er 40x25 m að stærð og 3 m á hæð. Á honum eru ennþá tóftir síðustu bæjarhúsanna en þær voru nýttar sem fjárhús eftir að ábúð lauk þar. Bæjarhóll Skálmholtshrauns 002:001 er ennþá varðveittur sem og bæjarhúsin á honum. Hóllinn er 40x32 m að stærð og 2,5 m á hæð. Gamla heimatúnið er óraskað að mestu og sjást útihús á nokkrum stöðum sem og hlaðinn túngarður

umhverfis heimatúnið. Elsti bæjarhóllinn 007:001 í Mjósundi er enn til. Ekki er vitað hversu stór hluti hans hefur fallið í Þjórsá gegnum aldirnar en landbrot var þar mikið. Bæjarhóllinn er 22x20 m að stærð og 1,5 m á hæð. Hóllinn er grasivaxin, þýfður en hvergi sjást greinilegar tóftir, einungis veggjabrot. Elsti bæjarhóll Syðri-Sýrlækjar 010:001 er í Sýrlækjarbót og hefur ekkert rask af mannavöldum orðið þar. Bæjartóftin er greinileg og níu útihús umhverfis hana. Svæðið er mjög gróið enda ekki verið beitt þar í nokkra áratugi. Hið sama má segja um bæjarhól Efri-Sýrlækjar 011:001 í Sýrlækjarbót, hann er varðveittur og sömuleiðis ein tóft í heimatúninu. Yngri bæjarhólar Efri-Sýrlækjar 010:002 og Syðri-Sýrlækjar 011:002 eru líklega varðveittir að hluta í hólum sem kallast Hnubbar. Þjórsá hefur brotið úr hólunum og sandfok breytt löguninni mikið.

| **Sérheiti (samtala)** | **Búseta og ástand** |
|---|---|
| Skálmholt 001:001 | Nýtt íbúðarhús byggt 1957, fast sunnan við bæjarhólinn. Hann var sléttaður 2005 og eldri húsgrunnum rutt út. |
| Skálmholtshraun 002:001 | Í eyði 1918. Bæjarhóllinn er óraskaður sem og tóftir bæjarhúsa á honum. |
| Þjótandi 003:001 | Bærinn var fluttur á nýtt bæjarstæði um 1900. Bæjarhóllinn er óraskaður og bæjarhúsin nýtt sem fjárhús. |
| Þjótandi 003:002 | Í eyði 1980. Nýtt íbúðarhús með kjallara var byggt á sama stað og eldri bæjarhús árið 1929. Öll hús voru rifin eftir árið 2000. |
| Urriðafoss 004:001 | Nýtt íbúðarhús með kjallara var byggt í gömlu bæjarhúsin árið 1929. Bæjarhóllinn er varðveittur að hluta vestan við það. |
| Egilsstaðir 005:001 | Íbúðarhús með kjallara var byggt 1936 í suðausturhluta bæjarhólsins. Malarvegur liggur yfir suðvesturhlutann en þar stóðu Egilsstaðir II áður. Bæjarhóllinn er varðveittur að hluta. |
| Egilsstaðakot 006:001 | Nýtt íbúðarhús var byggt fast sunnan við bæjarhól 1933. Slétt malarplan er þar sem bærinn var áður og tvenn önnur íbúðarhús nærri. Öll ummerki bæjarhólsins horfin. |
| Mjósund (Mjósendi) 007:001 | Bæjarhóllinn er ennþá varðveittur og en hætt var að búa á honum fyrir 1709. Vegslóði liggur yfir austurhluta hans og reglulega brotnar af honum í Þjórsá úr honum. |
| Mjósund 007:003 | Á staðinn var flutt fyrir 1708 og búið fram til 1896. Bæjarhóllinn horfin, slétt tún og fóðurkál eru nú þar sem bærinn stóð áður. |
| Mjósund 007:004 | Byggt 1896 og notað fram eftir 20. öld. Húsin hafa verið rifin. |
| Forsæti 008:001 | Íbúðarhús með kjallara var byggt á bæjarhólnum 1927 og það tvívegis stækkað. Lítil sem engin ummerki bæjarhóls sjást á yfirborði. |
| Nes (Ferjunes) 009:001 | Bæjarhóllinn og allt sem honum tilheyrði horfið í Þjórsá sökum landbrots. |
| Nes 009:002 | Bæjarhóllinn sést ennþá en bæjarhúsin voru rifin þegar nýtt íbúðarhús var byggt skammt frá árið 1946. Undirstöður bæjarhúsanna sjást enn sem og hóllinn. |
| Efri Sýrlækur 010:001 | Í eyði alllöngu fyrir 1708, líklega á 16. eða 17. öld. Bæjartóftin sem og nokkur útihús eru ennþá varðveitt í Sýrlækjarbót, eyju eða hólma við Þjórsá. |
| Efri Sýrlækur 010:002 | Líklega í notkun á 17. öld. Hóll er á þessum slóðum en óvíst með mannvistarlög sökum landbrots og sandfoks úr Þjórsá. |
| Efri Sýrlækur 010:003 | Í eyði 1966. Bæjarhóllinn er óraskaður sem og grunnur bæjarhúsanna á honum. |
| Syðri Sýrlækur 011:001 | Í eyði alllöngu fyrir 1708, líklega á 16. eða 17. öld. Bæjartóftin og eitt útihús eru ennþá varðveitt í Sýrlækjarbót, eyju eða hólma við Þjórsá. |
| Syðri-Sýrlækur 011:002 | Líklega í notkun á 17. öld. Hóll er á þessum slóðum en óvíst með mannvistarlög sökum landbrots og sandfoks úr Þjórsá. |
| Syðri-Sýrlækur 011:003 | Ekki er vitað hvar þessi bær stóð eða hvenær hann var í notkun. |
| Syðri-Sýrlækur 011:004 | Ekki er vitað hvar þessi bær stóð eða hvenær hann var í notkun |

| | |
|---|---|
| Syðri-Sýrlækur 011:005 | Bærinn var byggður um 1690 á þessum stað. Íbúðarhús með kjallara byggt 1944 í norðausturhluta bæjarhólsins. Hluti hólsins er varðveittur. |
| Mýrar 012:001 | Nýtt íbúðarhús byggt 1974 skammt VSV við bæjarhólinn. Hluti bæjarhólsins sem og grunnur eldri bæjarhúsa eru ennþá varðveitt. |
| Gafl 013:001 | Íbúðarhús var byggt 1953 fast vestan við eldri bæinn, á bæjarhólnum. Grunnur 20. aldar útihúsa eru austarlega á bæjarhólnum en lítlill hluti hans er enn varðveittur. |
| Brúnastaðir 074:001 | Bæjarhóllinn er horfin af yfirborði ogmikið rask átt sér stað. Tvö íbúðarhús eru á Brúnastöðum en þau ekki reist á bæjarhólnum. |
| Hryggur 075:001 | Bæjahólnum var mikið raskað í byggingaframnkvæmdum milli 1960-1970. Þá var byggt fjósbeint norðan við bæjarhólinn. Hann er horfin af yfirborði. |
| Hjálmholt 076:001 | Smávægileg hólmyndun er enn greinileg á yfirborði þar sem bæjarhóllinn er. Malarborði, slétt hlað er yfir svæðinu. |
| Vesturkot 077:001 | Í eyði 1918. Ræktað tún er þar sem bærinn var og engin ummerki bæjarhóls að sjá á yfirborði. |
| Bitra 078:001 | Núverandi íbúðarhús er nokkuð suðvestan við bæjarhólinn. Hann er horfinn af yfirborði og mikið rask átt sér stað þar. |
| Ölvaðsholt 079:001 | Íbúðarhús var byggt 1924, fast norðan við bæjahólinn. Engin ummerki hólsins sjást á yfirborði, þar er þéttur trjálundur en inn á milli trjánna má greina hleðslusteina. |
| Laugar 080:001 | Í eyði 1980. Laugar eru á holti, nýtt íbúðarhús var byggt 1936 en það var rifið fyrir nokkru. Ekki er vitað hvort það var byggt á bæjarhólnum en ekki sést móta fyrir honum á yfirborði. |
| Stóru Reykir 081:001 | Íbúðarhús byggt 1936, er á grunni hlöðu sem var áföst gömlu bæjarhúsunum. Slétt malarplan er þar sem bæjahóllinn var og öll ummerki hans horfin af yfirborði. |
| Litlu Reykir 082:001 | Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði. Íbúðarhús var byggt norðan við eldri bæjahús 1942 en það sem og bæjarhúsin rifin og sléttað yfri svæðið. |

*Tafla 2. Ástand skráðra bæjarhólaa*

Á skráningarsvæðinu eru þekkt 18 býli og hjáleigur á 10 jörðum. Flest þeirra eru skráð í Hjálmholti, þar eru þau fimm talsins. Á þremur jörðum eru tvö býli þekkt. Flest býlanna eru þekkt úr rituðum heimildum en í mörgum tilfellum er staðsetning þeirra óþekkt. Svo er raunin um Kotatún 002:002, Þjótandakot 003:005, Gjábakka 003:009, Böðvarstóftir 004:047, Pálstóft 005:032, Sýrlækjarbala 011:011, Brúnastaðakot 074:015, Hjálmholtshjáleigu 076:011 og Norðurkot 076:043.

Staðsetning hinna býlanna átta er þekkt og á sex stöðum sjást ennþá ummerki um mannvist á yfirborði. Dælakot 001:009 var í byggð á seinni hluta 17. aldar. Þar var aðeins búið í um 50 ár og því ekki mikilla ummerkja að vænta undir sverði. Þó sjást ennþá tvær tóftir og garðlag á svæði sem er 50x35 m að stærð. Lítið er vitað um Grænhól 011:006 þó staðsetning hans sé þekkt. Bæjarhólnum var raskað við lagningu Gaulverjabæjarvegar um miðja síðustu öld. Enn má sjá hólmyndun sem er 18x12 m að stærð og 0,5 m á hæð. Í Austurkoti 076:015 eru ennþá varðveittar tvær tóftir og hleðsla á svæði sem er 50x20 m að stærð. Ein tóftin er á lágum hól og er það líklega bæjarhóllinn. Suðurkot 076:048 hefur verið sléttað í tún en ennþá má greina þúst þar. Hún er 20x10 m að stærð og 0,4 m á hæð. Ölversholtshöfði 079:002 var í ábúð þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var gerð árið 1708. Ekki er vitað hvenær býlið féll úr ábúð en húsin voru nýtt áfram sem útihús, sbr. bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906. Nú eru þar tvær tóftir, sú stærri

16x16 m að stærð og 0,4 m á hæð. Þar sem býlið Gunnutóft 079:010 eru nú tvær tóftir í sléttu túni. Svæðið er 100x20 m að stærð og líklega allt hluti af býlinu. Tveir meintir bústaðir fundust við jarðrask, 001:034 í landi Skálmholts og 010:009 í landi Efri-Sýrlækjar.

| **Heiti** | **Byggt/Í eyði** | **Ástand** |
|---|---|---|
| Dælnakot 001:009 | Um 1650/um 1690 | hleðslur útflattar |
| 001:034 | Ekki vitað | ekki sést til fornleifar |
| Kotatún 002:002 | Ekki vitað | ekki sést til fornleifar |
| Þjótandakot 003:005 | Ekki vitað | óþekkt |
| Gjábakki 003:009 | Ekki vitað | óþekkt |
| Böðvarstóftir 004:047 | Ekki vitað | óþekkt |
| Paals Tópt 005:032 | Ekki vitað/um 1650 | óþekkt |
| 010:009 | 1920/1921 | ekki sést til fornleifar |
| Grænhóll 011:006 | Ekki vitað | Sést til |
| Sýrlækjarbali 011:011 | 1889/1924 | Ekki sést til fornleifar |
| Brúnastaðakot 074:015 | Ekki vitað | óþekkt |
| Hjálmholtshjáleiga 076:011 | Fyrir 1708/ekki vitað | óþekkt |
| Stertur 076:012 | Ekki vitað/um 1690 | Ekki sést til fornleifar |
| Austurkot 076:015 | Ekki vitað | Hleðslur signar |
| Norðurkot 076:043 | Ekki vitað | Ekki sést til fornleifar |
| Suðurkot 076:048 | Ekki vitað | Sést til |
| Ölversholtshöfði 079:002 | Fyrir 1708/ekki vitað | Hleðslur signar |
| Gunnutóft 079:010 | Ekki vitað | Sést til |

*Tafla 3. Ástand skráðra býla*

## Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir

Engin sóknarkirkja var á svæðinu sem var skráð 2010-2012. Í Hjálmholti var kirkja fyrr á öldum. Máldagar hennar eru þekktir frá 1397-1598 en þá var hún lögð niður tímabundið. Kirkjan var reist aftur um 1794 en þá var kirkjan á Oddgeirshólum flutt í Hjálmholt. Sú kirkja var lögð niður 1805 og flutt að Hraungerði. Kirkjuhóll/Skemmuhóll 076:002 er ennþá varðveittur nærri gamla bæjarstæðinu í Hjálmholti og mannabein hafa fundist þar nokkrum sinnum við jarðrask. Ritaðar heimildir eru um tvö bænhús eða hálfkirkjur á skráningarsvæðinu. Máldagar hálfkirkjunnar í Skálmholti er þekktir frá um 1200-1598. Hvar kirkjan stóð nákvæmlega er ekki vitað en örnefnið Kirkjuhóll/Skemmuhóll 001:002 er ennþá þekktur í heimatúninu. Þar er tóft, mögulega af smiðju, en frekari rannsóknir þar til þess að staðfesta hvort að um kirkju sé að ræða. Á Egilsstöðum eru máldagar hálfkirkju 005:002 varðveittir frá 1269-1592. Um 1970 og svo aftur árið 1990 fundust beinagrindur við jarðrask á

bæjarhólnum, fast við fjósið. Það staðfestir staðsetningu kirkjunnar því ekki var um heiðin grafreit að ræða. Um 100 m frá fyrrnefndu fjósi er hringlaga hóll 005:003 í gamla heimatúni Egilsstaða. Gömul munnmæli kveða á um að þetta sé kirkja og kirkjugarðurinn en það verður að teljast afar ólíklegt, bæði sökum áðurgetins mannabeinafundar og þess hversu langt frá bæ hóllinn er. Í Mjósundi er hóll í heimatúni sem kallast Kirkjuhóll 007:002. Hann skammt frá elsta bæjarhólnum á jörðinni en engar ritaðar heimildir eru til um bænhús á jörðinni. Ekki er ólíklegt þar hafi staðið bænhús, bæði er Mjósund gömul jörð og hóllinn nokkuð sennileg staðsetning bænhúss miðað við fjarlægð frá bæ.

Ekki eru þekkt kuml á því svæði sem skráð var 2010-2012 og var einungis einn legstaður skráður. Það er Axarhóll 076:016, í landi Hjálmholts. Þar á sakamaður að hafa verið dysjaður en afar ólíklegt er að svo sé. Axarhóll er lítt gróin hraunhóll og hvergi mótar fyrir mannvist.

## Minjar í heimatúni

Mikið af minjastöðum er yfirleitt að finna í gömlu heimatúnum bæjanna. Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Útihús eru stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík hús voru fyrir sauðfé en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Árin 2010-2012 voru skráð 106 útihús. Heimildir um útihúsin koma úr mörgum áttum en einna þyngst vega túnakort sem gerð voru í sveitum landsins í upphafi 20. aldar á vegum Búnaðarsambandsins. Slík kort voru gerð í Hraungerðishreppi árið 1918 en eru ekki til úr

Villingaholtshreppi.[19] Fyrir allt svæðið eru hins vegar til túnakort sem danskir landmælingamenn teiknuðu í upphafi 20. aldar.[20] Kort þeirra voru gerð árið 1906 í Hraungerðis- og Villingaholtshreppi og eru ómetanleg heimild um búsetu á þeim tíma. Þó að einungis 12 ár hafi liðið á milli þessara túnakorta má sjá af þeim að töluverðar breytingar átt sér stað á þessu skeiði á sumum jarðanna, m.a. hafa hús fallið úr notkun og önnur komin í staðinn.

| Samtala | Sérheiti | Ástand | Samtala | Sérheiti | Ástand |
|---|---|---|---|---|---|
| ÁR-001:026 | | hleðslur signar | ÁR-012:025 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-001:034 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-012:027 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:007 | | hleðslur signar | ÁR-012:029 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:008 | | hleðslur útflattar | ÁR-013:010 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:009 | | hleðslur standa grónar | ÁR-013:011 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:010 | | hleðslur standa grónar | ÁR-013:012 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:011 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-013:013 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:024 | | hleðslur útflattar | ÁR-013:014 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:011 | | sést til | ÁR-013:015 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:012 | | sést til | ÁR-013:017 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:013 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-074:005 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:015 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-074:006 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:022 | | hleðslur signar | ÁR-074:007 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:028 | | hleðslur útflattar | ÁR-074:009 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:011 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-074:010 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:049 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-074:011 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:052 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-075:005 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:054 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-076:004 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:033 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-076:005 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:034 | | hleðslur standa grónar | ÁR-076:009 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:046 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-076:051 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:047 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-077:004 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:048 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-077:005 | | ekki sést til fornleifar |

[19] http://www.archivesportaleurope.net/web/guest/ead-display/-/ead/s/C24600041/1/t%C3%BAnakort
[20] Landmælingar Íslands, http://gis.lmi.is/saga/

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÁR-006:011 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-077:006 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-006:013 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-077:007 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-007:006 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-077:008 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-008:004 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-078:005 | | hleðslur útflattar |
| ÁR-008:006 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-079:002 | Ölversholtshöfði | hleðslur signar |
| ÁR-008:007 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-079:005 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-008:009 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-079:006 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-008:010 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-079:007 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-008:011 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-080:003 | | sést til |
| ÁR-008:015 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-080:004 | | sést til |
| ÁR-009:014 | Koppahóll | hleðslur útflattar | ÁR-080:005 | | hleðslur útflattar |
| ÁR-009:016 | | sést til | ÁR-080:007 | | hleðslur standa grónar |
| ÁR-009:017 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-080:020 | | hleðslur útflattar |
| ÁR-009:019 | Fæla | ekki sést til fornleifar | ÁR-081:003 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-010:004 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-081:004 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-010:005 | | hleðslur signar | ÁR-081:006 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-010:006 | | hleðslur standa grónar | ÁR-082:004 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-011:008 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-082:005 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-011:009 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-082:006 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-011:013 | | ekki sést til fornleifar | ÁR-082:007 | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-012:024 | | hleðslur signar | | | |

*Tafla 4. Skráð útihús með óþekkt hlutverk.*

Alls voru skráð 87 útihús með óþekkt hlutverk innan gömlu heimatúnanna. Þetta háa hlutfall af óþekktum útihúsum stafar eflaust af því að mörg þeirra hafa verið sléttuð út og erfitt er að ná í heimildamenn sem muna eftir staðsetningu og hlutverkum útihúsa á fyrri hluta 20. aldar. Ástand útihúsanna á skráningarsvæðinu var æði misjafnt. Tæp 74% útihúsanna eru horfin af yfirborði, eða 64 minjastaðir. Aðeins voru varðveittar 10 tóftir, 11 þústir og ein hleðsla eins og sést á stöplariti 3.




*Stöplarit 3. Ástand útihúsa á skráningarsvæðinu*

Samtals voru skráð 19 útihús þar sem nákvæmt hlutverk var þekkt.[21] Flest útihúsanna voru lambhús og fjárhús, eða samtals 12 talsins. Þar af eru sex tóftir enn varðveittar, tvenn lambhús og fjögur fjárhús.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| ÁR-001:027 | Fjárhúsbrekka | tóft | fjárhús | Hleðslur signar |
| ÁR-001:028 | Fjárhúsbrekka | tóft | fjárhús | Hleðslur signar |
| ÁR-001:033 | Fjárhúsbrekka | tóft | fjárhús | Hleðslur signar |
| ÁR-004:005 | Fjárhústún/Framtún | heimild | fjárhús | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:010 | Lambhúsholt | heimild | lambhús | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:007 | Lambhúshóll | tóft | lambhús | Hleðslur signar |
| ÁR-009:008 | Smiðjuhóll | þúst | smiðja | Sést til |
| ÁR-010:012 | | tóft | fjárhús | Hleðslur standa grónar |
| ÁR-012:008 | | þúst | fjárhús | Hleðslur signar |
| ÁR-012:011 | Fjósaskák | heimild | fjós | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-013:002 | Fjósadæla | örnefni | fjós | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-013:007 | Lambhúsflóð | örnefni | lambhús | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-075:004 | | heimild | lambhús | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-075:006 | Fjóshóll | heimild | fjós | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:003 | Hjallhóll | heimild | hjallur | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:030 | Hesthúsbrekka | örnefni | hesthús | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:038 | Lambhúshóll | heimild | lambhús | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-079:008 | Lambhúsklettur | heimild | lambhús | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-081:019 | | heimild | kartöflukofi/ískofi | ekki sést til fornleifar |

[21] Það ber að ítreka að auðvitað voru fjárhús, hesthús og önnur skepnuhús mun fleiri enda 82 útihús með óþekkt hlutverk skráð.

*Tafla 5. Skráð útihús með þekkt hlutverk*

Lítið er vitað um staðsetningu fjósa á skráningarsvæðinu en líklegt er að þau hafi víða verið sambyggð bæ eins og vísbendingar eru um frá öðrum stöðum á landinu. Þar voru fjós víða inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin. Einungis voru heimildir um þrjú fjós sumurin 2010-2012, í landi Mýra, Gafls og Hryggs, en hvergi sjást til fornleifa. Einn hjallur var skráður (Hjallhóll 076:003 í landi Hjálmholts), ein smiðja (Smiðjuhóll 009:008 í Ferjunesi) og ískofi (081:019 á Stóru-Reykjum). Örnefnið Hesthúsbrekka 076:030 er þekkt í Hjálmholti og er það eina þekkta heimildin um hesthús á svæðinu.

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Hartnær engin gömul tún lögbýlanna eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema ef vera skyldi í Skálmholtshrauni. Samtals voru skráðir 17 túngarðar á 16 jörðum á skráningarsvæðinu. Ummerki 11 túngarða sjást ennþá umhverfis heimatúnin. Í Skálmholtshrauni er grjóthlaðinn túnagarður 002:020 ennþá varðveittur. Eitthvað grjót var tekið á síðustu árum og sett í undirstöður heilsárshúss sem þar stendur en auðvelt er að rekja túngarðinn umhverfis allt heimatúnið. Í Þjótanda var ein hlið heimatúnsins afmörkuð með hlöðnum túngarði 003:007 og er hún enn varðveitt. Yngri útfærsla af túngarði 003:021 er austan við heimatún Þjótanda. Hann að er hægt að rekja frá heimatúninu og Þjórsá til austurs. Á níu stöðum eru hlutar túngarða varðveittir en oftast eru garðarnir mikið raskaðir. Það á m.a. við um túngarð í Skálmholti 001:020, Urriðafossi 004:007, Egilsstöðum 005:026, Forsæti 008:002, Efri-Sýrlæk 010:007, Mýrum 012:024, Vesturkoti 077:011 og Laugum 080:022. Auk þeirra túngarða sem þegar er getið um eru þekktar heimildir um sex hlaðna túngarða sem allir eru horfnir. Þeir voru í Mjósundi 007:015, Syðri-Sýrlæk 011:009, Gafli 013:017, Brúnastöðum 074:029, Stóru-Reykjum 081:022 og Litlu-Reykjum 082:013.

| Samtala | Afmörkun | Hleðsluhæð | Ástand |
|---|---:|---:|---|
| ÁR-001:020 | 25x2 | 1 | hleðslur signar |
| ÁR-002:020 | 300x200 | 1 | hleðslur signar |
| ÁR-003:007 | 120x1,5 | 1,5 | hleðslur signar |
| ÁR-003:021 | 450x0,3 | 0,2 | hleðslur signar |
| ÁR-004:007 | 340x200 | 0,5 | hleðslur signar |
| ÁR-005:026 | 500x450 | 1,5 | hleðslur signar |
| ÁR-007:015 | | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-008:002 | 450x380 | 1,2 | hleðslur standa grónar |
| ÁR-010:007 | 345x320 | 0,7 | hleðslur signar |
| ÁR-011:009 | | | ekki sést til fornleifar |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÁR-012:024 | 270x270 | 0,7 | hleðslur signar |
| ÁR-013:017 | | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-074:029 | | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-077:011 | 130x2 | 1 | hleðslur signar |
| ÁR-080:028 | 20x2 | 0,4 | hleðslur standa grónar |
| ÁR-081:022 | | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-082:013 | | | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 6. Ástand túngarða*

Samtals voru skráðir 39 kálgarðar á 22 lögbýlum. Leifar 10 kálgarða sjást enn og í nokkrum tilvikum eru þeir enn nýttir sem hluti af bakgarði núverandi íbúðarhúsa. Flestir kálgarðanna voru einföld og torfhlaðin, ferhyrnd gerði, gjarnan á eða í námunda við bæjarhólana. Öll ummerki þeirra voru horfin á 29 stöðum. Á 13 bæjum voru tveir eða fleiri kálgarðar þekktir og í sumum tilvikum voru þeir sambyggðir bæjarhúsunum. Í flestum tilfellum er ekki vitað nákvæmlega hvað var ræktað í kálgörðunum þó líklegast sé að það hafi oftast verið kartöflur.

| **Samtala** | **Ástand** | **Samtala** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| ÁR-001:003 | ekki sést til fornleifar | ÁR-074:002 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-001:004 | ekki sést til fornleifar | ÁR-074:003 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-001:005 | ekki sést til fornleifar | ÁR-074:004 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:005 | ekki sést til fornleifar | ÁR-075:002 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:010 | hleðslur signar | ÁR-075:003 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:014 | ekki sést til fornleifar | ÁR-076:006 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:051 | hleðslur útflattar | ÁR-076:007 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:033 | ekki sést til fornleifar | ÁR-076:014 | hleðslur signar |
| ÁR-005:035 | ekki sést til fornleifar | ÁR-077:002 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-006:006 | ekki sést til fornleifar | ÁR-077:003 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-007:014 | ekki sést til fornleifar | ÁR-078:002 | hleðslur signar |
| ÁR-008:003 | hleðslur signar | ÁR-078:003 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-008:004 | ekki sést til fornleifar | ÁR-079:003 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:012 | hleðslur standa grónar | ÁR-080:002 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:015 | hleðslur standa grónar | ÁR-080:006 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-010:005 | hleðslur signar | ÁR-080:015 | hleðslur signar |
| ÁR-011:008 | ekki sést til fornleifar | ÁR-081:002 | ekki sést til fornleifar |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÁR-012:023 | ekki sést til fornleifar | ÁR-081:007 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-012:026 | ekki sést til fornleifar | ÁR-082:002 | hleðslur signar |
| ÁR-013:009 | ekki sést til fornleifar | | |

*Tafla 7. Ástand kálgarða*

Annar minjaflokkur innan gömlu heimatúnanna eru brunnar. Samtals voru skráðir 20 brunnar á 12 jörðum og er það óvenju hátt hlutfall. Ástæða þessa fjölda er óþekkt en mögulega var aðgangur að góðu lækjarvatni slæmur eða jarðvegurinn hentugur til brunngerðar. Algengast var að öll ummerki um brunnanna væru horfin, búið að loka og fyllt upp í þá. Á Laugum og í Egilsstaðakoti eru brunnar þar sem hleðslurnar standa enn. Þeir eru óraskaðir, djúpir og greinilegar grjóthleðslur sjást í þeim niður að vatnsyfirborði.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Ástand |
|---|---|---|---|
| ÁR-003:026 | | brunnur | hleðslur signar |
| ÁR-006:003 | Prettur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-006:009 | | brunnur | hleðslur standa |
| ÁR-010:011 | | brunnur | hleðslur signar |
| ÁR-011:014 | | frásögn | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-012:017 | | brunnur | hleðslur standa grónar |
| ÁR-074:017 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-074:018 | | brunnur | sést til |
| ÁR-076:020 | Neðribrunnur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:032 | Hlaðbrunnur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:059 | Vondur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-078:009 | Brunnskák | örnefni | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-079:027 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-079:028 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-080:013 | Laugin | laug | hleðslur standa |
| ÁR-080:029 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-081:007 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-081:011 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-081:023 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-082:009 | | brunnur | sést til |

*Tafla 8. Ástand brunna*

## Mannvirki í úthögum tengd sauðfjárrækt

Alls voru skráð 115 mannvirki í úthögum á skráningarsvæðinu. Flest þeirra tengjast sauðfjárrækt og voru beitarhús, stekkir, sel, réttir, vörslugarðar eða fjárborgir.

Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur. Oft er erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús eru að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum. Aðeins voru þekkt þrjú eða fjögur sel á skráningarsvæðinu en vel getur verið að seljabúskapur hafi verið stundaður á sumrin í stærri beitarhúsatóftunum. Seljafæðin skýrist að hluta af smæð jarðanna. Einnig má nefna að jarðirnar liggja ekki að fjalllendi og líklegt er að landrými og landkostir hafi einfaldlega ekki verið með þeim hætti að hentugt væri að hafa í seli. Þetta er afar áhugaverð staðreynd og fjöldi beitarhúsa á svæðinu gæti m.a. bent til þess að áherslur í landbúnaði Hraungerðishrepps hafi verið á sauði.

Þrjú seljanna (076:040, 046 og 078:023) voru í notkun um miðja 19. öld og í heimildum talað um þau öll sem beitarhús. Fjórða selið sel 076:023 gæti mögulega verið hið sama og 076:040 en ruglingur í örnefnaskrá flækir málið og ekki tókst að skera úr um þetta álitamál í skráningunni.

Gríðarlegur fjöldi beitarhúsa var skráður sumurin 2010-2012 eða 60 hús. Slík hús voru skráð á 18 af þeim 22 jörðum sem voru á skráningarsvæðinu. Beitarhúsin voru fjölbreytileg að gerð. Algengast var að beitarhúsin væru stakar, stórar tóftir en á nokkrum stöðum voru skráðar tvær eða fleiri tóftir saman. Flest beitarhúsanna virðast fremur unglegar tóftir, líklega ekki eldri en frá 18. öld og flest frá 19. öld eða frá upphafi 20. aldar enda beitarhús óalgeng fyrir þann tíma er marka má orð Brynjúlfs Jónssonar í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá 1905. Þar segir: „En nú er það sjaldgæft hér á Suðurlandi, að sjá merki til fornra beitarhúsa; þau tíðkuðust hér víst lítið meðan sauðfé var kallað „útigangspeningur““.[22] Undantekningar voru á þessu og vísbendingar um forn beitarhús á nokkrum jörðum. Minjastaðir 005:007, 012 og 078:019 eru einna bestu dæmin. Þar eru þyrpingar af litlum tóftum sem öll eru svipuð að gerð og lögun. Flestar tóftanna eru einföldar en nokkrar þeirra eru með tvö hólf. Leiða má líkur að því að þarna séu beitarhús og heykuml. Mögulegt er að eldri mannvistarleifar geti í einhverjum tilfellum leynst undir sverði yngri beitarhúsa.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| ÁR-001:023 | Aðalsteinstóftir | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-002:014 | | tóftir | hleðslur signar |
| ÁR-002:015 | | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-002:017 | | tóft | hleðslur signar |

[22] Brynjúlfur Jónsson, 1906, bls. 21

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÁR-002:022 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-003:008 | Fjárhúshóll | heimild | óþekkt staðsetning |
| ÁR-003:017 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-003:018 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-003:019 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-003:020 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-004:010 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-004:018 | | frásögn | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:043 | Gamli nátthagi | tóftaþyrping | hleðslur standa grónar |
| ÁR-005:004 | Borgarhús | tóftir | hleðslur standa grónar |
| ÁR-005:007 | Sigurðartóft | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-005:017 | Ærhústún | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-005:022 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:030 | | tóftaþyrping | sést til |
| ÁR-005:038 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-006:004 | Gíslatóft | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-006:010 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-007:005 | | frásögn | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-007:007 | | tóftir | hleðslur signar |
| ÁR-007:008 | Fjárhúsdæl | heimild | Staðsetning óþekkt |
| ÁR-008:013 | | þúst | sést til |
| ÁR-010:010 | | frásögn | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-010:016 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-013:018 | | tóft+garðlag | hleðslur signar |
| ÁR-075:008 | Geiratóft | tóftir | hleðslur standa grónar |
| ÁR-075:012 | Þórðartóft | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-076:017 | | tóftir | hleðslur signar |
| ÁR-076:019 | Borgir | tóftir | hleðslur signar |
| ÁR-076:031 | | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-076:033 | Jónstóft | tóftir | hleðslur standa grónar |
| ÁR-076:040 | Mörk | tóftaþyrping | hleðslur signar |
| ÁR-077:010 | Þorsteinstóft | tóftir | hleðslur standa grónar |
| ÁR-078:010 | Fjárhúshólmi | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-078:011 | Fjárhústættur | tóft+garðlag | hleðslur standa grónar |
| ÁR-078:012 | Fjárhústún | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-078:019 | Lambhúsholt | tóftaþyrping | hleðslur signar |
| ÁR-078:022 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-078:023 | Seljadalir/Sauðhúsatættur | tóftir | hleðslur standa grónar |
| ÁR-078:024 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-079:009 | Fjárhúsflatir | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-079:018 | Stekkatún | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-079:026 | | tóft+garðlag | hleðslur signar |
| ÁR-080:016 | Stekkjarheiði | tóftir | hleðslur standa grónar |
| ÁR-080:017 | Valhöll | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-080:022 | | tóft+garðlag | hleðslur standa grónar |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÁR-081:010 | Grænatóft | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-081:015 | Stóra-Þorbjarnartóft | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-081:016 | | tóftaþyrping | hleðslur standa grónar |
| ÁR-082:011 | | tóft | hleðslur signar |

*Tafla 9. Ástand beitarhúsa*

Flest beitarhúsanna, sjö talsins, voru skráð í Bitru, sex á Egilsstöðum, fimm hús voru skráð í Hjálmholti og Þjótanda en færri hús á öðrum jörðum. Ástand húsanna var yfirleitt mjög gott og aðeins voru fimm þeirra horfin. Nokkur húsanna, t.d. 001:023, 004:010, 005:004 og 076:033 voru í notkun fram á seinni hluta 20. aldar og voru tóftir þeirra sérlega áberandi í flatlendinu. Flest beitarhúsanna voru í úthögum, oft nærri landamerkjum. Tóftirnar skiptast gjarnan í tvö eða þrjú hólf, oftast fjárhús með garða og hlöðu að baki.

Á svæðinu voru skráð 14 fjárskýli og sáust leifar 11 þeirra. Af örnefnunum í nágrenni skýlanna að dæma virðast flest þeirra hafa verið fjárborgir. Flestar tóftirnar eru útflattar og signar svo erfitt er að greina nákvæmt lag þeirra.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| ÁR-001:015 | Gíslaborg | tóftaþyrping | hleðslur signar |
| ÁR-002:013 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-005:004 | Borgarhús | tóftir | hleðslur standa grónar |
| ÁR-010:014 | | tóft | hleðslur standa |
| ÁR-012:006 | Byrgisrimar | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-012:009 | Byrgi | heimild | |
| ÁR-012:015 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-012:016 | | tóft | hleðslur útflattar |
| ÁR-013:005 | Borgarhólar | tóftir | hleðslur signar |
| ÁR-076:019 | Borgir | tóftir | hleðslur signar |
| ÁR-078:008 | Bitruborg | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-078:033 | | þúst | hleðslur útflattar |
| ÁR-079:017 | Lambabyrgishólar/Byrgishóll | heimild | |
| ÁR-080:008 | Birgishóll | heimild | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 10. Ástand fjárskýla*

Stekkir voru oft einföld gerði með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Samanlagt voru skráðir 24 stekkir sumurin 2010-2012. Af þeim voru ummerki um átta stekki alveg horfin og að auki var staðsetning þriggja stekkja týnd. Tóftir þeirra 13 stekkja sem enn sést til eru flestar signar og ógreinilegar. Allar tóftirnar eru aflangar og skiptast í 1-3 hólf. Þeir stekkir sem hægt var að staðsetja voru flestir fremur nærri bæ eða í 250-850 m fjarlægð. Stekkatún í landi Brúnastaða, Suðurkotsstekkur og Gamli-Stekkur í

Hjálmholti sem og Gamlistekkur í Ferjunesi og  skera sig þó úr og eru í 1-1,2 km fjarlægð frá bæ.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Stærð | Ástand | Fjarlægð frá bæ |
|---|---|---|---|---|---|
| ÁR-001:018 | Stekkjarlaut | heimild | | ekki sést til fornleifar | 800 m |
| ÁR-002:016 | | tóft | 14x6 m | hleðslur signar | 800 m |
| ÁR-003:004 | Stekkhóll | örnefni | | staðsetning óþekkt | |
| ÁR-004:006 | Stekkatún | heimild | | ekki sést til fornleifar | 850 m |
| ÁR-004:012 | | heimild | | staðsetning óþekkt | |
| ÁR-005:012 | Kóngsstekkir | tóftaþyrping | | hleðslur signar | 850 m |
| ÁR-005:045 | Stekkatúnseyri | frásögn | | staðsetning óþekkt | |
| ÁR-009:005 | Gamlistekkur | heimild | | ekki sést til fornleifar | 1 km |
| ÁR-011:007 | Stekkurinn | tóft+garðlag | 8x5 | hleðslur signar | 450 m |
| ÁR-012:003 | Stekkjarbrot | þúst | 9x7 | hleðslur útflattar | 400 m |
| ÁR-012:007 | Stekkjartúnshóll | tóft | 10x9 | hleðslur signar | 560m |
| ÁR-012:014 | Útgarður | heimild | | ekki sést til fornleifar | 800 m |
| ÁR-013:004 | Stekkur | heimild | | ekki sést til fornleifar | 260 m |
| ÁR-074:014 | Stekkatún | heimild | | ekki sést til fornleifar | 1,2 km |
| ÁR-074:016 | | tóft | 10x10 | hleðslur signar | 650 m |
| ÁR-075:009 | Stekkur/Sigurðartóft | tóft | 9x6 | hleðslur standa grónar | 510 m |
| ÁR-076:025 | Gamli-Stekkur | heimild | | ekki sést til fornleifar | 1 km |
| ÁR-076:026 | Stekkholt | tóft | 9x6 | hleðslur signar | 700 m |
| ÁR-076:050 | Suðurkotsstekkur | heimild | | ekki sést til fornleifar | 1 km |
| ÁR-077:009 | Kotsstekkur | tóftir | 60x20 | hleðslur signar | 600 m |
| ÁR-078:013 | Gamlistekkur | tóftir | 20x15 | hleðslur signar | 700 m |
| ÁR-079:018 | Stekkatún | tóft | 10x6 | hleðslur signar | 700 m |
| ÁR-080:016 | Stekkjarheiði | tóftir | 30x12 | hleðslur standa grónar | 850 m |
| ÁR-082:010 | Stekkur | tóft | 10x6 | hleðslur signar | 650 m |

*Tafla 11. Ástand stekkja*

Kóngsstekkir í landi Egilsstaða skera frá öðrum stekkjum. Líkt og örnefnið bendir til er hér um fleiri en eina tóft að ræða, alls eru þær fjórar auk einnar þústar.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkir og oft beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær og kýr voru mjaltaðar og sumstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. Hugtakið „stöðull“ var notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast var það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Aðeins voru þekktar 14 kvíar á skráningasvæðinu. Ætla má að mun fleiri kvíar hafi verið á svæðinu öllu en þær eru dæmi um minjaflokk sem víða hefur orðið mjög illa úti í túnasléttunum og –stækkun á 20. öld enda oft byggðar í túnjaðri gömlu túnanna og því oft vikið um leið og tún voru stækkuð. Af

kvíunum 14 hafa ummerki um sex varðveist. Á tveimur stöðum er um skýrar tóftir að ræða en á hinum fjórum eru tóftirnar signar og óskýrar.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Ástand |
|---|---|---|---|
| ÁR-001:025 | Kvíaból | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:021 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-002:024 | | þúst | hleðslur útflattar |
| ÁR-004:028 | Stöðulbali/Stöðulbakki | örnefni | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:006 | Hlaðkvíar | tóft | hleðslur standa grónar |
| ÁR-010:008 | | tóft+garðlag | hleðslur signar |
| ÁR-012:012 | Stöðulhóll | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-074:026 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-075:011 | Kvíar | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:053 | Stöðull | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-079:014 | Kvíaklettar | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-079:015 | Kvíhóll | örnefni | |
| ÁR-079:016 | | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-079:019 | Stöðulhóll | örnefni | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 12. Ástand kvía*

Í Ölversholti voru skráðar fjórar kvíatóftir sem verður að teljast hátt hlutfall samanborðið við aðrar jarðir á skráningarsvæðinu.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en fjárskýli, kvíar og stekkir eru einfaldlega flokkuð sem *réttir* í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær t.d rýja, mjalta eða gelda. Meirihluti réttartófta eru litlar og innan við 250 m frá bæ. Þessar réttir mætti nefna heimilisréttir frá bæjunum. Nátthagar gegna svipuðu hlutverki og réttir, þeir eru afgirt hólf þar sem skepnur sem þurfti að mjólka voru hafðar um nætur. Flestir nátthagar eru skammt utan túns og jafnvel sambyggðir túngarði. Nátthagar urðu algengir síðla á 19. öld og tengjast breytingum í túnarækt, þ.e. það tað sem safnaðist í högunum var nýtt til að rækta upp ný tún á umræddum stöðum. Á skráningarsvæðinu var skráð ein stór rétt, sjö nátthagar og níu minni réttir á 12 lögbýlum. Allir minjastaðirnir eru varðveittir að frátöldum einum nátthaga.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Ástand | Fjarlægð frá bæ |
|---|---|---|---|---|
| ÁR-001:013 | Dælarétt/Dælnarétt | hleðsla | hleðslur standa grónar | 1,6 km |
| ÁR-002:018 | | tóft | hleðslur signar | 800 m |
| ÁR-002:025 | | tóft | hleðslur signar | 410 m |
| ÁR-003:023 | | gerði | hleðslur signar | 350 m |
| ÁR-004:029 | Klettarétt | tóft | hleðslur standa grónar | 150 m |
| ÁR-004:043 | Gamli nátthagi | tóftaþyrping | hleðslur standa grónar | 700 m |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÁR-004:044 | | heimild | ekki sést til fornleifar | 350 m |
| ÁR-006:008 | | tóft | hleðslur standa grónar | 140 m |
| ÁR-006:011 | | frásögn | ekki sést til fornleifar | 200 m |
| ÁR-012:018 | Nátthagi | heimild | ekki sést til fornleifar | 140 m |
| ÁR-013:008 | Nátthagi | örnefni | ekki sést til fornleifar | |
| ÁR-074:019 | Brúnastaðarétt | gerði | hleðslur standa grónar | 130 m |
| ÁR-076:027 | Grenjahraunsrétt | tóft | hleðslur signar | 1 km |
| ÁR-076:028 | | tóft | hleðslur signar | 950 m |
| ÁR-078:018 | Torfdalur | garðlag | hleðslur signar | 650m |
| ÁR-080:023 | | tóft | hleðslur signar | 1,8 km |
| ÁR-081:018 | | hleðsla | hleðslur standa grónar | 230 m |

*Tafla 13. Skráðar réttir og nátthagar*

Dælarétt er gömul rétt Flóamanna og var notuð til 1970. Ekki er vitað hvenær hún var byggð en hún samanstendur af stakstæðu næturhólfi og hinni eiginlegu rétt. Miklar götur liggja frá réttinni til allra átta og má greina nokkrar þeirra á yfirborði s.s. leið 004:046 og leið 611:004b. Aðrar réttir sem skráðar voru eru mun minni umfangs og má flokka sem heimilisréttir eða nátthaga. Einn þeirra, nátthagi 002:025 í landi Skálmholtshrauns, er líklega með sambyggðum stekk.

Ekki voru skráð mörg heystæði en fastlega má gera ráð fyrir að fleiri heystæði hafi verið á svæðinu vegna þess hversu mikið af votum og grasgefnum mýrum er þar að finna. Hafi sú verið raunin er vitneskja um þau nú horfin nema á fimm stöðum á jafnmörgum jörðum.

| **Samtala** | **Tegund** | **Ástand** |
|---|---|---|
| ÁR-004:030 | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-005:021 | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-078:030 | tóft | hleðslur signar |
| ÁR-080:027 | tóftir | hleðslur signar |
| ÁR-013:023 | þúst | hleðslur útflattar |

*Tafla 14. Ástand heystæða*

Ein tegund af minjum sem tengist mjaltaám eru smalakofar. Fjórir slíkir voru skráðir á svæðinu, Smalaskáli 007:013, Nesútgarður 009:003, Efri-Smalaskáli 081:008 og Neðri-Smalaskáli 082:012. Leifar þeirra allra sjást enn þótt þær séu ógreinilegar í öllum tilvikum. Líklegt er að smalakofar og –skýli hafi verið á fleiri stöðum.

Landamerki voru oft látin ráðast af náttúrulegum kennileitum en þar sem þurfti voru hlaðin garðlög og vörður. Á skráningarsvæðinu árin 2010-2012 voru skráðir 26 minjastaðir sem höfðu það hlutverk að marka landareignir. Þetta voru 15 vörður, 10 garðlög og ein áletrun.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| ÁR-001:007 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-001:008 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-001:010 | | áletrun | |
| ÁR-003:027 | Merkjavarða | varða | hleðslur útflattar |
| ÁR-004:002 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:003 | | varða | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:019 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:014 | | garðlag | hleðslur signar |
| ÁR-005:031 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:037 | | garðlag | hleðslur signar |
| ÁR-005:042 | | garðlag | sést til |
| ÁR-008:002 | | garðlag | hleðslur standa grónar |
| ÁR-009:003 | Nesútgarður/Byrgi | tóft+garðlag | hleðslur signar |
| ÁR-009:004 | Ísólfsskáli/Nesháigarður | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-010:017 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-010:018 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-010:019 | | garðlag | hleðslur signar |
| ÁR-010:020 | | heimild | |
| ÁR-010:021 | | heimild | |
| ÁR-010:022 | | heimild | |
| ÁR-011:016 | Gautateigsvarða | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-012:021 | | varða | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-013:003 | Hamarsvarða | varða | hleðslur útflattar |
| ÁR-074:021 | | garðlag | hleðslur signar |
| ÁR-076:047 | Skollaþúfa | varða | hleðslur útflattar |
| ÁR-080:025 | | garðlag | sést til |

*Tafla 15. Landamerki*

Á 15 stöðum voru öll ummerki um mannvirkin horfin af yfirborði, eða í tæplega 58% tilvika. Á síðustu áratugum hafa víða verið vélgrafnir skurðir á landamerkjum eða girðingar strengdar um slétt tún og því ljóst að þessi minjaflokkur hefur orðið afar illa úti í jarðbótum.

Þau garðlög sem skráð voru, utan landamerkja- og túngarða, afmörkuðu oftast minni tún býla, beitarhúsa og stekkja eða voru vörslugarðar. Garðlögin eru 19 talsins og sjást leifar þeirra alla.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| ÁR-001:029 | | garðlag | | hleðslur signar |
| ÁR-003:003 | Skjólgarður | örnefni | | |
| ÁR-003:024 | | garðlag | | hleðslur signar |
| ÁR-004:004 | | hleðsla | | hleðslur signar |
| ÁR-004:008 | Virki/Fossvirki | garðlag | | hleðslur útflattar |
| ÁR-005:043 | | garðlag | | hleðslur útflattar |
| ÁR-009:015 | Pálsgarður | garðlag | | hleðslur standa grónar |
| ÁR-010:013 | | garðlag | | hleðslur signar |
| ÁR-011:015 | | garðlag | | hleðslur standa grónar |
| ÁR-012:020 | | heimild | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-012:022 | Skjólgarðsrimi | heimild | | |
| ÁR-074:027 | Áargarður | garðlag | | hleðslur standa grónar |
| ÁR-076:014 | Aldingarðsþúfa | hleðsla | | hleðslur signar |
| ÁR-076:022 | Flóðgarður | garðlag | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-078:006 | | hleðsla | | hleðslur signar |
| ÁR-078:017 | | hleðsla | | hleðslur signar |
| ÁR-078:028 | | garðlag | | hleðslur signar |
| ÁR-078:029 | | garðlag | | hleðslur signar |
| ÁR-078:031 | | garðlag | | hleðslur signar |
| ÁR-621:015 | Varnargarður | garðlag | | sést til |

*Tafla 16. Skráð garðlög*

## Mógrafir og torfrista

Líkt og í fyrri skráningu í Flóahreppi voru mógrafir og torfristusvæði einn stærsti minjaflokkurinn. Samtals var skráður 41 minjastaður sem fellur undir þennan flokk: 31 staður þar sem mór var stunginn og 10 torfristur á alls 17 lögbýlum. Þetta hlutfall er hátt og hærra en víðast hvar annars staðar af landinu þar sem skráning hefur verið gerð og slíkum upplýsingum verið safnað. Í fyrstu tveimur áföngunum Í Flóahreppi var hlutfallið enn hærra enda mýrlendara þar.

Mór var notaður til eldneytis hér á landi allt frá fyrstu öldum. Það er talað m.a. talað um mótekju í Landnámu, Njálu, Jarðabókum og máldögum kirkna.[23] Greinilegt er að mótekja á skráningarsvæðinu var með besta móti enda Flóinn víðfrægt mýrarsvæði. Þessi mikli fjöldi mógrafa vekur upp margar spurningar og verðug rannsóknarefni gætu verið fólgin í ítarlegri rannsóknum á mótekju og –nýtingu í Flóanum. Áhugavert væri að skoða nánar heimildir um

[23] JÁM II, 173 -175; Óskar B. Bjarnason, 1970, bls. 231-232.

mótekju svæðisins, hvenær hennar er fyrst getið, hvort að heimildir finnist um aðra eldneytisgjafa, hvort að mórinn hafi verið seldur o.s.frv.

| Samtala | Sérheiti | Hlutverk | Stærð | Ástand |
|---|---|---|---|---|
| ÁR-001:030 | | mógrafir | 40x30 | sést til |
| ÁR-001:031 | | mógrafir | 350x150 | sést til |
| ÁR-001:032 | | mógrafir | 50x40 | sést til |
| ÁR-003:030 | | mógrafir | 50x50 | sést til |
| ÁR-004:016 | | mógrafir | 90x40 | sést til |
| ÁR-004:042 | | mógrafir | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:056 | | mógrafir | 135x50 | sést til |
| ÁR-005:015 | | mógrafir | 60x15 | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:018 | Reiðingsflóð | rista | 150x6 | sést til |
| ÁR-005:020 | | mógrafir | 70x20 | sést til |
| ÁR-005:041 | | mógrafir | 65x40 | sést til |
| ÁR-008:008 | Mógrafadæl | mógrafir | 40x40 | sést til |
| ÁR-008:014 | Torfdæl/Torfadæl | rista | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:020 | | mógrafir | 60x60 | sést til |
| ÁR-010:023 | | mógrafir | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-011:010 | | mógrafir | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-011:012 | | mógrafir | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-013:020 | | mógrafir | 80x25 | sést til |
| ÁR-013:021 | | mógrafir | 270x120 | sést til |
| ÁR-074:022 | | mógrafir | 520x130 | sést til |
| ÁR-075:007 | | mógrafir | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-075:010 | Torfhóll | rista | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-075:013 | Torfmýrin | rista | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:052 | Torfdalur | rista | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:054 | Torfdælar | rista | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:055 | Torfholt | rista | 45x25 | sést til |
| ÁR-076:062 | | mógrafir | 250x190 | sést til |
| ÁR-078:020 | Mógrjót | mógrafir | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-078:021 | Mórimi | mógrafir | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-078:025 | Torfflatir | rista | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-078:027 | Grafkelda | mógrafir | | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-079:011 | Grafir | mógrafir | 110x100 | sést til |
| ÁR-079:012 | Grafarhólar | mógrafir | 90x80 | sést til |
| ÁR-079:020 | Torfhóll | rista | | |
| ÁR-079:025 | | mógrafir | 50x20 | sést til |
| ÁR-080:009 | Grafir | mógrafir | 80x20 | sést til |
| ÁR-080:010 | Grafhólar | mógrafir | | |
| ÁR-080:024 | | mógrafir | 20x8 | sést til |
| ÁR-081:009 | Grafir | mógrafir | 20x15 | sést til |
| ÁR-081:020 | Torfhóll | rista | | ekki sést til fornleifar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÁR-082:008 | Grafir | mógrafir | 70x40 | sést til |

*Tafla 17. Mógrafa- og torfristusvæði - ástand*

Búið er að fylla upp í og slétta yfir flest þessara svæða (enda stafar búpeningi hætta af mógröfum) en víða má þó enn greina ummerki grafanna og eru aðeins níu af mógrafasvæðunum alveg horfin af yfirborði. Á einum stað, 080:027 fundust móstæði við grafirnar en það eru einfaldar, ílangar og grjóthlaðnar tóftir þar sem mórinn var þurrkaður.

Torfrista var skráð á sjö lögbýlum en torf var vafalaust tekið mun víðar. Torfristur eru fljótar að gróa upp og ummerki þeirra lítil. Á tveimur lögbýlum sáust ummerki um ristu, í landi Egilsstaða og Brúnastaða.

## Samgönguminjar

Flóahreppur hefur lengi verið í alfararleið og því kom ekki á óvart að fjölmargar samgönguminjar leyndust á svæðinu sem skráð var. Samtals voru skráðir 76 minjastaðir tengdir samgöngum, m.a. götur, vegir, ferjustaðir, vörður, vöð og brýr.

Samtals voru skráðar 18 heimreiðar sem merktar höfðu verið inn á túnakort frá 1906 og 1918 á 16 lögbýlum. Heimreiðarnar voru í flestum tilvikum horfnar vegna sléttunar, vegagerðar eða annars rasks en á þremur stöðum var hluti þeirra varðveittur. Í Skálmholtshrauni má ennþá greina laut í túni þar sem traðir 002:006 lágu en ekki sjást önnur ummerki. Annar veggur traða 076:008 er óraskaður í landi Hjálmholts og má rekja hann allt að elsta bæjarstæðinu þar. Hið sama má segja um traðir 078:004 þar er hluti traðanna varðveittur.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| ÁR-001:006 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-002:006 | | gata | hleðslur útflattar |
| ÁR-004:050 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:036 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-006:007 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-008:005 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:013 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-012:028 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-074:008 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-074:012 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-075:015 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:008 | Austurbrú/Austurtraðir | gata | sést til |
| ÁR-076:041 | Vesturtraðir | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-078:004 | | vegur | sést til |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÁR-079:004 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-080:031 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-081:005 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-082:003 | | heimild | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 18. Ástand traða á skráningarsvæðinu*

Skráðar voru 32 leiðir og sáust ummerki um 18 þeirra. Hægt er að flokka leiðirnar í þrennt: Í fyrsta lagi þjóðleiðir, í öðru lagi leiðir innan hreppa og að lokum leiðir innan lögbýlanna sjálfra.

| Samtala | Sérheiti | Tegund | Ástand |
|---|---|---|---|
| ÁR-001:016 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-001:035 | | gata | sést til |
| ÁR-003:031 | | gata | sést til |
| ÁR-004:014 | | gata | sést til |
| ÁR-004:024 | | gata | sést til |
| ÁR-004:046 | | gata | sést til |
| ÁR-005:011 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:044 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-007:019 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:021 | | gata | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-011:017 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-013:024 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-013:026 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-074:024 | | gata | sést til |
| ÁR-075:016 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:010 | Suðurkotsbrú | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:034 | | gata | sést til |
| ÁR-076:039 | Lautargötur | gata | sést til |
| ÁR-076:056 | | gata | sést til |
| ÁR-076:057 | Lækjargötur | gata | sést til |
| ÁR-076:061 | | gata | sést til |
| ÁR-078:007 | | gata | sést til |
| ÁR-078:032 | | gata | sést til |
| ÁR-079:021 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-080:011 | | gata | sést til |
| ÁR-080:012 | Kirkjurimi | örnefni | |
| ÁR-080:030 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-081:013 | Kirkjudælar | örnefni | |
| ÁR-081:017 | | gata | sést til |
| ÁR-621:007 | Gamli-Vegur/Hraunvegur | gata | sést til |
| ÁR-621:008 | Kirkjubrú | gata | sést til |
| ÁR-621:016 | | gata | hleðslur signar |

*Tafla 19. Leiðir á skráningarsvæðinu.*

Alls voru skráðar 13 leiðir innan jarða, á sjö lögbýlum. Þetta eru leiðir 001:016, 035, 009:021, 004:024, 046, 005:044, 074:024, 034, 039, 056, 078:007, 021, 080:011. Leiðirnar liggja frá bæjum og út á engjar, milli húsa eða eru óljósar götur sem ekki var hægt að rekja langt og ekki er vitað með vissu hvert lágu. Það liggur í augum uppi að þessi fjöldi leiða innan jarða gefur ekki raunsanna mynd af samgöngum innan lögbýlanna – enda hafa í öllum tilfellum verið þar ótal leiðir á milli bæja og helstu staða innan landamerkja.

Samtals voru skráðar 15 leiðir á milli bæja innan hreppa. Þær lágu meðal annars til kirkna innan svæðis, á milli bæja eða að ferjustöðum. Einnig eru dæmi um að leiðirnar hafi sameinast þjóðleiðum. Þetta eru leiðir 003:031, 005:011, 007:019, 011:017, 013:024, 026, 075:016, 076:010, 061, 079:021, 078:021, 079:021, 080:012, 081:013, 017 og 621:016.

Þjóðleiðirnar voru einungis tvær á skráningarsvæðinu í Hraungerðishreppi. Gamli-Vegur/Hraunvegur 621:007 liggur frá Merkurlaut í landi Hjálmholts, yfir í land Bitru og áfram til Eyrarbakka. Í Villingaholtshreppi sameinast leiðin Ásavegi. Kirkjubrú 621:008 lá frá Bitru og sameinaðist þjóðleið 621:005 að öllum líkindum.[24]

Brýr og vöð voru skráð á 21 stað á svæðinu á 10 lögbýlum. Flestir staðirnir eru skráðir í landi Urriðafoss, alls átta. Þar rennur Urriðafosslækur þvert í gegnum landareignina og voru skráð fjölmörg vöð yfir hann.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| ÁR-001:022 | Rauðavað | Heimild | |
| ÁR-002:019 | | Hleðsla | hleðslur standa |
| ÁR-004:013 | Virkjavað | Gata | |
| ÁR-004:015 | Móvað | Heimild | |
| ÁR-004:023 | Urriðafossvað | Gata | |
| ÁR-004:025 | Skógarvað | Heimild | |
| ÁR-004:045 | Helluvað | Heimild | |
| ÁR-004:048 | Fosslækjarvað | Heimild | |
| ÁR-004:053 | | Brú | hleðslur standa grónar |
| ÁR-004:057 | | Heimild | |
| ÁR-005:008 | Helluvað | Gata | |
| ÁR-007:009 | Pálshlöð | Örnefni | |
| ÁR-010:015 | | Frásögn | |
| ÁR-012:004 | Fjárhlöð | Heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-012:010 | Grjóthlöð | Heimild | |
| ÁR-076:018 | Bjarnabrú | Heimild | ekki sést til fornleifar |

[24] Í skýrslunni er fjallað um fornleifar á fleiri en einni jörð í Hraungerðisheppi undir númerum 621:. Sami minjaflokkur í Villingaholtshreppi mun birtast í áfangaskýrslu III undir númerum 611: en þau hnit sem þegar hafa verið tekin og falla undir þann flokk eru þrátt fyrir birt á minjakortum í viðauka III.

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÁR-076:021 | Fjárbrú | Heimild | |
| ÁR-076:024 | Gamla-Brú | Hleðsla | hleðslur útflattar |
| ÁR-076:058 | Vöð | Heimild | |
| ÁR-078:014 | Gilvað | Heimild | |
| ÁR-080:014 | Vaðhóll | Örnefni | |

*Tafla 20. Vöð og brýr*

Yfirleitt sáust lítil sem engin ummerki um vöðin og víða var ekki vitað á hvaða leiðum þau voru notuð. Greinilegar götur sáust liggja að Helluvaði 005:008 og Urriðafossvaði 004:023 en ekki fundust götur að öðrum vöðum. Ummerki um brýr sáust á tveimur stöðum. Annars vegar er Gamla-Brú 076:024 varðveitt í Hjálmholti og hins vegar fundust leifar um brú 002:019 í landi Skálmholtshrauns.

Fimm ferjustaðir voru skráðir árin 2010-2012 en engin mannaverk sáust á neinum þeirra. Ferjustaður 074:013 í landi Brúnastaða var yfir Hvítá en hinar ferjurnar voru allar yfir Þjórsá þó að ferjurnar í Ferjunesi hafi af öllum líkindum ekki í notkun á sama tíma.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| ÁR-002:003 | Skiphóll | heimild | sést til |
| ÁR-005:009 | Ferjulág/Ferjulaut | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:010 | Ferjuhamar | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:011 | | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-074:013 | Ferjustaður | heimild | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 21. Ferjur*

## Aðrar minjar

Margvíslegar aðrar minjar en þær sem nú hafa verið upptaldar fundust við skráningu sumurin 2010-2012.  Sem dæmi um slíka staði fundust heimildir um 21 veiðistað. Einn þeirra er í Hvíta í landi Hjálmholts en hinir allir í Þjórsá. Meirihluti þeirra er í landi Urriðafoss, alls 12 staðir, sex eru í landi Egilsstaða og tveir í Ferjunesi.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Ástand** |
|---|---|---|---|
| ÁR-004:017 | Leyniskjaftur | frásögn | sést til |
| ÁR-004:031 | Lækjarlátur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:032 | Hulda | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:033 | Vaður | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:034 | Drangur | heimild | |
| ÁR-004:035 | Kletturinn | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:036 | Skyggnir | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:037 | Skerið | heimild | ekki sést til fornleifar |

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÁR-004:038 | Framan í | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:039 | Norðan í | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:040 | Stóralátur/Langanet | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-004:041 | Sandholtslátur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:023 | Markalátur | heimild | sést til |
| ÁR-005:024 | Klöppin | heimild | sést til |
| ÁR-005:025 | Miðlátur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:027 | Ferjulautarlátur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:028 | Flúðalátur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-005:029 | Fremstalátur | heimild | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:022 | | frásögn | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-009:023 | | frásögn | ekki sést til fornleifar |
| ÁR-076:037 | Launfit | heimild | ekki sést til fornleifar |

*Tafla 22.Veiðistaðir innan skráningarsvæðisins*

Annar minjaflokkur sem nokkuð fannst af eru staðir sem tengst hafa þvottum. Í þessum tveimur áföngum voru skráðar heimildir fimm slíka staði sem allir eru horfir af yfirborði. Þetta eru Þvottadæl 001:011, Ullargjá 012:019, Þvottapyttur 076:060, Þvottakrókur 078:026 og 079:024. Ekki eru sagnir um nein mannvirki á þessum stöðum en greinilegt er að mýrardælar voru nýttar til þvotta sbr. örnefnin.

Af öðrum merkum minjastöðum má nefna aftökustað 076:013 í landi Hjálmholts, Virkisvörðu 004:009, myllu 004:026 og öskuhauga 080:021 og 010:009. Leifar Flóaáveitu 621:014 fundust víða á skráningarsvæðinu, þó ekki eins víða og í fyrstu tveimur áföngunum og ber það breyttu landslagi merki. Minjarnar samanstanda af áveitugörðum, skurðum og fjórum tóftum í landi Brúnastaða og Ölversholts. Við skráningu áveitunnar var notast við loftmyndir auk þess sem minjarnar voru skrásettar af jörðu niðri þar sem gengið var fram á þær. Á minjakortum í viðauka III eru flóðgarðarnir merktir inn með bláum línum. Ljóst er að ef vel ætti að vera þyrfti að framkvæma sérstaka skráningu á áveitunni og þeirri gríðarmiklu sögu sem henni fylgir og væri það verðugt rannsóknarefni.

# 5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar en varðveisla minjastaða batnar eftir því sem fjær dregur bæ. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði og sú var raunin á því svæði sem skráð var 2010-2012. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri byggð á svæðinu.

Ástand fornleifa var metið á vettvangi og er mögulegu ástandi skipt í sex flokka:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.
c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun
og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.
d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti.
Hleðsluhæð 150 cm +
e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir,
áletranir og lendingar.

Ekki sést til um 45%  skráðra fornleifa á svæðinu sem er svipað hlutfall og víða annars staðar á landinu. Skífurit 1 sýnir ástand þeirra minja sem skráðar voru sumrin 2010-2012.




*Skífurit 1. Ástand skráða minjastaða árin 2010-2012*

Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Ekki reyndist alltaf unnt að segja til um það með vissu en flestar minjarnar virðast hafa horfið við túnasléttun eða um 33% af þeim stöðum þar sem minjaspjöll voru þekkt. Stöplarit 1 sýnir flokkun minjaspjalla á þeim minjastöðum þar sem ekki sást til fornleifa.




*Stöplarit 1. Ástæður minjaspjalla á skráningarsvæðinu*

Á vettvangi var lagt mat á þá hættu sem talin var steðja að hverjum minjastað. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla II, engin hætta, hætta og stórhætta. Skífurit 3

sýnir hættumat á þeim fornleifum sem skráðar voru. Tæplega helmingur minjastaðanna telst vera í hættu eða 48% þeirra. Í stórhættu teljast 6% minjastaðanna.




*Skífurit 2. Hættumat*

Alls eru 37 minjastaðir í stórhættu á 13 lögbýlum. Trjárækt er þar helsta orsökin eins og stöplarit 2 sýnir, alls 12 staðir. Aðrar ástæður eru vegagerð og framkvæmdir. Flestir þessarra minjastaða eru í landi Urriðafoss og Ölversholts, sex á hvorum stað. Á Bitru eru fimm staðir í stórhættu og á Þjótanda eru það fjórir staðir.




*Stöplarit 2. Ástæða þess að minjastaðir eru í stórhættu*

Fjórir friðlýstir staðir eru innan skráningarsvæðisins, allir í Villingaholtshreppi. Dælarétt 001:013 er forn skilarétt Flóamanna. Hún var upphaflega innan landamerkja

Skálmholts en tilheyrir nú nýbýlinu Heiðarbæ. Ekki er vitað hvenær réttin var hlaðin en hún var notuð til ársins 1970. Dælarétt samanstendur af tveimur stakstæðum, grjóthlöðnum mannvirkjum þ.e. nátthaga og hinni eiginlegu rétt sem skiptist í almenning og 21 dilk. Dælarétt var árið 1977. Skilti við þjóðveg 1 vísar á réttina og er aðgengi að henni gott. Í landi Urriðafoss eru þrír friðlýstir staðir sem friðlýstir voru árið 1927 þ.e. Fossvirki 004:008, Virkisvarða 004:009 og stekkur 004:012. Fossvirki er garðlag sem lá eftir austurhluta samnefnds holts. Garðlaginu og legu þess er lýst vel í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1900[25] en lítill hluti þess sést nú og erfitt að leggja mat á ástand þess sökum lélegrar varðveislu. Brynjúlfur Jónsson heldur því jafnframt fram í sömu grein að garðurinn sé gamall landamerkjagarður umhverfis bæ Böðvars leysingja Gissurs í Kampholti. Böðvar hafi því fyrstur byggt á Urriðafossi og Virkisvarða sé hlaðin á vígi hans en eldra mannvirki er líkelga undir henni. Frá vörðunni er vísýnt um Flóann og sést hún víða að. Varðan er fornleg og áhugaverð fyrir lag sitt og mannvirkið undir henni. Stekkur 012 er horfin og ekki er vitað hvar hann var nákvæmlega. Í friðlýsingarskrá er talað um stekkinn sem rústabungu í austurhlíðum Fossvirkis en ekki er gerð nákvæmari grein fyrir staðsetningu hans. Á engum þessarra staða er friðlýsingarskilti en við Dælarétt er upplýsingaskilti þar sem segir í texta að réttin sé friðlýst.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu og fornleifafræðslu á gönguleiðum. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt.

Fjölmargir áhugaverðir minjastaðir eru á því svæði sem skráð var 2010-2012 og er erfitt er að gera upp á milli þeirra þegar kemur að því að velja áhugaverða staði sem gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar. Það skal jafnframt ítrekað að allar minjar eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Minjastofnunar Íslands. Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem taldar voru hafa sérlega gott verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna:

1. Minjar um forna byggð í Sýrlækjarbót, þ.e. Efri-Sýrlækur **010:001** og Syðri-Sýrlækur **011:001**. Þar eru mögulega tvö óröskuð miðaldabýli ásamt útihúsum varðveitt,

[25] Brynjúlfur Jónsson, 1900, bls. 30-31.

líklega  einu þeirrar tegundar á því sem svæði sem skráð hefur verið hingað til í Flóahreppi. Rannsóknargildi staðarins er ótvírætt og gæti uppröftur  m.a. varpað ljósi á hvenær og af hvaða völdum bæirnir voru fluttir, hvenær þeir byggðust og búsetufyrirkomulag. Líklega spila umhverfisaðstæður stórt hlutverk í eyðingu byggðar en þarna var mikill uppblástur af völdum árframburðar Þjórsár. Staðurinn hefur mikið rannsóknar,- kynningar,- og varðveislugildi. Sýrlækjarbót er nærri Gaulverjabæjarvegi og vegslóðar liggja nánast að hólmanum eftir sendnum árbökkum Þjórsár. Ganga þarf síðasta spölinn og m.a. væri hægt að gera skemmtilega gönguleið um svæðið og njóta útsýnis.

2. Um Flóann hefur um aldir legið mikið kerfi leiða. Kortlagning á leiðakerfi svæðisins væri áhugaverð og gæti m.a. varpað ljósi á samgöngur, valdasetur og landslag á fyrri öldum. Miklar heimildir eru til um þjóðleiðir svæðisins og eru þær auðraktar á vissum svæðum. Hefðbundin aðalskráning megnar ekki að elta og skrá leiðir ítarlega, til þess er ekki ætlaður tími né fjármagn. Sumum leiðanna er gerð góð skil í örnefnaskrám og á einhverjum svæðum eru gamlar þjóðleiðir stikaðar. Áhugavert væri að „fylla inn í eyðurnar“ og kortleggja heildarleiðakerfið, t.d. innan jarðanna Hjálmholts, Bitru og Skálmholts. Þar eru m.a. styttri götur greinilegar sem tengja miklar þjóðleiðir saman.
3. Byggð í Flóahreppi hefur lengið verið þétt og er búsetusaga flestra jarðanna löng. Sökum þessa hafa margar fornleifar þurft að víkja í framkvæmdum. Minjaheild á jörðinni **Skálmholtshrauni ÁR-002** er hins vegar undantekning frá þessari reglu. Jörðin hefur að mestu verið nýtt sem beitiland á síðustu áratugum og umhverfi lítið raskað. Á jörðinni er því að finna frábært dæmi um vel varðveitt búsetulandslag frá fyrri öldum og hinar fjölmörgu fornleifar sem þar er að finna sýna á skemmtilegan hátt hvernig landið var nýtt. Á flestum af þeim stöðum þar sem byggingar voru þekktar sjást enn leifar og er í flestum tilfellum talsverð uppsöfnun mannvistarlaga við þær sem er vísbending um langa búsetusögu. Þessar minjar hafa mikið varðveislu- og rannsóknargildi, sér í lagi sem minjaheild.
4. **Laugin 080:013** er skammt frá bænum á Laugum. Þetta er volgur brunnur og er hlaðin stétt umhverfis hann. Ekki er vitað hvenær brunnurinn er gerður en hann er gjarnan tengdur við Sturlungu en þar er getið um laug í Flóa. Staðurinn hefur mikið varðveislu- og kynningargildi.
5. Á Laugum fannst **öskuhaugur 080:021** við jarðrask eftir árið 1990, vestarlega á holtinu sem bær 080:001 var á. Rúmlega 150 m eru þarna á milli og gæti það bent til þess að bærinn hafi verið fluttur á einhverjum tímapunkti og hafi áður staðið í

námunda við hauginn. Um það verður þó ekki skorið úr um nema að undangengum frekari rannsóknum en ljóst er að staðurinn hefur mikið rannsóknargildi. Í öskuhaugum felast miklar upplýsingar um skepnuhald, mataræði og daglegt líf á fyrri öldum og því er ljóst að uppgröftur á öskuhauginum gæti veitt nýja og spennandi innsýn inn í sögu Flóahrepps.

6. Tóft **kirkju 076:002** í Hjálmholti er eina þekkta kirkjutóftin skráningarsvæðinu. Þar mótar fyrir þúst og uppsöfnuðum mannvistarlögum án skýrrar kirkjulögunar. Þessi staður hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi af þeim sökum og afar mikilvægt koma í veg fyrir rask á svæðinu.
7. Vísbendingar um bænhús **001:002** fundust á tveimur stöðum í Skálmholti. Annars vegar er það tóft rúmlega 100 m norðvestan við bæinn og hins vegar þar sem hleðslan **Hjálp 001:017** sem er 70 m frá bænum. Á báðum stöðum sér til rústa og hafa tóftirnar mikið rannsóknargildi. Í raun er lítið vitað um hleðsluna Hjálp en hún er hálfhringlaga sem gæti bent til að hún væri hluti af kirkjugarðsvegg. Það var ekki svo að tvö bænhús hafi verið á bænum, einungis önnur staðsetningin er rétt en úr því verður aðeins úrskurðað með uppgreftri og nánari rannsóknum.
8. Elsti þekkti bæjarhóllinn í **Mjósundi 007:001** er varðveittur en töluvert rask hefur orðið á honum sökum landbrots. Frá síðari hluta 20. aldar hefur þó dregið úr landbroti þar sem varnargarðar voru byggðir en hóllinn er enn í hættu. Sökum þess væri áhugavert að rannsaka hólinn enda benda heimildir til að bærinn sé forn og líklegt að hann geymi minjar um langa búsetusögu. Munnmæli herma einnig að bænhús hafi verið á **Kirkjuhóll 007:002** sem er skammt frá bæjarhólnum. Ekki sér til greinilegra tófta á þessum hólum en óumdeilt er að þar leynast mikil mannvistarlög undir sverði og hafa þeir mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
9. Bæjarhóll **Þjótanda 003:001** er eini bæjarhóllinn sem er óraskaður innan skráningarsvæðisins. Hann er umfangsmikill og greinilegt að byggð hefur verið þar yfir langan tíma. Fornleifarannsóknir Bjarna F. Einarssonar á tóftum við Þjórsárbakka í landi Þjótanda leiddu m.a. í ljós landnámsskála og því er greinilegt að jörðin hefur verið nýtt lengi. Bæjarhóllinn hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi.
10. **Dælakot 001:009, Grænhóll 011:006 og Austurkot 076:015** eru býli sem eru varðveitt að einhverju eða öllu leiti. Ritaðar heimildir geta Dælakots og því vitað að þar var búið undir lok 17. aldar í stuttan tíma. Heimildir um hin býlin eru einungis úr örnefnaskrám auk bæjarhólanna sjálfra. Allir þessir staðir hafa rannsóknargildi og auka þekkingu okkar á búsetu, lífskjör og daglegt líf í Flóanum fyrr á öldum.

11. **Rafstöð 004:027** á Urriðafossi er fyrsta vatnsaflsrafstöðin sem reist var í Árnessýslu árið 1927. Hún er við Urriðafosslæk og sjást ummerki hennar ennþá. Veggirnir eru uppi að hluta sem og stíflan. Rafstöðin hefur mikið varðveislugildi og eru minarnar afar sjónrænar í lækjargili.
12. Umfangsmestu minjar Flóahrepps og þó víðar væri leitað eru leifar **Flóaáveitu 621:014.** Áveitan var gerð var á árunum 1922-1928 og var gríðarlega mikil framkvæmd á sínum tíma. Flóaáveitan hafði veruleg áhrif á umhverfi og búskaparhætti í Flóanum og þó hún sé enn of ung til að teljast til fornleifa í lagalegum skilningi er mikilvægi áveitunnar fyrir búskap, sögu og menningu á svæðinu óumdeild. Af þeim sökum voru minjar tengdar Flóaáveitunni skráðar. Skráning Flóaáveitunnar er ekki einfalt eða létt verk enda stundum nánast ómögulegt að vita hvaða skurðir tilheyrðu áveitunni og flóðgáttir og minni brýr oftast horfnar. Eins liggja flóðgarðarnir sjálfir víða undir skemmdum og úr þeim hefur sumstaðar verið sléttað. Flóaáveitan hefur tvímælalaust mikið varðveislu-, kynningar- og rannsóknargildi og brýnt að hún verði vernduð, svo miklu leyti sem hægt er. Eins væri mikilvægt að ráðast í frekari rannsóknir á tilurð, byggingu og nýtingu áveitunnar sem og því hvaða áhrif hún hafði á daglegt líf og búsetu á svæðinu. Frekari rannsóknir og kynning á Flóaáveitu gætu orðið mikilvægt framlag fyrir sögu svæðisins og varðveislu þessa gríðarlega stóra mannvirkis sem sést víða. Með veglagningu að flóðgátt áveitunnar við Hvítá má segja að þessi vinna sé þegar hafin en brýnt er að halda henni áfram.
13. **Lambhúsholt 078:019** í landi Bitru samanstendur af sex, fornlegum, signum tóftum. Tóftinar eru í þyrpingu í austuhlíðum holtsins og ber lítið sem ekkert á þeim fyrr en að er komið. Þetta eru líklega forn fjárhús en fjöldi þeirra, staðsetning og heiti gefur það til kynna. Hið sama má segja um **Kóngstekki 005:012** í landi Egilsstaða. Þar eru fjórar fornlegar tóftir auk þústar á svokölluðu Stekkjarholti. Staðurinn er afar áhugaverður og ekki útilokað að fleiri mannvirki leynist þar við nánari úttekt. Víða voru beinar línur, upphækkanir og óljóstar þústir án þess að hægt væri að fullyrða að um mannvirki væri að ræða. Kjöraðstæður til fornleifaskráningar eru snemma vors eða þegar smá snjór liggur upp að mishæðum í umhverfinu. Kóngstekkir henta vel til skoðunar á aftur á þeim árstímum og án efla myndu fleiri mannvirki líta dagsins ljós. Það er ekki víða í Flóanum sem svona fornlegar tóftaþyrpingar varðveitast. Staðirnir hafa báðir mikið rannsóknargildi. Þeir geta gefið miklar upplýsingar um búsetufyrirkomulag, áherslur og nýtingu landsvæða.

## 6. Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson (ritstjóri) (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

*Biskupasögur 1-II* (1858,1878). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Bjarni F. Einarsson (2002). *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar*. LV-2002/020. Reykjavík: Landsvirkjun.

Bjarni Harðarson (2001). *Landið, fólkið og þjóðtrúin: kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Selfoss: Sunnlenska Bókaútgáfan.

Brynjólfur Ámundason (1983). *Ábúendatal Villingaholtshrepps í Árnessýslu 1801-1981 I-II*. Reykjavík: Prentsmiðja Suðurlands.

Brynjúlfur Jónsson (1900). „Haugavað og Böðvarstóftir". *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1900*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 29-31.

Brynjúlfur Jónsson (1906). „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-51.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I, II, IV, V, VI, VII, VIII, XI, XII, XV (1853-1976). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson (1992). 1992/14: *Kolagröf og fleiri minjar að Skálmholti, Villingaholtshreppi. Rannsókn 22. September*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Herforingjaráðskort nr. 47 og 48. Landmælingar Íslands.

**ÍF:** *Íslenzk fornrit I, Íslendingabók Landnáma (*1933). Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

**IA: Íslenskir annálar IV**: *Islandske Annaler indtil 1578* (1888). G. Storm gaf út, Christiania

**JÁM II**: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (1918-1921). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

**JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. (1847). Kaupmannahöfn.

Jón Eiríksson (2008). *Jarðabók Skeiðahrepps*. Reykjavík: Ungmennafélag Skeiðahrepps.

**KEKH**: Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi, 2. útg.* Adolf Friðriksson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.

Kristinn Magnússon (2004). *Tvær vettvangsferðir að Skálmholti í Villingaholtshreppi*. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins.

Landmælingar Íslands (2010). *Bæjarteikningar danskra landmælingamanna*. Slóðin er: http://gis.lmi.is/saga/. Skoðað 28.10.2013.

Margrét Hallmundsdóttir og Rúna Þráinsdóttir (2006). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Bitru í Flóahreppi*. Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga.

Margrét Hallmundsdóttir (2005): Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Stóru-Reykja/Lauga í Flóahreppi. Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga.

Óskar B. Bjarnason (1970). „Rannsóknir á mó“. *Náttúrufræðingurinn*. 39. árg., 3.-4. hefti. Reykjavík: Hið íslenska náttúrufræðifélag, bls. 221-235.

**PP:** *Prestatal og prófasta á Íslandi* (1950). Eftir Hannes Þorsteinsson. 2. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

**SB II:** *Sunnlenskar byggðir II*: Flóinn (1981). Páll Lýðsson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands

**SSÁ:** *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdán Jónsson* (1979). Svavar Sigmundsson (ritstjóri). Reykjavík: Sögufélag.

*Sturlunga saga* I-II (1946). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (ritstjórar). Reykjavík: Sturlunguútgáfan.

**Óprentaðar heimildir:**

AM 2624to bl. 9b. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

AM 263 fol. bl. 50. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Landamerki Efri-Sýrlækjar 1887 no. 180*. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Landamerki Egilsstaðatorfunnar, 1885, no 83*. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Landamerki Mýra, 1885, no. 121*. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Landamerki Urriðafoss 1883, no. 87*. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Túnakort í Hraungerðishreppi frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands. Skoðað á slóð: http://www.archivesportaleurope.net/web/guest/ead-display/ /ead/s/C24600041/1/t%C3%BAnakort

Ö-Brúnastaðir: Höfundur óþekktur. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Brúnastaðir, viðbætur: Ágúst Þorvaldsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Egilsstaðahverfistorfa: Hermundur Þorsteinsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Egilsstaðahverfistorfa, aths.: Hermundur Þorsteinsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö- Egilsstaða (og kots) landi: Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Egilsstaðir og Egilsstaðakot: Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ferjunes: Árni Magnússon skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ferjunes: Eiríkur Ásmundsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Í (Ferju)Nes[s]landi: Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Gafl: Eiríkur K. Eiríksson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Í Gaflslandi: Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hjálmholt: Kristinn Ögmundsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hraungerðishreppur: Jón Árnason, Ólafur Ögmundsson, Guðmundur Guðleifsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Þorsteinsson, Anna J. Illugadóttir og Guðfinna Guðmundsdóttir stóðu fyrir söfnuninni. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hryggur: Svavar Sigmundsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Laugar. Óþekktur höfundur. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Mjósund: Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Mjósunds- og Forsætislandi: Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Mýrar: Eiríkur K. Eiríksson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Mýrar: Guðrún Eiríksdóttir skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Í Mýralandi: Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Mýrar, viðb: Helgi Þorgeirsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Mýrar ath: Eiríkur K. Eiríksson og Helgi Þorgeirsson skráðu. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skálmholt: Tómas Guðbrandsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skálmholt og Skálmholtshraun, sp. og svör: Anna María Tómasdóttir skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skálmholt og Þjótandi: Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skálmholtshraun: Tómas Guðbrandsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Syðri-Sýrlækur: Sigrún Gunnlaugsdóttir skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Í Sýrlækjarlandi: Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Umferðaleiðir: Árni Magnússon skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Umferðarleiðir um Villingaholtshrepp: Árni Magnússon skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Urriðafosslandi: Brynjúlfur Jónsson skráði.  Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Urriðafoss: Haraldur Einarsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Urriðafoss viðb.: Haraldur Einarsson skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö- Urriðafoss, sp. og svör: Rannveig Haraldsdóttir skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Urriðafoss: Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ölversholt: Bjarni Bjarnason skráði. Örnefnasafn, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

| **Heimildamenn** | **Veitti upplýsingar um** | **Fædd/ur** |
|---|---|---|
| Atli Geir Jónsson | Egilsstaðir | 22.11.1945 |
| Ásgeir Gunnlaugsson | Syðri-Sýrlækur | 1.10.1927 |
| Bjarki Reynisson | Mjósund | 29.7.1945 |
| Einar Helgi Haraldsson | Urriðafoss | 7.4.1962 |
| Einar Hermundsson | Egilsstaðir, Egilsstaðakot | 23.11.1955 |
| Eiríkur Ásmundsson | Ferjunes, Efri-Sýrlækur | 10.9.1934 |
| Gísli Halldórsson | Efri- og Syðri Sýrlækur | 17.12.1931 |
| Gísli Hauksson | Stóru-Reykir | 20.3.1961 |

| | | |
|---|---|---|
| Guðbjörg Guðmundsdóttir | Gafl | 22.8.1939 |
| Guðsteinn Hermundarson | Egilsstaðir, Egilsstaðakot | 25.8.1953 |
| Hákon Halldórsson | Skálmholt, Þjótandi | 7.3.1937 |
| Jóhanna Guðrún Sigurðardóttir | Mýrar, Gafl | 3.5.1926 |
| Jón Árni Vignisson | Skálmholt | 3.2.1962 |
| Jón Elías Gunnlaugsson | Ölversholt | 20.9.1971 |
| Jón Kjartansson | Bitra | 1.12.1938 |
| Jónas Sigþórsson | Egilsstaðir | 30.10.1953 |
| Ketill Ágústsson | Brúnastaðir | 14.2.1945 |
| Kolbeinn Þór Sigurðsson | Skálmholt | 27.3.1956 |
| Kristján Ásmundsson | Ferjunes, Efri-Sýrlækur | 23.5.1937 |
| Kristján Gestsson | Forsæti | 29.1.1949 |
| Ólafur Lárusson | Egilsstaðir | 29.8.2005 |
| Ólafur Sigurjónsson | Forsæti | 19.1.1945 |
| Ólöf Kristjánsdóttir | Hryggur | 3.3.1936 |
| Þormóður Ólafsson | Hjálmholt, Vesturkot | 26.11.1951 |
| Þorvaldur Þórarinsson | Litlu-Reykir | 12.6.1959 |

# 7. Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93

| Samtala | Longitude | Latitude |
|---|---|---|
| **001001** | 419002.4 | 383622.21 |
| **001002** | 418901.22 | 383662.84 |
| **001003** | 419004.17 | 383601.7 |
| **001004** | 418990.96 | 383620.64 |
| **001005** | 419012.46 | 383615.51 |
| **001006** | 418976.17 | 383604.27 |
| **001007** | 419570.44 | 384203.47 |
| **001008** | 419597.06 | 383181.98 |
| **001009A** | 417418.4 | 382578.25 |
| **001009B** | 417431.42 | 382559.71 |
| **001010** | 416872.06 | 383948.05 |
| **001011** | 419387.21 | 383809.39 |
| **001012** | 419048.95 | 383760.08 |
| **001013A** | 417738.12 | 382559.71 |
| **001013B** | 417702.42 | 382528.74 |
| **001014** | 418780.51 | 385228.5 |
| **001015A** | 417304.2 | 384069.54 |
| **001015B** | 417306.18 | 384087.29 |
| **001015C** | 417309.33 | 384091.44 |
| **001015D** | 417291.98 | 384090.84 |
| **001016** | 418847.18 | 385224.55 |
| **001017** | 418963.35 | 383684.74 |
| **001018** | 419498.05 | 384243.11 |
| **001019** | 419118.57 | 384052.58 |
| **001020** | 419059.99 | 383815.31 |
| **001021** | 418805.95 | 383723.2 |
| **001022** | 416834.98 | 382305.08 |
| **001023** | 419045 | 384627.72 |
| **001024** | 418873.21 | 383708.01 |
| **001025** | 419276.16 | 384008.01 |
| **001026** | 419069.46 | 383689.67 |
| **001027** | 418959.6 | 383832.27 |

| Samtala | Longitude | Latitude |
|---|---|---|
| **012007** | 413684.15 | 372066.2 |
| **012008** | 413270.74 | 372169.55 |
| **012011** | 413207.04 | 371968.97 |
| **012012** | 413306.25 | 371986.91 |
| **012013** | 413279.23 | 371956.93 |
| **012014** | 413678.43 | 372591.83 |
| **012015** | 414002.09 | 372650.81 |
| **012016** | 413642.34 | 372424.38 |
| **012017** | 413167.59 | 371915.91 |
| **012018** | 413344.12 | 371912.95 |
| **012019** | 413447.27 | 371975.67 |
| **012020** | 413262.85 | 372052.79 |
| **012021** | 413805.05 | 372897.94 |
| **012023** | 413193.82 | 371942.93 |
| **012024** | 413280.41 | 372072.32 |
| **012025** | 413241.95 | 372030.31 |
| **012026** | 413175.09 | 371976.46 |
| **012027** | 413142.94 | 372026.95 |
| **012028** | 413189.88 | 371958.31 |
| **012029** | 413271.93 | 371883.56 |
| **012030** | 413638.19 | 372000.72 |
| **013001** | 412486.73 | 372444.7 |
| **013002** | 412423.82 | 372457.52 |
| **013003** | 412020.08 | 373227.33 |
| **013004** | 412567.4 | 372695.58 |
| **013005A** | 413537.01 | 373062.83 |
| **013005B** | 413551.21 | 373039.95 |
| **013005C** | 413498.55 | 373016.68 |
| **013006** | 412571.55 | 372594.2 |
| **013007** | 412534.47 | 372301.9 |
| **013009** | 412466.62 | 372435.23 |
| **013010** | 412524.21 | 372382.96 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **001028** | 419010.49 | 383841.34 | | **013011** | 412515.73 | 372363.04 |
| **001029** | 419084.25 | 383853.57 | | **013012** | 412450.64 | 372330.1 |
| **001030** | 418669.86 | 383702.09 | | **013013** | 412410.6 | 372332.27 |
| **001031** | 417035.96 | 382629.92 | | **013014** | 412426.58 | 372352.98 |
| **001032** | 417206.97 | 382581.99 | | **013015** | 412396.99 | 372358.9 |
| **001033** | 419024.88 | 383860.67 | | **013016** | 412870.36 | 373018.06 |
| **001034** | 418966.9 | 383767.97 | | **013017** | 412349.26 | 372304.46 |
| **001035** | 417673.63 | 384225.16 | | **013018** | 412575.49 | 373090.84 |
| **002001** | 419736.11 | 383849.63 | | **013019** | 412690.87 | 372033.86 |
| **002002** | 419526.26 | 383751.4 | | **013020** | 412495.81 | 371615.72 |
| **002003** | 420952.46 | 383229.72 | | **013021A** | 412707.05 | 371865.02 |
| **002004** | 420443.99 | 382855.95 | | **013021B** | 412522.24 | 371810.98 |
| **002005** | 419719.94 | 383846.67 | | **013021C** | 412547.88 | 371906.05 |
| **002006** | 419732.96 | 383816.49 | | **013022A** | 412331.71 | 372064.23 |
| **002007** | 419821.71 | 383976.65 | | **013022B** | 412315.34 | 372107.23 |
| **002008** | 419809.49 | 384004.26 | | **013023** | 412353.6 | 371690.67 |
| **002009** | 419601.01 | 383874.67 | | **013026** | 412691.07 | 372354.95 |
| **002010** | 419594.7 | 383893.61 | | **074001** | 413746.87 | 387407.55 |
| **002011** | 419592.72 | 383799.73 | | **074002** | 413756.93 | 387408.14 |
| **002012A** | 420221.51 | 383912.74 | | **074003** | 413727.54 | 387405.58 |
| **002012B** | 420365.69 | 383992.62 | | **074004** | 413737.99 | 387405.78 |
| **002012C** | 420236.11 | 384116.68 | | **074005** | 413758.51 | 387436.74 |
| **002012D** | 420222.1 | 384321.02 | | **074006** | 413676.06 | 387411.5 |
| **02013** | 420697.04 | 384330.49 | | **074007** | 413676.26 | 387418.6 |
| **002014A** | 420939.84 | 383511.17 | | **074008** | 413729.12 | 387390.2 |
| **002014B** | 420960.35 | 383544.31 | | **074009** | 413667.19 | 387412.29 |
| **002015** | 419962.15 | 383525.37 | | **074010** | 413896.37 | 387404.79 |
| **002016** | 420551.29 | 383760.67 | | **074011** | 413781.98 | 387309.92 |
| **002017** | 419961.75 | 383396.18 | | **074012** | 413835.63 | 387398.87 |
| **002018** | 420322.69 | 383319.85 | | **074013** | 413310.98 | 388758.02 |
| **002019** | 419692.33 | 384084.34 | | **074014** | 413659.89 | 388624.1 |
| **002020A** | 419682.47 | 383987.69 | | **074016** | 414418.85 | 387373.04 |
| **002020B** | 419714.02 | 383977.83 | | **074017** | 413745.69 | 387396.11 |
| **002020C** | 419580.1 | 383915.11 | | **074018** | 413661.66 | 387446.41 |
| **002021** | 419553.47 | 383689.67 | | **074019** | 413710.97 | 387280.53 |
| **002022** | 419739.67 | 383473.5 | | **074020** | 413602.1 | 386933 |
| **002023A** | 419772.21 | 383764.03 | | **074021A** | 413359.11 | 386608.35 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **002023B** | 419765.7 | 383763.63 | | **074021B** | 413303.29 | 386857.66 |
| **002024** | 419751.7 | 383794.01 | | **074022A** | 413576.06 | 387793.94 |
| **002025** | 419780.49 | 383440.17 | | **074022B** | 413571.92 | 387540.09 |
| **003001** | 419639.08 | 382361.29 | | **074023** | 413852.98 | 387310.12 |
| **003002** | 419117.59 | 382110.8 | | **074024** | 413964,6 | 387130,8 |
| **003007** | 419605.35 | 382185.75 | | **074025A** | 413625.77 | 387343.65 |
| **003010** | 419646.57 | 382368.78 | | **074025B** | 413617.09 | 387347.79 |
| **003011** | 419640.26 | 382288.31 | | **074026** | 413593.62 | 387257.46 |
| **003012** | 419645.58 | 382280.23 | | **074027** | 415315.88 | 387101.84 |
| **003013** | 419607.91 | 382259.71 | | **074028** | 412890.08 | 388011.88 |
| **003014** | 419641.24 | 382336.44 | | **075001** | 413831.29 | 385543.48 |
| **003015** | 419721.12 | 382352.02 | | **075002** | 413840.56 | 385537.96 |
| **003016** | 419893.71 | 382380.03 | | **075003** | 413817.48 | 385538.35 |
| **003017a** | 420080.88 | 382396.59 | | **075004** | 413801.31 | 385596.34 |
| **003017B** | 420067.86 | 382401.13 | | **075005** | 413867.38 | 385673.85 |
| **003017C** | 420068.46 | 382391.86 | | **075006** | 413825.37 | 385570.31 |
| **003018** | 419694.1 | 382771.93 | | **075007** | 413651.61 | 385214.89 |
| **003019** | 419436.51 | 382940.57 | | **075008A** | 413990.46 | 385711.33 |
| **003020** | 419423.3 | 382402.51 | | **075008B** | 413955.15 | 385716.85 |
| **003021** | 420032.95 | 382467.01 | | **075009** | 414098.74 | 385986.67 |
| **003022** | 419471.23 | 382201.73 | | **075010** | 413725.96 | 385788.25 |
| **003023A** | 420009.09 | 382401.92 | | **075011** | 413832.08 | 385462.02 |
| **003023B** | 419957.81 | 382348.67 | | **075012** | 414314.51 | 386102.84 |
| **003024** | 419925.46 | 382441.37 | | **075013** | 413920.44 | 384964 |
| **003025** | 419098.26 | 382020.66 | | **075014** | 413988.48 | 385815.67 |
| **003026** | 419648.94 | 382322.83 | | **075015** | 413838.19 | 385543.88 |
| **003027** | 419247.96 | 382946.68 | | **075016** | 414183.94 | 385523.96 |
| **003028** | 419695.88 | 382424.6 | | **076001** | 415306.01 | 385215.48 |
| **003029** | 420024.08 | 382606.06 | | **076002** | 415337.37 | 385222.19 |
| **003030A** | 419775.56 | 382737.61 | | **076003** | 415316.47 | 385234.41 |
| **003030B** | 419752.29 | 382734.26 | | **076004** | 415286.49 | 385218.44 |
| **003031** | 419348.35 | 382906.05 | | **076005** | 415298.91 | 385224.36 |
| **004001** | 417666.92 | 381326 | | **076006** | 415293.59 | 385202.26 |
| **004002** | 416476.21 | 380888.93 | | **076007** | 415305.03 | 385204.63 |
| **004003** | 415696.93 | 381446.12 | | **076008A** | 415331.06 | 385210.15 |
| **004004** | 417763.37 | 381286.95 | | **076008B** | 415489.05 | 385211.14 |
| **004005** | 417672.25 | 381237.84 | | **076009** | 415324.55 | 385106.61 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **004006** | 417315.45 | 380554.22 | | **076010A** | 415258.28 | 385137.18 |
| **004007A** | 417785.85 | 381350.85 | | **076010B** | 415173.67 | 384879.19 |
| **004007B** | 417520.37 | 381431.92 | | **076012** | 415306.01 | 385118.44 |
| **004007C** | 417725.7 | 381441.78 | | **076013** | 415521 | 385164 |
| **004008** | 417001.65 | 380984.59 | | **076014** | 417633.19 | 386059.25 |
| **004009** | 417161.21 | 381530.93 | | **076015A** | 415612.72 | 385261.24 |
| **004010** | 416372.47 | 381491.28 | | **076015B** | 415597.92 | 385281.16 |
| **004011** | 417552.92 | 381386.95 | | **076015C** | 415620.41 | 385247.04 |
| **004013** | 417283.69 | 381747.89 | | **076016** | 419360.58 | 385756.1 |
| **004014** | 417965.73 | 381974.51 | | **076017** | 414330.88 | 384142.91 |
| **004015** | 417072.06 | 382225.99 | | **076018** | 416608.75 | 385476.03 |
| **004016** | 417005 | 382131.9 | | **076019A** | 417596.51 | 385782.33 |
| **004017** | 417244.25 | 380173.36 | | **076019B** | 417586.25 | 385840.32 |
| **004018** | 417337.93 | 381468.01 | | **076019C** | 417585.46 | 385854.52 |
| **004019** | 418368.88 | 382128.75 | | **076020** | 415225.35 | 385205.03 |
| **004020** | 417793.35 | 381278.27 | | **076022** | 414621.02 | 384588.07 |
| **004021** | 417765.14 | 381326.99 | | **076023** | 418448.96 | 385347.04 |
| **004022** | 417568.7 | 381359.93 | | **076024** | 418277.95 | 385160.45 |
| **004023** | 417721.95 | 381270.78 | | **076025** | 415150 | 386236.96 |
| **004024** | 417705.38 | 381284.78 | | **076026** | 414757.9 | 384780.97 |
| **004025** | 417478.17 | 381479.65 | | **076027** | 415879.38 | 386042.09 |
| **004026** | 417438.13 | 381536.85 | | **076028** | 416264.38 | 385170.71 |
| **004027A** | 417401.05 | 381679.05 | | **076029** | 415526.52 | 385585.1 |
| **004027B** | 417392.17 | 381679.05 | | **076030** | 415288.66 | 385328.69 |
| **004028** | 417627.28 | 381423.63 | | **076031** | 413835.82 | 383772.7 |
| **004029** | 417775.6 | 381425.6 | | **076032** | 415293.79 | 385214.1 |
| **004030** | 417198.68 | 381745.91 | | **076033A** | 416517.24 | 385746.04 |
| **004031** | 417858.83 | 381159.14 | | **076033B** | 416490.21 | 385772.87 |
| **004032** | 417876.58 | 381147.31 | | **076033C** | 416534.59 | 385760.24 |
| **004033** | 417922.73 | 381055.79 | | **076034** | 416517.83 | 385732.83 |
| **004035** | 417499.07 | 380441.01 | | **076035** | 415283.53 | 385168.93 |
| **004036** | 417500.06 | 380427 | | **076037** | 418848.56 | 386881.92 |
| **004037** | 417488.03 | 380372.96 | | **076038** | 415458.08 | 385462.81 |
| **004038** | 417950.94 | 381056.97 | | **076039** | 416976.99 | 385448.02 |
| **004039** | 417963.96 | 381113.97 | | **076040A** | 418331.41 | 385234.02 |
| **004040** | 417445.03 | 380304.13 | | **076040B** | 418309.32 | 385241.91 |
| **004041** | 418111.29 | 381723.63 | | **076040C** | 418277.95 | 385236.19 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **004042** | 417176.59 | 381759.33 | | **076040D** | 418276.97 | 385255.32 |
| **004043A** | 417039.12 | 380975.51 | | **076041** | 415278.99 | 385200.88 |
| **004043B** | 417003.82 | 380962.3 | | **076042** | 415302.07 | 385220.8 |
| **004044** | 417330.24 | 381332.9 | | **076043** | 415495.16 | 385467.74 |
| **004045** | 417155.88 | 381819.09 | | **076045** | 415231.46 | 385217.25 |
| **004046** | 417603.41 | 382394.62 | | **076046A** | 416718.22 | 386122.56 |
| **004049** | 417719.58 | 381371.56 | | **076046B** | 416705 | 386124.34 |
| **004050** | 417693.74 | 381360.12 | | **076046C** | 416722.56 | 386133.81 |
| **004051** | 417669.68 | 381310.22 | | **076047** | 419839.86 | 386216.84 |
| **004052** | 417658.83 | 381217.92 | | **076048** | 415201.87 | 384995.96 |
| **004053** | 417933.58 | 381971.55 | | **076049** | 419026.07 | 385566.95 |
| **004054** | 417722.54 | 381363.28 | | **076050** | 414426.94 | 384591.03 |
| **004055** | 417141.09 | 380180.26 | | **076051** | 415282.54 | 385319.23 |
| **004056** | 416779.95 | 382257.94 | | **076052** | 415869.91 | 385281.16 |
| **004057** | 417155.09 | 381893.05 | | **076053** | 415846.04 | 385246.25 |
| **005001** | 415920.4 | 378330.59 | | **076054** | 414511.55 | 384511.74 |
| **005002** | 415937.17 | 378318.95 | | **076055** | 414256.72 | 384007.02 |
| **005003** | 415997.52 | 378395.48 | | **076056** | 416557.47 | 385651.76 |
| **005004A** | 416304.22 | 380066.46 | | **076057** | 416814.08 | 385674.05 |
| **005004B** | 416296.14 | 380061.72 | | **076058** | 415782.14 | 385629.28 |
| **005005** | 415912.91 | 378298.05 | | **076059** | 415304.63 | 385346.05 |
| **005006** | 416275.82 | 379805.91 | | **076060** | 415132.25 | 385160.45 |
| **005007A** | 416088.84 | 379791.71 | | **076061** | 417836.94 | 385492.99 |
| **005007B** | 416103.04 | 379801.96 | | **076062** | 415417.85 | 384970.91 |
| **005008** | 415935.98 | 379474.55 | | **077001** | 415080.97 | 385475.63 |
| **005009** | 416319.01 | 378557.02 | | **077002** | 415087.68 | 385460.84 |
| **005010** | 416023.75 | 378477.14 | | **077003** | 415068.74 | 385471.89 |
| **005011** | 415831.05 | 378226.06 | | **077004** | 415064.99 | 385462.02 |
| **005012A** | 415101.68 | 378577.73 | | **077005** | 415001.29 | 385537.96 |
| **005012b** | 415067.75 | 378625.06 | | **077006** | 415029.1 | 385574.45 |
| **005012c** | 415084.32 | 378630.19 | | **077007** | 415029.1 | 385569.91 |
| **005012d** | 415022.78 | 378626.44 | | **077008** | 415026.14 | 385568.53 |
| **005012E** | 415004.84 | 378600.8 | | **077009A** | 415294.38 | 386019.61 |
| **005013A** | 414602.08 | 379357.99 | | **077009B** | 415338.16 | 386017.24 |
| **005013B** | 414510.96 | 379385.01 | | **077010A** | 415769.32 | 386031.64 |
| **005013C** | 414579.99 | 379271.99 | | **077010B** | 415757.88 | 386055.31 |
| **005013D** | 414550.01 | 379119.14 | | **077010C** | 415763.99 | 386038.94 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **005013E** | 414542.91 | 379008.09 | | **077011** | 415298.13 | 385634.21 |
| **005014** | 415623.96 | 378455.64 | | **078001** | 415286.09 | 384396.76 |
| **005015** | 414451.99 | 378733.94 | | **078002** | 415291.81 | 384380.78 |
| **005016** | 414803.06 | 379470.02 | | **078003** | 415273.27 | 384400.5 |
| **005017** | 415192.6 | 378943.2 | | **078004** | 415329.68 | 384397.55 |
| **005018** | 415621 | 380170.01 | | **078005** | 415321.4 | 384401.88 |
| **005020** | 414302.09 | 378554.06 | | **078006** | 415364.79 | 384347.05 |
| **005021** | 414415.1 | 378480.29 | | **078007** | 416071.68 | 384172.11 |
| **005022** | 415470.31 | 378901.19 | | **078008** | 416318.82 | 384806.81 |
| **005023** | 417077.38 | 380113.99 | | **078009** | 415135.21 | 384308.79 |
| **005024** | 416915.45 | 380028 | | **078010** | 415731.85 | 384611.15 |
| **005025** | 416663.98 | 379614.99 | | **078011** | 416346.82 | 384243.5 |
| **005026A** | 415969.12 | 378509.28 | | **078012** | 415468.14 | 384506.62 |
| **005026B** | 415952.75 | 378585.61 | | **078013** | 415972.67 | 384283.94 |
| **005026C** | 415918.43 | 378864.7 | | **078013B** | 415978.59 | 384278.61 |
| **005027** | 416350.97 | 378548.93 | | **078014** | 414548.43 | 383769.94 |
| **005028** | 416376.21 | 378438.48 | | **078016** | 415931.64 | 383970.33 |
| **005029** | 416247.02 | 378084.05 | | **078017** | 415054.93 | 384318.06 |
| **005030A** | 416380.35 | 379161.15 | | **078018A** | 415922.37 | 384589.26 |
| **005030B** | 416346.23 | 379175.55 | | **078018B** | 415866.56 | 384463.03 |
| **005030C** | 416331.83 | 379213.02 | | **078019A** | 414985.31 | 384425.75 |
| **005030D** | 416329.47 | 379240.63 | | **078019B** | 414966.57 | 384421.61 |
| **005031** | 414947.05 | 377420.35 | | **078019C** | 414956.51 | 384412.73 |
| **005033** | 415920.6 | 378303.96 | | **078019D** | 414943.1 | 384371.31 |
| **005034** | 415915.87 | 378291.73 | | **078019E** | 414950.6 | 384382.56 |
| **005035** | 415920.99 | 378284.04 | | **078019F** | 414983.34 | 384397.15 |
| **005036** | 415911.53 | 378273 | | **078020** | 416691 | 383995.19 |
| **005037** | 415262.03 | 378713.42 | | **078021** | 414654.94 | 384309.97 |
| **005038** | 416308.36 | 379331.36 | | **078022** | 416298.9 | 384196.56 |
| **005039** | 416066.55 | 378638.87 | | **078023A** | 417201.05 | 384949.01 |
| **005040A** | 415938.55 | 378077.14 | | **078023B** | 417242.08 | 384937.38 |
| **005040B** | 415835 | 377937.89 | | **078024** | 416779.76 | 384061.85 |
| **005041** | 414404.65 | 378660.17 | | **078025** | 415362.82 | 384658.49 |
| **005042** | 414332.26 | 378303.57 | | **078026** | 415596.54 | 384220.03 |
| **005043** | 414360.86 | 378414.02 | | **078027** | 415833.03 | 384286.11 |
| **005044** | 415173.08 | 379482.05 | | **078028** | 417154.9 | 384779 |
| **005045** | 416886.07 | 379604.93 | | **078029** | 415729.87 | 384778.41 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **005047** | 415941.7 | 378245 | | **078030** | 415667.35 | 384431.47 |
| **005048** | 415929.28 | 378237.49 | | **078031** | 415673.66 | 384453.17 |
| **006001** | 415876.62 | 378436.51 | | **078032** | 415616.86 | 384421.21 |
| **006002** | 415934.41 | 378519.54 | | **078033** | 414875.65 | 384147.25 |
| **006003** | 415887.66 | 378458.79 | | **079001** | 413139.98 | 385529.68 |
| **006004** | 415372.09 | 379728.79 | | **079002** | 413125.58 | 385770.7 |
| **006005** | 415873.46 | 378459.38 | | **079003** | 413140.17 | 385508.18 |
| **006006** | 415888.45 | 378427.43 | | **079004** | 413128.93 | 385521.98 |
| **006007** | 415892.79 | 378505.14 | | **079005** | 413101.12 | 385705.61 |
| **006008** | 415972.67 | 378546.17 | | **079006** | 413155.95 | 385579.97 |
| **006009** | 415895.55 | 378416.98 | | **079007** | 413142.54 | 385458.47 |
| **006010** | 416067.34 | 381030.54 | | **079008** | 413176.07 | 385443.09 |
| **006011** | 415665.57 | 378458.2 | | **079009** | 413268.18 | 384809.96 |
| **006012** | 415910.15 | 378446.76 | | **079010A** | 413067.2 | 385307.39 |
| **006013** | 415688.45 | 378506.13 | | **079010B** | 413035.64 | 385217.45 |
| **007001** | 415539.74 | 374058.67 | | **079011** | 412805.07 | 385595.95 |
| **007002** | 415579.38 | 373992.99 | | **079012** | 412679.04 | 385427.9 |
| **007003** | 415434.81 | 373916.66 | | **079013** | 413545.69 | 384937.58 |
| **007004** | 415480.37 | 373911.34 | | **079014** | 413111.18 | 385427.9 |
| **007005** | 414925.35 | 373606.41 | | **079016** | 413222.82 | 385363.21 |
| **007006** | 415436.98 | 374000.09 | | **079017** | 412769.37 | 385063.41 |
| **007007a** | 415262.82 | 373895.76 | | **079018** | 413212.56 | 386224.34 |
| **007007b** | 415266.96 | 373895.95 | | **079019** | 413293.62 | 385812.51 |
| **007013** | 415075.25 | 371684.95 | | **079021** | 413138.6 | 384960.06 |
| **007014** | 415535 | 374054.92 | | **079022** | 412812.17 | 385513.5 |
| **007015** | 415569.92 | 373937.96 | | **079023** | 413505.06 | 384973.27 |
| **007016** | 415435.8 | 374177.8 | | **079024** | 413093.04 | 385477.01 |
| **007017** | 415123.57 | 374056.31 | | **079025** | 413193.82 | 385233.82 |
| **007018** | 415069.33 | 374146.64 | | **079026A** | 413371.93 | 384955.33 |
| **007019a** | 415366.57 | 374104.63 | | **079026B** | 413327.75 | 384936.98 |
| **007019b** | 415420.21 | 373736 | | **079028** | 413042.35 | 385516.26 |
| **008001** | 415445.66 | 373623.77 | | **080001** | 411940.39 | 385455.51 |
| **008002A** | 415541.71 | 373686.880 | | **080002** | 411944.93 | 385439.93 |
| **008002b** | 415357.89 | 373794.77 | | **080003** | 412065.05 | 385589.83 |
| **008002c** | 415567.15 | 373692.21 | | **080004** | 412067.61 | 385618.23 |
| **008003** | 415438.16 | 373609.57 | | **080005** | 412005.28 | 385640.52 |
| **008004** | 415459.46 | 373623.77 | | **080006** | 411857.95 | 385393.39 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **008005A** | 415492.01 | 373596.94 | | **080007** | 412013.57 | 385558.47 |
| **008005B** | 415333.04 | 373653.95 | | **080009** | 412246.9 | 385601.07 |
| **008006** | 415512.91 | 373568.94 | | **080011** | 412718.09 | 386766.93 |
| **008007** | 415421 | 373526.93 | | **080013** | 411811.6 | 385346.84 |
| **008008** | 415267.16 | 373240.94 | | **080014** | 411583.99 | 384934.02 |
| **008009** | 415386.29 | 373568.74 | | **0080015** | 411753.81 | 385346.64 |
| **008010** | 415368.93 | 373407.99 | | **080016A** | 412213.96 | 386247.22 |
| **008011** | 415401.08 | 373513.91 | | **080016B** | 412223.03 | 386237.95 |
| **008012A** | 415405.42 | 373175.06 | | **080017** | 411995.82 | 385608.57 |
| **008012B** | 415387.67 | 373171.51 | | **080020** | 412026.58 | 385655.51 |
| **008013** | 415533.03 | 373104.65 | | **080021** | 411914.16 | 385496.34 |
| **008014** | 415064.8 | 372293.42 | | **08022A** | 411841.38 | 385292.01 |
| **008015** | 415453.94 | 373468.94 | | **08022B** | 411833.69 | 385289.64 |
| **009001** | 416633.6 | 372368.37 | | **08023** | 413306.05 | 386567.72 |
| **009002** | 416454.71 | 372380.79 | | **080024** | 413078.83 | 386928.86 |
| **009003A** | 415608.57 | 371564.04 | | **080025A** | 413353.58 | 386600.07 |
| **009003B** | 415585.1 | 371560.69 | | **080025B** | 413296.58 | 386799.87 |
| **009004** | 415980.36 | 372928.12 | | **080026** | 412538.8 | 386664.17 |
| **009005** | 416004.03 | 373358.88 | | **080027A** | 412505.47 | 386654.31 |
| **009006** | 416544.26 | 372464.42 | | **080027B** | 412503.89 | 386656.68 |
| **009007** | 416532.42 | 372351.6 | | **080028** | 412000.94 | 385649 |
| **009008** | 416431.64 | 372410.97 | | **080029** | 411933.88 | 385439.74 |
| **009009A** | 416130.06 | 372129.71 | | **080030** | 411972.74 | 385514.69 |
| **009009B** | 416108.76 | 372126.56 | | **080031** | 411943.35 | 385449.99 |
| **009010** | 416319.01 | 371528.93 | | **081001** | 411545.92 | 385902.45 |
| **009011** | 416707.77 | 372181.78 | | **081002** | 411556.97 | 385892.59 |
| **009012** | 416474.24 | 372382.76 | | **081003** | 411479.45 | 385971.09 |
| **009013** | 416459.45 | 372318.66 | | **081004** | 411469.4 | 385922.57 |
| **009014** | 416439.92 | 372338.39 | | **081005** | 411553.22 | 385887.26 |
| **009015A** | 416432.23 | 371984.74 | | **081006** | 411621.46 | 385932.43 |
| **009015B** | 416575.62 | 372105.85 | | **081007** | 411559.33 | 385910.93 |
| **009015C** | 416696.72 | 372115.51 | | **081008** | 409777.12 | 386477 |
| **009016** | 416400.28 | 372281.98 | | **081009** | 411360.92 | 385794.96 |
| **009017** | 416384.5 | 372381.58 | | **081010** | 411265.85 | 386182.92 |
| **009018** | 416475.82 | 372429.9 | | **081011** | 411522.06 | 385923.36 |
| **009019** | 416288.05 | 372413.14 | | **081013** | 411124.04 | 387461.99 |
| **009020** | 416338.94 | 372041.35 | | **081014** | 410972.17 | 387160.22 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **009021A** | 415770.11 | 371539.39 | | **081015** | 411033.7 | 386818.8 |
| **009021B** | 416490.02 | 372013.34 | | **081016A** | 412089.9 | 386880.74 |
| **009022** | 416522.56 | 372499.73 | | **081016B** | 412101.53 | 386881.33 |
| **009023** | 416679.56 | 372233.06 | | **081016C** | 412112.38 | 386846.42 |
| **010001A** | 415562.03 | 370079.25 | | **081017** | 410966.64 | 387220.77 |
| **010001B** | 415487.47 | 370001.15 | | **081018** | 411496.61 | 386128.88 |
| **010001C** | 415522.18 | 370021.46 | | **081019** | 411521.07 | 385902.45 |
| **010001D** | 415548.02 | 370062.1 | | **081020** | 412064.26 | 386910.91 |
| **010001E** | 415580.76 | 370063.87 | | **081022** | 411458.94 | 386027.89 |
| **010001F** | 415547.04 | 370101.15 | | **081023** | 411558.35 | 385907.78 |
| **010001G** | 415577.61 | 370139.81 | | **082001** | 410768.03 | 385757.28 |
| **010001H** | 415606.4 | 370172.94 | | **082002** | 410786.76 | 385760.24 |
| **010001I** | 415552.36 | 370192.47 | | **082003** | 410798.99 | 385766.55 |
| **010001J** | 415545.06 | 370199.17 | | **082004** | 410591.9 | 385776.02 |
| **010002A** | 415111.74 | 370145.92 | | **082005** | 410567.04 | 385778.59 |
| **010003** | 414896.95 | 370428.76 | | **082006** | 410541.21 | 385786.08 |
| **010004** | 414930.08 | 370468.01 | | **082007** | 410511.03 | 385811.72 |
| **010005** | 414901.09 | 370403.11 | | **082008** | 410589.73 | 385690.62 |
| **010006** | 414887.88 | 370350.85 | | **082009** | 410776.71 | 385753.54 |
| **010007** | 414783.34 | 370579.25 | | **082010** | 410478.29 | 386336.17 |
| **010008** | 414983.14 | 370784.17 | | **082011** | 410420.3 | 385333.62 |
| **010009** | 414939.95 | 370744.92 | | **082012** | 409409.08 | 385947.02 |
| **010010** | 414973.08 | 370705.28 | | **082013A** | 410782.03 | 385772.08 |
| **010011** | 414906.02 | 370450.45 | | **082013B** | 410524.05 | 385821.98 |
| **010012** | 414813.72 | 370495.22 | | **611001** | 417622.74 | 383540.16 |
| **010013** | 415345.66 | 371028.94 | | **611003** | 419829.01 | 385088.85 |
| **010014** | 415404.83 | 370154.2 | | **611004A** | 420626.04 | 383130.9 |
| **010015** | 415635.4 | 371096 | | **611004B** | 417012.69 | 383992.62 |
| **010016** | 414647.45 | 371368.78 | | **611005A** | 418000.25 | 383010 |
| **010017** | 414190.65 | 370630.33 | | **611005B** | 417864.94 | 383246.68 |
| **010018** | 413830.7 | 370883.78 | | **611006a** | 418175 | 384251 |
| **010019** | 414356.92 | 371341.36 | | **611006b** | 420130.19 | 384756.51 |
| **011001** | 415262.82 | 369833.1 | | **611007** | 419777.14 | 385343.68 |
| **011001B** | 415267.16 | 369936.65 | | **611008a** | 416921.37 | 380992.67 |
| **011002** | 414986.49 | 369978.27 | | **611008B** | 416715.46 | 380290.71 |
| **011005** | 414251.2 | 369948.09 | | **611008C** | 415909.16 | 379437.28 |
| **011006** | 414381.38 | 369461.12 | | **611008D** | 415667.15 | 377644.21 |

| | | |
|---|---|---|
| **011007** | 414302.88 | 370381.22 |
| **011008** | 414240.35 | 369938.43 |
| **011009** | 414290.06 | 370035.47 |
| **011010** | 414253.76 | 370065.25 |
| **011011** | 414032.27 | 369776.89 |
| **011012** | 413834.05 | 370446.9 |
| **011013** | 414103.67 | 369911.01 |
| **011014** | 414236.01 | 369958.55 |
| **011015** | 414349.23 | 370002.73 |
| **011016** | 413166.8 | 370335.66 |
| **011017** | 414662.04 | 370225.01 |
| **012001** | 413215.12 | 371962.65 |
| **012002** | 413735.04 | 371694.02 |
| **012003** | 412851.23 | 371785.14 |
| **012004** | 413376.86 | 372171.72 |
| **012005** | 413707.23 | 372375.07 |
| **012006** | 414056.14 | 372480 |

| | | |
|---|---|---|
| **611008e** | 416266.75 | 379100.4 |
| **611012** | 415649.6 | 380801.55 |
| **611013** | 415634.02 | 378236.9 |
| **611014** | 415497.33 | 378934.92 |
| **611015A** | 415223.96 | 372557.52 |
| **611015B** | 415349.8 | 373908.18 |
| **621007** | 417695,3 | 384973,3 |
| **621008A** | 414757.7 | 384320.62 |
| **621008B** | 414011.56 | 383833.65 |
| **621014a** | 414656.32 | 387028.86 |
| **621014b** | 414004.46 | 386871.86 |
| **621014c** | 414537.98 | 386968.51 |
| **621014d** | 414696.56 | 386993.36 |
| **621015** | 415686.88 | 384777.22 |
| **621016B** | 416274.44 | 385117.06 |
| | | |
| | | |

# 8. Viðauki II: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Skálmholt 1:10,000

Ólafsvellirssokn.

Bær




Maalt i 1906 af A. Andersen

sv.

Skálmholtshraun. 1:10,000
Ólafsvellirssokn

Bø 1.




N
S

Maalt i 1906 af A. Andersen.

Þjótandi 1:10,000

Ólafsvallnasókn

Bor.




Maalt i 1906 af A. Andersen.

sv.

Urriðafoss. 1: 10,000
Villingaholtssokn

Bæl




Maalt i 1906 af A. Andersen.

Egilstaðir og Egilstaðakot

Villingaholt Sokn, Villingaholt Hrepp.

Maalt i 1906 af Smidt

48. nv. nv. n.

Bæjar




a Egilstaðir (2 Bæir)

b Egilstaðakot. (1 Bær)

1 Mjósund
2 Forsæti } Villingaholt Sókn

1:10000.




2 Go

## Ferjunes.

Villingaholts Sókn

1:10000.



~~38 nö. sö.~~ 48 nv. sv.

# Efri Sýrlækur

Villingaholts Sókn

1:10000.

H. Jörgensen, 1906.

Bcl



~~38 mi. eö. ~~ 48 nv. sv.

# Syðri Sýrlækur.

Villingaholts Sókn

1:10000.

H. Jörgensen, 1906

Ral



[redacted] 48 nv. sv.

H. Jörgensen, 1906

# Gafl (2 bæir)

Villingaholts Sókn

1: 10000.



[redacted] 48 nv. sv.

H. Jörgensen, 1906.

Rd 1.

# Mýrar.

Villingarholts Sókn

1:10000.



# 9. Viðauki III: Minjakort af einstaka jörðum á skráningarsvæðinu.

Við kortagerð voru notaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. sem Flóahreppur lagði til. Jafnframt eru landamerki sett fram án ábyrgðar. Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki.



Yfirlitskort: Minjastaðir og landamerki
N
Minjastaðir
Landamerki
Leiðir
Garðlög
Áveitugarðar



Minjakort: Brúnastaðir
N
074013
074014
074028
074022A
074022B
074004
074010
074016
074025A-B
074023
074019
074026
074024
074027
074020
074021B
074021A
0
250
500
meters


Minjakort: Hryggur
N
075012
075009
075014
075010
075008B
075008A
075005
075004
075016
075011
075007
075013
0
250
500
metrar

# Minjakort: Vesturkot og vesturhluti Hjálmholts





Minjakort: Austurhluti Hjálmholts
N
076037
076047
0 A-C
076027
076046 A-C
076014
076019 B-C
076019A
076033 A-C
076034
076056
076057
6058
076016
076049
076061
076018
076039
076023
076052
076053
076040 A-E
076024
076028
0
500
1.000
metrar


Minjakort: Bitra
N
078023 A-B
078029
078008
078028
078025
078010
078018A
078012
078031
078018B
078032
078030
078019 A-F
078006
078017
078021
078027
078013 A-B
078011
078026
078022
078007
078033
078024
078020
078016
078014
0
500
1000
metrar



Minjakort: Ölversholt
079018
079019
079011
079022
079028
079012
079016
079010A
079025
079010B
079017
079021
079023
079013
079026 A-B
079009
0
500
1.000
metrar
N


Minjakort: Laugar
N
080024
080011
080025B
080027B
080026
080027A
080023
080016A
080016B
080009
080030
080007
080006
080015
080013
080022B
080022A
080014
0
250
500
metrar

# Minjakort: Stóru Reykir




Minjakort: Litlu Reykir
N
082010
082012
082002
082008
082011
0
250
500
metrar



Minjakort: Skálmholt
611007
001014
001016
611003
078008
611006b
001023
A-B
007
611006a
001035
001018
001007
001015 A-D
611004B
001010
001019
001025
001029
001011
001021
001030
611001
001008
611005B
611005A
001031
001032
001009 A-B
001013A
001013B
0
500
1000
metrar
001022
N



Minjakort: Skálmholtshraun
N
002013
002012D
002012C
002012B
002012A
002019
002023 A-B
002021
002016
002015
002022
002025
002017
002018
002014B
002014A
002003
002004
0
350
700
metrar


Minjakort: Þjótandi
N
003027
003019
003031
003018
003030 A-B
003029
003021
003024
003020
003016
003017 A-C
003023 A-B
003022
003007
003002
003025
0
350
700
metrar

# Minjakort: Urriðafoss





Minjakort: Egilsstaðir og Egilsstaðakot
N
006010
611012
611008B
005018
005023
005004 A-B
005024
005006
005007 A-B
006004
005025
005045
005008
611008C
005016
005044
005013B
005013A
005013C
005038
005030 C-D
005030 A-B
005013D
005013E
611014
005017
005022
005026
005015
005037
005041
005039
005012 B-E
005012A
005020
006008
005009
006013
005021
005014
005010
005043
005028
005001
005042
611013
005011
005040A
005029
005040B
611008D
005031
0
400
800
metrar



Minjakort: Mjósund og Forsæti
N
007018
007016
007019a
007017
007007 A-B
008002b
007005
008008
008012 A-B
008013
611015A
008014
007013
0
300
600
metrar


Minjakort: Ferjunes
N
009005
)08013
009004
009022
009006
009018
009019
009001
009023
009011
009009 A-B
009015
009020
009021B
009003 A-B
009021A
009010
0
200
400
metrar



Minjakort: Efri Sýrlækur
N
010016
010019
010015
010013
010018
010008
010009
010010
010017
010007
010012
010006
010001 I-J
010001H
010002A
010014
010001G
010001F
010001E
010001C
010001B
0
250
500
metrar


Minjakort: Syðri Sýrlækur
011016
011012
011007
011017
011010
011015
011002
011001B
011001
011011
011006
0
350
700
metrar
N



Minjakort: Mýrar
N
012021
012015
012014
012006
012016
012005
012008
012004
012007
012027
012030
012019
012018
012003
012002
0
250
500
metrar


Minjakort: Gafl
013003
013018
013016
013005A
013005B
013005C
013004
013006
013002
013026
013007
013022B
013022
013019
013021C
013021
013021B
013023
013020
N
0
300
600
metrar